Lagafrumvarp fellt.

Dragnótaveiði í landhelgi.

Á 3. fundi í Sþ., 19. febr., var úthýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breytingar á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 17).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Við flm. þessa frv. fluttum shlj. frv. þessu á síðasta þingi, en það varð ekki útrætt. Flytjum við það nú aftur óbreytt.

Þetta mál er svo kunnugt þessari d. og Alþingi yfir höfuð frá umr., sem um það hafa orðið á undanförnum þingum, að ég tel ástæðulaust að fjölyrða um það nú. Skal ég aðeins taka það fram, að sú rýmkun, sem farið er fram á í þessu frv., er að verða meiri og meiri nauðsyn, eftir því sem árin líða. Eins og kunnugt er, er sá fiskur, sem hér er um að ræða, að fiskist í þetta veiðarfæri, sá verðmætasti, sem fæst hér við land, en samkv. gildandi l. er bannað að nota þetta veiðarfæri, dragnótina, mikinn tíma ársins, og hefir það hamlað mjög þessari veiði, en hinsvegar er greiðastur markaður fyrir þennan fisk.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum nú, en óska, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til sjútvn.

***Pétur Ottesen:** Þeir eru smátt og smátt að færa sig upp á skaftið hér á þingi, þeir menn, sem vilja draga úr öryggi fiskiveiðanna hér við land sem framtíðaratvinnugreinar landsbúa, því að eins og lög standa til nú um þessa hluti, þá er þó landsbúum heimilt að gera héraðssamþykktir hjá sér, a. m. k. meðfram helmingi af strönd landsins, til þess að útiloka þá rányrkjuveiði, sem botnvörpuveiðin er. Með þessu frv. er ætlazt til að kippa með öllu burt úr l. þessari heimild, sem héruðin hafa og hefir víða verið notuð, og gera þau þar með varnarlaus fyrir ágangi dragnótaveiða, ekki eingöngu íslenzkra manna, heldur líka allra Dana og Færeyinga, sem vilja þessar veiðar stunda hér við land. Alþingi, sem síðast sat, hundsaði gersamlega, eins og líka sjálfsagt var og skylt, þessa tilraun til að spilla landhelginni. Málið fór í n., sjútvn., sem er kosin, eins og kunnugt er, til þess að gæta hagsmuna sjávarútvegsins, og gerði hún sitt til að hindra framgang frv. á síðasta þingi. Vænti ég, að þau hin sömu forlög bíði þessa frv. nú.

Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli hv. sjútvn. og hv. þdm. á því, að eftir að þetta frv. kom fram á síðasta þingi, bárust að áskoranir frá allmörgum stöðum um að fella þetta frv., og yfirleitt að gera ekkert, sem gengi í þá átt að skerða þá friðun, sem stofnað var til með núgildandi löggjöf um þessi efni. Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli hv. n. á þessu, því að ég vænti þess, að þetta frv. fái ekki frekari afgreiðslu nú en það fékk á síðasta þingi. Sú ein afgreiðsla álít ég, að því hæfi og þeirri tilraun, sem hér er gerð til að hleypa erlendum ágengnismönnum inn í landhelgina, sem nú er undir vernd þeirra laga, sem þessir hv. þm. vilja nú afnema.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Það var að vonum, að hv. þm. Borgf. kveddi sér hljóðs um þetta frv., því að eins og kunnugt er, hefir hann verið hér á þingi einn aðaltalsmaður hinnar gömlu innilokunarstefnu. Nú talaði hann nokkuð í öðrum dúr en áður, og er ég því að vona, að hann hafi látið almenningsálitið og reynslu og þekkingu fiskimanna hafa nokkur áhrif á skoðun sína í þessu máli, því að það, sem hann barðist hatramlegast á móti áður, virðist nú aukaatriði fyrir honum, sem sé rýmkun veiðitímans. Það, sem hann vill nú halda í, er leyfi einstakra héraða til þess að banna veiði úti fyrir strandlengju sinni. Annars er það að segja um héraðssamþykktirnar, að þær hafa verið mjög fávíslega gerðar. T. d. vitum við, að sumstaðar er bannað að taka síldina innan fjarða. Við þekkjum líka, hversu misjafnar skoðanir manna eru innan héraðanna. Þarf ekki langt að leita til þess að finna þess glögg dæmi. Við vitum, að Garðurinn hefir verið eitt helzta heimkynni innilokunarstefnunnar. Þar hefir verið haldið fast í bannið gegn dragnótaveiðunum. En í Keflavík er stór meiri hl. með að leyfa veiðina, af því að þar hafa menn haft framkvæmd í sér til að nota þetta ódýrasta veiðarfæri til að afla þessa verðmætasta fiskjar, en ekki skilið hann eftir erlendum veiðiþjófum til gagns.

Hv. þm. Borgf. vakti athygli á áskorunum, sem hefðu borizt síðasta þingi á móti frv. Ég vil aftur á móti leyfa mér að vekja athygli á áskorunum, sem drifu að líka víðsvegar af land-

inu og fóru fram á, að rýmkað væri til um leyfi á þessum fiskveiðum.

Ég þykist vita, að þetta mál muni fá greiðan gang gegnum þingið, þó að hv. þm. Borgf. hafi ekki tekið frekari sinnaskiptum ennþá en það, að nú vill hann halda í héraðssamþykktirnar fyrst og fremst.

***Pétur Ottesen:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á einu, sem kom fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., ekki af því, að ég sé hræddur um, að orð hans marki djúp spor í hugi manna, heldur af því, að hér kynnu að vera fleiri á hans skoðun, — og það var þegar hann var að tala um innilokunarstefnu. Hvaða innilokunarstefna hefir ríkt hér á landi, eiginlega síðan farið var að sinna þjóðfélagsmálum af þingi og stj.? Þessi innilokunarstefna hefir komið fram í því að *vernda, til hagsmuna fyrir landsmenn*, ákveðið svæði kringum strendur landsins, svokallað landhelgissvæði. Þetta er sú innilokunarstefna, sem hefir ríkt hér á landi og ríkir hjá öllum menningarþjóðum. En þær till., sem hér koma fram, eru undanhald í því að halda við þeirri vernd, sem þessi innilokunarstefna felur í sér, bæði fyrir þetta land og önnur lönd. Nú stendur alveg sérstaklega á um okkar land í þessu efni. Kringum strendur þessa lands eru einhver þau auðugustu *fiskimið, sem þekkjast á* hnettinum. Nágrannaþjóðir okkar, Evrópuþjóðirnar, eru ákaflega miklar fiskveiðaþjóðir, og þau mið, sem næst þeim eru, eru ekki það fiskauðug, að þau séu fær um að láta þeim í té allan þann afla, sem þær þurfa með. Þess vegna eru venjulega hér við strendur landsins mörg hundruð erlendra fiskiskipa. Það er því alveg sérstök nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að halda fast í þennan aldagamla rétt, sem við höfum fengið viðurkenningu fyrir hjá öðrum þjóðum. Þetta er sú innilokunarstefna, sem þessi hv. þm. er að ráðast á mig fyrir, að ég skuli vilja *hafa í heiðri og á engan hátt skerða*. Það er þessi innilokunarstefna, sem sett er til þess að tryggja þann atvinnuveg þessa lands, sem mestu máli skiptir þjóðina í viðskiptum hennar við önnur lönd.

Hv. flm. segir, að ég hafi dregið í land í þessu máli. Það á vitanlega ekki við nein rök að styðjast. Er sá hugarburður hv. þm. sjálfsagt eingöngu sprottinn af hans eigin óskum í því efni. Nei, ég held alveg eins fast og áður *við takmörkun veiðitímans*, því að það má öllum vera ljóst, að lenging veiðitímans hefir ekki aðalþýðinguna fyrir okkur Íslendinga, heldur Dani. Hvers vegna stunda Danir ekki dragnótaveiðar hér meir en þeir gera? Það er af því, að það er ekki heimilt fyrr en fer að líða svo á sumar, að það er erfitt fyrir þjóð, sem á yfir mikið haf að sækja, með lítla báta, að nota þessa veiði, þegar komið er fram á haust og veður farin að spillast. Þessi rýmkun *kæmi því fyrst og fremst Dönum til góða*. Og þegar það bætist við, að þetta veiðarfæri, dragnótin, er hættulegt fyrir ungviði nytjafiskjarins, þá er það augljóst mál, að það er ekki skynsamlegt að hleypa Dönum hér upp í landsteina til þess að spilla veiðinni fyrir okkur.

Það má líka benda á, að Danir hafa lengi stundað heima fyrir samskonar veiði sem þessa, en hún er nú mjög farin að þverra þar, og hefir það leitt til þess, að þeir eru nú að banna dragnótaveiði hjá sér á vissum tímum. Og nú *er uppi í Danmörku sú stefna*, að þetta þurfi að þrengja enn meir, vegna þess, að sökum of mikillar veiði þar sé fiskurinn mjög svo genginn til þurrðar. Þess vegna væri það ekki lítill hvalreki fyrir Dani, ef þeir mættu byrja þessar veiðar hér við land 15. júní og nota hásumarið, þegar kolaveiðar hjá þeim heima fyrir eru nú mjög að ganga úr sér og þeir hafa því mikinn skipastól að miklu leyti ónotaðan þar til að senda hingað. Danir mundu því grípa fegins hendi við þessari gæs og sleikja hér hverja vík og hvern vog við strendur Íslands á sumrin með dragnótum sínum.

Nei, *mín aðstaða gagnvart* því að framlengja veiðitímann er öldungis sú sama og gagnvart afnámi héraðasamþykktanna. Þar er ekki um neitt undanhald að ræða frá minni hálfu, síður en svo. Hin mikla nauðsyn þessara takmarkana eykst fremur frá því, sem verið hefir, þar sem aðsóknin á fiskimiðin hér við land virðist fara sívaxandi.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Hv. þm. Borgf. kom *inn á það að ræða um landhelgina og bann* gegn botnvörpuveiðum, og vildi láta líta svo út, að með þessu frv. væri verið að opna landhelgina fyrir veiðiskipum. En ég vil benda á, að þetta er alls ekki rétt. Það er ekki farið fram á slíkt, heldur að rýmkaður verði sá tími, sem Íslendingum — og þá að sjálfsögðu einnig Dönum og Færeyingum — er nú heimilað samkv. l. að stunda þessar veiðar í landhelgi. Hv. þm. Borgf. klifaði sífellt á því á síðasta þingi, að með þessu frv. væri verið að veita Dönum aukið svigrúm til þessara veiða. En ég verð nú að segja það, að ef það er meiningin að fyrirmuna landsbúum að nytja hér veiðar innan landhelgi einungis af því, að það sé svo mikil hætta á, að Danir og Færeyingar geti flotið þar með, þá fer nú að verða nokkuð langt gengið í því að banna fólkinu að bjarga sér. Það er vitanlegt, að nokkrir bátar frá Danmörku muni stunda hér dragnótaveiðar, en þeir yrðu náttúrlega sárafáir samanborið við hinn mikla fjölda íslenzkra báta, sem taka þátt í þessum veiðum, góðu heilli, þrátt fyrir þá þröngsýni, sem ríkt hefir í þessum efnum í einstökum héruðum. En það vill nú svo til, að það eru önnur skip, langtum fleiri, frá Færeyjum, sem sækja hingað veiðar, einkum handfæraveiðar. Máske hv. þm. Borgf. ætli líka að banna íslenzkum sjómönnum handfæraveiðar til þess að geta útilokað Færeyinga frá þeim?

Þeir bátar, sem Danir senda hingað til dragnótaveiða, eru að vísu ekki stórir. Og þó að veiðitíminn verði lengdur frá því, sem nú er, þá þarf enginn að ætla, að þeir sendi hingað smærri báta til þessara veiða en áður. Bátar þessir hafa verið frá 40—70 smálestir að stærð, flestir, og mér dettur ekki í hug að gera ráð fyrir, að þeir komi hingað á smærri bátum. — Það er líka nokkuð langt gengið, ef þessi ótti

við auknar dragnótaveiðar Dana á að mega sín svo mikils, að hann girði algerlega fyrir þá atvinnumöguleika, sem Íslendingar geta haft af þessum veiðum, þó að nokkrir bátar frá Danmörku slæðist með til veiðanna.

Það er eftirtektarvert, að andstaðan gegn þessum dragnótaveiðum er aðallega úr þeim byggðarlögum, þar sem íbúarnir hafa ekki haft framtak í sér til þess að byrja á þeim veiðum. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi því til sönnunar. En svo hafa aðkomumenn oft kennt íbúum þessara héraða að notfæra sér dragnótaveiðarnar, og þá hefir viðhorfið gersamlega snúizt við og þeir snúizt til fylgis við þessa atvinnugrein. Þess er skemmst að minnast frá Önundarfirði, þar sem augu manna voru opnuð fyrir því, hversu fengsæl þessi veiðiaðferð er og auðvelt að nota hana án mikils kostnaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv. og til sjútvn. með 18:2 atkv.

Á 28., 29., 31. og 32. fundi í Nd., 19., 20., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 17, n. 149 og 166).

Frsm. 1. minni hl. (Finnur Jónsson): N. hefir klofnað í þessu máli. Tveir nm., þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Þ., legga til að fella frv., en hv. 3. landsk. og ég viljum samþ. það. Einn nm., hv. þm. Vestm., er fjarstaddur og getur því ekki veitt frv. það brautargengi, sem hann er vanur, þegar mál sem þetta koma fyrir hv. deild.

Þau ákvæði, sem nú gilda um dragnótaveiðar, eru að almennt er dragnótaveiði ekki leyfð nema frá 1. sept. til 30. nóv., með þeirri undantekningu, að á svæðinu frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi er veiðin leyfð frá 15. júní til 30. nóv. ár hvert, þó svo, að á Breiðafirði og Faxaflóa er veiðin aðeins heimil þeim skipum, sem skrásett eru innan flóanna. Auk þessa er heimilt með héraðasamþykktum að loka alveg ákveðnum svæðum á þeim tímum, sem veiðin er annars leyfð almennt. — Í frv. er lagt til að lengja veiðitímann um 2½ mánuð, svo að hann verði um land allt 5½ mánuður, frá 15. júní til 30. nóv., og verða þá héraðabönnin þar með afnumin.

Eins og nú er komið málum sjávarútvegsins, er mikið undir því komið, að sá skipastóll, sem til er, notist sem mestan hluta ársins. En nú er vitanlegt, að tilfinnanlegur misbrestur er á því og að mörgum skipum er lagt upp hluta úr árinu, vegna þess að þeim er ekki heimilt að stunda þann veiðiskap, sem helzt væri arðbær þann tíma. Einkum vill á því bera, að mikill hluti vélbátaflotans liggi ónotaður tímunum saman, og þá sérstaklega minni bátarnir, en það er enginn vafi á, að fyrir þá væri hagkvæmt að stunda dragnótaveiði nokkurn hluta ársins, og að það gæti orðið mjög arðvænlegt, ef rýmkað væri um veiðileyfin. — Í þessu sambandi má benda á, að markaður okkar fyrir ísfisk í Bretlandi er takmarkaður við magn og er nú fylltur að miklu leyti með verðlitlum þorski, sem greitt er fyrir komið um borð í skip 7—9 aur. kg., og þó telja þeir, sem kaupa, sig oft skaðast. Það er alkunnugt, að þorskur, sem fluttur er út í ís, selst oft fyrir svo lágt verð, að það borgar stundum ekki flutningsgjaldið. Af þessu má sjá, hvaða vit er í því að loka svo landhelginni, að ekki sé hægt að veiða kolann, sem er verðmesti fiskurinn, en fylla kvótann í Bretlandi með verðlitlum þorski. Verðmunur á kola og þorski er ca. 26 aurar á kg., þannig að þegar þorskurinn er seldur á 7—9 aura, selst kolinn 35 aura kg., kominn um borð í skip. Auk þess hefi ég aldrei heyrt kvartað um skaða af því að kaupa kola, og mun það eins algengt, að menn hagnist á því að kaupa hann fyrir 35 aura, eins og hitt, að menn skaðist á að kaupa þorsk fyrir 7—9 aura kg.

Það mun vera svo, að l. um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi og héraðssamþykktirnar hafa verið sett svo þröng sem raun er á af hræðslu við samkeppni um veiðina frá sambandsþjóð okkar, Dönum. Þeir hafa stundað hér veiði um mörg ár og eru því kunnugir veiðiaðferðum og botnlagi. Mun því hafa verið óttazt, að Íslendingar stæðust ekki samkeppnina. En nú síðan opnað var svæðið frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs og Íslendingar hafa kynnzt veiðiaðferðum og botnlagi, er ég viss um, að þeir eru það meiri veiðimenn — að Dönum ólöstuðum —, að þeir eru fullkomlega samkeppnisfærir. Og þar sem héraðabönnin eru, eins og ég hefi sagt, sett með tilliti til Dana, er nú svo komið, eftir að Íslendingar hafa um nokkurt skeið stundað kolaveiðar, að öllum ætti að vera ljóst, að héraðabönnin eru óhæfileg höft á framtakssemi og sjálfsbjargarviðleitni sjómanna, og því sjálfsagt að afnema þau.

Reynslan hefir sýnt, að alstaðar þar, sem notuð hefir verið dragnót, hefir hún reynzt ódýrt veiðarfæri, og þeir, sem þá veiði hafa stundað, gert það með betri árangri en þeir, sem við aðra veiði hafa fengizt á sama tíma, auk þess sem bátar, sem annars hefðu staðið uppi, hafa og þannig veitt mönnum atvinnu, sem annars hefðu verið atvinnulausir. Ég get bent á glöggt dæmi í þessu efni. Fyrir tveimur árum voru Önfirðingar mjög á móti því að afnema héraðabönnin, en nú hefir reynslan kennt Önfirðingum eins og öðrum, svo að nú, eftir að þeir hafa kynnzt veiðiaðferð og botnlagi, hafa þeir sent áskorun til Alþingis um að afnema héraðabönnin. — Fyrir tveimur árum byrjuðu Eyfirðingar á dragnótaveiði, þótt það væri á ólöglegan hátt, og hafa gert það með ágætum árangri. Þannig mun það vera, að dragnótaveiðin er víða stunduð á ólöglegan hátt inni á lokuðu svæðunum, án þess löggjafarvaldið hafi treyst sér til að framfylgja l. á þann hátt að sekta lögbrjótana. Það má að vísu segja, að það út af fyrir sig, að l. séu brotin, réttlæti ekki nauðsyn þess að afnema þau. En þar sem hér er um að ræða l., sem fara algerlega í bága við hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna, með hömlum á kolaveiðinni, verður að krefjast þess, að

þau séu tafarlaust afnumin, ekki sízt þegar þess er gætt, að þessi veiði getur verið arðsöm fyrir þann hluta vélbátaflotans, sem annars stendur uppi ónotaður mikinn hluta ársins.

Ég get svo vísað til nál. 1. minni hl. sjútvn., þar sem bent er til umsagna og ályktana fiskiþingsins, er mælir með því, að frv. nái fram að ganga með þeirri breyt., sem við leggjum til, að fyrir „15. júní“ komi: 1. júlí. Þá er séð fyrir því, að kolinn sé ekki veiddur um hrygningartímann. Það er upplýst, að fiskifræðingar telja dragnótina óskaðlega ungviði og að hún á engan hátt spilli annari veiði. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið að sinni, en vona, þar til ég reyni annað, að hv. d. geti fallizt á rök þau, sem fram eru færð í nál. 1. minni hl. á þskj. 149.

*__Frsm. 2. minni hl. (Gísli Guðmundsson)__: Eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, hefir sjútvn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við hv. 6. þm. Reykv. leggjum til, að það verði fellt, og skal ég í því sambandi vísa til nál. á þskj. 166, sem við höfum gefið út, þar sem er í höfuðdráttum rakin saga málsins hér á Alþingi.

Það er um langan tíma búið að vera hér mikið deilumál, hvort dragnótaveiðin skuli leyfð eða ekki. Fyrst þegar löggjöf um þetta var sett, var einstökum héruðum gefinn kostur á, með leyfi ráðh., að banna dragnótaveiði út af hlutaðeigandi héruðum. Eftir þessum l., sem eru frá 1923, bönnuðu mörg héruð dragnótaveiðar á fjörðum og flóum. En með nýjum l. frá 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, er veiðileyfið almennt bundið við 1. sept. til 1. des., en algerlega bannað hina 9 mánuði ársins. Auk þess eru héraðabönnin einnig látin haldast á þessum tíma, 1. sept.—1. des., ef stjórnarráðið samþ. Á þessum l. frá 1928 hafa svo verið gerðar ýmsar breyt. síðan, en aðalbreyt. var gerð með bráðabirgðalögum frá 1932, þar sem veiðitíminn var rýmkaður allverulega. En þessi bráðabirgðalög voru felld á Alþingi 1933, en hinsvegar samþ. breyt., sem var í því fólgin, að á allstórum hluta landsins, eða svæðinu frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs, skyldu dragnótaveiðar leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóv. Og héraðabönn var ekki hægt að setja á þessu svæði. Aftur á móti skyldi heimilt að setja héraðabönn í hinum hluta landsins. Þessi lagabreyt. átti að gilda aðeins til ársloka 1934, en var á Alþingi 1934 framlengd til tveggja ára. Mætti sú framlenging mjög mikilli mótspyrnu, hvað þá ef rýmka hefði átt frá því, sem nú er.

Þau ákvæði, sem nú gilda um dragnótaveiðina, eru því þessi:

1. Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur til Látrabjargs eru leyfðar dragnótaveiðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóv. (5½ mánuð). Veiðirétturinn á Faxaflóa og Breiðafirði er þó takmarkaður við skip úr tilteknum lögsagnarumdæmum.

2. Annarsstaðar við landið er dragnótaveiði bönnuð 9 mánuði, en leyfð í 3 mánuði, nema á þeim svæðum, sem héraðabönnin taka til. Þar er veiðin alveg bönnuð. En í frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á að lengja hinn almenna veiðitíma um 2½ mánuð, þannig að hann verði við landið allt 5½ mánuður, eða frá 15. júní til 30. nóv., eins og nú er við nokkurn hluta landsins, og að héraðabönnin verði algerlega afnumin. Þessa breyt. vill fyrri minni hl. sjútvn. samþ., en við hv. 6. þm. Reykv. getum ekki á það fallizt.

Ég vil í þessu sambandi fyrst og fremst vekja athygli á því, sem öllum hv. þm. ætti að vera ljóst, hve mikils virði okkur Íslendingum er landhelgin og hversu mikil nauðsyn er á því að fara gætilega í að rýmka um hana eða draga úr þeirri verndun, sem l. veita.

Þá vil ég vekja alveg sérstaka athygli á því atriði, sem kemur fram í nál. á þskj. 149 og frsm. fyrri minni hl., hv. þm. Ísaf., lagði aðaláherzlu á og talaði nálega eingöngu um, hve verðmikinn fisk væri hægt að fá á þann hátt að leyfa dragnótaveiði í landhelginni. Hv. þm. gerði samanburð á verði þorsksins, sem er aðalútflutningsvara sjávarútvegsins, og verði kolans, og taldi þess vegna óverjandi að láta tækifæri til að veiða hann ganga úr greipum útgerðarinnar. En ég verð að segja, að þessi rök nálgast mjög að vera óframbærileg í þessu máli. Mér virðist það ekki vera frambærileg rök eða yfirleitt hægt að tala um það, hvort mikið eða lítið sé hægt að hafa upp úr því í bili að draga úr verndun landhelginnar. Það má t. d. benda á, að íslenzku togararnir fá miklu verðmeiri fisk í landhelginni og þess vegna freistast þeir til að fara þangað endur og sinnum. En ég býst ekki við, að hv. þm. telji það nægilega ástæðu til þess að leyfa þeim óhindraða veiði í landhelginni. Þess vegna eru það alls ekki frambærileg rök, hvað hægt er fyrir útgerðina að hafa upp úr þessu í bili. Ég segi í bili, því að allt bendir til þess, álit fiskimanna og þeirra, er þekkingu hafa í þessum efnum, að slík rýmkun á löggjöfinni, með afnámi héraðabannanna yrði til stórtjóns í náinni framtíð. Og vitanlega er það aðalatriðið, sem mestu máli skiptir í þessu efni, hvað menn álíta um það, hversu miklum eða litlum skemmdum dragnótin veldur.

Hv. þm. Ísaf. benti á það og vildi telja það rök fyrir sínu máli, að fiskimenn á hinum og öðrum stöðum á landinu hefðu breytt nokkuð skoðun á þessu máli, þannig að ýmsir, sem áður hefðu verið mjög á móti notkun dragnótar. væru nú orðið með þessari rýmkun. Og hv. þm. sagði, að þetta hefði orðið samhliða því, sem þessir menn hefðu sjálfir eignazt dragnætur til þess að nota fyrir sjálfa sig. Ég verð nú að segja, að ég lít þannig á, að þessi staðreynd, að svo miklu leyti sem hún er rétt, tali á móti málstað hv. þm. Ísaf., en ekki með. Ég ætla, að það muni flestum þykja trúlegt, að þeir menn, sem ekki nota né hafa í hyggju að nota dragnót, séu óhlutdrægari um þessa hluti heldur en þeir, sem hafa eignazt þetta veiðitæki og þykjast þurfa að fá tækifæri til að nota það. Ég er þess fullviss, að um þetta muni fleiri vera á mínu máli en máli hv. þm. Ísaf. Þessi rök hv. þm. Ísaf. virðast mér því til stuðnings málstað okkar, sem ekki viljum rýmkunina, sem í frv. felst, um heimildina til dragnótaveiða.

Ég skal ekki fjölyrða um þá staðhæfingu hv

þm. Ísaf., að dragnótaveiðalöggjöfin sé brotin hér við land. En ég vil aðeins taka undir það, sem hann reyndar sjálfur mælti um leið og hann skýrði frá þessu, að þegar menn verða þess varir, að landhelgislöggjöfin sé brotin, þá er það náttúrlega ekki það eðlilegasta ráð að afnema lögin, til þess að ekki sé hægt að brjóta þau, heldur hitt, að koma á löggæzlu, til þess að löggjöfin sé ekki brotin. Þegar um það er að ræða, hvort rýmka skuli um landhelgislöggjöfina að þessu leyti, þá er ekki úr vegi að íhuga það, hvernig aðrar þjóðir, sem svipað stendur á um, fara að í þessu efni. Mér er kunnugt um það, að í Danmörku, þar sem menn þekkja ákaflega vel til þess, hvaða áhrif þetta veiðarfæri hefir, hafa einmitt verið leidd í l. ákvæði mjög svipuð þeim, sem gilda í ísl. löggjöf um þetta efni. Okkur ber mjög að líta á, hvað Danir álíta sjálfsagt í þessu efni, því að eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, hafa þeir mikla þekkingu á þessu veiðarfæri og áhrifum þess. Ég veit líka, að í Svíþjóð eru svipuð ákvæði í l. um þessar veiðar eins og hér eru. Aftur á móti munu í Noregi vera rýmri lagaákvæði en hér viðvíkjandi þessum veiðum. Mér er líka kunnugt um það frá fjölda norskra sjómanna, sem bera skyn á þetta, að komið hefir áskorun til norska Stórþingsins um að setja strangari löggjöf um þessar veiðar en þar er nú.

Það er þess vegna sama, hvar gripið er niður í þessu máli. Ef litið er á rök þau, er fyrri minni hl. sjútvn. ber fram, þá eru þau veik, því að í þeim rökfærslum er lögð höfuðáherzla á atriði, sem að réttu lagi má ekki ráða né hafa áhrif á úrskurð hæstv. Alþingis á þessu máli. Sama er um það að segja, ef litið er á það, sem fiskimenn í landinu segja um þessa hluti, því að þá kemur í ljós, að fiskimenn, sem helzt má ætla, að láti í ljós óhlutdrægt álit um þessa hluti, álíta dragnótina skaðlega og álita, að það beri að takmarka notkun hennar sem mest. Ef litið er til nágrannaþjóða okkar, þá sýna þeirra gerðir í þessum málum, að þær álíta, að hér þurfi mikillar varúðar að gæta.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. En ég vænti, að afstaða hæstv. Alþingis hafi ekki breytzt frá því, sem verið hefir á undanförnum árum, þannig að það reynist ekki mögulegt fyrir flytjendur þessa frv. að koma nú fremur en áður því til vegar, að landhelgin verði opnuð fyrir dragnótaveiðum, eins og flm. frv. vilja vera láta.

Frsm. 1. minni hl. (Finnur Jónsson): Hv. þm. N.-Þ. hefir nú rakið sögu löggjafarinnar um þessi mál, eins og hann var reyndar búinn að gera í sínu nál. En einu gleymdi þó sá hv. þm., nefnilega því, að rekja sögu fiskveiðanna jafnhliða því, sem hann rakti sögu löggjafarinnar. Hann gleymdi að geta þess, að þegar l. um héraðabönnin voru sett, þá var mjög ábatavænlegt að veiða þorsk, því að þá þekktu landsmenn ekki kolamiðin og kunnu ekki að nota þetta veiðarfæri. Hv. þm. hefir líka gleymt að geta þess, að þá var fiskútflutningur til Bretlands alls ekki takmarkaður. Þá var hægt að nota þau veiðitæki, sem til voru í landinu, með góðum árangri, án þess að taka upp ný. En nú er svo komið, að í kringum allt land er fjöldi sjómanna, sem ekki hefir nein ráð til að bjarga sér nú um háhjargræðistíminn. Þessu hefir hv. þm. N.-Þ. öllu gleymt. Þetta atvinnuleysi stafar af þeim breyt., sem orðið hafa á fiskveiðum og fiskútflutningi á síðastl. árum. Og það er þessi sögulega staðreynd, sem hv. þm. N.-Þ. annaðhvort þekkir ekki eða vill ekki horfa á. Og mér er nær að halda, að hann þekki hana, en vilji bara ekki horfa á hana, því að hann er svo blindsýnn á þetta, að hann segir, að atvinna landsmanna eigi ekki og megi ekki koma neitt til greina, þegar rætt sé og ákvarðað um þessi mál.

Ég vil nú spyrja þennan hv. þm.: Til hvers hafa verið sett ákvæði um að friða landhelgina á undanförnum árum? Ég get vitanlega svarað þessari spurningu sjálfur, því að það vita allir, að landhelgin hefir verið friðuð til þess að vernda á þann hátt atvinnumöguleika landsmanna. En þegar friðun landhelginnar er komin á það stig, að hún spillir atvinnu landsmanna, þá er það alveg sjálfsagður hlutur að breyta löggjöfinni um landhelgisfriðunina og rýmka heimildirnar.

Þessi hv. þm. sagði, að það væri varhugavert að rýmka nokkuð um heimildir til veiða í landhelgi. En ég er einnig þeirrar skoðunar, að varhugavert væri að rýmka um þær, ef sú rýmkun yrði til þess að skaða fiskveiðar landsmanna í nútíð eða framtíð. Og í sambandi við þessa kenningu sína um, að við eigum að vernda okkar landhelgi vel, þá heldur þessi hv. þm. því fram, að það sé nauðsynlegt að fá fært út þessi friðuðu svæði. En hvaða svæði eru það, sem hafa verið ófriðuð fyrir dragnót? Það eru einmitt hrygningarsvæðin kringum landið, Faxaflói, Breiðafjörður og sjórinn fyrir Suðurlandi, sem ekki hafa verið friðuð fyrir dragnót, nema til 15. júní. En frá 15. júní til 30. nóv. eru þessi svæði ófriðuð fyrir dragnótinni. Þetta, að búið er að taka einmitt aðalhrygningarsvæði þorksins og ófriða það fyrir dragnót, bendar á, að á hæstv. Alþingi hafi ráðið sá skilningur, sem er alveg réttur, að dragnótin spilli í engu fyrir veiðum á öðrum fiski en þeim, sem hún veiðir, en dragnótin er höfð svo stórriðin, að hún er óskaðleg fiskseiðum.

Viðvíkjandi því, að það séu nokkuð sambærileg veiðarfæri dragnótin og botnvarpan, vil ég segja, að slíkt er endemisfjarstæða, og furðar mig mjög á því, að nokkur hv. þm. skuli leyfa sér að bera þá vitleysu fram á hæstv. Alþingi. Það er vitað um botnvörpuna, að hún rífur ákaflega mikið upp botninn. Aftur á móti er ekki hægt að nota dragnótina nema á sandbotni. Botnvörpuveiðar skemma mjög sjávargróður og eyða smáseiðum og öðru slíku, en dragnótin er hinsvegar algerlega skaðlaust veiðarfæri. Og það væri æskilegt, ef hv. þm. N.-Þ. vill ekki trúa mér í þessu efni, að hann þá vildi leita álits þeirra tveggja fiskifræðinga, sem við eigum, um þessa hluti. Þeir eru báðir sammála um, að dragnót sé algerlega óskaðlegt veiðarfæri fyrir aðra fiska en þá, sem eru svo stórvaxnir, að þeir geta ekki smogið hina stóru möskva dragnótarinnar.

Hv. þm. N.-Þ. vildi halda því fram, að þeir,

sem ekki kynnu að nota dragnót, væru bezt fallnir til að dæma um það, hvort dragnótin sé skaðleg eða ekki, m. ö. o., að þeir, sem ekki þekkja þetta veiðarfæri, ættu að dæma um verkanir þess. Ég sé satt að segja ekki ástæðu til að andmæla þessu. Ég rifja þetta bara upp til þess að sýna hv. þd., hvað þetta er hlægilegt. Fyrst hv. þm. N.-Þ. er svo kunnugur dragnótaveiðalöggjöf Dana og Svía eins og hann lætur vera, þá vildi ég skora á hann að færa hér sönnur á, að kolamiðin séu friðuð þar á öðrum tímum en hrygningartíma kolans. Það er auðvitað alkunnugt, að Danir friða viss svæði fyrir dragnótaveiðum, en þeir friða þau ekki nema á hrygningartíma kolans. Svo opna þeir sína landhelgi fyrir þessum veiðum á þeim tímum, er þeir álíta, að hagkvæmt sé að veiða kolann. Og það er það og ekkert annað, sem farið er fram á með *flutningi þessa frv. Kolinn hefir alstaðar kringum* allt landið lokið sinni hrygningu á þeim tíma, sem farið er fram á í frv., að megi nota þetta veiðarfæri á. Um þetta getur hv. þm. N.-Þ., ef hann ekki trúir mér, fengið upplýsingar líka hjá fiskifræðingum okkar, sem báðir eru sammála í þessu efni.

Nú er það svo, að af ástæðum, sem ég er sammála hv. þm. N.-Þ. um, mundi ég ekki vilja opna landhelgina fyrir togaraveiðum, af því að það yrði meiri skaði að því fyrir landsmenn en gagn að leyfa slíkar veiðar. Hinsvegar er ég sannfærður um, að miklu meira gagn en skaði mundi vera að því að opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum á þeim tíma, sem tekinn er fram í frv. Þess vegna legg ég til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Annars verð ég nú að segja, að það hafa ekki fram að þessu komið fram frá 2. minni hl. sjútvn. nein þau rök, sem geri það að verkum, að nokkur hv. þdm. geti sannfærzt um réttmæti þeirrar kröfu, að Alþingi eigi lengur að láta þessa úreltu löggjöf vera í vegi fyrir því, að fjöldi landsmanna, sem nú er atvinnulaus og hefir engar tekjur nú um hábjargræðistímann, geti fengið sæmilegar tekjur með því að stunda dragnótaveiðar. Reynsla sú, sem komin er af þeim svæðum, sem þegar er búið að opna fyrir dragnótaveiðum innan landhelgi og staðið hafa þannig opin nokkur undanfarin ár, sannar, að þessar dragnótaveiðar þar hafa engin áhrif til skaða fyrir aðrar fiskveiðar.

Ég harma þá afstöðu, sem hv. þm. N.-Þ. hefir tekið í þessu máli, því að mér dettur ekki í hug að halda, að hv. þm. N.-Þ. sé svo skilningssljór á þessi mál, að hann haldi fram því sama sem haldið hefir verið fram í opinberum blöðum hér í bænum, að dragnótin veki svo mikla undrun og skelfingu meðal fiskanna í sjónum, að m. a. hafi síldin tekið sig til vissan hluta haustsins og haldið sig í Herdísarvík, af því að verið var að skurka með dragnót einhversstaðar í Miðnessjó, eins og ég hefi lesið í Morgunblaðinu. Ég veit, að hv. þm. N.-Þ., sem er alinn upp í sveit, þekkir það áhald, sem stundum er haft til þess að reka með hesta, hrossabrestinn. Og ég vona, að hv. þm. N.-Þ. sé ekki svo glámskyggn á þessa hluti, að hann haldi, að dragnótin sé einskonar hrossabrestur í landhelginni, þannig að hún fæli alla fiska, sem nærri eru, þegar verið er að nota hana til veiða.

Hv. þm. N.-Þ. hefir á engan hátt gert tilraun til að afsanna þá staðhæfingu mína, að kolinn sé svo mörgum sinnum verðmætari útflutningsvara en þorskur, að það sé í rauninni mesta fásinna að banna mönnum að stunda kolaveiðar, þegar þeim er ómögulegt að stunda þorskveiðar með góðum árangri, eins og reynsla undanfarinna ára hefir sýnt og sannað.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. 2. minni hl. (Gísli Guðmundsson):** Þegar umr. var frestað um þetta mál fyrir tveimur dögum, þá hafði hv. frsm. fyrri minni hl. sjútvn., hv. þm. Ísaf., síðastur talað, til að andmæla þeirri ræðu, er flutt var af minni hálfu sem frsm. 2. minni hl. sjútvn. Ég þarf í raun og veru ekki að svara miklu. Í hans ræðu kom ekki neitt nýtt fram í málinu. Hann lagði, eins og fyrr, megináherzluna á það, hve mikið væri hægt að hafa upp úr þessu í bili fyrir útgerðarmenn eða fiskimenn, og vildi gera það sjónarmið gildandi, að á þetta bæri fyrst að líta. Hann hafði þau orð um, að við vildum ekki að neinu leyti taka tillit til atvinnu landsmanna í þessu efni. En þetta er ekki rétt. Við viljum fyllilega taka tillit til atvinnu landsmanna í þessu efni, og það er okkar skoðun, að við gerum það betur en hv. þm. Ísaf. Við viljum fyrst og fremst taka tillit til þess, að ekki séu gerðar ráðstafanir, sem geti orðið til skaðræðis í framtíðinni, en það, að rýra gildi hinnar föstu landhelgi, hefir í för með sér fjárhagslegt skaðræði fyrir atvinnuna í framtíðinni. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar um það tvennt er að ræða, annarsvegar það, sem miðar að eflingu atvinnuvegarins í framtíðinni, og hinsvegar það, sem getur orðið til hagnaðar í svipinn, en ekki nema með því móti að verða til skaða í framtíðinni, þá eigi fyrst og fremst að taka tillit til framtíðarinnar. En aftur á móti vill hv. þm. Ísaf. og skoðanabræður hans í þessu máli láta sjónarmið hinnar líðandi stundar ráða. Þeir tala um atvinnuleysi og bágan veg útgerðarinnar, sem réttmætt er, og mála með sem sterkustum litum, hve mikið sé hægt að hafa upp úr þessu í bili, en forðast að geta um hitt, hvaða áhrif þetta mundi hafa í framtíðinni.

Hv. þm. Ísaf. virtist hneykslast á því, að við, sem skipum 2. minni hl. sjútvn. í þessu máli, höfum í nál. okkar, svo og ég í framsöguræðu minni, rakið sögu dragnótamálsins á Alþingi. Ég get ekki séð, að það sé með nokkrum rökum hægt að hafa á móti því, að sú saga sé rakin og að málið sé upplýst sem bezt. En það get ég skilið, að þeim, sem vilja koma þessu máli fram, sé ekki vel við það, að saga þess sé rakin og það sýnt, hvernig tilraunir þeirra manna, sem hafa viljað opna landhelgina fyrir drag-

nótaveiði, hafa sí og æ strandað á andúð sjómannanna og meiri hl. Alþingis.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að fiskifræðingar landsins álitu, að dragnótaveiði væri ekki skaðleg veiðiaðferð. En flm. þessa máls hafa ekki lagt fram neitt álit frá fiskifræðingum landsins um þetta atriði. Og hvað meina þeir með því að segja, að dragnótin sé ekki skaðleg? Ég býst við, að hún sé skaðleg fyrir þá fiska, sem á að veiða. En þeir munu ekki hafa átt við það, heldur að hún væri ekki skaðleg fyrir framtíðarfiskiöflun. (**FJ**: Hún er a. m. k. ekki skaðleg fyrir hv. þm. N.-Þ.). En þótt hv. flm. tækist nú að fá hjá fiskifræðingum landsins eitthvert álit, sem þeir teldu sig geta notað fyrir stoð við málstað sinn, þá legg ég miklu meira upp úr því, sem fiskimennirnir segja sjálfir, og mitt álit, sem ég held hér fram, byggi ég fyrst og fremst á því. Og það er skoðun fiskimannanna sjálfra víðsvegar að af landinu, sem ég held fram, þegar hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk. grípa fram í og segja, að ég hafi enga þekkingu á þessu. Ég hygg, að hv. þm. Ísaf. kunni ekki að fara með dragnót, en þrátt fyrir það dettur mér ekki í hug að halda því fram, að hann hafi ekki haft aðstöðu til þess að afla sér upplýsinga um það, hvort dragnótaveiði sé skaðleg eða ekki. Þar sem hann býr, eru stundaðar fiskiveiðar, og ég býst við, að hann hafi haft fullgóða aðstöðu til að kynna sér þau áhrif, sem sérstakar veiðiaðferðir hafa.

Hv. þm. Ísaf. var að gera gabb að manni, sem hefði ritað um þetta mál og segði t. d., að síldartorfa hefði átt að fælast svo við dragnótaveiðarnar, að hún hefði flúið yfir í aðra flóa eða aðra landsfjórðunga. Ég býst við, að hann hafi átt við rit það, sem oddvitinn í Gerðahreppi sendi Alþingi í fyrra. Ég sé ekki, að það sé ástæða til að lítilsvirða það, sem þessi reyndi maður hefir að segja um þessi mál.

Hv. þm. Ísaf. hefir ekki getað mótmælt því, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að öðrum þjóðum, sem ég sérstaklega hefði kynni af, þætti óhjákvæmilegt að setja í lög takmarkanir á dragnótaveiðum. Nefndi ég þar sérstaklega Dani, sem hafa langa reynslu í þessu efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni. Ég sé ekki heldur, að neitt það hafi fram komið í ræðu hv. þm. Ísaf., sem ég er ekki búinn að gera að umræðuefni.

Páll Þorbjörnsson: Það er orðið nokkuð langt liðið síðan umr. um þetta mál voru síðast, og hefir sumt gleymzt af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði þá. En það vil ég segja um ræðu hans og fleiri þeirra hv. þm., sem eru andvígir þessu frv., að þeir virðast bera meiri umhyggju fyrir veiðiþjófunum — fyrir þeim, sem vilja laumast í landhelgi og veiða þar á ólöglegan hátt — heldur en fyrir fiskimönnum almennt. Þeir vilja, að kolinn sé friðaður fyrir dragnótaveiði í landhelgi. En ég vil spyrja: Fyrir hverja vilja þeir friða hann? Handa hverjum á að geyma hann? Nú er það vitanlegt, að kolinn er annaðhvort veiddur með botnvörpu eða með dragnót. Þeir, sem vilja friða kolann fyrir dragnótinni, vilja geyma hann handa togurunum, sem læðast inn fyrir landhelgislínuna til að veiða hann í vörpur sínar, þegar nótt fer að dimma.

Hv. þm. N.-Þ. sagði í ræðu sinni í fyrradag, að það kæmi ekki til mála að tala um það, hvort mikið eða lítið fengist fyrir aflann. Hann vill ekkert tillit taka til þess, hvort atvinnuvegurinn gefur góða eða slæma afkomumöguleika fyrir þá, sem stunda hann. Í þessu sambandi vil ég minna á það, þegar rýmkað var til fyrir Norðmönnum, einmitt til þess að hjálpa ákveðnum atvinnuvegi landsmanna og skapa þeim, sem hann stunda, betri afkomumöguleika. Þessir hv. þm. munu ekki hafa talið það mjög athugavert eða vítlaust á þeim tíma, sem norsku samningarnir voru gerðir, að stíga þar spor til að hjálpa íslenzkum kjötframleiðendum. Samt voru það þá erlendir þegnar, sem rýmkað var fyrir og veitt voru aukin réttindi, en hér er farið fram á það eitt, að fiskimenn landsins megi njóta þessara þægilegustu og beztu fiskimiða. (**GSv**: Og Danir! — **PO**: Og Færeyingar!).

Hv. þm. var mikið að tala um það, að alltaf væru að koma áskoranir til Alþingis um að loka landhelginni algerlega fyrir dragnótaveiðinni. En þessi hv. þm. og aðrir, sem andmæla þessu frv., gleyma að minnast á það, að áskoranir koma líka til Alþingis um að opna landhelgina, og til þessa þings hafa eingöngu komið slíkar áskoranir. Það er rétt, að í fyrra komu einhverjar áskoranir sunnan úr Gerðahreppi um að banna dragnótaveiðar. En það skemmtilega við þessar áskoranir er, að þær koma frá hinum ólíklegustu stöðum. Og í fyrra kom áskorun til þingsins um að banna að fiska flyðru á Breiðafirði. Að vísu var sú áskorun í sjálfu sér ekkert hlægilegri heldur en þessar áskoranir um að banna Íslendingum að nota landhelgina til dragnótaveiða.

Þá sagði hv. þm. það áðan, að við hefðum ekki lagt fram neitt álit frá fiskifræðingum í þessu efni. Þegar þetta mál var flutt hér á þingi í fyrra, fylgdi því álit fiskifræðinga, og það er öllum kunnugt, a. m. k. þeim, sem fengizt hafa við blaðamennsku, eins og þessi hv. þm., að sérstaklega annar af fiskifræðingum okkar hefir hvað eftir annað í blaðagreinum látið þá skoðun í ljós, að hann telji sjálfsagt að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi á öðrum tímum heldur en meðan hrygningin stendur yfir. Það er líka kunnugt um hinn fiskifræðinginn, dr. Bjarna Sæmundsson, að hann hefir látið sömu skoðun í ljós, þó að hann hafi ekki gert eins mikið að því að skrifa um það opinberlega. Ég punktaði niður mér til gamans þann brandara hjá hv. þm. N.-Þ., að dragnótin væri þó ekki skaðleg öðrum fiskum en þeim, sem lentu í henni, en það er nú óþarfi að fara frekar út í það.

Þá kom hv. þm. síðast í ræðu sinni að atriði, sem hann dvaldi nokkuð við. Það var um þær ráðstafanir, sem aðrar þjóðir hefðu gert til þess að vernda landhelgina fyrir dragnótinni. Og sagði hann, að Danir og Svíar hefðu mjög ströng ákvæði hjá sér um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi. En það er eftirtektarvert, að þessi „mjög ströngu ákvæði“ eru margfalt væg-

ari heldur en þau, sem eru í lögum hjá okkur núna, því að hjá Dönum er aðeins bannað að fiska með dragnót í landhelgi frá 1. febr. til 31. marz. Það eru því aðeins 2 mánuðir — hrygningartíminn —, sem eru friðaðir. Á öllum öðrum tímum ársins eru dragnótaveiðar leyfilegar. (**PO**: Héraðabönnin!). Samkv. upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands munu þau ekki vera til. (**JakM**: Það er ekkert að marka Fiskifélag Íslands, því að það er hlutdrægt í þessu máli). En það má geta þess jafnframt, að bannað er að flytja í land kola, sem er fyrir neðan vissa stærð, og er ákveðið svo, að ef hann berst í vörpu, þá skuli honum fleygt út aftur og reynt að sporna við því, að hann drepist við það. Þetta bann frá 1. febr. til 31. marz var gert með samkomulagi 14. des. 1929 milli Danmerkur, Danzig, Póllands og Þýzkalands, og þetta er það eina, sem nú mun vera í núgildandi lögum Dana um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Annars verð ég að segja það, að þessi andstaða gegn frv. er eiginlega merkileg, því að hér er ekki farið fram á annað en það, að öllum landsmönnum sé gert jafnhátt undir höfði. Það er farið fram á það, að þau ákvæði, sem eru í núgildandi lögum og gilda fyrir sveðið sunnanlands vestur að Látrabjargi, fái að gilda fyrir allt landið. Það er ennfremur farið fram á það, að einstök héruð, sem af vanþekkingu sinni hafa lagt bann við því, að fiskað væri með dragnót innan landhelgi, geti ekki tálmað athafnasömum fiskimönnum frá því að leita á þessar slóðir og afla þar.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um þetta mál, en ég vil þó aðeins víkja að því, sem hv. þm. sagði síðast í sinni ræðu, þar sem hann var að tala um þá meðferð, sem slík frv. sem þessi hefðu fengið á undanförnum árum. Hann sagði, að það hefði verið vegna áhrifa fiskimannanna, sem slík frv. hefðu verið felld. Ég vil nú benda þessum hv. þm. á það, að nú a. m. k. um þó nokkuð mörg ár hafa það verið miklu fleiri menn, sem hafa óskað eftir því, að landhelgin væri opnuð fyrir dragnótinni, heldur en hinir, sem hafa óskað eftir því, að hún yrði lokuð. Og ég verð að segja, að það hefir verið skilningsleysi og þröngsýni nokkurra þm., sem hefir ráðið því, hvernig um þetta mál hefir farið, en ekki vilji fiskimannanna í landinu.

***Pétur Ottesen**: Hv. þm. N.-Þ. hefir nú gert mjög skýra grein fyrir þeirri almennu hættu, sem fiskveiðum landsmanna er búin af botnvörpu- og dragnótaveiðum og öðrum slíkum veiðiskap, sem hefir það í för með sér, að drepinn er jöfnum höndum nytjafiskurinn og fiskseiðin. Og get ég því verið miklu stuttorðari en ella.

Það er eiginlega töluvert eftirtektarvert og meinlegt skilningsleysi, sem fram kemur hjá þeim mönnum, sem eru hér hvað eftir annað að berjast fyrir því að brjóta niður þær varnarráðstafanir, sem settar hafa verið gegn því, að fiskveiðarnar gangi úr sér, þegar þeir eru að bera þessar veiðiaðferðir saman við ýmsar aðrar veiðiaðferðir, sem eru ekkert skyldar, eins og t. d. veiði á handfæri, veiði í þorskanet og á línu og yfirleitt annað þess háttar, eða að þeir skuli bera þetta saman við það, þegar ósk kom vestan úr Breiðafirði um að banna aðkomumönnum lúðuveiðar þar. Þetta sýnir, hvað þessir menn hafa ákaflega lítið til brunns að bera í þessu efni og hvað þeir standa höllum fæti í vörn sinni í þessu máli, þegar þeir reyna að hengja hatt sinn á slíkan snaga sem þennan.

Við skulum nú í þessu sambandi athuga, hver er munurinn á dragnótaveiðum og botnvörpuveiðum hvað hættuna snertir. Hann er kannske ekki mikill, en ef hann er nokkur, þá er hann sá, að dragnótaveiðin er að þessu leyti hættulegri heldur en botnvörpuveiðar, og kemur það til af því, að dragnótina er heimilt að nota alveg upp við landssteinana, þar sem fiskseiðin leita skýlis fyrir gráðugum fiskum og hamförum sjávarins. Hvað þetta snertir er því dragnótin hættulegri heldur en botnvarpan. — Já, hv. 3. landsk. hlær. En ef hann hlær í alvöru, þá er hans hlátur af hans eigin heimsku í þessu máli; annars væri þetta blátt áfram fíflahlátur. Og hv. þm. ætti ekki að vera að gera sig að fífli, þegar eitt af okkar mestu þjóðþrifamálum er til umr., — það, hvernig tryggja eigi framtíð fiskveiða Íslendinga. Nei, ef hv. þm. vill ekki gera sig að algerðu fífli í þessu máli, þá ætti hann þó a. m. k. að sitja með alvörusvip undir þessum umr. —

Í sambandi við dragnótaveiðarnar í Faxaflóa vil ég benda á óræka staðreynd fyrir skaðsemi þeirra. Það hafa nú um langt skeið verið stundaðar dragnótaveiðar að meira eða minna leyti í Faxaflóa. Og hver er svo afleiðingin af því? Hún er sú, að á síðustu árum hefir alltaf dregið meir og meir úr lúðu- og ýsuveiðum hér á flóanum. En það er alkunnugt, að það af okkar nytjafiski, sem helzt verður fyrir barðinu á dragnótinni, eru þeir fiskar, sem halda sig fast við botninn. Þegar línubáta- og mótorbátaveiði hófst á Faxaflóa, veiddist þar jöfnum höndum ýsa og þorskur. Nú er svo komið, að ýsa er ekki nema örlítill hluti af veiðiskapnum á Faxaflóa. Lúðuveiðar voru einnig stundaðar með ágætum hagnaði, en nú er svo komið, að þær eru að engu orðnar. Báðar þessar fisktegundir eru mjög verðmætar, og var sérstaklega góður markaður fyrir þær innanlands og einnig talsvert erlendis. En í hverju liggur þetta þá, hvernig komið er með þessar veiðar? Ber ekki fyrst og fremst að leita orsakanna fyrir því einmitt í því, hversu mjög hafa verið stundaðar dragnótaveiðar á þessum slóðum? Og með allri virðingu fyrir fiskifræðingum okkar, þá geri ég lítið úr þeirri fræðimennsku, raunverulegri eða ímyndaðri, þegar hún stangast svo gersamlega við þær staðreyndir, sem byggðar eru á reynslu sjómannanna sjálfra. Það mætti nú náttúrlega ennfremur benda á það sem afleiðingu af dragnótaveiðinni, ásamt því, að við höfum ekki nauðsynleg tæki til þess að verja okkar landhelgi, að nú er allmikið fiskileysi kringum strendur landsins. Það hefir svo sem áður bólað á þessu fiskileysi. Undanfarin ár hefir aflaleysi verið mikið á Austfjörðum, enda hefir dragnótaveiði verið stunduð þar mikið. Það er því

ekki að ástæðulausu, þótt menn gruni, að þetta aflaleysi nú og á undanförnum árum eigi að einhverju leyti rót sína að rekja til þess, hvernig landhelgin er fótum troðin með slíkum veiðiskap, sem jafnframt því að drepa nytjafiskinn drepur í miklu ríkari mæli ungviðið, sem er að vaxa upp. Það er þess vegna ein hatramlegasta skammsýni, þegar verið er að nota ástandið, sem við eigum nú við að búa, sem skálkaskjól fyrir því að ráðast á landhelgina. Það er dálítið svipað því að drepa mjólkurkúna sína sér til bjargar í framtíðinni. Hv. þm. N.-Þ. hefir bent svo rækilega á þessa veilu í málflutningi bæði hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf., að ég þarf ekki að fara út í það frekar.

Það má rétt til gamans skjóta því hér inn, sem hv. þm. N.-Þ. drap á og hv. 3. landsk. kallaði „brandara". Þessi „brandari" kom frá hv. þm. Ísaf., sem sagði það í gær, að dragnótin væri þó ekki skaðleg öðrum skepnum en þeim, sem í hana færu. Já, náttúrlega er hún ekki skaðleg þeim, sem skríða framhjá henni, og ef það væri svo, að það færi engin skepna í hana og hún dræpi enga, þá væri hún bæði gagnslaus og skaðlaus.

Ég hefi þá gert nokkra grein fyrir afleiðingum af dragnótaveiðinni í Faxaflóa og Breiðafirði og rakið nokkrar orsakir til þess, að draga mætti svipaðar ályktanir af dragnótaveiðinni, sem stundað hefir verið fyrir Austfjörðum að undanförnu, og þarf ég ekki að fara frekar út í það.

Við nánari ihugun kemur fram svolítil skýring á þessum málflutningi, sem maður hefir raunar séð framan í áður — og það er umhyggjan fyrir Dönum — í sambandi við baráttuna fyrir því að ófriðhelga landhelgina. En ég hefi aldrei orðið eins var við þessa umhyggju eins og nú hjá hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf. í sambandi við breyt. á þessari löggjöf. Það var þó svo, þegar sá óvinafögnuður var gerður hér á Alþingi fyrir 3—4 árum að kljúfa rétt borgara þjóðfélagsins í tvennt, með því að leyfa vissum svæðum á landinu að útiloka dragnótaveiði með héraðabönnum, þó að öðrum landshlutum væri fyrirmunað að njóta þess sama réttar, þ. e. a. s., þar sem bannaðar voru héraðasamþykktir á svæðinu frá Hjörleifshöfða og vestur um til Látrabjargs, — að þá þótti ekki fært að fara langt út í réttinn til dragnótaveiða, nema því aðeins, að jafnframt væri fyrirbyggt, að Danir gætu notfært sér af þessari heimsku. Því var það sett inn í lögin um þetta efni, að á Breiðafirði og Faxaflóa skyldi slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem gerð væru út frá héruðum, sem að þeim liggja. Að þetta var látið gilda Faxaflóa og Breiðafjörð sérstaklega, en ekki suðurströnd landsins, stafaði vitanlega af því, að á fjörðunum er dragnótaveiðin hættulegri, vegna þess að þar geta seiðin leitað skjóls, sem þau ekki geta fyrir suðurströnd landsins. — En hvað skeður, þegar á að flenna upp á gátt alla landhelgina, afnema allar heimildir, sem menn höfðu til þess að útiloka þennan veiðiskap? Hvað skeður þá, og hverjum verður það í vil? Vitanlega fyrst og fremst Dönum og þeirra fylgihnetti, Færeyingum. Þeir geta siglt bráðbeint, í þeim rétti, sem sambandslögin skapa þeim, inn í landhelgina og skafið þar upp hverja vík og hvern vog. — En það er ekki öll Danavináttan sögð með þessu. Fiskiþingið, sem ég verð að segja, að er ekki til fyrirmyndar að ýmsu leyti hvað snertir hagsmuni sjómanna, sá þó hættuna blasa við í þessu etni og hnýtti aftan við sína samþykkt, að dragnótaveiðar skyldu bannaðar stærri en 30 smál. skipum. Og var það byggt á því, að ekki skyldi hljótast meiri skaðsemi af þessari opnun heldur en sú, sem hlýzt af dragnótaveiði landsmanna sjálfra. Því að ef Danir væru útilokaðir frá því að sigla hingað sínum eigin skipum, sem yfirleitt eru stærri en þetta, þá hlytist ekki annað eins tjón af þessu og annars myndi vera. Minni hl. sjútvn., þeir hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf., þvo hendur sínar af þessari samþykkt fiskiþingsins, þótt þeir vitni í þessar samþykktir að öðru leyti. Þeir álíta sér ekki fært að taka þetta upp, af því að þeir álíta, að það gangi á móti hagsmunum Dana í þessu sambandi, því að það eru ekki innlendir hagsmunir, sem þeir eru hér að vernda. Danir eiga nú ekki eftir að njóta nema 6 eða 7 ár, samkv. sambandslagasamningnum, jafnréttis við Íslendinga með atvinnurekstur hér á landi, svo að það virðist sem þessir hv. þm., hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf., ætli að gera þeim vel til þennan tíma, sem eftir er, og lofa þeim að njóta atvinnurekstrar hér, sem þeir sækja mjög eftir. Þeir vilja leyfa þeim að stunda dragnótaveiðar uppi við strendur landsins í skjóli sambandslagasamningsins. Og það er vitað, að eftirsókn og eftirlöngun Dana, bæði fyrir sína hönd og Færeyinga, er að verða meiri og meiri í að geta gripið í skottið á sambandslagasamningnum og notið góðs af honum þennan tíma, sem eftir er, bæði vegna þess, hvað Færeyingar eru staddir höllum fæti með sínar fiskveiðar, og af því, hvað þessi veiðiskapur Dana hefir verið að ganga úr sér meir og meir síðastl. ár, en það sýna bezt þær ráðstafanir, sem þeir hafa sjálfir gert í þessu efni.

Hv. 3. landsk. var að rengja það áðan, að það væri til löggjöf í Danmörku, sem gerði frekari ráðstafanir í þessu efni heldur en sú, sem bannar þessar veiðar 2—3 mánuði af árinu. Þetta er rangt hjá honum, því 1931 voru sett lög í Danmörku, sem takmarka þennan veiðirétt miklu meira, og nokkuð svipað því, sem við höfum gert hér í þessu efni, auk þess, sem þeir veita vissum svæðum, sérstaklega við Limafjörðinn og annarsstaðar þar, sem kolaveiðar eru stundaðar, alveg samskonar rétt og er í l. hér, eða m. ö. o., að héruðin gera samþ. og banna þessa veiði annaðhvort um lengri eða skemmri tíma á vissum svæðum við strendur Danmerkur. 1931 fékk ég hjá sendiherra Dana hér löggjöfina um þetta efni, og vitnaði ég í hana í ræðu, sem ég hélt hér á þingi þá. Ég hefi ekki l. hér núna, en ég á þau heima. Ég athugaði það ekki að koma með þau. En það er hægt að draga það fram síðar, ef á þarf að halda, sem sýnir greinilega, að þetta var orðið svo aðkallandi í Danmörku, að þeir urðu þar að gera sömu varúðarráðstafanir og þær, sem eru í l. hjá okkur og hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf. vilja gersamlega þurrka

í burtu. Það er ekki aðeins að dragnótaveiðar séu bannaðar þar á vissum tímabilum gagnvart kolaveiðum, heldur líka gagnvart þorskveiðum og yfirleitt öllum nytjafiskveiðum. Þetta m. a. eykur á óskir Dana um það, að geta siglt dragnótaflota sínum hingað til Íslands og skafið þar innan hverja vík og hvern vog. Það er ekki þess að vænta af Dönum, sem vita, að sambandinu verður slitið við þá 1942, að þeir horfi í það, þó þeir spilli framtíðarveiðum Íslendinga, þar sem þeir sjálfir eru svo tómlátir að vilja láta allt standa opið upp á gátt.

Ég sé, að ég hefi líka 1931 vitnað í það, eftir upplýsingum, sem ég hafði þá, annaðhvort frá sendiherra Dana eða úr dönskum stjórnartíðindum, að það var ekki aðeins, að héruðunum hefðu verið veittar þessar heimildir, heldur notuðu þau það ár viðsvegar þessar heimildir um sérbönn, og það sýnir, hvernig Danir líta á þetta mál, og sýnir líka, að þeir eru ekki eins tómlátir um að vernda sínar framtíðarveiðar eins og flm. frv. eru um að vernda framtíðarveiðar Íslendinga.

Það er svo ekki miklu fleira, sem ég þarf að segja um þetta mál. Íslendingar eru þá öllum heillum horfnir, ef það gæti orðið ofan á, að slíkt frv. sem þetta næði samþykki, og það er þess vegna ekki ástæða til að fara lengra út í þetta mál. En ég vil aðeins víkja örfáum orðum að því, að hv. 3. landsk. var að tala um það hér áðan, að í öðru tilfelli hefðu Íslendingar veitt erlendri þjóð vissan rétt, og minntist hann í því sambandi á norsku samningana. Ég minnist þess ekki, að Norðmönnum hafi verið veittur þar neinn réttur fram yfir það, sem þeir höfðu hér heimild til þess að nota og notuðu undanfarin ár. Það er rétt, að í samningunum fólst viðurkenning á þessum rétti þeirra, en ekkert umfram það, sem þeir notfærðu sér hér áður. Það er rétt að athuga það í þessu sambandi, þó að það sé dragnótaveiðunum óviðkomandi, að **það er kunnugt, að jafnaðarmenn börðust á móti norsku samningunum og töldu þá landráð. Það getur verið, að þeir séu nú farnir að renna niður þessu landráðatali sínu, því að nú hefir ráðh. frá þeim setið í stj. á þriðja ár og farið með þau mál, sem þetta heyrir undir.** En hvað hefir hann gert til þess að hrinda þessum ófagnaði af mönnum, þessum landráðum, sem fólust í norsku samningunum? Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi hreyft legg eða lið, og ekki heldur þessir flokksbræður hans, sem töluðu um landráðin. Síðan þessi ráðh. tók við hafa þeir smjattað á þessum landráðum sem öðru góðgæti. Það er því gefinn hlutur, hvað mikið þessir menn meina með tali sínu og hvílíkt regindjúp er staðfest milli þess, sem þeir fleipra með hér á þingi, og þess, sem þeir gera, þegar þeir hafa aðstöðu til þess að sýna þessa hluti í verki. Það er rétt að nota þetta tækifæri, fyrst þessir hv. þm. minntust á norsku samningana, og benda á, að það er sitt hvað, orð og gerðir jafnaðarmanna í sambandi við þetta mál.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. En þess er að vænta, að Alþ. hafi þann þroska í þessu máli, að það láti ekki stundarhagsmunatal þessara manna og svona skýra umönnun fyrir dönskum hagsmunum hér á landi verða til þess að skyggja á það, hversu mikið framtíð okkar sem fiskveiðaþjóðar er undir því komin, að landhelgin sé sem bezt friðuð, svo að ég minnist nú ekki á það stórfellda mál, sem er verkefni Alþ. og síðan ríkisstjórnar á næstu árum, en það er að geta rýmkað landhelgina frá því, sem nú er, og fá firði og flóa smátt og smátt friðaða fyrir þessum veiðum. Við verðum vitanlega að byggja þá kröfu á því, að gæzla landhelginnar og fullkomin verndun ungfiskjarins og fiskseiðanna í landhelginni sé mikils virði og hafi ákaflega mikla þýðingu fyrir fiskveiðarnar við strendur Íslands. Og hér er ekki aðeins að ræða um hagsmuni Íslendinga, heldur hagsmuni allra, sem stunda nytjafiskveiðar við strendur Íslands. Og það er hætt við, að þær stórþjóðir, sem við þurfum að leita samkomulags við um þetta, bendi á það, að ef við ekki sýnum slíka viðleitni sjálfir, þá séu rök okkar létt á metunum, og okkur verði því þungur róðurinn að hrinda þessu hagsmunamáli í framkvæmd. Þetta ber að athuga í sambandi við afgreiðslu þessa máls og annara, sem snerta íslenzka landhelgi.

***Jónas Guðmundsson:** Ég var annar flm. að þessu frv., og þykir mér því við eiga að segja nokkur orð, sérstaklega þar sem svo kröftuglega hefir verið ráðizt á þetta mál, eins og hv. síðasta ræðumanns er von og vísa í hverju því máli, sem hann er á móti. Hann hefir nú haldið skörulegan fyrirlestur um skaðsemi þessa veiðitækis og þá ógæfu, sem þjóðfélaginu stafaði af því, ef eitthvert samræmi kæmist á þessa dragnótaveiðilöggjöf, sem frá mínu sjónarmiði er eitthvert mesta vansmíðið, sem Alþ. hefir látið frá sér fara. En þar er landshlutum mismunað í ríkum mæli, þannig að menn eru útilokaðir í sumum landshlutum frá því að notfæra sér þetta veiðitæki þann tíma, sem l. gera ráð fyrir, að það sé ekki skaði að því að nota þetta veiðitæki.

Í þessum l. er um tvö aðalatriði að ræða. Annarsvegar er um það að ræða, hve langan tíma eigi að leyfa þessar veiðar í landhelginni, og hinsvegar, hvort það er rétt að leyfa einstökum héruðum að leggja bönn á þetta. Um fyrra atriðið vil ég segja það, að mín skoðun er sú, að það eigi blátt áfram að banna þessar veiðar svo langan tíma, að það sé talið öruggt, að gera ungviðinu, sem er að vaxa upp í fjörðum og flóum, ekki tjón, en svo vil ég, að hinn tíminn sé hvergi heimilt að banna þessar veiðar. Við skulum hugsa okkur t. d., að á mörgum stöðum er það þannig, að fátæk fiskiþorp, sem byggja tilveru sína á því að afla fiskjar úr sjónum og á því að geta á vissum tímum notfært sér þessa veiðiaðferð og stundað dragnótaveiðar, geta það kannske ekki af því að hrepparnir í kring eyðileggja þennan möguleika fyrir þeim og fyrirmuna þeim að bjarga sér á þennan hátt. Þetta er álíka og ef kaupstaðarbúar á Akranesi hefðu heimild til þess að gera samþykkt um það, að bændur í Borgarfirði mættu ekki slá jörð sína, þó að hún væri fullsprottin og það væri engum að skaða, þó hún væri slegin. Þessi vitleysa, sem

ég minntist á, á að hverfa úr l., því héraðabönnin eiga engan rétt á sér. Hitt á aftur á móti fullan rétt á sér, að banna þessar veiðar svo langan tíma, að Dönum og öðrum aðkomumönnum sé erfitt að stunda þær. En hver maður, sem á annað borð á þetta veiðitæki, á að geta farið hvert, sem hann vill, og veitt það, sem honum sýnist á þeim tíma, sem heimilað er í löggjöfinni að nota þetta veiðitæki. Það er í samræmi við heilbrigða hugsun, en hitt er veitleysa. Ég vil því eindregið skora á þá hv. þm., sem annars hafa eitthvað hugsað þetta mál, að gera hér þá breyt. fyrst og fremst að afnema héraðabönnin, því þau eiga engan skynsamlegan rétt á sér. Auk þess er það vitað um þessar samþykktir héraða, sem eiga að byggjast eins og l. og brot gegn þeim að varða sektum, að það dettur engum í hug að krefja þessar sektir inn af þeim, sem brjóta bönnin. Ég hygg, að á hverju ári sé sektaður fjöldi báta fyrir brot á þessum reglum, en mér þætti gaman að sjá þá upphæð, sem hefir verið greidd í landhelgissjóð fyrir brotin á þessum reglum. Þetta eru því þýðingarlaus ákvæði, og að hafa slík ákvæði í l. er til þess eins að ala menn upp í ólöghlýðni.

Það væri gaman að fara í kappræður við hv. þm. Borgf. um mörg þau atriði, sem hann minntist á viðvíkjandi dragnótaveiðum og skaðsemi þeirra fyrir smáfiskinn. En það atriði finnst mér ekki rétt, að við ræðum mjög mikið, þar sem við erum ekki neinir fræðimenn í þessari grein. En hitt er alveg sjálfsagt, að gera sér það ljóst, að það ósamræmi, sem nú er í þessari löggjöf, má ekki vera lengur og á ekki að vera lengur. Ég er sannfærður um það, að hv. þm. Borgf. og aðrir fallast á það við nánari athugun, að það á að nema í burtu þetta ósamræmi. Það má vel vera, að í þessu frv. sé sá tími, sem ætlazt er til, að hægt sé að stunda veiðarnar, of langur, en það er atriði, sem vel mætti taka til greina og samræma, ef það getur eitthvað stutt að því, að numin sé í burtu heimild einstakra hreppa eða sveitarfélaga til þess að setja þessi bönn á, og það er það, sem á að gera.

Hv. þm. Borgf. fór burtu úr d., en þar sem ég vildi sérstaklega beina máli mínu til hans um einstök atriði, þá ætla ég að geyma mér það þangað til síðar og læt því þetta nægja. Ég vil aðeins enn einu sinni undirstrika það, að þetta ósamræmi, sem er í löggjöfinni, sé numið í burtu, og svæðin kringum strendur landsins eiga að vera opin til afnota þann tíma, sem l. annars heimila þessa veiði í landhelgi.

Páll Þorbjörnsson: Hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Borgf. hafa dvalið nokkuð mikið við þessi dásamlegu „ að þeirra dómi, sem gilt hafa hjá Dönum um þetta efni. Og ég verð að segja fyrir mína hönd og annara, sem eru hlynntir því að rýmka til í þessu dragnótamáli, að við myndum sætta okkur við það, ef þessir hv. þm. vilja fallast á það t. d. að taka hér upp sama fyrirkomulag og er hjá Dönum, því að þar er gengið lengra en við förum fram á í okkar frv. Ég hefi fyrir framan mig reglugerð, sem er gefin út 13. júní 1931 samkv. 17. gr. l. nr. 93 frá 31. marz 1931. En það eru einmitt þessi l., sem hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Borgf. hefir orðið tíðrætt um, og samkv. þessari reglugerð, sem byggist á l., eru dragnótaveiðar aðeins bannaðar í Danmörku 2 mánuði á árinu, og ég verð að segja, að við myndum taka því fegins hendi, ef þessu væri breytt í það horf hér. Þeir hampa því mjög, hversu Danir gangi rösklega fram í því að vernda sín fiskimið fyrir dragnótinni. Ég verð að líta svo á, að þeir muni mjög bráðlega koma með brtt. við frv., sem eru í samræmi við þessi l. Og ég gæti jafnvel fallizt á, að málið yrði tafið, svo að þeim gæfist ráðrúm til þess. Það getur stundum verið nokkuð sterkt að vitna í löggjöf, hvort sem það er löggjöf manns eigins lands eða annars. En mönnum getur orðið hált á því, þegar þeir nota þetta í æsingu, og líta þá ekki nema á aðra hliðina.

Ég sé, að hv. þm. Borgf. er kominn inn í d., og verð því að byrja nokkuð á nýjan leik. Hv. þm. brá nokkuð á leik í síðustu ræðu sinni. Það fór í taugarnar á honum, ef hann sá bros á mönnum í d. Ég hygg, að þó að hann hafi oft tekið rösklega á máli, þá hafi honum sjaldan tekizt eins upp og nú, nema ef vera skyldi einhverntíma 1931, þegar hann vitnaði í þessa dásamlegu löggjöf Dana. Ég hefi nú fyrir framan mig reglugerð, sem byggist á þessum l., sem hv. þm. Borgf. er að hampa og vill að við tökum okkur til fyrirmyndar. En samkv. henni eru dragnótaveiðar aðeins bannaðar 2 mánuði á árinu, eins og ég tók fram áðan.

Ég minntist á það áðan, áður en hv. þm. Borgf. kom inn í d., að þar sem hann og hv. þm. N.-Þ. lofuðu svo mjög þessi ströngu lagaákvæði Dana, þá myndu þeir fljótlega koma með brtt. við frv. okkar hv. 6. landsk. um að færa l. til samræmis við hin ströngu ákvæði hjá Dönum.

Ég byrjaði á endanum á ræðu hv. þm. Borgf., en af því að hann kom samtímis inn á annað mál, þá vil ég aðeins segja það, að mér þótti gaman að fá þá yfirlýsingu, sem hann gaf í sambandi við norsku samningana, þar sem hann sagði, að Norðmönnum hefði ekki verið veittur annar réttur en sá, sem þeir hefðu haft áður. Og þessi hv. þm., sem telur sig bera afkomu íslenzkra fiskimanna mjög fyrir brjósti, hefir þá væntanlega gefið yfirlýsingu um það, hvernig afstaða hans sé til þessara mála. Í byrjun ræðu sinnar, á meðan hann var ekki kominn á hápunktinn, talaði hann nokkuð rólega. Hann sagði, að dragnótaveiðar væru hættulegri en veiðar með botnvörpu. Ég efast um, að hv. þm. hafi séð bæði þessi veiðarfæri, eða þá að hann heldur botnvörpuna vera dragnót og dragnótina botnvörpu, ef hann heldur slíku fram. Hann klifaði mjög á þessum „morðum og drápum", eins og hann sagði; vildi halda því fram, að dragnæturnar gerðu hvorttveggja jafnt, að myrða og drepa. Hann talaði um, hvað það væri mikið af ungviði og seiðum, sem færi forgörðum við dragnótaveiðarnar. Ég veit, að hv. þm. Borgf. veit það eins vel og ég, að það eru engar smátölur, sem menn verða að taka sér í munn, þegar menn ætla að fara að tala um viðkomu okkar nytjafiska, sérstaklega þorsksins. Það er áreið-

anlegur hlutur, að þó svo kunni að vera, að eitthvað fari forgörðum af ungviði við dragnótaveiðarnar, þá er ýmislegt annað, skepnur og náttúruöfl, sem grandar þúsundfalt meira af þessu heldur en þó allur fiskfloti Íslendinga færi út með dragnætur.

Þá var hv. þm. mjög að tala um það, hvað mjög fiskistofninn væri að ganga til þurrðar. Hann sagði, að lúðuveiðar væru svo að segja búnar að vera og ýsuveiðar sömuleiðis. Ég vil beina því til hv. þm. Borgf., hvort honum er ekki kunnugt um, að aflaleysi stendur að fleiri landshlutum heldur en Faxaflóa og Breiðafirði. Er honum ekki kunnugt, að firðir á Vestfjörðum, þar sem bannaðar eru dragnótaveiðar, eiga við miklu meira aflaleysi að stríða, þó þeir til skamms tíma hafi verið nefndir gullkistur Íslands? Það er því áreiðanlegt, að aflaleysið á ekkert skylt við dragnótaveiðarnar. Eða á að skilja hv. þm. Borgf. svo, að hann haldi, að t. d. það, að fiskigangan virðist hafa komið með seinna móti upp á miðin hér við suðurströndina í ár, sé af því, að einhverjir koppar hafi verið að skafa þar með dragnót og grugga upp sjóinn? Hv. þm. vill e. t. v. koma hér með sömu vizku eins og maðurinn, sem hélt, að síldin hefði flutt sig inn á Herdísarvík af því verið var að fiska með dragnót hér úti á flóanum.

Hv. þm. var að tala um, að það væri skálkaskjól hjá okkur, þegar við í sömu andránni sem við værum að mæla með þessu frv. töluðum um hina erfiðu afkomu útgerðarinnar. Ég mótmæli þessu. Einmitt af því, hversu nú er þröngvað kosti okkar um að koma fiskinum á erlendan markað, er margföld ástæða til þess fyrir okkur að hagnýta dýrari fisktegundirnar, sem halda sig innan landhelginnar, heldur en að fylla hinn mjög svo takmarkaða markað með þorskinum og öðrum ódýrari fiski, sem í mörgum tilfellum virðist ekki geta borið uppi tilkostnaðinn.

Þá kom hv. þm. Borgf. enn einu sinni að því atriði, sem maður er ekki óvanur að heyra hann minnast á í sambandi við þetta mál, nefnilega umhyggju þeirri fyrir Dönum, sem hann telur, að komi fram hjá þeim, sem mæla með þessari lagasetningu. Þetta er einhver sú fáheyrðasta mótbára, sem fram hefir komið á Alþingi, að við megum ómögulega lögfesta atriði sem þetta, vegna þess að Danir kunni að geta haft gagn af því jafnhliða okkur Íslendingum sjálfum. Við eigum að láta íslenzku þjóðina ganga á mis við hlunnindi til þess að sporna við því, að Danir geti notið góðs af sömu hlunnindum. Vill þá ekki hv. þm. eins banna að nota handfæri innan landhelginnar, til þess að Færeyingar geti ekki notið góðs af slíkum veiðum?

Þá minntist hv. þm. á það, að fiskiþingið vildi ganga það skemmra heldur en við flm. frv., að takmarka þetta við 30 rúmlesta stærð fiskibáta. Ég veit ekki, hvort þetta á að skilja svo, að hv. þm. sé einnig fylgjandi því að fara þá leið, en það gægðist a. m. k. fram hjá honum, að á þann hátt mætti girða fyrir það, að danskir bátar kæmu til að veiða með dragnót í íslenzkri landhelgi. Nú vil ég segja hv. þm. það, sem honum er þó eflaust kunnugt, að sáralítið af þeim fiski, sem veiddur er í dragnót af íslenzkum skipum, er flutt út af sömu skipunum, sem veiða hann. Hann er ýmist fluttur yfir í stærri skip eða ísaður í stíum eða settur í kassa og fluttur með flutningaskipunum. Ég held, að þó að leyfi til dragnóta væri bundið við 30 rúmlesta stærð báta, þá gætu Danir komið yfir hafið á smærri bátum á blíðasta sumartímanum og veitt hér yfir haustmánuðina, en haft stærri skip til þess að flytja aflann út. Þetta mundi því engin áhrif hafa gagnvart Dönum. Það mundi bara mismuna mönnum í sömu verstöð; þessi maður mætti fara út með dragnót, en hinn ekki, eftir því hvað menn eiga stór skip. Slíkur er þankagangur þessara manna, sem ganga með þessa Danagrýlu fyrir augunum; ef þeir halda, að eitthvað verði til þess að hlynna að Dönum, þó það hlynni jafnframt að Íslendingum sjálfum, þá er eins og veifað sé rauðri dulu framan í tudda.

Ég hefi svo ekki miklu við þetta að bæta. Einungis vil ég endurtaka þau tilmæli til þeirra tveggja hv. þm., hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ., sem gera sér mjög far um að róma þessi ströngu ákvæði, sem gilda hjá Dönum, að þeir dragi ekki lengi úr þessu að koma með brtt. við þetta frv. til samræmis við lög Dana, sem hv. þm. Borgf. upplýsti, að væru frá 1931, en honum sennilega hefir skotizt yfir að athuga, hvað fela í sér. Ég vil enn taka fram, að ég yrði mjög ánægður með þá lausn málsins, og bíð einungis eftir, að slíkar brtt. komi fram, til þess að greiða þeim atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Finnur Jónsson): Hv. 3. landsk. er búinn að taka fram flest rök, sem hægt er að færa fyrir þessu máli, og þau rök eru þannig vaxin, að þau ættu að nægja til þess að sannfæra hvern þann, sem ekki er staurblindur fyrirfram í þessu máli, heldur vill líta á það hlutdrægnislaust og með sanngirni.

Hv. þm. N.-Þ. þarf ég eiginlega engu að svara. Hann var að kvarta undan því, að við hefðum ekki lagt hér fram álit fiskifræðinga um málið. Ef taka á þessa umkvörtun hans þannig, að hann muni skipta um skoðun samkv. slíku áliti, ef það lægi fyrir, þá mundi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. þangað til hægt er að ná í þetta álit. Ég veit, að það væri hægt að fá það strax í dag. Ef hv. þm. hefir hinsvegar ekki meint neitt með þessari umkvörtun, þá er ég vitanlega ekki að fara fram á neina frestun á málinu. Eftir nál. hans að dæma geri ég ráð fyrir, að ganga megi út frá því síðara, að álit hv. þm. sé fyrirfram bundið, án þess álit fróðustu manna, sem við höfum á þessu sviði, hafi þar nokkur áhrif á.

Í þeim till., sem fyrri minni hl. sjútvn. hefir lagt fram, er tekið það fyllsta tillit til atvinnuvega landsmanna, sem hægt er að taka. En í þeim till., sem hv. seinni minni hl. flytur, er ekkert tillit tekið til atvinnuveganna, heldur aðeins byggt á gömlum bábiljum; ekkert reynt að styðjast við nútímaþekkingu, eða taka tillit til þeirra ástæðna, sem nú liggja fyrir og eru talsvert breyttar frá því þau l. voru sett, sem hér er farið fram á að breyta. Ég hefi rifjað það upp hér í hv. d. áður og sé ekki ástæðu til að fara út í þá sálma frekar.

Hv. þm. Borgf. hóf ræðu sína á að lýsa mikilli

ánægju yfir, hvað vel hv. þm. N.-Þ. hefði gert grein fyrir þeirri miklu hættu, sem fiskveiðum okkar Íslendinga stafaði af þessu frv., sem fyrri minni hl. sjútvn. leggur til, að verði samþ., og hvað vel hann gerði grein fyrir því, hvað öflugar varnarráðstafanir þyrfti að gera til þess að fiskistofninn gengi ekki til þurrðar. Mér datt í hug út af þessu, að „aldrei var því um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar.“ Það hefir víst aldrei komið hér fram áður, að hv. þm. N.-Þ., sem er ekki ómerkur maður að vísu, bæri það skyn á sjávarútvegsmál, að hann gæti upplýst það, sem öðrum er hulið í þeim efnum. Ég styð þá skoðun mína m. a. á því, að hv. þm. N.-Þ. veit í rauninni alls ekki, hvað dragnót er. Ef hann vissi það, er ég öldungis viss um, að hann mundi ekki hafa gert sig sekan um að viðhafa þau ummæli, sem hann hefir haft í þessu máli. Dragnótin er í rauninni ekkert annað en venjuleg ádráttarnót, en ádráttarnætur eru leyfðar ekki einasta í landhelginni, heldur alveg uppi við land, þar sem þorskseiðin og sá gróður, sem þeim skýlir, helzt er. Og notkun ádráttarnóta svo mannsöldrum skiptir, er óhætt að segja, hefir ekki haft nein áhrif til skaða fyrir smærri fiskinn, sem elst upp á fjörðum inni; aðeins þarf að gæta þeirrar sjálfsögðu varhygðar að hafa möskvastærðina þannig, að smáfiskurinn geti smeygt sér í gegn, en það er einmitt það, sem Danir og aðrar þjóðir, sem sett hafa hjá sér lög um dragnótaveiði, hafa ákvæði um, að möskvastærðin sé þannig. Á þennan hátt er ádráttarnótin algerlega hættulaus fyrir ungviðið, og um dragnótina er það sama að segja, því hún er ekki annað en venjuleg ádráttarnót, sem notuð er frá skipum, í staðinn fyrir að þær venjulega eru notaðar úr landi. Að bera saman dragnót og botnvörpu nær því ekki nokkurri átt, því botnvörpuna er hægt að nota víðar en á sandbotni, auk þess sem hún er venjulega dregin með svo miklum hraða, að smáfiskar, sem smogið geta dragnótina, geta alls ekki komizt úr botnvörpunni. Mér þykir leitt að þurfa að verja dýrmætum tíma þingsins til þess að útskýra fyrir þm. muninn á botnvörpu og dragnót, en hjá því verður ekki komizt, þar sem því hefir verið haldið fram í d., að dragnót væri jafnvel ennþá skaðlegri heldur en botnvarpa.

Mér heyrðist hv. þm. Borgf. vera að kvarta yfir því, að ræða hans hefði vakið nokkurn hlátur hér í d., og mun hann heldur hafa ætlazt til, að menn grétu undir henni. Nú er það vitanlegt, að hv. þm. Borgf. er ákaflega tilfinningaríkur, en þó er það nú svo, að oft gætir meira kapps og ofsa í ræðum hans heldur en þeirrar viðkvæmni, að mönnum hætti til að gráta undir þeim. Hinu þarf hv. þm. ekki að kippa sér upp undan, þó það vilji til, að sá fítonsandi, sem hleypur oft í hann hér í hv. d., veki talsverðan aðhlátur. Þetta stafar af því, að hv. þm. á ákaflega bágt með að ræða nokkurt mál þannig, að flytja fyrir því skynsamleg rök, heldur drukknar það, sem hann hefir fram að færa, í hans óstjórnlega ofsa, hvort sem hans flokksmenn eða aðrir eiga í hlut.

Hv. þm. vildi halda fram, að mjög hefði dregið úr lúðu- og ýsuveiðum hér á Faxaflóa síðan farið var að nota dragnætur. Gaf hann jafnvel í skyn, að fiskileysi það, sem nú er hér við land yfirleitt, væri því að kenna, að dragnætur hafi verið notaðar í ein 2—3 ár á þessum venjulegu lóðasvæðum. Nú eru dragnótaveiðar ekki leyfðar lengra norður en að Látrabjargi, en fyrir öllum Vestfjörðum er þó og var í fyrra fiskilaust. Ekki getur það verið dragnótunum að kenna.

Hv. þm. Borgf. hefir gert sig hér sekan í töluverðri sögufölsun, því ef við lítum aftur í tímann, kemur í ljós, að aflaleysisár hafa komið við landið af og til, og það ekkert síður mörgum árum áður en farið var að nota dragnætur og botnvörpur. Meira að segja áður en lóðaveiðar byrjuðu komu svo mikil aflaleysisár, að ekki fékkst bein úr sjó heilar vertíðir. Mér er til dæmis í minni, að í bók Þorvalds Thoroddsens, Árferði á Íslandi í þúsund ár, er á einum stað sagt frá svo miklu aflaleysi við Faxaflóa, að ekki fékkst nema nokkrir háfar á sum skipin, — enginn fiskur. Ætla ég, að það hafi verið um miðja 18. öld. Ef hv. þm. vilja sannfærast um þetta frekar, veit ég, að hver maður þarf ekki annað en líta nokkuð aftur í tímann til þess að finna, að aflaleysisár hafa oft komið og eru ekki á neinn hátt þeim veiðarfærum að kenna, sem nú eru notuð við landið. Hv. þm. Borgf. vildi líkja því, að við vildum leyfa dragnótaveiði í landhelgi, við það, ef einhver dræpi kúna sína sér til bjargar. Ef við eigum að nota kúna hér til samlíkingar, verð ég að segja, að mér finnst framkoma hv. þm. Borgf. helzt líkjast framkomu fáráðlings, sem ekki vildi mjólka kúna sína af því að til þess þyrfti hann að taka í spenana á henni, og væri þá líklega hræddur um að þeir mundu slitna af.

Ég hefi áður bent á hér í hv. d., hvílík vandræði stefja að sjávarútveginum, þar sem sýnilegt er, að þorskveiðarnar eru að verða arðlitlar, eða e. t. v. arðlausar. Ég hefi bent á, hvað varhugaverð ráðstöfun það er, að banna að nota kolann, sem helzt við uppi í landhelginni, til þess að flytja hann á erlendan markað, m. a. í fiskkvóta okkar á Bretlandi, þegar á sama tíma er fluttur þangað þorskur, sem er svo að segja verðlaus. Ég hefi bent á verðmun kolans og þorsksins, og engum hefir dottið í hug að hrekja þetta. Það, sem haft hefir verið á móti þessu frv., sem fyrri minni hl. sjútvn. hefir lagt til að væri samþ., er fyrst og fremst skaðsemi dragnótarinnar fyrir ungviðið og sá skaði, sem það mundi hafa í för með sér í framtíðinni, ef slík veiðarfæri væru leyfð hér við land. Nú er það álit fiskifræðinga, að þessi mótbára sé á engum rökum byggð. Aðrar fiskitegundir, t. d. þorskurinn, er mest veiddur hér við land yfir hrygningartímann, en hér er gert ráð fyrir að friða kolann um hrygningartímann. Það er þannig farið með miklu meiri gát að því að veiða kolann, þó þetta frv. verði samþ., heldur en farið er með að því að veiða þorskinn, og dettur engum í hug að friða þorskinn um hrygningartímann, af því það er aðalveiðitími landsmanna. Löggjöf sú, er nú gildir um dragnótaveiðar um mikinn hluta landsins, er ekki til neins annars en þess að ala kolann upp í landhelginni og gera landhelgina þar með eftirsóttari fyrir verstu

landhelgisbrjótana, togarana. Einmitt það, að landhelgisveiðarnar eru svona arðsamar vegna kolans, gerir það að verkum, að meira er togað í landhelginni og því meiri skaði gerður á öðrum nytjafiski heldur en ella mundi vera, ef landsmenn sjálfir á smábátaflotanum veiddu kolann, sem vissulega er einn arðsamasti fiskurinn, sem fæst hér við land.

Þá hefir það verið fært fram sem ástæða móti till. fyrra minni hl. sjútvn. í þessu máli, að Danir mundu hafa eitthvert sérstakt gagn af þessum veiðum. Ég hefi bent á það hér í d., að þegar löggjöfin um þetta efni var sett, áttu Íslendingar engar dragnætur; þeir þekktu ekki kolamiðin og kunnu ekki að nota dragnætur. En nú er þetta breytt. Margar íslenzkar skipshafnir kunna að nota dragnætur, og gera það með góðum árangri. Og þó Danir séu góðir veiðimenn, þá hefi ég ekki trú á öðru en að Íslendingar sjálfir geti notið þessara veiða miklum mun betur heldur en Danir geta nokkurntíma. Það má benda á nokkuð hliðstætt dæmi með síldveiðarnar. Landhelgin er opin fyrir Dönum til þess að veiða síld með herpinót, en af því Íslendingar eru miklum mun reyndari orðnir við að veiða síld með herpinót í landhelginni, er það ekki arðvænlegt fyrir Dani, og ákvæðið um, að Danir megi veiða með herpinót í landhelginni, er okkur því skaðlaust. Ég ætla, að sama mundi verða reyndin á um dragnótaveiðarnar, þegar Íslendingar færu að nota dragnætur almennt, að það mundi ekki borga sig fyrir Dani að koma hingað til lands til þess að veiða með dragnótum.

Ég get svo látið útrætt um þetta mál að öðru leyti en því, að ég vildi minnast örlítið á þá gusu, sem hv. þm. Borgf. rak út úr sér út af norsku samningunum. Hann vildi álasa okkur jafnaðarmönnum fyrir það, að við hefðum á sínum tíma barizt með hnúum og hnefum á móti norska samningnum, kallað hann landráðasamning og heimtað hann felldan úr gildi hið fyrsta. Nú værum við komnir í stjórnaraðstöðu, en ekki hefði þó bólað á því, að við vildum afnema norska samninginn. Nú er það vitað, að þessi norski samningur er fyrst og fremst til orðinn fyrir grunnhyggni og ofurkapp formanns Sjálfstfl., og hann lagði svo mikla áherzlu á, að þessi landráðasamningur kæmist í gildi, að hann kúgaði ýmsa mæta menn í Sjálfstfl., sem annars lýstu sig á móti þessum samningi, til að greiða honum atkv., og þar á meðal ætla ég, að hv. þm. Borgf. hafi verið. Ef það er rétt munað hjá mér, að hv. þm. Borgf. hafi í rauninni lýst sig á móti þessum samningi, fellur ásökun hans um það, að við jafnaðarmenn höfum ekki afnumið samninginn, um sjálfa sig. Ef hv. þm. hefir álitið og álítur samninginn hagkvæman fyrir þjóðina, situr ekki á honum að vera að tala um slíkt. Nú er vitanlegt, að formaður Sjálfstfl. hefir ekki minni völd í flokki sínum heldur en þegar norski samningurinn var gerður, og má búast við, að hann geti eins áfram barið flokksmenn sína undir sig, sem í hjarta sínu eru á móti samningnum, og látið þá greiða atkv. með að halda honum í gildi, eins og hann neyddi þá til að samþ. hann móti vilja þeirra. Þess vegna var það ekki til neins fyrir Alþfl. að leita stuðnings hjá Sjálfstfl. um afnám norsku samninganna, því það var fyrirfram vitað, að slíkt mundi engan árangur bera. Um Framsfl., sem Alþfl. er í stj.samvinnu með, er vitað, að hann var mjög eindregið með því að koma samningunum á. Ég hygg, að ég megi upplýsa í þessu sambandi, að Alþfl. hafi farið fram á, að samningunum væri sagt upp, en Framsfl. hafi þá látið í ljós, að ef Alþfl. stæði fast á því að fá norsku samningunum sagt upp og fengi því framgengt, mundi það valda stj.skiptum. En ég verð að segja, að þó ég hafi alltaf álitið norsku samningana skaðvænlega og til vansa, þá tel ég samt ennþá meiri skaða og vansa að því, að láta íhaldið komast að völdum í landinu. Tækifæri hefir ekki heldur gefizt til þess að leita samvinnu um þetta atriði við Sjálfstfl., þar sem fulltrúar hans hafa hlaupið brott úr utanríkismálan. af þeim ástæðum, að form. Sjálfstfl. taldi sig og menn úr fjölskyldu sinni meidda af einum manni úr utanríkismálanefnd. Og þegar form. Sjálfstfl.hefir hlaupið úr utanríkismálan. og ekki gegnt þar skyldu sinni, geta hv. þm. þess flokks varla risið upp og gert sig gleiða yfir utanríkismálunum, þar sem þeir og hafa brugðizt skyldum sínum á þessum vettvangi út af þessum hlægilega hégóma.

*Pétur Ottesen: Ég skal fyrst víkja að því, sem hv. þm. Ísaf. endaði á. — Það er ekki að ófyrirsynju, þó sósíalistarnir minnist á framkomu sína gagnvart norsku samningunum og allt sitt tal um þá, sem þeir nú eru búnir að éta ofan í sig. Er gott, að þeir hafa ekki fallið alveg í gleymsku og það, sem um þá var sagt fyrst þegar þeir komu fram. Nú hefir hv. þm. Ísaf. játað ótilkvaddur, hvers vegna hann og hans flokkur hafa étið öll fyrri ummæli ofan í sig, en það er til þess að kaupa sér aðstöðu til að lafa áfram í stj. En í þessu felst, eftir þeirra eigin orðum, að þeir skirrast ekki við að drýgja landráð til þess að lafa við völd. Sýnir þetta vel siðgæði flokksins, og er ég ánægður yfir, að þessi viðurkenning er fram komin, og það eiginlega ástand hefir verið gert uppskátt. Er ég hv. þm. Ísaf. þakklátur fyrir þessa skýru játningu.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um það, að form. Sjálfstfl. hefði á sínum tíma knúið fram norsku samningana, þá er þar til að svara því, að þá var svo ástatt um afkomu landbúnaðarins, að ef ekki hefði haldizt kjötsalan til Noregs, var það sama sem að leggja kjötframleiðsluna í rústir. En þetta sýnir vel afstöðu sósanna til landbúnaðarins, að þeir skirrast ekki við að ganga af honum dauðum. Það sýnir aðeins, að allt tal þeirra um landbúnað er ekki annað en blekkingar út í loftið, sem þeir meina ekkert með, þar sem þeir vildu setja löggjöf, sem hefði lagt landbúnaðinn í rústir. — En nú er aðstaðan til sölu í Noregi gersamlega breytt. En þessir hræsnarar ættu ekki að vera að tala um umhyggju fyrir landbúnaðinum, því öll framkoma þeirra vitnar á móti, að nokkur alvara sé þar á bak við.

Að því er snertir störf Sjálfstfl. í utanríkismálan., þá skal ég ekki fara út í það mál nú. Það hefir áður verið gert og mun gefast tækifæri til

þess síðar. Ástæðan af hálfu flokksins var sú, að einum fulltrúa hans í n. var sýndur sá ódrengskapur, að flokkurinn taldi sér ekki fært að taka þátt í störfum n. fyrr en trygging er fengin fyrir því, að slíku haldi ekki fram. En ef sú trygging fæst, stendur ekki á sjálfstæðismönnum að taka þátt í n.-störfum. — Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði. En það sýnir bezt, hvað sósialistarnir hafa meint með öllu sínu tali um þetta mál, að þeir skuli ekki hafa notað aðstöðu sína til þess að segja norsku samningunum upp. Og það er ekki einungis, að ráðh. sósialistanna hafi setið á norsku samningunum, heldur hefir hann gert samning við aðra þjóð, sem mjög fer í sömu átt og samningur sá, sem þeir á sínum tíma töldu landráð. Þetta sýnir bezt alvöruna, sem á bak við hefir staðið hjá þessum mönnum.

Þá skal ég snúa mér að aðalumr. og fara fljótt yfir sögu. — Hv. 6. landsk. byrjaði dálítið einkennilega sína ræðu. Hann sagði, að það, sem ræki mest eftir, væri að fá samræmi í l. Við skulum nú athuga þá aðferð, sem beitt hefir verið í þessu máli. Fyrst var byrjað á að opna landhelgina við lítinn hluta landsins, og svo koma menn og segja, að það þurfi að opna landhelgina fyrir öllu landinu, til þess að samræma l. Það er sama aðferð og sagt er að fjandinn noti, að smeygja inn litla fingrinum, en svo kemur öll höndin á eftir. M. ö. o., hér á að nota þann fleyg, sem búið var að koma inn í l., til þess að opna landhelgina upp á gátt. Sjálfsagt hefir tilgangurinn átt að helga meðalið hjá hv. þm., sem taldi hag að slíkri löggjöf sem þetta frv. fer fram á, og vildi hann halda því fram, að sú veiði, sem þar er leyfð, gerði ungviðinu ekkert tjón. En nú er vitað, að ungviðið er allt sumarið á grunnsævi nálægt landi, en fer ekki í dýpri sjó fyrr en á haustin, er kólnar. Till. um opnun landhelginnar er því til þess að auka stórkostlega skaðsemi fyrir ungviðið og því í algerri mótsögn við tal þessara manna. Það eru því auðsjáanlega tvö öfl, sem berjast um hv. þm., — annarsvegar sannfæringin fyrir því, að það þurfi að vernda ungviðið, og hinsvegar tilhneigingin til þess að ganga algerlega í berhögg við það, vegna stundarhagnaðar. Hv. þm. var að líkja veiðibanninu við það, að banna að slá fullsprottið tún. En dæmið er algerlega öfugt eins og hann setur það fram. Okkar till. er alveg hliðstæð því að vernda nýgræðinginn og slá ekki grasið fyrr en það er fullsprottið.

Þá var auðfundið, að hv. þm. hafði dálítið viðkvæma tilfinningu fyrir því, sem ég sagði, að hér væri verið að greiða götu Dana. En það er vitanlegt, að það er því erfiðara fyrir Dani að stunda veiðina, sem hún er opnuð seinna að sumrinu. En aftur eru það tvö öfl, sem slást um hv. þm. Annars þykir mér vænt um, ef orð mín hafa orðið til þess að vekja athugun hv. þm. á þeirri skaðsemi, sem það getur valdið að opna landhelgina svo snemma sumars fyrir Dönum, auk þess tjóns, sem það veldur ungviðinu.

Ég þarf fáu að svara hv. 3. landsk. Þó að hann hoppaði hátt í loft, smeygði hann sér algerlega hjá að tala um málið, og sýnir það bezt, hvernig hans aðstaða er, og mun hann því tæplega vera fær um að taka á sínar herðar það tjón og þá skaðsemi, sem af því getur hlotizt, ef sú till., sem hann hefir mælt með, yrði samþ. hér á Alþingi. Mun hv. þm. kikna undan þunga þessa alvörumáls, og verða þar að klessu, sem lítið verður eftir tekið.

Þá vitnaði hv. þm. í löggjöf, sem væri í gildi í Danmörku. Ég skal benda á l., sem þar voru sett 1931 og banna alla dragnótaveiði við Limafjörðinn í 7 mánuði, eða frá 15. sept. til 15. apríl. Þannig er það hjá þeirri þjóð, sem mesta reynslu hefir í þessum efnum, þó hv. þm. gali um að opna veiðina hér við Ísland fyrir hverjum, sem hafa vill fyrir því að nota sér hana. Það er líka svo, að flest í okkar l., þar á meðal héraðabönnin, er sótt í dönsk l., og get ég því fært hv. þm. fullar sönnur á, að þar er fullkomið samræmi á milli, en að hann fer þar með rangt mál. (PÞ: Mínar upplýsingar eru frá 1936).

Þá var hv. þm. að tala um, að náttúruöflin og ýmsar gráðugar skepnur eyddu ungviðinu. En eins og ég sagði áðan, þá er einmitt helzta vörnin fyrir þessi vanmáttugu dýr inni á fjörðum og flóum, en svo ætlar hv. þm. að yfirganga allan þennan gráðuga stórfisk, með því að sópa ungviðinu upp með dragnót, sem er hættulegasta morðtól, sem hægt er að nota.

Þá má minnast aflaleysisáranna, sem komið hafa og geta komið, og hvernig þá muni verða umhorfs. Áður stunduðu þó aðeins smábátar veiðina, sem ekki sóttu nema á næstu mið, en nú er fiskurinn veiddur af vélbátum og togurum með öllum fullkomnustu tækjum, sem þekkjast, og því verða öll fiskimiðin í sömu hættu. Þess vegna er óhjákvæmilegt, til þess að halda fiskimiðunum, að vernda landhelgina. En eigi að auka á alla þá hættu, sem steðjar að seiðunum, með því að leyfa dragnætur í landhelginni, er fyllsta ástæða til að búast við, að slík ránveiði hefni sín í framtíðinni. Og það er þetta, sem á milli ber, hvort leyfa eigi slíkt og afnema landhelgina, eða leggja áherzlu á að vernda ungviðið.

Hv. þm. var að tala um, hvort ég vildi þá ekki einnig banna Færeyingum handfæraveiðar. En slíkt er ekki sambærilegt; handfærin gera engri skepnu mein nema þeim nytjafiskum, sem dregnir eru. Sýnir það bezt rökþrot þeirra sálufélaga, að bera dragnæturnar saman við jafnóskaðleg veiðarfæri og handfærin.

Hv. 3. landsk. þóttist vera að benda á, að Danir gætu komið hingað á minni skipum til þess að stunda veiði á því svæði, sem nú er opið. En hv. þm. skýtur þar framhjá marki, því nú er í l., að þar mega ekki önnur skip stunda veiði en þau, sem skrásett eru við Faxaflóa eða Breiðafjörð, og þess vegna er ekki hægt fyrir Dani að stunda þá veiði, nema láta skrá skipin hér og hafa hér fasta útgerð. Nú hafa Danir reynt að stunda hér veiðar á djúpmiðum, en reynslan hefir sýnt, að þeir eru ekki færir um það. En hitt er vitað, að þeir hafa næga leikni og manndóm til þess að skafa víkur og voga í blíðskaparveðrum um hásumarið. Og þeir hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk. vilja gera þeim svo létt fyrir sem hægt er, með því að kippa í burtu öllum hindrunum,

sem Fiskifélagið hefir ráðlagt að taka upp í l. Hv. þm. Ísaf. fannst, úr því hann var kominn af stað, að hann þyrfti að reyna kattarþvott á þeim, sem honum standa næst, sósialistunum. En svo vildi hann halda sprettinum lengra. Honum fannst það einkennilegt, að ég skyldi vera að vitna til hv. þm. N.-Þ., sem ekki væri sjómaður. En það er vegna þess, að þó hv. þm. sé ekki sjómaður, hefir hann nægilega mikið vit og skilning til þess að taka til greina álit sjómannanna og fordæma það athæfi, að hrifsaður sé af héruðunum sjálfsákvörðunarrétturinn í þessum efnum.

Þá var hv. þm. Ísaf. að tala um, að hv. þm. N.-Þ. mundi ekki vita, hvað dragnót væri. En ég verð að segja, að það leit helzt út fyrir, að hv. þm. Ísaf. vissi ekki, hvað dragnót er, eða a. m. k. að hann vissi ekki, hvaða afleiðingar yrðu af því að nota hana við veiðina. Hv. þm. talaði svo fávíslega um það, að undrun sætti. Það er vitað, að dragnótin dregur jöfnum höndum seiðin og nytjafiskana, og í því er hættan fólgin. Það getur verið, ef hv. þm. Ísaf. tekst að opna landhelgina upp á gátt fyrir Dönum, svo að þeir sigli hingað sínum skipastól, að hann læri svo af því, að hann yrði dómbær í málinu. Þá fengi hv. þm. bókstaflega að komast í dragnót hjá Dönum. En Danir mundu skemma svo fiskiveiðarnar, að landsmenn fengju að súpa seyðið af því síðar. Og samanburður hv. þm. á fyrirdráttarnetum og dragnót náði ekki nokkurri átt. (FJ: Hvers vegna?). Vegna þess að það er algerlega ósambærilegt.

Þá var sami hv. þm. að tala um, að það væri leitt að eyða dýrmætum tíma þingsins í svona óþarfar umr., og að þær hefðu vakið hlátur. Þessu hefði hann gjarnan mátt sleppa, því það mun aðeins einn maður hafa hlegið, hv. 3. landsk., sálufélagi hv. síðasta ræðumanns, og ef hann vildi gefa lýsingu á því, af hverju hlátur inn var sprottinn, gæti það út af fyrir sig borið nokkurt vitni um, af hve mikilli skynsemi málið er flutt. Og þá mundu hinir vel geta unað athlæginu.

Hv. þm. Ísaf. var eitthvað að tala um skynsemina, að það gæti kannske borið út af með hana í sambandi við minn málflutning. Ég ætla nú ekki að fara út í þetta. En ég held, að þessi hv. þm., ef hann vill ekki höggva nærri sjálfum sér, ætti að tala sem minnst um skynsemi í sambandi við málflutning í þessu efni. Hv. þm. Ísaf. sagði, að dragnótaveiðar hefðu ekki verið stundaðar á Faxaflóa nema 2—3 ár. En þessar veiðar er búið að stunda þar í 10 ár. Tilraunir hv. þm. í þá átt að hnekkja mínu máli um lúðu- og ýsuveiðar á Faxaflóa verða einnig árangurslausar, því að þar er það reynslan, sem talar.

Ég vil líka benda á það, að það er ekki alveg þýðingarlaust fyrir önnur svæði en flóana, sem liggja næst hrygningarsvæðunum, Faxaflóa og a. n. l. Breiðafjörð, hvernig farið er með ungfiskinn, heldur hefir það einnig áhrif á fiskveiðarnar kringum landið.

Þarf ég svo ekki að fara frekar út í þetta mál að sinni, enda mun fundartími nú vera útrunninn. Vænti ég þess vegna, ef umr. verður ekki lokið nú, að hæstv. forseti veiti mér leyfi til að gera stutta aths. við framhald þessarar umr. síðar, til þess að sýna hv. þm., sem talað hafa hér um dönsk l. í þessu sambandi, framan í þessi dönsku lög.

Umr. frestað.

Á 36., 37., 38., 39., 40. og 41. fundi í Nd., 28., 30. og 31. marz, 1., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. 2. minni hl. (Gísli Guðmundsson):** Það er orðið nokkuð langt síðan 2. umr. þessa máls var frestað í þessari hv. d., og ég var farinn að halda, að þessi frestur mundi þýða það, að málið kæmi ekki aftur á dagskrá að þessu sinni, enda hefði ég að ýmsu leyti talið það bezt farið. Það er orðið áliðið þingtímans, og þetta er 2. umr. í fyrri d., og ég geri líka ráð fyrir, að út frá sjónarmiði hv. flm. málsins sé lítið við það unnið, að miklar umr. verði hafðar um málið úr þessu, því að það eru litlar líkur til þess, að málið geti gengið fram á þessu þingi, jafnvel þótt það kynni að fást meiri hl. fyrir því, sem ég geri ekki ráð fyrir eftir þeirri afstöðu að dæma, sem hv. þm. hafa tekið til málsins á undanförnum þingum.

Ýmsir hv. þm., sérstaklega hv. þm. Borgf., hafa tekið fram allgreinilega þær röksemdir, sem við, sem erum þessu frv. andvígir, höfum fært fram gegn því, að rýmkað verði um heimild til dragnótaveiða í landhelgi. Við höfum haldið því fram, að Alþingi mætti alls ekki ganga lengra í þessu efni en þegar hefir verið gengið með þeirri undanþágulöggjöf, sem gerð var frá lögunum um bann gegn dragnótaveiði frá 1928, en þá var stórkostlega rýmkað um veiðina við Suður- og Vesturland, og þessi breyt. sætti mjög mikilli andstöðu á þingi, þó að hún kæmist í gegn. — Það er óþarft að rifja upp einstök atriði þessa máls, en ég vil þó endurtaka það, sem við höfum lagt megináherzluna á í þessu efni, sem sé það, að Alþingi verður að gæta mikillar varúðar í því að draga úr þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að vernda landhelgina hér við land. Við höfum bent á, að það eru í rauninni ekki frambærileg rök í þessu máli, sem haldið hefir verið fram af sumum hv. flm., t. d. hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk., að það væri réttlátt að gera þessar breyt. sem einskonar kreppuráðstöfun á þeim tímum, þegar útgerðin á við erfiðleika að búa að ýmsu leyti, og að þessar ráðstafanir ætti að gera til þess að hjálpa útgerðinni í bili. Við höfum bent á, að það er mikil skammsýni að ætla sér að hafa stundarhagnað af þessu, sem enginn veit, hversu mikill yrði, og fórna því að rýra landhelgisvarnirnar stórkostlega.

Við þetta tækifæri vil ég aðeins minna á það, að þegar frv. um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi var flutt á þingi 1928, þá var það samþ. í báðum d. þingsins með miklum meiri hl., og ég minnist þess sérstaklega, að frsm. sjútvn. Ed. tók það fram sérstaklega fyrir hönd

n., að það, sem hún hefði helzt út á þetta frv. að setja, væri það, að það gengi ekki nógu langt í því að friða landhelgina fyrir dragnótinni. Það, sem hefir hinsvegar gerzt síðan í þessu máli, er það, að ýmsir menn á nokkrum stöðum virðast hafa komið auga á, að ef þeir gætu fengið rýmkað um þessa löggjöf, þá gætu þeir í bili haft einhvern hagnað af því, en því miður hafa þessir menn ekki komið auga á það, að hér er um framtíðarmál að ræða, sem hefir stórkostlega þýðingu fyrir sjávarútveginn.

Vil ég svo vænta þess, að afstaða þingsins sé sú sama og verið hefir, og legg ég til, að frv. verði felt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Nd., 17. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 149 samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, HV, JJós, PÞ, SK, StJSt, SE, JörB.

nei: GÍ, HannJ, PZ, PHalld, PO, SigfJ.

JakM, JónP, JS, MT greiddu ekki atkv.

Sex þm. (ÁÁ, BJ, EE, JÓl, JG, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FJ, HV, JJós, PÞ, SE, StJSt.

nei: ÞorbÞ, BÁ, BB, EystJ, GÞ, GG, GÍ, HannJ, JakM, JónP, JS, MT, PZ, PHalld, PO, SigfJ, SK, TT.

GSv, JörB greiddu ekki atkv.

Sex þm. (ÁÁ, BJ, EE, JÓl, JG, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Sauðfjárbaðanir.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 91).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Pétur Ottesen):** Við flm. þessa frv. ætlum nú að freista þess enn á ný að opna augu hv. þdm. og hæstv. Alþ. fyrir réttmæti þeirrar till. sem felst í þessu frv., svo að hv. þm. fallist á að setja þær tryggingar, sem frekast er hægt að gera til þess að halda fjárkláðanum í skefjum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., en þó á margfalt kostnaðarminni hátt heldur en þann, sem stofnað var til með löggjöf frá síðasta þingi um svokallaðar útrýmingarbaðanir. Sú löggjöf kemur til með að kosta marga tugi þús., eða jafnvel hundruð þús. kr., enda þótt fyrirfram sé vitað, að með þeirri aðferð, sem þar er ákveðin, sé ekki hægt að ná þeim árangri, að kláðanum verði gersamlega útrýmt. Það fór fram útrýmingarböðun árið sem leið á vissu svæði. Hún var ekki fyrr afstaðin en kláðinn var þar gosinn upp aftur, þannig að það varð að hefja þar baðanir á nýjan leik og vitanlega að halda þar áfram þrifaböðunum eins og annarsstaðar.

Á fjárl. fyrir næsta ár eru áætlaðar 24 þús. kr. í þessu skyni, sem hrekkur þó ekki til fyrir kostnaði við slíkar útrýmingarbaðanir, nema á tiltölulega litlu svæði af landinu.

Væntum við nú flm. þessa frv., að hv. d. og hæstv. Alþingi allt í heild geti fallizt á þessar till. okkar. Og þetta frv. felur í sér allar hinar sömu öryggisráðstafanir um framkvæmd baðananna eins og löggjöfin um hinar svokölluðu útrýmingarbaðanir. — Legg ég svo til, að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn. Mun ég reyna að sjá um, að málið fái skjóta afgreiðslu í nefndinni.

Jón Pálmason: Eins og hv. þm. muna, var töluvert harður slagur hér í hv. d. á fyrri hl. síðasta Alþ. um fjárkláðamálið í heild. Endirinn varð sá, eins og kunnugt er, að samþ. voru l. um útrýmingu fjárkláðans.

Þeir menn, sem flytja þetta frv. hér, og hafa manna á milli fengið nafnið „kláðafriðunarmenn", börðust mjög hart gegn því að frv. um útrýmingu fjárkláðans, sem samþ. var í fyrra, næði fram að ganga. Þá fluttu þeir í sambandi við það frv. svipað frv. þessu, sem hér liggur nú fyrir. En einnig fluttu þeir á síðari hl. síðasta Alþ. shlj. frv. því, sem hér liggur nú fyrir, og það fékk þá afgreiðslu í landbn., sem hér er getið um. En það lítur svo út, sem flm. frv. vilji ekki hika við að tefja störf hæstv. Alþ. áfram með því að ræða þetta mál og stofna til að halda uppi deilum um það. Hversu mikið flaustursverk hjá þessum hv. flm. þessa frv. er á því, sýnir m. a. það, að þegar þeir lögðu þetta frv. fram, þá vitnuðu þeir í l., sem búið er að afnema, og töluðu um, að dagskrá um þetta mál hefði verið samþ. á síðasta þingi, en sú dagskrártill. kom aldrei inn á þing til umr. Þegar þeim, sem fluttu frv., hafði verið bent á þessar villur, láta þeir fyrst taka þær burt, þegar það er prentað upp. Þetta sýnir, hvernig starfsemin er hjá þessum hv. þm. að því er þetta mál snertir.

Ég mun greiða atkv. á móti því, að þessu frv. verði vísað til n. En verði því vísað til n., þá á ég sæti í þeirri n. og á því kost á að fylgjast með gangi málsins þar.

Aðalgrundvöllur þessa frv. er sú kenning, sem þessir menn og nokkrir aðrir hafa haldið fram, að vonlaust verk sé fyrir okkur Íslendinga að reyna að losna við fjárkláðann. Um þetta stendur deilan, og um þetta hlýtur deilan að standa þangað til fengin er um þetta full reynsla.

***Flm. (Pétur Ottesen):** Það sannast á hv. þm. A.-Húnv., að hægra er að kenna heilræði en halda þau. Því að þegar hann brigzlar okkur flm. frv. um að vilja tefja þingstörf með þessu frv., þá stendur hann hér upp og fer að ræða málið, eftir að ég er búinn að gera till. um að vísa því til n., sem hann á sæti í. Svo mjög varð honum brátt í brók um þetta, að hann gat ekki beðið þangað til n. hafði athugað málið, til þess að þeysa svo hér á mælskufáknum við 2. umr. og láta ljós sitt skína, eftir að hafa fyrst látið það skína í n. En ég mun ekki ræða málið fyrr en það kemur frá n.

Út af því, sem hv. þm. þandi sig yfir því, að hér inn í frv. hafa slæðzt 2 villur, annaðhvort í prentun eða handriti — ég veit ekki hvort heldur —, og önnur villan er, að vitnað er skakkt í l., vil ég segja það við hv. þm., að honum ferst ekki að tala digurt í þessu efni. Því að á síðasta þingi rétti hann upp höndina til þess að samþ. frv. til l., þar sem vitnað var vitlaust í l. Hann hefði þá átt að gæta betur sóma sinnar stéttar, fyrst hann er nú svona viðkvæmur fyrir því,

að slæðzt hafa tvær villur inn í þetta frv. Ég vildi bara aðeins benda á þetta, að þegar menn fara að gerast umvöndunarsamir dómarar út af svona smávægilegum atvikum, þá ferst þeim það bezt, sem sjálfir eru svo algildir og óskeikulir, að ekkert slíkt getur hent þá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 128 og 129).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Þetta frv. lá einnig fyrir síðasta þingi og var tekin afstaða til þess í landbn., sem einróma lagði til, að það yrði afgr. með rökst. dagskrá sem óþörf löggjöf. Nú var því fyrir nokkrum dögum aftur vísað til landbn., og meiri hl. hennar, eða þeir fjórir menn, sem skrifað hafa undir nál. á þskj. 128, hefir orðið sammála um að leggja til, að málið yrði afgr. einnig nú með rökst. dagskrá, og vísað til þess, að hér eru gildandi l. um útrýmingu fjárkláða og þrifabaðanir og því eigi þörf nýrrar löggjafar um þetta efni. Ég sé ekki ástæðu til, eins og sakir standa, að fara mörgum orðum um þetta mál, a. m. k. ekki fyrr en frsm. minni hl. hefir talað og gert grein fyrir þeim ástæðum, sem hann telur til þess liggja, að þetta frv. eigi að ná fram að ganga. Hv. þm. sjá, að þeir menn, sem voru í landbn. á síðasta þingi, hafa ekki haggað skoðun sinni að því er þetta mál snertir, og ég vænti, að meiri hl. hv. d. hafi ekki heldur haggað sinni skoðun.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Ég hefi nú áður gert grein fyrir, að þetta frv. er mjög frábrugðið þeirri löggjöf, sem nú gildir um sauðfjárbaðanir hér hjá okkur. Það eru m. ö. o. tekin upp í þetta frv. öll þau tryggingarákvæði, sem nauðsynlegt þótti að taka upp í l. um útrýmingarböðun, og er þar af leiðandi svo frá þessu frv. gengið hvað þetta snertir, að gert er ráð fyrir, að viðhafðar séu við þrifabaðanirnar allar þær ráðstafanir, sem mönnum hefir nú hugkvæmzt að nota við útrýmingu fjárkláðans og við að halda honum í skefjum. Þetta frv., ef að l. yrði, gæti því hvað þetta snertir algerlega komið í staðinn fyrir l. um útrýmingu fjárkláðans, en það, sem þá leiddi af því, ef þetta frv. yrði samþ., er það, að það spöruðust þær nokkur hundr. þús. kr. úr ríkissjóði, sem nú á að fara að verja til útrýmingar fjárkláðanum, og byrjað er á með því að taka upp í fjárlög fyrir árið 1937 milli 20 og 30 þús. kr. framlag. Ég verð að segja, að þeir menn líta einkennilega á hlutina, sem telja, eins og nú er ástatt hjá okkur, óþarfar þær till., sem fram koma á Alþingi og geta létt af ríkissjóði svo gífurlegum útgjöldum, samtímis því, að málefnalega séð er eins vel séð fyrir, að það verk sé unnið, sem vinna á, með þessu frv. eins og þeim l., sem hafa þennan mikla kostnað í för með sér fyrir ríkið.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Það er náttúrlega á valdi hv. d., hvort hún lítur á þessar till. sem algerlega óþarfar, og þeir menn, sem það gera, sýna þar vitanlega með sínu atkv., hvernig þeir líta á fjárhagsafkomu ríkissjóðs og hvernig þeir telja að eigi að mæta þeim erfiðleikum, sem við nú horfumst í augu við um allar greiðslur úr ríkissjóði, þegar fara þarf eins djúpt niður í vasa skattþegnanna eins og nú er farið á öllum sviðum. Þetta sýnir atkvgr. um þetta mál; við flm. frv. gerum það, sem í okkar valdi stendur, og verðum svo að sætta okkur við þá niðurstöðu, sem hv. d. kemst að. Þeir, sem þetta frv. fella, bera ábyrgð á því fjárbruðli, sem hér á sér stað, því annað er það ekki.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Það kom í sjálfu sér ekki margt fram í ræðu hv. þm. Borgf., sem ástæða er til að fara út í, en þó eru nokkur atriði, sem ég kemst ekki hjá að svara fyrir hönd meiri hl. landbn. Það er þá fyrst og fremst það, að í þessu frv. um þrifabaðanir séu sömu tryggingarráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum sem nú eru í gildandi l. Því er fyrst til að svara, að með þessu frv. er ekki lagt til að breyta né fella úr gildi l., sem samþ. voru á síðasta þingi um útrýmingu fjárkláðans. Í öðru lagi vita náttúrlega allir, sem nokkuð vilja vita í þessu efni, að það þarf aldrei að gera ráð fyrir, að hægt verði að útrýma fjárkláðanum með þrifaböðum einum saman. Þess vegna kemur mjög glöggt fram í þessari yfirlýsingu hv. flm. sú skoðun, sem haldið er fram í grg. frv., að það sé nokkurnveginn víst, að það verði aldrei hægt að útrýma fjárkláðanum úr þessu landi.

Það, sem hv. þm. var að tala um fjármál í þessu sambandi, er atriði, sem ástæða er til að víkja nokkrum orðum að. Hann vildi gera úr þessu máli eitthvert stórt fjármálanúmer, sem mundi sýna mjög greinilega hug manna til þeirra hluta í heild, er snerta meðferð fjár úr ríkissjóði. Í því sambandi sagði hann, að það væru líkur til, að ef þetta frv. yrði samþ., þá mundi við það sparast svo hundruðum þúsunda skipti fyrir ríkissjóð. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar að fara að því að rökstyðja svona kenningar, því hér er ekki um annað að ræða samkv. gildandi fjárl. heldur en að ríkissjóður leggi fram 24 þús kr. í því skyni að láta fram fara útrýmingarböðun á þessu yfirstandandi ári. Þar með er náttúrlega ekki sagt, að þessi upphæð reynist fullnægjandi til að koma því verki í framkvæmd, sem fyrirhugað er, því vitanlega getur þurft á því að halda að kosta meira þar til. En að þar verði um að ræða framlög úr ríkissjóði, er nemi hundruðum þúsunda, það er náttúrlega fjarstæða, sem ekki er þörf á að svara fyrr en hún hefir eitthvað verið rökstudd. Að tala um fjárbruðl í þessu sambandi er líka hrein og bein fjarstæða, þó farið sé fram á, að ríkið veiti nokkra upphæð til þess að losna við þann vágest, sem lengi hefir verið einn af svörtustu blettunum á landbúnaði okkar og jafnframt eitt af erfiðustu viðfangsefnum hans. Það er a. m. k. furðulegt, að nokkur, sem telur sig fulltrúa landbúnaðarins, skuli láta slíkt til sín heyra. Ég vænti því, að hv. dm. láti það ekki á sig fá, þó verið sé að hampa þessu frv. sem einhverju sparnaðarmáli, til þess að koma í veg fyrir

fjáreyðslu í sambandi við útrýmingu fjárkláðans.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. út af því, sem hv. frsm. minni hl. tók fram.

*Þorbergur Þorleifsson: Þegar mál þetta lá fyrir síðasta þingi, voru dregin fram þau mörgu rök, sem mæltu með því, að það væri afgr. á þeim grundvelli, sem gert er ráð fyrir í því frv., er hér liggur fyrir. En þá varð nú ofan á sú stefna í þessu máli, sem miklu óheilbrigðari er og meiri kostnað hefir í för með sér fyrir ríkissjóð. Með því að flytja frv. aftur höfum við viljað gefa Alþingi tækifæri til að leiðrétta þá röngu afgreiðslu, sem þetta mál fékk á síðasta þingi. Það er vitanlegt, og það er í rauninni kjarni þessa máls, að fjárkláðinn hefir magnazt í landinu vegna þess, að þeirri löggjöf, sem gilt hefir um þrifabaðanir, hefir ekki verið nægilega framfylgt. Það er fyrir trassaskap einstakra manna og héraða, að fjárkláðinn hefir magnazt á þann hátt, sem orðið er og til vandræða horfir, en einmitt með því að setja strangari löggjöf um þrifabaðanirnar, sem gerir eftirlitið með þeim fullkomnara, á að vera hægt a. m. k. að halda kláðanum í skefjum og hefta útbreiðslu hans. Það er ekki rétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að það sé beinlínis tekið fram í grg. frv., að aldrei verði hægt að útrýma fjárkláðanum. Það hefir bara ekki tekizt enn þann dag í dag, og óséð, hvort það tekst nokkurntíma. Þess vegna þarf að vera löggjöf, sem tryggir það, að þessum vágesti sé haldið í skefjum, og það á einmitt þessi löggjöf að gera. Hvernig sem menn annars líta á þetta mál, er það víst, að einmitt með tilliti til þess að halda þessum vágesti, fjárkláðanum, í skefjum, er nauðsynlegt að setja löggjöf eins og þá, sem hér er farið fram á.

Andstæðingar frv. hafa fært svo lítil og léleg rök gegn því, að það er í rauninni ekki hægt að ræða málið við þá. Þeir hafa sem sagt engin rök fært fyrir því, að fella beri frv., og því er ástæðulaust fyrir okkur, sem frv. flytjum, að vera með langar umr. Ég vænti, að þeir, sem greiddu atkv. gegn því í fyrra, átti sig nú á því, að hér er um gott og nauðsynlegt mál að ræða, og stuðli að því, að það verði afgr. frá þessari hv. d. að þessu sinni.

*Gísli Guðmundsson: Ég skal ekki vera langorður um þetta frv.; en ég vil aðeins vekja athygli á því áður en það kemur til atkv., að mér virðist aðstaða meiri hl. landbn. næsta undarleg í þessu máli, og satt að segja skil ég hana ekki. Hv. meirihl.menn hafa verið því fylgjandi og komið því fram, að varið yrði allmikilli fjárhæð úr ríkissjóði til þess að koma á útrýmingarböðun í landinu í því skyni að reyna að útrýma fjárkláðanum, og þetta hafa þeir barið í gegn þrátt fyrir þær miklu líkur, sem fyrir því eru óneitanlega og raunverulega, að ekki sé hægt að útrýma fjárkláðanum á þennan hátt, þó miklu sé til þess kostað. En látum það vera, þó hv. nm. hafi þessa aðstöðu og komi fram sínum útrýmingarlögum. Það er hitt, sem ég skil ekki, hvernig þeir geta verið á móti því, að l. um hinar almennu þrifabaðanir séu endurbætt. Í því frv., sem við höfum leyft okkur að bera hér fram, er um það að ræða að gera fullkomnari þau l., sem gilda nú um almennar þrifabaðanir sauðfjár, og það er vitanlegt, að þó almenn útrýmingarböðun gegn fjárkláða fari fram, þurfa almennar þrifabaðanir að halda áfram jafnt fyrir því. Ég skil t. d. ekki, hvernig hv. nm. geta verið á móti því, að settur sé maður í hverjum hreppi til þess að líta eftir og fylgjast með framkvæmd þrifabaðanna. Það er vitanlegt, að það hefir verið mikill misbrestur á framkvæmd þeirra á einstökum heimilum og í einstökum sveitum, en við erum á þeirri skoðun, að ef ákvæði þessa frv. væru lögfest, yrði það mikil trygging fyrir því, að þetta verk yrði almennt vel af hendi leyst. Ég held því, að það hljóti að stafa af einhverjum misskilningi, að hv. meiri hl. skuli vera á móti því, að l. um þrifabaðanir sé breytt til batnaðar, og vildi ég vekja athygli á því áður en gengið er til atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Það var hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. N.-Þ., sem gaf mér nokkurt tilefni til að bæta ofurlítið við það, sem ég hefi áður sagt. Hann ítrekaði það, sem félagar hans og meðflm. undirstrikuðu báðir áður, að það mundi aldrei verða hægt að útrýma fjárkláðanum að fullu úr þessu landi.

Ég skal ekki fara mikið út í að ræða þetta atriði; það er fullyrðing, sem ekki er hægt að sanna, nema með reynslunni, og stendur þar orð á móti orði. (**PO:** Við höfum reynsluna). Við höfum reynslu um, að það hefir ekki tekizt, en við höfum enga reynslu um, hvað er hægt að komast, og svo er um ýmsa hluti í okkar þjóðfélagi, sem við erum alltaf að glíma við. Og við erum ekki svo trúlausir í meiri hl. landbn., að við trúum því, að ekki sé hægt að útrýma kláðanum eins og hverri annari pest í okkar sauðfé.

En það var ekki þetta, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi hér hljóðs, heldur hitt, að hv. síðasti ræðumaður skildi ekki afstöðu okkar, sem falið væri að gæta hagsmuna landbúnaðarins, að við vildum ekki bæta löggjöfina í þessu efni, heldur snúast gegn þrifaböðun. Vitanlega dettur engum okkar í hug að vera á móti þrifaböðun, en hitt álítum við, að í þessu frv. séu engin þau ákvæði, sem geri nauðsynlegt, að það verði samþ. Í lögunum frá 1914 eru öll þau ákvæði, sem þurfa að gilda til þess að þrifaböðun sé framkvæmd eins og vera ber. (**ÞorbÞ:** Því eru þau þá ekki framkvæmd?). Það eru engin lög til svo trygg, að ekki sé hægt að brjóta þau; það tryggja engin lög, og þetta frv. tryggir í engu betur framkvæmdina en gildandi lög. Þar stendur t. d., að hreppsnefndir skuli sjá um, að framkvæmdar séu þrifabaðanir; um það þarf ekki ný ákvæði. Ég vil því vísa frá okkur meiri hl. landbn., að þetta álit sé byggt á misskilningi eða óaðgæzlu, heldur af því, að við teljum þessa frv. enga þörf.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Ég verð mjög að taka undir með hv. þm. N.-Þ. um, að ég skil ekki afstöðu meiri hl. landbn. í þessu máli. Sérstaklega verður afstaða þeirra óskiljanleg, þegar þess er gætt, að þeir eru valdir hér í Nd. Alþingis til þess að hugsa um og undirbúa þau

mál, er sérstaklega snerta hagsmuni landbúnaðarins. — En hverju eru þessir menn að berjast á móti? Ég skal nefna þrjú atriði eða fjögur, sem þeir eru að berjast á móti. Er þá fyrsta atriðið, sem þeir eru á móti, að forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans skuli vera hafður með í ráðum um val á baðlyfi. Við vitum, að þessi maður hefir þegar fengið viðurkenningu fyrir störf sín í þágu landbúnaðarins, og þó sérstaklega hvað snertir sauðfjáreign landsmanna. — Í öðru lagi berjast þeir gegn því, að hreppsnefndum skuli lögð sú skylda á herðar að sjá um, að til séu nægilega margar sundþrær í hreppi hverjum til að baða í sauðfénað hreppsbúa. Og nú er það almennt viðurkennt, að ekki er hægt að baða nema í sundþró, svo að vel sé. Í þriðja lagi berjast þeir gegn því, að sýslunefndir skipi baðstjóra í hverjum hreppi, einn eða fleiri eftir þörfum, til að líta eftir því, að sauðfjárbaðanir séu framkvæmdar. Þetta felur í sér meira öryggi en að hreppsnefndir tilnefni þessa menn, því eins og við vitum, kemur oft upp ýmiskonar kritur, sem alveg yrði útilokað, ef sýslunefnd hefði þessa tilnefningu með höndum. Í fjórða lagi berjast þeir gegn því, að baðað sé samtímis á þeim svæðum, þar sem sauðfé manna gengur saman, eins og skýrt er tekið fram í frv. þessu, en er alls ekkert ákvæði um í gildandi lögum. En vitanlegt er, að það getur gersamlega ónýtt alla böðun, ef baðaða féð nær að ganga saman við óbaðað þegar eftir böðun.

Þessi 4 atriði eru það, sem meiri hl. landbn. gengur nú gegn, allt saman atriði, er þessir sömu menn komu með í lagafrv. sínu um útrýmingarböðun, atriði, sem þeir töldu þar sjálfsögð og voru samþ., en þeir ekkert vilja hafa með að gera nú. Ég vil ekki stangast á við þessa menn, því að framkoma þeirra er þannig í þessu máli, að þeir þrælstangast þar við sjálfa sig, svo að sannarlega er ekki á bætandi, enda ekki menn fyrir meira. Ég vænti þess, að meiri hl. hv. þdm. hafi vit fyrir meiri hl. landbn. og sporni ekki við því, að jafnsjálfsögð ákvæði og þessi séu í lög tekin.

Ég vil enn undirstrika ummæli hv. þm. N.-Þ., að afstaða þessara manna er gersamlega óskiljanleg, þ. e. a. s. frá sjónarmiði landbúnaðarins. Það getur verið, að á síðasta þingi — í fyrra — hafi þeir litið á þetta frv. sem „konkurrent“ við sitt frv. um útrýmingarböðun, en nú eru þeir búnir að fá sínum gráðuga vilja framgengt hvað það snertir, svo ekki ætti það lengur að vera til fyrirstöðu.

Ég er sannfærður um, að útrýmingarböðun er óþörf, ef þrifaböðunin er framkvæmd eins og vera ber. Með því móti að hafa framkvæmd þrifabaða í fullkomnu lagi mætti því spara það fé, sem fer til útrýmingarböðunarinnar, og sé ég nú ekki, að það væri skaði skeður, þó að sparaðist töluvert af því fé, sem ætlað er til útrýmingarböðunar. Ég vil ætla, að hv. þdm. séu ekki á móti því, að fé, sem á að kasta í sjóinn, verði bjargað, hvað sem meiri hl. landbn. álítur um þá hlið málsins.

Ég ætla ekki, hvað snertir útrýmingu kláðans, að ræða það atriði hér, en eins og við vitum, fór hér fram útrýmingarböðun undir eftirliti norsks sérfræðings. Og það fór eins og fór, að hann kom strax upp aftur. Víðar en hér er pottur brotinn í þessu efni. Í því mikla sauðfjárlandi Skotlandi hefir ekki tekizt að útrýma kláðanum, og eru þó öll vísindi þar komin á hærra stig en hjá okkur; þeir treysta sér ekki lengra en að halda kláðanum niðri með þrifaböðun.

Ég treysti því og vildi mega vænta þess, að stór meiri hl. hv. þdm. samþ. frv. þetta, því eins og ég hefi sagt, þá felur það í sér ákaflega miklu meira öryggi um góða framkvæmd þrifabaðanna en með bezta vilja er unnt að finna í gildandi lögum.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Það var ekki lítið uppi í hv. síðasta ræðumanni, er þóttist ætla að sýna hv. þd., hvernig hann leiddi okkur fjóra úr landbn. af villigötum, sem við vorum á, og yfir á rétta braut, þ. e. til sín. Hann talaði mikið um skilningsleysi sitt á því, að við, sem hefðum verið kosnir til að verja hagsmunamál bændanna, trúnaðarmenn landbúnaðarins, skyldum snúast svona móti frv. þessu.

Það mætti vissulega líta skiljanlegt og undarlegt heita, ef 4 af 5 landbnm. snerust gegn góðu máli. En það er nú bara svo með þetta frv., að engin þörf er á því, af því að öll þessi ákvæði og atriði, sem hv. þm. Borgf. var að telja upp, eru nú þegar í lögum, ýmist í gildandi lögum um þrifabaðanir eða í l. um útrýmingarböðun. Hvað snertir t. d. tæki til böðunar, þá er svo mælt fyrir í l. um útrýmingarböðun, sem á að fara fram á þessu ári, að tæki skuli vera til á hverju heimili, og þá hljóta þau vitanlega að verða til í framtíðinni, og þá til afnota við þrifabaðanir. Þetta ákvæði er því ekkert annað en vitleysa.

Hvað baðstjóra snertir, þá tók ég það fram í fyrri ræðu minni, að um það eru í gildandi l. fullnægjandi ákvæði. — Hvað snertir atriðið um val baðlyfs, að forstöðumaður rannsóknarstofnunar háskólans sé hafður þar með í ráðum, þá er ákvæði í l. um útrýmingarböðun um að það skuli gert, og ef það tekst vel, þá er ekki að efa, að hans ráð verða notuð í framtíðinni.

Hv. þm. sagði, að það væri leiðinlegt að stangast við menn eins og okkur. Ég býst við, að við getum sagt nokkuð svipað, þar sem flutningsmenn þessa frv. höfðu ekki athugað það betur en svo, að fyrst þegar það kom fram var í því ákvæði um að nema úr gildi lög, sem ekki voru til. Í öðru lagi var sagt, að samþ. hefði verið dagskrá, sem aldrei kom til umræðu, og í þriðja lagi sögðu þeir, að ekki væri hægt að útrýma fjárkláðanum. M. ö. o., það voru 3 rúsínur, eða sín rúsínan á hvern flm. Ég skal ekki fara út í að feðra þær, — það getur hver fyrir sig. En það er margt, sem bendir til þess, að hv. flm. séu svipaðir í sinni trú og gömlu mennirnir, sem ekki töldu neitt annað hægt en skera niður til að útrýma kláða. Þó að það sé rétt, að sú útrýmingarböðun, sem fór fram rétt eftir aldamótin, hafi ekki losað okkur við þennan vágest að fullu, þá er það ekki sönnun þess, að slíkt sé ekki hægt, því með bættri þekkingu og

aðstöðu má ná því marki. Og vissulega er það að stangast við vanþekkinguna, að deila við þá menn, sem halda því fram skilyrðislaust, að ekki sé hægt að losna við þennan vágest, og því sé bezt að hafa aðeins þrifabaðnir.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en mig langar til að taka fram nokkur atriði. Er þá fyrst, að tveir af flm. þessa frv. eru af þeim svæðum, þar sem fjárkláðinn er minnstur, en ég vil minna hv. þm. A.-Sk. á það, að kláðinn er kominn í Geithellnahreppinn, og er þá ekki nema Lónsheiðin á milli yfir til hans.

Hv. þm. Borgf. tók það fram, að útrýmingarböðunin hefði ekki komið að gagni, og af því dró hann þá ályktun, að kláðanum yrði ekki útrýmt. Hinsvegar er eitt aðalatriðið hjá honum í þessu frv. ákvæði um sundþrær, því öll þrifaböð væru ómöguleg, nema þær væru notaðar. Þegar útrýmingarböðunin fór fram, var ekki til ein einasta sundþró. Var þá undarlegt, þó ekki kæmi að fullu haldi útrýmingin? Þetta er víst ekki að stangast! — Sýnilegt er, hvað sem hv. flm. segja um frv., að það er fram komið til að tefja fyrir útrýmingarböðuninni, eins og líka sést á því, að ef lögin um útrýmingarböðun eru framkvæmd, þá er ákvæði í 7. gr. þessa frv. um að framkvæmd þessara laga skuli frestað. Í hvaða skyni er þá þetta frv. borið fram, þegar ekki á að framkvæma það, ef að lögum verður, svo framarlega sem lögin um útrýmingarböðun verða framkvæmd? Þetta var þá líka fyrst sem breyting við lögin um útrýmingu fjárkláðans, og þá réttlætt með því að þau spöruðu ríkissjóði 25 þús. kr. útgjöld. Síðan kemur frv. sjálfstætt, og því helzt talið til gildis, að ekki þurfi að framkvæma útrýmingarböðun, verði það að lögum. En nú er breytt um tón; nú er það til þess að gera þrifaböðunina betri, eftir að búið er að útrýma kláðanum. Og þó er í 7. gr. ákvæði um að fresta því, ef útrýmingarböðun fer fram. Ef þetta er ekki að stangast, þá veit ég ekki, hvað getur heitið því nafni, enda er það öllum vitanlegt, að tilgangurinn er enginn annar en von um, að samþykkt þessa frv. verði til þess að útrýmingarböðuninni verði þá frestað. Ég skil ekki, að grundvöllur þessa frv. geti verið nokkur annar en ég hefi nú lýst, og því á að fella það.

***Gísli Guðmundsson:** Ég býst við, að frekari umr. fari að verða óþarfar. Ég vænti þess, að hv. þdm. fari að verða sæmilega ljóst, hvílík reginvitleysa er í áliti meiri hl. landbn. Sýnir það ekkert betur en ræða hv. 2. þm. N.-M., sem áttar sig alls ekki á því, hvers vegna lögin eru lögð fram, né skilur, að óþarft muni að baða eftir tvennum lögum á sama árinu. En ég vil benda honum á það, að við flm. gerðum ráð fyrir, að útrýmingarböðunin yrði svo rækileg, að ekki þyrfti almennt þrifabað sama ár, og ætlumst því til, að framkvæmd böðunar samkv. l. um þrifabaðanir yrði frestað það ár, er útrýmingarböðun fer fram. — Annars er það táknrænt fyrir alger rökþrot þessara manna, þegar hv. þm. A.-Húnv. fer að reyna að nota sér prentvillur, sem nú þegar hafa verið leiðréttar, en slæddust inn í upphafi. Þetta sýnir aðeins, hve málstaður meiri hl. landbn. er veikur, að grípa skuli til slíkra vopna af sjálfum [illegible].

Þá skal ég benda á annað atriði, er frsm. meiri hl. taldi ekki nýtt, heldur í gildandi lögum; það er ákvæðið í 6. gr. frv. um skipun baðstjóra. En í gildandi l. er ekkert ákvæði um þetta, heldur aðeins, að hreppsnefndir skuli sjá um, að þrifabaðanir fari fram í hreppnum. Þar er ekkert ákvæði um, að sérstakur maður skuli vera skipaður til að sjá um framkvæmdirnar, eins og hér er farið fram á og beinlínis ætlazt til, að verði. Við vitum, að framkvæmdir þessara laga eru ekki undir eftirliti og eru í mesta ólagi, og vafalaust í mestu ólagi þar, sem kláðinn er mestur.

Ég skal ekki hafa fleiri orð hér um, en vænti, að hv. meiri hl. landbn. láti hlutlaust, að málið nái fram að ganga, þó að þeir e. t. v. greiði ekki atkv. með frv., þar sem þeir hafa tekið þessa afstöðu í landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 128, frá meiri hl. landbn., felld með 12:8 atkv.
1. gr. samþ. með 12:9 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Atkvgr. um frv. til 3. umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:8 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 91, 181).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Ég hefi leyft mér ásamt hv. þm. Ak. að flytja hér brtt. við frv. það, sem fyrir liggur til umr. Brtt. er á þskj. 181. Skal ég nú nokkuð gera grein fyrir orsökinni, sem liggur til þess, að við flytjum þessa brtt.

Það er dálítið sérstakt við þetta mál, sem hér liggur fyrir, að það var flutt á síðasta þingi, og þá var samhljóða lagt á móti því af öllum mönnum í landbn. Dagaði málið síðan uppi, eins og menn muna. Og það fékk nú þá afgr., að 4 af 5 nm. í landbn. leggja á móti frv., en einn með, hv. 1. flm. Það kom fram við 2. umr. málsins hér í hv. d., að líkur virðast til, að málið verði afgr. í Nd. með meiri hl. atkv. Við 2. umr. sýndi ég fram á það fyrir hönd landbn., að í þessu frv. fælust engin ákvæði, sem væru til umbóta frá því, sem ákveðið er í núgildandi

löggjöf, eða ákvæði, sem gengju í þá átt að koma nokkru til leiðar, sem ekki væri unnt og heimilt að gera samkv. núgildandi löggjöf.

En það er þó eitt nýtt í þessu frv. að því er snýr að kostnaðarhlið þessara mála, og það er það, að lögskipa á með ákvæðum 6. gr. frv., að baðstjórar skuli vera viðstaddir hverja böðun á landinu og að þeim skuli vera greitt kaup úr sveitar- eða bæjarsjóði. Ég veit ekki, hvort allir, sem fylgzt hafa með þessu máli, hafa gert sér grein fyrir því, hvað það er, sem hér er um að ræða. Samkv. núgildandi löggjöf er það ekki lagaskylda, að baðstjórar séu viðstaddir hverja böðun, heldur er það lagt í vald sveitarstjórna að hafa eftirlit með öllum framkvæmdum þrifabaðana í hverri sveit fyrir sig. Nú eru um 700 þús. fjár á öllu landinu. Ef t. d. 200 fjár væri baðað á dag á hverjum stað, þar sem baðað væri, þá yrði þetta, sem baðstjóranum er ætlað að vinna, 3500 dagsverk. Nú má ætla, að það mundi ekki verða minna kaup, sem baðstjórunum væri ætlað, en 6 kr. á dag. Þá yrðu þau útgjöld, sem sveitar- og bæjarfélögin mundu hafa af því að gjalda baðstjórunum þetta kaup, a. m. k. 21 þús. kr. árlega. Það var mælt svo fyrir þessu frv. hér á dögunum, að með því ætti að spara ríkissjóði að leggja fram 24 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll til útrýmingarböðunar. En ég hygg, að ég megi segja, að meiri hl. landbn. sé okkur flm. fyllilega samþykkur um, að þeir menn, sem vilja leggja þessi nýju gjöld á sveitarsjóðina — að óþörfu að okkar áliti —, eigi að vera sjálfum sér samkvæmir og láta þau gjöld falla á ríkissjóðinn, sem kostnaður við baðstjórana mundi skapa. Og þess vegna er þessi brtt. á þskj. 181 flutt.

En ég tek það fram, fyrir hönd okkar flm. brtt. og annara, sem ég geri ráð fyrir, að greiði brtt. atkv., að þar með er engan veginn sagt, að við fylgjum frv., þó að brtt. okkar yrði samþ. Því að við erum á móti því eins eftir sem áður í heild sinni.

Að svo mæltu legg ég brtt. undir dóm hv. d.

*Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Hv. þm. A.-Húnv. er áreiðanlega búinn að fara nægilega mörgum orðum um brtt. Hún er vitanlega ekki fram komin af neinni umhyggju fyrir sveitarstjórnum sérstaklega. Enda eiga þær nú helzt ekki að njóta neins af því, þó að brtt. verði samþ., því að hv. þm. vill láta taka þetta inn í frv., að ríkissjóður borgi baðstjórunum, og svo ætlar hann að fella frv., ef honum er mögulegt. Svo að ég held, að þessi umbót hv. þm. verði sýnd gjöf, en ekki gefin. Því fleiri orð, þess vegna, sem hann hefir um þessa till., því meir gerir hann sig hlægilegan með henni. Brtt. þessi verður ekki frv. að fótakefli, þó að hann ætlist til þess. Hann bar þessa brtt. fram á landbn.-fundi. Þar vildi enginn styðja hana. Hv. þm. verður því að taka framhjá n., af því að hann vildi ekki einn standa undir hlátrinum, sem þessi brtt. hlaut óhjákvæmilega að hafa í för með sér. En það er leiðinlegt, að hv. þm. Ak. skyldi verða fyrir því óláni að flytja þessa brtt., með þeim tilgangi, sem liggur á bak við hana.

Til þess að sýna samræmið hjá hv. þm. A.-Húnv., vil ég benda á það, að í frv., sem hann flutti í fyrra um útrýmingarbaðanir og samþ. var, þá var það hans till., að sveitar- og bæjarfélög skyldu borga baðstjórunum, eins og nú er lagt til í okkar frv. á þskj. 91. Við flm. þessa frv. höfum því í þessu efni ekki gert annað en hv. þm. A.-Húnv. sjálfur hefir gert, þó að okkur flm. og honum beri í öðrum atriðum mikið á milli í þessu máli.

Frv. þetta felur í sér margar og mikilsverðar breyt. til umbóta og öryggis frá því, sem ákveðið er í gildandi l. um þetta efni. Þær breyt. eru fluttar í 4., 5. og 6. gr. frv., og reyndar víðar í frv.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Það var hreint ekkert lítið uppi í hv. síðasta ræðumanni að því er snerti andmæli gegn þessari brtt. Hann vildi láta það líta svo út, sem við flm. hennar gerðum okkur hlægilega með því, að við ætluðum okkur að greiða atkv. gegn frv., þó að brtt. þessi yrði samþ. En ég verð nú að segja það, að þó að við, sem stöndum gegn þessu frv., höfum ekki vald á því hér í hv. d. að stöðva afgreiðslu þess, þá teljum við það skyldu í þessu máli sem hverju öðru að reyna að koma málinu í þá mynd, sem frekast er viðunandi. Sé ég ekkert hlægilegt við það, hvað sem hv. þm. Borgf. og hans nótar kunna um það að segja.

Annars skal ég, út frá því, sem hér hefir verið rætt, fara nokkru nánar út í þá aðferð, sem hv. flm. hafa viðhaft í sambandi við það frv., sem fyrir liggur. Fyrst bera þeir fram málið í fyrra sem brtt. við frv. um útrýmingu fjárkláða. Þá bera þeir málið fram aftur í haust og mæla þá fyrir því á þá leið, að það eigi að koma í veg fyrir, að það sé reynt að útrýma fjárkláðanum í landinu og það eigi að spara þær 24 þús. kr., sem ætlaðar eru í fjárl. þessa árs til útrýmingar kláðanum. Nú flytja þeir þetta mál enn á ný, og að síðustu koma þeir inn á það, að halda því fram, að það eigi nú að nota þessi l., þegar búið sé að framkvæma hin, um útrýmingu fjárkláðans. Þeir fara sem sagt úr einni vitleysunni í aðra. Til dæmis um rökvísi hv. 1. flm. frv. vil ég minna á það, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði við 2. umr. þessa máls, að hv. 1. flm. telur það sönnun fyrir því, að ekki sé hægt að útrýma þessari sýki úr landinu, að það tókst ekki árið 1903. En þá voru ekki til mörg þau tæki, sem nú eru til til böðunar á fé. Nú lýsir hv. 1. flm. frv. því yfir á Alþ., að **ómögulegt sé að baða** svo viðunandi sé, nema með því að hafa sundþrær á hverju sveitaheimili.

Í stuttu máli sagt hefir það verið svo, að í þessu máli hefir höfuðvörnin verið þekkingarleysi og flónska hv. 1. flm., sem þar hafa haldizt í hendur og lagt saman nytjar. Þeir hv. þdm., sem ekki hafa fylgzt með, hvað hér hefir verið rætt um, en vilja taka þessar afurðir hv. 1. flm. frv. sem góða og gilda vöru, þeir eiga að vera sjálfum sér samkvæmir og láta gjöldin, sem af ákvæðum frv. stafa, lenda á þeim stað, þar sem þau eiga að lenda, á þeim aðilja, sem Alþingi hefir rétt til að láta þau lenda á, nefnilega ríkissjóði.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Hv. þm. A.-Húnv. hefir sýnilega mikla ánægju af að tala um þetta mál. Vil ég alls ekki svipta hann þeirri ánægju. Hann byrjar alltaf á því að lýsa gangi þessa máls og rekja það hér við hverja einustu umr., og tínir þá til allt, sem fyrir hefir komið í því frá því þetta mál komst inn á þing. Hann er búinn að gera þetta hér nú á þremur þingum í röð, þegar þetta mál hefir legið fyrir. Og nú við 3. umr. málsins fann hann enn ástæðu til þess að tala um þetta mál og rekja sögu þess. Það er náttúrlega ekkert um það að segja, þó að honum þyki svona gaman að tala um þetta mál; og þó að hann kunni að dreyma um það á nóttunni, þá er náttúrlega ekkert um það að segja. En ég er mjög ánægður yfir því, að þrátt fyrir allan bægslagang hv. þm. A.-Húnv. kunni nú hæstv. Alþ. að hafa fullan skilning á því, að þetta mál felur í sér mikið öryggi, og miklu meira öryggi heldur en núgildandi löggjöf um þetta, til þess að halda niðri þeim vágesti, sem fjárkláðinn er í sveitum landsins.

Ég ætla svo ekki að fara frekar inn á þetta, en út af því, sem hv. þm. sagði um þann kostnað, sem lagður væri á herðar sveitar- og bæjarfélögum með þessu frv., þá vil ég taka það fram, að ég ætla, að í þessu felist ekki þau viðbótarútgjöld fyrir bændur, sem ekki margborga sig.

Sumstaðar hefir verið viðhaft það fyrirkomulag, að fengnir hafa verið sérstakir baðstjórar til að vera við baðanir og sjá um framkvæmd á þrifaböðun; og ég hygg, að það megi rekja slóðina og að fjárkláðinn hafi ekki gert vart við sig á þeim svæðum, þar sem þrifaböð hafa verið framkvæmd með þeim hætti, sem við viljum tryggja með ákvæðum þessa frv., að verði viðhafður. Það er tryggt, að eftirlit með böðunum með þessum hætti margborgar sig fyrir íslenzka bændur, og það eru menn, vegna reynslunnar, farnir að skilja betur en áður, og af því koma þau straumhvörf, sem valda því, að þetta frv. virðist eiga fyrir sér greiða götu í gegnum þingið.

Ég ætla ekki að öfunda hv. þm. A.-Húnv., þegar hann kemur út í sveitir landsins og segir við bændur: „Ég ætlaði að láta ríkissjóð borga fyrir ykkur eftirlitið með böðuninni". En svo er hægt að minna hann á, að það átti engin áhrif að hafa á gang málsins, þótt þessi kjör fengjust sett í frv., — það átti aðeins að vera til að sýnast!

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Hv. þm. Borgf. ætlaði að gera sig gamansaman, þar sem hann talaði um, að mig mundi dreyma um þetta mál á nóttunni, en hugsa um það á daginn. En þessu fer mjög fjarri, því þetta er ekkert stórmál og það hefir legið ljóst fyrir n. og d. En að það hafa orðið nokkuð miklar umr. um málið, stafar af því, að það eru nokkrir menn innan hv. d., sem hafa ánægju af að slást um það, hvort ekki geti tekizt að útrýma fjárkláðanum með þrifaböðum. Grundvöllur þeirrar skoðunar virðist vera sá, að annaðhvort sé alls ekki hægt að útrýma fjárkláðanum á nokkurn hátt, eða að það hljóti að geta tekizt með þrifaböðum!!!

Ég öfunda ekki hv. þm. af öllum hans kláðafriðunarræðum, því öll hans framkoma og allar hans ræður, síðan ég kom á þing, hafa stefnt í þá átt að viðhalda fjárkláðanum, þessum vágesti íslenzkra bænda. Og þessi hv. þm. hefir um mörg ár stöðugt staðið að vandræðatill. í þessu máli, bæði áður en ég kom á þing og síðan, og átt þá í höggi við ýmsa aðra menn.

Það er ekki svo, að ég sé hér að ræða um þetta mál eða mæla í gegn þessu frv. sem einstakur þm., heldur sem frsm. frá þeirri n. þessarar hv. d., sem mest hefir að fjalla um mál bænda og mest á að sjá um hag landbúnaðarins, og sú n. var öll á móti þessu frv. á síðasta þingi og $^{4}/_{5}$ hlutar hennar nú. Það lítur út fyrir, að ekki þyki litlu skipta, þar sem svo er farið að, að þegar n., sem valin er úr öllum flokkum, leggur með eða móti máli, þá fari menn, sem ekki hafa neina aðstöðu til að hafa þekkingu á málinu, að snúast gegn þeim aðiljum, sem um málið eiga að fjalla og sérstaklega eru til þess valdir, sem sé viðkomandi nefnd.

Hann talaði um, að hann öfundaði mig ekki af að koma til íslenzkra bænda með þessa till. mína, að fella kostnaðinn af eftirliti með böðun yfir á ríkissjóð. Ég skal ekki tala mikið um þetta, en aðeins geta þess, að þetta er gert til þess að lagfæra þetta frv., sem ég vil ekki, að verði samþ. En það er ekkert óeðlileg eða óvenjuleg aðferð, að þótt menn séu andvígir máli, þá vilji þeir lagfæra það. Það er ekki vítavert, og því síður að það nái nokkurri átt, sem hv. þm. var að tala um, að við flm. værum að gera okkur hlægilega með þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Magnús Torfason: Mér kemur það dálítið á óvart, að hv. landbn. skuli leggja svo fast á móti þessu frv. Ég tel það engin rök í þessu efni, þótt slíkt frv. hafi ekki gengið fram í fyrra, vegna þess að aðstæður voru þá aðrar. Ég held, að það geti ekki komið til mála, að útrýmingarböðun geti farið fram á næsta ári; en í fyrra var lítið svo á, að það væri í vændum, og mátti þá líta svo á, að ekki væri ástæða til að breyta lögunum frá 1914.

Fyrir mitt leyti verð ég að gefa þessu frv. mitt atkv. Í fyrsta lagi af því, að ég tel ekki unnt að koma á útrýmingarböðun á þessu ári, og sennilega ekki á næsta ári. Í öðru lagi vegna þess, að ég sé ekki annað en það eigi að taka fastara á um þrifaböðun heldur en gert er í gömlu lögunum frá 1914. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að sérstakur baðstjóri verði hafður í hverjum hreppi. Þetta hefir verið gert í Árnessýslu um langt skeið og gefizt svo vel, að margt ár hefir vart sézt þar kláðakind. Þá hygg ég einnig, að þetta frv., ef að lögum verður, verði mikil hjálp til að undirbúa útrýmingarböðun, þegar þar að kemur; þá verður búið að gera sundþrær og annað, sem fer betur með féð en áður, og menn orðnir kunnugri böðunum.

Þegar það er vitað, að kláðinn er plága í sumum héruðum, virðist mér ekki rétt að spyrna á móti því, að hert sé á þrifaböðunum, og ég lýsi því yfir, að ég tel til muna verr farið, ef frv. verður ekki samþ.

Guðbrandur Ísberg: Mig furðaði á þeim orðum, sem hv. síðasti ræðumaður lét falla, að ekki mundi fara fram útrýmingarböðun á yfirstandandi ári. Mér kemur þetta ókunnuglega fyrir, því mér er kunnugt um, að atvinnumálaráðuneytið hefir tilkynnt úti um sveitir landsins, að þetta yrði framkvæmt, og minnt á í sambandi við það, að sýslunefndum beri að kjósa þá eftirlitsmenn, sem gert er ráð fyrir í lögunum, að hafi umsjón með framkvæmd útrýmingarböðunar í héraði hverju. Svo ef ekkert sérstakt kemur fyrir, svo sem afleitur heyskapur eða annað því líkt, þá veit ég ekki betur en framkvæmd laganna standi fyrir dyrum nú á þessu ári.

Ég kvaddi mér hljóðs til að minna á það, að í þessu landi eru til lög um þrifabaðanir, frá 1914. Vegna þess að ég geri ráð fyrir, að ekki séu allir hv. þdm. jafnáhugasamir um þetta mál, þá vil ég nota tækifærið til að undirstrika það, að þessi lög eru enn í gildi, og að frv. það, sem hér liggur fyrir, er þessi lög uppprentuð með örlitlum breytingum. Þessar breyt. eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi, að nota skuli ákveðna tegund af baðlyfi, en það virðist ónauðsynlegt eftir að búið er að útrýma kláðanum. Í öðru lagi að fyrirskipa baðstjóra til að hafa eftirlit með þrifaböðunum, en það ætti að vera óþarft eftir að allsherjarútrýmingarböðun hefir farið fram. En ef til þess þarf að grípa af því að útrýming fjárkláðans hafi ekki tekizt við fyrstu böðun, þá eru til ákvæði í lögum frá síðasta þingi, er heimila, að þá skuli útrýmingarböðun fara fram á ný á svo stóru svæði sem stjórnarvöld telja nauðsynlegt. Ég sé því ekki, að þessi ákvæði séu nauðsynleg eða nokkuð til bóta, en ég er á móti því, nú sem endranær, að samþ. lög eða lagaákvæði að þarflausu. En í þessu frv. er líka eitt ákvæði, sem ekki er aðeins þarflaust, heldur skaðlegt, vegna þess að það getur aldrei orðið annað en dauður bókstafur. Það er ákvæðið um, að baðað **skuli** í sundþróm.

Sú útrýmingarböðun, sem hér fór fram skömmu eftir síðustu aldamót, tókst sæmilega; þótt hún því miður yrði ekki algerlega fullnægjandi, þá verður það að teljast glæsilegur árangur, að það tókst að útrýma kláðanum svo, að í langmestum hluta landsins varð hans ekki vart í 20 ár. En áður en þessi útrýmingarböðun fór fram eða við hana voru ekki heimtaðar sundþrær, og þó gafst hún svo vel sem raun bar vitni um. Það væri ekki úr vegi að athuga, hve líklegt það er, að t. d. bændur, sem búa á fjallakotum, sem búast má við, að fljótlega leggist í eyði, vilji leggja í þann kostnað að steypa sundþrær, sem ekki mun vera hægt að koma upp fyrir öllu minna en 200 krónur. Ég hygg, að það gangi ekki orðalaust að pina alla bændur til þess að koma upp sundþróm, og ég þori að fullyrða, að það ákvæði verður aldrei annað en dauður bókstafur, enda ástæðulaust að gera svo strangar kröfur. (**PO:** Hvar stendur þetta í frv.?). Það er í 5. gr. (**PO:** Að það eigi að steypa sundþró á hverjum bæ?). Það stendur ekki beinlínis þannig, að það skuli gert á hverjum bæ, en má skilja það þannig.

Ég vil skírskota til þeirra, sem nenna að lesa gildandi lög frá 1914, um þrifabaðanir, að athuga, hvað verið er að gera, og þeir munu komast að raun um, að þetta frv. er ónauðsynlegt og að engin ástæða er til að breyta nefndum lögum. Þess vegna hefi ég lagt á móti þessu frv. og þess vegna greiði ég atkv. gegn því.

***Þorbergur Þorleifsson:** Hv. þm. Borgf. hefir gert þeirri brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak., þau skil, að óþarft er að taka til máls til að sýna fram á, að þessi brtt. er fram borin til þess að reyna að eyðileggja málið. Hv. þm. A.-Húnv. hefir játað það, að þessi brtt. er fram borin til þess að koma málinu í það horf, að það verði fellt hér í hv. d., og þess vegna getur enginn, sem þessu máli fylgir, greitt henni atkv. Verði hún samþ., er málinu teflt í hættu, því ýmsir hafa léð því fylgi sitt vegna þess sparnaðar fyrir ríkissjóð, sem í því felst, á þann hátt, að verði frv. samþ. og afgr. sem l. frá Alþ., þá eru ekki líkindi til, að fleiri útrýmingarbaðanir þurfi að fara fram en sú, er fé er veitt til í fjárl. fyrir árið 1936. Annars er ekkert öryggi fyrir því, að það geti ekki farið svo, að hver svonefnd útrýmingarböðun reki aðra, sem mundi hafa í för með sér stórkostlegan kostnað fyrir ríkissjóð og kostnað og tjón fyrir fjáreigendur. — Ég er óhræddur við að koma með þetta frv. út í sveitir landsins. Sveitabændur eru yfirleitt ekki svo smásálarlegir, að þeir sjái eftir þessari greiðslu til þeirra manna, sem eiga að sjá um, að þessum lögum sé framfylgt. Eins og tekið hefir verið fram, er það eftirlitsleysið með framkvæmd þrifabaðanna, sem hefir valdið því, að fjárkláðinn hefir magnazt og er orðinn sá vágestur í sveitum landsins, sem raun ber vitni um.

En það, sem kom mér til að standa upp, var eitt atriði í ræðu hv. þm. Ak. — Þeim hefir ekki komið vel saman, þessum tveimur hv. flm. að brtt. Hv. þm. A.-Húnv. hefir lýst því yfir, að það væri ekkert nýtt til bóta í frv. Hv. þm. Ak. viðurkenndi þó, að nokkur ný atriði væru í frv. (GÍ: Ekki til bóta). Atriði, sem ég skal nú sýna fram á, að eru til bóta. — Fyrsta atriðið er, að valið skuli sérstakt baðlyf í samráði við rannsóknarstofu háskólans. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja það, að notað sé gott baðlyf; baðlyf, sem sé nógu sterkt og komi að fullu gagni. Þetta er ekki tryggt, ef menn velja sér baðlyf sjálfir. Þess vegna er þetta atriði, sem er nýtt, til bóta. — Annað atriðið, um baðstjóra, er líka nauðsynlegt. Reynslan hefir sýnt, að ekki hefir verið nægilega fylgt eftir þessari löggjöf, sem verið hefir, og þess vegna hefir svo farið, að á sumum stöðum hefir böðun ekki verið framkvæmd árum saman. Þetta er ólíðandi og hlýtur að leiða til þess, að allskonar óþrif magnist, t. d. kláði; en ef sérstakur baðstjóri er, þá sér hann um, að lögunum sé framfylgt. Þetta atriði er því líka bæði nýtt og til bóta.

Þá er þriðja atriðið. Hv. þm. Ak. vildi ekki láta lögleiða það, að baðað skuli í sundþróm. Frá mannúðarlegu sjónarmiði er það sjálfsagt, að ekki sé baðað öðruvísi en í sundþróm, því það fer miklu betur með fé, og auk þess er þá

miklu meiri trygging fyrir því, að hægt sé að drepa allskonar óþrif, bæði kláða og lús. Þeir, sem ekki hafa sundþrær, hafa oft borið í féð, en það kemur ekki að eins góðum notum. Þetta 3. atriði er því einnig bæði nýtt og til bóta.

Þeir hv. þm., sem hafa barizt á móti því, að þetta frv. yrði samþ., telja sig aðalmálsvara þess, að fjárkláðanum verði útrýmt; en það virðist svo sem þeim sé það ekki eins mikið áhugamál eins og þeir láta. Einn hv. þm. úr þessum hóp sagði við 2. umr., að kláðinn væri kominn á svæði, sem hingað til hafa verið talin kláðalaus, — að hann væri kominn alla leið í syðsta hrepp Suður-Múlasýslu og í nágrenni við Austur-Skaftafellssýslu. Ég sagðist aldrei hafa heyrt þessa getið og innti þennan hv. þm. nánar eftir því í privat samtali, hvernig þessu væri varið, og svarið var: „Hann (fjárkláðinn) kom þangað með tveimur hrútum, sem ég útvegaði norðan úr Strandasýslu, að Berufirði og í Álftafjörð". Þar sem þessi hv. þm. hefir á þennan hátt beinlínis orðið til þess að stuðla að útbreiðslu fjárkláðans, má það undarlegt heita, að hann skuli telja sig málsvara þess að útrýma fjárkláðanum.

Það hefir verið talað um, að með útrýmingarböðun væri auðvelt að útrýma kláðanum. En sannleikurinn er sá, að það eru litlar líkur til þess. Í flestum árum gengur nokkuð af fé úti á afréttum, og getur það eins verið með kláða eins og það fé, sem hýst er. Það er þess vegna ekki líklegt, að náist í allt fé, sem er með kláða, þótt útrýmingarböðun fari fram. En ef útrýmingarböðun á að fara fram ár eftir ár, þá er það bæði dýrt og hefir spillandi áhrif á heilsu fénaðarins. Tvö böð, hvort eftir annað, hafa mjög vond áhrif á heilsu fénaðarins og hafa auk þess mikinn aukinn fóðurkostnað í för með sér.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það er margrætt, og ég vænti þess fastlega, að það verði nú afgr. til hv. Ed.

Magnús Torfason: Stéttarbróðir minn vill líta svo á, að með því að hæstv. landbrh. hefir lagt fyrir sýslurnar að stinga upp á mönnum til eftirlits með útrýmingarböðun í hverri sýslu, þá sé þar með sagt, að útrýmingarböðun eigi að fara fram á þessu ári. Ég skil þetta ekki svo, heldur þannig, að samkv. lögunum sé sjálfsagt, að þessir menn séu til, hvort sem það á að fara fram útrýmingarböðun nú á þessu ári eða ekki. — Það er aðeins uppfylling á bókstaf laganna, og sjálfsagt að hafa á því allan vara.

Hinsvegar segi ég, að eftir því, sem útlit er nú í landinu, þá skil ég það ekki, að hæstv. landbrh. muni skipa fyrir, að slík böðun fari fram á þessu ári. Það er vitað, að ormaveikin hefir undirlagt mörg héruð og að margir bæir hafa af þeirri ástæðu goldið mikið afhroð, og meðan svo er tel ég hættulegt að skipa útrýmingarböðun og hafa tvö böð. Ég er ekki í vafa um, að það mundi fjölga þeim kindum, sem dræpust úr veikinni, og fé mundi alls ekki þola slíkt viðbótarhnjask.

Þá sagði sami hv. þm., að þrifaböð væru óþörf, þegar kláðanum hefði verið útrýmt. Fyrst og fremst er það engan veginn víst, að kláðanum verði útrýmt við eina útrýmingarböðun, enda höfum við reynslu fyrir því, að slíkt hefir brugðizt. En þótt nú svo færi, að síðasti kláðamaurinn yrði drepinn í fyrstu atlögu, þá hafa þrifabaðanirnar fullan rétt á sér samt, því að þær eru hreinn búhnykkur, sem ég get borið um af eigin reynd, því að ég hefi haft fleira sauðfé undir höndum en hv. þm. Ak.

Ég skil ekki í því, hvers vegna hv. þm. berst svo á móti því að breyta ákvæðum núgildandi laga til batnaðar. Það hefir þó a. m. k. sýnt sig um núgildandi löggjöf, að þrifaböðununum hefir verið lítt framfylgt. Maður úr Vatnsdal, sem var nýlega á ferð hér syðra, sagði t. d., að þar væri kláði á hverjum bæ. Þetta sýnir, hvílík nauðsyn er á því að framfylgja lögunum og bæta þau. Því er knýjandi þörf á því, að í hverjum hreppi sé baðstjóri, sem hafi eftirlit með framkvæmdum og sæki þá til sektar, sem ekki baða. Veit ég þó, að starf þess manns kemur að litlu haldi, ef lögreglustjóri styður hann ekki í því, en ég verð þó að gera ráð fyrir, að svo verði víðast hvar.

Um sundþrærnar er það að segja, að allir, sem þekkja þær, telja þær til stórra bóta og þær margborga sig til lengdar. Í frv. er svo ákveðið, að fjölga skuli sundþróm. svo að þær verði nægilega margar að dómi baðstjóra, en hinsvegar hvergi tekið fram, að þær skuli vera á hverjum bæ. Þar, sem erfitt er að koma slíku við, svo sem á fjallakotum, verður að telja víst og sjálfsagt, að baðstjóri taki hæfilegt tillit til ástæðna, en beiti ekki valdi sínu óþyrmilega.

Því fleiri sem baðanirnar verða, því meiri von er um árangur. Mér er það fullkunnugt, að í mörgum sýslum er hin mesta þörf á því að herða á þrifaböðununum.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Í þessu máli er í rauninni aðeins eitt eftir, og það er að samþykkja frv. Hv. 2. landsk. hefir leiðrétt ummæli hv. þm. Ak. út af greininni um sundþrærnar, þar sem aðeins er tekið fram, að sundþrær skuli vera nægilega margar að dómi baðstjóra, en alls ekki á hverjum bæ. Vona ég, að túlkun hv. þm. Ak. á greininni stafi af misskilningi, en ekki öðru verra.

Út af lokaummælum hv. þm. A.-Húnv. vil ég segja það, að hann rak þar á ræðu sína sama endahnútinn og honum er ekki ótamt, með því að segja: ég sit inni með allt vitið í þessu máli, og þið vitið ekkert. Þetta er sá venjulegi endahnútur á ræðum, sem byggðar eru á gersamlegri rökleysu. En vel get ég skilið það, að hv. þm. A.-Húnv. þyki það hart, eftir að hann hefir kynt þetta þekkingarbál, hve fáir verða til að ganga á ljósið.

Guðbrandur Ísberg: Það er alger misskilningingur hjá hv. 2. landsk., að ég vilji leggja niður þrifabaðanirnar eftir að útrýmingarböðun hefir farið fram. Ég vil hinsvegar, að núgildandi löggjöf haldist.

Hv. þm. vill láta líta svo út, sem sérstök kláðaplága sé í Húnavatnssýslu, og ber fyrir sig orð manns úr Vatnsdal um það, að þar sé kláði

á hverjum bæ. Ég býst nú ekki við því, að sá maður, er hann hefir þetta eftir, hafi ætlazt til þess, að þetta væri skilið bókstaflega, þótt hann kunni ef til vill að hafa kveðið svo sterkt að orði.

Þegar ég kom í sýsluna 1932, bar þar lítið á kláða, en haustið 1933 voru tvær kindur með kláða í Auðkúlurétt, sem menn tóku eftir, og voru báðar úr Árnessýslu. (**MT:** Ætli þær hafi ekki fengið hann hjá ykkur?). Voru þær seldar þar sem óskilafé. Þegar þetta er athugað, finnst mér hv. 2. landsk. gera sér óþarflega mikið far um það, að láta svo sem enginn kláði fyrirfinnist í lágsveitum sunnanlands.

Ég ætla þá að víkja örlítið að hinum árlegu böðunum. Hv. þm. A.-Sk. viðurkenndi, að stundum gæti verið varasamt að baða vegna heilsufars fjárins. Nú er það óhugsandi, að hinn fyrirhugaði baðstjóri gæti gefið sig í að vera við baðanir allan veturinn, eftir því sem háttar heilsufari fjárins á hverjum bæ á hverjum tíma. Baðanirnar verða því ekki framkvæmdar undir eftirliti ráðins baðstjóra nema í einni lotu, og kynni þá svo að fara, að heilsu fjárins yrði þá stundum ofboðið.

Þá er það 5. gr. Ég sagði, að þar væri ákvæði, sem krefðist þess, að sundþró væri á hverjum bæ. Það má að vísu vera, að hægt sé að reka fé á milli býla á Akranesi. En hv. þm. Borgf. verður að afsaka, þótt til séu menn, sem líta lengra og í aðrar áttir en til Akraness eins. Ég dró þá ályktun af frv., að sundþrær yrðu að vera til á hverjum bæ, enda mun sú verða niðurstaðan. ef skylda á að vera að baða aðeins í sundþró, því blautt fé upp úr baði verður ekki almennt rekið á milli bæja svo nokkru nemi. Og upp til afdala, á jörðum, sem liggur við auðn, láta menn sér ekki detta í hug að fara að byggja sundþrær. Útrýmingarböðunin eftir aldamótin sýndi, að vel mátti notast við baðker. Hitt er allt annað, þótt einstakir bændur hafi komið sér upp sundþróm til hægðarauka. En að fyrirskipa þær á hverjum bæ er fjarstæða; því valdboði yrði ells ekki hlýtt. (**PO:** Þetta er vísvitandi útúrsnúningur).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 181 felld með 15:11 atkv.

Frv. samþ. með 14:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GSv, JakM, JÓl, JG, MT, ÓTh, PÞ, PO, StJSt, ÞorbÞ, EE, EystJ, JörB.

nei: HV, PHalld, FJ.

GÍ, JónP, JS, PZ, SE, SK, TT, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, GÞ greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (HannJ, JJós, SigfJ, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 91).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PM, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JAJ, JJ, MG.

nei: EÁrna.

MJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (ÞBr, ÞÞ, GL, HG, JBald) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 91, n. 396, 424).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er komið frá n. og fjallar um það að skipa eftirlit með þrifaböðun á sauðfé og miðar að því, að þrifabaðanir verði betur af hendi leystar en verið hefir. Þeir, sem eru kunnugir sauðfjárbúskap hér á landi, vita það, að böðun á sauðfé er nauðsynleg fyrst og fremst vegna þrifa í fénaðinum. Það er vitað, að ef ekki er í lagi með þrifabaðanir, þá eru óþrif í fénaðinum og fóðrið verður dýrara. Sumir álita og, að þrifaböðun sé bezta vörnin gegn því, að fjárkláðinn brjótist út. Það er álitið, að víða á landinu séu þrifabaðanir allt annað en góðar, og þess vegna sé ástæða til þess að stuðla að því, að þær verði betur af hendi leystar heldur en nú er, og einmitt það er tilgangur þessa frv.

Ég hefi heyrt því fleygt, að þetta frv. væri þrándur í götu þess, að útrýmingarböðun gæti farið fram í landinu, þegar það þætti við eiga, en ég get ekki séð, að það hafi nein áhrif á það.

Landbn. leggur til, að þetta frv. verði samþ., en einn nm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og veit ég, að hann mun gera grein fyrir sínum fyrirvara.

Það er hér á þskj. 424 brtt. frá hv. þm. Dal. N. hefir ekki haft tækifæri til þess að taka neina ákvörðun um þessa brtt. Og þar sem hún er dálítið sérstök að efni til, þá þætti mér að vissu leyti gott, ef hv. þm. vildi taka þessa brtt. aftur til 3. umr., til þess að n. gæti athugað hana og komið sér saman um, hvernig hún vill við brtt. snúast. — Það eru því tilmæli mín til hv. þm., ef hann sér ekki á því neina sérstaka annmarka, að hann tæki brtt. aftur til 3. umr.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Samhljóða frv. því, er nú liggur hér fyrir, lá fyrir hv. Nd. á síðasta þingi, og þá lék sá orðrómur um, að það frv. væri beinlínis sett til höfuðs öðru frv., sem þar var á ferðinni, frv. um útrýmingarböðun á fjárkláða í sauðfé. Bæði var það, að mönnum virtist orðalag frv. benda í þá átt, og svo töldu menn, að faðernið væri þannig, að hægt væri að búast við, að þar gæti legið einhver fiskur undir steini.

Nú er þetta frv., nokkuð svipað og áður var, komið fram og búið að ganga í gegnum hv. Nd., og það kom fram þar við umr. um frv., að menn

væru smeykir um, að það væri flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir útrýmingarböðun á sauðfé.

Út af þessu skal ég geta þess, að hæstv. landbúnaðarráðh. hefir tjáð mér, að þótt frv. yrði að lögum, hefði það engin áhrif á fyrirætlun stj. um að láta fram fara útrýmingarböðun næsta haust, eins og þegar hefir verið sent bréf um til allra sýslumanna úti um land, eða eins fljótt og ástæður leyfa. — Af þessum ástæðum get ég ekki séð, að þetta frv., þó að l. verði, verði til bóta.

En þá er spursmálið, hvernig horfir við um þetta frv. Hv. frsm. lét í ljós, að þetta frv. mundi vera til bóta frá þeim ákvæðum, sem nú gilda um þessa hluti, og að nauðsyn væri á, að fram fari þrifaböðun á sauðfé. Það er alveg satt, að á flestum bæjum er þetta nauðsynlegt, þó að ég sé honum hinsvegar ekki sammála um, að alltaf séu endilega hjá öllum fjáreigendum óþrif í sauðfé, þó ekki sé baðað á hverju ári. — En eins og hv. þdm. er kunnugt, eru til l. um þrifabaðanir frá 1914, sem ákveða, hvenær baða skuli, og um sektir, ef ekki er baðað. Má heita, að þau l. séu í flestu tilliti eins og frv. það, sem hér er um að ræða, nema hvað sektarákvæðin eru þyngri í frv., ef út af er brugðið. Og svo er annað, að í þessu frv. er valdboðið, að það séu baðstjórar, sem standi yfir böðun á hverju heimili. (**JBald:** Á hverri kind). Já, á hverri kind. Þetta er mikill kostnaðarauki, sem ekki er allskostar þörf á.

Í þessu frv. eru líka ákvæði um það, að steypa eigi sundþrær svo víða sem baðstjórum þykir þörf. Það verður líka kostnaðarauki.

Ég er náttúrlega ekki að setja mig á móti svona fyrirmælum, sem kannske verða til hins betra. (Og það verður nú kannske ekki ýkjakostnaðarsamt að steypa sundþrær, þegar íslenzka sementið kemur!). En mér virðist vera einn ágalli á þessu frv., sá, að engin lagaákvæði eru sett með því um það, að stjórnarvöldunum sé heimilt að láta fram fara rannsókn á því, hvort kláði sé í fé í hinum ýmsu héruðum landsins og yfirleitt hvernig ástandið sé þar í þeim efnum. Þetta var í l. áður, en var fellt úr löggjöfnni, þegar l. um útrýmingarbaðanir voru sett. Og ég sakna þess, að engin slík ákvæði skuli vera í þessu frv. — Samkv. brtt. minni á þskj. 424 ætlast ég til, að áður en þrifabaðanir fara fram á sauðfé sé á vetri hverjum í þeim héruðum, þar sem fjárkláði er eða grunur er um, að svo sé, látin fara fram kláðaskoðun á öllu sauðfé. Því að eins og menn vita, þarf blöndun að vera sterkari í kláðabaði heldur en þrifabaði. Þarf því fyrirfram að vera vitað um það á hverjum stað, hvort kláðaböðun þarf að fara fram eða aðeins þrifaböðun. — Mér hefði fundizt æskilegast, að umr. um þetta mál væri frestað til næsta dags, til þess að n. gæti fyrir lok þessarar umr. verið búin að taka ákvörðun um þetta atriði.

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Mér finnst nú, að hv. þm. Dal. ætti frekar að slá þessari brtt. sinni á frest til 3. umr. málsins heldur en að fara fram á frestun á þessari umr., ekki fyrir það, að það hafi ekki hvorttveggja sömu þýðingu. En mér sýnist það koma alveg í sama stað niður fyrir hv. þm., þó að hann fái þessa brtt. samþ. við 3. umr. eins og við þessa umr., — eða þá hinsvegar, ef svo illa kynni nú til að takast, að hún yrði felld, þá finnst mér einnig alveg eins mega gera það við 3. umr. En það tefur fyrir málinu að fresta umr. nú. Ég endurtek þá áskorun mína og vinsamleg tilmæli til hv. þm. Dal., að hann taki nú brtt. sína aftur til 3. umr.

Hv. þm. Dal. taldi það annmarka á frv., þetta ákvæði um baðstjórana. (**ÞÞ:** Ég kallaði það ekki annmarka). Ég býst ekki við, að þetta þurfi að verða mjög kostnaðarsamt. Menn taka nú yfirleitt ekki ógnarlega mikið fyrir störf sín úti í sveitum að vetrarlagi. En ég legg töluvert mikið upp úr því, að baðanir fari fram samtímis á því fé, sem gengur saman. Það er vitanlega ósiður að láta baðað fé og óbaðað ganga saman. Annars er það víða svo, að það þarf ekki á baðstjóra að halda við þrifaböðun á fé. En þetta ákvæði er sett í l. vegna trassanna, og hinir verða að súpa seyðið af. En ég veit ekki til þess, þar sem ég þekki til, að fé sé baðað öðruvísi en í sundþróm. Og ef þeim ósið er enn haldið einhversstaðar á landinu að baða fé í handkerum, þá má slíkt gjarnan leggjast niður. Það er blátt áfram ill meðferð á fénu að hártoga það eins og oft er gert við handkeraböðun.

Ég held, að ákvæði þessa frv. séu yfirleitt öll til bóta, jafnvel þó að víða hagi svo til á landinu, að ekki þurfi beint á þeim að halda. En lækningar eru til fyrir þá, sem sjúkir eru, en ekki fyrir þá heilbrigðu, og svo er um þessi l., að þau eru ætluð til þess sérstaklega að vera aðhald fyrir þá, sem aðhalds þurfa með í þessum efnum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 424 tekin aftur til 3. umr.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, ÞÞ, GL, IngP, JAJ, PHerm.
nei: SÁÓ, BSt, JBald, EÁrna.
HG greiddi ekki atkv.
Fimm þm. (ÞBr, HermJ, JJ, MG, MJ) fjarstaddir.
7.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 91, 424).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Landbn. hefir athugað þessa brtt., sem var af hv. flm. tekin aftur til 3. umr. til þess að n. gæti athugað till. Það var ekki tekin beinlínis ákveðin afstaða til till. í n., en ég ætla, að a. m. k. meiri hl. leggi fremur á móti, að hún verði samþ., ekki fyrir það, að n. vilji ekki, að haft sé vakandi

auga með því, hvar fjárkláði sé á ferðinni, — það er síður en svo, — heldur vegna þess, að n. finnst það ákvæði varla eiga heima í þessu frv. Auk þess litu nm. svo á, að víðast hagaði svo til, að menn leyndu ekki kláðagrun fyrir yfirvöldunum, enda óliklegt, ef baðstjórar eru við baðanir, að þeir gefi því ekki gaum. Það má vel vera, að einhverjir nm. vilji hafa óbundið atkv., en n. mælir ekki með brtt.

*__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég get verið fáorður nú, því ég talaði fyrir till. síðast þegar málið var til umr. Mér skilst, að ef menn vilja hafa eftirlit og telja það nauðsynlegt, þá sé ástæða til þess, að einhver hafi heimild til að láta fara fram skoðun. Það er vitanlegt, að víða eru til þeir trassar, að kláði getur komið upp hjá þeim, án þess að þeir viti, að féð er sjúkt. Þess vegna fer allt í ólagi, ef enginn hefir heimild til þess að láta fara fram skoðun. Það var sá galli á útrýmingarl., að tilskipunin frá 1866 var afnumin. Til þess að bæta úr þessu er till. fram komin. Ég segi fyrir mig sem sýslumann og lögreglustjóra, sem hefir við kláða að stríða, að ég kem ekki að hálfu gagni, ef ég hefi ekkert vald til að láta athuga hann.

*__Jónas Jónsson:__ Ég vildi fara fram á, að hæstv. forseti tæki 2 mál út af dagskrá, bæði þetta mál og 8. málið (frv. um fræðslu barna). — Vil ég nota tækifærið til að segja, að n. er að vinna að því, en hefir ekki haft tíma til að ganga frá því. Hinsvegar telur n. hér um svo mikilsvert mál að ræða, að óforsvaranlegt sé að afgr. það fyrr en álit kemur frá n., sem verður mjög ýtarlegt. Um baðanirnar er það að sama að segja, að þær eru stórmál.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

*__Bernharð Stefánsson:__ Nýlega voru samþ. l. um útrýmingu fjárkláða, þar sem ætlazt er til, að fram fari almenn útrýmingarböðun í landinu, og er vitanlega vonazt eftir, að hún beri árangur. Að þetta hefir ekki verið gert enn, stafar vafalaust eingöngu af því árferði, sem verið hefir. En það er vonandi, að hægt verði að framkvæma þetta mjög bráðlega.

Að öðru leyti er á það að líta, að til eru l. um sauðfjáreiganda að baða fé sitt árlega. Ég fyrir mitt leyti fæ því ekki séð, að það sé brýn þörf á nýrri lagasetningu í þessu efni, nema ef væri frá því sjónarmiði að koma útrýmingarböðununum fyrir kattarnef. En nú hygg ég, að þótt þetta frv. væri samþ., mætti framkvæma útrýmingarböðun eftir hinum l. eftir sem áður. Og jafnvel þó að það væri þá tilgangur með þessu frv., þá er engin trygging fyrir því, að hann næðist. Aftur á móti er sveitarfélögum bakaður allmikill kostnaður með þessu frv., og er vert að líta á það, þar sem í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að í hverjum hreppi sé baðstjóri, og honum er gert að skyldu að vera viðstaddur hverja böðun. Er það allmikið starf. Mér hefir talizt svo til, að kostnaður í meðalhreppi geti numið um 300 kr., ef borga á baðstjóranum sæmilegt kaup, þótt það væri talsvert lægra en venjulegt verkamannakaup. — Mér finnst engin þörf á nýrri lagasetningu um þetta efni, þar sem við höfum nægileg lög fyrir, og auk þess tel ég, að sum ákvæði frv. séu harla vafasöm. Ég tel því þá aðferð réttasta, sem meiri hl. landbn. í Nd. vildi hafa, að vísa frv. frá með rökst. dagskrá, með tilvísun til núgildandi laga. Ég mun því taka þá dagskrá upp og leyfi mér að afhenda hæstv. forseta hana.

__Forseti (EÁrna):__ Mér hefir borizt svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá hv. 1. þm. Eyf.:

Þar sem síðasta þing afgreiddi lög um útrýmingu fjárkláðans og þar sem í gildi eru lög um þrifabaðanir, þá telur deildin enga þörf á nýrri löggjöf um þetta efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

*__Frsm. (Páll Hermannsson):__ Ég tel það fullkominn misskilning hjá öllum, sem láta sér detta það í hug, að þetta frv. um þrifabaðanir sé sett útrýmingarböðunum til höfuðs. Hinsvegar vantar ákvæði í þá löggjöf, sem þessu frv. er einmitt ætlað að bæta upp.

Ég hefi heyrt það, að víða á landinu væru þrifabaðanir alls ekki framkvæmdar eins og stendur, eða þá svo ófullkomnar, að þær koma ekki að haldi. Hitt er mér þó líka kunnugt, að þrifabaðanirnar hafa haldið fjárkláðanum í skefjum víða um landið. En þótt svo sé, tel ég ekki nægileg rök, og jafnvel engin, til þess að vísa þessu máli frá. Lög um þrifabaðanir koma löggjöf um útrýmingarböðun ekkert við, nema hvað útrýmingarböðun þarf sjaldnar að fara fram, séu þrifabaðanir rækilega framkvæmdar.

Hv. 1. þm. Eyf. áætlaði, að kostnaður í meðalhreppi við baðstjóra myndi verða um 300 kr. Ég held, að þetta sé allt of hátt áætlað. Auk þess myndi baðstjórinn hjálpa til við böðunina, og á sveitabæjum kemur sú aðstoð sér vel yfirleitt. Auk þess álít ég, að fleiri en einn baðstjóri megi vera í hverjum hreppi til þess að spara löng ferðalög. Ég mun því greiða atkv. gegn dagskránni.

*__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég hefi spurzt fyrir um reynslu manna í þeim hreppum, þar sem baðstjórar hafa verið undanfarið. Yfirleitt telja menn mjög litið gagn að þeim og litla ástæðu til að hafa þá. Þótt sýslunefndir velji þessa menn í fyrstu, fá þeir hina og þessa, og þá oft heimamenn á bæjunum, til þess að hafa eftirlitið á hendi fyrir sig, og því fer tryggingin, sem liggja á í eftirliti þeirra, að verða fremur lítils virði.

__Jón Baldvinsson:__ Ég skrifaði undir hið örstutta nál. landbn., þar sem lagt er til, að málið verði samþ., með fyrirvara. En ég get lýst yfir því, að ég get vel fallizt á dagskrá hv. 1. þm. Eyf.

*__Þorsteinn Briem:__ Ég verð að telja, að dagskrártill. hv. 1. þm. Eyf. um frávísun komi

nokkuð seint fram, þar sem málið hefir þegar gengið í gegnum 5 umr. án þess að því hafi verið breytt nokkuð að ráði.

Hv. þm. sagði, að nægileg ákvæði væru þegar um þetta efni í lögum. En þótt ég sé ekki kunnugur lögunum frá 1914, held ég, að ýms ákvæði til bóta séu í þessu frv. Þannig verð ég að telja það ákvæði til bóta, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir sjái um, að jafnan séu nægar birgðir af baðlyfjum fyrir hendi. Þá er það ekki heldur til spillis, að í 4. gr. er svo ákveðið, að leita skuli samvinnu forstöðumanns rannsóknarstofunnar um það, hvaða tegund baðlyfs skuli notuð. Ég á ekki við, að hann skuli ákveða baðlyfið, heldur það, að leitað skuli ráða hans. — Þá tel ég, að það ákvæði sé til bóta, að til skuli vera nægilega margar sundþrær í hverjum hreppi. Því að það er margreynt, að þegar menn eru að kúldast við að baða sauðfé úr kollum eða kerum, verður meðferð fjárins miklu verri og miklu minni trygging fyrir því, að böðunin komi að tilætluðum notum. Hér er alls ekki átt við það, að sundþró skuli vera á hverjum bæ, heldur það eitt, að þær séu nægilega margar í hverjum hreppi. Og þótt það hafi komið fram á einum stað eða svo, að baðstjórar geri ekki gagn, þá held ég, að það sé síður en svo almenn regla. Ég held, að langt sé frá því, að hér sé um tóm útgjöld að ræða, sem ekkert *kemur á móti, því að yfirleitt mun baðstjórinn* veita aðstoð við verkið sjálft, en fæstir sveitabæir geta verið án aðfenginnar hjálpar við böðunina hvort sem er. Og ég vil líka ætla, að kaup baðstjóra fari ekki svo langt fram úr kaupi forðagæzlumanna, að það verði mjög tilfinnanlegt. Þá á landbrh. að setja reglur um böðunina samkv. frv., og verður einnig að telja það til bóta.

Reynslan af þrifaböðunum undanfarið hefir verið sú, að þar, sem þær hafa verið framkvæmdar reglulega, hefir tekizt að halda kláðanum í skefjum, og er slíkt mikils virði. En lögin um útrýmingarböðun koma auðvitað eins til greina fyrir því, þótt þetta frv. verði samþ., en tryggingin fyrir því, að slík böðun komi að gagni, ætti að vera meiri eftir en áður, því að meiri von er um, að útrýmingarböðun megi takast fullkomlega, ef til eru þessi lög um þrifabaðanirnar.

Þrátt fyrir röksemdir þær, sem hv. 1. þm. Eyf. færði fyrir dagskrá sinni, mun ég greiða atkv. gegn henni.

*__Bernharð Stefánsson:__ Það gleður mig að heyra, að þetta frv. er ekki fram komið til þess að hindra útrýmingarbaðanir. Satt að segja álít ég tíma til þess kominn að losna við fjárkláðann og láta ekki kák eitt duga. Ég skal ekki rengja þá góðu menn, sem halda því fram, að þetta frv. eigi ekki að hindra útrýmingarbaðanirnar, en reyndar verður ekki betur séð en að það *hljóti að vera einasti tilgangurinn.*

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að ákvæði vantaði í lög þau, sem nú gilda um sauðfjárbaðanir, en hann nefndi ekki, hvaða ákvæði það væru. Samkv. núgildandi lögum er hreppsnefndum og sýslunefndum falið að hafa eftirlit með böðununum, og hygg ég, að ákvæði frv. geri eftirlitið litið tryggara. Hv. 1. þm. N.-M sagði, að þrifabaðanirnar væru víða alls ekki framkvæmdar. Þetta má vera, en ef svo er, þá er þetta fullkomið lögbrot, — og hvaða trygging er í þessu frv. fyrir því, að þau haldi ekki áfram?

Ég get nú sagt hv. þm., hvernig ég reiknaði það út, að kaup baðstjóra í meðalhreppi myndi nema um 300 kr. Ég gerði ráð fyrir, að hann hefði 8 kr. kaup á dag og stjórnaði böðun á 40 bæjum, en það má telja bæjafjölda í meðalhreppi. Kostnaður við starf hans yrði þá 320 kr. Það má kannske segja, að þetta sé hátt reiknað, og ef til vill gæti þetta orðið eitthvað lægra. Hv. 1. þm. N.-M. sagði líka, að mörgum sveitabæjum kæmi vel að fá hjálp baðstjórans, og sýnir það, að til er ætlazt, að hann vinni að sjálfri böðuninni. Verkið er því hið versta, eins og ég get borið um af eigin reynd, því að ég hefi sjálfur verið baðstjóri. Og fyrir hið versta starf í 40 daga virðist sú upphæð, sem ég nefndi, ekki vera ofgoldin, þótt ef til vill verði hægt að fá menn fyrir eitthvað minna.

Hv. 10. landsk. sagði, að dagskrártill. mín kæmi seint fram. Það er nú venja, að slíkar till. geti komið fram hvenær sem er, en hitt er rétt, að oft gengur svo með þingstörfin hér, að menn taka málin ekki svo snemma sem skyldi til umhugsunar. Ég fór ekki að athuga þetta mál fyrr en við 2. umr.

Hv. 10. landsk. taldi það einn af kostum frv., að leita skyldi samvinnu við forstöðumann rannsóknarstofunnar um val baðlyfja. En ég veit ekki betur en að það ákvæði sé í eldri lögum, að stjórnarráðið skuli löggilda þau baðlyf, sem nota á, og verður þá að telja víst, að stjórnarráðið leiti álits sérfræðinga í því efni.

Ákvæðin um sundþrærnar kunna að vera nýmæli, en þar sem ég þekki til geta allir baðað sauðfé sitt í sundþróm nú, enda er satt að segja svo hverfandi lítill kostnaður við að gera sundþrær, að það er fæstum ofvaxið. Út af því, sem hv. 10. landsk. sagði um laun forðagæzlumanna og baðstjóra, vil ég taka það fram, að ég tel starf forðagæzlumanna alls ekki samhærilegt við starf hinna, og því ekki ástæðu til þess að greiða þeim jafnhátt kaup.

Það má vera, að meinlaust sé að samþ. frv. þetta, en þó tel ég ákvæði 6. gr. alls ekki vera meinlaus. Málið er mér ekki mikið kappsmál, en ég tel þá lausn heppilegasta á því að þessu sinni, að dagskrá mín verði samþ.

*__Frsm. (Páll Hermannsson):__ Mér skilst, að það, sem ber á milli mín og hv. 1. þm. Eyf., sé það, að hann hafi minni trú á þrifaböðunum heldur en ég. En ég hefi trú á því, að gagn af þrifaböðunum sé mikið, og árlegar þrifabaðanir séu öruggasta ráðið til þess að halda fjárkláðanum í skefjum. Ég verð því að álíta, að árlegar þrifabaðanir í góðum sundþróm séu mjög þýð*ingarmikið fyrirmæli.*

Ég á erfitt með að trúa því, að kostnaður við þetta verði miklu meiri en við forðagæzlu, en sá kostnaður mun víðast vera helmingi lægri en sú upphæð, sem hv. 1. þm. Eyf. nefndi, og jafnvel ekki nema um 100 kr. í hreppi. Auk þess má

telja víst, að baðstjórarnir fengju ókeypis að borða á þeim bæjum, þar sem þeir stjórna böðun og aðstoða við hana.

Ég álít, að þetta frv. eigi að samþ. og að það sé til bóta, ef það yrði að lögum.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Eyf. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, HG, HermJ, JBald, SÁÓ, EÁrna.

nei: GL, IngP, JAJ, MJ, PHerm, ÞBr.

JJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (MG, PM) fjarstaddir.

2. Fiskimálanefnd o. fl.

Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (þmfrv., A. 65).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Ég þarf ekki að láta þessu máli fylgja langa framsögu, vegna þess að efni frv. er öllum hv. þdm. kunnugt, þar eð mál þetta lá fyrir síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Var það allýtarlega rætt þá, og hirði ég því ekki að endurtaka nú við 1. umr. þau rök, sem við, sem að málinu stóðum, fluttum þá því til framdráttar. Ég skal aðeins minna á, að í grg., sem frv. fylgdi í fyrra, var lögð höfuðáherzla á, að hér væri um allverulegan kostnað að ræða, sem lagður væri á sjávarútveginn, kostnað, sem þætti ástæða til að létta af útveginum. Í fyrsta lagi af því, að sjávarútvegurinn er ekki fær um að standa undir neinum ónauðsynlegum útgjöldum. Og í öðru lagi vegna þess, að óhætt er að fullyrða, að sjávarútvegurinn mundi einskis fara á mis, þó að breytt væri um tilhögun í þessum efnum eins og fram á er farið í frv., þannig, að á meðan Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda starfar, þá sé því falið hlutverk fiskimálan. samkv. l. nr. 121 frá 12. des. 1935.

Ég vil ekki eiga þátt í því að vekja óþarfa misklíð um þetta mál. Enda þótt e. t. v. megi gera ráð fyrir, að málið nái ekki svo að ganga út úr þinginu, að ekki komi til allverulegra átaka um það, þá ætla ég, að forðast megi það við þessa umr.

Til viðbótar þeim rökum, sem færð voru fram málinu til stuðnings í fyrra, vil ég aðeins vekja athygli á því, sem reyndar er öllum hv. þdm. kunnugt, að það ríkir ekki fullur friður um fisksölumálin, og hefir jafnvel komið til allverulegra átaka og misklíðar um þau á milli Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda og fiskimálan. Og ég hygg, að menn verði að vera sammála um, að slíkt beri að forðast. Ég og við, sem að þessu frv. stöndum, teljum, að þessi misklíð sé ein ný sönnun fyrir því, að rétt sé að hníga að því ráði, sem hér í frv. er bent á, nefnilega að skipa einn aðilja, sem fari með þessi mál. Og ég vil sérstaklega bera fram þá ósk, að nú, eftir að þessu máli er vísað til sjútvn., sem ég leyfi mér að leggja til, að gert verði, þá geri n. tilraun til að afla sér upplýsinga um það, hver sé vilji sjálfra fiskframleiðendanna í þessu efni. Því að eftir honum verður að sjálfsögðu mikið að fara. Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að allur þorri fiskframleiðenda óski eftir þeim breyt. á l., sem hér er farið fram á, fyrst og fremst til þess að forðast óþarfan kostnað og í öðru lagi af því að stjórn og framkvæmdarstj. S. Í. F. njóta trausts alls þorra fiskframleiðenda til þess að inna af hendi það hlutverk, sem hér er um að ræða.

Sé ég svo ekki ástæðu að svo komnu að fara frekar út í þetta málefni. En ég endurtek þá ósk mína til sjútvn., að hún reyni að rannsaka, hver vilji útvegsmanna er í þessu efni, og sú rannsókn ætti ekki að vera vandkvæðum bundin.

Eins og ég hefi tekið fram, legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Héðinn Valdimarsson: Það er vitað, að menn eru ekki á eitt sáttir um þetta mál. Hv. þm. Sjálfstfl. fylgja þessu frv., en ég hygg, að það hafi ekki meira fylgi í þinginu.

Ef óánægja er með fiskimálan., þá mun ekki minni óánægja vera með Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda, og er ekki ástæða til að taka margt fram um það efni að þessu sinni. Aftur á móti er ekki hægt að segja, að komið hafi upp verulegar deilur á milli fiskimálan. og S. Í. F. snertandi saltfisksölumálin, en þau mál hefir S. Í. F. haft með höndum og fiskimálan. ekki haft önnur afskipti af þeim en þau, að hún hefir sent menn til að reyna að tryggja öryggi markaðarins. Deilan yrði þá að hafa verið út af því, hvort senda skyldi mennina eða ekki. Sú deila, sem hv. flm. talaði um, virðist hafa verið á milli minni hl. í stjórn S. Í. F. og meiri hl. um visst mál. Því að í stj. S. Í. F. fór fram atkvgr. um það mál, og var samþ., að eðlilegast væri, að það væri hjá fiskimálan. Þar fyrir geta menn haft þá skoðun, að báðar þessar stofnanir skuli leggja niður, og er sjálfsagt að ræða það nánar síðar. En ég vil á þessu stigi málsins taka það fram, að ég hygg, eftir því hvernig haldið hefir verið á fé hjá S. Í. F., að ekki sé hægt að búast við, að það gerði verk fiskimálan. á ódýrari hátt.

Flm. (Ólafur Thors): Ég hefi enga aths. að gera við ræðu hv. 2. þm. Reykv., formanns fiskimálan., aðra en þá, að ég vil vekja athygli hv. þdm. á þessum orðum hv. þm., að ef óánægja sé með fiskimálan., þá sé ekki minni óánægja með S. Í. F. Ég vildi, að þessi orð hans yrðu til áréttingar mínum orðum um það, að æskilegt er, að sjútvn. rannsaki þetta og upplýsi, þegar frv. kemur frá þeirri n., hver hugur útvegsmanna er í þessu efni. Það getur verið rétt, að þm. Sjálfstfl. verði einir um að standa með þessu máli hér á þingi. Hv. 2. þm. Reykv. veit náttúrlega

miklu betur um hug sinna flokksbræðra og bandamanna í þessu efni heldur en ég. En ég skal ekki trúa því fyrr en ég tek á því, ef það upplýsist fyrir milligöngu sjútvn., að hugur útvegsmanna í þessu efni stefnir að langmestu leyti í sömu átt og frv., að það hafi þá engin áhrif á afgreiðslu hæstv. Alþ. á þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:6 atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 34., 35., 36., 37., 38., 39., 40., 41. og 49. fundi í Nd., 26., 27., 28., 30. og 31. marz, 1., 2., 3. og 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 65, n. 172 og 184).

***Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** N. hefir klofnað í þessu máli, eins og nál. á þskj. 184 og 172 bera með sér. Að vísu voru ekki nema 4 nm. á fundi, þegar málið var afgr., þannig, að einn nm., hv. þm. Vestm., hefir ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. lítur svo á, að starf fiskimálanefndar sé að ýmsu leyti svo fjarskylt starfi sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, að varhugavert sé að fela stjórn S. Í. F. þau mál, sem heyra undir fiskimálanefnd. Ennfremur er það, að S. Í. F. er stofnað og allt þess skipulag er byggt á því, að það verzli eingöngu með saltfisk. Og eftir þeim yfirlýsingum, sem nýlega hafa komið fram á fundi S. Í. F., má búast við, að S. Í. F. klofnaði, ef það ætlaði sér að taka upp aðra starfsemi en þá, sem upphaflega varð samkomuleg um milli stofnenda þess, að það tæki að sér, sem sé saltfiskssölu. En ef S. Í. F. klofnaði, þá er að áliti margra, sem halda því fram, að nauðsynlegt sé, að saltfiskssalan sé á einni hendi, illa farið og hætt við, að það gagn, sem hefir orðið af starfi S. Í. F., yrði ekkert á næstunni.

Fiskimálanefnd rekur samkv. l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. ýmiskonar áhættusama tilraunastarfsemi, sem kemur fram í ýmsu, sem ekki getur heyrt undir S. Í. F., a. m. k. eins og það starf er nú, t. d. niðursuða, veiðar á kampalampa og fleira þess háttar. M. ö. o.: Fiskimálanefnd á að gera tilraunir með hagnýtingu ýmissa sjávarafurða með nýjum aðferðum, sem eru fjarskyldar starfi S. Í. F., og það er ákaflega hætt við, að þeir, sem trúa stjórn S. Í. F. fyrir að selja sinn saltfisk, yrðu því margir mótfallnir, að það tæki að sér slíka áhættusama tilraunastarfsemi.

Ennfremur er það vitað, að framkvæmdarstjórar S. Í. F. hafa átt svo annríkt við störf sín, að þeir hafa ekki haft tíma til 3—4 síðustu árin að svara bréfum, sem þeim hafa borizt um möguleika fyrir nýjum mörkuðum fyrir saltfisk, sbr. skýrslu Thors Thors, sem sendur var í markaðsleit til Ameríku á síðastl. ári. Og meðan forstjórar S. Í. F. eru svo störfum hlaðnir, að þeir mega ekki vera að sinna nýjum möguleikum, sem þeim berast upp í hendurnar, þá virðist ekki ástæða til að auka á þeirra annir.

Nú er svo einnig, þegar um er að ræða alþjóðarfyrirtæki eins og S. Í. F., sem er félagsskapur manna úr öllum flokkum, að það er ákaflega mikil nauðsyn á, að sem mestur friður sé í kringum þá stofnun, svo að ekki séu dregnar pólitískar ádeilur inn á svið fisksölumálanna. Þetta hefir þó því miður verið gert af Sjálfstfl. á mjög glópslegan og áberandi hátt. Þeim starfsfriði, sem nauðsynlegt var, að héldist kringum þessa stofnun, hefir, alveg að óþörfu, verið stefnt í mikla hættu. Hinsvegar er það svo, að tilraunir þær, sem fiskimálanefnd gerir, eru svo margháttaðar, að mjög líklegt er, að mikið af þeim misheppnist í lengri eða skemmri tíma. Þannig er full vissa fyrir því, að miklu auðveldara er að gera starf fiskimálanefndar að ágreiningsefni og árásarefni, af því að þau störf eru miklu fjölbreyttari, og tilraunastarfsemi hlýtur óhjákvæmilega að misheppnast að meira og minna leyti fyrst. Það er vitanlegt, að varla eru svo gerðar tilraunir um sölu á erlendum markaði, jafnvel á gömlum tegundum, hvað þá nýjum, að þær geti ekki misheppnazt fyrst, svo að af hljótist skaði.

Nú mun verða vitnað til þess, að á nýafstöðnum fundi í S. Í. F. var samþ. ákveðin till. um að breyta störfum S. Í. F. á þann hátt, að S. Í. F. taki að sér störf fiskimálanefndar. Mun verða talið, að á bak við þessa ályktun hafi staðið vilji fiskeigenda í landinu. Í þessu sambandi er óhætt að benda á það, að meiri hl. á þessum fundi áttu framkvæmdarstjórar S. Í. F. ásamt starfsmönnum þess. Þeir höfðu þar hreinan meiri hl. Það er því vilji mjög fárra fiskeigenda, sem fram kemur í þessari samþykkt á fundi S. Í. F. Hinsvegar má geta þess, að á til þess að gera nýafstöðnu fiskiþingi, þar sem voru mættir fulltrúar frá smáútgerðarmönnum víða úti um land, sem eru kosnir af fjórðungsþingum Fiskifélagsins, þar var felld till. um að sameina fiskimálin undir eina stjórn, sem mun hafa verð flutt í þeim tilgangi að færa stjórnina undir stjórn S. Í. F., en ekki að fella S. Í. F. undir fiskimálanefnd, sem ef til vill hefði mátt skilja.

Að því athuguðu, að meiri hl. sjútvn. telur varhugavert að sameina þessi tvennskonar störf á þann hátt, sem farið er fram á í frv., leggur meiri hl. sjútvn. til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá á þskj. 184, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð ekkert það hefir komið fram í fiskimálunum, er bendir til þess, að eðlilegt sé eða hagkvæmt að leggja störf fiskimálanefndar undir stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og nýafstaðið fiskiþing hefir fellt tillögu um slíka sameiningu, telur deildin samþykkt þessa frv. þýðingarlausa og jafnvel skaðlega fyrir framkvæmd fiskimálanna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vænti þess, að þeir, sem eru ekki blindaðir

af því flokksofstæki, sem hefir auðkennt sérstaklega till. hv. þm. G.-K. í þessum fiskimálum, ljái þessari rökst. dagskrá atkv. sitt, því að það er vissulega svo, að stofnun fiskimálanefndar og þeir möguleikar, sem henni eru gefnir, er eitthvert merkasta skrefið, sem stigið hefir verið til þess að reyna að hamla eitthvað á móti þeim vandræðum, sem fisksalan og sjávarútvegurinn hefir lent í vegna þeirra miklu takmarkana, sem gerðar hafa verið um innflutning á saltfiski til helztu markaðslanda vorra, og þess mikla verðfalls, sem orðið hefir á þeirri vöru. Það væri sannarlega illa farið — en mér dettur ekki í hug, að á því sé nein hætta —, að Alþingi fallist á þær skaðvænlegu till., sem miða að því að draga úr afskiptum löggjafarvaldsins af þessum málum, þeim afskiptum, að lögð sé fram ákveðin fjárhæð úr ríkissjóði til þess á hverju ári að kosta þá tilraunastarfsemi, sem gera þarf, að svo miklu leyti sem geta ríkissjóðs leyfir.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

*Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson): Þetta mál er nú orðið nokkuð gamalt hér í d., og ég hefi látið í ljós áður, að mér þykir því hafa verið sýnd heldur lítil rækt. Nál. kom fram 16. marz, en nú er komið fram í aprílok, svo málið hefir þannig legið fyrir á sjöundu viku án þess að koma á dagskrá. Þetta út af fyrir sig sýnir, að málið nýtur ekki velvildar af hendi þeirra, sem ráða vinnubrögðum hér á þingi. En það má segja, að ef frv. á að bíða bana við atkvgr., þá hefði það mátt verða tafarlaust. Það stendur nú þannig á, að flm. málsins og við, sem erum því fylgjandi, vorum ráðnir í að taka þetta mál upp á annan hátt eða flytja annað í þess stað, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, næði ekki fram að ganga. En með þeim misrétti, sem beitt hefir verið við afgreiðslu málsins, er séð fyrir því, að slíkt er ekki hægt að gera. Enda þótt hæstv. forseti sé yfirleitt réttsýnn í því, hvenær mál koma hér fyrir, hefir þetta mál ekki notið hans réttsýni, og kemur hér greinilega fram, hvað óþægilegt slíkt getur verið. Og í þetta skipti er, án þess að atkvgr. fari fram um málið, með drættinum einum komið í veg fyrir, að hægt sé að bæta úr þeirri þörf á annan hátt, sem þetta frv. átti að bæta úr, þ. e. a. s., ef það verður fellt. Hv. frsm. meiri hl. n. í þessu máli gerði grein fyrir skoðun þess hluta n., þegar umr. þessar byrjuðu. Skal ég nú nokkuð koma að hans röksemdum (ef svo má nefna það) bráðlega. En ég vildi í byrjun taka það fram, sem sjálfsagt er mörgum áður kunnugt, að fiskimálanefnd hefir skilið hlutverk sitt nokkuð á annan hátt, og ég vil segja mjög á annan hátt en gert var ráð fyrir, þegar l. um hana voru samþ. á Alþ. Það var ekki minnzt á það einu orði þá, að þessi n. ætti að vera verzlunarfyrirtæki, og sízt af öllu áhættusamt verzlunarfyrirtæki, og því síður að hún ætti að vera einskonar ríkisstuddur keppinautur til þess að bæla niður eða koma í veg fyrir starfsemi fiskeigenda landsins og ráðstafanir þeirra til þess að gera framleiðslu sína verðmæta. En í framkvæmdinni hefir n. farið inn á það svið fyrst og fremst að reka verzlun. Og í öðru lagi hefir hún á ýmsum sviðum gerzt beinn andstæðingur fiskeigenda og beitt ríkisstuddu valdi sínu til þess að ónýta fyrir fiskeigendum markaðs- og sölumöguleika. Ég held, að það sé ekki hægt að hugsa sér herfilegri misskilning á hlutverki sínu en þetta. Og þeir menn hljóta að vera haldnir mjög fágætri blindu, sem halda það, að Alþ. sé skylt eða yfirleitt sæmandi, á þeim vandræðatímum, sem nú ganga yfir útgerð þessa lands, að gera mjög kostnaðarsamar ráðstafanir til þess að leggja stein í götu þeirra manna, sem framleiða fiskafurðir. Og allra mest fjarstæða virðist það vera, að fiskeigendur sjálfir eigi að kosta svo ótrúa þjóna, sem sólunda fé eftir því sem þeim sjálfum þóknast, fiskimálan. og aðra aðstandendur þessara spellvirkja.

Það hefir í öðru sambandi verið tekið hér fram, að gert var ráð fyrir, að þeir, sem framleiddu fiskinn, héldu áfram að gera hann verðmætan alveg á sama hátt og þeir hafa frá upphafi gert, með því að leita hinna beztu markaða fyrir hann og verka hann fyrir þessa markaði, og þá vitanlega fyrir nýja markaði, eftir því sem eldri markaðirnir þrjóta. Með l. um fiskimálanefnd var gert ráð fyrir, að þeir, sem framleiddu fisk, gerðu tilraunir um öflun nýrra markaða fyrir fisk, eftir því sem þörf krefði, og að fiskimálanefnd styddi þessar tilraunir á allan hátt. Enda var það hið sjálfsagðasta, að þeir gerðu það sjálfir og fengju styrk til þess, eftir því sem þær tilraunir virtust á viti byggðar, en ekki það, að þeim væri meinað slíkt og fiskimálan. gripi fram fyrir hendurnar á þeim í þessum efnum. Nú hefir það orðið svo í framkvæmdinni, að fiskimálanefnd er svo metnaðargjörn og sér það með einhverjum öfundar- og óvildaraugum, ef aðrir hreyfa sig í þessu tilliti. En henni dettur aldrei í hug neitt af viti, nema þegar hún getur hermt það eftir einhverjum öðrum. En þó að henni detti í hug eitthvað af viti, þá verða framkvæmdirnar svo ömurlegar og aumar, að það er eins og vitlausum manni sé hleypt inn á sjónarsviðið, sem setur allt, sem hann snertir við, í fjaðrafok og vitleysu. Og svo eru fiskeigendur látnir bera kostnaðinn við að vinna þessi skemmdarverk.

Ég vil ekki tefja tímann með því að rekja alla þá atburði, sem sannað hafa skaðræðisvinnubrögð fiskimálan. En það er vitað, að hún hefir viljað taka fram fyrir hendurnar á fiskeigendum um sölu á kældum og frystum fiski. Það er vitað um ferðalagið til Póllands, þar sem ríkið og fiskeigendur urðu að borga jafnmikið fyrir ófarir og slysni fiskimálanefndar eins og allur farmurinn kostaði, sem sendur var. Ég vil ekki tefja tímann með því að endurtaka það, sem sagt hefir verið hér um sendinguna á fiski til Norður-Ameríku. En nú skal ég með fáum orðum víkja að því, sem frsm. meiri hl. sjútvn. sagði hér. Hann endurtók það í ræðu sinni, sem er í nál. meiri hl., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ennfremur er hlutverk sölusambandsins, samkv. samþykktum þess, eingöngu það, að sjá um sölu á saltfiski."

Mér er nú ekki kunnugt um — og ætti mér þó að vera kunnugt um það, ef nokkur stafur væri fyrir því — að fisksölusambandið hafi nokkurn tíma sett tæmandi reglur um það, hvað það mætti gera í fisksölumálunum. Það er ekkert annað en heilaspuni og fávizka að halda slíku fram, því að Sölusambandið samanstendur af nær því 90% af öllum fiskeigendum landsins. Og þeir mega auðvitað selja allt, sem þeir framleiða. Þeir reka sinn atvinnurekstur í þeim tilgangi að selja allt, sem þeir framleiða. Og það getur enginn neitað þeim að leita til þeirra stjórna, sem þeir hafa valið sér í félagi til þess að sjá um sölu á framleiðslu sinni fyrir sig. Og þetta hafa þeir gert. Hlutverk félagsins er ekkert annað en það, að selja alla framleiðslu félagsmanna, í hvaða ástandi sem hún er. Það hlutverk hafa haft ýmist framleiðendur sjálfir með höndum eða þeir hafa falið stjórn félagsins það. Þarna ruglar hv. þm. saman tveimur atriðum. Og það er kannske eðlilegt, því að það hafa svo margir gert á undan honum. Og hann þarf ekki annað að gera en að hafa ruglið eftir, sem sé það, að l. félagsins telji tilgang þess að selja aðeins saltfisk félagsmanna. Nú vita það allir, sem hafa glætu af viti í höfðinu, að mestöll fiskframleiðslan hefir verið seld sem saltfiskur, og auðvitað var þá fyrst og fremst í þeim kringumstæðum tilgangur félagsins að selja saltfisk. En það þarf einkennilega óvitran mann til þess að draga af því þá ályktun, að þetta félag megi ekki selja fisk þessara framleiðenda, sem þeir verka á annan hátt. — Svo segir hér í nál. meiri hl.:

„Hafa þeir og hvorki talið sér rétt né skylt að skipta sér af annari afurðasölu“, og er hér átt við framkvæmdarstjóra í Sölusambandinu. En þeir hafa ekkert um þetta sagt eða prentað. En hitt er víst, að þeir telja sér rétt og skylt að gera það, sem félagsmenn fela þeim, ef þeir álíta það sjálfir á viti byggt.

Þá segir ennfremur í nál. meiri hl.: „Ekki verður annað séð en að þessi skoðun meiri hl. n. fari saman við vilja fiskeigenda í þessu efni.“

Það er náttúrlega hart að þurfa að spyrja um það, hvort þeir menn, sem skrifað hafa þetta nál., eru að leika sér eða hvort mennirnir eru virkilega að ganga af vitinu. En til þess að segja slíka hluti sem þessa, þegar fiskeigendur eru nú nýbúnir að senda Alþ. áskorun um að afnema þessa fiskimálanefnd, til þess að fiskframleiðendur megi hafa frið til að selja fisk sinn, þarf annaðhvort mann, sem er að leika, eða mann, sem er genginn af vitinu. Svo er í þessu sambandi í nál. farið að rökstyðja það — ef svo skyldi kalla — með því, að fiskiþingið hafi fellt till., sem raunar var dálítið óákveðin, en var um það, að fiskeigendur skyldu fara með sín mál sjálfir, eða eitthvað þesshättar. En þetta fiskiþing var alls ekki samsett af fiskeigendum fyrst og fremst. Þar voru menn, sem engan fiskugga eiga, og kannske menn, sem ekki einu sinni þekkja fiskugga. Og ennfremur skiptust menn við atkvgr. þar alveg í jafna hluta um þetta mál, þannig að það var nú ekki um að ræða þarna neinn sigur þessara öfundarmanna fiskeigenda. Og menn, sem voru í meiri hl. viðkomandi skoðun á þessu máli, sátu einnig margir hjá við atkvgr., þannig að fyrir það féll till., en ekki fyrir það, að hún ætti ekki fylgi meiri hl. fiskiþingsins. Það er ekkert á móti því að segja þá hluti, sem sannir eru, og þess vegna segi ég það, að það var af hálfu olíusalans beitt kúgun við menn til þess að þeir greiddu ekki atkv. eftir sannfæringu sinni. Þessi imyndaði sigur hv. meiri hl. n. er nú ekki betur ættaður en þetta. — En það, sem fram fór á fiskiþinginu, sýnir, að það var illa skipað, — skipað mönnum, sem ekki skildu hlutverk sitt, sem ekki eru réttsýnir eða samvizkusamir menn. Það má ekki minna vera en að fiskeigendur eigi þessa stofnun.

Hv. frsm. sagði, að Sölusambandið mundi krókna, ef fiskimálanefnd væri lögð niður. Ekki veit ég, af hverju hann dregur þessa ályktun. Á aukafundi félagsins, sem haldinn var nú fyrir skemmstu, var samþ. till., sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp. Hún hljóðar svo:

„Aukafundur S. Í. F., haldinn í Reykjavík 3.—4. apríl 1936, lítur svo á,

1. Að fiskimálanefnd hafi unnið fisksölunni tjón og álitshnekki með afskiptum af fisksölunni til Norður-Ameríku.
2. Að stjórn S. Í. F. geti annazt flest störf nefndarinnar því nær kostnaðarlaust, og sé betur til treystandi að leysa þau vel af hendi.

Skorar fundurinn því á Alþingi að láta fiskimálanefnd hætta störfum nú þegar og ráðstafa verkefnum hennar eins og lagt er til í frumvarpi, sem nú liggur fyrir neðri deild Alþingis (þskj. 51).“

Þessi till. var samþ. með 182¾ atkv. gegn 43½ atkv. Ég hugsa, að það verði ekki vefengt, að vilji fiskeigendanna í landinu hafi komið ótvírætt í ljós á þessum aukafundi S. Í. F. Ég get getið þess, að samlög fiskeigenda, sem mynduð eru á Vestfjörðum, við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, héldu öll fundi um þetta mál, og meðlimir þeirra samþykktu að skora á stjórn Sölusambandsins að halda þennan fund til þess að hnekkja valdi fiskimálan. Og þetta var alveg atkvæðagreiðslulaust samþ. hjá þessum aðiljum, og þar var saman kominn allur þorri fiskframleiðenda á þessum svæðum. Það var aðeins samlagið hér við Faxaflóa, sem hafði þá aðferð að láta hvern meðlim út af fyrir sig koma fram með sinn vilja, sem stafar af því, að hér við Faxaflóa er framleiddur pólitískur fiskur, þ. e. a. s., það eru í samlaginu hér stöku menn, sem meta mest að fylgja rauðu flokkunum að málum. — Sömuleiðis var það á Austfjörðum, að Austfirðingar sameinuðu sig ekki um að taka ákvörðun um þetta, heldur sendu hver fyrir sig umboð í þessu skyni. — En annars var þessi fundur Sölusambandsins svo eindreginn, eins og hér sést, að ca. 183 atkv. voru með samþykktinni, en aðeins 43½ á móti. Svo kemur hv. frsm. meiri hl. sjútvn. og segir, að álit meiri hl. S. Í. F. virðist vera í fullu samræmi við vilja fiskimálan.

Ég held nú, að það sé erfitt fyrir hæstv. Alþ. að ganga á móti svona eindregnum vilja fiskeigenda. Ég held, að það verði að líta svo á, að framleiðsla til sjávarins sé svo mikils virði fyrir ríkið, að verðugt sé að gefa gaum og styðja þá starfsemi fiskframleiðenda að þessum málum, sem hægt er að styðja, án fjárframlaga a. m. k.

Og það hefir ekki fjárhagsleg útlát í för með sér að létta fiskimálan. af fiskframleiðendum.

Ég tel það ákaflega varhugavert, þegar heil atvinnustétt safnast saman vegna vandræða sinna og sendir jafneindregin tilmæli eins og þessi tilmæli frá S. Í. F. eru, sem ég las upp og engin önnur óþægindi hafa í för með sér fyrir ríkið en að láta hætta störfum um stund eina nefnd, sem þessum framleiðendum þykir hnekkja sinni framleiðslu, að daufheyrast þá við því að taka til greina slíkar áskoranir. Því að eins og aðrar stéttir hafa sýnt það með samtökum sínum, að þær vilja ekki láta misbjóða sér, þá gæti verið, að þessi framleiðslustétt hefði tök á að koma vilja sínum fram á nokkuð harkalegri hátt en tilraun er gerð til hér með þessu rökstudda og mjög hóflega erindi. — Vil ég í þessu sambandi geta þess, að þegar fiskimálanefnd fór að vasast í fisksölumálum Sölusambandsins, sérstaklega nú að því er snertir sölu á fiski til Ameríku, þá urðu óvinsældir n. meðal fiskeigenda svo miklar, að smábátaeigendur neituðu blátt áfram að afhenda n. fisk í þessa fyrirhuguðu sölu, bæði af því, að þeir treystu n. ekki til þess að fara með málið af viti, og líka af því, að þeim þótti með öllu óviðeigandi, að þetta mál væri tekið úr höndum þeirra manna, sem meiri þekkingu höfðu á því og stóðu nær því að fara með það. Og þegar svo langt er komið, að fiskeigendur, sem ekki eiga kost á að selja fisk sinn á annan hátt, neita að afhenda þessari n. fisk sinn, þá er sýnilegt, að traustið á n. er harla lítið.

Til hvers er svo þessi n. að troða sér fram til þess að hafa á hendi þessa sölu? Það virðist vera vandfundin ástæðan fyrir því. Ekki getur það verið til hagsbóta fyrir fiskeigendur, sem telja það vera til hins mesta tjóns. Fyrir hvern þá? Ekki getur það verið til þess að sjá því opinbera fyrir fé. Því að það hefir sýnt sig, að sala n. á fiski hefir verið með þeim endemum, sem mest hafa þekkzt um sölu á nokkurri vöru frá landinu. Það getur ekki verið annað en að annaðhvort sé n. að halda lífinu í sjálfri sér og skara eld að sinni köku, þ. e. einstakra manna í n., með því að þiggja sín laun, eða þá að tilgangurinn sé að vinna beinlínis þessum atvinnurekstri, sjávarútveginum, tjón. En hvorntveggja þennan tilgang n. skil ég ekki, að hæstv. Alþ. geti virt mikils.

Ég þarf náttúrlega ekki að svara fjarstæðum eins og þeirri, þegar hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að sala á ferskum fiski væri algerlega fjarskyld starfsemi Sölusambandsins. Hverjir framleiða nýjan fisk, ef ekki þessir fiskeigendur? Það er nú allt starf þessa fisksölusambands að framleiða fisk og selja hann í því ástandi, sem heppilegast þykir.

Ég skal ekki heldur skipta mér neitt af þeirri fávizku, sem fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann var að tala um, að framkvæmdarstjórarnir ættu svo annríkt, að þeir gætu ekki svarað bréfum. Þetta er vitanlega ekkert annað en hvert annað óvitahjal hv. frsm. meiri hl. n.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að starf framkvæmdarstjóra Sölusambandsins hefði verið gert pólitískt af sjálfstæðismönnum. Ég veit nú ekkert, hvaðan honum kemur sú speki. En ég held, að mér sé óhætt að segja, að framkvæmdarstjórar Sölusambandsins hafi aldrei spurt um pólitík í þessum efnum. Þeir hafa unnið sitt starf án þess að láta sig það nokkru skipta, hvaðan hin pólitíska gola stóð. Hinu ætla ég ekki að neita, að pólitík hefir verið blandað nokkuð inn í starf stj. félagsins. Sú pólitík hófst með því, að ríkisstj. tróð inn í þessa stj. — í fullri óþökk fiskeigenda — tveim mönnum, sem þangað höfðu ekkert að gera annað en að koma þangað inn pólitískum áhrifum.

Því var áður svarað, er hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri vilji mjög margra fiskeigenda, sem kæmi fram í samþ. fiskiþingsins. En eins og ég sagði, var reynt að gera það, sem þar fór fram, sem allra mest pólítískt. — Hitt vita menn, að þau atkv., sem ekki komu þar fram við atkvgr., á aukafundi S. Í. F., voru algerlega með meiri hl. þeirra, sem greiddu atkv. við atkvgr. á þessum aukafundi Sölusambandsins. Ég fer ekkert út í að skýra frá, hvernig á þessu stóð, að þau atkv. komu ekki fram. Það vita allir, að til eru menn, sem ekki geta mætt á svona fundum, en af einhverjum ástæðum þykir ekki henta að fá mönnum umboð fyrir sig. En munurinn á fylgi þeirra, sem mættu á fundinum, var svona greinilegur, að meir en fjórum sinnum fleiri greiddu atkv. með samþykktinni heldur en móti.

Þetta mál er svo yfirgripsmikið, að ef ég ætti að fara út í að sýna fram á það frá öllum hliðum, hversu óþörf þessi n. er og hve nauðsynlegt er, að hún hætti störfum, þá yrði það allt of langt mál nú. Ég ætla ekki að fara út á svo breiðan grundvöll með umr. Ég sé það ekki fært tímans vegna. — En ég vil taka það fram, að það fé, sem n. þessi er látin hafa til umráða, er ekki neinn hégómi. Ríkissjóður hefir ánafnað n. 1 millj. kr., þó að ekki sé það fé allt út greitt. Einnig er samþ. að taka helming af útflutningsgjaldi sjávarafurða og nota í sama tilgangi. Ráðh. hafði þetta fé til umráða, en honum hefir nú þóknazt að láta fiskimálan. vaða í því. Og þegar maður lítur á það, hve mjög hefir dregizt saman framleiðslan og þau verðmæti, sem sjávarútvegsmenn fá fyrir útfluttar fiskafurðir, er ómögulegt að líta smáum augum á þessa fjárhæð. Ég er ekki í vafa um, að ef þetta fé væri í þeirra manna höndum, sem með kynnu að fara, væri hægt að vinna fisksölunni ákaflega mikið gagn, en ég vil skora á hv. frsm. meiri hl. og stéttarbræður hans að benda á eitt einasta atvik, þar sem fiskmálanefnd hefir leyst verk vel af hendi og til hagsmuna fyrir fiskeigendur. Mér er ekki kunnugt um, að þar hafi neitt gengið slysalaust, nema harðfiskframleiðslan, en þó mun hún fyrir trúleysi á n., og kannske fyrir klaufaskap hennar, hafa orðið miklu minni en hún hefði getað orðið. En að þessi n. hafi opnað nokkra nýja möguleika, er mér ekki kunnugt um, og því síður, að nokkrar tilraunir hafi farið þannig úr hendi, að þær hafi aukið hróður íslenzkrar framleiðslu eða skilað svipað því eins miklum hagnaði og venja er til, þó að allra verst hafi tekizt til með frystifisksöluna til Ameríku. Og þegar nú fiskeigendur krefjast þess að fá þessi sín mál í sínar hendur, þá sé ég ekki, að Alþingi geti með nokkru

móti forsvarað að standa þar á móti. Það er þá ekkert annað en að beita bolmagni og yfirgangi við þá menn, sem í versta árferði eru af þrautseigju sinni að reyna að vinna að því, að Íslendingar geti eignazt einhvern erlendan gjaldeyri, því að hann er að langmestu leyti skapaður af framleiðendum sjávarafurða.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að þetta mál verði að lokinni umr. látið koma til atkv. og afgreiðslu nú þegar á einhvern hátt.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég veit ekki, hvort það er af tilviljun, eða að það er gert af ráðnum hug að láta hv. 6. þm. Reykv. hafa orðið fyrir útvegsmönnum hér í d. í fisksölumálum. Það fer kannske vel á því, en engum getur blandazt hugur um, að hann hefir enga sérþekkingu til að bera í þessum málum. Þess vegna er það aðeins broslegt, þegar þessi hv. þm., sem allir vita, að er ófróðastur í þessu máli þeirra manna, sem yfirleitt um þau tala, er að belgja sig upp með miklum oflátungshætti og sleggjudómum um vankunnáttu og fákænsku þeirra manna, sem eru í fiskimálanefnd. Hv. þm. gerir sig að dómara yfir þeim, eins og hann hafi alla vizku til að bera, sem þessi mál snertir.

Ég get sagt það strax um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að ég er því mótfallinn, að það nái fram að ganga, og tel, að það væri hið mesta glapræði, ef það yrði samþ. Ef það er athugað, hver verkefni fiskimálanefnd eru ætluð, og það, sem hún hefir haft með höndum, er það alveg ljóst, að það væri hið mesta óráð að leggja þessa stofnun niður. — Þau störf, sem fiskimálanefnd eru ætluð, eru tvennskonar: Annarsvegar að sjá um úthlutun útflutningsleyfa, að svo miklu leyti sem þau eru ekki bundin af atvmrh., um veitingarleyfi til sérleyfishafa, og í öðru lagi að standa fyrir þeirri nýbreytni í veiði-, verkunar- og verzlunarháttum, sem tiltækilegt þykir að reyna á hverjum tíma. — Nefndin hefir í þessu efni þegar leyst mikið starf af hendi og hefir mikið starf með höndum, sem hún er byrjuð á, en er mismunandi skammt eða langt á veg komið. Hún hefir haft með höndum úthlutun á útflutningsleyfum fyrir saltfisk allt frá því að Sölusambandið gamla ýtti þeim málum frá sér á síðastl. vetri og allt fram á þann tíma, að Sölusambandið var löggilt sem aðalútflytjandi á þessu ári. — Þá hefir nefndin ennfremur, eins og hv. þm. viðurkenndi í ræðu sinni, unnið mikið starf til undirbúnings því, að hægt væri að taka upp verkun á harðfiski jöfnum höndum við aðra fiskverkun. Hún hefir útvegað hjallaefni og látið byggja hjalla til að herða í fisk, og þær tilraunir, sem hafa verið gerðar með herðingu á fiski, hafa reynzt vel, en þær tilraunir voru samt miklu minni en menn bjuggust við, af því að afli brást og því hert miklu minna heldur en saltað, og í öðru lagi vegna þess, hve seint n. tók til starfa, var ekki hægt að fá efnið nógu snemma og þurft hefði til þess að byrja á þessari verkunaraðferð.

Nú hefir ennfremur verið bætt við hjallaefni, og þegar þeir eru komnir upp, verður hægt að taka í þá talsvert mikinn hluta af þeim fiski, sem þarf að herða. Þær tilraunir, sem gerðar voru í fyrra, gefa góðar vonir um það, að það megi fá jafngott og jafnvel betra verð fyrir harðfiskinn heldur en saltfisk, auk þess sem það léttir mikið á saltfiskmarkaðinum.

Þá er annað mál, sem fiskimálanefnd hefir haft með höndum, og það er hagnýting karfa, sem nokkuð var gert að á síðastl. ári og telja má víst, að mjög verulega verði unnið að á þessu ári.

Þá hefir fiskimálanefnd einnig látið rannsaka ýmsa aðra möguleika, eins og t. d. niðursuðu og ufsaherðingu og annað þesshátttar. Þá hefir einnig verið byrjað á rækjuveiðum, með þeim árangri, að líkur eru til, að a. m. k. sumstaðar á landinu megi gera talsverða búbót úr því með því að stunda þessar veiðar, og vélar hafa verið fengnar til þess að sjóða þetta niður. Ég veit, að hv. sjálfstæðismenn brosa að kampalampanum; þeim finnst hann víst helzt til lítilfjörlegur að leggja sig niður við. En þeir um það. — Þá eru loks þær tilraunir, sem fiskimálanefnd hefir gert með útflutning á hraðfrystum fiski og meðferð hans hér heima fyrir. Þangað til þessar tilraunir voru komnar svo langt, að telja mátti sæmilegar líkur til þess, að markað, sem verulega munaði um, mætti fá fyrir þennan fisk, mátti segja, að n. væri að mestu leyti látin óáreitt. En undir eins og það var útilokað að skapa möguleika fyrir sölu, sem um munaði, var hafin hin harðasta árásahríð. Ég skal ekki að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, víkja að þeirri tilraunasendingu, sem send var með „Steady", en aðeins slá því föstu, að ekkert hefir fram komið í því máli, sem gefi bendingu um það, að salan hefði tekizt betur, þó að S. Í. F. hefði haft hana með höndum, heldur en í höndum fiskimálanefndar og þess manns, sem hafði með söluna að gera. Ég hefi því ekki á móti ástæðu til að ætla, að mun lakar hefði tekizt til, ef fiskimálanefnd hefði ekki verið svo forsjál að senda mann til Ameríku til þess að greiða fyrir sölunni.

Að öllu þessu athuguðu verð ég að telja það hina mestu fásinnu, ef nú á þessum tímum, þegar vitað er, að óhjákvæmilegt er að leggja ríka áherzlu á að halda áfram með alla nýbreytni, sem þegar hefir verið hafin, á að hverfa að því að leggja þessa nefnd niður og leggja hennar starf undir S. Í. F., sem ekkert hefir lagt til þessara mála, og stendur því a. m. k. þeim mun lakar að vígi að hafa þessi mál með höndum, sem það skortir þá reynslu, sem fiskimálanefnd er þó búin að fá í þessum málum.

Ég þykist heyra það á hv. 6. þm. Reykv., að hann telji, að það sé mikill mannamunur á þeim, sem eru í stjórn S. Í. F., sem hann einhverra orsaka vegna hefir verið svo lánsamur eða ólánsamur að lenda í, og þeirra, sem eru í fiskimálanefnd. Þeir, sem eru í stjórn S. Í. F., séu valdir af framleiðendunum, en hinir séu allt annan veg og verr undir komnir, ef svo mætti að orði kveða. — Ég hygg, ef hv. þdm. vildu rifja upp fyrir sér, hvernig stjórn S. Í. F. og fiskimálanefnd er skipuð hvor um sig, að þeir muni sjá, hversu mikil fjarstæða þetta er. Í stjórn S. Í. F. eru þessir menn, með leyfi hæstv. forseta: Héðinn Valdi-

marsson, sem að vísu var kosinn fyrstur manna af fiskeigendum, sem mættu á stofnfundi S. Í. F., en það er rétt að játa það strax, að það var eftir ósk ríkisstj., að hann var þar settur í það sæti, sem hann er í, en andmæli komu þar engin fram, heldur virtist vera um almenna ánægju með hann að ræða. Sama er að segja um Jón Árnason, sem einnig var settur eftir ósk atvmrh. að það virtist vera eftir vilja allra, sem á fundinum voru. Ég ætla, að það hafi verið eftir tilmælum frá ýmsum mikilsráðandi mönnum í S. Í. F., að þeir fengu að hafa þessa menn svona til þess að „punta upp á", og þeir höfðu nokkra ástæðu til þess að telja, að þess væri þörf. Í stjórn S. Í. F. eru ennfremur Magnús Sigurðsson bankastjóri Landsbankans, Helgi Guðmundsson bankastjóri Útvegsbankans, Jóhann Jósefsson útgerðarmaður, Ólafur Einarsson útgerðarmaður og loks Sigurður Kristjánsson, sem er helzti sérfræðingur sjálfstæðismanna hér í hv. d. í fisksölumálum.

Í fiskimálanefnd eru hinsvegar: Héðinn Valdimarsson, sá sami og er í stjórn S. Í. F. Hann er tilnefndur af ríkisstj. og er formaður nefndarinnar. Helgi Guðmundsson bankastjóri, sem einnig er í stjórn S. Í. F., Júlíus Guðmundsson, sem til þess starfs er nefndur af Landsbanka Íslands, Kristján Bergsson, sem tilnefndur er af Fiskifélagi Íslands, sem sérfræðingur sjálfstæðismanna í fisksölumálum gaf þá lýsingu á, sem þeir hv. dm., sem á hann hlustuðu áðan, muna sjálfsagt eftir. Þá er það Guðmundur Ásbjörnsson, sem er tilnefndur af togaraeigendum, Pálmi Loftsson, tilnefndur af S. Í. S., sem Jón Árnason er framkvæmdastjóri fyrir, og loks Jón Axel Pétursson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands. Út af þeirri tilnefningu skal ég benda á, að í frv., sem formaður Sjálfstfl. flutti um fiskiráð, var einmitt gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands tilnefndi einn mann í það ráð.

Ég skýt því til hv. þdm., hvort þeim sýnist sá mannamunur í þessum stofnunum, að önnur sé til einskis nýt og á allan hátt fordæmanleg, en hin beri svo af, að henni sé trúandi til alls góðs, svo góð, að hún geti bætt við sig störfum fiskimálanefndar. — Það má geta þess, ef mönnum skyldi virðast, að stjórn S. Í. F. væri betur skipuð, ef Jóhann Jósefsson gengi frá, og þá væri sjálfsagt að fá einhvern annan þekktan og góðan útgerðarmann, en það vildi svo til, að varamaður Jóhanns Jósefssonar var kosinn Jón Kjartansson ritstjóri, sem hefir álíka þekkingu á þessum málum og hv. 6. þm. Reykv. Ég held þess vegna, án þess að ég vilji draga úr þekkingu og góðum vilja þeirra manna, sem skipa stjórn S. Í. F., að þeir, sem eru í fiskimálanefnd, séu sízt verri. Þar að auki held ég, að mjög óheppilegt væri að blanda þessum tveimur störfum saman. Ég held, að það sé nægilegt verkefni fyrir hendi hjá S. Í. F., eins og tímarnir nú eru, að sinna þeim málum, sem því eru ætluð; auk þess er enginn vafi á því, að mörg af störfum fiskimálanefndar er óheppilegt, að S. Í. F. hafi með höndum, vegna þess að það hefir erfiðari aðstöðu til að skapa fullkominn jöfnuð á útflutningi hjá meðlimum sínum um land allt. Það má til dæmis taka það, að ef freðfisksútflutningur yrði í verulega stórum stíl, yrði það vandaverk fyrir S. Í. F. að gera upp á milli sinna meðlima, svo að ekki rækist á, því að eins og kunnugt er, er útflutningur á freðfiski bundinn við ákveðna staði, þar sem tæki eru til þess að frysta fiskinn. — Þetta veit ég, að stjórn S. Í. F. er ljóst nú, meðan þessi mál eru á tilraunastigi. Það er því bein tilætlun laganna, að fiskimálanefnd hafi þessi störf með höndum.

Ég þóttist verða þess var í ræðu hv. 6. þm. Reykv., að það væri eitthvað illa séð í hans herbúðum sú samþykkt, sem gerð var á fiskiþinginu síðasta, þar sem einmitt var lýst ánægju yfir þeim framkvæmdum og nýmælum, sem fiskimálanefnd hafði hrundið fram og mér er kunnugt um, að hafa vakið almenna ánægju meðal fiskframleiðenda í landinu. Hv. þm. sagði í fyrsta lagi, að ekki væri mikið að marka atkvæðagreiðsluna, því að Alþýðusambandið hefði beitt kúgun. Það er ekki í fyrsta sinn, sem hv. þm. fer með slíkt, sem honum er einum sæmandi. Ég vil ekki svara þessu öðru en því, að það er vísbending frá þeim mönnum, sem fara með slíkt fleipur, að þeir eru reiðubúnir til þess sjálfir, hvenær sem færi gefst, að reyna að beita kúgun og láta kúga sig, ef svo ber undir. Að koma með svona fullyrðingar er ósæmilegt hverjum manni, og ástæðan er engin önnur en sú, að þeir hinir sömu mundu láta kúga sig og reyna að kúga aðra, ef þeir hefðu möguleika til þess. Þetta var því ekki nema lýsing á eigin hvötum, sem kom fram hjá hv. þm. — Það voru svo sem ekki réttsýnir og samvizkusamir menn, sem áttu sæti á fiskiþinginu eftir lýsingu hv. þm. Hann var svo sem ekki að færa rök að þessu, það var óþarfi, en það sýnir bara illgirni og samvizkuleysi hv. þm., enda er þetta ekki annað en málþóf, sem hv. þm. finnst veigur í að punta ræður sínar með. Hann er svo vanur því að punta ræður sínar með ósæmilegum orðum, að menn eru hættir að taka eftir því. Ég vil aðeins segja, að slíkar fullyrðingar eru alveg staðlausar og vansæmandi hverjum þm. að bera fram, þar sem ekki eru menn til svara.

Þá sagði hv. þm., að aukafundur í S. Í. F. hefði samþ. áskorun til þingsins um að leggja fiskimálanefnd niður og fela S. Í. F. hennar störf. Það var rétt, að þetta var samþ. á þessum fundi, en ég lýsti því þá yfir, að ég teldi engar líkur til þess, að Alþingi yrði við þeirri kröfu. En þessi samþykkt aukafundarins sýnir í raun og veru ekkert fullgilt um það, hver hugur útgerðarmanna er í þessu efni. Það er vitað, að þrátt fyrir þær takmarkanir, sem gerðar voru með lögum um fiskimálanefnd á síðasta þingi, þá hafa stórútgerðarmenn þar mest atkvæðamagn og fá flest atkvæðin fram. Hinu er ekki heldur að leyna, að mikill hluti stórútgerðarmanna er fylgjandi sjálfstæðismönnum, og þeir hafa talið, að hér væri líklegt herbragð á leiðinni að gera stj. pólitískar hrellingar með því að nota atkvæðamagn sitt til þess að fá samþ. till., sem gengi á móti stefnu stj., en ég vil fullyrða, að þetta sýnir ekki hug útgerðarmanna í landinu almennt, því að ef ég man rétt, þá var eitt atkv. á móti hverjum þremur hjá meiri hl., eða 180:51 eða 52.

Það er kannske ekki ástæða fyrir mig að taka fleira fram, því að mest af ræðu hv. þm. var órökstuddur sleggjudómur, en minna um efni frv. Ég vil endurtaka það, að ég tel það illa farið, ef sú forstaða, sem með lögum er ákveðin um nýbreytni og allar tilraunir, væri felld í burtu, eins og gert er ráð fyrir í frv.

***Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Eftir þá hirtingu, sem hv. 6. þm. Reykv. hefir fengið hjá hæstv. atvmrh., verð ég að segja það, að ég verð að herða mig upp til þess að bæta þar nokkru við.

Hv. 6. þm. Reykv. hefir nú lýst fiskimálanefnd á þann hátt, sem honum er einum lagið. Hann sagði m. a., að þetta væri verzlunarfyrirtæki, sem væri til þess haft að spilla fyrir sölumöguleikum á fiski og annað slíkt. Hæstv. atvmrh. hefir nú rakið starf fiskimálanefndar allýtarlega, og sé ég því enga ástæðu til þess að bæta neinu þar við. En ég vildi þó leyfa mér að skilgreina afstöðu sjálfstæðismanna til fiskimálanefndar nokkru nánar heldur en hæstv. atvmrh. hefir gert.

Mér virðist, að skipta megi sjálfstæðismönnum í tvo hópa í þessu máli. Öðrumegin eru sjálfstæðismenn, sem eru reiðubúnir til að vinna að alþjóðarheill eftir beztu getu, ef þeir eru skipaðir í starf, sem gefur þeim tilefni til þess. Hinumegin eru menn, sem ekkert sjá nema sína eigin hagsmuni í einu og öllu, og ekkert annað viðurkenna en það, sem er til pólitísks framdráttar fyrir Sjálfstfl., og reiðubúnir til þess að fórna alþjóðarheill í hvert skipti, sem það kemur í bága við hagsmuni þessara fáu manna, og fremstir í þessari klíku eru þeir Kveldúlfsbræður og leiguþý þeirra, hv. 6. þm. Reykv.

Ég skal þá reyna að finna orðum mínum stað, og vil ég því leyfa mér að taka tvo dóma um starf fiskimálanefndar þessu til sönnunar. — Annar dómurinn er hafður eftir hv. 6. landsk., að fiskimálanefnd væri stofnun, sem fyrst og fremst væri til ills og bölvunar og til þess höfð að spilla fyrir sölumöguleikum á fiski, — m. ö. o. spilla fyrir lífsafkomu manna. — Hinumegin eru menn, sem líta á starf fiskimálanefndar óhlutdrægt og eingöngu út frá þeim atriðum, sem í dagsins ljós eru komin, og þessir menn hafa kveðið upp dóm, sem er talsvert annar en sá dómur um fiskimálanefnd, sem hv. 6. þm. Reykv. leyfði sér að kveða upp hér í deildinni. Þessi dómur er kveðinn upp á fiskiþinginu í nál. um hagnýtingu sjávarafurða, frá sjútvn. fiskiþingsins, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskiþingið lýsir ánægju sinni yfir þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið um nýbreytni á hagnýtingu og útflutningi sjávarafurða, svo sem hraðfrystingu á fiski, herðingu á fiski, karfaveiðum og þess háttar. Telur fiskiþingið brýna nauðsyn að leggja svo mikla áherzlu á tilraunir þessar sem unnt er og styðja að því, að þær geti komið sem fyrst að sem mestu gagni, m. a. með því að setja hraðfrystitæki í ishús, þar sem þau eru fyrir, jafnóðum og markaður fæst fyrir hraðfrystan fisk, og jafnframt sjá fyrir skipum með kælirúmi."

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefst þetta nál. á því, að fiskiþingið lýsir ánægju sinni yfir þeim tilraunum, sem fiskimálanefnd hefir verið að gera undanfarið, yfir þeim sömu tilraunum, sem hv. þm. leyfir sér að bera fram, að séu gerðar til þess að spilla atvinnuvegum landsmanna. Hv. þm. Snæf. spurði, hver hefði samið þetta álit. Undir þetta álit skrifa 4 af fulltrúum fiskiþingsins, sem áttu sæti í sjávarútvegsn. þess, sá 5. var fjarverandi. Það er fróðlegt að lofa þessum hv. þm. að heyra, hverjir þessir menn eru. Þessir menn eru: Guðmundur Pétursson, form. nefndarinnar, alkunnur útgerðarmaður frá Akureyri, sem hefir lengi stundað útveg og var byrjaður á því löngu áður en Kveldúlfur leigði hv. 6. þm. Reykv., Ólafur B. Björnsson, ritari nefndarinnar, alkunnur útgerðarmaður af Akranesi. Og ef hv. þm. Borgf. væri hér, ætti að nægja að vísa til hans um meðmæli. 3. maðurinn er hv. 1. þm. Rang., sem því miður er ekki staddur hér af því að hann er veikur. 4. maðurinn er sá, sem hér talar. Þetta nál. var samþ. með shlj. atkv. á fiskiþinginu. Nú hefir hv. 6. þm. Reykv. leyft sér að fara mjög niðrandi orðum um fiskiþingið. Hann hefir m. a. leyft sér að viðhafa þau orð, að á fiskiþinginu hafi verið beitt kúgun við menn, og að þar séu menn, sem ekki skilja sitt hlutverk. Við skulum nú alveg láta mig liggja milli hluta, en taka einungis hv. 1. þm. Rang., og svo þá Guðmund Pétursson og Ólaf B. Björnsson. Allt eru þetta góðir og gildir sjálfstæðismenn; þeir eru af þeirri betri tegund sjálfstæðismanna, sem eru reiðubúnir að vilja vinna að heill allrar þjóðarinnar, þegar þess gefst færi. Þeir eru ekki af sömu tegund og Kveldúlfsliðið og leiguþý þess. Hv. 6. þm. Reykv. lýsti fiskiþinginu þannig, að þarna væru menn, sem ekki skildu sitt hlutverk, menn, sem ekki væru samvizkusamir. Það vill til, að hv. 1. þm. Rang. er fjarverandi úr d., svo hv. 6. þm. Reykv. þarf ekki að horfa upp á hann. (**SK:** Hann mundi hafa hirt hv. þm. Ísaf., ef hann væri hér). — En hverjir eru það svo, sem hafa kosið þessa ágætu nefnd? Jú, það er fyrst hv. 1. þm. Rang., Magnús Sigurðsson bankastjóri, Geir Sigurðsson skipstjóri, Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri, Þórshamri, Páll Halldórsson erindreki fiskifélagsins, Guðmundur Pétursson, Friðrik Steinsson, Niels Ingvarsson, Ól. B. Björnsson, Jón Jóhannsson, Björn Eggertsson og Finnur Jónsson.

Þetta eru menn, sem hv. 6. þm. Reykv. leyfir sér að segja um, að séu menn, sem ekki skilji sitt hlutverk, og menn, sem ekki séu samvizkusamir; ennfremur segir hann, að það þurfi að hreinsa til á fiskiþinginu. Því var skotið hér fram af hv. þm. Snæf., að þessi ályktun, sem ég var hér að lesa, hefði verið samþ. með eins atkv. mun. Þetta eru hreinustu ósannindi; þessi ályktun var samþ. með shlj. atkv. allra fundarmanna. (**TT:** Ég átti við aðaltill.). Þetta er aðaltill., sem samþ. var um störf fiskimálanefndar. Þetta er till., sem fordæmir allt athæfi Kveldúlfsliðsins og hv. 6. þm. Reykv. Hún sýnir betur en nokkuð annað vilja fiskeigenda í þessu máli.

Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frekar; hv. 6. þm. Reykv. er orðinn ber að því að kveða upp svo augljósa sleggjudóma, m. a. um einn beztu þm. sjálfstæðismanna, að það þarf ekki frekar vitnanna við. — Ég sagði hér í minni frumræðu,

að hlutverk S. Í. F. og lög þess væru miðuð við, að það væri stofnað til að selja saltfisk. Hv. 6. þm. Reykv. vildi fara um þessa skoðun mína mjög óvirðulegum orðum, en hann staðfestir þó það, sem ég sagði um þetta, þar sem hann sagði, að tilgangur félagsins væri að selja saltfisk. M. ö. o., hann sannar það, sem ég sagði, en afsannar það, sem hann sjálfur heldur fram. Munurinn er aðeins sá, að ég segi hlutverk, en hann segir tilgangur. Ég get ekki séð, hvaða mismunur er á þessu tvennu, því að hlutverk og tilgangur er nákvæmlega það sama. Í sambandi við þetta hafði hv. 6. þm. Reykv. málaflutning hér í d., sem enginn stendur honum framar í. Það eru fúkyrði og órökstuddir sleggjudómar. Ég þarf ekki að bera blak af fiskimálanefnd frekar en hæstv. atvmrh. hefir gert og sú till., sem ég las hér upp áðan og samin er af mönnum, sem hafa þúsundfalt vit á við hv. 6. þm. Reykv. En ég vildi þó aðeins segja það út af þeim ásökunum, sem komið hafa fram um það, að tap hafi orðið á tilraunum hennar, að það er tæplega ein einasta tilraun, jafnvel um mjög útgengilega vöru, sem ekki verður tap á fyrstu tilrauninni. Og þess eru ótal dæmi, að svo hafi verið. Við þurfum ekki að seilast lengra heldur en þegar h/f Kveldúlfur gerði tilraunir hvað eftir annað, eftir því sem framkvæmdarstjórarnir segja sjálfir frá, og alltaf varð stórtap á þeim. Þetta eru þó menn, sem þykjast færddir til þess að vita allt um allan fisk, hvort sem hann er saltur, frosinn eða úldinn. Er það nokkur furða, þegar þessir menn geta ekki gert eina tilraun án þess að tapa á henni, þó að tap verði á tilraunum fiskimálanefndar?

Viðvíkjandi Póllandsferðinni er það að segja, að það var hv. þm. Vestm., sem ráðlagði þessa sölu; og mér er kunnugt um, að hann hafði sem bakhjarl mann, sem að vísu hafði fengið meðmæli hjá sendiráðinu í Varsjá, en sýndi sig að vera mjög óheppilegur ráðunautur í þessu efni. Það þarf ekki til, þó að tap verði á fyrstu tilrauninni, að óheppilegur ráðunautur sé valinn; það getur orðið þó að beztu menn vinni þar að að öllu leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vil biðja hv. dm. að athuga þessa 2 dóma, dóm hv. 1. þm. Rang., Guðmundar Péturssonar og Ólafs B. Björnssonar, og setja upp við hliðina á dómi hv. 6. þm. Reykv. og gera sér á þann hátt grein fyrir öllum atriðum málsins.

***Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Mér var sagt, að atvmrh. hefði byrjað mál sitt á því að beina nokkrum orðum til mín. Ég mundi ekki vera mjög brattur, ef ég hefði tekið þau orð fullkomlega til greina eins og mér voru flutt þau. Ég býst nú við, að ég fari samt ekki að hopa mikið fyrir þessu eða taka það nærri mér. Það er algengt, að menn verða sáryrtir, þegar þeir komast í vanda. Og það er gamalt mál, að það reyni aldrei meir á skap manna heldur en þegar þeir eru í hættu staddir. Ég minnist þess, að sagan getur um marga menn, sem hafi orðið misjafnlega við dauða sínum. Það þótti bera vott um göfuglyndi að verða vel við dauða sínum og mæla þá fátt og láta lítið á sér sjá eða heyra, hvað þeim bjó í skapi, og svo aftur það gagnstæða um hina. Ég man það, að Snorri segir einhversstaðar: „Ok mælti hann mörg skrækyrði áður en hann var hengdur.“ Nú er það svo, að ég býst við, að atburðir síðustu daga hafi orðið til þess, að ekki sizt atvmrh. sé orðinn valtur í sessi, og ég lít svo á, að það hafi orðið til þess, að hann sé nú að búa sig undir sinn pólitíska dauða. Ég mun þess vegna ekki taka það illa upp fyrir honum, en snúa mér heldur að þeim atriðum, sem við eigum að deila um. Hann furðaði mjög mikið á því, að ég skyldi vera svo djarfur að látast mæla hér máli fiskeigenda, og honum þykir ég ekki hafa mikla burði til þess. Það má vera, að aðrir séu til þess betur fallnir, en það er nú svo, að ég hefi ekkert annað gert en að flytja hér vilja þeirra manna, sem treystu mér vel til þess, og a. m. k. betur en hæstv. ráðh. og hans fylgismönnum. Þetta er í sjálfu sér ekki mikið vandaverk, og ef ég ekki flytti þessi mál vel, væri það mjög leitt, því að það þarf ekki ákaflega mikla þekkingu til þess. Hitt er annað mál, að til þess að setja sig á þann háa hest að vera forsvarsmaður þessarar stéttar er viðkunnanlegra að þekkja þorsk frá ýsu, en það eru þær hæstu kröfur, sem nokkrum manni mun detta til hugar að gera til hæstv. ráðh., sem setur sig á þann háa hest að segja útgerðarmönnum að sitja og standa eins og þekking hans sjálfs býður. Við höfum alið aldur okkar nokkurn tíma í sama bæ, hæstv. ráðh. og ég, og er það útgerðarbær. Ég ætla, að þar geti enginn komizt hjá að öðlast einhverja þekkingu á þessum hlutum, en það verður auðvitað misjafnt, eftir því hvað menn leggja á sig til þess. Ég skal játa það, að ég er kominn ofan úr afdal, eins og hæstv. ráðh., og kom ekki að sjónum fyrr en ég var orðinn fullorðinn, en ég hefi fyrst og fremst haft vit á því, að þeir, sem lifa á útgerð, þó það sé óbeint kannske, eru skyldugir til þess að setja sig inn í þann atvinnurekstur, sem þeir óbeinlínis lifa á, — setja sig inn í höfuðbjargræðisveg þeirra manna, sem maður býr með, og líta með skilningi og velvilja á lífsbaráttu þessara manna. Og það er ekki hægt fyrir þá menn, sem einhverjar skynsamlegar „interessur“ hafa í þessum efnum, annað en leggja sig beinlínis eftir að skilja, hvernig sá atvinnurekstur stendur, hvers hann þarf með o. s. frv. Það er það, sem ég hefi reynt að leggja mig eftir, og þó að ég hafi ekki uppeldislega þekkingu, sem margir hafa fram yfir mig, þá er það af þessum ástæðum, að ég hefi verið í stjórn útgerðarfyrirtækis og lent í sjútvn. þessarar d. Þetta er af því, að ég læt mig þessi mál miklu skipta, eins og sjálfsagt er, því að ég lít svo á, að mitt líf sé sama og þeirra manna líf, sem kringum mig búa, en að eins líf sé ekki annars dauði.

Hæstv. ráðh. eyddi miklum tíma í það að rekja afrek fiskimálanefndar. Í raun og veru þarf langan tíma til að rekja öll hennar slys og misstígnu spor. Um það, sem hún hefir gert til gagns fyrir útgerðarmenn, heyrði ég hann ekkert segja nema það, sem hver útgerðarmaður hefði getað gert, ef hann hefði fengið fé til þess. Hann var að tala um þá menn, sem þarna væru. Það eru þar náttúrlega margir sæmilegir menn á sínu sviði, en ekki sérstaklega fallnir til þess að hafa vit fyrir

útgerðarmönnum. Enda fór það svo, að þegar hann fór að telja upp þessa menn, þá verð ég að segja, að ég fann hvergi mann, sem hafði þekkingu á þessum hlutum. Hann taldi náttúrlega upp formanninn. Ég veit ekki til, að hann hafi nokkra minnstu þekkingu á þessum málum. Hann hefir að vísu selt fiskimönnum olíu, en menn öðlast ekki mikla þekkingu á útgerðarmálum og sölu fiskjar í gegnum það. Hann taldi upp einn góðan sjálfstæðismann, Guðmund Ásbjörnsson; hann er ágætur á sínu sviði og líklega sá maðurinn, sem mesta þekkingu hefir á þessum málum, því að hann hefir verið í stjórn útgerðarfyrirtækis hér í bænum. Hann taldi upp bankastjóra Útvegsbankans, Jón Baldvinsson. Þessi maður sagði sjálfur í minni áheyrn, að hann hefði aldrei komið á fund í n., svo tæplega hefir hann nú lagt mikið til málanna, ef það er rétt. Enda er mér sagt, að nefndarstörfin séu ákaflega losaraleg; þarna traska menn inn eins og klaufdýr sinn í hvert skiptið og olíusalinn segir fyrir og lóðsinn í fjarveru hans. — Það er með þennan harðfisk, sem verið er að tala um, að ég held bara, að hann sé eins og stundum er sagt, að hann sé kominn á heilann á manninum og hans samherjum. Það á ekki að vera hægt að lifa á öðru en harðfiski, sem fiskimálanefnd hefir látið verka. Við höfum hér á Íslandi lifað á harðfiski að sumu leyti í þúsund ár, og hann hefir ekki stigið mönnum svo til höfuðs fyrri. Hæstv. ráðh. sagði, að fiskimálanefnd hefði verið látin í friði þangað til hún fór að selja til Ameríku. Hún hefir verið látin meira í friði heldur en rétt er, því að það er alls ekki rétt að láta þá menn í friði, sem haga sér eins og vitlausir menn. Árangurinn af tilraunastarfi fiskimálanefndar í Ameríku er sá, að markaðurinn þar er nú algerlega lokaður, og það þarf ný átök til þess að opna hann. Það er enginn vafi á því, að það hefði farið betur, ef þeir Kristján Einarsson og Hafsteinn Bergþórsson, sem búið var að ráða af Sölusambandinu til að útbúa þennan farm, hefðu haft með það að gera, heldur en þessi samvinnuskólapiltur, sem síðast var fiskaður upp til þess að gera þetta. Ég get sagt hæstv. ráðh., að þær fréttir eru komnar síðan farið var að nota þennan fisk, að fiskurinn hafi verið skakkt valinn. Þegar fiskimálan. fékk þennan sérfræðing til að velja hann, þá tókst svo til, að fiskurinn var allt of stór. Það er engin von, að þessi maður hefði vit á þessu, en það, að þurfa að bægja þessum mönnum frá þessu, sem vit höfðu á því, hefir leitt til óhappa, og menn vita ekki, hvað þau óhöpp geta af sér leitt í framtíðinni.

Ég hefi alls ekki heyrt það vefengt, að það hafi verið hæfustu mennirnir, sem voru valdir, þó að ég efist alls ekki um, að ýmsir mjög hæfir menn aðrir hafi einnig verið til. Og menn þessir voru valdir með mjög samhljóða vilja stjórnarinnar, og þar á meðal þess manns, sem troðið var inn af hæstv. ráðh. (HV: Þeir voru kosnir af framkvæmdarstjórunum, en ekki mér). Það var ekki ein einasta till. önnur, og það má fá afskrift af bókum stjórnarinnar og sanna með því, að þeir voru kosnir með samhljóða atkvæðum. (HV: Ég var ekki hér á landi þá). Nei, það telur maður ekki til skaða, en varamaður hafði hv. þm. í nefndinni, og ég skal ekki fullyrða um það, hvort hann greiddi atkv. með þessu, og það minnir mig þó, en áreiðanlega greiddi hann ekki atkv. móti því.

Það er ekki til neins að eyða mörgum fleiri orðum um þetta, en það er bert af því, sem fram hefir farið, og af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefir gert viðvíkjandi fiskimálanefnd, að tilgangurinn var sá, sem aldrei var þó tilgangurinn hjá þinginu, að gera þessa nefnd að verzlunarstjórn og láta hana reka í stórum stíl áhættusöm viðskipti. En það er í fullu samræmi við þá viðleitni, sem sífellt hefir borið á síðan um síðustu kosningar, að blása upp verzlunarbáknum, sem fengju mikil fjárráð, gætu rótazt í fé landsmanna, og á þann hátt þjónað hagsmunum ýmsra manna, eftir því sem þessi fyrirtæki þora að draga menn í dilka. Þess vegna hefir hæstv. ráðh. beint öllu því fjármagni, sem honum var fengið til þess að greiða fyrir fisksölunni, til þessarar nefndar, af því að hún á að rótast í fé landsmanna eins og aðrar stjórnir nýrra ríkisfyrirtækja.

Ég veit ekki, hvort ég á að svara nokkru hv. þm. Ísaf. Það er sannarlega að höggva í gamalt kjöt að fara að segja þeim manni til syndanna, og í raun og veru býst ég ekki við, að nokkur maður hallist, þó að hann leggi til hans. Hans sprota vantar algerlega máttinn. Það er málefnið, sem yrði að bera hans högg uppi, því að maðurinn, sem á bak við stendur, er þekktur að því að valda ekki neitt þungum vopnum, og hingað til hafa engin sæmdarhögg verið greidd með hans sprota, því að venjulega hafa farið saman málefnið og maðurinn. Svo hefir þessum manni verið falið að vera í útvegsnefnd þessarar hv. deildar. Hann hefir gert sig frægan fyrir það að rísa tvöfaldur gegn hverju því nytjamáli, sem þar hefir fram komið sjávarútveginum til handa. Þar hafa æfinlega vegið á móti hans persónulegu hagsmunir og pólitískir hagsmunir hans flokks. Enda hefir hv. þm. flutt illan málstað og á hinn ámátlegasta hátt. Ég verð að segja það, ef málstaður hv. þm. væri ekki ávallt illur, þá mundi hann auðveldlega verða það, þegar hann er borinn fram með þeim endemum, sem þessi hv. þm. hefir borið fram skemmdarmálefni andstöðumanna hagsmuna sjávarútvegsins.

Ég held, að það hafi verið alveg misheppnuð tilraun, sem hv. þm. gerði til þess að sýna fram á, að ég hefði flutt ámæli á mæta menn, einkanlega sjálfstæðismenn, sem sæti áttu á fiskiþinginu, og tók sérstaklega til hv. 1. þm. Rang. Ég leyfði mér að grípa fram í fyrir hv. þm. Ísaf., en hann sagðist ekki vera hér til þess að heyra það, sem ég segði, en ég sagði, að ef hv. 1. þm. Rang. hefði nennt að rétta út hönd sína og taka tillit til þess, sem hv. þm. sagði, hefði hann hirt hv. þm. Ísaf. eins og hirt er fyrir óþurftarverk.

Ég sagði ekkert aukatekið orð til þessa virðulega manns út af þeirri till., sem felld var með jöfnum atkv. og hljóðaði eitthvað á þá leið, að fundurinn teldi eðlilegt og sjálfsagt, að fiskeigendur hefðu meiri hluta í stjórn fisksölumálanna. Þessi till. var felld með jöfnum atkv., en það er vitanlegt, að með henni voru þeir menn,

sem vandastir voru að sóma sínum, og þar á meðal þessi hv. þm. (JÓl), sem nú er fjarverandi, og margir aðrir mætir menn og ég ætla allir sjálfstæðismenn. En hinir, sem ekki vildu styðja þann sjálfsagða málstað, að fiskeigendur hefðu meiri hl. í stjórn þessara mála, voru menn, sem höfðu ýmsra annara hagsmuna að gæta. Það getur verið, að sumir hafi eitthvað til síns ágætis, en alla brast þá drengskap til þess að unna fiskeigendum að ráða sínum málum. En það situr sízt á hv. þm. Ísaf. að setja sig á háan hest út af því, hvað illa menn stóðu í sinni stöðu og ræktu trúnað við málefnin.

Hv. þm. Ísaf. fór mörgum herfilegum orðum um mig. Kallaði mig leiguþý margsinnis og sagði, að mitt hlutverk væri að leigja mig til þess að bera fyrir borð hagsmuni alþjóðar vegna persónulegra hagsmuna. Að sönnu færði hv. þm. engin rök fyrir þessu. En ég fer þá illa með þessa hagsmuni, því að ekki má það á mér sjá, að ég hafi varið æfi minni til þessa sómaverks. En ég vil bara minna þennan hv. þm. á það, að honum hefir verið trúað fyrir útgerðarfyrirtæki, og ég veit ekki til, að nokkur maður hafi komizt herfilegar frá stjórn á nokkru fyrirtæki heldur en hann. Það er áreiðanlegt, að á jafnskömmum tíma hefir aldrei farið jafnilla fyrir nokkru fyrirtæki hér á landi og því, sem hv. þm. Ísaf. veitir forstöðu. Undir þetta fyrirtæki runnu margar stoðir, bæði frá ríkissjóði og bæjarfélaginu, þar sem það er skrásett í, og auk þess frá fjölda manna. Samt sem áður hefir því verið siglt svo djúpt ofan í fjárhagslegt öngþveiti, að sliks munu engin dæmi hér á landi á jafnskömmum tíma, þrátt fyrir mikinn stuðning, góð tæki og ágæta aðstöðu á allan hátt. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að enginn hafi haft hagnað af þessu fyrirtæki af þeim, sem hafa sett fé í það. Þeir hafa allir verið flegnir meira og minna. Það er aðeins einn einasti maður undanþeginn, sem ekki hefir sigið með þessu fyrirtæki, og það er forstjórinn sjálfur.

Þegar farið er út í að ræða þetta mál eins og rök hv. þm. eru og taka þau frá þessari hlið og bera þau saman við, hvað mikla trúmennsku hann hefir sýnt útgerðinni, þá er bezt, að einhverjir aðrir hefji máls á slíku.

Síðan núv. stjórn tók við völdum hafa flestar dyr lokazt, sem áður voru opnar fyrir sölu á íslenzkum afurðum. Fisksalan er ekki eingöngu í höndum framleiðendanna, heldur og í höndum ríkisstj., og ég held, að engin sneggri lokun á markaði fyrir íslenzkar afurðir hafi átt sér stað heldur en síðan núv. stjórn tók við völdum. Það situr því illa á hæstv. stjórn að vera að blása upp illyrðum um andstæðinga sína um illan vilja og þess háttar, eins og hæstv. atvmrh. gerði. Ég vil líka segja hv. þm. Ísaf., að á honum situr verst allra manna að vera með blekkingar og grjótkast til annara manna út af þessum málum, því að hans útgerðarsaga sýnir, að hún er með meiri endemum heldur en hægt er að draga fram nokkur dæmi um.

Thor Thors: Vegna þess að ég er nokkuð kunnugur því málefni, sem hefir verið dregið inn í umr., vil ég ekki láta hjá líða að gera nokkrar aths. við það, sem fram hefir komið. — Ég ætla að fara eftir mannvirðingum og snúa mér fyrst að hæstv. atvmrh. Hann er að vísu ekki hér í d., en ég vona, að einhver sé hér viðstaddur, sem geti skrifað niður það, sem hæstv. ráðh. vildi svara í minni ræðu.

Hann byrjaði með því að spyrja um það, hvort það væri með ráðnum hug eða það hefði verið tilviljun, að útvegsmenn hefðu valið hv. 6. þm. Reykv. til þess að hafa forystu í þessu máli. — Það er fullkomlega með ráðnum hug, sem útvegsmenn og sjálfstæðismenn þessarar hv. d. hafa valið hv. 6. þm. Reykv. til þess að eiga sæti í sjútvn. deildarinnar, og sem nefndarmaður þeirrar n. hefir hann tekið hér til máls, og ég ætla, að bæði útvegsmenn og aðrir hv. sjálfstæðismenn þessarar hv. d. beri fullt traust til hv. 6. þm. Reykv. í þessum sökum, og þeir vita, að hann hefir mjög staðgóða þekkingu á þeim málum. Hæstv. atvmrh. brosir. En hann gerir bara sjálfan sig hlægilegan með því. Hann þykist hafa mikið vit á útvegsmálum og virðist byggja það á því, að hann hefir verið búsettur á Ísafirði um langt skeið, eins og hv. 6. þm. Reykv. En hv. 6. þm. Reykv. hefir verið í stjórn togaraútgerðarfélags og haft því tækifæri til þess að kynnast þeim málum rækilega, og hann hefir einnig átt sæti í milliþinganefnd, sem hafði það starf með höndum að rannsaka hag og afkomu allra sjávarútvegsmanna í landinu og málefni sjávarútvegsins í heild. Þessi n. innti starf sitt mjög vel af hendi og skilaði rökstuddu áliti til Alþingis. Hlýtur hún því að hafa fengið mjög staðgóða þekkingu á hag og afkomu sjávarútvegsins í landinu. Af þessum ástæðum hefir hv. 6. þm. Reykv. mjög mikla þekkingu á þessum málum, enda sýnir það sig, þegar hann deilir við hæstv. stjórn um þá hluti.

Hæstv. atvmrh. kom nú með gamlan lofsöng um afrek fiskimálanefndar. Hann byrjaði á því að geta þess, að hún hefði úthlutað leyfum fyrir útflutningi á fiski. Það er vart meira verkefni en hjá S. Í. F., sem hafði þetta starf með höndum að því er snertir 90% af útflutningnum. — Hæstv. atvmrh. talaði einnig mikið um herðingu á fiski, þetta stóra bjargráð fyrir sjávarútvegsinn, sem mér hefir skilizt á stjórnarblöðunum, að ætti að vera. En hvað hefir fiskimálanefnd gert? Ég held, að það hafi verið hert 200 tonn af fiski og flutt út síðastl. ár. En það er vert að geta þess sem dæmi um viðsýni fiskimálanefndar, að hún þurfti endilega að senda verulegan hluta af þessu til Ítalíu og láta andvirðið frjósa þar inni.

Þá var hæstv. ráðh. mjög kampakátur, þegar hann minntist á kampalampann. Ég hefi nú því miður haft þær fregnir, að vafasamur hagnaður mundi verða af kampalampaveiðum, vegna þess hve erfitt er að fá markað fyrir hann.

Þetta var það helzta, sem hæstv. ráðh. gat um, að fiskimálanefnd hefði afrekað, að undanteknum hraðfrysta fiskinum, sem ég skal minnast á síðar. En það vill alltaf gleymast að telja fram það, sem fiskimálanefnd hefir kostað í sinu starfi. Það er ekki svo að skilja, að hv. form. fiskimálanefndar, hv. 2. þm. Reykv., leggi sjálfur þetta fram til almenningsþarfa. Nei, hann

hefir til ráðstöfunar mikið fé úr ríkissjóði, sem ýmist hefir fengizt með lántökum eða er tekið af útvegsmönnum í landinu. Og það er hvorki meira né minna fé, sem n. er búin að eyða, en 445 þús. og 500 kr. N. hefir fengið 418500 kr. frá ríkissjóði, frá markaðs- og verðjöfnunarsjóði 2700 kr., eða samtals 445500 kr. Hvernig hefir hún svo varið þessu fé? Það má segja, að því hafi verið varið á ýmsan hátt. T. d. er einn liðurinn upp á kr. 44721,86 og er beinn kostnaður við Póllandssöluna, sem svo mikið var gumað af á sínum tíma og Alþýðublaðið birti skrautmynd af hv. 2. þm. Reykv. í tilefni af. Svo er fyrir hraðfrystan fisk, svokallaðan Esphólinsfisk, kr. 53492,88. Ég veit ekki, hvað hefir komið á móti þessum lið. Ég býst við, að verðmætin hafi alls ekki verið tilsvarandi. Svo er ferðakostnaður og kaup Eiríks Sigurbergssonar kr. 7663.94. En mér er ekki kunnugt um nokkurn minnsta árangur af hans för, nema eina níðgrein um Mussolini, sem kom í Alþýðublaðinu. Hann komst þó aldrei til Ítalíu. Þá er fyrir kvikmynd kr. 10514.46, fyrir kvikmyndavél kr. 3043.60 og ferðakostnaður einhvers ljósmyndara kr. 2197.30. — Ég sé ekki, hvað þetta kemur fiskinum við. Það er að sjálfsögðu þarflegt verk að sýna kvikmyndir héðan af Íslandi, en það er ekki ástæða til þess að sjávarútvegsmenn landsins standi eingöngu undir því. Það verður að vona, að þessi myndatökumaður, sem búinn er að fá yfir 2 þús. kr., sé orðinn svo fær í sinni list, að hann geti tekið verulega góða mynd af hv. 2. þm. Reykv., sem verður birt í Alþýðublaðinu næst þegar fiskur verður sendur til Póllands.

Í Ameríkufiskinn fóru kr. 115154,84, en þar kemur verðmæti á móti, en alls ekki öll sú upphæð. Verður nú stórkostlegt tap á þessari sendingu fyrir hreinustu handvömm fiskimálan.

Svo er beinn rekstrar- og nefndarkostnaður færður á þetta eina ár kr. 54868.25. — Þessu gleyma þeir. Þeir telja þetta ekki fram, þegar þeir eru að hæla fiskimálanefnd fyrir sín miklu afrek, sem voru þó ekki fyrirferðarmeiri en þau, sem hæstv. ráðh. taldi upp.

Ég skal þá minnast á hraðfrysta fiskinn, en þá kemst ég ekki hjá því að minnast á, hvert er samkv. lögum verkefni fiskimálanefndar. Það kemur fram í 2. gr. laga um fiskimálanefnd, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstj. veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðsstjórnarinnar."

Hér stendur, að fiskimálan. eigi að gera ráðstafanir til þess, **að gerðar séu tilraunir** með útflutning á fiski með nýjum verkunaraðferðum. Það er svo sem ekki ætlun löggjafans, að fiskimálanefnd geri þetta sjálf, heldur á hún að hlutast til um, að tilraunir séu gerðar. Nú var það svo með þann hraðfrysta fisk til N.-Ameríku, sem S. Í. F. hafði með að gera, að hann líkaði vel. Þegar hann kom út, símar umboðsmaður S. Í. F. í New-York á þá leið, að hann sé ánægður með fiskinn; hann sé góður og í heilbrigðu ástandi. Það eina, sem sé að, sé, að pappírinn sé ekki nógu góður. Segist hann þegar geta selt 25 tonn, ef S. Í. F. samþ. það.

Eftir að þetta var orðið upplýst í málinu leitaði S. Í. F. samvinnu við fiskimálanefnd um sendingu á einum farmi. Hv. 2. þm. Reykv. bar fram till. um það, að þessarar samvinnu væri leitað, og ég verð að segja honum það til lofs, að hann var í fyrstu fús til samvinnu og sá, að það var hið eina rétta í málinu. En síðan, þegar stjórnmálin tóku hug hans heljartökum, þá snerist hann í málinu og neitaði algerlega, að S. Í. F. hefði nokkur afskipti af þessu. Það varð því úr, að stjórnmálin, sem illu heilli komust inn í málið, sigruðu og hv. 2. þm. Reykv. fékk vilja sinn fram í þessu máli, eins og svo oft nú á tímum. Hinn 18. febr. fékk svo S. Í. F. skeyti frá umboðsmanni sínum í New-York, þar sem hann segist vera búinn að selja 50 smálestir til þessa firma, sem hann nefnir, sem hefir 35 þús. útsölustaði víðsvegar um Bandaríkin, og hann biður um að mega selja meira, þar sem þessi sami kaupandi hafi í hyggju að kaupa meira. Og hann biður S. Í. F. að gera svo vel að ætla sér allt, sem unnt er, handa þessum þýðingarmikla kaupanda vegna framtíðarviðskipta. Hér staðhæfi ég, að hafi verið möguleikar fyrir hendi að selja allan þennan umrædda farm fyrirfram fyrir verð, sem hefði gefið um 20 þús. kr. hagnað. En það er þó sannað, að fyrir ofurkapp og ofmetnað fiskimálanefndar undir forystu hv. 2. þm. Reykv. var komið í veg fyrir þetta, og afleiðingin varð því sú, að farmurinn var ekki seldur með 20 þús. kr. hagnaði, heldur með tapi, sem vafalaust má reikna 30 til 40 þús. kr., þegar öll kurl koma til grafar.

Ég verð því af þessum ástæðum að staðhæfa í fyrsta lagi, að fiskimálan. hafi misskilið hlutverk sitt, í öðru lagi, að hæstv. atvmrh. hafi haldið verndarhendi yfir þeim misskilningi, og í þriðja lagi, að fyrir þessa óheillaákvörðun, að hafna samvinnu við S. Í. F., hafi útgerðarmenn beðið tjón, sem nemur mörgum tugum þús. króna.

Hæstv. atvmrh. sagði, að Sölusambandið skorti vit, reynslu og þekkingu á við fiskimálan. Má alltaf deila um slíkt, því að mannvit og reynsla verða ekki vegin. En út af mannavali því, sem hann taldi vera í fiskimálan. og tefldi fram gegn liðléttingunum í stj. Sölusamb., vil ég minna á, að ofurmennið Héðinn Valdimarsson á sæti í báðum n., og eins Helgi Guðmundsson bankastjóri. Að ólöstuðum Júlíusi Guðmundssyni staðhæfi ég, að Magnús Sigurðsson bankastjóri muni hafa vit og reynslu á við hann, og að Jón Árnason geti jafnazt á við Pálma Loftsson. Að því er Jón Axel Pétursson hafnsögumann snertir, fullyrði ég, að Jóhann Jósefsson hafi eins mikla þekkingu á sjávarútvegsmálum og hann. Þannig held ég, að hægt sé að sýna fram á, að meiri þekking sé saman komin í stj. Sölusambandsins en í fiskimálan. Og þó að fiskimálan. hafi nú fengið ungan starfsmann sem skrifstofustjóra,

staðhæfi ég, að skrifstofustjóri Sölusambandsins, sem öll sín manndómsár hefir starfað að þeim málum, sem hún fæst við, komist til jafns við þann pilt. En þá eru ónefndir allir þrír framkvæmdastjórar S. Í. F., sem allir hljóta, sakir langrar reynslu, að teljast helztu sérfræðingar okkar á sviði fisksölumálanna. Ég þykist því hafa sýnt, að þetta fleipur er ekki frambærilegt hér í þingsölunum. Það sýnir bezt rökþrot þau, sem hæstv. atvmrh., jafnorðslyngur og greindur maður, er kominn í, að hann telur það til hindrunar því, að Sölusamb. geti farið með verkefni sín, að það verði að gera upp á milli félagsmanna. Hann ætti að geta sagt sér það sjálfur, að það er ekki meiri vandkvæðum bundið fyrir Sölusambandið að jafna milli viðskiptamanna sinna en fyrir fiskimálan., þar sem Sölusambandið þekkir þá alla, en n. ekki.

Annars fannst mér hæstv. ráðh. tala nú í öðrum tón og valdsmannslegri en á aukafundi S. Í. F. Hann vildi bera brigður á, að samþykkt þess fundar sýndi hug útvegsmanna á landinu. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að á þeim fundi voru saman komnir menn viðsvegar að af landinu, menn, sem höfðu umboð fyrir langsamlega mestan hluta af fiskmagni því, sem til er á landinu. Mig minnir, að þar hafi verið fulltrúar fyrir fiskeigendur, sem ráða yfir 330 þús. skippundum af fiski, en allt fiskmagn félagsins mun nema um 386 þús. skippundum. Á það hefir verið bent, til þess að reyna að gera þennan fund ómerkari, að ýmsir menn utan af landi, sem ekki gátu sótt fundinn, fólu framkvæmdarstjórum eða starfsmönnum Sölusambandsins að fara með umboð fyrir sig. Ég tel það einmitt vott um sérstakt traust, að þessum mönnum voru falin umboðin, en ekki mönnum eins og t. d. hv. 2. þm. Reykv. Þarna voru einnig fjölmargir útvegsmenn frá Keflavík, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakka og af Norðurlandi, fulltrúi fyrir Vestmannaeyjar, sem jafnframt er þm. þeirra og formaður sölusambandsins þar. Þarna var fulltrúi fyrir Sölusamlag Vestfjarða og fulltrúi frá S. Í. S., sem hafði umboð frá nærri öllum kaupfélögum landsins. Er það því fjarstæða að efa, að bak við þessa samþykkt hafi staðið vilji útvegsmanna yfirleitt.

Hæstv. ráðh. sagði, að sér þætti miður, ef breyt. yrði á um forustu þessara mála. Ég er ekki viss um, að hæstv. ráðh. tali hér af einlægni eða að honum þætti leitt, ef fiskimálan. félli niður og S. Í. F. tæki við. En fyrst svona mikið hefir verið talað um að sameina S. Í. F. og fiskimálan., verð ég að minnast nokkuð á viðskipti þessara stofnana út af saltfisksölunni til Norður-Ameríku. S. Í. F. mátti lengi vel ekki koma nærri sölunni til Norður-Ameríku, þó að það hefði fastan umboðsmann þar, af því að fiskimálan. þurfti að bola þessu undir sig. Á meðan samlaginu var haldið í fjötrum af hæstv. atvmrh., fóru umboðsmenn fiskimálan. um allt til að selja og urðu til að veikja traust það, sem samlaginu hafði tekizt að afla. S. Í. F. var stofnun, sem réð yfir 90% af fiskmagni landsmanna. Fiskimálan. sendir nú mann til Norður-Ameríku og lætur hann segja, að S. Í. F. sé stofnun, sem ekkert mark sé á takandi, en fiskimálan. ráði öllu um þessi mál. Hv. 2. þm. Reykv. sækir þetta svo fast, að hann hlutast til um, að atvmrh. svari ekki í heilar þrjár vikur málaleitun S. Í. F. um að mega bjóða út til sölu saltfiskinn. Svo þegar umboðsmaður fiskimálan. hefir sýnt, að hann getur ekkert selt, þá er S. Í. F. enn leiðin lokuð, til þess að fiskimálan. geti látið danskan umboðssala selja 700 tonn af saltfiski. Maður, sem ekki er löglegur útflytjandi, má selja gegnum umboðsmann í Danmörku og umboðsmann í Bandaríkjunum til aðilja, sem S. Í. F. hefir haft bein viðskipti við. Það er þetta, sem þykir varða almanna hag, eins og þetta pólitíska hornsíli hér var að tala um, hv. þm. Ísaf. — Ef hæstv. forseti óskar, get ég frestað framhaldi ræðu minnar. Frh.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Thor Thors (frh.): Ég var kominn að því, er umr. var frestað í gær, að svara hv. þm. Ísaf., en áður en ég skilst við hæstv. atvmrh. vil ég geta þess út af sölunni á hinum hraðfrysta fiski til Norður-Ameríku, að umboðsmanni S. Í. F. tókst að selja allmikið af farminum til sama manns og keypt hafði fyrstu 50 smálestirnar frá S. Í. F., en eftirstöðvarnar varð hann að selja í samráði við sendimann fiskimálanefndar, Sigurð Jónasson, fyrir mjög lágt verð, og þar kom fram sá fjárhagslegi mismunur, sem ég vék að í gær.

Þá verð ég að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Ísaf. Hann belgdi sig svo út og skrækti, að maður fékk næstum hellu fyrir eyrun, enda er ekki furða, þótt hann tali digurbarkalega, þar sem hann er form. meiri hl. sjútvn. Annað hefir hann ekki heldur til brunns að bera í þessum efnum. — Hann hélt því fram, að störf fiskimálan. og S. Í. F. væru svo fjarskyld, að ekki mætti leggja fiskimálan. niður, því að hún hefði alveg sérstöku hlutverki að sinna. Hv. þm. er þó sjálfur félagi í S. Í. F. og veit, að aðalhlutverk þess félagsskapar er fisksala með öllum hætti og öflun nýrra markaða, eins og staðreyndirnar sýna líka, að þessi félagsskapur hefir beitt sér fyrir. Hann taldi, að ekki væri nóg þekking og hæfileikar fyrir í S. Í. F. til þess að inna þetta hlutverk af hendi. Ég hefi nú þegar sýnt fram á það með samanburði á stjórn S. Í. F. og fiskimálan., hvor stofnunin muni fremur vera þessu hlutverki vaxin. Verzlun S. Í. F. er í höndum þriggja framkvæmdarstjóra, sem allir hafa langvinna reynslu í fiskverzlun og hafa gert hana að æfistarfi. Þá hefir S. Í. F. einnig mjög fært starfslið, en það er meira en ég get yfirleitt sagt um starfslið fiskimálanefndar. Þannig er skrifstofustjóri S. Í. F. svo viðurkenndur og vinsæll af öllum fiskframleiðendum, að fiskimálan. taldi sig ekki í fyrra geta setzt á laggirnar, nema hann réðist til hennar, þótt hann eigi nú að vera óhæfur sem starfsmaður S. Í. F. Hann gerði það fyrir þrábeiðni hv. form. fiskimálanefndar og hæstv. atvmrh. að ganga í þjónustu n. um tíma, þar sem n. þóttist alls ekki geta án hans verið.

Hv. þm. Ísaf. kom ennfremur með þá staðhæfingu, eins og ég hefi heyrt hann gera einu sinni á fundi áður, að S. Í. F. myndi klofna, ef það bætti á sig störfum fiskimálan., því að hér væri um áhættustarfsemi að ræða í sambandi við nýjar markaðsleitir, sem allir félagsmenn myndu ekki sætta sig við, að félagsskapurinn tæki á sig. En þetta er ekkert nema fjarstæða, því að auðvitað myndi S. Í. F. leita styrktar til slíkra markaðsleita úr fiskimálasjóði, sem myndaður er af eftirstöðvum af millj. kr. láni fiskimálan. og ¾% af verði útflutts fiskjar. Ég verð að telja, að þessi sjóður sé bezt kominn hjá þeim, sem undir honum standa, en það eru fiskeigendur sjálfir. Það er nefnilega algerður misskilningur, að þessi sjóður sé einhver einkaeign fiskimálanefndar. Í lögum um sjóðinn segir svo: „Ríkisstj. er heimilt að veita stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að stunda veiði með nýjum aðferðum, eða leita nýrra aflamiða.
2. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu, niðursuðu o. fl.
3. Að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkv. framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í **hvert sinn.**"

Eftir beinum ákvæðum laganna er því beinlínis óheimilt að afhenda fiskimálanefnd sjóðinn í eitt skipti fyrir öll. Ráðh. getur samkv. lögum alveg eins veitt styrk úr sjóðnum til S. Í. F. eins og fiskimálan., og ég álít, að hann hafi miklu meiri ástæðu til þess, eftir reynsluna af fisksölunni til Ameríku.

Þá kom hv. þm. Ísaf. fram með það, eins og í eldhúsdagsumr., að það kæmi fram í skýrslu minni um ferð mína til Suður-Ameríku, að bréfum viðvíkjandi fyrirspurnum um fisksölu héðan hefði ekki verið svarað, og átti það að sanna, að forstjórar S. Í. F. væru óhæfir menn. Ég samdi, er ég kom úr för minni, allýtarlega skýrslu, sem var útbýtt sem einkamáli meðal stjórnenda S. Í F. og send tveim ráðherranna. Ég lýsti yfir því, að hér væri um algert einkamál að ræða, enda þarf í slíkum skýrslum oft að gefa hispurslausa lýsingu á einstaklingum, sem enginn er bættari fyrir, að berist þeim sjálfum fyrir augu eða eyru. Ég skal ekki um það segja, hvernig hv. þm. Ísaf. hefir náð í skýrsluna, en víst er um það, að hann er ekki vel að henni kominn. Verzlunarmálin sjálf eiga að vera opinber, en það, sem snertir menn persónulega, á að vera einkamál, þótt slíkar upplýsingar geti að sjálfsögðu verið mikilvægar í viðskiptaefnum.

Ég gat þess í skýrslu minni, að bréfum frá þrem firmum hefði ekki verið svarað beint frá S. Í. F. En þeir fengu svör frá sínum fyrri viðskiptasamböndum, en ekki Sölusambandinu, eingöngu vegna þess, að þessir markaðir voru þá gersamlega lokaðir. Og það voru þeir fram á síðastl. ár. Hv. þm. segir algerlega rangt frá þessu. Hann hefir sagt í blaði sínu, að allir þeir sölustaðir, sem nú er til í Suður-Ameríku, hafi verið opnir allan þennan tíma. Þetta eru vísvitandi ósannindi.

Ég vík fyrst að Argentínu. Þar er ástandið þannig, að engir fá þar erlendan gjaldeyri til greiðslu fyrir innfluttar vörur sínar aðrir en þeir, sem hafa jafnaðarkaup. Íslendingar hafa engar vörur keypt þaðan fyrr en nú, að því hefir verið komið til leiðar fyrir tilstilli S. Í. F., að gjaldeyrisnefnd hefir leyft, að keypt væru þar 100 tonn af maís. En þetta er ekki nóg. Og ef gjaldeyrisn. stuðlar ekki að áframhaldandi og auknum innflutningi á vörum þaðan, þá er þessi markaður, sem unnizt hefir í bili, tapaður aftur. Þessi gjaldeyrisleyfi, sem nú hafa fengizt fyrir íslenzkan fisk til Argentínu, hafa fengizt fyrir sérstaka lagni sendiherra Dana í Buenos Aires, án þess að beint loforð væri gefið um vörukaup af okkar hendi. En verð fisksins í Argentínu er ekki svo hátt, að það sé sambærilegt við það, sem var á Spáni og Suðurlöndum meðan markaðurinn var eðlilegur þar. Ég verð því að spyrja hv. þm.: Hvaða nauðsyn getur knúð okkur til þess að selja saltfiskinn á lægri markað, á meðan sá markaður er opinn, sem gefur hærra verð? Ég sé enga nauðsyn á því. Eins og viðskiptum er nú háttað í heiminum, að alstaðar eru settar innflutningstakmarkanir og kröfur um jafnaðarkaup, geta áður fengin viðskiptasambönd ekki tryggt framhald viðskiptanna, vegna þessara atriða og afskipta þess opinbera, sem sífellt grípa inn í.

Þá sný ég mér að Brasilíu. Þar sagði hv. þm., að sölumöguleikar fyrir íslenzkan saltfisk hefðu verið fyrir hendi í mörg ár, og a. m. k. síðan S. Í. F. tók til starfa. En þetta ætti hv. þm. að vita betur, ef hann er læs á skrifað mál. Það er tekið fram í skýrslu minni, að yfirfærslur hafa ekki fengizt frá Brasilíu, og að þær þjóðir, sem hafa skipt við Brasilíu, hafa lent í því óláni að eiga þar margar millj. króna innifrosnar, sem nú er verið að reyna að þíða; ekki á sama hátt og hér á sér stað, með ríkisábyrgð á innstæðum erlendra manna, heldur með því að kaupa vörur þaðan, og sá sérstaklega kaffi. Heldur hv. þm., að Íslendingar hafi þá haft miklar ástæður til að festa þannig fé sitt? Ég veit honum dettur það ekki í hug. Og hvaða þýðingu hafði það, þegar markaðir voru opnir annarsstaðar? Til sönnunar því, að hv. þm. hafi vitað betur um þetta atriði, en farið samt rangt með, vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr skýrslu minni á bls. 30, með leyfi hæstv. forseta:

„Gengishömlur voru í Brasilíu alveg fram á þetta ár. Fékkst eigi greiðsla á stórupphæðum fyrir vörur frá öllum viðskiptalöndum Brasilíu. Áttu þau orðið margar millj. sterlingspunda innifrosnar (congelados) þar. Þetta varð til þess, að ýms stórveldin tóku þetta mál alvarlega upp við stjórnarvöldin í Brasilíu, og afleiðingin varð sú, að 11. febr. síðastl. var gjaldeyrir gefinn frjáls til greiðslu á öllum innfluttum vörum."

Það er því ekki fyrr en 11. febr. 1935, sem aftur er hægt að selja vörur til Brasilíu, með von um að fá þær borgaðar. Og á meðan svo var staðhæfi ég, að Íslendingar höfðu ekki ástæðu til og gátu ekki vegna gjaldeyrishafta selt vörur sínar þangað, því þeir gátu ekki átt von á að fá

þær greiddar. Og það er fyrst nú í ár, að unnt var að hefja viðskipti við Brasilíu. En nú má það líka teljast nauðsynlegt, eftir að búið er af hálfu íslenzkra stjórnarvalda að fara svo með þessi mál, að saltfisksmarkaðurinn á Spáni hefir verið skorinn niður í 6600 tonn á ári. Ég hefi nú sýnt fram á það, hversu haldgóður þessi rógur stjórnarliða er um forstjóra Sölusambandsins, eins og reyndar allt það moldveður, sem þeir þyrla upp til að tortryggja starfsemi þeirra og Eláss ófriði að Sölusambandinu. — Svo kemur hv. þm. Ísaf. hér með miklum belgingi og segir: Við viljum hafa frið um Sölusambandið. — Skárri er það nú friðurinn. Hverjir eru það, sem búa til slúðursögur um Sölusambandið og gefa út blöð, sem aldrei koma út öðruvísi en að þau séu full af gróusögum og níði um Sölusambandið? Ég hygg, að hv. þm. eigi þátt í blaðsnepli, sem gefinn er út á Ísafirði. Ég sé hann sjaldan, en aldrei svo, að ekki sjáist þar rógur um Sölusambandið. — Það er öllum vitanlegt, að þessi hv. þm. hefir bæði leynt og ljóst, en þó einkum leynt, reynt á allan hátt að rógbera og svívirða Sölusambandið. Og svo talar þessi hv. þm. um, að hann vilji hafa frið um Sölusambandið!

Ég játa, að ég trúði því í minni einfeldni, að þegar hinir sterku menn úr stjórnarflokkunum, Héðinn Valdimarsson og Jón Árnason, voru skipaðir í stjórn Sölusambandsins, þá væri það yfirlýsing þess, að um þessi mál ætti þar að vera eitt vígi, og fast varið af öllum flokkum. En ég hefi orðið fyrir miklum vonbrigðum. Því að aldrei hefir verið róstusamara um S. Í. F. en síðan þessir menn komu þar í stjórnina. Og sjá þó allir þeir, sem af þjóðhollustu vilja á þessi mál líta, nauðsynina á því, að á þessu sviði atvinnulífsins geti flokkarnir staðið saman, þó að þá bresti gæfu til þess annarsstaðar.

Þá sagði hv. þm. Ísaf. það í ræðu sinni hér í gær, og belgdi sig mjög, að viss hluti Sjálfstfl. væri ávallt reiðubúinn til þess að fórna alþjóðarheill fyrir sérhagsmuni sína, og kallaði hann þennan hluta flokksins Kveldúlfsmenn. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um þetta við þennan hv. þm., því að það tekur enginn mark á því, sem þessi hv. þm. segir. En ég vil aðeins benda á það, að þrátt fyrir allan róg um Kveldúlfsfélagið, hefir það í mörg ár staðið undir athafnalífinu hér í Reykjavík og fært í þjóðarbúið tugi millj. króna, og félagið hefir aukið rekstur sinn meðan fært var, á sama tímibili og þessi hv. þm. sat við að glugga í bréf vestur á Ísafirði, — eða kraup við fótskör meistara síns þar, núv. landlæknis. En eftir að þessi hv. þm. komst til meiri mannvirðinga, hefir stöðugt miðað niður á við í atvinnulífi þjóðarinnar. Ég veit, að sósialistum er þetta ekkert hryggðarefni, því að þeir vilja stefna niður á við og leggja einstaklingsfyrirtækin í rústir. En ég geri ráð fyrir, að sú útfararræða, sem þeir ætla sér að flytja á rústum einkaframtaksins, verði hættuleg ræða fyrir þá sjálfa.

Hv. þm. vildi sanna mál sitt um starfshætti fisksölusamlagsins með því að lesa upp tvo dóma. Annar þeirra voru ummæli hv. 6. þm. Reykv., sem ekkert minntist á þetta, og hitt var nefndarálit frá nokkrum mönnum á fiskiþinginu. Þetta nál., sem samþ. var á fiskiþinginu, var samið af Guðmundi Péturssyni útvegsmanni á Akureyri, góðum og merkum sjálfstæðismanni, Jóni Ólafssyni, sem engan mun undra, þó talinn sé góður sjálfstæðismaður, og Ólafi B. Björnssyni útgerðarmanni á Akranesi, sem líka er ágætur maður. — En hvað segja svo þessir ágætu sjálfstæðismenn? Hvað segir þetta nefndarálit? Þar segir svo:

„Fiskiþingið lýsir ánægju sinni yfir þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið um nýbreytni á hagnýtingu og útflutningi sjávarafurða, svo sem útflutningi á hraðfrystum og flökuðum fiski, harðfiski, karfaveiðum, karfavinnslu o. þ. h. Telur fiskiþingið brýna nauðsyn bera til að leggja svo mikla áherzlu á tilraunir þessar sem unnt er, að styðja að því, að þær geti komið sem fyrst að sem mestu gagni, m. a. með því að setja hraðfrystitæki í íshús þau, sem fyrir eru, jafnótt og hagkvæmur markaður vinnst fyrir hraðfrystan fisk, og að sjá fyrir nægum skipakosti með frystivélum eða kælirúmum til að annast útflutning."

Hvað er það þá, sem þessir ágætu sjálfstæðismenn segja í nál.? Ekkert annað en það, sem verið hefir stefnuskrármál Sjálfstfl. á undanförnum árum. Ég skal nú sanna hv. þdm. þetta. — Hv. þm. Ísaf. skilur náttúrlega ekki annað en það, sem hann sjálfur vill. — Þetta atriði er tekið upp á stefnuskrá Sjálfstfl. á árinu 1930. Og 1931 er það eitt af aðalatriðunum í ræðum frambjóðanda flokksins við alþingiskosningarnar. Á landsfundum Sjálfstfl. 1933 og 1934 var þetta tekið til meðferðar, og þá lýsti núv. form. flokksins, hv. þm. G.-K., í framsöguræðu sinni um atvinnuvegi landsmanna því á þessa leið:

„Höfuðnauðsyn sjávarútvegsins er að koma afurðunum í sem allra hæst verð. Það verkefni er tvíþætt. Í fyrsta lagi viðhald og stækkun saltfisksmarkaðar. Í öðru lagi breyting á meðferð framleiðsluvörunnar og sala þeirrar nýju vöru. Íslendingar hafa til þessa sótt á og unnið í samkeppninni um saltfisksölu á erlendum markaði. Hafa einstakir útflytjendur unnið þar mikið verk og þarflegt, en þó hefir sú sókn nær eingöngu verið hafin í Suðurlöndum. Þetta er ekki nægjanlegt. Það þarf að færa sóknina yfir á aðra saltfisksmarkaði, eins og t. d. Suður-Ameríku, Kúba, Afríku, Norður-Ameríku og jafnvel víðar. — Og þetta er ekki heldur nægjanlegt. Það er engin vissa fyrir því, að þær þjóðir, sem til þessa hafa lítils eða einskis saltfiskjar neytt, muni um allan aldur reynast ólystugar á þessa fæðu. Mörg risafyrirtæki heimsins hafa byrjað smátt, en síðan rutt framleiðsluvöru sinni nýja farvegi, komið af stað og aukið neyzlu hennar þar, sem hún áður var ókunn. Margar þessar vörur hafa að sjálfsögðu hitt á ófullnægða neyzluþörf þorrans betur en ætla má um saltfisk, en um það vissu menn ekki fyrirfram, og sigurinn hefði ekki unnizt, ef vitsmunir, dugnaður og áræði hefðu ekki freistað hamingjunnar."

Ég læt þessa getið af því að hér var um aðalstarf og stefnuskrármál Sjálfstfl. að ræða. Og það hefði verið tekið upp, ef þjóðin hefði þá borið

gæfu til að fela Sjálfstfl. að fara með völdin í landinu. — Ennfremur segir svo í ræðu hv. form. Sjálfstfl.:

„Það leikur enginn vafi á því, að hinar nýju frystiaðferðir geta brúað fjarlægðina milli ríkustu fiskimiða heimsins, við strendur Íslands, og þeirra mörgu milljónatuga neytenda, sem til þessa varla hafa getað leyft sér það óhóf að borða nýjan fisk einu sinni á ári. Sporin eiga að liggja í þá átt, því þar hefir hamingja Íslands geymt börnum þess skilyrði til arðvænlegs atvinnurekstrar og góðrar fjárhagslegrar afkomu."

Þetta var þá stefna sjálfstæðismanna í útvegsmálum, að taka upp þessa nýbreytni. Og það er því ekkert undrunarefni, heldur bein afleiðing af stefnu flokksins, að þessir ágætu sjálfstæðismenn tóku þetta upp í álit sitt á fiskiþinginu, því að það er nákvæmlega í samræmi við stefnu flokksins í heild. Hv. þm. Ísaf. hefir því seilzt of langt, því að þetta nýmæli er komið frá þeim mönnum, sem andi hans nærist á að rægja — Kveldúlfsmönnum — og hefir fyrst komið frá þeim inn á þingið. — Stjórnarliðið getur ekki komizt framhjá því, þrátt fyrir stráksleg athugasemdir og róg þessa hv. þm., að þessar nýjungar komu fyrst fram í frv. um fiskiráð, sem flutt var á Alþingi af núv. form. Sjálfstfl. Þangað sækja rauðliðar hugmyndina og alla speki sína í þessu efni, hversu háðuleg orð og rakalaus sem þeir velja þessum Kveldúlfsmönnum. — Um leið og ég undirstrika öll þau virðulegu orð, sem hv. þm. Ísaf. hafði um Guðmund Pétursson, Jón Ólafsson og Ólaf B. Björnsson og aðra góða sjálfstæðismenn á fiskiþinginu, þá vil ég minna á, að þeir gerðu meira. — Þeir báru fram till. á fiskiþinginu, og skal ég aðeins lesa síðari hluta hennar, en hún er svo hljóðandi:

„Jafnframt telur fiskiþingið, að heppilegra sé að fela þessi mál aðeins einni stjórn, og telur þá sjálfsagt, að hún sé skipuð meiri hluta fiskeigenda, enda sé henni séð fyrir nægilegu fé til markaðsleita og annara framkvæmda fiskimálunum til hagsbóta." (JJós: Er þetta líka frá fiskiþinginu?). Já, þetta er frá fiskiþinginu. Þarna koma þessir ágætu menn, sem hafa miklu meira vit á þessum málum en hv. þm. Ísaf., — menn, sem hann þolir engan samanburð við, frekar en hundaþúfan þolir samanburð við fjallið — og halda fram hinu sama og Kveldúlfsmennirnir.

Vill nú hv. þm. Ísaf. éta ofan í sig aftur öll lofsyrðin, sem hann hafði um þessa ágætu sjálfstæðismenn? Álítur hann ennþá, að lofsyrðin séu réttmæt — eða eru þeir nú orðnir aðeins auðvirðilegir Kveldúlfsþjónar? — Ég þarf ekki að svara meira þessu fleipri hv. þm. Ísaf. um það, að meiri hl. þeirra sjálfstæðismanna, sem taka þátt í útvegsmálum, séu reiðubúnir til að fórna alþjóðarheill vegna eiginhagsmuna. Ég hygg, að hann hafi ekki þekkingu á, hvað alþjóðarheill er; ég held, að hann hafi aðeins nasasjón af einni heill — heill síns eigin maga. Það er þess vegna engin ástæða til að reiðast út af þessum ummælum hv. þm. — því að „ómerk eru ómagaorðin." Útvegsmenn hafa á tveimur áratugum stuðlað að því með framsækni sinni, að framleiðsla þjóðarinnar hefir aukizt, og að þjóðin, allt til þess að rauðliðar tóku við völdum, hefir verið að færast nær og nær því að geta lifað sæmilegu menningarlífi. Þessi stefna hélzt, unz það ólán henti þjóðina, að fjandmenn einkaframtaksins náðu hér völdum. En þá kom sá afturkippur í atvinnulíf þjóðarinnar, sem engir brosa að aðrir en hv. þm. N.-Þ. (GG: Ég var ekki að brosa að því). Árið 1915 var saltfiskframleiðsla landsmanna um 24600 smálestir. Árið 1920 um 31100 smálestir, en árið 1930 um 70600 smálestir. Framleiðslan hefir þannig á 15 árum nær því þrefaldazt fyrir ótrauða framsókn þeirra manna, sem höfðu yfirstjórn útvegsmálanna með höndum. (HV: En hvernig hefir það gengið síðan?). Árið 1936 er hv. 2. þm. Reykv. við völd. (HV: Ekki í S. Í. F.). M. a. þar líka, og þá er allt komið í óefni.

Þrátt fyrir þessa aukningu framleiðslunnar á undanförnum árum hafði þessum ofsóttu mönnum tekizt að koma allri vörunni í verð og tekizt að ná þeim bezta markaði, sem fáanlegur var, og þessu náðu þeir með vörvöndun og verzlunarþekkingu. — Nú hafa þessir markaðsmöguleikar að mestu lokazt, að sumu leyti fyrir óviðráðanlega rás viðburðanna, en að sumu leyti fyrir handvömm núv. stjórnarvalda.

Ég hefi nú reynt að sýna fram á, hversu haldgóðar staðhæfingar og árásir stjórnarliða eru, og vil nú að lokum aðeins víkja að því, hvað það er, sem um er deilt. — Það er deilt um, hvort vígið eigi að vera eitt, eða hvort þau eigi að vera tvö. Hvort það eigi að vera eitt vígi, sem mætir öllum utanaðkomandi árásum, þar sem allir stæðu samhuga um að beita öllu afli sínu og áhrifum gegn utanaðkomandi árásum, eða hvort vígin eigi að vera tvö og stöðugur hernaður innbyrðis á milli þeirra. — Það munu allir sjá við rólega athugun, hvort heppilegra er að snúa bökum saman í sameiginlegri vörn og sókn, eða að stöðugar deilur og skotgrafahernaður eigi sér stað á milli þeirra aðilja, sem með þessi mál fara. — Þá má og nefna þann sparnað, sem af því mundi hljótast, að þessi mál væru undir einni stjórn, en fyrir mér er sparnaðurinn ekki aðalatriðið, heldur hitt, að af samhug sé unnið að framkvæmd þessara mála. En ég staðhæfi, að aldrei verður friður um þessi mál á meðan fyrirtækin eru tvö, annarsvegar fiskimálanefnd, sem er óskabarn stjórnarvaldanna og dekra þarf við og hefja til skýjanna á allan hátt, og hinsvegar Sölusambandið, sem að áliti stjórnarvaldanna er úrhrak, sem leggja ber niður eða þarf a. m. k. að vera skotspónn stjórnarliðsins og stjórnarvaldanna, hvenær sem þeim er gramt í geði. Á meðan svo er verður ekki friður um þessi mál, því ég er vondaufur um það, að hægt verði að semja vopnahlé. Það verður ekki að minni hyggju gert á meðan jafnherskár maður er í broddi fylkingar annarsvegar eins og hv. 2. þm. Reykv.

En að lokum vil ég segja það, að það hefir skýrt og afdráttarlaust komið í ljós, hver er vilji fiskeigenda í þessum efnum. Það kom fram á aukafundi Sölusambandsins, þar sem fiskeigendur eða umboðsmenn þeirra víðsvegar að af landinu fyrir svo að segja alla framleiðslu landsmanna voru samankomnir, og þeir samþ. með 183 atkv. gegn 43, að þeir vildu eina stjórn í

þessum málum, og aðeins eina. Ef það er vilji Alþ. að taka nokkurt mark á óskum þjóðarinnar, þá er það skylda þess að taka tillit til þess, sem jafnfjölmennur hópur atvinnurekenda segir í slíku máli sem þessu. Sé það hinsvegar stefna stjórnarflokkanna að svipta framleiðendur á þessu sviði sem öðrum yfirráðum sinna mála, þá auðvitað viðhalda þeir fiskimálanefnd og halda áfram hernaðinum gegn Sölusambandinu. En sá skollaleikur verður ekki aðeins þeim hættulegur, heldur og þjóðinni í heild. En fari þeir sínu fram, þá þeir um það, en ég vil aðeins benda á, að eigi veldur sé, sem varar.

*__Héðinn Valdimarsson__: Hv. þm. Snæf. mun nú hafa verið orðið mál á að tala. Eins og kunnugt er, þá hefir þetta mál í raun og veru verið til umr. áður, þ. e. a. s. við eldhúsumr., en þá fékk hv. þm. ekki að tala, heldur var hv. 6. þm. Reykv. aðallega látinn tala af hálfu flokksins. En nú hefir hv. þm. Snæf. fengið tækifæri til þess að koma þessum straum út, svo að ég vona, að það hafi létt nokkuð á honum. Aftur á móti höfum við margir aðrir þm. tekið þátt í þessum umr. áður, svo að ekki er ástæða til að fara út í hvert einasta atriði, sem drepið hefir verið á af þessum tveimur hv. þm. En ég mun gera nokkrar almennar aths. og minnast á einstök atriði, sem minna hefir verið talað um í eldhúsumr.

Það er nú svo, að sínum augum lítur hver á silfrið, en það er áreiðanlegt, að það er ekki meiri hl. manna hér á landi, sem lítur þannig á eins og hv. þm. Snæf., að útgerðarmennirnir, aflaklærnar og ráðkænskumennirnir, hafi verið einhverjir mestu menn landsins og að á þeim hafi staðið hagur þessa lands, sem hann vildi sýna með því, hvernig saltfisksframleiðslan hefði aukizt fram til ársins 1930. En hvernig gengið hefði til eftir þann tíma, minntist hann ekkert á, og er það þó okkur nær, hvernig vegnað hefir hin síðustu ár.

Nú er það að athuga, hvaða menn það eru, sem hv. þm. Snæf. vill telja máttarstoðir þjóðfélagsins og sem þjóðin lifi á. Það er ekki fjölmenn stétt. Það eru fiskeigendurnir, sem eiga að vera kjarninn í þjóðinni og halda uppi sjávarútveginum. — Á fundi í Sölusambandinu kom það fram við atkvgr., hverjir það eru í raun og veru, sem ráða yfir mestu af fiskinum, og skal ég lesa upp nokkrar atkvæðatölur til þess að sýna þetta. Af 284 atkv. í Sölusambandinu hafa framkvstj. Kveldúlfs 27 atkv., Alliance 14½, Jóhann Þ. Jósefsson umboðsmaður Sölusambandsins í Vestmannaeyjum 22½, Pétur Ottesen fyrir Harald Böðvarsson á Akranesi 7¼, Jón A. Jónsson umboðsmaður Sölusambandsins á Ísafirði 19, Ólafur Briem framkvstj. hjá S. Í. F. 8½, Ólafur Einarsson fyrir Einar Þorgilsson í Hafnarfirði 7, Loftur Loftsson 2, Bræðurnir Proppé umboðsmenn Sölusambandsins 4, Ágúst Ármann umboðsmaður Sölusambandsins 7½, Árni frá Múla umboðsmaður Sölusambandsins 4¾, Geir Thorsteinsson 2¾, 8 aðrir togaraeigendur 22¾. Eins og menn sjá af þessu, þá eru það aðeins örfáir menn, sem fara með meiri hl. atkv., eða 152 atkv., og af þeim hafa framkvstj. og starfsmenn S. Í. F. og Kveldúlfs farið með 107¾ atkv. Nú er hægt að segja, að sumt af þessum fiski, sem S. Í. F. hefir yfir að ráða, sé ekki eign þessara manna og að mikill hluti starfsmanna S. Í. F. fari með umboð annara. En þá er hægt að sanna, hvernig fiskeigendum er hnappað saman í stóra hnappa, sem ráða yfir meiri hl. fisksins, og þar sem þeir ráða, þá tekst með aðstoð S. Í. F. að koma fyrir útibúum og umboðsmönnum til þess að smala að sér atkv. smáútvegsmannanna. En í þessum hring eru örfáir menn og svo aðallega framkv.-stjórar Kveldúlfs, sem vilja einir öllu ráða og eru svo bíræfnir að fara fram á það við Alþ. að leggja ekki aðeins saltfisksöluna undir þá, heldur allan útflutning sjávarafurða. En hvernig hafa þessir menn, framkvstj. Kveldúlfs, náð í yfirráðin yfir fiskmagninu? Hafa þeir unnið sig upp sem fátækir menn? Nei, þeir hafa erft og þar með fengið aðstöðu til þess að ná yfirráðum yfir fiskmagninu, og bankarnir hafa stutt þá til þess að verða þessir stóru fiskeigendur, sem þeir eru nú að monta sig af. Það er því ekki af verðleikum, sem þeir eru komnir í þessa aðstöðu, sem þeir nú hafa, enda hafa afleiðingarnar af ráðsmennsku þeirra þegar sýnt sig. Ég vil að vísu ekki kenna þeim að öllu leyti um það, hvernig farið hefir. En þessir menn, sem þó höfðu haft fjármagn úr bönkunum, höfðu tiltölulega mjög lítið gert til þess að hafa tilbreytingu í verkun sjávarafurða, fyrr en aðrir, sem hugsuðu lengra, kvörtuðu yfir þessu og ráku á eftir því, að hafizt yrði handa í þessum efnum. Og þá komu þessir sömu menn og sögðu: Látið okkur gera þetta, við höfum betri aðstöðu og hæfileika til þess. — Ég held, að hv. þm. Snæf. hefði átt að halda áfram með skýrslu sína og líta yfir ástandið eins og það er nú með lítinn fisk og lítinn markað og hrun framundan. Það verður ekki séð, hvað þessar máttarstoðir þjóðfélagsins duga nú. Ef réttlæti væri um þessi mál, þá væri þeim öðruvísi fyrir komið. Þá væri Sölusambandið ekki á þann hátt sem það er nú, þar sem örfáir menn ráða, sem hafa fengið lán úr bönkunum og notað þá sérstöðu sína fyrst sem einstakir útflytjendur og síðan til þess að komast inn í Sölusambandið. Þá væri líka tekið tillit til þeirra fjölmörgu manna, sem við fiskinn vinna og bera hita og þunga dagsins, því satt að segja er þeirra afkoma ekki minna komin undir stjórn þessara mála heldur en hinna fáu manna, sem þar ráða öllu. Og hvers vegna eiga þá örfáir menn, sem bankarnir hafa af tilviljun lánað mikið fé og skulda mikið, að vera einráðir um þessa hluti? En það verður — þó síðar verði — breytt tilhögun á Sölusambandinu, þannig að tekið verði tillit til þjóðarinnar í heild, en ekki aðeins örfárra manna.

Ég ætla ekki að fara langt út í það, hvernig ástandið var áður en Sölusambandið kom, en ég vil aðeins geta þess, að þegar Sölusambandið var endurreist síðastl. vor, þá endaði Sölusambandið þar á undan ekki glæsilegar en svo, að það hafði mjög verulegan halla, sem varð að greiðast úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði, til þess að það gæti staðið í skilum við fiskeigendur. Það er því hver silkihúfan upp af annari. — Ég verð að segja það, að þegar ég var skipaður

í stjórn Sölusambandsins, þá gekk ég ekki inn í hana á þann hátt, að ég áliti, að þar væri einhvert skipulag, sem búið væri að setja fyrir fullt og allt. Og ég leit svo á, að það væri a. m. k. nokkrar línur, sem hægt væri að taka nokkurn-veginn jafnt, hverrar skoðunar sem maður væri í stjórnmálum, enda var það hvorki ég né sá, sem skipaður var af S. Í. S., sem byrjaði á pólitískum deilum innan Sölusambandsins. Hitt er rétt, að við komum hvað eftir annað með till., sem framkv.stjórunum líkuðu mjög miður, en þær voru aðallega þess efnis að hefjast handa um ýmiskonar útbreiðslustarfsemi. En þær pólitísku till., sem fóru að skjóta upp kollinum, voru allar frá hv. 6. þm. Reykv., sem skömmu eftir að hann kom þangað fór að koma með hverja till. á fætur annari í þeim tilgangi einum að nota Sölusambandið á einhvern hátt á móti þeirri ríkisstj., sem nú er í landinu.

Sú breyting, sem gerð var á skipun Sölusambandsins á síðari tímum, var auðvitað gerð á móti vilja Sjálfstfl. að ýmsu leyti, og hún var á þann hátt í stuttu máli, að Sölusambandið hefði saltfiskssöluna allt að 88%, en annað ekki, enda voru lög Sölusambandsins á þann hátt, að þau gerðu ekki ráð fyrir öðru, og til annars var það ekki löggilt. Fiskimálanefnd var aftur stofnuð til þess að taka þá hluti, sem þeir menn, sem hafa haft með þessi mál að gera, hafa ekki skipt sér af, eða a. m. k. mjög lítið, og þá í einstökum tilfellum alveg misheppnazt, enda var það ekki eðlilegt, þar sem þeir hafa lítið svo á, eins og hv. þm. G.-K. eða staðgengill hans, hv. 6. þm. Reykv., sem sífellt er að tönnlast á því, að það sé stórkostleg afturför að fara í harðfiskverkun og að það eigi umfram allt að halda sig við saltfiskinn, því að harðfiskurinn seljist fyrir miklu lægra verð. Hv. þm. hefir líka talað um það, að menn þekktu nú svo sem harðfisk hér á landi, því að hann hefði verið hér frá alda öðli. Líklega hefir þessum hv. þm. ekki verið það ljóst, að hér er um nokkuð aðra harðfiskverkun að ræða, sem gerð er eftir norskum hætti. Ég efast um, að hv. 6. þm. Reykv. með allri sinni þekkingu hafi nokkurn tíma smakkað harðfisk matreiddan á þann hátt, sem hann er seldur til útflutnings. Hann er ekki verri vara að margra dómi heldur en saltfiskurinn, og ýmsum þykir hann betri, enda hefir verðlagið á harðfiskinum nú að undanförnu verið talsvert hærra en á saltfiskinum. Með þeim tækjum, sem fiskimálanefnd hefir komið fyrir í landinu, er hægt að herða 2 þús. tonn, og samkv. rannsóknum er enginn vafi á, að hægt er að selja þetta. Og það er hægt að halda svona áfram. Maður veit, að í ýmsum löndum eru mjög stórir markaðir fyrir harðfisk, og það er enginn vafi á því, að við getum unnið þá. Hv. formaður Sjálfstfl. hefir unnið það verk, bæði á þingi, í útvarpsumr. og í blöðum, að reyna að telja menn úti um land frá því að reyna þessa aðferð, með því að segja, að þetta sé neyðarúrræði og verðið sé miklu lægra. Og ég ber þá sök á hann, að hann hafi skaðað landið mjög mikið með þessum sínum ræðum og skrifum, eingöngu að ég hygg vegna sinnar fáfræði í þessum efnum.

Nú er það svo, að þeir, sem tala fyrir Sölusambandið hér í þessari d., fara fram á það, að það haldi ekki aðeins saltfiskssölunni, heldur bæti líka við sig allri þeirri starfsemi, sem fiskimálanefnd hefir með höndum. En í því sambandi má geta þess, að nýlega fékk Sölusambandið verk, sem það hafði ekki síðastl. ár, þ. e. a. s. það fékk rétt til þess að flytja út 88% af blautfiski, en það hefir ekki hreyft sig ennþá til þess að gera eitt einasta handtak í þeim efnum, og ég býst ekki við, að það geri það. Ég skil því ekki, hvers vegna það ætti að fara að hlaða meiri störfum ofan á Sölusambandið á meðan svo og svo mikið af verkefnum liggja þar fyrir óhreyfð.

Hv. þm. Snæf. gat um, að það væri tap á starfsemi fiskimálanefndar. Það var aldrei búizt við því, að af starfi hennar mundi koma gróði í fiskimálasjóð, heldur aukin atvinna og hagnaður fyrir aðra en fiskimálanefnd, þar sem hún mundi brjóta veginn og síðan aðrir koma á eftir. En ef maður lítur á þá einu tilraun, sem framkv.stj. Kveldúlfs gerðu fyrir mörgum árum með frystan fisk, sem hafði í för með sér 500 þús. kr. tap, þá er ekki hægt að segja, að tap fiskimálanefndar sé mikið.

Þá tók hv. þm. Snæf. upp nokkra liði og gat um það, hvað á þeim hefði tapazt. — Um Pólandsfiskinn hefi ég þegar talað, svo að ég þarf ekki að fara nánar út í það. — Hv. þm. gat um ferðakostnað og kaup Eiríks Sigurbergssonar og sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að neinn árangur væri af þeirri sendför. Það er nú svo, að það er kannske ekki alltaf svo auðvelt að benda á beinan árangur af ferðum slíkra manna. En ég hygg, að hv. þm. viti ekkert, hvað þessi maður hefir gert, og hafi ekkert spurzt fyrir um það, því hann hefir þó a. m. k. í þeim löndum, sem hann hefir starfað, náð sambandi um harðfisksölu. Hann hefir einnig haft með blautfisk að gera og komið á sölu á ísfiski o. fl. Svo það má benda á margt, sem þessi maður hefir gert á þessu tímabili, en nú er hann horfinn af þessum slóðum vegna veikinda, og verður því í bili ekki meira um þetta.

Um Ameríkufarminn hefir verið deilt svo mikið í útvarpinu, að ég ætla ekki að fara frekar út í það mál. Peningarnir eru nú komnir fyrir farminn, það sem fékkst, svo að það mál er hægt að gera upp mjög fljótlega.

Þá gat hv. þm. um harðfiskströnurnar, sem eru stærsti kostnaðarliðurinn í starfi fiskimálanefndar, en þær borgast af þeim, sem þær hafa keypt, þannig að mikill hluti af því fé, sem fiskimálanefnd varði til þeirra, kemur aftur til baka.

Þá var það eitt smáatriði, sem hv. þm. minntist á í sambandi við Ameríkusöluna, sem ég ætla annars ekki að fara út í. Hann las upp símskeyti frá 18. febr., þar sem umboðsmaður Sölusambandsins í Ameríku taldi verzlunarfélag eitt vera „interesserað“ í að kaupa meiri fisk. Það var skýrt frá því í útvarpsumr., sem ég hygg, að hv. þm. hafi hlustað á, að á þeim tíma, sem þetta skeyti kom, var allur fiskurinn bundinn í samráði við Kristján Einarsson. Það var ekki hægt að selja meira fyrr en síðar, en þó að hann hefði verið óbundinn, þá var ekki hægt að selja hann öðruvísi en með sömu skilmálum eins og 50 tonnin, sem þá voru seld, og það sýndi sig,

hvernig sú sala fór, að hún var rofin áður en skipið kom til Ameríku.

Þá talaði hv. þm. Snæf. enn um það, að það hefði orðið að fá skrifstofustjórann í Sölusambandinu til þess að starfa hjá fiskimálanefnd, og að hann hefði farið fyrir þrábeiðni þangað. En þetta er algerlega rangt. Hann var ekki þrábeðinn þess af neinum. Hann var fenginn til þess að fara þangað, þegar hún tók til starfa, en þá var gert ráð fyrir því, að hann yrði ekki áfram hjá sölusambandinu. En það atvikaðist þannig, að sölusambandið hélt áfram, og það varð úr, að hann reyndi að vera að nokkru leyti hjá hvoru fyrir sig og sjá, hvernig málið færi. En hann varð að fara frá fiskimálanefnd, af því að hann gat ekki annað þeim störfum, sem hann átti þar að gegna. Þetta var honum kunnugt, og er einnig öllum mönnum kunnugt. Það var of mikið starf til þess, að hann gæti haft það sem aukastarf. Og hvernig ætti svo að vera hægt, ef sölusambandið tæki þessi störf að sér, að leggja þessi störf á hann, þar sem hann varð að hverfa frá fiskimálanefnd, af því að hann gat ekki annað störfum þar líka?

Þá segir hv. þm. Snæf., að það gætu aðrir tekið við þessum störfum. Mér er þá spurn: Er ekki meira að gera í Sölusambandinu en það, að hægt sé að bæta á þessi störf heilli stofnun? Hafa starfsmennirnir þar ekki meira að gera en þetta? Ef framkvæmdarstjórarnir hafa ekki meira að gera, hvers vegna eru þeir þá þrír eða jafnvel fjórir? Mér er ekki annað kunnugt en að Richard Thors, sem er ráðinn framkvæmdarstjóri sölusambandsins, hafi fengið þar sér til aðstoðar hv. þm. Snæf., svo að enginn veit, hvort framkvæmdarstjórarnir eru þrír eða fjórir. Ef þessir menn hafa ekki haft meira að gera en þetta undanfarin ár, þá má spyrja, hvers vegna þeir séu svona margir. Má þá ekki fækka þeim?

Ég ætla svo ekki að fara út í Suður-Ameríkuviðskiptin, því ég geri ráð fyrir, að aðrir svari því. En ég verð að segja fyrir mitt leyti, að enda þótt ég kysi helzt að útflutningsverzlun með sjávarafurðir væri öll þjóðnýtt, þá vildi ég ekki það fyrirkomulag, sem er á sölusambandinu. Og jafnvel þó svo væri, þá teldi ég það mjög vafasamt, og enda alls ekki rétt, að hafa eina stofnun, sem hefði það allt með höndum. Ég hygg réttara að hafa verkaskiptingu í þessu sem öðrum málum, og það sé því rétt stefna, sem tekin var af stjórnarflokkunum, þegar þeir skipuðu þessum málum þannig, að fiskimálanefnd var látin starfa sjálfstætt á sínu sviði. En ég verð að mótmæla því, að þó að þessar stofnanir séu tvær, önnur, sem hefir saltfiskinn, hvort sem hún nú heitir sölusamband og er með því fyrirkomulagi, sem það hefir, eða þá með öðru fyrirkomulagi, sem mörgum væri kærara, og svo önnur stofnun, fiskimálanefnd, sem hefði með ýmsar aðrar afurðir að gera og tilraunir o. fl., sem snerti útgerðina, að þá þurfi þær að liggja í erjum hvor við aðra. Þetta er ekki annað en sjálfstæðar ríkisstofnanir, eins og t. d. póstur og sími voru, áður en þetta var sameinað, og þær geta aðstoðað hvor aðra, en það er ekki ástæða til þess fyrir þær að vera með illindi hvor við aðra. — Ég veit ekki betur en að öll þau illindi, sem komið hafa upp í þessum málum, séu af hálfu þeirra manna, sem standa bak við sölusambandið og ráða þar mestu, og saka ég þá helzt um það framkvæmdarstjóra Kveldúlfs, sem allir vita, að mestu ráða í Sölusambandinu, að þeir hafi verið að nota þar aðstöðu sína í pólitískum tilgangi fyrir sjálfa sig, í stað þess að taka það sem verzlunarfyrirtæki, hálfopinbert.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég þarf ekki miklu að svara hv. 6. þm. Reykv., sem kvaddi sér hljóðs, eftir að ég hafði lokið máli mínu við þessa umr. síðast. Hann neitaði að vísu að hafa haft þau ummæli, sem ég bar á hann, að hann hefði haft um sjálfstæðismenn, sem sátu á fiskiþinginu, en það mun vera staðfest með þingskriftum, að hann sagði, að á fiskiþinginu hefðu yfirleitt setið menn, sem hefðu verið samvizkulausir og ekki hefðu haft vit á málaefnunum, og annað slíkt. Það má vera, að frá sjónarmiði þessa hv. þm. sé það enginn vottur þess, að menn gegni ekki skyldum sínum, ef þeir taka að sér störf, sem þeir hafa ekkert vit á, og það eigi ekki heima um þá menn, að þeir séu samvizkulausir.

Ég játa, að það var ég, sem samdi þá till. og það nál. um hagnýtingu sjávarafurða, sem var rætt og samþ. á fiskiþinginu, og eins og ég tók fram, er það undirritað af þeim ágætu sjálfstæðismönnum, sem ég gat um, m. a. hv. 1. þm. Rang. — Til þess að leiða athygli frá, hvað um var að ræða og þeirri hrakför, sem hv. þm. hefir farið hér, fór hann að tala um aðra till., sem felld var með jöfnum atkv. og hné að því, hvort fela skyldi einni og sömu n., ótiltekið hverri, forstöðu S. Í. F. og þá forstöðu, sem fiskimálanefnd hefir nú með höndum. Það var engin till. um að fella þetta undir S. Í. F. Einn sagði meira að segja í umr., að sér væri ekkert kappsmál, hvort heldur fiskimálanefnd tæki við störfum S. Í. F. eða S. Í. F. tæki við störfum fiskimálanefndar, heldur væri það hans principmál, að ekki nema einn aðili hefði þessi störf með höndum.

Þau svigurmæli, sem hv. 6. þm. Reykv. hafði í frammi gagnvart mér, get ég leitt hjá mér. Ég hefi ekki farið dult með það, að samvinnufélag Ísfirðinga hefir ekki grætt fé á undanförnum árum frekar en önnur útgerðarfyrirtæki á landinu. En það er einkennilegt, að um leið og verið er að skýra frá þeirri hraklegu afkomu útgerðarinnar, þá skuli sjálfstæðismenn hér í d. alltaf gera þá kröfu til mín, að ég láti samvinnufélag Ísfirðinga græða fé á sama tíma og önnur fyrirtæki á landinu stórskaðast, eftir því sem þeir sjálfir segja. Ég get náttúrlega verið þakklátur fyrir þær miklu kröfur, sem þessir hv. þm. gera til mín, og það góða álit, sem þeir hafa á mér, að þeir ætlast til þess af mér, að ég einn af öll-

um, sem stjórna útgerðarfyrirtækjum á landinu, geti grætt fé á sama tíma og allir aðrir tapa.

Um stj. þessa útgerðarfyrirtækis skal ég ekki fjölyrða. Ég skal aðeins taka það fram, að mér er kunnugt um, að þessi hv. þm. hefir einu sinni komið það nærri útgerðarfyrirtæki, að hann gat veitt því nábjargirnar, áður en það lagðist út af. Hvernig hann fór að, að koma fyrir þeirri skuld, sem hann komst í í sambandi við þetta fyrirtæki, get ég rifjað upp, ef vill, en ég ætla ekki að gera það frekar nú. — Ég læt þetta svo nægja handa hv. 6. þm. Reykv., en skal þá ofurlítið snúa mér að hv. þm. Snæf.

Hv. þm. Snæf. vildi halda fram, að það skipti engu máli viðvíkjandi sölu á fiski, hvernig hann væri verkaður. Þeir menn, sem ættu að vera sæmilega að sér í saltfisksölu, gætu alveg eins haft kunnáttu til þess að selja fisk í hverju ástandi öðru sem væri. Nú er það vitanlegt, að þeir, sem kaupa og verzla með ísaðan eða flakaðan fisk og hraðfrystan eða hertan fisk, eru allt aðrir menn en þeir, sem verzla með saltfisk, og fiskur, sem er ekki saltaður, heldur seldur í öðru ástandi og sendur á allt aðra markaði og oft í önnur lönd en saltfiskur, — verzlun með hann er eins óskyld verzlun með saltfisk eins og það er óskylt að verzla með saltfisk og hveiti eða rúgmjöl eða eitthvað þess háttar. Það er allt önnur kunnátta, sem þarf til að verzla með fisk, sem er meðhöndlaður á annan hátt en saltfiskur.

Hv. þm. Snæf. segir, að einn fundarmaður í S. Í. F. hafi lýst því yfir, að S. Í. F. mundi klofna, ef það færi út fyrir þau takmörk, sem því voru sett með þeim l., sem nú gilda fyrir það, og sagði, að ég hefði verið á þessu máli. Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að ég lýsti þessu yfir fyrstur manna. En þessa sömu yfirlýsingu gaf Jón Árnason, framkvæmdarstjóri S. Í. S., fyrir sig og sitt fyrirtæki. Og ég er þess öldungis viss, að þó að engir sjálfstæðismenn hafi lýst yfir þessu sama, þá er svo mikil sundrung ríkjandi í S. Í. F., að ef það færi að leggja sig eftir verzlun og tilraunum, sem væru áhættusamari en saltfiskverzlunin, þótt slæm sé, þá mundi S. Í. F. óefað liðast í sundur. Fyrir þá, sem álíta nauðsynlegt fyrir land og þjóð, að sala saltfiskjar sé undir einum hatti eins og nú er, þar sem S. Í. F. hefir næstum alla saltfisksölu, þá er það mesta óráð að ætlast til, að S. Í. F. fari að taka upp aðra starfsemi, því að það yrði til þess, að svo mikill hluti af saltfiskseigendum gengi úr S. Í. F., að það gæti ekki fengið samskonar löggildingu og það hefir nú.

Hv. þm. Snæf. benti á, að S. Í. F. mundi geta fengið samskonar tekjur úr fiskimálasjóði og fiskimálanefnd hefir nú til sinna tilrauna, en vel gæti farið svo, að S. Í. F. legði í svo örðugar tilraunir, að tekjurnar hrykkju ekki, og þá yrði að jafna tapinu niður á saltfiskinn eða aðrar vörutegundir, sem S. Í. F. hefði til sölu.

Hv. þm. Snæf. sagði, að hann hefði útbýtt sinni skýrslu til S. Í. F. sem einkamáli, afhent hana vissum mönnum og ætlazt til, að skýrslan væri yfirleitt einkamál. Ég skal taka það fram, að í þessari skýrslu er óskað eftir því á einum stað, að með vissar upplýsingar, sem hv. þm. Snæf. gefur um umboðsmenn, sé farið sem einkamál, og ég fullyrði, að út fyrir þennan ramma, sem hv. þm. Snæf. sjálfur markar í skýrslu sinni, hefi ég ekki farið. Ég hefi ekki farið með neitt, hvorki hér á þingi eða annarsstaðar, úr þessari skýrslu, sem hv. þm. Snæf. óskaði eftir, að farið væri með sem einkamál. Hinsvegar getur hv. þm. Snæf. þess hvergi í skýrslu sinni, að hún sé í heild sinni einkamál, enda er það svo, að í henni er ekki neitt, sem allan almenning varðar ekki, eða getur orðið til miska fyrir nokkurn mann, að hreyft sé opinberlega, nema ef vera skyldu þau ummæli, sem hv. þm. hefir um stj. S. Í. F., að það hafi ekki svarað bréfum og skeytum, sem því hefðu borizt um málaleitanir til að selja fisk á markaði, sem ekki hafði verið selt á áður. — Það kann að vera, að hv. þm. Snæf. ætlist til, að ég og aðrir, sem fengu þessa skýrslu, færu með hana sem einkamál. En þegar verið er að ræða um starfsemi, sem er öllum almenningi jafnmikið viðkomandi og stj. S. Í. F., þá sé ég enga ástæðu til að þegja yfir því, þegar jafnvel hv. þm. Snæf., sem venjulega telur sig skuldbundinn til að halda hlífiskildi yfir stj. S. Í. F., þegar jafnvel hann flettir ofan af starfsemi forstjóranna jafngreypilega og hann hefir gert í þessari skýrslu. Hann upplýsir að vísu nú við umr., að þessir menn, sem hefðu skrifað stjórn S. Í. F. frá Suður-Ameríku, hefðu ekki fengið svör frá S. Í. F., sem þeir höfðu skrifað, heldur beint frá sínum fyrri samböndum, m. ö. o., að samstarfið í S. Í. F. er ekki meira en það, að þegar S. Í. F. sjálfu berast símskeyti frá mönnum um nýja markaði í Suður-Ameríku, þá láta þeir þá framkvæmdarstjóra, sem áður kunnu að hafa verzlað við þessa menn eða þekkt þá eitthvað, svara frá Kveldúlfi eða Alliance, en ekki frá S. Í. F. sjálfu. Hvað á þetta að þýða? Þýðir það það, að þrátt fyrir S. Í. F. starfar Kveldúlfur og Alliance eins og þau höfðu gert áður, á bak við S. Í. F., og hafa sérstök sambönd í Suður-Ameríku, sem gættu þeirra hagsmuna privat? Vill hv. þm. Snæf. leysa úr þessari spurningu? Hans ummæli verða ekki tekin öðruvísi en svona, þegar hann tekur fram, að S. Í. F. sjálft svari ekki bréfum, sem því berast um verzlun og viðskipti, heldur sé það Kveldúlfur og Alliance, sem hafi svarað þeim eins og bezt þykir henta í hvert skipti.

Þá skal ég koma að því, sem hv. þm. Snæf. sagði um fiskmarkaðinn í Argentínu og Brasilíu. Hv. þm. segir í skýrslu sinni á blaðsíðu 77, að salan í Argentínu á 31 sh. 41 kg. cif. sé, að frádregnum auknum kostnaði, rýrnun o. fl., hærri en núv. Spánarverð fyrir samskonar vöru og gerir svo ráð fyrir, að þegar keppinautar okkar hafi ráðazt dálítið og sjái, að okkur verði ekki bolað burt, sé líklegt, að hækka megi verðið um 1—2 sh. á kassa, m. ö. o., að verðið í Argentínu er mun aðgengilegra en á Spáni.

Í ræðu sinni segir hv. þm. Snæf., að markaðirnir í Argentínu og Brasilíu hafi verið okkur lokaðir fram til 1936, að hann var sendur í þessa landkönnunarferð til Suður-Ameríku og var svo heppinn að finna hana, eins og gera má ráð fyrir. (TT: Ætli Fritz Kjartansson hafi fundið hana?). Það væri spursmál um Árna frá Múla.

En ef maður athugar skýrslu hv. þm., þá verður ekki séð, að mikil vandkvæði hafi verið á að fá þennan markað opnaðan fyrir Íslendinga. Hv. þm. segir í skýrslunni, að engir örðugleikar hafi verið á því fyrir Íslendinga að fá loforð fyrir að fá að njóta hins opinbera gengis, sem er 20% hagstæðara en það gengi, sem er ekki opinberlega skráð fyrir innflutningsvöru. Og ástæðan fyrir því, að svo létt er að fá loforð um þetta hagstæðara gengi fyrir vörur frá Íslandi, er sú, eins og hv. þm. Snæf. segir í skýrslu sinni, að innflutningur Dana frá Argentínu er 30 sinnum meiri en útflutningur þeirra þangað. Og um þetta segir hv. þm. Snæf. í skýrslu sinni á bls. 9: „Flltrúi gengisnefndar taldi því eigi vandkvæði að fá gengi fyrir Ísland." — Ég geri ráð fyrir, að þessi kaup Dana á vörum frá Argentínu, sem eru 30 sinnum meiri en það, sem þeir selja þangað, hafi ekki orðið svona hagkvæm bara við það, að hv. þm. Snæf. kom til Suður-Ameríku, heldur hafi verið til um nokkur ár. Með þessu sannar hv. þm. Snæf., að verið hafi í lófa lagið að fá þessu breytt áður, fá það opinbera gengi skráð til hagsbóta fyrir íslenzkan innflutning til Argentínu, ef það hefði verið reynt nokkurntíma áður. Það var ekki annar vandi en sá, að fara að eins og hv. þm. Snæf. gerði, leita aðstoðar Dana til þess að fá skráð það opinbera gengi fyrir innflutningsvörur frá Íslandi. Þannig sannar hv. þm. Snæf., að þeir möguleikar, sem hann talar um í Argentínu, voru þar fyrir hendi áður en hann fór þangað, þeir hafi verið fyrir hendi síðustu ár, meðan stj. S. Í. F. hafði látið undir höfuð leggjast að nota þennan ágæta markað í Argentínu, sem hv. þm. Snæf. sjálfur segir, að sé betri en Spánarmarkaðurinn. Auk þess bendir hv. þm. Snæf. á það í skýrslu sinni, að þótt við ekki fengjum skráð þetta opinbera gengi, þá voru ýmsar aðrar leiðir til að fá þetta öðruvísi en gegnum dönsku sendisveitina, M. a. væri minnstur vandi að fá beint þaðan það hveiti og þann mais, sem við kaupum þar, og væri hagnaður að kaupa það beint þaðan, í stað þess að fá það eftir krókaleiðum. Hann talar um þetta á bls. 12 í skýrslu sinni og segir þar, að með þessu móti væri gjaldeyrisþursmálið leyst af sjálfu sér. M. ö. o.: Án aðstöðu Dana var hægt að koma gjaldeyrismálinu þannig fyrir, að það leystist af sjálfu sér.

Um gengismálið í Brasilíu er það rétt, sem hann segir. Gengishöftin voru uppleyst þar 11. febr. síðastl., en stjórn S. Í. F. og hv. þm. Snæf. fylgdust ekki betur með en svo, að í ágústmánuði, þegar verið var að senda hv. þm. til Ameríku, þá vissi hann ekki, að búið var að leysa þessi höft, og segir hann það sjálfur í skýrslu sinni, að hann hafi búizt við því, að árangur af för sinni væri tvísýnn, vegna gengisvandræða í Argentínu og Brasilíu. Auk þess að búið var að upphefja gengishömlurnar mörgum mánuðum áður en hv. þm. fór í þessa för, þá bendir hann einnig á það, á bls. 31 í skýrslu sinni, að Íslendingar kaupi kaffi fyrir 600 þús. kr. árlega, og segir, að allt það kaffi, sem keypt hafi verið frá Brasilíu og Java, hafi árið 1932 verið 1891 kr. og árið 1933 1265 kr. Með því að ráðstafa innflutningnum hefði verið auðvelt að beina til Brasilíu kaffiverzlun fyrir 600 þús. kr. á ári og fá þangað innflutning í staðinn. Þessi gengisdraugur, sem hv. þm. taldi, að hefði verið í vegi fyrir því að selja fisk til Argentínu og Brasilíu, er þannig kveðinn niður. Auk þessa eru vitanlega til fleiri leiðir, og hefir réttilega verið bent á, að þær hafa alltaf verið til. T. d. það, að selja fiskinn annaðhvort yfir England eða Bandaríkin, sem hafa þá aðstöðu í verzlun við þessi lönd, að þeim var þar alltaf opinn markaður. Þessa leið var alveg vandalaust að fara, en hefði kostað umboðsmann. Þessi leið var svo augljós, að allir áttu að geta komið auga á hana, og ég veit um það, að maður, sem var staddur í Bandaríkjunum árið 1934, var beðinn um að útvega héðan sýnishorn af fiski — einmitt til þess að reyna sölu á honum til Suður-Ameríku. Þegar þessi maður spurði um, hvernig væri um gjaldeyri, þá var honum sagt, að það skipti engu máli, því þar væri keypt svo mikið af kaffi og fleira frá Suður-Ameríku, að markaður þangað stæði alltaf opinn. Þessi maður var ekki fisksali, en þegar hann kom hingað heim, þá gerði hann tilraun til þess að fá framkvæmdarstjóra S. Í. F. til að senda sýnishorn af fiski til Bandaríkjanna, en svo liðu tvö ár, að ekkert var aðhafzt. Ég segi þetta í áframhaldi af þeim ásökunum, sem hv. þm. Snæf. hefir beint til S. Í. F., vegna þess að hafa látið undir höfuð leggjast að nota þá markaðsmöguleika, sem alltaf hafa verið til, og enn er markaðurinn svo mikill, að Magnús Sigurðsson segir, að á þessu ári sé hægt að selja þar 600 tonn af saltfiski. Og stjórn S. Í. F. lét algerlega undir höfuð leggjast að nota þessa möguleika, þótt markaðurinn á Spáni dragist saman ár frá ári.

Hv. þm. Snæf. sagði með talsverðum þjósti, að Íslendingar hefðu ekki ráð á því að festa miklar fjárhæðir í Brasilíu eftir að búið sé í höndum núv. ríkisstj. að fara svo með Spánarmarkaðinn, að hann sé fallinn úr 30 þús. og niður í 6 þús. smálestir.

Hv. þm. hefir, eins og ég hefi sýnt fram á, sannað það með skýrslu sinni, að það er óþarfi að fara þannig með markaðinn, að fjárhæðir nokkrar festist við að nota hann, en út af svigurmælum hans, þar sem hann sagði, að í höndum núv. ríkisstj. væri búið að fara þannig með Spánarmarkaðinn, að hann væri fallinn úr 30 þús. niður í 6 þús. smálestir, þá vil ég skora á hann að sýna fram á það með fullum rökum, að mögulegt hefði verið að hafa þann markað meiri heldur en hann er nú, og hvernig að því hefði átt að fara. Geti hann þetta ekki, þá falla þessi svigurmæli um sjálf sig eins og hvert annað ómagahjal.

Hv. þm. Snæf. var að tala um, að hjá Kveldúlfur hefði staðið mjög mikið undir atvinnulífi þessa bæjar, og því verður ekki neitað, en hinsvegar ber að athuga það, hverjir standa undir Kveldúlfi. Hverjir standa undir þessu skuldugasta fyrirtæki landsins? Það er vitað, að þetta félag skuldar bönkunum margar millj. króna — algerlega ótryggðar skuldir —, og það vita allir, að það er þjóðin sjálf, sem stendur undir þessum skuldabagga. Þetta er öllum ljóst, hvernig sem hv. þm. Snæf. vill fara með það. Annars er það mjög furðulegt með þennan hv.

þm., að þótt hann hafi komizt í gegnum lögfræðipróf og þótt hann sé kominn hér inn á löggjafarþing þjóðarinnar, þá talar hann eins og barn, sem ekki er búið að missa mjólkurtennurnar. Hann var að tala um hornsílaveiðar, og stafar það sennilega af því, að hann hafi stundað hornsílaveiði í bæjarlæknum, þegar hann var drengur, og sé það því sú eina veiði, sem hann hafi á verklega þekkingu, og sú eina veiði, sem hann væri fær um að stjórna.

Hann fór nokkuð út í nál. frá fiskiþinginu, og skal ég, úr því hann fór út í það, gera honum það til geðs að minna hann á það aftur, að í þessu nál. fiskiþingsins, sem hann las upp eftir mér, lýsir fiskiþingið ánægju sinni yfir þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið með nýbreytni á hagnýtingu og útflutningi sjávarafurða, svo sem hraðfrystingu á fiski, herðingu á fiski, karfaveiðum o. þ. h. En hver hefir farið með framkvæmd þessara mála, sem hér er talað um? Er það stjórn S. Í. F.? Nei, það er fiskimálanefnd ein, sem hefir farið með þessi mál, og fiskiþingið er vitanlega með þessari ályktun sinni að lýsa ánægju sinni yfir störfum fiskimálanefndar; og þetta er þess vegna óbeint þakkarávarp til fiskimálanefndar, og ekkert annað. Enda er það svo, að það, sem stjórnarflokkarnir hafa lagt til málanna um verkun og hagnýtingu sjávarafurða, hefir orðið til þess, að hafizt hefir verið handa um þessar nýju framkvæmdir, en fiskiráðshégóminn var sýnilegt, að gæti aldrei orðið til annars en ráðagerða. Munurinn á stjórnarflokkunum annarsvegar og Sjálfstfl. hinsvegar er þá sá, að Sjálfstfl. hefir lagt það til, að talað væri um málin, en ekkert gert, en stjórnarflokkarnir hafa lagt fram till., sem hafa orðið til þess, að hafizt hefir verið handa um framkvæmdir og mikið hefir verið gert, og þessar framkvæmdir er verið að þakka í þessu nál. fiskiþingsins, sem við hv. þm. Snæf. höfum báðir talað um, og mér er ánægja að því að lána hv. þm. nú þetta nál., ef það gæti orðið til þess, að hann glöggvaði sig betur á því.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Það er ekki nema lítið, sem ég get sagt til framhalds þessum umr. Það er búið að segja allmikið um málið, og er kannske til lítilla bóta að auka við það, en mér finnst, að sumt af viðræðunum hafi orðið nokkuð persónulegt hjá þeim, sem hafa tekið til máls, og að það þurfi að líta á málið á breiðari grundvelli með og móti heldur en sumir þeirra hafa gert.

Ég vil taka það fram, að það er, að ég tel, á miklum misskilningi byggt hjá hv. þm. Ísaf., þegar hann segir hér í ræðu fyrir nokkrum dögum, að fisksending sú til Póllands, sem fiskimálanefnd stóð fyrir, hafi farið fram eftir mínum ráðum. Ég hefi nýlega átt kost á að hrinda samskonar ummælum, og þó svæsnari, sem voru í flokksblaði þessa hv. þm.; þessum ummælum hrinti ég í svargrein, sem birtist í Morgunblaðinu, og benti þar á, að það var hvorki eftir mínum ráðum, að þessi fiskur var sendur til Póllands, né hvernig með þá sendingu var farið. Um þetta var ekkert við mig ráðgazt eða við mig nefnt. Þótt ég hafi svarað þessu í Morgunblaðinu og árásir Alþýðublaðsins hafi síðan hætt, þá finnst mér rétt, þar sem hv. þm. Ísaf. hefir tekið upp þessar árásir á mig hér á þingi, að taka þetta fram og láta það standa í þingtíðindunum, svo að afskipti mín af þessu máli sjáist þar greinilega. Afskipti mín af fisksendingunni til Póllands voru þau ein, að samkv. tilmælum ríkisstj. grennslaðist ég eftir því alstaðar í Mið-Evrópu í gegnum dönsku sendisveitina í Berlín, hvort nokkrar líkur væru til þess, að hægt væri fyrir okkur að selja frystan fisk á meginlandi Evrópu. Við þessa eftirgrennslan kom það í ljós hjá sendisveitinni í Varsjá, að í Póllandi væru möguleikar fyrir slíkri sölu. Sendinefndin benti á firma, sem hefir verið trúnaðarmaður S. Í. S., aðallega með að útvega vörur, og það, sem ég gerði, var að láta stjórninni í té upplýsingar um það, hvers ég hefði orðið vísari frá sendisveitinni í Varsjá. Eina ráðleggingin, sem frá mér kom, var sú, að ef fiskimálanefnd hugsaði sér til hreyfings um að nota þennan möguleika, þá þyrfti skjótra framkvæmda, vegna þess að sá tími, sem þyrfti að nota, var að nokkru leyti liðinn, en þó ekki nema að nokkru leyti. Að öðru leyti var það ekkert undir mig borið, hvað gera skyldi, og ekki orðað við mig að semja við umboðsmann í Póllandi. Enda munu flestir, sem þekkja formann fiskimálanefndar, geta hugsað sér það, hvaða ástæða honum hefir fundizt til að ráðgast við mig um málið, eftir að hann þóttist einráður um að koma því í gegn. Til þess svo að lokum að hnekkja öllum ummælum í þessa átt, vil ég benda á ummæli hv. 2. þm. Reykv. á síðasta þingi, þar sem hann gaf mér fullnaðarkvittun fyrir því, að ég væri ekkert við þetta mál riðinn. Það var þá borið fram með öðrum forsendum, sem sé þeim, að einn hv. þm. talaði um, að ég mundi þar hafa unnið til nokkurs þakklætis, en hv. 2. þm. Reykv. var þá svo skeleggur, að hann reis strax upp úr sæti sínu til að lýsa því yfir, að það væri að engu mér að þakka. Enginn sósialisti mótmælti þessu; voru allir víst sammála hv. 2. þm. Reykv. Ég kann því illa, að hv. þm. Ísaf. skuli nú vilja kenna mér um það, sem allir hv. flokksmenn hans voru sammála um á síðasta þingi, að ekki væri mér að þakka.

Ég vil að endingu geta þess, að skjöl og skilríki fyrir því, að ég gef rétta skýrslu um þetta mál, bæði fyrr í blöðum og eins nú hér á þingi, liggja hjá stjórnarráðinu, og það hjá þeim ráðherranna, sem hv. þm. Ísaf. mun eiga greiðastan aðgang að.

Hér liggur fyrir þetta frv., sem borið er fram í annað sinn, að fela stjórn S. Í. F. þau störf, sem fiskimálanefnd hefir með höndum. Þetta hefir orðið til þess, að menn hafa hér farið að metast um það, hverjir væru kunnugastir fisksölumálum og hverjir væru færari til að selja fisk, stjórn S. Í. F. eða þeir, sem stjórna fiskimálanefnd. Ég skal ekki fara út í þann mannjöfnuð, sem gerður hefir verið í því efni. En mér finnst allbroslegt að heyra þennan meting, sérstaklega þegar hann kemur frá mönnum, sem hafa aldrei haft reynslu í því að selja fisk eða koma sjávarafurðum í peninga. En hvað snertir samtök og samvinnu í sölu sjávarafurða, þá

verð ég að segja það, að ég tel, að við, sem sitjum í stjórn S. Í. F., höfum a. m. k. sumir okkar mjög langa reynslu í þeim efnum. Ég hefi síðan 1923 unnið í samvinnu — fyrst og fremst innanhéraðs með sveitungum mínum — að sölu á fiski og yfirleitt fylgzt allvel með þróun fisksölunnar hér á landi, og ef til vill betur en sumir þeir, sem nú vilja láta ljós sitt skína. Á þeim tíma, sem S. Í. S. sá engan annan kost vænni en að selja Kveldúlfi **allan** sinn fisk, starfaði sölusamlag okkar Vestmannaeyinga að því að selja fiskinn okkar, og við seldum ýmist Kveldúlfi eða öðrum, eftir því sem bezt mátti verða. Nú er svo að heyra á orðum þessara manna, sem mest láta af nauðsyn fiskimálanefndar, að Kveldúlfur sé ekki sérlega vel fær um að annast fisksölumálin — einmitt það félagið, sem S. Í. S. fól sölu á öllum sínum fiski. — Ég er allt annarar skoðunar. Við í Vestmannaeyjum seldum ekki Kveldúlfi allan okkar fisk, við sáum fleiri möguleika, en við seldum Kveldúlfi oft mikið, og gekk vel með þau viðskipti, sem stundum snerust um ½ millj. kr. eða meira í einu. Og ég verð að segja það hér vegna þessara margendurteknu árása á Kveldúlf, sem einn af stjórnarnefndarmeðlimum í Fisksölusambandi Vestmannaeyja yfir áratug, að alltaf hefir verið gott við þetta fyrirtæki að skipta. Það hafði a. m. k. þann höfuðkost, að samningar voru æfinlega haldnir, hvað sem á bjátaði, og er það einhver bezti kostur, sem nokkur stórútflytjandi getur haft, en á þeim tímum voru ekki allir útflytjendur jafnáreiðanlegir í þeim sökum. — En svo kom að því, að bankarnir, sem höfðu satt að segja verið nokkuð tómlátir gagnvart samtökum okkar framleiðenda í fleiri ár, rumskuðu og studdu að því að S. Í. F. var stofnað. Það var árið 1931. Þá slógu nokkrir stórútflytjendur í Rvík sér saman og stofnuðu með stuðningi bankanna þetta S. Í. F., sem ennþá lifir og við álítum, að sé jafnvel fært um að geta sinnt störfum fiskimálanefndar. Þegar svo þetta félag, S. Í. F., var búið að starfa í nokkur ár á heldur lausum grundvelli og þegar að því kom, að það átti að fara að festa félagsskapinn, og fulltrúaráðsfundur, sem haldinn var haustið 1934, var búinn að koma sér saman um meginreglur fyrir þeim félagsskap, þá kom pólitíkin og greip fram fyrir hendurnar á okkur framleiðendum, og því er ekki að leyna, að þar í broddi fylkingar var hv. þm. Ísaf. Þegar svo var komið, að S. Í. F. var að fá á sig lögun og form reglulegs félagsskapar, þá var komið inn á Alþ. með þetta frv. um fiskimálanefnd, sem hér hefir mikið verið til umr. Mér fannst satt að segja þá, að þeir tímar væru ekki heppilega valdir. Ég er ekki ennþá farinn að sjá, að það hafi verið þörf fyrir ríkisstj. eða meiri hl. Alþ. að grípa þannig fram fyrir hendurnar á okkur framleiðendum, sem ætluðum að standa saman og byggja betur upp okkar félagsskap. En eins og kunnugt er, þá hafði það víst verið ákveðið utan þings af hinum háu stj.flokkum að gera þetta; a. m. k. var það svo, að engin andmæli eða brtt., sem fram komu frá okkur sjálfstæðismönnum, voru á nokkurn hátt teknar til greina á þinginu 1934. Stefnan var sem sagt sú, að skipuleggja fisksölumálin með tilliti til hinna pólitísku flokka, og þá auðvitað eftir venju núv. stjórnarflokka, þannig, að þeir, sem væri í minni hl., hefðu hreint ekkert að segja. Þessari reglu var gaumgæfilega framfylgt á því þingi, sem lögin um fiskimálanefnd voru sett. Eins og menn muna, þá hafði það frv., sem þá kom fram, í sér fólgna marga möguleika, t. d. þá, að margir útflytjendur væru saman í svokölluðum „grúppum", og að Fisksölusamlagið starfaði áfram undir vissum skilyrðum, og að það yrði einkasala á fiski. Og mér er það minnisstætt, og hv. þm. er það kannske líka, að báðir bankarnir mótmæltu því, að þetta síðasta ákvæði, um einkasöluna, væri lögleitt, og einkum var sá af bankastjórum Útvegsbankans, sem hv. þm. Ísaf. hefir sungið mest lof og prís hér í d., mjög mótfallinn þessu ákvæði.

Það sýndi sig við meðferð málsins á haustþinginu 1934, að þeir, sem að því stóðu að setja löggjöf um fiskimálanefnd, voru staðráðnir í því að hafa að engu allar óskir, sem fram komu frá okkur sjálfstæðismönnum í þessu efni. Ég vil benda á það sem dæmi, að einmitt sá þm. úr hópi sjálfstæðismanna, sem hv. þm. Ísaf. telur vera allra manna hæfastan til þess að hafa vit á fisksölumálum, hv. 1. þm. Rang., flutti ásamt mér fjölmargar brtt. við þetta frv., en allar þessar till. voru felldar, og hv. þm. Ísaf. hjálpaði dyggilega til þess að brjóta á bak aftur allar þær brtt., sem þessi ágæti þm. úr hópi okkar sjálfstæðismanna stóð að. Þetta sýnir það, að þessi löggjöf, sem sett var um fisksölumálin, var ekki fædd undir neinu happamerki. Þetta var sem sagt endurtekning á því, sem oft hefir komið fyrir á þessu þingi síðari árin, að meiri hl. ræður ráðum sínum að mestu leyti utan þings um það, hvernig skipa skuli atvinnumálum og velferðarmálum þjóðarinnar, og var frá upphafi vega sinna alveg staðráðinn í því að taka ekkert tillit til minni hl., og þetta er þeim mun athugunarverðara, þegar þess er gætt, að þessi meiri hl. er ekki sérlega geipilegur. Mér er sagt, að það sé siður t. d. í Danmörku, að stjórnarmeirihl. ráðist ekki í svona stórræði eingöngu á þeim grundvelli að brjóta minni hl. þingsins á bak aftur; hann ræðst ekki í slíkar stóraðgerðir án þess að það séu einhverjir af stjórnarandstæðingum sammála stjórninni. En hér er það því miður siður að þvinga fram löggjöf í ýmsum atvinnumálum án þess að taka nokkurt tillit til annara en þeirra, sem mynda meiri hl. í Alþingi. Það liðu ekki nema nokkur dægur frá þinglokum þangað til gefa varð út bráðabirgðal. til þess að lagfæra þessa löggjöf og gera hana þannig úr garði, að ekki hlytist allt of mikið tjón af henni fyrir landsfólkið. Það er nauðsynlegt að athuga það, þegar menn eru hér, eins og hv. þm. Ísaf. og raunar fleiri, að varpa því fram bæði á Alþ. og í blöðum, að við sjálfstæðismenn höfum sett pólitík í þessi mál, að ef rakin er saga þessa máls og allur aðdragandi, þá kemur allt annað í ljós. Það er undir handleiðslu núv. ríkisstj. og sumpart með hv. þm. Ísaf. sem málpípu, að sá pólitíski asni hefir verið leiddur inn í herbúðir fisksölumálanna og þessa atvinnuvegar. Það hefði verið mjög æskilegt, að til þess hefði ekki komið. En löngu áður en þetta skeði, átti ég tal við einn af þm. stjórnarflokkanna, einn af

hinum vitmestu og gætnustu, sem setið hafa á þingi síðustu árin. Fisksölumálin bárust í tal, og hann var mér mjög sammála um, að það yrði í lengstu lög að forðast að draga pólitik inn í þessi mál, því að hann var fullkomlega sannfærður um það, að um það leyti sem löggjöfin á þennan hátt færi að skipta sér af þessum málum, þá væri flokksstífnin komin í þessi mál, eins og reynslan hefir sannað. Ég ætla ekki að fara að rekja þessi sérstöku deiluefni, er orðið hafa milli Fisksölusamlagsins og fiskimálanefndar út af Ameríku-sölunni. Þau hafa þegar verið rakin af öðrum, og ég ætla, að það hafi öllum hv. þm. verið ljóst, hverjir þar eiga sök á, að svo miklu leyti sem um sök er að ræða. En þó hangið sé í því orðalagi í lögum S. Í. F., er segir, að félagsskapur sá fáist við að selja saltfisk fyrir framleiðendur, þá er ákaflega veikt hjá formælendum fiskimálanefndar beinlínis að leggja mikið upp úr þessu orðalagi. Það er vitanlegt, að höfuðframleiðslan er saltfiskur, og var engin ástæða til, þegar félagslög þessa félags voru samþ., að fara að telja upp allar fiskverkunartegundir, er fyrir kynnu að koma. Hinsvegar stríðir það á móti heilbrigðri skynsemi að halda því fram í þessu sambandi, að stjórn Fisksölusambandsins sé óheimilt að reyna til að selja fisk í öðru verkunarástandi en saltaðan. Og þá þarf ekki að benda á það, hvað það er raunverulega óskynsamlegt að halda því fram, að þegar maður eins og Kristján Einarsson siglir til Ameríku til þess að reyna að selja saltfisk, þá hafi það ekki verið skylda hans að hafa augun jafnopin um sölu á freðfiski. En látum það nú vera. Við skulum setja sem svo, að það megi með orðhengilshætti hallast að þessari skoðun fiskimálanefndar. En þá er mér spurn: Hafa þessir menn þá líka verið á þessari skoðun þegar fiskimálanefnd fór að seilast inn á það svið að selja saltfisk? Það er ekki því að heilsa, að hún hafi takmarkað sig við þetta. Hún gerði tilraunir með aðrar vörur en freðfisk. En það hefir komið fram, eins og ég vék að, að þegar þessi löggjöf var sett, var hún sett meðfram til þess að láta reidda öxina vofa yfir Sölusambandinu um óákveðinn tíma, líka að því er snerti sölu á saltfiski. Þessu til sönnunar er nægilegt að benda á það, að 6. marz sækir S. Í. F. um löggildingu til hæstv. atvmrh. til þess að hafa um hönd sölu á saltfiski, en það dregst þó til 29. marz, að ráðherrann veiti leyfið, en einmitt þessi tími er mjög mikilsverður tími til þess að selja saltfisk úr verstöðvunum, sem stunda veiðar á vetrarvertíðinni. Hver kom því til leiðar? Vill hv. þm. Ísaf. eða hv. 2. þm. Reykv. svara því? Hver kom því til leiðar, að ráðherrann frestaði því í 23 daga á mikilsverðum sölutíma, að veita S. Í. F. þessa sjálfsögðu löggildingu til að selja saltfisk? Og í hvaða skyni var það gert? Það sýnir sig, að á þessum tíma er fiskimálanefnd einmitt að reyna að vinna að sölu saltfiskjar, og árangurinn verður svo eins og kunnugt er sá, að einn af stjórnarnefndarmeðlimum fiskimálanefndar fær framgengt sölu á einum farmi til Ameriku fyrir milligöngu dansks umboðsmanns. Þetta sýnir glöggt, að það hefir verið tilgangurinn á tímabilinu frá 6.—29. marz að láta sölu saltfiskjar fara í gegnum annara hendur en S. Í. F. Það var dregið í efa af hæstv. ráðh. og að ég hygg hv. þm. Ísaf., að samþykkt, sem gerð var á aukafundi S. Í. F. á dögunum, er fór í þá átt, að aukafundur fiskeigenda óskaði eftir, að þau verkefni, er fiskimálanefndin hefði með höndum, væru falin S. Í. F., — það var dregið í efa, að þarna kæmi fram hinn almenni vilji fiskframleiðenda. Mig minnir, að till. væri samþ. með 183:43 atkv. Og það var sannprófað, að það voru rétt umboð allra þeirra, er fóru með umboð fyrir fiskeigendur. Ennfremur var það sannprófað, að á fundinum voru mættir umboðsmenn fyrir það fiskmagn, er átti þarna aðgang, eða svo til. Ef hæstv. ráðh. efast um, að þarna hafi komið fram hinn sanni vilji fiskframleiðenda, þá er líklegt, að það muni fást staðfesting á því enn betur, þegar aðalfundur S. Í. F. verður haldinn, að fiskframleiðendur yfir höfuð eru ekki á þeirri skoðun, að það sé rétt að hafa 2 yfirstjórnir yfir þessum málum. Þetta liggur líka nokkurnveginn í hlutarins eðli, ekki sízt nú, þegar þess er gætt, hvað fiskframleiðslan er sáralítil í landinu, en hún er nú eitthvað helmingur á borð við það, sem hún var árið áður, og þá var látið nægja að hafa 5 manna yfirstjórn til að sjá um sölu fiskjarins, en með hinu nýja skipulagi, sem er orðið til á þann hátt, er ég hefi lýst, er komin 17 manna yfirstjórn til þess að ráðstafa þessu tiltölulega litla fiskmagni. Kostnaðaratriðið út af fyrir sig skal ég ekki gera að sérstöku umtalsefni, en það liggur þó í hlutarins eðli, að því minni sem framleiðslan er, því stærra atriði verður tilkostnaðurinn í heild sinni. Sá kostnaður, sem af þessu leiðir, verður vitaskuld tekinn af framleiðslunni. Það er eins og kunnugt er lagt ½ % á allan útfluttan fisk og fiskafurðir, sérstaklega vegna l. um fiskimálanefnd, og þótt ekki væri nema það atriði út af fyrir sig, þá má gera ráð fyrir, að fiskeigendur megi ekki við því á þessum tímum, að á þá sé lagður aukaskattur í þessum efnum, ekki sízt þegar allar líkur benda á það, að þessi skattur sé óþarfur. Ég minntist á það áðan, að ég ætlaði ekki að gera upp á milli þeirra manna, er sitja í stjórn þessara tveggja fyrirtækja, en mér þykir það kynlegt, þegar slegið er mjög á þá bumbu af hálfu ríkisstj., að ekki sé meiri þekking og reynsla hjá mönnum S. Í. F. en hjá hinum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvaðan kom honum það vit, að ætla hv. 2. þm. Reykv. að vera svo mikill yfirburðamaður á þessu sviði hvað snertir fisksölu, að hann væri sjálfkjörinn formaður fiskimálanefndar og stjórnarnefndarmaður S. Í. F. að auki? Því verður þó tæplega mótmælt, að hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki haft þau störf með höndum undanfarin ár, að það bendi á nokkurn hátt til þess, að hann sé tilvaldastur til þess að hafa svo mikil áhrif á þessi mál sem hann nú hefir að tilhlutun hæstv. stjórnar. Það skyldi þá vera, að það væri skoðun hæstv. stj., að það væri sjálfsagt að setja mann til þess að fást við þessa hluti, sem aldrei hefði komið nálægt fiskverkun eða fisksölu nokkru sinni á æfinni, en mér virðist það varla geta verið meining hæstv. ráðh., því að hann hefir verið að tala um þekkingu, og jafnvel þekkingarleysi okkar, er sitjum í stjórn S. Í. F., móts við þá, sem eru í fiskimálanefnd.

Það er vitað, að hér liggja allt aðrar ástæður að; það var ekki mjög verið að súta það, hvort þeir menn, sem væri fengin forstjórn í hendur, hefðu skilyrði til þess að geta leyst þessi verk vel af hendi. Ef svo hefði verið, þá hefði verið farið meira í þá áttina að velja, ef ég má svo að orði komast, fagmann til þessara hluta. En hér kom það til greina, að málið var orðið pólitískt, og því var farið eftir þeim línum til að skipa forstjóra í fisksölumálunum, en ekki öðrum reglum, sem gilda eiga. Ég segi þetta ekki hv. 2. þm. Reykv. til lasts, að hann hafi ekki fengizt við fiskverkun eða fiskverzlun. Það er vitanlegt, að hann hefir ekki gert það. Hann getur verið góður á sínu sviði fyrir það. Maður veit, að hann hefir haft með höndum verzlun á allt öðru sviði en því, er snertir fisksöluna. Til þess nú að benda á í fáum orðum, hvernig þessu hefir verið háttað, má aðeins minna á þau orð, er féllu í ræðu hv. 2. þm. Reykv., þegar hann var að draga saman í stuttu máli það, sem komið væri. Hann sagði, að ástandið væri þannig, að fiskaflinn væri lítill, markaðirnir litlir og hrun framundan. Því miður er allt of mikið satt í þessu. En að því er snertir markaðina og hrunið, þá bendir það á, að þessi forstjóri hafi ekki verið valinn út frá því sjónarmiði, er hefði átt að koma til greina, þegar skipaður var forstjóri fiskimálanefndar. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að nú hefði S. Í. F. með höndum sölu saltfiskjar. Það gengi lítið. Eitthvað gerðu þeir nú, sagði hann. Ég hefi bent á, að þann tíma, sem líkindi voru til, að selja mætti til Færeyja og Danmerkur, hafði S. Í. F. ekki yfirráðin yfir fisksölunni. Hv. 2. þm. Reykv. sá svo um, að hæstv. atvmrh. dró sig í hlé með það í 3—4 vikur að fela S. Í. F. þessi mál. Síðan er ekki um aðra saltfisksölu að ræða eftir venju en til Englands og e. t. v. Portúgals síðar á vorinu. Hvað saltfisksöluna til Englands snertir, þá er það vitanlegt, að hér hafa starfað 2 aðiljar, annar mjög langan tíma, og ég held hinn þó nokkra stund, að því að selja saltfisk til Englands. Þessir aðiljar eru Ólafur Gíslason & Co. og S. Í. S. Þessi 2 firmu hafa samband við alla þá í Englandi, er hafa það að atvinnu á vorin að kaupa fisk frá Íslandi. Ég sé ekkert skynsamlegt í því, eins og sakir standa, að S. Í. F. segi við þessa aðilja: Þið skuluð ekkert eiga við að selja fiskinn, við skulum gera það sjálfir. — Ég býst við, að það myndi spilla fyrir, að sú litla sala fari fram, sem hefir átt sér stað og vonandi er að fari fram. Hér eru firmu, sem hafa sína viðskiptamenn, sem ég geri ráð fyrir, að myndu ekki taka það vel upp, að S. Í. F. kippti fótunum allt í einu undan þeim, þótt aldrei nema þeir kæmu sjálfir og segðust vilja gera þessa verzlun. Það er svo í allri verzlun, að viðskiptasamböndin þróast bezt milli þeirra, sem viðskipti eru búnir að eiga saman nokkurn tíma og eru farnir að þekkja hvor annars verzlunarháttu. Það er alltaf skaði að trufla heilbrigða verzlunarstarfsemi, þótt 3. aðili hafi vald til þess að gera það. Ólafur Gíslason & Co. og Sambandið hafa verið að vinna að sölu á saltfiski til Englands, hvort við sína kaupendur, og hafa selt þó dálítið, þótt það sé nú minna en áður. Það er öllum ljóst, að Stóra-Bretland kaupir ekki saltfisk til þess að neyta í landinu, heldur til þess að gera að verzlunarvöru, ýmist til Miðjarðarhafslandanna eða til Suður-Ameríku. Við vitum, að söluhorfur í Suðurlöndum eru breyttar til hins verra, og hvað S.-Ameríku snertir, þar sem Skotar hafa haft mikil viðskipti, þá erum við þar sjálfir farnir að keppa við þá, með því að selja til S.-Ameríku þurrkaðan fisk. Við erum farnir að keppa við skozka útflytjendur, sem kaupa blautan fisk til verkunar. Það er síður en svo, að ég sé að harma þetta, því að það er vitanlega betra vegna atvinnunnar að selja fiskinn fullverkaðan heldur en selja hann blautan til Englands, en ég vil benda á þessa staðreynd, til þess að sýna fram á, að S. Í. F.-stjórnin á í slíku ástandi ekkert ámæli skilið, þótt hún fari ekki að taka fram fyrir hendurnar á mönnum, sem hafa selt lengi saltfisk til Stóra-Bretlands. Hv. 2. þm. Reykv. veit það vel, að hann er ekki í neinum „stálpansara", ef á að fara að tala um það, hvað tekizt hafi að gera viðvíkjandi sölu á saltfiski síðastl. ár og hvað ekki hafi tekizt. Það var eitt af fyrstu verkum fiskimálanefndar, þegar hún fór að skipta sér af fisksölumálunum í fyrra, að hindra það, að ein stærsta veiðistöðin hér á landi gæti selt yfir 6000 skippund af fiski til Ítalíu fyrir reiðu peninga. Þetta var hindrað með óvægilegum verðkröfum fiskimálanefndar, og yfir höfuð óviturlegum stirðbusaskap hv. 2. þm. Reykv. Svona getur öllum yfirsézt. Ég geri ráð fyrir, að þeir góðu menn hafi ekki ætlað að skaða landið með þessari misbeitingu á sinni yfirdrottnun, en niðurstaðan varð sú, að þessi 6 þús. skippund bættust svo við þann fisk, sem varð að ryðja af Ítalíumarkaðinum á árinu 1935. Það hefir verið harðlega átalið hér í deildinni, að einn af þeim mönnum, sem situr í sjútvn., hv. 6. þm. Reykv., hefir beitt sér talsvert fyrir ýmsu, er snertir fisksölumálin. Það hefir komið fram í ræðu ýmsra hv. þm., og einkum hæstv. ráðh., að þeim finnst hann ekki hafa þá aðstöðu, að hann eigi að skipta sér af þeim málum. Mér finnst þetta ómaklega mælt, enda hefir verið á það bent, að hann stæði ekki fjarri því að hafa meira vit á fiskimálum en ýmsir aðrir, sem nú fjalla um þau mál.

Ég hefi nokkuð bent á, hvernig þessi skipun er til orðin, og ætti mönnum því að skiljast, að eins og nú standa sakir, er ekki undarlegt, þó farið sé fram á að hafa á þessu eitthvað einfaldari tilhögun en stofnað var til með þessu lagaákvæði. Ennfremur hefi ég bent á, að ekki hafi verið unnið af alefli að því, að sérþekking þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, væri látin sitja í fyrirrúmi, þegar fiskimálanefndin var skipuð. Framhjá hinu verður ekki komizt, að okkur, sem sitjum í stj. S. Í. F., er falið það umboð af fiskeigendunum sjálfum, jafnvel þó við höfum ekki allir sérþekkingu á þeim málum, en að fiskimálanefndin er stjórnskipuð. Ég tel því, að okkur sé rétt og skylt að bera fram þær skoðanir, sem eru ríkjandi hjá þeim, sem eiga fiskinn. Einkum og sér í lagi er það auðsætt og viðurkennt af öllum, að 17 manna yfirstj. fiskimálanna sé of umfangsmikil og allt of dýr.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að fyrirkomulag S. Í. F. væri ekki æskilegt, og endurtók með sterkri

áherzlu, að því skyldi verða breytt. Það getur vel verið, en svo hefir það farið, að þegar þessi hv. þm. eða aðrir hv. þm. úr flokki stj. hafa komið fram með brtt., þá hafa þær ekki verið til bóta. En þó að ennþá yrði að einhverju leyti breytt fyrirkomulagi á S. Í. F., t. d. um atkvæðisrétt, er það ekki neitt höfuðatriði, ef það á einhvern hátt gæti miðað til þess, að líklegt væri, að salan á fiskinum gengi betur.

Það ógæfulega, sem komið hefir fram við það, að hafa völdin á þessum málum deild á milli tveggja stofnana, er, að komizt hefir inn óhæfilegur metingur um framkvæmdir á þeim verkefnum, sem þarf að leysa, sem er algerlega óviðeigandi og stórskaðlegur fyrir fiskeigendur. Er þar einlægt kapphlaup um, hverjir eigi að hafa þakkarvonina af hverju framkvæmdaratriði. Þennan meting hefði alveg mátt fyrirbyggja, ef yfirstj. hefði ekki verið deilt milli tveggja aðilja. Hann hefði heldur aldrei þurft að koma til greina, ef forstjórn fiskimálan. hefði verið í höndum skaprórri manna en mátt hefir sjá af reynslunni, að fyrir þeirri nefnd standa. Það er óneitanlegt, að fiskimálanefnd hefir haft allt of sterka tilhneigingu til þess að draga í hendur sér verkefni eins og t. d. saltfisksöluna eða sölur, sem búið hefir verið að hefja og engin ástæða var til að trufla.

Því miður er það rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að aflinn væri lítill, markaðir litlir og margt benti til þess, að hrun væri framundan í þessum efnum. Því hörmulegra er það, að samkomulagið um átök til bjargar skuli vera jafnbágborið og reynslan hefir leitt í ljós. En þetta getur varla öðruvísi farið, þegar stofnað er til málanna af *jafnmiklu ofurkappi og ákveðnum* vilja að taka hreint ekkert tillit til nema eigin skoðana, eins og kom fram þegar löggjöfin var sett um þessi mál.

Hv. þm. Ísaf. las hér upp ályktun frá fiskiþinginu, þar sem það fer lofsamlegum orðum um fiskimálanefnd fyrir að hafa breytt til í fiskverkun og leitað nýrra markaða. Það er vitanlega af öllum vel séð, að reyndar séu nýjar leiðir, en þó hefir verið borið allt of mikið hól á fiskimálan. fyrir að hún hafi gert kraftaverk, sem engum öðrum hafi dottið í hug, að hægt væri að framkvæma. En þetta er vitanlega svo, að hugmyndin um það hefir legið í loftinu árum saman og tilraunir verið gerðar til framkvæmda löngu áður en fiskimálan. fæddist í þennan heim. T. d. hefir verið upplýst, að Kveldúlfur gerði stórkostlega tilraun til að koma frystum fiski á markað í Mið-Evrópu.

Að því er harðfisksverzlunina snertir skal ég benda á, að rætt hefir verið um að koma einhverju af fiski í þá verkun. Og í álitsgerð milliþn. í sjávarútvegsmálum eru gerðar ýtarlegar till. um harðfisksverkun, niðursuðu fiskjar og fleiri verkunarmöguleika. Og í hinu margumtalaða fiskiráðsfrv. hv. þm. G.-K. var í stórum dráttum vikið að þessum verkefnum, sem fiskimálanefndin hefir nú með höndum. Það sanna er, að fiskimálanefnd hefir ekki gert annað en draga saman það, sem aðrir hafa lagt til, og einkum og sér í lagi úr fiskiráðsfrv. hv. þm. G.-K., sem hv. þm. Ísaf. talaði með svo mikilli fyrirlitningu um. En ég skil ekki, ef það er sanngjarnt að hefja fiskimálanefnd til skýjanna fyrir gerðir hennar í þessum efnum, hvaða ástæða er til þess að lítilsvirða það, sem aðrir hafa áður gert á sama sviði. En munurinn er sá, að fiskimálanefnd eru fengnir í hendur svo að segja ótakmarkaðir peningar til þess að koma þessum *málum í framkvæmd.* — Það er rétt, að hv. þm. G.-K. lagði ekki til, að fiskiráðinu yrðu fengnir peningar í hendur, en hann lagði til annað, sem er gulli betra, að þeir menn einir væru ráðnir til þess að fara með þessi mál, sem á þeim hefðu þekkingu og reynslu til að bera. En ég er hræddur um, að það sé að tjalda til einnar nætur fyrir hv. þm. Ísaf., að vera með drembilæti yfir því, þó fiskimálanefnd hafi fengið mikið fé í þessu skyni, því ef reynslan og þekkingin er lítil og féð notað af litlu viti, kemur að því, að til botns sést í kassanum, og það jafnvel eins fyrir því, þó haldið sé áfram að skattleggja sjávarútveginn eins og nú er gert í þessu skyni. Það er áreiðanlega skynsamlegra að tala hóflegar um þessa hluti alla og fordæma ekki fyrirfram það, sem þeim mönnum dettur í hug, sem ekki ráða yfir landskassanum í bili.

Fiskiþingið hefir mikið verið leitt inn í umr. sem vitni með þeim samþykktum, sem þar voru gerðar. Ég skal ekki metast um, hvaða fulltrúar hafa setið þar, en hefi oft áður verið sjónar- og heyrnarvottur að því, að fiskiþingið hefir gert *margvíslegar ályktanir og samþykktir og sent* bunka af þessu inn á Alþ., en flest af því mun hafa farið í pappírskörfuna. Hefir hv. þm. Ísaf. líka horft á það með jafnaðargeði, að till. fiskiþingsins í sjávarútvegsmálum væru og látnar eiga sig. Það er *því miður* svo, að fiskifélagið og þess árlega samkoma, fiskiþingið, hefir ekki náð þeim tökum á fiskframleiðslu og fisksölu landsmanna, að till. þess séu að miklu metnar, þegar þær koma til þessarar virðulegu samkomu. Þetta kann e. t. v. að eiga rót sína að rekja til þess meinlætis, sem ég hefi bent á, að komið er inn í þessi mál, að þau hafa verið gerð pólitísk. Það meinlæti er nóg til að ráða niðurlögum allra skynsamlegra úrlausna, ef alltaf á að meta þær frá pólitísku sjónarmiði. — Mér er ekki alveg ljóst, hvað hv. 2. þm. Reykv. átti við, þegar hann var að lýsa, til hvers hann væri kominn inn í stj. S. Í. F. Mér skildist, að það væri ekki til að starfa eins og venjulegur stj.meðlimur. Það getur vel verið, að það sé af sömu rótum runnið og þegar hann er að hóta að breyta fyrirkomulaginu á S. Í. F. og tortíma stj. þess. Ég man eftir, að *ég las fyrir allmörgum árum grein eftir einn* flokksbróður hv. 2. þm. Reykv., sem vildi komast á Alþ. En hvers vegna skyldi hann hafa viljað komast þangað? Ekki til þess að taka þátt í störfum þingsins til uppbyggingar, heldur til þess að rífa niður, eftir því, sem hann sjálfur sagði. Ég vænti, að ekki sé ástæða til að skilja hv. 2. þm. Reykv. þannig, að hann sé kominn inn í stj. S. Í. F. til þess að koma því fyrir kattarnef með þarveru sinni. Það er a. m. k. svo, að þörf er að hafa allt annan hugsunarhátt á því starfssviði en þann, er miðar að því að sundra starfskröftunum. Við stöndum svo höllum fæti *í markaðslöndunum um sölu fiskjarins, að aldrei*

hefir verið meiri þörf á samheldni, viti og þekkingu en einmitt nú við allar framkvæmdir á því sviði. En til þess er ekki stofnað með þeirri löggjöf, sem sett var um fiskimálanefnd, því reynslan hefir sýnt, að það vantar mikið á, að stefnt hafi verið í þeim málum eins og þyrfti að stefna. Hugmynd Sjálfstfl. um skipulag á þessum málum er hrifsuð af stjfl. og breytt þannig, að allmiklu af fjármagni ríkisins er veitt í hendur einstaklinga, svo að segja alveg þekkingarlausra á því sviði, sem svo hafa efnt til samkeppni við þann aðilja, sem er fulltrúi fiskeigenda, samkeppni, sem studd er af ríkisfé til þess að draga úr höndum S. Í. F. þau verkefni, sem því hafa verið falin af fiskeigendunum sjálfum.

Því miður er ég hræddur um, að innsti kjarninn í þessari ráðabreytni frá hendi þeirra, sem komið hafa á þessum ótímabæra og aldeilis óhæfilega metingi um, hverjir eigi að ráða fram úr þessum málum. Ég þykist vita, að það fari nú eins og endranær, að till. sjálfstæðismanna um að koma þessum málum í rétt horf verði ofurliði bornar. En ég er þess fullviss, að það líður aldrei lengra en til hausts, að fiskeigendur geri um þetta aðra samþykkt og krefjist þess, að fisksalan falli aftur í þann sama farveg og hún var í áður, sem sagt að S. Í. F. hafi yfirstj. fisksölumálanna, einnig á hinum nýju sviðum, og að fiskeigendur fái sjálfir að ráða, hverjir framkvæma þessi atriði. Á meðan verður vitaskuld sú skipun á, sem nú er, ef hv. d. fellst ekki á þá skipun, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, en skýtur á frest að koma heilbrigðri skipun á þessi mál. En það verður ekki til annars en skapa andúð þeirra, sem allt eiga undir sölu fiskjarins. Þingmeirihl. er nú þegar búinn að varpa hanzkanum framan í fiskeigendur með því að setja l., sem miða að því að ráða niðurlögum þess félagsskapar, sem þeir sjálfir stofnuðu til þess að sjá um söluna. Og þó hanzkanum verði kastað í annað sinn, verður það aðeins stuttur frestur, þar til fiskeigendur og útgerðarmenn heimta völdin í málinu algerlega í sínar hendur.

Thor Thors: Það eru nokkur orð úr ræðum hv. andstæðinga, sem ég þyrfti að svara, en ég skal ekki vera langorður, enda hefir hv. þm. Vestm. á margan hátt tekið af mér erfiðið og sýnt með glöggum rökum fram á staðleysur og rökvillur andstæðinganna. — Ég vil þá snúa mér að hv. 2. þm. Reykv. Enda þótt hann sé hér stór aðili og komi mjög við deilu, verð ég að segja, að ræðan, sem hann flutti áðan, var prúðmannleg og fjallaði um efnið, sem um er rætt. Það er meira en sagt verði um flokksbróður hans, hv. þm. Ísaf. Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að ég hefði sagt, að fiskframleiðendur væru höfuðkjarninn í þjóðinni. Þetta er ekki rétt, heldur sagði ég, að fiskframleiðendur ættu meginþátt í framleiðslu og atvinnulífi þjóðarinnar, og því mætti ekki gleyma, þegar rakin væri atvinnusaga hennar. — Hv. 2. þm. Reykv. vildi telja framleiðendum það til álitshnekkis, að hagur þeirra hefir versnað á síðustu árum. Þó veit hv. þm., að þar er kreppunni og rás viðburðanna um að kenna. Einnig veit hann, að flokksbræður hans hafa komið við útgerð, sem beðið hefir mikið tjón á undanförnum árum. En það eru ekki þeir sjálfir, sem beðið hafa tjónið, því þeir hafa aldrei viljað leggja eigin fjármuni í það að auka atvinnulífið; þeir hafa séð, að hagfelldara var að ávaxta þá á annan öruggari hátt. Ég vil í þessu sambandi benda á, að Samvinnufél. Ísfirðinga hefir þann stutta tíma, sem það hefir starfað, og það með velvilja og stuðningi þingsins, ekki farið varhluta af erfiðleikunum. Og svo kemur hv. þm. Ísaf., sem veitt hefir þessu fyrirtæki forstöðu frá byrjun, — svo kemur hann hér fram og leyfir sér að ráðast á aðra fyrir það, að þeir hafa tapað á undanförnum árum. — Það hefir farið á þann hátt, að enda þótt ríkið hafi orðið að greiða fyrir fyrirtækið um 90 þús. kr. vegna áfallinna ábyrgða, og enda þótt hv. þm. Ísaf. og hans fylgihnettir á Ísafirði hafi notað eigur bæjarsjóðs eftir vild til framdráttar þessu fyrirtæki sínu, þá er svo komið, að fyrirtækið mun skulda um 800 þús. kr. En kunnugir menn telja eignir þess hátt virtar um 300 þús. kr. Það er því um hálfa milljón, sem þessi hv. þm. hefir komið í lóg á tiltölulega litlu fyrirtæki. Og svo leyfir hann sér á Alþingi og í blöðum og leikhúsum að viðhafa harkaleg og grimmileg orð í garð þeirra atvinnurekenda, sem undanfarin ár hafa verið að tapa eigin fé, að mestu leyti til atvinnubóta í landinu. Ég leyfi mér í þessu sambandi að staðhæfa, að það er ekki h/f Kveldúlfur, sem er skuldugasta fyrirtæki landsins, heldur er það þetta samvinnufyrirtæki, sem er langskuldugasta fyrirtæki landsins. Ætti því þessi hv. þm. að fara sér hægt í að ráðast á útgerðarmenn landsins fyrir skuldir. Hann sá líka fram á, að hann gat ekki bjargað sínu eigin fyrirtæki af eigin rammleik. Þess vegna barðist hann fyrir að skapa sérstakan skuldaskilasjóð fyrir vélbátaeigendur. Ekki mátti ganga það langt að taka línuveiðara með, sem allir eru meira og minna gjaldþrota. Það varð að binda þetta við vélbátaeigendur, vegna þess að áhrifa þessa hv. þm. gætti um of við málið, enda varð hann fyrsti maður til þess að knýja á dyr skuldaskilasjóðs, til þess að reyna að breiða yfir það gjaldþrot, sem hann með sinni stjórn hafði fært yfir þetta fyrirtæki.

Hv. þm. spurði, hver stæði undir h/f Kveldúlfi, hvort það væru ekki lánsstofnanirnar í landinu. Ég vil benda þessum hv. þm. og öðrum sósialistum á það, að þetta fyrirtæki, sem þeir stöðugt leggja í einelti, hefir undanfarin ár greitt einmitt bönkunum milljónir króna fyrir viðskipti við þá, jafnframt því sem það hefir að verulegu leyti — og svo að enginn þorir að mótmæla, og jafnvel ekki hv. þm. Ísaf. með alla sína illkvittni — staðið undir framleiðslu Rvíkur og í rauninni undir framleiðslu þjóðarinnar að stórkostlegu leyti.

En út af tapi einkafyrirtækja má einnig minna á það, að útgerð sósialista í Hafnarfirði, sem aðeins hefir verið rekin í örfá ár, hefir tapað hundruðum þúsunda króna, enda þótt hún sé skattfrjáls til bæjarins, meðan aðrir togaraeigendur á staðnum hafa greitt um 400 þús. kr. í útsvör.

Það var fullkomlega réttmætt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri nú svo komið, að lítill fiskur er í landinu. Það eru nú samkv. aflaskýrslum 1. maí aðeins um 17600 smál. fiskjar í landinu. Aftur á móti voru 33600 smál. á sama tíma í fyrra, eða um helmingi meira. En árið 1934 var komið á land um þetta leyti 43400 smál. Og það er líka rétt, að það eru litlir markaðir og vafasamir framundan, og skal ég vikja nánar að því síðar. Ennfremur er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að nú virðist vera **hrun framundan.** En úr því að aðalvaldamaður stj. hér á Alþingi lýsir yfir, að nú sé hrun framundan í atvinnulífi þjóðarinnar, því gera stjórnarflokkarnir ekkert til þess að reyna að draga úr þessu hruni eins og mest má verða? Það hefir ekkert slíkt komið fram hér á þingi, sem geti réttlætt það, að stjórnarflokkarnir líti á það sem veruleika, að hrun sé framundan.

Þessir tveir hv. þm. hafa minnzt á markaðinn á Spáni, og hv. þm. Ísaf. var með áskorun til mín út af því máli. Ég vil vekja athygli á því, að fram til ársins 1934 höfðu Íslendingar ótakmarkaða innflutningsheimild á fiski til Spánar. 1934, þegar hv. þm. V.-Ísf. var forsrh., var þetta magn skorið niður. Átti að skera það niður í óverulega innflutningsheimild. En fyrir sérstakan samning, sem ríkisstj. stóð að, fékkst innflutningsmagnið bundið við 22 þús. smál. Þessi samningur, sem þá var gerður undir handleiðslu flokksbróður og samherja núv. stjórnarflokka, sem sé hv. þm. V.-Ísf., þótti það hagstæður, að á haustþinginu það ár vildu **allir þm., að samningurinn væri endurnýjaður, og hver einasti þeirra skrifaði undir þá ósk 1. okt. 1934.** En í tíð núv. stj. hefir þó farið svo, að þessi hagstæða innflutningsheimild er ekki lengur til. Nú á að færa innflutninginn til Spánar niður í 6600 smál., og þó enganveginn víst, að þessi innflutningsheimild fáist, og ekki heldur, að hún verði ekki bundin við gagnkvæm viðskipti. Í tíð núv. valdhafa — hvort sem það er að nokkru leyti fyrir þeirra aðgerðir eða aðgerðaleysi — hafa þessir beztu markaðir Íslendinga gengið úr ótakmarkaðri heimild í tíð fyrrv. stj. og niður í 6600 smál. eða minna. Hv. þm. Ísaf. beindi til mín, hvað ég ráðlegði ríkisstj. að gera í þessu efni. Það er ekki mitt að leggja henni ráðin, enda býst ég við, að mínar till. mundu í þessu sem öðru lítils metnar af henni. Mér er sagt, að hæstv. atvmrh. ætli nú innan fárra daga að bregða sér til Spánar og tala máli þjóðarinnar. Fyrirfram vil ég vona, að sú sendiferð beri einhvern árangur, og vildi óska, að núv. valdhöfum tækist þó ekki væri meira en að vinna það, sem síðustu árin hefir tapazt.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi Sölusambandið óferjandi, vegna þess að sjómenn réðu engu um sölu fiskjarins. Ég spyr: Hverju ráða sjómenn um viðskipti fiskimálanefndar? Nákvæmlega engu. Það er ekki um neinn félagsskap að ræða. Þetta er stjórnskipuð stofnun, sem er einráð sinna athafna. Sölusambandið er þó félagsskapur fiskimanna og fiskeigenda, og félagsmenn ráða á fundum öllum aðalatriðum í aðgerðum þessa félagsskapar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði ennfremur, að gamla sölusambandið hefði endað sinn feril með stórkostlegum halla. Það er alls ekki rétt. Það var enginn halli. En hitt var það, að ýmsir fiskeigendur höfðu neyðzt til að flytja fisk utan af landi til Rvíkur, svo að hægt væri að harðþurrka fyrir Portúgalsmarkaðinn. Vegna þessa lögðust mikil útgjöld á þá og varan rýrnaði mikið við þurrkunina. Sölusambandið gat látið nægja að greiða það, sem það í raun og veru fékk fyrir fiskinn, en það fór þá leið, að sækja um styrk til þessara manna, og þar á meðal til hv. þm. Ísaf., því að Samvinnufélag Ísfirðinga átti nokkurn hluta þessa fiskjar, til þess að þeir bæru ekki verri hlut frá borði en aðrir fiskframleiðendur landsins. Í þessu skyni fékk Sölusambandið nokkra fúlgu frá markaðs- og verðjöfnunarsjóði til þess að bæta hlut einstakra fiskeigenda.

Út af ummælum hv. þm. Ísaf. um óeiningu út af Sölusambandinu vil ég benda á það, að árið 1932 var það stofnað með fullu samkomulagi allra aðilja og við almennar vinsældir landsmanna. Allir sjávarútvegsmenn urðu fegnir þeirri verðhækkun, sem sölusambandið gat komið á þegar í byrjun, og það var nokkurn veginn friður yfir þessari stofnun í tíð fyrrv. stjórnar, þ. e. samsteypustj. undir forustu hv. þm. V.-Ísf. En þegar rauðliðar 1934 höfðu fyrir ranglæti kosningalaganna náð völdum, þá varð það eitt af fyrstu verkunum að taka Sölusambandið fyrir og hleypa flokkastreitu inn í það. Hv. þm. Ísaf. var mjög við það mál riðinn. A. m. k. er vitað, að hann lagði þar illkvittnina til, en reyndar ekki meira. Fyrir þessar aðgerðir var sett löggjöf, sem lagði niður Sölusambandið, á haustþinginu 1934. En atvmrh. sá þó, hvílíkt óheillaspor var stigið, og vegna þess að hann fann, að almenningsálitið heimtaði, að Sölusambandið yrði endurreist, þá neyddist hann til að gefa út bráðabirgðal. til þess að vekja sambandið upp frá dauðum. Þetta sýnir því, hverjir það eru, sem stofnuðu til stjórnmáladeilu um Sölusambandið. Og það kemur úr hörðustu átt, þegar jafnvel hv. þm. Ísaf. ber fram, að það hafi verið sjálfstæðismenn, sem stofnuðu þar til deilunnar.

Ég skal ekki fara langt út í blautfisksölu na. Hv. þm. Vestm. hefir gert það og bent á, að það var atvmrh., sem bannaði Sölusambandinu að selja nýjan blautfisk á tímabilinu frá 1. marz til 29. marz. (**Atvmrh.**: Hvað segir þm.?). Atvmrh. hefir bannað Sölusambandinu að leita fyrir sér um sölu á nýjum saltfiski á tímabilinu frá 1. marz til 29. marz, því að á því tímabili hefir Sölusambandið ekki löggilding til útflutnings. En síðan Sölusambandið fékk þessa löggildingu, hefir það reynt alstaðar að koma á saltfisksölu. En ég vil benda þeim mönnum, sem álíta sig sjálfkjörna leiðtoga verkalýðsins í landinu, á það, að það er líka til sú hlið á þessu máli, að á þeim tímum, þegar helmingi minni fiskur er til í landinu en undanfarin ár, þá er það hæpið bjargráð verkalýðnum til handa að selja fiskinn óverkaðan úr landinu.

Hv. 2. þm. Reykv. fór lítið út í frystifisksölu na til Ameríku. En ég hafði áður staðhæft, að Sölusambandið hefði getað selt þann farm, sem um var deilt, fyrir miklu hærra verð en hann að síðustu var seldur fyrir. Og það hafa nú síð-

ustu dagana komið bréf til Sölusambandsins frá umboðsmanni þess í New-York, þar sem hann færir full rök að því, að hann hafi á þeim tíma, sem hann bað um söluheimildina fyrir allan farminn, getað selt fyrir miklu meira verð en hann síðar var seldur fyrir. Þetta bréf hefi ég í höndum og get sýnt þeim, sem kunna að vefengja.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ekki væri vitað, hve margir framkvæmdarstjórar væru í Sölusambandinu. Hann veit, að þeir eru þrír, eins og alla tíð. Ég gegni þar nú störfum í forföllum bróður míns, en fæ vitanlega engin sjálfstæð laun fyrir það.

Ég ætla að lokum að vísa á bug þeim ummælum hv. 2. þm. Reykv., að það hafi verið framkvæmdarstjórar Kveldúlfs, sem hafa stjórnmálastreitu í frammi í sambandi við fisksöluna. Við höfum einmitt sýnt í okkar samvinnu, að okkar afstaða hefir verið og er fullkomlega einlæg. En andstæðingar okkar geta ómögulega ásakað okkur, þó að við látum ekki troða á okkur með illmælum og órökstuddum árásum. Þeir verða að vera við því búnir, að við berum hönd fyrir höfuð okkar, meðan málfrelsi er á þingi og utan þings.

Ég nenni nú ekki að eyða mörgum orðum að hv. þm. Ísaf., en kemst þó ekki með öllu hjá að nefna hann. Hann kvað Jón Árnason framkvæmdarstjóra hafa lýst yfir því á aukafundi Sölusambandsins, að það mundi klofna, ef það tæki til meðferðar nýjungar. En ég hygg, að hið rétta sé, að Jón hafi sagt, að hans félagsskapur mundi athuga, hvort hann vildi halda áfram í Sölusambandinu, ef það tæki fyrir önnur og meiri verkefni.

Hv. þm. sagði, að áhætta þessara mála væri svo miklu meiri hjá Sölusambandinu en fiskimálanefnd, og að það tjón, sem af þessum tilraunum kynni að leiða, hlyti að lenda á saltfiskeigendum. Margsinnis hefir verið bent á, að þetta er misskilningur. Því að þeir, sem leggja til fisk til nýjunga, verða sjálfir að bera áhættuna, að svo miklu leyti sem sá sameiginlegi sjóður landsmanna, sem nefnist fiskveiðasjóður, ekki stendur undir þeirri áhættu.

Hv. þm. ræddi mjög um skýrslu mína, sem ég veit ekki, hvernig hann hefir komizt yfir, en ekki var frá minni hendi ætlazt til, að hún yrði lánuð honum. Enda sést, að hann hefir hennar ekkert gagn, því að útúrsnúningahneigð og illkvittni hans er svo rík, að hann hefir alls ekki getað numið það mál, sem þar er skráð.

Hann vildi finna að því, að Sölusambandið hefði hlutazt til um, að bréfum frá Suður-Ameríku var svarað — eins og hann orðaði það — „eins og bezt þykir henta í hvert sinn." Ég verð að telja það góða stefnu hjá hverju fyrirtæki að svara málum eftir því, sem bezt þykir henta í hvert sinn. — En út af spurningu hans, hvort Kveldúlfur hefði haft samband í Suður-Ameríku eftir stofnun Sölusambandsins, þá segi ég, að Kveldúlfur hefir engin viðskipti rekið þar eftir að Sölusambandið tók til starfa. Hlutafél. Kveldúlfur hefir haft þá reglu að gefa öll sín sambönd Sölusambandinu. (FJ: Gefa þau?). Já, gefa þau. Sambönd, sem byggð voru á margra ára reynslu og margra ára vinättu viðsvegar um heim, hefir félagið auðvitað gefið til Sölusambandsins og endurgjaldslaust. En að ýms fyrirtæki, sem eru í Sölusambandinu, hafa fengið að halda sínum samböndum, er reyndar ekkert athugavert við. S. Í. S. hefir fengið að halda sínum samböndum víðsvegar; t. d. heldur það saltfisksamböndum sínum í Englandi og hefir gert nokkra sölu.

Þessi hv. þm., sem hefir ekkert til brunns að bera þegar ræða er um markaði í Suður-Ameríku, kemur með allskonar staðhæfingar svo gersamlega út í loftið. Ég fullyrði, að hv. þm. veit ekkert um þetta mál annað en það, sem hann hefir reynt að lesa úr skýrslu minni, en lesið aftur á bak, og sennilega hefir hann ekki vitað, að Suður-Ameríka var til á hnettinum fyrr en hann sá skýrslu mína. Hann sagði, að engir örðugleikar væru á að fá hið hagstæðara gengi í Argentínu. Nú kemur glögglega fram í skýrslunni, að frá 24. sept. fram í desembermánuð var látlaus sókn af okkar hendi um að fá þetta mál leyst. Og hvað sem hv. þm. segir um mína sendiferð, — ég veit hann vill ekki viðurkenna aðra sendimenn en Fritz Kjartansson og aðra slíka menn, sem hafa verið hans trúnaðarmenn í fisksölunni, — þá staðhæfi ég, að einmitt fyrir það, að ég bar gæfu til að kynnast ýmsum málsmetandi mönnum í Argentínu, varð þetta mál leyst. Auðvitað ber jafnframt að geta þess, að það var sendiherra Dana, sem stjórnaði þessari sókn í málinu. En ég ætla að fullyrða, að hefði ég ekki komið þarna, hefði málið ekki leystst. En ég verð að vekja athygli á, að þessi lausn er ekki endanleg, því að hún er háð því skilyrði, að við hefjum kaup á vörum þaðan úr landi. Hv. þm. sagði, að þetta byggðist á því, að Danir hefðu svo hagkvæman verzlunarjöfnuð. Það má segja, að það hafi flýtt þessu máli, en engan veginn felst lausn málsins í því. Mönnum þar í landi er vitanlega kunnugt, að Danmörk og Ísland eru ekki eitt og sama ríki. Ég benti á leið, ef þessi frjálsa lausn gjaldeyrismálsins hefði ekki fengizt, og hún er sú, sem fram kemur í skýrslu minni, að festa þar í landi til vörukaupa 5 þús. sterl.pund. En ég verð því miður að halda fram, að eins og gjaldeyrismálum okkar Íslendinga nú er komið, hefir sú leið ekki verið fær. Enda get ég skýrt frá því, að þegar ég talfærði þetta við bankastjórana eftir að ég kom heim, þá töldu þeir þá leið alveg útilokaða eins og nú væri komið gjaldeyrismálum.

Ég ætla því að staðhæfa að lokum, um leið og ég skilst við Argentínuverzlunina, að þeir möguleikar, sem nú hafa skapazt þar í landi, voru ekki fyrir hendi áður.

Þá gat hv. þm. ekki annað en viðurkennt, að það, sem ég sagði um Brasilíu, væri rétt. Hv. þm. veit nú auðvitað ekkert, hvað rétt er eða rangt í þessu máli, af því að hann veit ekkert annað en það, sem ég segi. En ég ætla þó að láta mér lynda, að hann vefengir það ekki. En hann staðhæfir, að þegar ég fór út, hafi ég ekkert vitað, hvernig þessum málum var komið í Brasilíu. En daginn sem ég fór skrifaði ég grein í Morgunblaðið um þessa sendiferð, og þar segi ég einmitt, að gjaldeyririnn hafi verið gefinn frjáls í Brasilíu 11. febr. 1935. En ég sagði jafnframt,

eins og ég tók fram í skýrslu minni, að ég gerði mér litlar vonir um árangur af sendiförinni vegna gengisfalls, en ekki gengishamla. Og ef hv. þm. hefði gert sér far um að lesa skýrsluna eins og maður, þá hefði hann veitt því athygli, að þar sem voru 40 milreis í sterlingspundi árið 1930, er það nú komið ofan í 80—90. Þetta veldur því, að almenningur í landinu, er tekur laun í milreis, á ekki kost á að kaupa nema að litlu leyti innfluttar vörur. Saltfiskur verður dýr neyzluvara fyrir almenning. Þetta kemur fram í skýrslu minni á þann hátt, að frá því er innflutningur til Brasilíu var fyrir nokkrum árum 41 þús. smál., þá er hann kominn ofan í 18800 smál. Vegna gengisfallsins eru það meir og meir hinar ódýrari tegundir saltfiskjar, sem seljast, en ekki hinar verðmeiri, eins og okkar saltfiskur nauðsynlega þarf að vera.

Hv. þm. gerði sig beran að fáfræði með því að segja, að það hafi verið létt verk og löðurmannlegt að ráðast inn á markaði Brasilíu, því að þaðan hafi bara þurft að kaupa kaffi. En þetta var bara ekki hægt, því að kaffiútflytjendur þurftu að skila gjaldeyri fyrir sína útfluttu vöru. Þess vegna festu líka Englendingar og aðrar þjóðir margar milljónir sterlingspunda inni þar í landi, sem þeir hafa fyrst fengið nú á síðustu tímum. Svo segir hv. þm. Ísaf.: Þið hefðuð bara getað selt Englendingum fiskinn og látið þá taka kaffið. Hv. þm. veit auðsjáanlega ekki, hvað hann er að segja. En hann ætti þó að vita, að við höfum haft ákveðinn saltfiskskvóta í Englandi, og hefir hann verið notaður alveg. Hv. þm. talaði um mann, sem farið hefði til Ameríku og fundið þar markað. Það skyldi þó aldrei hafa verið sendiherra hv. þm., Fritz Kjartansson, sem þessa markaði fann? Er þá ekki óeðlilegt, að þessu hafi verið tekið með vantrú. Annars hefir nokkuð verið að því gert að finna markaði þarna.

Þá greip hv. þm. til nál. frá fiskifélagsfundinum, þar sem fundarmenn lýsa ánægju sinni yfir þessari nýjung. Þar eru þeir að lýsa yfir því, sem Sjálfstfl. hefir alltaf látið í ljós. Þar er ekki verið að þakka fiskimálan., heldur er lýst yfir ánægju út af því, að eitthvað nýtt sé reynt í þessu efni.

Hv. þm. var með skæting um það, að ég hefði ekki enn slitið barnatönnunum. Ég veit ekki hverskonar tennur hann hefir, en líklega eru þær falskar, og væri það þá eftir öðru hjá honum. En ég er nú svo gamall sem á grönum má sjá og treysti mér vel til að tala við hann. Hv. þm. sagði, að ég væri ekki hæfur til að stunda annað en hornsílaveiðar, en ég hafði kallað hann pólitískt hornsíli, og verður honum varla líkt við annað betur, er maður sér hann við hliðina á stórhvelum Alþfl. En ég hefi ekki hugsað mér að fara að dorga eftir honum. Fer bezt á því, að hann sé áfram hornsíli í hinni pólitísku fúlutjörn Alþfl.

Hér er deilt um það, hvort fækka eigi óþörfum störfum, hvort spara eigi þær 55 þús. kr., sem fiskimálan. hefir kostað á ári undanfarið, hvort ætlast megi til, að 10 menn, 7 manna stj. í S. Í. F. og 3 manna framkvæmdastj., séu einfærir um að ráða til lykta þessum málum, eða hvort nauðsyn beri til að hafa til þess enn 7 menn — og hvort taka eigi tillit til vilja fiskeigenda og fiskframleiðenda. Ég geri nú ráð fyrir, að stjórnarflokkarnir muni daufheyrast við óskum þessa hluta framleiðenda, eins og annara framleiðenda í landinu. Það er þá á þeirra ábyrgð, en að því mun þó koma síðar, að þeir iðrast eftir að hafa virt að vettugi óskir þessara manna.

Forseti (StJSt): Með því að umr. eru nú orðnar langar og haldnar hafa verið 10 ræður, 5 með og 5 á móti, þykir mér rétt að takmarka ræðutímann og ákveða hann 5 mínútur fyrir hvern ræðumann, sem talar hér eftir.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil leiðrétta ranghermi, sem kom fram hjá hv. þm. Snæf. Hann sagði, að ráðh. hefði bannað S. Í. F. að selja saltfisk til Ameriku. Þetta er ekki annað en skrök. Gangur málsins er sá, að í marz, að ég ætla, kom formaður S. Í. F. ásamt framkvæmdarstjóra þess á fund ráðh., og óskuðu þeir eftir að fá löggildingu sem aðalútflytjendur á blautfiski til 14. maí. Ég benti þeim á, að ekki væri ástæða til að löggilda sérstakan aðilja sem blautfisksútflytjanda, og taldi rétt, að það biði, þangað til Sölusambandið hefði verið löggilt sem saltfisksútflytjandi. Fáum dögum síðar kom svo umsókn S. Í. F. um löggildingu sem aðalútflytjandi á fiski fyrir 1936. Sú beiðni var afgr. eftir svo sem 20 daga.

Í svona mikilvægu máli er það eðlilegt, að ekki sé hrapað að því að taka ákvörðun. Hitt er skrök, að þeim hafi verið bannað að selja saltfisk eða blautfisk á þessu tímabili. Ég átti tal um málið við formann S. Í. F., Magnús Sigurðsson, og benti ég honum á, að eina leiðin fyrir S. Í. F. væri að sækja um löggildingu. Það eitt var í veginum, að þeir töldu sig of mikilsráðandi menn til að þurfa að sækja um leyfi til fiskimálan. En auðvitað bar þeim að hlíta þeim l., sem um þetta eru sett.

Annað atriði hjá hv. þm., sem ekki er annað en fullyrðing, er það, að hægt hafi verið að selja Steadyfarminn fyrirfram við góðu verði. Þetta veit hann, að er ekki rétt, og það sannar ekkert, þótt hann lesi kafla úr bréfi frá umboðsmanni S. Í. F. um að þetta hafi verið hægt. Yfirleitt hefir það sýnt sig, hve þessi sala var illa undirbúin og hve mikið happ það var, að fyrir var maður þar í landi, sem tekið gat málin í sínar hendur.

***Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég þarf ekki að svara hv. þm. Vestm., því að ekkert nýtt kom fram í ræðu hans, sem ekki var búið að hrekja áður. Mun ég því verja tíma mínum til að svara hv. þm. Snæf. Hann benti réttilega á það, að hagur útgerðarinnar hefði versnað mjög undanfarin ár. Hefir þá auðvitað hagur Samvinnufélags Ísfirðinga versnað, alveg eins og hagur Kveldúlfs. En hagur samvinnufélagsins hefir ekki versnað nærri því eins mikið og þeir Kveldúlfsbræður hafa haldið fram. Og ég hefi í ræðu hér í d. fyrir nokkru leiðrétt lygasögu, sem hv. þm. G.-K. fór með, þess efnis, að eignir

félagsins væru aðeins 300 þús. kr., eða varla það. Þær nema 630 þús. kr., samkv. mati manns frá skuldaskilasjóði. Ég vil ráðleggja þessum hv. þm. að hætta slíkri lygi hér, sem engum er til tjóns nema sjálfum honum. (**ÓTh**: Ég hefi farið rétt með, það vita allir). Ég veit, að Kveldúlfsbræður eru illir út í mig, því að þeir kenna mér, að ég hafi viljað koma í veg fyrir, að stofnaður yrði sérstakur skuldaskilasjóður fyrir Kveldúlf, jafnhliða skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, sem étið hefði upp eins mikið fé og skuldaskilasjóður vélbátaeigenda. Því leggja þeir á mig hatur og ljúga um mig ýmsum sögum í sambandi við fyrirtæki eitt, sem ég hefi stjórnað, og gera kröfu til, að það eitt af öllum fyrirtækjum græði á sama tíma og verið er að setja Kveldúlf á ríkissjóð, með því að gera hv. þm. G.-K. að aðilja í bankaráði, svo að hann geti séð fyrir því, að Landsbankinn verði skuldaskilasjóður Kveldúlfs.

Þá vík ég að því, sem hv. þm. Snæf. sagði um Spánarsamningana. Sagði hann, að samningarnir hefðu verið framlengdir 1. okt. 1934, en að nokkru leyti fyrir aðgerðarleysi stj. hefði Íslandi ekki verið veitt meiri réttindi en það, að ekki væri hægt að flytja þangað nema 6 þús. smálestir af fiski. Nú sést, hvers vegna íhaldsmenn hlupu eins og halaklipptir hundar úr utanríkismálan., sem sé til þess að geta í skjóli þess, að þeir vissu ekki betur, varpað allri ábyrgð á stj. En ég skora á hv. þm. að færa líkur fyrir því, að hægt hefði verið að framlengja samningana þannig, að samboðið hefði verið íslenzku þjóðinni.

Thor Thors: Hæstv. atvmrh. sagði það skrök, að S. Í. F. hefði um tíma verið bannað að selja saltfisk. Hann verður þó að viðurkenna, að frá 6.—29. marz neitaði hann sölusambandinu um söluleyfi. Á meðan Sigurður Jónasson gekk mann frá manni í New-York árangurslaust, fékk S. Í. F. ekki að selja, þó að það samkv. landsl. hefði rétt til þess. — Hæstv. ráðh. sagði það fleipur, að S. Í. F. hefði getað selt Steadyfarminn. Ég skal nú lesa kafla úr bréfi frá umboðsmanni S. Í. F. í New-York. Hann segir:

„Það gleður oss, að vér höfum nú loks tök á að selja 15-punda kassana í heild sinni. Oss þykir vitanlega mjög leitt, að oss voru ekki fyrr fengnar birgðirnar til sölu, á meðan hægt hefði verið að fá fyrir þær talsvert miklu hærra verð. Ef allur farmurinn hefði verið fenginn oss til sölu um leið og þér afhentuð oss 50 smálestirnar, þá hefði sami kaupandi vissulega tekið farminn miklu hærra verði, hvað svo sem herra Jónasson kann að segja í gagnstæða átt“ ... Ég læt þetta nægja til að hrekja þá staðhæfingu hæstv. ráðh., að við höfum ekki getað ráðstafað þessum farmi.

Þá sagði hæstv. ráðh., að enginn hefði getað vitað hér heima, að það skilyrði hefði verið sett, að skipið kæmi út á tilteknum tíma. En ég vil benda á, að söluskeytið að þessu vörumagni var samið uppi hjá fiskimálan., af Héðni Valdimarssyni og Kristjáni Einarssyni. Um þetta segir umboðsmaður S. Í. F. í sama bréfi:

„Enda þótt skipið kæmi of seint, miðað við þann tíma, sem ákveðinn hafði verið milli ýðar og vor, þá hefði það aðeins þurft að kosta litilsháttar bætur til handa kaupandanum vegna dráttar á afhendingu, en vissulega ekki þurft að hafa í för með sér það verð, sem vér vorum að síðustu neyddir til að selja vöruna fyrir“ ...

Hv. þm. Ísaf. var reiður, er hann svaraði mér, svo að hann gat varla rutt úr sér því, sem hann þurfti að segja. Hann taldi það lygasögu, sem við höfum sagt um efnahag Samvinnufélags Ísafjarðar o. s. frv. Reynslan mun nú skera úr um það, hve mikil lygi það er, sem sagt hefir verið um félagið. Kunnugir hafa sagt mér, að eignir félagsins hafi átt að mæta 800 þús. kr. skuld, en að þær séu ekki of lágt metnar á 300 þús. kr. Hv. þm. sagði, að við vildum koma á fót skuldaskilasjóði fyrir Kveldúlf. Við vildum koma á skuldaskilasjóði fyrir alla útgerð í landinu. Mun það sýna sig, að útgerðin verður að fá styrk, ef hún á að geta haldið áfram.

Hv. þm. sagði, að við sjálfstæðismenn legðum hatur á hann. Það er ofmælt. Hann er ekki svo merkileg persóna, að hann verðskuldi hatur nokkurs manns.

***Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson)**: Ég, sem er 1. flm. þessa máls, fæ nú ekki að tala nema í 5 mínútur. En það mun líka vera mér nóg, því að hv. þm. Snæf. og hv. þm. Vestm. hafa sagt margt af því, sem ég hafði ella viljað taka fram, og get ég vel unað þeirra málflutningi.

Nú þegar málið á að ganga til atkv., verður úr því skorið, hvort löggjafinn, sem leggur stöðugt þyngri byrðar á sjávarútveginn, vill halda áfram að stríða gegn kröfum útvegsins um að fella niður þennan óþarfa kostnað við fiskimálan., sem numið hefir um 70 þús. kr. ári, hvort hann vill stuðla að því, að áfram verði haldið þessari togstreitu milli fiskimálan. og S. Í. F. Nú verður skorið úr því, hvort þeir menn, sem nú sitja á þingi og hafa verið kjörnir þangað í nafni lýðræðis og frelsis, vilji unna sjávarútveginum þess réttar að taka tillit til sanngjarnra krafna hans. Það verður skorið úr því, hvort kasta skuli frelsinu og lýðræðinu fyrir borð, til þess að hægt sé að fara að vilja Héðins Valdimarssonar og þeirra peða, sem hann hefir við hlið sér. Ég vænti þess, að í þessari Gómorra stjórnarliðsins finnist þó það margir réttlátir, að þessari kröfu verði fullnægt. Þangað til atkv. hafa fallið á annan veg, vil ég trúa þessu. Mun ég því ekki svara návæli hv. þm. Ísaf., en taka undir með hv. þm. Snæf., að hann er of lítilmótleg persóna til að eiga orðastað við hann. Mér leiðist þessi hv. þm., og stundum kemur það fyrir, af leiðindum út af væli hans, að ég tugta hann. En að þessu sinni mun ég leiða hann hjá mér.

Það, sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs, voru ummæli hv. þm. Ísaf. um fyrirætlanir mínar með skuldaskilasjóð útvegsmanna. En eins og kunnugt er, þá féll það í minn hlut að bera það frv. fram á sínum tíma. Hann komst svo að orði, hv. þm., að ég hefði með till. mínum um skuldaskilasjóðinn eingöngu verið að vinna fyrir Kveldúlf. Eins og hv. þdm. munu eflaust muna eftir, þá átti eingöngu að mynda þann sjóð

af fé, sem útgerðin sjálf lagði fram, og átti hann því ekki að verða neinn baggi á ríkissjóðnum; það eina, sem snerti hann, var það, að niður átti að falla útflutningsgjald af sjávarafurðum. En þessu átti hv. þm. Ísaf. sinn þátt í að koma fyrir kattarnef, sem hans var vitanlega von og vísa, þar sem hér var um gott mál að ræða. Hann barðist eingöngu fyrir því, að bátaútvegsmenn fengju rétt til skuldaskila, og er ætlun manna sú, að hann hafi einvörðungu gert það sakir þess, að fyrirtæki það, sem hann hefir svo loflega stjórnað, gat notið þar góðs af. Og er það svo ekki Kveldúlfur, sem er að punta hreiðrið? Því að er það kannske ekki hans fé m. a., sem varið er til þess að bæta upp fjármálaafglöp þessa hv. þm.?

Annars má ekki vera ómótmælt öðrum eins gorgeir og kom fram hjá þessum hv. þm. í garð togaraútgerðarinnar. Hann sagði, að togaraútgerðin hefði verið og væri til **bölvunar fyrir land og lýð.** Þessi og þvílík orð er engum sæmandi að láta sér um munn fara, nema þessum hv. þm., þar sem það er vitað, að togaraútgerðin hefir staðið undir atvinnulífi landsmanna um langt skeið, gefið meginhluta af tekjum ríkissjóðs, eða í fáum orðum sagt, staðið undir menningarlífi þjóðarinnar. Og reynslan mun verða sú, að togaraútgerðin verður seigasta rótin, sem afkoma þjóðarinnar hvílir á. Þetta vildi ég taka fram til þess að það stæði ekki ómótmælt, sem hin lítilsvirða þingrotta var að reyna að naga í þessa þýðingarmiklu atvinnugrein.

***Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja það, að það er vitanlega sitt hvað, togaraútgerðin sem slík eða h/f Kveldúlfur, enda hefi ég aldrei blandað því saman. En það er öðru máli að gegna með þennan hv. þm.; hann sér aldrei annað en Kveldúlf, og öll togaraútgerð er í hans augum ekkert annað en Kveldúlfur, enda ekkert undarlegt, þar sem vitað er, að hann er ekkert annað en lítilfjörlegt leiguþý hjá Kveldúlfi og því ekki unnt að sjá annað en Kveldúlf alstaðar og miða allt við hann.

***Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Það sýnir bezt, hve hæstv. forseti telur hv. þm. Ísaf. ómerkan og lítilsvirðan, að hann skuli aldrei ætla hann fyrir ósæmileg og óþingleg orð, eins og stundum kemur fyrir að hann gerir við heiðarlega þm. Þessi vesali þm. hefir nú hvað eftir annað með því að kalla mig leiguþý gert tilraun til þess að fá forseta til þess að sýna sér þó ekki væri nema að þessu leyti sömu virðingu og öðrum þm., að telja honum ekki sæmandi að viðhafa allskonar óþverraorðbragð hér á Alþingi. En reynslan hefir bara hvað eftir annað staðfest, að hæstv. forseti, eins og allir aðrir, telur hann vera þá undantekningu frá öllum öðrum, að hann hafi einn rétt til þess að viðhafa óátalið allskonar óþverraskap. — Annars vil ég að gefnu tilefni taka það fram, að ég hefi aldrei fengið eyrisvirði frá Kveldúlfi, að öðru leyti en því, sem ég hefi eins og aðrir orðið aðnjótandi þess, sem atvinnulífið í landinu hefir blómgazt fyrir framtakssemi Kveldúlfs. Það er ekki nema eðlilegt, þó að hv. þm. Ísaf. þyki þetta undarlegt, þar sem hann hefir aldrei komið nærri nokkru fyrirtæki án þess að hagnast af því sjálfur til stórra muna. Og þó að fyrirtæki þau, sem hann hefir stjórnað, hafi ekki getað borgað neinum neitt, þá hafa þau þó jafnan verið látin borga forstjóranum, og það oftast ríflega laun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 184, frá meiri hl. sjútvn., samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ., EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, JörB.

nei: SK, TT,[1]) EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.

Fjórir þm. (BJ, HannJ, JÓl, MT) fjarstaddir.

1) **TT:** Burtséð frá aðalefni þessa máls, þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að eftir að fundur í Sölusambandinu hefir verið háður, getur þessi rökst. dagskrá eiginlega ekki staðizt, því að hér stendur í hinni rökst. dagskrá, með leyfi hæstv. forseta: »Þar eð ekkert það hefir komið fram í fiskimálunum, er bendir til þess, að eðlilegt sé eða hagkvæmt að leggja störf fiskimálanefndar undir stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda«. . . En nú hefir það komið fram, að nær allir fiskframleiðendur óska þessa, svo að þessi dagskrá, eins og hún er orðuð, er ótímabær og fær ekki staðizt þá reynslu, sem við höfum í þessum málum. Ég segi því nei.

Lagafrumvarp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþýðutryggingar (frv. TT).

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 439).

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Thor Thors): Það má segja, að ekki sé langt síðan lögin um alþýðutryggingar voru lögfest og enn skemmra síðan þau öðluðust gildi. En þrátt fyrir það hefir það þegar komið í ljós að ýmsir agnúar eru á þeim l., og þar á meðal þær misfellur, sem valda því, að l. eru miður vinsæl.

Eitt af því, sem skapar l. miklar óvinsældir, er það, hvert hlutskipti þau veita þeim gamalmennum, sem eru komin yfir 60 ára aldur. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa öll fátæk gamalmenni, sem komin eru yfir 60 ár, haft rétt til nokkurra ellilauna, og enda þótt þar væri aðeins um smávægilega upphæð að ræða, þá hefir hún samt orðið þessum allra fátækustu gamalmennum nokkur hjálp og uppreisn. En l. um alþýðutryggingar breyta þessu þannig, að gamalmenni á aldrinum 60—67 ára eru gerð gjaldskyld til ellilaunasjóðs, enda þótt það sé vitað, að mörg þeirra, og jafnvel allflest, eiga mjög erfitt með að inna þetta gjald af hendi, og þessi gamalmenni eru mörg hver svipt öllum styrk þangað til þau verða 67 ára.

Þetta hefir orðið til að vekja mikla óánægju hjá þessu fólki, og tel ég það mjög eðlilegt. Úr því að Alþingi álítur nauðsynlegt að hafa löggjöf um tryggingar, þá þykir mér það illa hlýða að gleyma þessu gamla fólki og gera hlutskipti þess verra en það var, áður en þessi löggjöf, sem þó er álitin stefna meira í mannúðaráttina, gekk í gildi.

Af því hér er um svo augljóst réttlætismál að ræða, þá leyfi ég mér að vænta þess, að frv. verði samþ. á þessu þingi.

Legg ég svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Það er vafalaust góð meining, sem liggur að baki þessa frv., að rétta hlut þeirra gamalla manna, sem eru á aldrinum 60—67 ára. En mér skildist á ræðu hv. þm., að þar væri ekki að öllu leyti farið rétt með, þar sem hann sagði, að eftir alþýðutryggingarlögunum væru gamalmenni á þessum aldri svipt öllum tekjum, því að eftir 52. gr. l. um alþýðutryggingar telst hver sá öryrki, sem eftir þessum l. er ekki fær um, við störf, sem samsvara líkamskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði. Hver sá maður, sem þannig er ástatt fyrir, sem hefir misst orku sína, m. a. fyrir aldurs sakir, á rétt til að fá örorkubætur. Ég geri ráð fyrir, að með 52. gr. alþýðutryggingal. sé hægt að koma gamalmennum á aldrinum 60 —67 ára undir þessi ákvæði, svo að þau þyrftu ekki neins verulegs í að missa af þessum sökum, ef þau hafa misst svo starfsorku sína, að þau geta ekki unnið fyrir sér eins og áður. Þess vegna held ég, að þessi breyt. sé ekki eins nauðsynleg og hv. flm. vill vera láta, enda var bent á þetta í sambandi við aðra breyt. á þessum l. hér á þingi.

Ég er ekkert á móti því, að frv. gangi áfram, en vildi bara geta þess, að það er fulldjúpt tekið í árinni hjá hv. þm., að þessi gamalmenni séu svipt allri von um að fá nokkurn styrk á þessum árum.

Flm. (Thor Thors): L. um alþýðutryggingar eru mjög skýr að því er ellistyrkinn snertir, því að í 51. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Greiðslur ellilífeyris hefjast, þegar hinn tryggði verður 67 ára.“ Frá þessu verður engin undantekning gerð. Hitt getur vel verið rétt, sem hv. 1. landsk. sagði, að koma megi einhverjum af þessum gamalmennum undir 52. gr. l., þar sem ræðir um örorkulífeyri, en slíkt er algert framkvæmdaatriði og engin vissa fyrir þetta gamla fólk, að það fái að njóta þess réttar, sem ef til vill mætti finna í þessari gr. Ef hv. 1. landsk. er mér sammála, að það sé réttlætismál, að þetta gamla fólk njóti a. m. k. ekki minni réttar en það gerði samkv. eldri löggjöf, þá fæ ég ekki betur séð en hann geti verið mér sammála um, að rétt sé, að löggjafinn lýsi því yfir, hver sé vilji hans í þessu efni. Framkvæmdavaldið þarf þá ekki að vera í vafa um hvern mann, sem þarf að sækja rétt sinn undir það. Af þessum ástæðum tel ég rétt og nauðsynlegt, að þetta mál nái fram að ganga.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil aðeins leyfa mér að benda á, að eftir ellistyrktarsjóðslögunum átti enginn maður rétt til ellistyrks, heldur var það eftir mati sveitar- eða bæjarstjórnar, hvort menn, sem höfðu náð þessum aldri, skyldu fá styrk, og þá hversu mikinn. Á sama hátt er eftir alþýðutryggingarl. sveitar- og bæjarstjórn heimilt að veita hverjum manni, sem hefir misst starfsorku sína, m. a. fyrir aldurs sakir, örorkulífeyri. Þó að nafnið sé annað, þá skiptir það engu máli; aðalatriðið er að fá styrkinn. Með brtt. hv. þm. Snæf. er engin bót ráðin á því, að gamalmenni fái skilyrðislausan rétt til að njóta styrks, þó að þau hafi náð þessum aldri, heldur aðeins rétt til að mega sækja um styrkinn, en svo fer eftir mati sveitar- eða bæjarstjórnar, hvort þau fái styrkinn, en það fer aftur eftir persónulegum hag og ástæðum umsækjanda. Ég álít því, að munurinn verði í reyndinni örlítill þó að þessi brtt. verði samþ., þar sem bæjar- og sveitarstjórnum stendur opið að veita gamla fólkinu aðstoð undir öðru nafni, ef það hefir misst eitthvað af starfsorku sinni fyrir elli sakir.

Flm. (Thor Thors): Hv. 1. landsk. segir, að ekkert gamalmenni hafi átt rétt til ellistyrks samkv. l., sem áður giltu. Þetta er hártogun. Hann veit, að lagður hefir verið sérstakur skattur á menn til þess að geta úthlutað ellistyrk, og hann veit, að honum hefir verið úthlutað árlega og að það var ætlazt til þess.

Hann segir, að réttur þessara gamalmenna, sem eru á aldrinum 60—67 ára, yrði ekki meiri, þó að mitt frv. yrði samþ. En samkv. 2. gr. þessa frv. er beint sagt, að greiðsla ellilífeyris hefjist, þegar hinn tryggði verði 60 ára. M. ö. o., þetta frv. miðar að því að gefa fólki á aldrinum 60—67 ára þann fyllsta rétt, sem aldrað fólk á nú samkv. lögum. Það er ekki ætlun mín, að ég vilji hér skapa neina yfirstétt, þar sem er fólk á aldrinum 60—67 ára, en ég vil, að það fái sama rétt og þeir, sem eru komnir yfir 67 ára aldur, því að það verður að viðurkennast, að margt af þessu fólki á við ástæður að búa, sem eru engu betri en hjá því fólki, sem komið er yfir það aldurstakmark, sem menn hafa hér hengt sig í.

Hv. þm. sagði, að það skipti ekki miklu máli, hvort frv. mitt nær fram að ganga. Ég vænti því, að hann bregði ekki fæti fyrir frv., því að það er sanngirnismál, og vona því, að hann greiði framgang þess.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil bara undirstrika það, sem ég held, að hafi ekki komið nægilega skýrt fram hjá hv. þm. Snæf., að bæði í ellitryggingunum áður og eins nú þangað til ellitryggingarnar koma til framkvæmda, þá er byggt á ölmusureglunni, en ekki réttarreglunni. Ölmusureglan er byggð á því, að menn eigi rétt á að sækja um styrk, en eiga það svo undir yfirvöldunum, hvort þeir fá hann, en eftir réttarreglunni eiga menn, sem uppfylla viss skilyrði, heimtingu á að fá styrk, og þetta yrði óbreytt eftir sem áður. En ég verð að segja eins og áður, að ég geri ráð fyrir, að þótt frv. verði samþ., þá valdi það mjög lítilli breyt., því að þá fá menn á aldrinum 60—67 ára rétt til að sækja um ellistyrk, en þeir, sem fá þann ellistyrk, fá þá ekki örorkulífeyri fyrir elli sakir. Munurinn verður því helzt sá, að menn fá styrkinn undir öðru nafni en verða mundi að l. óbreyttum.

Flm. (Thor Thors): Það, sem hér er deilt um, er það, að ég held því fram, að réttur þessara gamalmenna verði öruggur, ef frv. nær fram að ganga, en ef það nái ekki fram að ganga, þá sé undir hælinn lagt, hvort þetta fólk fær þennan örorkulífeyri. Af þessum ástæðum tel ég rétt, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 15:3 atkv.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439, n. 559).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Allshn. hefir athugað þetta mál og rætt um það við forstjóra tryggingarstofnunar ríkisins, og er hann því mótfallinn, að hreyft sé við aðalgrundvelli löggjafarinnar að því er snertir aldurstakmarkið og greiðsluskyldu vegna lífeyris. Hinsvegar er hann meðmæltur því, sem var aðalatriðið fyrir mér, sem flutti þetta frv., en það er, að þau gamalmenni, sem eru yfir 60 ára og eiga við erfið kjör að búa, hafi rétt til ellilauna, eins og er samkv. gildandi lögum. Til þess að greiða fyrir framgangi málsins, þá varð það að samkomulagi í allshn. að leggja til, að hinar viðtækari breyt., sem frv. gerði ráð fyrir, falli niður, en þessi eina breyt. nái fram að ganga, að gamalmenni yfir 60 ára hafi rétt til ellilauna. Þar sem um þetta er samkomulag í allshn., þá vænti ég þess, að þetta mál fái greiðan framgang í hv. deild.

ATKVGR.
Brtt. 559,1 (1.—3. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 597).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Ég hygg, að samkomulag hafi orðið um þetta mál í Nd. Innihald frv. er það, að gefa öllum, sem eru yfir 60 ára, rétt til ellistyrks, eins og áður hefir verið. Frv. ræður því bót á einum þeirra mörgu annmarka, sem ég benti á í fyrra við meðferð frv. um alþýðutryggingar, sem sé þeim, að enginn á aldrinum frá 60—67 ára geti fengið ellistyrk nema hann sé örorka. Þessi ágalli var viðurkenndur í fyrra, en fékkst ekki leiðréttur frekar en annað, sem á var bent og miður fór, enda var þá komið að þinglokum, eins og nú. Það hefir ekki verið hugsað fyrir því af stj. að koma með frv. til leiðréttingar á þessu og fleiri villum, svo það varð ekki fyrr en mjög seint á þinginu, að hv. þm. Snæf. kom fram með frv. til lagfæringar á þessu í Nd. Það voru áður nokkur atriði í frv., sem ollu ágreiningi, en ef ég man rétt, þá er það, sem eftir er af frv., ágreiningslaust. Það er þess vegna ekki ástæða til þess, að málinu sé vísað til nefndar. Hér er um nauðsynlega leiðréttingu að ræða, ef ekki á að svipta fólk á aldrinum 60—67 ára réttinum til þess að geta fengið dálitinn ellistyrk. Það er ýmislegt fleira í l. um alþýðutryggingar, sem þarf að leiðrétta, eins og t. d. gjalddaginn á ellistyrktargjaldinu. Hann er enginn til eftir l. eins og þau nú eru.

***Jón Baldvinsson:** Ég ætla aðeins að upplýsa það, að hæstv. atvmrh. er bundinn við umr. í Nd. út af fyrirspurn, sem gerð hefir verið til hans þar. En ég held, að hann hafi ýmsar aths. að gera við þetta frv., svo að ég hygg, að það hafi ekki verið fullt samkomulag um það. Frv. getur vitanlega gengið til 2. umr., en þá getur hæstv. ráðh. væntanlega verið við og gert sínar aths. við frv., þegar það verður tekið fyrir aftur.

Magnús Guðmundsson: Ég fullyrði, að engum ágreiningi um frv. var hreyft í Nd. við 2. og 3. umr. málsins, og því taldi ég, að það mundi ekki þurfa til nefndar hér. Sé ágreiningur hér í d., er öðru máli að gegna, en væntanlega má ræða það nægilega við 2. og 3. umr. hér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég er mótfallinn því, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. Efni frv. er, að breyta svo l. um alþýðutryggingar, að ellilaun séu greidd mönnum á aldrinum 60—67 ára. Er það borið fram sem ástæða fyrir frv. þessu, að fólk, sem er á þessum aldri, hafi verið svipt ellistyrk með nýju lögunum. Því er til að svara þessu, að enginn átti kröfu eða rétt á styrknum, heldur átti þetta fólk aðeins rétt til þess að koma til greina við úthlutun hans, en hún fór eftir geðþótta eða mati hreppsnefnda.

Eins og kunnugt er, þá er ákvæði í lögum um alþýðutryggingar, þar sem tekið er fram um ellilaun eftir 67 ára aldur, og auk þess er ætlazt til, að þeir, sem misst hafa helming starfsorku sinnar eða meira, fái örorkulífeyri. Á því er enginn vafi, og hefi ég látið athuga það, að meiri hl. þess fólks, sem er á aldrinum 60—67 ára, hefir misst helming starfsorku sinnar og kemur því til greina við styrkveitingu þessa. — Ég hefi áður lýst því yfir — að ég ætla hér í þessari hv. d. — að þessi kafli laganna sérstaklega hefir verið athugaður með tilliti til úthlutunar ellilauna og örorku. Ég ætla, að ekki sé ástæða til þessara breyt. nú, heldur sé betra að sjá í framkvæmdinni, hverju breyta þarf, og verður það athugað fyrir haustið og áreiðanlega lagt fyrir næsta þing. Þetta frv. hér er stórkostleg breyt. á lögunum, því það raskar öllum útreikningum, því ef aldurstakmarkið er fært niður í 60 ár, eykst tala þeirra, sem verða á ellilaunum, um 5000 manns, eða um 60%. Ég vil því leggja á móti því, að þetta frv. fái afgreiðslu nú.

Magnús Guðmundsson: Við 1. umr. þessa máls vefengdi hv. 4. landsk., að það væri rétt, að þetta mál hefði ekki valdið ágreiningi í Nd. Nú veit ég, að það er rétt hjá mér, að nefndin var þar sammála um afgreiðslu þessa frv., og hafa þeir skrifað undir nál. flokksbræður hv. þm. Héðinn Valdimarsson og Stefán Jóh. Stefánsson. Ég hélt, að hv. þm. bæri nokkra „respekt" fyrir þessum mönnum, en það lítur ekki út fyrir, að hún sé mikil í þessu máli. Og nú tekur hæstv. atvmrh. í sama streng. Ég vil fyrir mitt leyti segja það, að ég veit ekki, hvaða ástæða er til að útiloka allt það fólk, sem er á aldrinum 60—67 ára, frá ellistyrk.

Það er rétt, að enginn gat **heimtað** ellistyrk eftir gömlu lögunum, en það höfðu allir **rétt** til að koma til greina í því efni, en nú eru þeir útilokaðir frá því. Hitt er annað mál, að sumir þeirra geta fengið örorkustyrk. — Ég get ekki séð af lögunum, hver metur starfsgetu þessa fólks. (**Atvmrh.:** Það er miðað við helming starfsorku, og metið eftir algengri vinnu). Ég veit, að lögin mæla svo fyrir, en hver á að framkvæma þetta mat og við hvað miðast það? (**Atvmrh.:** Það verður metið á sama hátt og örorka). Já, einmitt. En þetta sýnir greinilegar en nokkuð annað, að það fólk á 60—67 ára aldri sem ekki er svo illa komið, að það verði að teljast öryrkjar, fær ekki neitt, jafnvel þótt það hafi áður notið ellistyrks. Þetta er spor aftur á bak, og ég er alveg hissa á hæstv. ráðh., að hann skuli ekki geta orðið samferða flokksbræðrum sínum í Nd. um afgreiðslu þessa máls.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Það skiptir engu máli í þessu sambandi, hvaða afstöðu flokksmenn mínir í Nd. hafa tekið; ég hefi mína skoðun um afgreiðslu þessa máls. — Hvað það snertir, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ekki væru tök á að meta starfsorkuna, þá veit hann það eins vel og ég, að þetta hefir verið gert lengi í sambandi við slysatrygginguna, og sjálfur hafði hann ekkert að athuga í sambandi við þau ákvæði, er þetta snerta og eru í l. um alþýðutryggingar.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að fullar líkur eru til, að langflest af því fólki, sem nú hefir

notið ellistyrks — sem er mjög lágur og ófullkominn —, muni koma undir ákvæðið um örorkulífeyri.

Jón Baldvinsson: Með tilliti til þeirra aths. og upplýsinga, sem hæstv. atvmrh. hefir gert og gefið, þá legg ég til, að máli þessu verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi helzt óska, að mál þetta gengi til atkv. hér í hv. d. Ég sé enga ástæðu til að vísa því til stjórnarinnar, sem er því mótfallin. Það var ekki mín meining, að hæstv. atvmrh. væri bundinn við afstöðu flokksmanna sinna í Nd., en af því að vefengt var það, sem ég tók réttilega fram um, að ágreiningur hefði ekki verið í Nd. um afgreiðslu málsins, þá vildi ég sanna mitt mál. Hitt má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki fylgzt með gerðum Nd. í þessu máli, og er það ekki einsdæmi. Hann varð t. d. steinhissa á því nú fyrir nokkru, er Nd. hafði samþ. frv., sem hann var á móti. Ég vil því ráða honum til að gæta betur flokksmanna sinna í Nd. hér eftir en hingað til.

Aðalatriði þessa frv. er að rýra ekki rétt þess fólks, sem ár eftir ár hefir haft ellistyrk og haft af honum mikil not í baráttu sinni fyrir því að þurfa ekki að þiggja sveitarstyrk.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég verð því miður að játa það, að þó undarlegt megi virðast, sagði þessi hv. þm. satt frá því, að eitt mál. frv. til laga um heimilisfang, slysaðist gegnum Nd. á 5 eða 10 mín. (**MG:** Það voru 3 dagar). En hv. þm. má ekki ofmetnast af því, eða láta sér það stíga til höfuðs, því mér er vel kunnugt um, að ýmsir hv. þm. greiddu því atkv. að óathuguðu máli.

ATKVGR.

Till. frá 4. landsk. þm. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP.

nei: MG, MJ, PM, ÞBr, GL, JAJ.

EÁrna greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÞÞ) fjarstaddur.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Innlánsvextir og vaxtaskattur.

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um innlánsvexti og vaxtaskatt (þmfrv., A. 9).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. hefir verið áður til meðferðar hér á Alþ. og aldrei komizt lengra en til n. — Ég geri ráð fyrir, að ég þurfi ekki að hafa í þetta skipti langa framsögu fyrir frv.

Það er öllum vitanlegt, að aðalatvinnuvegir landsmanna, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn, rísa — eins og nú er ástatt fyrir þeim — ekki undir því að ávaxta það fé, sem í þeim stendur, nema tiltölulega lágt, líklega kringum 3%, eftir þeim gögnum, sem helzt er hægt að fá um það. Hinsvegar er það líka vitanlegt, að þeir, sem fjármagnið eiga, hafa til þessa getað ávaxtað fé sitt með 4, 4½, 5 eða 6%, eða jafnvel ennþá hærri vöxtum. Með frv. þessu er því reynt að finna leið til að láta nokkurn hluta af þeim vöxtum, sem peningaeigendur nú fá af sínu fé, ganga til þess að lækka vexti af því fé, sem atvinnuvegirnir þurfa að nota sem lánsfé, til þess að vinna með, þannig að peningamennirnir fái lægri vexti en þeir fá nú af sínu innlánsfé, til þess að atvinnuvegir landsmanna fái fremur staðizt. Það var álitið í fyrra, að þetta kæmi ekki nógu skýrt fram og að skattur þessi mundi verða til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Til þess nú að fyrirbyggja það, hefi ég sett nýja grein inn í frv., þar sem ákvæði eru um vaxtamiðlunarsjóð, sem eingöngu á að verja til lækkunar vaxta á lánsfé, sem atvinnuvegirnir nota.

Ég óska, að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og til fjhn., og vona ég, að ég þurfi ekki að kalla eins oft eftir frv. þessu frá þeirri hv. n. eins og ég kallaði eftir því frá fjhn. í fyrra, og þó árangurslaust. Nú vonast ég eftir, að ég þurfi aldrei að kalla eftir því frá n. og að mál þetta verði afgr. í einhverju formi á sem heppilegastan hátt á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn. úrskurðuð fallin vegna ónógrar þátttöku í atkvgr.

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil leyfa mér að gera þá uppástungu, að þetta mál sæti sömu meðferð og fyrsta málið á dagskránni, að umr. verði frestað og því vísað til n., sem ég ætla, að mundi heppilegast, að yrði fjhn.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Ég vil styðja þessa till. Ég álít sjálfsagt, að málið fari til n. En áður en það fer þangað vildi ég mega benda n. á eitt atriði sérstaklega. Það er, að í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að til þess að sanna, að gjald hafi verið greitt af bréfum, sem gefa það háa vexti, að skatt eigi að greiða af þeim, á að sýna þau árlega lögreglustjóranum, sem stimplar þau. Mér hefir verið bent á, að víssar stofnanir hér á landi, og þá sérstaklega ríkissjóður, eigi mikið af svona bréfum, sem skatt mundi þurfa að borga af. Það er spurning, hvort ekki er hægt að koma þessu fyrir á hagkvæmari hátt, svo að það sé minni fyrirhöfn heldur en því er samfara að stimpla bréfin. Þess vegna vil ég biðja n. að athuga, hvort ekki muni hægt að sleppa alveg að stimpla bréfin, en láta bankana sjálfa draga frá um leið og þeir borga út vaxtamiða. En aftur á móti er ómögulegt að sleppa að stimpla bréf, sem ganga á milli privatmanna. En ég geri ráð fyrir, að n. sé nú orðin sammála um það, að ekkert réttlæti sé í því að láta sparifjáreigendur hirða 6—7% arð, þegar atvinnuvegirnir standa ekki undir nema tæpum 3%. Það er sjálfsagt að taka nokkuð af þeim vöxtum, sem þeir fá, og verja þeim til þess að lækka útlánsvextina á því fé, sem atvinnuvegirnir þurfa að standa undir. — Ég tek svo undir þá ósk, að málinu verði vísað til nefndar, og vona, að hún sofni ekki á því.

ATKVGR.

Umr. frestað og frv. vísað til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Útgerðarsamvinnufélög.

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög (þmfrv., A. 11).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Þetta frv. hefir legið fyrir tveimur þingum, fyrst fyrir þinginu 1934 og svo fyrir þinginu í fyrra. Nú er það borið fram í þriðja sinn.

Eins og hv. þdm. mun kunnugt, samþ. Alþingi á tímabili heimild fyrir stj. til að ganga í ábyrgð fyrir allmörg útgerðarsamvinnufélög, sérstaklega á aukaþinginu 1933. En þau þorp, sem fyrir þessu happi urðu, voru því miður ekki allt af þau, sem mest ástæða var til að ganga í ábyrgð fyrir, heldur var farið eftir því, hversu duglegir menn voru að gangast fyrir að fá ábyrgðirnar. Það er enginn vafi, að sumir af þeim stöðum, sem hlutu þessar ábyrgðir, svo sem Borgarnes og Stokkseyri, eru ekki eins vel til útgerðar fallnir eins og t. d. þorpin á Vestfjörðum og ýms Austfjarðaþorpin.

Þetta er í raun og veru aðalástæðan til þess, að þetta frv. hefir komið fram hér á þingi. Alþingi sá, að það var komið svo langt á þessari braut, að það mátti ekki ganga lengra og varð því að stöðva sig. Með þessu frv. leitast flm. þess við að skapa skipulag fyrir þessi útgerðarsamvinnufélög, svo að forsvaranlegt verði að veita þeim meiri hlunnindi en annars, til uppbótar fyrir það, að þau fá ekki sámskonar ábyrgð og félög í sumum þorpum hafa hlotið.

Ég býst við, að um þennan tilgang frv. hljóti allir hv. þdm. að vera sammála. Hitt er ekki nema eðlilegt, að ágreiningur verði um einstök atriði skipulagsins. T. d. er í frv. gert ráð fyrir, að skipverjum sé greitt með ákveðnum hluta af afla, og get ég ímyndað mér, að ágreiningur kunni að verða um slíka skipun, en vænti, að samkomulag ætti að geta orðið í því efni.

Það fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, er í samræmi við skoðun okkar framsóknarmanna, að ekki eingöngu á verzlunarsviðinu, heldur og á atvinnusviðinu skuli lögð áherzla á að starfa með samvinnusniði. Hér er byggt á því, og það er í samræmi við þá stefnu, að hlutaskipti séu höfð. Ég býst við, að ýmsir úr öðrum flokkum vilji það gagnstæða, og gætu þar vel komið til greina samningar, hvort því mætti breyta að einhverju leyti. — Sömuleiðis hljóta að verða skiptar skoðanir um það, hversu miklar kröfur megi gera til félags um að leggja í sjóð af fé sínu. Í 7. gr. frv. er ákveðið, að leggja skuli í varasjóð 2% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 2% af kaupi fastra starfsmanna félagsins, sem eru ekki hlutamenn, en þetta er ekkert höfuðskilyrði af hálfu okkar flm.

Ég vil óska þess, að Alþingi taki nú á þessu máli með fullri alvöru, því að höfuðtilgangur frv. er áreiðanlega viðurkenndur af öllum hv. þm. — Að lokum legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BJ o. fl.).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 13).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Þetta frv. er í beinu sambandi við það frv., sem var hér fyrst á dagskrá (frv. um útgerðarsamvinnufélög). Með þessu frv. eru sett ákvæði, sem veita þeim félögum, sem hlíta ákvæðum þeim, sem setja á með frv. um útgerðarsamvinnufélög, möguleika til þess að fá starfsfé úr fiskveiðasjóði.

Ég held, að ekki sé of langt gengið með þessu frv., ef sæmilega er gengið frá l. um útgerðarsamvinnufélög. Hér er farin sú leið, að gera nokkrum opinberum sjóður að skyldu að láta fiskveiðasjóði í té nokkurt fé árlega, sem fjmrh. ákveður, hversu mikið skuli vera. Þetta er áreiðanlega mjög skynsamleg leið til þess að auka og endurbyggja að einhverju leyti útgerðartæki hér á landi, og þá sérstaklega á samvinnusviðinu.

Þetta frv. hefir eins og frv. það, sem var hér síðast til umr., frv. um útgerðarsamvinnufélög, legið fyrir tveim þingum og kemur nú fram í þriðja sinn. Því var vísað til sjútvn., og óska ég, að það verði enn látið fara þangað, að lokinni þessari umr. Vil ég vænta þess, að sú n. gangi að afgreiðslu þessara mála beggja með fullri alvöru, svo að þau megi fá fulla afgreiðslu á þessu þingi.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég skal upplýsa það, að í fyrra lágu fyrir sjútvn. tvö, eða eiginlega þrjú frv. um þetta efni. N. varð sammála um að senda þau öll til stj. fiskveiðasjóðs til umsagnar. Vænti ég, að sú umsögn geti komið nú. Mér vitanlega er hún ekki komin ennþá, en það er sjálfsagt, að n. geri tilraun til að fá hana. — Um þetta mál hefir verið nokkur ágreiningur í n., og tel ég því rétt að leita álits þeirra, sem mesta reynslu hafa og ættu að hafa glöggan skilning á því, hvernig þessum málum verður bezt fyrir komið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Samvinnufélög.

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög (þmfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Frv. shlj. þessu frv. flutti ég á fyrri hluta síðasta þings. Það fékk þá enga afgreiðslu, og nú flyt ég það enn óbreytt frá því, sem það var þá.

Þetta frv. fer aðallega fram á þær breyt. á samvinnufélagsl. frá 1921, að rýmka til um ákvæðin um ábyrgðina. Í þeim l. er svo ákveðið, að sameiginleg ábyrgð skuli vera í öllum þeim samvinnufélögum, sem annast innkaup fyrir félagsmeðlimi sína. Aftur á móti er leyfð takmörkuð ábyrgð þeim félögum, sem annast aðeins sölu fyrir félagsmenn sína. — Nú er svo um mörg af þessum félögum, að þau hafa með höndum þetta tvíþætta verkefni, innkaup og sölu. Hér er því ekki farið fram á breyt. nema að hálfu leyti að því er þau snertir. Það er ekki heldur nein ástæða til, að ábyrgðin sé ótakmörkuð, þó að félögin hafi útvegað vörur fyrir félagsmenn sína. Það hefir líka komið í ljós, að þessi ótakmarkaða ábyrgð hefir ekki náð tilgangi sínum. Lánsstofnanir hafa nú ekki gert eins mikið úr henni og gert var, þegar l. voru sett. Það hefir heldur aldrei komið fyrir, að þessu ákvæði væri beitt af þeim, sem kröfur áttu á þessi félög. Hér er því fyllsta ástæða til að rýmka til, og er það höfuðverkefni þessa frumvarps.

Annað verkefni frv. sést í 4. gr. Þar er heimilað að gera við stofnun hvers félags nokkurskonar frumsamning, sem ég hefi kallað stofnsamning, þar sem félagi er gert leyfilegt að setja ákvæði um grundvallarstefnu félagsins, sem má ekki víkja frá, og þannig fyrirbyggja þá hættu, sem af því getur stafað, að tilgangi félaganna sé breytt og starfsemi þeirra snúið inn á annað verksvið en stofnendur ætluðust til.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi atriði geti valdið ágreiningi meðal hv. þm. Mér sýnast þau svo sjálfsögð, að ekki sé ástæða til, að málið sé látið fara til n. Því var í fyrra vísað til allshn., en hún sýndi því engin skil. Það lá þar óafgr. án þess að nokkur þörf væri á að leita umsagnar um efni frv. Ég veit ekki til, að n. hafi gert sér nokkurt ómak til að ýta því áfram. Sýnist mér engin þörf, að það fái sömu aðgerðaleysismeðferð nú, og vil láta það halda áfram nefndarlaust, ekki síst af því, að málið liggur svo ljóst fyrir, að hv. þdm. ættu ekki að þurfa umhugsunar við, hvort það skuli ganga fram eða ekki.

Ég hygg, að það sé sameiginlegt álit allra þeirra, sem um þessi mál hafa hugsað, að engin ástæða sé til að halda eins fast við þá ótakmörkuðu ábyrgð og gert var við samningu samvinnufélagal. Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki málið fljótt á dagskrá aftur. Ég held, að það væri ekki illa til fallið, þar sem fyrstu dagar þingsins eru oft aðgerðalitlir.

Gísli Guðmundsson: Ég vil aðeins gera það að till. minni, að málinu sé vísað til allshn. Ég kann ekki við, að eins stórt mál og þetta fari til 2. umr. án þess að það sé athugað í n., og því síður sem það var ekki afgr. frá n. á síðasta þingi.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Ég geri það ekki að kappsmáli, hvort málið fer í n., en mér kemur það undarlega fyrir sjónir, þegar fulltrúi úr samvinnuhéraði vill vísa þessu frv. til nefndar, sem lá á því að þarflausu á síðasta þingi. Hv. þm. N.-Þ. getur ekki bent á neitt, sem hafi valdið þeirri töf. Og þó að þessi hv. þm. sé kannske svo gerókunnugur því, sem gerist á samvinnusviðinu, þá þekkja aðrir hv. þm. það svo vel, að þeir þurfa ekki að fá umsögn um það frá neinni n. En hv. þm. vill kannske vísa málinu til n. af því, að hann vill ekki, að málið fái afgreiðslu hér á þingi, en þá kann ég betur við, að það komi fram við síðari umr., hvaða ástæður liggja til þess, svo að maður fái ástæðu til að eiga orðastað við þá hv. þm., sem kynni að vera innanbrjósts eins og þessum hv. þm. En eina leiðin til þess er sú, að frv. sé ekki vísað til n., svo að það verði ekki svæft þar, eins og gert var á síðasta þingi bæði við það og svo mörg önnur mál.

Ég vænti því, að hv. þdm. verði ekki við óskum hv. þm. N.-Þ., að vísa frv. til n., af því að mér skilst, að aðaltilgangurinn hjá honum sé sá, að málið dagi uppi í n. til þess að fríast við umr. um það.

***Gísli Guðmundsson:** Ég skil ekki í þessum hávaða, sem þessi hv. þm. er hér með út af því, að till. hefir komið um, að frv. hans verði sá sómi sýndur að vísa því til n. Ég hélt, að hv. þm. hefði fremur ástæðu til að gleðjast yfir því, að frv. hans er veitt sú athygli, að menn vilja, að það fái afgreiðslu í n. Ég vil ekki heldur efast um, að allshn. athugi málið, og býst við, að hún liggi ekki á liði sínu.

Ég á ekki að svara fyrir þá n., en ég hygg, að til hennar komi fleiri mál en flestra annara n. og að hún afgr. þau yfirleitt greiðlega, svo að það er alls ekki örvænt, að hún afgr. þetta frv., ef hún fær það til meðferðar.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Það er væmið hrossakjötsbragð að því, sem kemur frá hv. þm. N.-Þ., og það er ekki heldur við öðru að búast. — Ég hafði ekki gert mér neina hugmynd um, að þessi hv. þm. eða ýmsir af hans flokksmönnum vildu neitt á sig leggja til þess að sýna sóma þeim málum, sem ég ber fram hér á þingi, en ég hélt ekki, að hann væri svo algerlega huglaus, að hann þyrði ekki að eiga orðastað við mig um efni þeirra mála, sem ég flyt. Það er eingöngu vegna þess, að hugrekki hans er svo lítið, að hann óskar eftir, að málinu sé vísað til n., í því trausti, að hann geti í gegnum flokksmenn sína þar séð svo fyrir, að málið verði ekki framar tekið til umr. hér á þingi. Ég hefi fulla ástæðu til að halda, að málið komi ekki úr n., vegna þeirrar reynslu, sem ég fékk á síðasta þingi. Þá krafðist ég þess hvað eftir annað að fá málið úr n., og þótt hæstv. forseti legði þar

einnig nokkuð af mörkum til þess að fá þeim óskum framgengt, þá var þeim aldrei fullnægt. Þetta mál er líka svo einfalt og óbrotið og öllum, sem um samvinnumál hafa hugsað, svo ljóst, að um það getur ekki orðið verulegur ágreiningur. Þess vegna er ástæðulaust frá sjónarmiði þeirra manna að láta málið velkjast lengi í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. úrskurðuð fallin vegna ónógrar þátttöku í atkvgr.

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

***Flm. (Hannes Jónsson):** Ég þarf ekki að vera margorður um þetta frv.; ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér innihald þess. Ég skal aðeins rifja upp aðalatriði frv., en þau eru á þá leið, að skilyrði samvinnulaganna um ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð í þeim samvinnufélögum, sem hafa það verkefni að útvega félagsmönnum sínum vörur, verði fellt úr þeim, og að ábyrgðin verði framvegis takmörkuð við ákveðna fjárhæð hjá hverjum einstökum félagsmanni, er ákveðin sé í samþykktum félagsins. Þó má takmörkuð ábyrgð einstaks félagsmanns eigi vera lægri en 100 krónur. — Þetta ákvæði um ótakmörkuðu ábyrgðina var ríkjandi í kaupfélögunum löngu áður en samvinnulögin voru sett. Þá skorti félögin algerlega rekstrarfé, að heita mátti, og þá munu bankar og aðrir, sem leitað var til um rekstrarfé, hafa sett það skilyrði fyrir lánveitingu, að félagsmenn stæðu allir í sameiginlegri ótakmarkaðri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum félagsins. En samkv. reynslu umliðins tíma hefir það sýnt sig, að ótakmarkaða ábyrgðin er hvorki nauðsynleg né heppileg í öllu tilliti, fremur í kaupfélögum og pöntunarfélögum heldur en í öðrum tegundum samvinnufélaga. Það hefir komið í ljós, að hún er í reyndinni meira form en að hún sé raunveruleg trygging fyrir félögin sjálf eða lánardrottna þeirra. Hún hefir ekki gert það gagn, sem búizt var við í upphafi, þannig að ef kaupfélög hafa komizt í þrot, þá hefir ótakmarkaða ábyrgðin ekki verið notuð. Í raun og veru hefir hún því ekki leitt til annars en að fæla einstaka menn frá félagsskapnum, menn, sem af prinsipástæðum vilja ekki binda sig slíkum ábyrgðum, jafnvel þó að engar líkur séu til, að þeim verði beitt. — Önnur aðalákvæði frv. eru í 4. gr., og eru þau viðauki, sem ætlazt er til, að verði í 5. gr. samvinnulaganna. Er þar gert ráð fyrir, að þeir menn, sem stofna samvinnufélag, setji sér grundvallarákvæði um starfsemi félagsins, og er það stofnsamningur félagsins, sem á að gilda meðan það er við lýði. Með því á það að vera tryggt, að tilgangi félagsins verði ekki breytt, eða starfsemi þess snúið á aðrar leiðir en ætlað var. — Þá er í 5. gr. frv. gert ráð fyrir, að stofnsjóðsákvæði samvinnulaganna gildi ekki fyrir önnur félög en þau, sem veita viðskiptamönnum gjaldfrest. Þau kaupfélög, sem flytja inn og selja vörur til félagsmanna, þurfa að safna fé í tryggingarsjóði, ef þau lána viðskiptamönnum sínum vörurnar, og við því er ekkert raskað í þessum tillögum mínum. En ef hönd selur hendi og félagið veitir engin lán, þá eru ákvæði samvinnulaganna um tillög félagsmanna í stofnsjóð algerlega óþörf. Þá er það verkefni stofnsjóðs ekki fyrir hendi, að tryggja viðskipti félagsmanna gagnvart félaginu, þegar félagið lánar ekki út. Það er vitanlega talsverð kvöð fyrir félagsmenn að leggja 3% af rekstrarhagnaði sínum í stofnsjóð, enda ætlast ég til, að þeir verði leystir undan því; það er ekki frekar ástæða til að halda slíkri kvöð í þeim félögum, sem ekki lána út, heldur en t. d. í framleiðslufélögum, sem eru nú alveg undanþegin stofnsjóðsgjaldi.

Ég hefi nú rakið efni frv. í aðaldráttum, og held ég, að öllum hljóti að koma saman um, að þessi atriði séu sjálfsögð, jafnvel þótt ýmsir haldi því fram, að með ótakmörkuðu ábyrgðinni hafi samvinnufélögin átt eitt sameiginlegt stefnumið. Það er líka meira og meira farið að víkja frá henni í seinni tíð, og menn geta fullkomlega lifað og starfað undir merki samvinnuhugsjónarinnar, þó að þeir bindist ekki hinni ótakmörkuðu ábyrgð. — Á hinn bóginn geta þeir, sem vilja, haldið fast við sína ótakmörkuðu ábyrgð, ef þeim finnst hún vera eitthvert allsherjartákn þeirrar trúar, sem þeir hafa á samvinnufélagsskapnum.

En fyrir þau kaupfélög, sem starfa í kaupstöðunum og láta hönd selja hendi, er hér opnuð leið til starfa á grundvelli samvinnulaganna, án þess að félagsmenn þurfi að bera ótakmarkaða ábyrgð á viðskiptum hvers annars við félagið. Og slík ráðstöfun ætti líka fremur að hvetja félögin til þess að lána ekki út til viðskiptamanna sinna. Ég held, að ef þessi lagabreyt. hefði slík áhrif, þá væri það eitt nóg, út af fyrir sig, til þess að réttlæta hana.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um frv. frekar, en vona, að hv. d. greiði sem mest fyrir því, svo að það fái fljóta og góða afgreiðslu. En ef einhverjir hv. þdm. hafa áhuga fyrir því að gera aths. við einstök atriði frv., þá óska ég eftir að fá að heyra þær hér í d., því að enn má vel koma að breyt. við frv. — Ég er fús til þess að taka leiðréttingum og auka við frv. fleiri breyt. á samvinnulögunum, ef þær koma fram og ég tel þær nauðsynlegar eða þannig, að þær geti leitt til bóta. Mér er það fyllilega ljóst, að þrátt fyrir þær breyt., sem felast í þessu frv., þá er hvergi nærri tæmt það efni samvinnulaganna, sem þörf er á að endurskoða. Enda er það ekki undarlegt, þar sem lögin eru frá 1921, og engin breyt. hefir verið gerð á þeim síðan. Ég er reiðubúinn til samvinnu við hvern sem vera skal um frekari athugun á þessum lögum, en taldi sjálfsagt að koma fram með þær breyt., sem í frv. felast, og vil, að þær gangi sem fyrst í gegnum þingið.

Jón Pálmason: Það er dálítið óvenjuleg aðferð að láta þetta frv. fara í gegnum d. án þess að það gangi til n.; og ekki sízt þegar um svo mikilsvert mál er að ræða sem hér er á ferðinni, þá tel ég ekki forsvaranlegt að afgr. það án nefndar. Ég skal ekki lengja mikið umr. um

þetta frv., en ég geri ráð fyrir, að einhverjum öðrum en mér kunni að þykja það nokkuð viðurhlutamikið að ganga til atkv. um það án þess að það sé athugað í n. — En ég kvaddi mér hljóðs sérstaklega vegna þess, að ég tel þær breyt. á samvinnulögunum, sem í frv. felast, algerlega ófullnægjandi. Lögin eru frá 1921, eins og tekið hefir verið fram, og lít ég svo á, að fyrst þau eru nú á annað borð tekin til athugunar, þá eigi að gera á þeim fleiri og róttækari breyt. en hér er stungið upp á. Ég skal ekki fara út í öll þau atriði, sem þar gætu komið til greina, en halda mér við þau atriði, sem frv. fjallar um, og þá sérstaklega ótakmörkuðu ábyrgðina. Það er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að eigi beri skylda til að hafa ótakmarkaða ábyrgð í þeim samvinnufélögum, sem kaupa inn og selja vörur. Ég lít svo á, að eins og nú er komið, þá sé það sannað, að þessi ótakmarkaða ábyrgð hafi ekkert verið notuð í viðskiptalífinu, og ennfremur, að hún geti ekki komið að neinu haldi. Og sönnunin felst í því, hvernig kreppulánauppgerðin var látin fara fram. Reynslan var sú, að þó að lýst væri ábyrgðar- og skuldakröfum á þá menn, sem í kaupfélögunum voru og aðrir voru samábyrgir með, þá var krafan alls ekki tekin til greina. Fjárhagur hvers félagsmanns var gerður upp í kreppunni án þess að nokkurt tillit væri tekið til hinnar ótakmörkuðu ábyrgðar hans í kaupfélaginu. Þar með var því slegið föstu, að þessi ábyrgð kæmi ekki að neinu gagni. — Ef nú á að breyta þessu samábyrgðarákvæði samvinnulaganna, þá álít ég, að sú breyt. þurfi að vera miklu róttækari. Hér er í þessu frv. aðeins gert ráð fyrir að heimila sölufélögum að starfa á grundvelli samvinnulaganna, án þess að þau hafi ótakmarkaða ábyrgð. En þessi heimild mundi ekki verka neitt fyrir þau. Sláturfélögin hafa nú þegar haft þessa heimild í lögunum síðan 1921, en hún hefir bara ekki verið notuð, af því að Samband ísl. samvinnufélaga hefir neitað sölufélögunum um að nota slíka heimild til þess að hafa takmarkaða ábyrgð; þetta er mér kunnugt um. En þannig stendur á um þau sölufélög, sem hafa sérstaklega kjöt til sölu, að þeim er ekki unnt að verzla gegnum aðra heildsala en S. Í. S., af því að það er varla um aðra aðilja að ræða hér á landi, sem verzla með það erlendis. Út af fyrir sig er ekki nema gott eitt um það að að segja, að kjötverzlunin sé á einni hendi, ef sölumeðferð þess er í góðu lagi, sem ég vil ekki efast um að sé, en út í það fer ég ekki lengra í þessu sambandi. — En það er vitanlegt, að þar sem heimild sölufélaganna til hinnar takmörkuðu ábyrgðar er ekki enn komin til framkvæmda, þá mundi sú heimild, sem þetta frv. veitir, ekki heldur verða notuð, þó það verði gert að lögum. Ég álít, að ef þessu ákvæði samvinnulaganna verður breytt, þá eigi að gera það á svo róttækan hátt, að hin ótakmarkaða samábyrgð verði alls ekki leyfð, heldur beinlínis strikuð út úr lögunum. Þessi fyrirhugaða breyt. samkv. frv. er því algerlega ófullnægjandi og kemur ekki að því gagni, sem vakir fyrir hv. flm. — Mér finnst réttast, þótt þetta frv. sé hér til 2. umr., að því verði vísað til n. Legg ég því til, að umr. verði frestað og málinu vísað til nefndar.

*Gísli Guðmundsson: Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., bar ég fram till. um, að því yrði vísað til n. á milli 1. og 2. umr., af því að hv. flm. hafði ekki stungið upp á því, og virtist meira að segja vera því mótfallinn. Niðurstaðan varð sú, af því að þá var nokkuð fámennt hér í d., að till. mín um að vísa frv. til n. var felld. Þess vegna liggja hér ekki fyrir þau gögn frá n., sem venjulega eru til staðar við 2. umr. og nauðsynleg eru til þess að þdm. geti yfirleitt gert sér ljósa grein fyrir málinu. — Ég mun því eindregið styðja þá till. hv. þm. A.-Húnv., að umr. verði frestað og frv. vísað til allshn. — Ég vil benda á, að það virðist dálítið einkennilegt við flutning þessa frv.; a. m. k. kemur ekkert fram um það í grg., að það sé flutt samkv. óskum einhverra af samvinnufélögunum í landinu eða Sambands ísl. samvinnufélaga. Meira að segja man ég ekki eftir því, þó það hinsvegar geti vel verið, að hv. þm. V.-Húnv. hafi flutt slíkt frv. meðan hann var sjálfur í þjónustu samvinnufélaganna. Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli, en hitt virðist sjálfsagt, að úr því að frv. er ekki borið fram eftir ósk samvinnufélaganna, þá sé þeim gefinn kostur á að láta uppi álit sitt á því, og það verður ekki gert á annan hátt en að málinu sé vísað til n. og leitað umsagnar um það eins og venja er til.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð. Málið liggur ekki þannig fyrir, að það sé hægt að ræða það eins og venja er til við 2. umr. Þess vegna styð ég þá till. að fresta málinu og vísa því til n.

*Flm. (Hannes Jónsson): Ég vil benda á, að þótt hv. þm. A.-Húnv. telji nauðsyn á því að vísa málinu til n. til þess að athuga hin einstöku ákvæði, og sennilega þá líka til þess að athuga frekari breyt. á samvinnulögunum, þá kemur fram hjá honum einmitt ákveðin skoðun á aðalefni frv., — skoðun, sem ég geri ekki ráð fyrir, að breytist neitt, þótt málið verði athugað í nefnd, sem hann á ekki sæti í. Nei, einmitt það, að hann kemur fram með sína ákveðnu skoðun í þessu efni, sannar það, að málið liggur ljóst fyrir mönnum og að það þarf ekki að ganga til n. til þess að menn skapi sér skoðun um það, hvort eigi að samþ. þessar breyt. eða ekki.

Hv. þm. N.-Þ. benti á, að frv. hefði ekki fengið þá afgreiðslu í n., sem nauðsynleg sé til þess að hægt sé að taka málið hér til meðferðar. Hv. þm. ættu að athuga, hvernig ýms nál. eru úr garði gerð, sem nú er farið að flytja á þingi, hvernig n. skila málum frá sér. Oft og tíðum er það þannig, að nál. eru ekki heil lína, í mesta lagi tvær línur, og skýrt frá því, að meiri hl. eða n. sé sammála um að frv. nái fram að ganga, eða sé því andvíg og leggi til, að frv. verði fellt. Svona eru rökstudd þau álit, sem n. flytja hér á Alþingi. — Ég sé ekki ástæðu til þess að láta þetta mál fara til n. til þess að fá yfirlýsingu einhvers í n., sem er málinu andvígur, um það, að hann geti ekki fallizt á þessar breyt. á samvinnulögunum, sem í frv. standa, og muni því greiða atkv. á móti því. En ég vil minna á, út af orðum hv. þm. N.-Þ., að þetta frv. sé ekki flutt eftir tilmælum samvinnufélagsskaparins í landinu, að ég gat þess fyrst þegar ég flutti þetta

mál hér á þingi, að það væri flutt eftir ósk manna úr kauptélagi Reykjavíkur. Ég ætla, að jafnvel þótt það félag sé ekki í Sambandinu, þá sé fullkomin ástæða að taka til greina óskir þess um slíkar breyt., og ekki sízt ef þeir menn eru sannfærðir um, að það, sem fram á er farið, sé stefna í rétta átt. Ég sé ekki annað en hv. þm. A.-Húnv. ætti líka að geta fallizt á þetta, þó að hann sé nú það staðari gagnvart ótakmarkaðri ábyrgð en ég, að hann vill nema það alveg úr lögum, að nokkurt félag hafi heimild til þess að hafa ótakmarkaða ábyrgð. Það finnst mér hastarlega að farið, ef á að neita mönnum um að koma á hjá sér ótakmarkaðri ábyrgð, því að það má segja, að utan samvinnufélagsskaparins bindist menn slíkum fjármálasamtökum, að í framkvæmdinni verður ábyrgðin alveg ótakmörkuð, þegar miðað er við fjárhagsafkomu þeirra manna, sem til slíkra fjármálasamtaka stofna. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, áður en að ég fer lengra út í að ræða um þetta, að þessari umr. verði haldið áfram.

Ég skal ekki standa á móti því, að málinu verði vísað til n., ef ég fæ að heyra frá þeirri n., sem hafði málið til meðferðar á síðasta þingi, hv. allshn., að hún muni skila málinu frá sér svo snemma, að það geti fengið afgreiðslu hér á þinginu. Það er ekki forsvaranlegt með mál eins og þetta, sem ekki er svo frekt á starfskrafta þingsins, að láta það liggja óafgr. í n. mánuð eftir mánuð og þing eftir þing. Þá er betra að ganga frá þessu máli dauðu og láta það ekki vera að flækjast fyrir til skammar fyrir þingið og leiðinda fyrir þá, sem vilja berjast fyrir því, að málið fái afgreiðslu. — Ég ætla svo ekki að fara frekar út í þetta fyrr en ég heyri, hvort hæstv. forseti sér sér ekki fært að halda áfram þessari umr. og vísa málinu til n. fyrir 3. umr. Ennfremur vil ég mælast til þess, að einhver úr hv. allshn. — og þá helzt form. hennar — vildi gefa yfirlýsingu um það, hverrar afgreiðslu málið mætti vænta hjá n., ef það færi þangað.

Forseti (JörB): Deildin verður að sjálfsögðu að skera úr því, hvort á að fresta umr. og vísa málinu til n., því að eins og kunnugt er, hafa þm. leyfi til að vísa máli til n. á hvaða stigi sem er. Hinsvegar vil ég beina til hv. þm., ef svo kynni að fara, að málinu yrði frestað og því vísað til n., hvort þeir vildu þá ekki geyma frekari umr. um málið sjálft.

Bergur Jónsson: Ég ætla aðeins að gera að till. minni, að þessu máli verði vísað til n. Ég tók eftir því við síðustu umr., að málinu var vísað áfram nefndarlaust, en ég tel það óafsakanlegt, að svona mál sé látið fara gegnum deildina án þess að það sé athugað í n., og þá á það að sjálfsögðu heima í allshn.

ATKVGR.

Umr. frestað og frv. vísað til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Útflutningsgjald (frv. PO).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 23. jan. 1935, um útflutningsgjald (þmfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

6. Námskeið fyrir atvinnulausa unglinga.

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum (þmfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Einarsson): Frv., nokkuð svipað því, sem hér liggur fyrir, bárum við fram nokkrir alþýðuflokksmenn á síðasta þingi, og málið er því, að því er ég ætla, hv. þm. kunnugt. — Þær breyt., sem eru á þessu frv. frá því, sem það áður lá fyrir, eru í stuttu máli þær, að hreppsnefndum og bæjarstjórnum er heimilt að efna til þessara námskeiða að vetri til, og er ætlazt til, að ríki og bæjarfélög eða hreppsfélög kosti þau í sameiningu. Með þessu er það lagt í vald bæjarstjórna og hreppsnefnda, hvort þær yfirleitt ráðast í þessar framkvæmdir eða ekki, og verður þó hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd að meta þörfina á að gera eitthvað fyrir atvinnulausa unglinga, eða hvort fjárhagsgetan er þannig, að hreppsfélagið eða bæjarfélagið geti ekki lagt út í það.

Þá er líka í 3. gr. nokkuð vikið frá því, sem áður var, þannig að námsgreinar eru taldar upp, en rýmkað svo, að leggja má stund á hverja þá námsgrein, sem henta þykir. Þetta er gert með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar er fengin hér í Reykjavík, þar sem rekinn hefir verið skóli fyrir atvinnulausa unglinga og þeir hafa stundað líkamlega vinnu, svo sem jarðrækt suður í Fossvogi, jafnframt bóklegu námi. Að öðru leyti er þetta hugsað svo einfalt sem verða má. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir eiga að hafa frumkvæðið að þessum framkvæmdum, þar sem þess er talin þörf; að öðru leyti fara skólanefndir með framkvæmd þessara mála. Svo er ákveði um, að skýrsla skuli send fræðslumálastjóra á hverju ári. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um það, hver nauðsyn er á að skapa atvinnulausum unglingum einhver viðfangsefni. Ég vil bara minna á, að nú um þessar mundir eru Englend-

ingar að hækka skólaskyldualdurinn, m. a. til þess að girða fyrir, að unglingum sé varpað út í atvinnuleysið áður en þeir eru komnir á þann aldur, að þeim sé minni hætta búin af spillandi áhrifum eða að það sé nokkur von að koma þeim fyrir í atvinnulífinu.

Ég vil svo segja eins og ég sagði þegar málið kom fyrst fyrir þessa hv. d., að mér skilst, að hér geti ekki verið stofnað til stórra útláta fyrir ríkissjóð, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður styrki þessi námskeið með átta krónum fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda. Það verður á tiltölulega fáum stöðum, sem þetta kemur til framkvæmda fyrst um sinn, og ég ætla, þar sem bæjarstjórnum og hreppsnefndum er falið að eiga frumkvæðið að þessu, að fjárhagur þeirra sjálfra verði nægilegt aðhald með, að ríkissjóði verði ekki bundnar óhæfilegar byrðar. En ég vil taka það fram, að fjölda manna í þessum bæ sárnaði, hvernig fór um þetta mál á síðasta þingi. En héðan af verður ekki staðið á móti þessu máli, þar sem Reykjavíkurbær hefir hafizt handa um framkvæmdir í þessum efnum.

Ég geri svo að till. minni, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til menntmn.

Bjarni Bjarnason: Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði vísað til menntmn., og þar sem ég á sæti í þeirri n., get ég verið stuttorður. En ég vildi þó geta um það, að í lögunum um gagnfræðaskóla er gert ráð fyrir möguleika fyrir því að styrkja unglingafræðsluna í sveitum, kauptúnum og bæjum, og þeir nemendur, sem ekki komast í gagnfræðaskólana eða héraðsskólana, eiga kost á því að fá dálitla aðgengilega kennslu einmitt í gegnum þetta ákvæði, en til þess þarf auðvitað að vera fjárveiting. Nú er að vísu dálítil fjárveiting í þessu skyni, 15 þús. kr., 1936, og sama upphæð áætluð fyrir 1937. Þetta er vitanlega lág fjárhæð, en ég held, að miklu einfaldara væri að hækka hana dálítið heldur en að fara að setja um þetta nýja löggjöf. Þá geta þessir unglingar, sem um er að ræða, notið þessarar fræðslu, og þá ekki síður þeir atvinnulausu heldur en hinir. Mín skoðun á þessu máli hefir því ekki breytzt frá því á síðasta þingi með hliðsjón af þessu. Ég viðurkenni fullkomlega, að það er sjálfsagt og nauðsynlegt að auka alla okkar unglingafræðslu, og ég viðurkenni ennfremur, að það er ekki nema lítill hluti unglinganna, sem kemst í gagnfræðaskóla eða héraðsskóla. Þess vegna er þetta ágætis mál, en ágreiningurinn frá minni hendi er aðeins um það, að ég tel ekki þörf sérstakrar löggjafar um atvinnulausa unglinga. Og ég vil beina þessu inn á þær leiðir, að hækka fjárveitinguna til aukinnar unglingafræðslu. — Ég býst við að fá að gera nánari grein fyrir þessu bæði í menntmn. og við síðari umr. málsins hér í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 35., 36., 37., 38., 39., 40. og 41. fundi í Nd., 27., 28., 30. og 31. marz, 1., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 183 og 199).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Eignarnámsheimild á Reykhólum.

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild á jörðinni Reykhólum (þmfrv., A. 23).

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Einarsson): Hér er farið fram á, að ríkisstj. verði heimilað að taka eignarnámi jörðina Reykhóla í Barðastrandarsýslu ásamt öllum hlunnindum, sem henni fylgja og eru mikil. — Um þessa jörð er það öllum kunnugt, sem eru staðkunnugir þarna vestur frá, að hún hefir frá fornu fari verið eitthvert hið mesta höfuðból við allan Breiðafjörð. Hún hefir það fram yfir flestar jarðir á Vesturlandi, að þar er nægur jarðhiti til hvers, sem vera skal, en vestanlands er einmitt mjög lítið um jarðhita.

Þessi jörð hefir sætt þeim dápurlegu örlögum, að eigendur hennar hafa ekki, ýmsra orsaka vegna, haft ástæðu til að sitja hana sjálfir. Hún hefir verið í leiguábúðum, sem flestar hafa verið skammvinnar, og jörðin svo dýr að fasteignamati, að þess vegna hefir hún verið leigð svo dýrt, að flestum leiguliðum hefir orðið ofviða að sitja jörðina og nytja hana eins og þörf er á. Þetta gerir það að verkum, að hreppsfélaginu hefir ekki orðið sú stoð að búskap á Reykhólum sem annars mætti vera. En hvernig sem menn kunna að líta á það að taka jörðina eignarnámi, þá er það í sjálfu sér augljóst mál, að jörðin með öllum sínum miklu hlunnindum væri betur komin í eigu ríkisins. M. a. sé ég ekki fram á, jafnvel þó að ekki yrði breytt um búnaðarhætti, að í náinni framtíð verði búið viðunanlega á Reykhólum, nema því aðeins, að jörðin verði í eigu þess opinbera. Yrði með því ábúðin tryggari og hresst upp á hús þar, sem kalla má, að séu nú ónothæf með öllu.

Ég tel, að það liggi opið fyrir að setja niður á Reykhólum margháttaða starfsemi í þágu hins opinbera, fremur en víða annarsstaðar. Eins og kunnugt er, hefir mjög verið um það rætt að koma upp heimilum fyrir vandræðabörn, og einkum fyrir vandræðadrengi, sem hér í bæ og í öðrum bæjum fást ekki til að lifa þannig, að þeir komist ekki í bága við guðs og manna lög. Sú aðferð hefir reynzt bezt við slíka drengi að fá þeim nóg viðfangsefni í hæfilegu fámenni úti í náttúrunni og veita þeim fræðslu samhliða. Hygg ég vandfundinn heppilegri stað fyrir slíkt heimili en einmitt þennan stað.

Ég hefi einnig bent á, að ef skriður kæmist á um framkvæmd þeirrar hugmyndar, að stofnaðar verði samvinnubyggðir hér á landi, sem ég vona, að verði og að að því verði horfið víðar en á Suðurlandi að reisa þær, þá mun varla verða fundinn sá staður vestanlands, sem heppilegri yrði til þess. Ræktunarskilyrði eru þarna geysi-

mikil og eyjagagn ákaflega mikið, eða var a. m. k. á meðan mannafli var nógur á staðnum til þess að sinna um það eins og þarf.

Nú stendur að vísu í frv., að ríkisstj. eigi að vera heimilt að taka þessa jörð eignarnámi. En ég gæti ákaflega vel sætt mig við, að í frv. stæði, að ríkisstj. sé heimilt að „kaupa eða taka eignarnámi“ o. s. frv. Mér er kunnugt um, að þessi jörð liggur nú laus fyrir til kaups. Aðalatriðið í mínum augum í þessu máli er, að jörðin komist í eigu þess opinbera, með það fyrir augum, að unnt verði að nota hana eins og landkostir hennar leyfa, til þess að gera úr henni stað, sem geti orðið hlutaðeigandi héraði til uppbyggingar, en ekki niðurdreps, eins og nú er.

Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn., sem ég tel, að þetta frv. eigi einna helzt heima í, þó að sjálfsagt gæti komið til mála að vísa því til allshn. En sem sagt legg ég til, að frv. verði vísað til landbn., og vil skjóta því til hv. nm., að ég hefi ekki hið minnsta út á það að setja, að sú breyt. verði á frv. gerð, sem ég lýsti áðan, ekki sízt ef eigendur jarðarinnar sætt sig betur við það, að eigendaskiptin yrðu með þeim hætti.

Ef það hefir verið happaráðstöfun, að Reykjatorfan í Ölfusi var gerð að ríkiseign — og um það hygg ég, að enginn efist —, þá yrði það nákvæmlega samskonar happaráðstöfun, að Reykhólar yrðu eign hins opinbera. Og þó að það komi ekki þessu máli við, eru það fleiri svæði, sem sjálfsagt er mjög öfugt, að ekki skuli vera opinber eign. Það er t. d. lítil jörð hér austur í Þingvallasveit, Nesjavellir, sem ætti að verða opinber eign, vegna hins mikla jarðhita, sem þar er. Sama er að segja um Hengilinn. Ég er þeirrar skoðunar, að hið opinbera ætti að eignast slíka staði hið allra bráðasta.

***Bergur Jónsson:** Ég veit nú ekki, hvaða hvatir liggja á bak við flutning þessa frv. hjá hv. flm. Ég hefi aldrei vitað til þess, að hlaupið hafi verið til og fyrirskipað eignarnám á jörð, sem nýlega er komin í eign dánarbús. Ég hefi verið skiptaráðandi í því búi, sem hefir haft með þessa jörð að gera, og hefi því nokkra ástæðu til að tala um þetta mál. Í öðru lagi er ég þm. þess kjördæmis, sem jörðin liggur í. En ég veit ekki til, að þessum hv. þm., sem flaut inn í þingið aðallega á atkv. Norður-Ísfirðinga, komi þetta mál nokkurn skapaðan hlut við. Það getur vel verið, að eitthvað sé til í því hjá honum, að ástæða sé til þess, að Reykhólar verði opinber eign. En ég hefi ekki enn séð ástæðurnar til þess, að það sé þar fyrir frekar rétt að beita þeirri harðýðgi við þá erfingja, sem hér eiga hlut að máli, enda þótt margir séu, að taka þessa eign þeirra, sem er hin eina eign dánarbús þess, sem jörðina á, eignarnámi, frekar en annarsstaðar, fyrr en búið er að rannsaka það til hlítar, hvort slíkt sé nauðsynlegt.

Húsameistari ríkisins spurði mig um það í fyrra, hvort Reykhólar væru ekki sérstaklega vel fallnir til kartöfluræktunar vegna þess mikla jarðhita, sem þar er. Ég geri ráð fyrir, að svo sé, og sömuleiðis til ræktunar annara garðávaxta. Jörðin er einnig höfuðból frá fornu fari og geysimikil jörð. En þetta allt út af fyrir sig er ekki nægilegt til þess að réttlæta það að fara nú að hlaupa til og taka jörðina eignarnámi og af þeim mönnum, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, og það án undangenginnar rannsóknar á því, hvort slíkt er nauðsynlegt. Það liggur við, að maður spyrji: Hvers eiga eigendur jarðarinnar að gjalda? Því að ég tel, að hér sé stefnt að því að beita þá dálítilli harðýðgi.

Til þess að taka megi jarðir eða landsvæði eignarnámi og leggja undir ríkið eftir l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917, verða að liggja alveg sérstakar knýjandi ástæður samkv. ákvæðum stjskr. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þau. Í 62. gr. stjskr. stendur:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Þessar sérstöku ástæður, sem þurfa að vera til staðar, til þess að eignarnám megi fara fram, er ekki neitt minnzt á í frv. eða grg. þess, af þeirri ástæðu, að rannsókn hefir ekki leitt í ljós, að þær séu fyrir hendi, því að málið er sem sagt órannsakað. Þetta frv. er því eitt af því marga, sem sýnir framhleypni og fljótfærni þess hv. uppbótarþm., sem flytur þetta frv.

Það er alveg satt, að Reykhólar eru falleg jörð. Þar er fagurt í góðu veðri. Þar eru og mikil hlunnindi og jarðhiti o. s. frv. En slíkt hið sama má segja um jarðir víða á landinu. Og þó þjóta ekki þingmenn — og sízt af öllu uppbótarþingmenn — af stað til þess að koma með frv. um, að þær skuli heimilt að taka eignarnámi, bara vegna þess, að þar er um að ræða góða hluti, sem gott sé fyrir ríkissjóð að eignast. Þó að samband sé á milli Framsfl. og jafnaðarmanna, þá er stjórnarfarið ekki ennþá orðið svo hér á landi, að það sé tilætlunin að svæla undir ríkið allar beztu fasteignir í landinu alveg rannsóknarlaust, eins og hér er meiningin að gera.

Það, sem hv. flm. segir í grg. frv. um kosti Reykhóla, er allt rétt. En ókost hefir þessi jörð eigi að síður þann, að henni er dálítið illa í sveit komið. Jörðin er talsvert út úr, og þangað eru vondar samgöngur á sjó. Reykhólar eru mjög innarlega við Breiðafjörð og stór skerjagarður er þar fram undan, svo að illt er fyrir skip að komast þangað. Það stendur alltaf í stríði um að fá skipin til að koma þangað inn eftir. Laxfoss kom eitthvað 4 sinnum til Króksfjarðarness á síðasta ári. Ég veit ekki, hvernig það verður í ár með komur hans þangað. En skipaferðir um Reykhóla eru mjög fátíðar.

Ég hefi hugsað mér út af þessu frv. að koma með annað frv., þar sem ríkisstj. væri heimilað ef um semdi við eigendur jarðarinnar, sem eru erfingjar Þóreyjar sál. Pálsdóttur, og að undangenginni rannsókn, að kaupa þessa jörð fyrir hönd ríkissjóðs, ef rannsókn leiddi það í ljós, að jörðin væri sérstaklega vel fallin til þeirra hluta, sem æskilegt væri, að hið opinbera framkvæmdi þar. Og ef rannsókn leiddi í ljós nauðsyn á, að ríkið eignaðist jörðina, þá væri náttúrlega ekkert á móti því í slíku nauðsynjartilfelli að grípa til eignarnáms. — En sem sagt, þetta frv. ber

á sér öll merki hinnar vanalegu fljótfærni og framhleypni þessa hv. þm.

Flm. (Sigurður Einarsson): Ég mun ekki fara að metast um það við hv. þm. Barð., á hvers eða hverra atkv. ég komst inn í þingið. Ég held, að þetta sé í 5. sinn, sem þessi hv. þm. notar ræðutímann í Alþ. til þess að kveinka sér eitthvað undan þessari ráðstöfun hv. fyrrv. þm. N.-Ísf. En það fer að vekja athygli, ef hv. þm. Barð. teygir oftar hér í d. fram sínar særðu hendur til þess að biðja einhvern að sleikja kaunin. — Ekki mun ég heldur jagast við hv. þm. um það, hversu óþarft og vanhugsað þetta frv. sé. Aðeins vil ég benda hv. þdm. á það, að hv. þm. Barð. telur sig vera á ferðinni með frv. um kaup á jörðinni Reykhólum, ef um semjist við eigendur, að undangenginni rannsókn á því, hvort þörf sé á, að jörðin komist í eign ríkisins, og ef rannsóknin leiðir í ljós, að slíkt sé nauðsynlegt. Ég tók það einmitt fram í minni framsöguræðu, að ég gæti ákaflega vel sætt mig við það — og ég benti hv. n. á það —, að viðfelldnara væri að bæta í frv. ákvæði um, að ríkisstj. skyldi vera heimilt að kaupa eða taka eignarnámi þessa jörð. Því getur varla borið svo mikið á milli í þessu efni hjá okkur hv. þm. Barð., að ástæða sé til að fara í svarra út af þessu frv. fyrir menn, sem hafa nokkurn veginn sæmilega rólegar taugar.

Orð hv. þm. Barð. um það, að við jafnaðarmenn viljum svæla undir ríkissjóð allar beztu eignir í landinu, eru ekkert annað en geðvonzka. Og orð hans í þá átt, að hér eigi að beita þrælatökum með því að fyrirskipa eignarnám, eru ekki heldur komin til af öðru en því, að hv. þm. hefir lesið frv. mitt í einhverju villuljósi. Það, sem í frv. er farið fram á, er ekki annað en það, að ríkisstj. sé heimilt að gera þessar ráðstafanir, að taka eignarnámi þessa jörð, eða m. ö. o. að kaupa hana eða taka eignarnámi, samkv. því, sem ég lýsti í minni framsöguræðu, að ég gæti fallizt á, að væri látið standa í frv. En eins og ég tók fram, liggur jörðin nú á lausu frá hálfu eigenda hennar, og hefir hún ítrekað verið boðin til kaups nú. En ekki hefir fengizt boð í hana, sem eigendur geti sætt sig við. Og hv. þm. Barð. veit vel, af hverju það er. Það er ekki af því, að jörðina skorti landkosti né stærð. Hann veit, hv. þm., að það kemur til af því, að jörðin er meira bákn en svo, að menn finnist, sem geti keypt hana og gert sér hana arðberandi að kaupunum loknum. Það er þess vegna ekkert annað en bara getgátur, sem af einhverjum dularfullum ástæðum skortir þann velvilja, sem hv. þm. Barð. vill láta eigna sér í öllu, sem hann talar og gerir, þegar hann gefur í skyn, að með þessu frv. sé verið að ráðast á erfingja Þóreyjar sál. Pálsdóttur. Fyrir mér vakir ekkert annað með þessu frv. heldur en það, að æskilegt væri, að jörðin yrði ríkiseign.

Hv. þm. Barð. sagðist ekki sjá, að þetta mál kæmi mér neitt við. Það kemur reyndar mér við nákvæmlega á sama hátt og honum sjálfum og hverjum öðrum þm. Og íbúum Reykhólasveitar kemur þetta mikið við. Hvernig fer um Reykhóla í framtíðinni, ef þeir verða hjáleiga frá Miðhúsum, eins og þeir hafa að nokkru leyti verið undanfarið? Það yrði engum til góðs, — ekki eigendum jarðarinnar, og sjálfsagt síður íbúum hreppsins til góðs.

Það getur vel verið, að þetta mál megi tefja með því að segja, að ekki liggi fyrir álit byggt á nægri rannsókn á því, hvort ríkið eigi að kaupa Reykhóla. Stefnan er nú sú, að fara gætilega í því að farga jarðeignum ríkissjóðs. Og þar sem lítið sem ekkert er um jarðhitasvæði á Vesturlandi annarsstaðar en þarna, þá tel ég mjög æskilegt, að hið opinbera eigi Reykhóla. Ríkið hefir eignazt margar jarðir, án þess að nokkur ráðstöfun hafi verið gerð á undan kaupunum um það, til hvers jörðina skyldi nota. Eins og ég tók fram, er það stefnan nú, að ríkið fari gætilega í að selja jarðir, sem stafar m. a. af því, að ekki er nú eins eftirsóknarvert og áður fyrir bændur að leggja stórfé í að kaupa jarðir. Þetta sést greinilega á því, að til eru bændur, sem bjóðast til að gefa ríkinu jarðir sínar, gegn því að það taki að sér skuldir, sem ekki eru nema hluti af því, sem þeir keyptu jarðirnar fyrir.

Þá ætla ég aðeins að bæta því við, að það stendur hvergi í frv. né í grg. þess, að það sé vegna veðursældar á Reykhólum, sem mér hefir dottið í hug, að æskilegt væri, að ríkið eignaðist þá. Hv. þm. Barð. gerði mikið úr veðursældinni þar. **(BJ:** Ég nefndi ekki veðursæld á Reykhólum, en sagði aðeins, að þar væri fallegt í góðu veðri). Jú, hv. þm. talaði um veðursæld þar. En veðursæld er þar ekki meiri en annarsstaðar.

Ég verð að álíta, að þegar talað er um mál á þessum grundvelli, þá sé ekki eyðandi tíma hv. þd. í það. Ég óska, að gengið verði til atkv. um að hleypa málinu til 2. umr. og landbn. Svo má tala um það á öðrum vettvangi, hvort það sé óþarft eða óréttlátt, að ríkið eignist Reykhóla.

Páll Zóphóníasson: Það hefir komið fram till. um, að þessu máli verði, að lokinni þessari umr., vísað til landbn., sem ég á sæti í. Í tilefni af því langar mig til að fá nokkrar upplýsingar, helzt við þessa umr.

Mér hefir skilizt, að í okkar l. sé svo ákveðið, að til þess að réttlætanlegt sé að taka jarðir eignarnámi þurfi að vera til staðar sérstök almenn þörf, sem réttlæti það, að eignarrétturinn sé tekinn af eigendum einhverrar eignar, sem leggja skal undir það opinbera. Nú hefi ég að vísu heyrt það frá hv. flm., að hann telji þessa jörð heppilega til þess að reisa á henni heimili fyrir vandræðabörn og að í landi hennar sé jarðhiti, sem einhverntíma í framtíð megi nota. En mér hefir skilizt, að hvorugt þetta mál lægi þannig fyrir, að það ætti að fara að framkvæma þessi mannvirki eða stofnanir nú, þannig að hægt sé að réttlæta það út frá því, að hið opinbera tæki jörðina eignarnámi.

Sem sagt, það, sem mig langar til að fá upplýsingar um, er, hvaða almenningsþörf krefji það, að jörð þessi verði nú þegar tekin eignarnámi. Hinsvegar er ég hv. þm. sammála um, að gott væri, að ríkið eignaðist Reykhóla með samkomulagi við eigendur jarðarinnar um kaup á henni. — Og að endingu: Ef almenningsþörf kref-

ur, að ríkið eignist þessa jörð, og þá e. t. v. með eignarnámi, hver er þá þessi almenningsþörf?

*__Bergur Jónsson:__ Hv. flm. hefir algerlega gengið framhjá því að gera tilraun til að koma fram með neinar ástæður, sem eru höfuðskilyrði fyrir því, að taka megi eignir manna eignarnámi samkv. 62. gr. stjskr., sem sé þær, að almenningsþörf krefjist slíks, þó að hann gaspri hér eitthvað í grg. um landkosti á Reykhólum.

Hv. þm. segir, að ég muni hafa lesið þetta frv. illa. Þó að það sé eftir hann, þá hefi ég lesið það vel. Það er stutt og lítill vandi að skilja það. Það er náttúrlega alveg rétt hjá hv. þm., að það hljóðar aðeins um heimild til að taka eignarnámi. En ég man ekki eftir neinum eignarnámsl., þar sem talað er um meira en heimild. En þó er alltaf með slíkum l. ætlazt til, að sú heimild verði notuð. Ég vil ennfremur benda á það, með leyfi hæstv. forseta, að flm. segir sjálfur í lok grg. frv.: „Að öllu þessu athuguðu má það teljast alveg sjálfsagt, að ríkið tryggi sér eignarhald á þessari kostajörð, í stað þess að hún verði látin níðast niður og ganga úr sér í skammvinnum ábúðum og með sískiptandi leiguliða, sem lítt hafa möguleika til að nytja hana út í æsar.“ Í þessu liggur það, að í raun og veru ætlast hv. flm. alls ekki til þess, að hér sé aðeins um heimild að ræða, heldur vill hann láta það vera skyldu stj. að nota eignarnámsheimildina gagnvart erfingjum þessum. Og ég get ekki snúið frá því, að mér finnst slíkt vera dálítil harðýðgi gagnvart þessum erfingjum. Mér finnst hart aðgöngu að hlaupa á stað með eignarnám á meðan eignin er undir skiptum.

Hv. þm. var með einhverjar dulbúnar hótanir í minn garð, að mér skildist, er hann var að tala um, að við gætum talað um þetta mál á öðrum vettvangi. Ég skal segja þessum hv. þm. það, að ég hræðist nú ekki, þó að hann vilji tala við mig á öðrum vettvangi. Ég hefi viljað það, en hann hefir alltaf reynt að skjóta sér undan því í Barðastrandarsýslu, að tala við mig á opinberum fundum. Í þess stað hefir hann því meira talað um mig á bak og rægt mig á ýmsa lund. En við skulum vona, að í næstu kosningabaráttu þori hann að koma framan að mér. Og þá skulum við sjá, hvernig fer.

Hv. þm. leggur til, að frv. verði vísað til landbn. Ég held nú, að það megi eins vel ganga til allshn., og legg ég það til. Annars geri ég ráð fyrir, að ég muni bera fram frv. um heimild fyrir stj. til að kaupa eða taka eignarnámi þessa jörð, með því skilyrði þó, að rannsókn sýni, að jörðin sé þannig löguð, að ástæða sé til, að hún verði almenningseign. Ég ætla að lesa hér uppkast að þessu frv.:

„Nú kemur það fram við rannsókn, sem ríkisstj. lætur fara fram á landgæðum Reykhóla í Reykhólahreppi, að það sé sérstaklega hagkvæmt fyrir almannastofnun eða að landgæði séu slík, að jörðin sé einkar vel fallin til að vera almenningseign, og er ríkisstj. þá heimilt að leita samvinnu við erfingja Þóreyjar Pálsdóttur um eignarrétt á jörðinni, eða ef samningar takast eigi, taka jörðina eignarnámi samkv. l. nr. 64 14. nóv. 1917, um eignarnám.“

Ég álít, að með þessu væri öllum gert jafnhátt undir höfði og leitazt við að sýna erfingjum Þóreyjar Pálsdóttur sanngirni. Ég get ekki skilið, að nokkur ástæða sé til að beita þá meira harðræði en aðra menn. Auk þess er það ríkisstj. að öllu leyti betra, að á undan fari rannsókn, sem skeri úr um það, hvort ríkinu sé hagur að því að eignast jörðina.

Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að hús á jörðinni eru í mikilli niðurníðslu. Jörðin hefir beðið mikið tjón af því, að hún hefir verið leigð dýrt en minna verið hugsað um að bæta hana. Ef ríkið eignaðist jörðina, yrði það óhjákvæmilega að leggja fram mikið fé til endurbóta á henni. Ég þekki svo vel til þessarar jarðar, að ég get fullyrt, að það er ekki heiglum hent að hafa þar sæmilegan búrekstur án þess að geta varið til þess allmiklu fé. Jörðinni fylgja mikil hlunnindi, en þau eru mest í eyjum úti og notfærsla þeirra vinnufrek. Af jarðhita er þarna hægt að hafa mikil not. T. d. hefir læknisbústaðurinn allan hita þaðan. Þá gæti komið til mála, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, að koma á kartöflurækt á jörðinni, en ég held, að það myndi aðallega standa þar í vegi, hve afskekkt jörðin er.

. . .

*__Gísli Sveinsson:__ Herra forseti! Ég verð, aldrei þessu vant, að taka undir við hv. þm. Barð. (hann er það enn) og tjá honum fylgi mitt í þessu máli. Ég sé ekki, að fyrir 1. gr. frv. á þskj. 23 séu nokkur rök, er staðizt geti gagnrýni. Virðist sem það þurfi fleiri rök til en fram eru tekin í þessari frvgr., og hefir hv. flm. láðst að gera grein fyrir þeim.

Hv. þm. Barð. leitaði nú aðstoðar l. og stjskr., sem hans samflokksmenn og sambandsmenn hafa svo mjög fótum troðið á undanförnum þingum. Hann kom þar niður á 62. gr., sem þeir hafa ekki mátt heyra nefnda undanfarið, en hún fjallar um friðhelgi eignarréttarins. Ég benti á það í fyrra, að í stjskr. stæði, að eignarrétturinn væri friðhelgur. Ég man til þess, að fyrir einu ári fluttu samflokksmenn hv. þm. Barð. frv. um eignarnám á landi í Rangárvallasýslu, og vildu þeir taka landið skilyrðislaust, af því að einn kaupfélagsstjóri vildi fá landið undir sig. Þetta var nú í Rangárvallasýslu, sem er að mörgu leyti Gósenland, en nú er að ræða um Barðastrandarsýslu, og um hana berjast einmitt báðir hv. flm. og flokkar þeirra. En nú kúvendir annar hlutinn.

Stjórnarskráin segir, að alls ekki megi taka af mönnum eignir þeirra, nema almenningsþörf krefjist. Og þá fyrst, þegar það er sýnt, á lagasetning að koma til. Það stoðar ekki að vitna í l. frá 1917, því að þau greina ekkert um heimild, heldur einungis aðferð við eignarnám. Hér er því allt öðru máli að gegna. Hér er engan veginn sjálfsagt að framkvæma eignarnámið, og því koma nefnd l. hér alls ekki til greina. Í þessu formi er ekki hægt að bera fram málið.

Hv. flm., 9. landsk., sagði í grg. (og á því vill hann byggja mál sitt, því að ekki stoðar að byggja á því einu, að jörðin sé kostajörð), að glæsilegt sé að reisa þarna samvinnubyggðir. Þar lá hundurinn grafinn! Nú vil ég minna hv. þm. á, að ekki er nú svo, að það langt sé mál-

unum komið, að samvinnubyggðaverkið sé í framkvæmd. Byrjum annarsstaðar en á Barðaströnd að reisa þær. Ég er svo kunnugur landinu, að ég get fullyrt, að ekki sé tiltækilegt að innleiða merkinguna: samvinnubyggðir = almannaþörf vestur á Barðaströnd.

Líka ber þess að gæta, að jafnvel eftir l., sem þeir hafa komið í gegn um nýbýli og samvinnubyggðir, þyrfti ekki, þó að þau yrðu framkvæmd, nema nokkra menn til að mynda þessar samvinnubyggðir, og þeir menn væru þá auðvitað ekki rétthærri en einhverjir aðrir nokkrir menn, sem mynda félag. Annars gætu hvenær sem er þrír eða fjórir menn myndað samvinnubyggðarfélag og komið svo til þingsins og sagt: við erum almenningurinn, — og krafizt eignarnáms á jörðum og landi.

Má vera, að þetta gefna tilefni verði til þess, að þeir, sem tilheyra Framsfl., komi brátt niður á réttum stað, stingi fingri í moldina og lykti, hvar þeir standa gagnvart þessum sambandsmönnum sínum, sem komnir eru að því að gleypa þá. Það gleður mig að sjá, að einn þeirra sjálfra réttir nú upp höndina úr kafinu. Ég vil nú grípa í upprétta hönd hans og tosa honum á land.

Þetta frv. ætti að verða einskonar áminning til þeirra manna, sem ekki vilja láta taka eigur manna eignarnámi að ófyrirsynju, um að greiða ekki atkv. sitt með slíkum till. Aðeins var einn galli á ræðu hv. þm. Barð., sem sýndi hjá honum nokkra veilu gagnvart þessu gleypimagni sambandsflokksins. Hann segist ætla að bera fram frv. um heimild til kaupa á jörð, en bætir því svo við, að ef kaupin fáist ekki, þá skuli taka jörðina eignarnámi. En það gæti þá farið svo, að hann hnyti þarna um stein, sem ég held að sé bjarg og að ekki megi velta úr vegi, sem sé stjórnarskrána. Ég vil benda honum á það, áður en hann lætur prenta sitt frv., að hann ætti að sníða það svo, að hann falli ekki sjálfur í þá gröf, sem annar að vísu ætlar að grafa.

Flm. (Sigurður Einarsson): Mér þótti skrítið, að hv. 2. þm. N.-M. stóð hér upp og hélt því fram, að mér hefði láðst að gera grein fyrir almenningsþörf þeirri, er lægi bak við þetta frv. Ég held, að það hafi verið á síðasta þingi, er þessi hv. þm. kom fram með frv. um eignarnámsheimild á landi fyrir hestabeit handa kaupfélagi einu. Ef það á að vera almannaþörf, en ekki alhestaþörf, sem ræður því, hvenær land skal tekið eignarnámi, þá getur engum blandazt hugur um, að mitt frv. á meiri rétt á sér en hans frv. í fyrra. Ætla ég svo ekki að þjarka meira um það atriði.

Mér þótti vænt um að heyra hv. þm. Barð. lýsa aðalefni frv. síns. Hann leggur til, að stj. sé heimilað að kaupa eða taka eignarnámi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi. Ég ber fram frv. þess efnis, að stj. sé heimilað að taka jörðina eignarnámi. Ég get gjarnan bætt því við frv. mitt, að heimila megi kaup á jörðinni, svo að þetta yrði þá eins hjá okkur. Virðist þá, sem milli okkar ætti að geta orðið gott samkomulag um það, að jörðin þurfi að vera opinber eign.

Annars get ég bent hv. þm. á það í sambandi við hina hjartnæmu lýsingu hans á því, er hann var skiptaráðandi að þessu búi, og tillitssemi þá, sem honum ætti að vera skylt að sýna erfingjunum, að hann leyfir sér að hella yfir erfingjana níði, þess efnis, að þeir hafi leigt jörðina dýrt og nítt hana niður á alla lund, — níði, sem ég hefi aldrei leyft mér að bera fram. — Ég ætla svo ekki frekar að elta ólar við þessa grautargerð hv. þm. Hann blæs sig upp og deilir á mig fyrir frv. það, sem ég ber fram, en lýsir svo yfir því merkilega, að hann ætli að koma með frv., sem er algerlega samhljóða mínu, og þykist svo hafa unnið reginsigur.

Páll Zóphóníasson: Ég vildi leyfa mér að gera stutta aths. út af orðum hv. þm. V.-Sk. um það, að ég hafi í fyrra talið almenningsþörf vera til staðar og réttlæta eignarnám á landskika í Rangárvallasýslu. Ég get lýst yfir því, að ég tel það almenningsþörf, þegar um 100 manns þurfa á landi að halda.

Hinu, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, bið ég menn að taka vel eftir, því að ég er ekki viss um, að það standi í þingtíðindunum, þegar þau verða prentuð. Í blöðum sínum hafa sjálfstæðismenn jafnan viljað eigna sér nýbýlamálið. En nú talar hv. þm. um lög um nýbýli og samvinnubyggðir, sem **þeir** hafa komið í gegn — það er að segja stjórnarflokkarnir. Hann lýsir hér með yfir því, að stjórnarflokkarnir hafi komið fram þessu máli. Þakka ég honum hér með fyrir yfirlýsinguna og leyfi mér að vonast eftir, að hann striki hana ekki út úr ræðunni í prentun.

***Bergur Jónsson:** Hv. 9. landsk. segir, að ég hafi blásið mig upp og deilt á hann út af frv. hans, en komið svo með alveg samskonar frv. Ég verð nú að játa, að ég hefi ekki hingað til haft mikið álit á skýrleika þessa hv. þm., en ekki eykst það við þetta. Ég las uppkast að frv. mínu, þar sem gert er að skilyrði fyrir kaupum á jörðinni eða eignarnámi, að áður fari fram rannsókn á því, hvort nauðsyn beri til, að þessi jörð verði almenningseign. Ég veit, að enginn annar þm. er svo óskýr, að hann sjái ekki, hver reginmunur hér er á. Í frv. hans er beinlínis skipað svo fyrir, að taka skuli af erfingjunum jörðina, rannsóknarlaust og án nokkurrar réttlætingar. Væri hægt að fara sýslu úr sýslu og taka eignarnámi kostajarðir, ef þetta frv. næði samþykki.

Hv. þm. hélt því fram, að ég hefði skammað erfingja Þóreyjar Pálsdóttur fyrir meðferð þeirra á jörðinni. Þetta er líklega sagt af ókunnugleika hv. þm. En hann ætti þó að vita — því að ekki er svo langt síðan hún dó —, að það voru ekki erfingjarnir, sem leigðu jörðina, heldur umboðsmaður hennar. Hér er um að ræða misskilning hv. þm., eða þá vísvitandi ranghermi, og þykir mér það reyndar engu óliklegra. — Að öðru leyti þarf ég ekki að svara honum. Hann gekk yfirleitt á snið við málið. En þar sem hann telur frv. mitt shlj. sínu frv., tel ég víst, að hann muni fylgja því fram. Þó að ég hafi annars ekki miklar mætur á honum, get ég þó þegið atkv. hans.

Að lokum endurtek ég þá till. mína, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Útgerð ríkis og bæja.

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útgerð ríkis og bæja (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Emil Jónsson): Ég get verið stuttorður um þetta mál. Það lá fyrir á síðasta þingi og varð þá ekki útrætt. Var því vísað til sjútvn., og kom ekki nál. nema frá nokkrum hluta n. Við flm. teljum, að ástæður til að flytja frv. séu óbreyttar frá því í fyrra. Frv. var rætt allýtarlega við 1. umr. í fyrra, og mun ég því ekki að þessu sinni ræða um ástæður þær, sem færa má fram með frv. eða móti. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt nál. frá 1. minni hl. sjútvn., á þskj. 489, og á 64. fundi d., 6. maí, nál. frá 2. minni hl. n., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. EmJ o. fl.).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 26).

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Emil Jónsson):** Þetta frv. lá fyrir þessari hv. d. á síðasta þingi, en var ekki útrætt. Þá heyrðist ekkert um málið frá þeirri n., sem málinu var vísað til. Veit ég ekki, hvað til þess hefir komið. Ég tel þetta mál svo mikilsvert, að ég vil leyfa mér að vænta þess, að öðruvísi verði á því tekið en á síðasta þingi, og að reynt verði að afgreiða það sem fyrst og á sem heppilegastan hátt.

Legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., með ósk um, að sú hv. n. geri því fljót og góð skil. Tel ég að n. geti ekki afgr. það á annan hátt en þann, að mæla með framgangi málsins í einhverri mynd, og að hún geti með engu móti staðið á móti því. — Annars vísa ég til grg., sem fylgdi frv. þessu í fyrra, og umr., sem þá fóru fram um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Brúargerðir (frv. SE).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 31).

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Einarsson): Einmitt í þessu er verið að útbýta frv. frá samgmn. um breyt. á brúalögunum. Ég sé, að í 1. gr. þess frv. er lagt til, að tekin sé upp í brúalögin Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu, einmitt sú á, sem ég tala um í 1. gr. frv. þess, sem ég hefi borið fram. N. hefir ekki séð sér fært að taka upp þær aðrar ár, sem eru í mínu frv., sem eru 3 ár í vestanverðri Barðastrandarsýslu. Ég get í sjálfu sér álitið það góðs vita og vel við það unað, að samgmn. tekur í sitt frv. Laxá í Reykhólasveit. En ég get endurtekið það, sem ég sagði um þetta mál í fyrra, að það hafa mörg vötn verið brúuð með opinberu fé, sem ekki eru til meiri torfæru en þessar 3 ár, sem um er að ræða í 2. gr. frv. míns, og álit það, sem vegamálastjóri gaf um þetta, hefir ekki sannfært mig og engan, sem á heima á þessum slóðum, um að ekki sé nauðsynlegt, að þessar ár verði svo fljótt sem kostur er brúaðar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vísa til grg. frv. og óska þess, að málinu verði vísað til samgmn. að þessari umr. lokinni, þó ég hinsvegar þykist sjá gerla, hvernig fara muni, þar sem n. sjálf hefir lagt fram frv. um breyt. á brúalögunum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Vegalagabreyting (frv. TT).

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 34).

Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Thor Thors): Þetta frv. miðar að því að koma í þjóðvegatölu nokkrum vegaköflum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og eru það allt mjög nauðsynlegir vegir. Leyfi ég mér því að vænta, að þetta mál fái greiðan framgang hér á þingi. Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. En ég tel, að ekki verði lengur spornað við þessu máli, og leyfi mér því að vænta, að samgmn., sem væntanlega fær þetta mál, taki því vinsamlega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Kaup á Bíldudalseign.

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa Bíldudalseign (þmfrv., A. 43).

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Það hefir gengið dálítið sérstaklega til í þessu þorpi, sem hér er um að ræða. Þar hafa verið verzlanir, hver á fætur annari, sem hafa orðið gjaldþrota og dregið niður með sér talsvert mikið af íbúum þorpsins. Nú er svo komið, þrátt fyrir það, að Arnarfjörður er einn af beztu fjörðum þessa lands til bjargráða, að fólkið stendur þar uppi næstum því atvinnulaust. — Í hreppnum mun vera á fimmta hundrað manns. Í þorpinu eru kringum 300 íbúar, og það, sem menn aðallega hafa lifað á síðustu árin, er tveir línuveiðarar, sem nú hafa verið leigðir burtu úr þorpinu. Það, sem fyrst og fremst er grundvöllurinn undir því, að hægt sé að halda uppi atvinnu þarna, er það, að menn hafi aðgang að þeim atvinnutækjum, sem til eru á staðnum. Nú stendur svo sérstaklega á, að hús og lóðir eru að miklu leyti í eigu einstaks manns, sem varð að veðsetja eignina bönkunum og hefir ekki getað staðið í skilum. Hann skuldar ríkinu einnig talsvert fé, og eigi það ekki að tapast, er vafalaust eina ráðið að yfirtaka eignina og sjá um, að svo mikið fé sé lagt til þorpsins, að atvinnulíf geti borið sig þar. Útvegsbanki Íslands á fyrsta veðrétt í eigninni, en ríkið annan, og eftir því, sem ég veit bezt, mun Útvegsbankinn gefa eftir sinn veðrétt, ef ríkið vill taka eignina upp í 2. veðrétt. Það er vitanlega fyrsta skilyrðið til þess að hægt sé að halda uppi sæmilegum atvinnurekstri í þorpinu, að koma upp frystihúsi, og til þess þarf auðvitað hið opinbera að veita sinn styrk. Ég vil taka það fram, að ég býst við, að ég styðji þáltill. hv. 9. landsk. um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal og um aðstoð við bágstadda íbúa kauptúnsins, því hún er alveg í samræmi við þá hugsun, sem fram kemur í minum till. og ég hefi nú haldið fram í ræðu minni. Ég álít ekki rétt af því opinbera að láta þetta þorp verða sérstaklega útundan samanborið við aðra staði. Erfiðleikarnir stafa mikið af því, að þarna hefir verið verzlunarfyrirkomulag, sem reynzt hefir sérstaklega óheppilegt og hefir steypt fjölda mörgum þorpsbúum í skuldir, sem þeir annars myndu ekki hafa komizt í. Það er enginn vafi á því, að Útvegsbankinn, sem hefir 1. veðrétt fyrir allt að 100 þús. kr., getur hvenær sem er gengið að þorpinu og sem sagt eignazt það, og væru þá ríkinu tapaðar þær 30 þús. kr., sem það á þarna og e. t. v. mætti bjarga, ef þannig væri búið að þorpinu með rekstrarfé, að menn gætu þar borgað sín gjöld og staðið í skilum.

Ég vona, að þessu máli verði yfirleitt tekið heldur vel. Þetta er að minu áliti grundvallaratriðið til þess að bjarga kringum 300 manna þorpi, og það er ekki til of mikils ætlazt, þó ríkissjóður, sem á undanförnum þingum, t. d. aukaþinginu 1933, hefir lagt út í ábyrgðir fyrir útgerðarfélög á stöðum, þar sem um talsvert miklu meiri atvinnu er að ræða í öðrum greinum, líti nú á nauðsyn þessa sjávarþorps og reyni að sjá um, að menn falli þar ekki niður úr hungri eða þurfi að flytja til annara staða og leggjast þar á það opinbera vegna atvinnuleysis.

***Sigurður Einarsson:** Ég verð að lýsa því yfir hér, að mér er ánægja að því, að frv. um þetta efni skuli vera komið fram, að ríkissjóði sé heimilað að kaupa Bíldudalseignina svokölluðu. Í allan fyrra vetur hafði ég á takteinum frv., sem gekk í sömu átt, og leitaði fyrir mér um tylgi fyrir það á meðal þm., ekki sízt framsóknarmanna, því mér þótti mikið velta á, hvernig áheyrn ég fengi hjá þeim. En ég sá mér ekki fært að fara á flot með það, vegna þess að ég þóttist sjá fram á, eins og málið horfði þá við, að það mundi ekki ná fram að ganga. Síðan hafa gerzt þeir atburðir þarna fyrir vestan, að það er ekki eins auðvelt að loka augunum fyrir því, að það stendur alveg sérstaklega á fyrir þessu fólki. Þau atvinnutæki, sem þarna hafa verið og þorpsbúar hafa lifað á, hafa nú sökum hinnar erfiðu aðstöðu flæmzt burtu og fólkið er eftir albjargarlaust, ef ekkert er að gert. Mér er kunnugt af viðtali við þrjá hreppsnefndarmenn að vestan, og af þeim hafa a. m. k. tveir verið óvenjulega mikið riðnir við þessa tvo línuveiðara, sem hafa verið einu atvinnutækin á Bíldudal, að það er fyrst og fremst aðstaðan til að nota landið og mannvirkin, sem þarna eru, sem gerir mönnum örðugt fyrir. Íshús var þarna í nothæfu ástandi, en maðurinn, sem ráð hefir á lóðunum, byggingunum, bryggjunum o. s. frv., hefir ekki haft tök á eða dug til að reka það til þess að sjá útgerðinni fyrir beitu. Hún hefir því átt við óvenjulega erfiðleika að stríða, af því orðið hefir að reyna að samrýma það að afla sér á öðrum stöðum allra nauðsynlegra hluta, svo sem beitu, kola o. fl., en leggja aflann þarna á land til þess að skapa atvinnu í þorpinu. Þetta hefir valdið útgerðinni ýmsum kostnaði, sem hún hefði losnað við, ef betri félagsleg skilyrði

hefðu verið til atvinnurekstrar heima fyrir. Á þessum vetri hefir verið haldið úti bát þaðan, en það hefir komið Bílddælingum að litlum notum. Það, sem greitt hefir verið í vinnulaun við útskipun og þess háttar, hefir allt farið til annara staða, því til Bíldudals var ekkert erindi; þar var ekkert að hafa á meðan ísfiskveiðarnar voru stundaðar.

Ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta mál. Það er augljóst, að svo framarlega sem ríkissjóður á ekki að tapa því fé, sem hann á í þessari eign, þá verður hann að taka hana í sínar hendur með þeim samningum við Útvegsbankann, sem bezta er hægt að fá. Mér er kunnugt um, að ef hugur bankastjóranna hefir ekki breytzt síðan í fyrra, þá mun engin tregða á að fá a. m. k. mjög þægilega greiðsluskilmála fyrir ríkissjóð. Ég ætla að bæta því við, að almenningur þarna vestra lítur á þessa ráðstöfun, að ríkið kaupi Bíldudalseignina, sem eina möguleikann til þess að nokkur atvinna haldist við þarna, og er mönnum þetta því hugleiknara heldur en flest önnur mál, sem fyrir þinginu liggja. Ég vil benda á, að með þáltill., sem ég flyt á þskj. 55, fylgir bréf frá oddvita Suðurfjarðahrepps, þar sem hann biður um hjálp fyrir hönd hreppsnefndarinnar og lýsir nógsamlega, hvernig hag manna er komið þarna. Svo framarlega að Bílddælingar eiga ekki að takast út fyrir þá almennu reglu, að komið sé í veg fyrir, að menn drepist niður úr sulti meðan nokkur leið er og annarsstaðar að berast ekki slík tíðindi, þá er ekki hægt að komast hjá að taka á þessu máli.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er í rauninni afturganga annars, sem hér var á ferðinni fyrir nokkrum dögum. Nú kemur hv. þm. Barð. fram með frv. um að veita ríkisstj. heimild til þess að kaupa eign, sem hann er sammála hv. 9. landsk. um, að hið opinbera verði undir öllum kringumstæðum að eignast. Á dögunum var reyndar verið að ræða aðallega um aðra eign, sem kaupa skyldi eða taka, en þá tók hv. þm. Barð. á þann veg í málið, að menn hefðu ætlað, að hann mundi ekki að svo stöddu ganga inn á þá braut, að ríkið færi að svæla undir sig allar eignir, jafnvel vestur í Barðastrandarsýslu. En nú skýtur svo við, ef ekki skökku, þá a. m. k. nokkuð í sömu línu sem hjá hv. 9. landsk.; kapphlaup er hafið milli þessara tveggja hv. þm. um þessa sýslu, a. m. k. í þeim skilningi, að aðrir eignist þar lönd og óðul heldur en þeir, sem nú eiga þau.

En ég skal nú í þessu máli halda mér við það, sem fyrir liggur, nefnilega Bíldudalseignina. Síðast á dagskránni í dag er tekin upp — hvernig ræða skuli að vísu — till. til þál. um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal og um aðstoð við bágstadda íbúa kauptúnsins. Þessi till. er beint áframhald af því, sem frv. fjallar um, eða í rauninni að nokkru leyti það sama, því ef skilja á frv. eins og beinast liggur fyrir, ef nokkur meining á að vera í því, þá er tilætlunin að sjálfsögðu ekki aðeins sú, að ríkið eignist Bíldudalseignina, heldur hitt, að ríkið eigi að gera eitthvað með þessa eign, og þá fyrst og fremst gera eitthvað fyrir fólkið, sem þarna býr. Því ég geng út frá, að það sé ekki eignin dauð, sem óskað er, að ríkið verði eigandi að, heldur hljóti það að vera í þeirri veru, að hafizt verði handa að koma upp atvinnugreinum, sem fólkið getur lifað við. Er nokkuð frá þessu skýrt í grg. þáltill., sem ég gat um; þar sem hún snertir þetta mál, vænti ég, að hæstv. forseti leyfi mér að tala um hana jafnhliða.

Það er svo um þetta þorp, sem ég að vísu get ekki hrósað mér af að vera kunnugur, að það mun vera sambærilegt við ýms önnur þorp í landinu. Ég veit þegar um þorp á Austurlandi, þar sem svo er komið, að ekki er hægt að kveða á annan hátt að orði en að þau séu komin að meira eða minna leyti á hið opinbera. A. m. k. er það svo, að hið opinbera styrkir nú kauptún á Austurlandi, með vafasamri heimild að vísu, en þar með er komið út á þá braut, sem engum dylst, að er stórhættuleg afkomu ríkissjóðs og fjárhag almennings í landinu. Ef heil þorp, og þar af leiðandi líka heil sveitarfélög, eiga, ofan á allar ráðstafanirnar, sem að nokkru leyti er búið að gera og að nokkru leyti stendur til að gera, að koma beinlínis á það opinbera, ef ríkið á að fara að reka þorpin, leggja þeim til atvinnutæki og sjá þeim fyrir viðurværi, — hvar lendir þá? Þegar litið er á málið frá því sjónarmiði, og til þess virðist full ástæða, sjá hv. þm. væntanlega, að það getur ekki komið til nokkurra mála að ganga vitandi vits inn á þessa braut. Það verður a. m. k. eitthvað að ske áður en það er gert; það verður m. a. að sjást, hvaða verkanir þær ráðstafanir hafa, sem verið er að gera og væntanlega verða gerðar til viðreisnar sveitar- og bæjarfélögum, þorpum eins og öðrum hreppsfélögum. — Ég tala um þetta mál út frá því sjónarmiði, að það sé ekki keppikefli í sjálfu sér að láta landið kaupa að gamni sínu lóðir og lendur við sjóinn, heldur sé einmitt óskað eftir því til þess, að ríkið taki upp á sig nokkra ábyrgð, í þessu tilfelli óútreiknanlega ábyrgð á slíkum stöðum og fólkinu þar. Bíldudalur hygg ég, að sé ekki sérlega fólkrikt pláss; að því leyti hygg ég það sambærilegt við flest litlu þorpin hér á landi, þar á meðal eitt, sem mér er vel kunnugt, Vík í Mýrdal. Það er sannast sagna, að þar hafa íbúarnir enga möguleika til afkomu, samanborið við það, sem menn hafa á Bíldudal og öðrum slíkum stöðum kringum land. Vík er mynduð kringum verzlun, hefir enga möguleika til þess að stunda sjó og í raun og veru ekki heldur til þess að lifa á landinu. Menn verða að lifa á öllu mögulegu, snapa saman sína ögnina frá hverri atvinnugrein. Hefði nokkurt þorp átt að komast á ríkið, láta kaupa sandinn sinn og mölina, þá hefði a. m. k. verið eðlilegra, að það hefði verið Vík á undan Bíldudal. Nú hefir mér ekki verið falið það af Víkurbúum að fara fram á, að þeir væru keyptir upp og þeim útvegaðar atvinnugreinar. En það mun ekki þurfa mikið kapphlaup til að afla slíkra tilmæla, og þegar tveir slíkir menn keppa sem í þessu tilfelli, mun eitthvað verða undan að láta, jafnvel ein hreppsnefnd vestur í Barðastrandarsýslu. Fyrr má rota en dauðrota, og eitthvað mætti vafalaust gera fyrir Bíldudal, þegar það fer að sýna sig, að fólk verði að flýja

þaðan, þó ekki sé allt keypt upp. Og þó menn verði að flýja þaðan, er það ekki annað en það, sem alstaðar gerist, að fólk flytur á milli staða í atvinnuleit. Það fer til Siglufjarðar í síld á sumrum, e. t. v. til Vestmannaeyja til þess að komast á skip að vetrinum; stundum koma menn heim aftur, stundum ekki. Við því er ekkert að segja. Ég býst við, að þeir á Bíldudal, sem ekki eru fleiri en þeir í Víkinni, verði að hafa sama gang á þessu og aðrir. Þess vegna er ég mótfallinn þessu frv. og till., sem seinna á að koma til umr., og vænti ég, að svo fari fleirum.

*Flm. (**Bergur Jónsson**): Ég veit ekki, hvernig hv. þm. V.-Sk. getur verið að tala um afturgöngur í sambandi við þetta mál. Það hefir aldrei komið fram frv. neitt í þessa átt fyrri viðvíkjandi Bíldudal. Þetta er bara draumur eða óráð hjá hv. þm. Ég býst við, að hann blandi hér inn í frv., sem er síðar á dagskránni í dag, um kaup á Reykhólum að undangenginni rannsókn, sem ég bar fram að gefnu tilefni vegna till. frá hv. 9. landsk. En hún kemur ekkert þessu máli við og er því algerlega óskyld. Hér er um að ræða afkomu 300 manna þorps á stað, sem í sumum árum er einhver allra fiskisælasti staður á landinu. Ég get nefnt dæmi um það, að þarna hefir verið smokkfiskur, síld og þorskur á sama árinu, hrein uppgripaveiði. Svo hafa líka komið ár, sem þetta allt hefir brugðizt. En það er ekki rétt að láta fólkið verða að flýja af svona stöðum.

Þar að auki var auðheyrt á ræðu hv. þm., að hann er ekkert inni í þessu máli. Hlutirnir er sá, að sá, sem nú er eigandinn að Bíldudalseigninni, fékk á alveg sérstakan hátt 30 þús. kr. úr ríkissjóði, og eina ráðið til þess, að nokkur von sé um það fyrir ríkissjóð að bjarga þessum 30 þús., er það, að reisa þorpið við, gera eignina arðbæra.

Hv. þm. var að tala um, að það væru mörg þorp á Austurlandi illa stödd. Ég kannast við það. Hv. þm. vita til þess, að hingað er komin nefnd frá Eskifirði til þess að biðja hjálpar. Ég er ekki heldur búinn að taka afstöðu á móti því, að þeim sé hjálpað þar austur frá, en ég efast um, að það sé meiri ástæða til að hjálpa þeim heldur en Bílddælingum.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki rétt, að ríkissjóður færi að leggja fram viðurværi til þessara þorpa frekar en annara staða á landinu. Þetta hefir nú auðvitað verið gert óbeint, t. d. þegar veitt hefir verið ábyrgð fyrir útgerðarsamvinnufélög á ýmsum stöðum, sem eru miklu óheppilegri til útgerðar heldur en Bíldudalur. En hér er aðeins um það að ræða, að reyna að koma Bíldudalseigninni í hendur aðilja, sem hefir hag af að starfrækja hana og möguleika til þess; það er grundvöllurinn undir því, að hægt sé að halda uppi á skynsamlegan hátt atvinnurekstri á þessum stað, — um það er ég ekki í neinum vafa. Ég er viss um, að hv. 9. landsk. er mér sammála um þetta, og einnig t. d. hv. 3. landsk., sem þekkir vel til þarna. Hann er Bílddælingur að uppruna og veit því, að Bíldudal er ekki þannig í sveit komið, að það sé sama sem að kasta fé í sjóinn, þó reynt sé að koma þeim stað eitthvað á laggirnar.

Ég álít, að þetta frv. eigi fullt eins mikið að miðast við hag ríkissjóðs sem þorpsbúa. Ég veit, að Útvegsbankinn ætlar að gefa eftir þær 30 þús. kr., sem hann á þar inni. Og ef hægt er að ganga þannig frá atvinnumálum á staðnum, að leigjandi fáist, sem heldur áfram sæmilegum atvinnurekstri þar, þá er það eina leiðin til þess, að hægt sé að renta það fé, sem þarna liggur. Annars ætla ég ekki að fara út í persónulegar ástæður þess manns, sem þessa upphæð skuldar, eða þeirra, sem eiga ef til vill sök á því, hvernig komið er. En ég er því fylgjandi, að látin verði fara fram rannsókn á því, hvernig helzt megi koma aftur fótunum undir atvinnurekstur á Bíldudal. Gæti orðið þröngt fyrir durum hér í Reykjavík, ef menn flykktust hingað þaðan; atvinnuleysisskýrslurnar gefa nokkra hugmynd um það. Er full ástæða til að gera ráðstafanir til þess, að atvinnuleysingjum fjölgi hér ekki frá því, sem nú er.

***Hannes Jónsson**: Frv. það, sem fyrir liggur, er ekki mikið, en gegnum það tala staðreyndirnar um það, hvernig komið er fyrir atvinnuvegum þjóðarinnar.

Hv. 9. landsk. lét þau orð falla, að sér væri ánægja að því að sjá þetta frv., því að atvinnurekendurnir væru að flæmast burt af þessum stað og fólkið sæti eftir bjargarlaust. Hvílík ánægja, að flytja skuli þurfa frv. til þess að bjarga fólkinu frá dauða! Það er ekki lítið ánægjulegt að þurfa hér á Alþingi að ganga á fjörurnar og hirða sprekin, bjarga þeim frá útsoginu, eftir að búið er að leggja atvinnuvegina í rústir fyrir tilstilli hv. 9. landsk. og hans líka.

Þeir, sem hér hafa talað, virðast líta mest á það, hvort ríkissjóður geti tryggt sér þessar 30 þús. kr., sem hann hefir lánað á þennan stað. Mig skiptir það ekki mestu máli, heldur hitt, að hægt sé að tryggja íbúunum framtíðarmöguleika, þar sem annarsstaðar á landinu. Væri það síður en svo þýðingarlaust, ef hægt væri að koma málunum svo fyrir, að fólkið þyrptist þaðan ekki til Reykjavíkur, enda þótt hv. þm. V.-Sk. virðist ekkert mundu hafa við það að athuga. Ég heyrði, að hv. 5. þm. Reykv. skaut fram þeirri spurningu, hvort víst væri, að Reykjavík gæti tekið við þessu fólki öllu. Ég efast stórlega um það, þegar ég íhuga það, að Reykjavík tekur ein meiri hlutann af hálfrar milljónar atvinnubótafé og verður svo að leggja fram tvöfalt á við það, fólki til viðurværis, sem ekki getur lifað af sjálfs dáðum. Væri nær að reyna að festa fólkið við atvinnurekstur á staðnum en að safna því hingað til höfuðstaðarins.

Ég skal ekkert um það segja, hvort þetta frv. muni geta ráðið bót á þeim meinsemdum, sem þarna eru ríkjandi í atvinnuvegunum. En það verður a. m. k. ekki að fullu liði fyrr en ráðin er bót á þeim meinsemdum, sem mest þjá atvinnuvegina í landinu í heild sinni. Það er aðalvandamálið. Það verður ekki að fullu ráðin bót á einstökum meinsemdum, meðan ekki er hægt að skapa lífvænleg skilyrði til atvinnurekstrar yfirleitt. Ég býst við, að það sé rétt hjá hv. þm. Barð., að því fé sé ekki fleygt í sjóinn,

sem varið er til atvinnurekstrar á þessum stað. Sem betur fer er það enn svo um höfuðatvinnuvegi Íslendinga, að því fé er ekki kastað í sjóinn, sem til þeirra er varið, séu þeir ekki þjáðir á annan hátt fyrir hirðuleysi ríkisvaldsins og af því, að ekki eru stemmdir stigir fyrir þeim óheillaöflum, sem eru að eyðileggja og brjóta niður einstaklingsþrótt þeirra, sem við framleiðsluna fást, brjóta niður þá framleiðsluviðleitni, sem ein er þess megnug að halda þjóðinni á réttum kili.

En það er eins og hv. 9. landsk. sjái nýjan dag upp renna, nýtt glæst tímabil, nú, þegar komið er að því að hirða sprekin af fjörunni. Það er eins og hann sjái þarna starf fyrir sig, að bjarga sprekunum frá útsoginu. Það virðist sem hann skipti það minnstu máli, hvort skipin farast, ef aðeins er hægt að bjarga sprekunum. En það, sem máli skiptir, er að bjarga skipunum sjálfum, og það ætti hv. 9. landsk. að vera hugleiknara heldur en hið neikvæða starf að bjarga sprekunum.

Hvað sem um frv. þetta verður, vænti ég þess, að ástand það, sem skín í gegnum það, verði mönnum til áminningar um það, að líka verði að bjarga öðrum stöðum, sem nú eru að lenda í sama öngþveitinu. En ég vil segja, að mér finnst það einkennilegt, ef fara á að bjarga við atvinnuvegum þessa þorps með því að ná eignaleifum Útvegsbankans. Ég hefi ekki kynnt mér starfsemi þessa banka, en hann á fulltrúa hér á Alþingi, og ég vil heyra frá þeim, hvort þeir áliti, að hægt sé að bjarga atvinnurekstri einstaklinga með því að taka af þeim umráðarétt inn yfir atvinnutækjunum. Það er ekki langt síðan Sólbakkaeigninni var bjargað, að því er látið var heita hér á Alþingi, með því að ríkið keypti hana. Nú er að vísu hafinn atvinnurekstur á þessum stað, sem sýnist hafa skilyrði til að þróast. En mér sýnist þó sem það ætti að vera verk bankans og bankastjórnarinnar að sjá um afkomu atvinnuvega þeirra, sem þeir eiga að halda uppi. Ef það á hinsvegar að vera hlutverk þeirra að láta atvinnuvegina daga uppi í faðmi sínum, en leita á náðir ríkisstj. til hjálpar, þá er orðið negatívt starf þeirra. Það má vera, að ekki sé réttmæt árás sú á bankastjóra Útvegsbankans, sem kemur fram í þessu frv., en þeir gefa þá væntanlega skýringu. En af þeir eru samþykkir þessari lausn málsins, þá er það engan veginn viðunandi frá þeirra hálfu. — Að starfi þessara manna má m. a. finna það, að þeir hafa látið það viðgangast, að atvinnuvegirnir væru reknir með fyrirsjáanlegu tapi. Annars hefði verið þvingað fram jafnvægi, sem verður að vera í athafnalífi hverrar þjóðar, en það ekki verið látið viðgangast, að skuldir og töp hlæðust á atvinnuvegina frá ári til árs, svo að þeir yrðu að lokum óstarfhæfir í höndum þeirra manna, sem einir réðu því, hvort þeir yrðu starfræktir eða ekki. En reyndar á Útvegsbankinn ekki einn sökina á því, hvernig komið er í þessu efni, heldur á hinn bankinn aðalsökina.

Ég hefi nú ef til vill farið nokkuð út fyrir efni frv. En ég hefi hér stiklað nokkuð á aðalástæðunum fyrir því, að svo báglega er komið fyrir þjóðinni, að nú verður að tína þessar litlu félagsheildir upp, eina og eina, til þess að bjarga þeim frá dauða. Það er eins og menn geti ekki skilið fyrr en lagðar eru fram beinagrindur sem fylgiskjöl, eins og hv. þm. V.-Ísf. sagði fyrir nokkru hér á þingi. Þá fyrst skilja menn, hvað hefir verið að gerast, og þá fyrst er eitthvað gert til bjargar.

Jón Ólafsson: Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um málið á þessu stigi, þar sem það á eftir að fara í n. Ég verð þó að minna á það, að þegar slík vandræðaerindi koma fyrir Alþingi, verður að taka þeim með vinsemd og skilningi. Ég hefi heyrt á ýmsum hv. þm., að þeir vilji ekki ganga inn á þessa braut, sem þeir hafa þó í rauninni þegar farið inn á, sbr. kreppulánin til bænda. Hér gegnir líka nokkuð öðru máli, því að hér er ekki verið að biðja um fé beint til að éta, eins og segja má um dýrtíðarvinnu og þess háttar. Hér er farið fram á stuðning við hérað þetta, svo að fólk geti lifað þar. Menn gera sér yfirleitt ekki grein fyrir því, hvers vegna svona er komið fyrir þessum happasæla firði, sem verið hefir einn hinn bezti á landinu að því er snertir síldveiðar og fiskveiðar. Afli hefir brugðizt þarna nú um nokkur ár, svo að einsdæmi er. Þetta hefir orðið til þess, að þeir, sem haft hafa forystu um atvinnurekstur á staðnum, hafa farið lengra og lengra niður á við.

Mér skildist á hv. þm. V.-Húnv., að hann vildi kenna bönkunum um þau mistök, sem virðast hafa orðið um atvinnurekstur þessa héraðs. Ég vil ekki fara langt út í það mál, en vil aðeins minna hann á, að sjálfur hefir hann átt við fyrirtæki í Húnavatnssýslu, sem reyndist þess ómegnugt að ráða fram úr sínum málum. Á vandræðatímum hlýtur það að vera ofvaxið bönkunum sem komnir eru í þrot vegna hrakfara borgaranna, að rétta við svona héruð án stuðnings frá því opinbera. Ég vil geta þess, að Alþingi hefir, svo sem kunnugt er, rétt ýmsum þorpum hjálparhönd. Nú hefir t. d. Alþingi hjálpað Eyrarbakka og Stokkseyri. Er því ekki nema sjálfsagt, að litið sé á svona mál með velvild, hvaðan sem þau koma. Og þegar um hefir verið að ræða ýmiskonar hjálp til bændastéttarinnar, sem ég sé ekki eftir, þá hefir ekki borið á neinum kala til þeirra mála. Þegar t. d. verið var að samþ. að kaupa kotið Skálholt fyrir 30 þús. kr., þá var ekki verið að horfa í bjargráðin. Svona má margt telja, sem ríkissjóður hefir gert með samþykki Alþingis. Og fyrst búið er að rétta mönnum víðsvegar á landinu hjálparhönd, þá er ekki nema sjálfsagt að leggja líka öðrum lið, sem til Alþ. leita í nauðum sínum.

Ég ætla ekki að svara þeim ásökunum, sem hv. þm. V.-Húnv. beindi til Útvegsbankans, því að ég tel mér ekki skylt að svara þeim. En það má allt segja eftir á og einnig það, að bankinn hefði átt að hafa opin augun fyrir því, sem var að gerast. Já, það má slá slíku fram, en allir vita nú, að nærfellt engri stofnun eða einstaklingi hefir verið sú framsýni gefin að geta séð fyrir þá örðugu tíma, sem nú standa yfir. En hafi sú framsýni leynzt með þjóðinni norður á Hvammstanga, þá er það illa farið, að hún skyldi ekki koma fram fyrr en nú.

*Sigurður Einarsson: Ég verð að segja, að það komi engum á óvart, þó hv. þm. V.-Sk. finni hjá sér þörf til þess að ýfast við þessu máli. Það kemur ekki heldur á óvart, þó fyrsti liðurinn í málsvörn hans gegn þeim mönnum, sem beita sér fyrir nauðsynlegum hagsmunamálum Barðstrendinga, sé sá, að þeir vilji fyrst og fremst, að tekið sé af þeim, sem eiga, það sem þeir eiga. Ég vil nú segja það út af þessum rökum þessa hv. þm., að öllu má nú gefa nafnið að eiga. Það vita allir kunnugir, að hér er raunverulega ekki um neina eign að ræða lengur, því á þessa svokölluðu eign hafa ár eftir ár hlaðizt meiri og meiri skuldir, svo á henni hvíla nú hærri veðskuldir heldur en verðmæti eignarinnar hrekkur fyrir. Og þegar svo er komið, að sá, sem talinn er hafa rétt yfir eigninni, er ófær orðinn til þess að reka hana, og þegar á það er litið, að á rekstri hennar veltur lífsafkoma manna í heilu þorpi, þá á það samt að vera ákaflega mikið réttarbrot, einhver dæmalaus ósvinna, að hið opinbera hlutist til um að færa þennan eignarrétt, sem ekki er til nema á pappírnum, þannig til, að verðmæti þau, sem um er að ræða, komi að notum þeim raunverulegu eigendum þeirra, sem eru Útvegsbankinn og ríkið. Hv. þm. segir, að það verði eitthvað að ske áður en það spor sé stigið að taka umráðaréttinn yfir þessari eign. Það verður eitthvað að ske áður, segir hv. þm. Hvað er það, sem á að ske? Ég get sagt honum, hvað skeður þar, ef ekkert er að gert, ef atvinnumöguleikar fólksins eru látnir hverfa brott og ekkert koma í staðinn. Það, sem skeður, er ekki annað en það, að allt það fólk, sem þarna hefir lifað, flæmist þaðan burt og hrekst til annara staða, þar sem fullskipað er fyrir, og meira en það. — Því hefir hér verið teflt fram gegn þessu frv., að ríkið taki á sig nokkra fjárhagslega áhættu með því að samþ. þetta frv. Ég vil virða vel alla skynsamlega varúð, sem fram kemur gagnvart fjármálum ríkisins, en það er einkennilegt, að hún skuli fyrst nú koma í ljós gagnvart atvinnurekstri á Bíldudal. Hvers vegna var ekki fyrr stungið fótum við? Hvers vegna bar ekkert á þessari varúð áður en milljónaskuldirnar féllu á herðar alls almennings í landinu? Hvers vegna þá fyrst að stinga fótum við, þegar á að hjálpa fólkinu til þess að halda við lífsmöguleikum þess þarna á þessum stað, eftir að sá, sem haft hefir ráð á möguleikunum, hefir siglt öllu í strand? Það er ólíkum málum saman að jafna, þar sem eru atvinnu- og lífsskilyrði á Bíldudal og í Vík í Mýrdal; ég get um það dæmt, því ég er kunnugur á báðum stöðum. Í Vík eru fleiri leiðir, fleiri möguleikar til atvinnu en á Bíldudal. Í Vík er og hefir verið stundaður landbúnaður í verulegum stíl; á Bíldudal eru engin skilyrði til slíks. Þar hefir ekki verið hægt að fá land til ræktunar eða beitar fyrir skepnur. Í Vík er öðru máli að gegna; þar er samkomulag við landeigendur gott, þar eru líka ágæt skilyrði til garðræktar, sem þar er og mikið stunduð, en á Bíldudal hafa engir möguleikar verið fyrir hendi um slíkt, fyrr en nú, að hinn fátæki hreppur hefir ráðizt í að kaupa jörðina Hól inni í fjarðarbotni, sem ætluð er til nytjunar og ræktunar fyrir þorpsbúa. Í Víkurkauptúni hefir engin óhöpp að höndum borið, sem ógnað hafa lífsafkomu íbúanna, önnur en skriða, sem féll þar fyrir skömmu á nokkra garða, en á Bíldudal hefir fallið önnur og meiri skriða, — skriða, sem eyðilagði aðalatvinnutæki og möguleika íbúanna, og svo eldurinn, sem eyðilagði skjólin, er sannað gátu það, hvernig á þeirri eyðileggingu stóð.

Hv. þm. V.-Sk. er á móti því, að reynt sé að hjálpa þessum mönnum til að bjarga sér. Hann er á móti því, að skipt sé um eigendur á þeim verðmætum, sem hér er um að ræða, þannig að þeir aðiljar taki við þeim, sem raunverulega eiga verðmætin, og hann er á móti því, að hresst sé upp á frystihúsið þar, svo að framleiðsla þorpsbúa þurfi ekki að stöðvast, á móti því, að þeir fái möguleika til þess að halda sig við og auka sína atvinnu og lífsmöguleika, þessir menn, sem hafa verið lamaðir af ráðamanni eignarinnar. Það er þetta skilningslausa andóf þessa hv. þm. og fleiri, sem kemur mér til þess að fletta ofan af hinu sanna í þessu máli meir en ég hefði viljað þurfa að gera.

Hv. þm. V.-Húnv. var að reyna að rangfæra mín orð, og það gerði hann viljandi, — en getur honum dottið í hug, að nokkur sé sá nautshaus, sem orð hans heyrir, að hann trúi því, að ég gleðjist yfir því, að ástandið sé þannig á Bíldudal, að til þess hefir leitt, að frv. þetta er fram komið? Það vita allir, að ég meinti það, að það gleddi mig, að frv. þetta er fram komið, þar sem tilefnið fyrir því væri svo brýnt og aðkallandi sem það er.

Það var einu sinni hér í Reykjavík kaupsýslumaður, sem mikið auglýsti sig og sinn varning. Hann sló um sig ósköpin öll og gaspraði um það, sem hann hafði á boðstólum. Hann auglýsti Hannesarverð, og Hannesarverðið varð frægt í bænum, en nokkuð á annan hátt en til var ætlazt. Hér á Alþingi er mikið auglýst Hannesarvit, og þetta Hannesarvit á Alþingi líkist mjög Hannesarverðinu í Reykjavík, því hvorttveggja, Hannesarverðið og Hannesarvitið, er jafnómerkilegt. Annars fékk ég ekki annað út úr ræðu hv. þm. V.-Húnv. en það, að með þessu frv. vildum við brjóta niður sjálfsbjargarviðleitni og framleiðslumöguleika íbúanna á Bíldudal. En þetta er hinn mesti misskilningur, því framleiðslumöguleikarnir hafa nú verið af þeim teknir. Það vita allir, sem kunnugir eru. Hv. þm. V.-Húnv. má vel skemmta sér við það að reyna að misskilja og hártoga þá, sem tylgja þessu frv., en hann fær ekki áheyrn hjá öðrum en þeim, sem finnst það viðeigandi að fleipra um hin alvarlegustu spursmál, atvinnumöguleika landsmanna. En það er ekki hann, sem hlustað er á af þeim, sem skilja alvöru þessa máls, heldur eru það menn eins og hv. 1. þm. Rang. Það er slíkur skilningur eins og sá, sem fram kom í ræðu hans, sem treyst er á af þeim, sem flytja þetta mál.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil mega beina þeirri ósk til þeirrar hv. n., sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar, að hún taki til hinnar nákvæmustu íhugunar alla möguleika til björgunar þessu máli áður en hún leggur til, að samþ. verði frv. á þskj. 43. Það er ljóst, að út af fyrir sig er engin björg í því í bili,

að ríkið kaupi þessa eign, nema samtímis sé tryggt, að hægt sé að halda rekstri hennar gangandi, og að ekki er bætt úr atvinnuþörf þess fólks, sem um er að ræða, með því að ríkið kaupi eignina án þess að geta gert á henni nauðsynlegustu endurbætur eða rekið hana. Því þarf að sjálfsögðu að rannsaka það gaumgæfilega, hvaða bögglar fylgja skammrifinu. — Mér er orðið þetta mál nokkuð kunnugt. Hér hafa verið sendimenn frá Bíldudal, og hafa þeir rætt við ríkisstj. um þetta mál. Það, sem þeir telja, að aðallega vanti þarna, er ishús til þess að tryggja beitu til útgerðarinnar, bæði handa línuveiðurunum og einnig stærri og smærri bátum á Bíldudal og við Arnarfjörðinn. Eftir því, sem ég bezt veit, eru þarna tvö útgerðarfélög, sem eiga sitt hvorn línuveiðara. Aðalvandræðin stafa af því, að þessi félög hafa ekki fé til þess að gera hinar nauðsynlegustu umbætur, og úr því er vitanlega ekki leyst með því einu, að ríkið kaupi eða yfirtaki eignina. Ég vildi því mælast til þess, að hv. n. tæki þann möguleika til athugunar, að þessi tvö félög, sem þarna eru á staðnum, í félagi við hreppsnefndina, tækju eignarheimild á Bíldudalseigninni og rækju hana með stuðningi ríkisstj. Gætu svo þessir aðiljar, að því er mér virðist, með samningum við hinn raunverulega eiganda eignarinnar, Útvegsbankann, endurbætt ishúsið og á þann hátt greitt viðunanlega úr þessu alvarlega vandamáli. — Mér þótti rétt að benda á þessa leið strax, ef n. skyldi komast að þeirri niðurstöðu, að hún væri betri heldur en ef hlaupið væri í að samþ., að ríkið keypti eignina og gæti svo ekki fylgt því máli eftir svo sem nauðsynlegt væri. — Því er ekki að leyna, að það eru fleiri staðir hér á landi, sem eiga við líka erfiðleika að búa, og er enginn efi á, að fleiri mundu vilja koma í kjölfar þessa frv., ef að lögum yrði. Ég veit, að hreppsnefndin hefir fleira í byggju til stuðnings atvinnulífinu í hreppnum. Hún hefir nýlega keypt jörð handa þorpinu til að rækta og komið þar upp vísi að kúabúi, og væri æskilegt, ef hægt væri að styrkja þá viðleitni. Í öðru lagi er þar nokkur hugur í mönnum að nota sér þau fríðindi, sem veitt verða til eflingar kartöfluræktinni í landinu. — Ég vildi sem sagt benda á þetta nú þegar hv. n. til athugunar.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til að vera langorður um ræðu hv. þm. V.-Húnv., sem einn hefir aðallega talað á móti frv. síðan ég talaði síðast. Mér þótti vænt um það, að hann virtist hallast að því, að það ætti að reyna sem mest að binda menn við þá atvinnugrein, sem þeir stunda, og á þeim stöðum, sem þeir eru, því það er einmitt það, sem stefnt er að með frv. Það, sem fyrir mér vakir, er að reyna að tryggja þessa eign í höndum þess aðilja, sem hefir aðstöðu til að verja til hennar nauðsynlegu stofnfé, en það álít ég eina möguleikann til þess að geta haldið þessu fólki við þá atvinnu, sem það hefir lifað á. Hitt er alger misskilningur, sem fram kom hjá hv. þm., að hér sé verið að troða á sjálfsbjargarviðleitni manna. **(HannJ:** Það er ég ekki að segja). Jú, það kom einmitt fram í ræðu þessa hv. þm. Ég skil ekki, hvernig það getur verið brot á sjálfsbjargarviðleitni þessara manna, þó ríkið kaupi þessa eign og geri þeim með því kleift að halda áfram sínum atvinnurekstri þarna.

Það er aðallega tvennt, sem á að vinnast með þessu frv. Annarsvegar að bjarga Bíldudalsbúum beinlínis frá hungurdauða, frá því að lenda í slíkum atvinnuskorti, að þeir verði að flýja staðinn og fara þangað, sem yfirfullt er fyrir af vinnukrafti; hitt er að bjarga þeirri skuld, sem ríkissjóður á þarna og enginn vafi er á, að hægt er að bjarga, því eins og allir kunnugir vita, eru þarna hin glæsilegustu veiðiskilyrði í góðum árum. Hv. þm. benti á, að menn mundu á sama hátt vilja láta ríkið kaupa Eyrarbakka og Stokkseyri, en mér finnst meiri ástæða til, að ríkið kaupi fremur þær eignir, þar sem það á stórar veðskuldir, og það á þeim stað, þar sem eru einhver allra fiskisælustu mið hér við land, eins og hv. 1. þm. Rang. tók fram réttilega.

Það, sem þorpsbúar hafa undanfarið aðallega lifað af, eru tveir línuveiðarar, sem þar hafa verið gerðir út. Nú eru þessir línuveiðarar leigðir burtu, og með því er algerlega kippt fótum undan atvinnuvegi þorpsbúa, en ef ríkið yfirtæki eignina og fengi eignarhald á Holtinu, væri veðskuld ríkisins bjargað og jafnframt gert lífvænlegt fyrir íbúana þar eftirleiðis.

Hæstv. atvmrh. virðist ekki hafa lesið grg. frv. Hann talaði eins og hér væri aðeins um kaup og sölu að ræða. Ég tek það fram í grg., að þetta sé einnig mikið atvinnuspursmál, og það er ekki sízt aðalatriðið fyrir mér. — Ég held, að réttara sé að vísa frv. til allshn. en fjhn., því það er kannske öllu meira atvinnumál en fjárhagsmál. Annars geri ég það ekki að neinu kappsmáli. — Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að þessu sinni.

Páll Þorbjörnsson: Ég mun vera manna kunnugastur hv. þm. staðháttum í Bíldudal. Að vísu er það svo, að ég hefi ekki fylgzt þar eins vel með á síðustu árum og áður, en þó nægilega til þess, að ég tel mig geta dæmt um það, hvort ástæða sé til að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, og það fremur á þessum stað en öðrum hér á landi.

Fyrir eina tíð var það svo um þetta þorp, að í sjávarútvegsmálum mátti segja, að það hefði forgöngu á meðal útgerðarstaða hér á landi. Það mun hafa verið einhver fyrsti staðurinn, þar sem reist var hafskipabryggja, ishús og fiskþurrkunarhús, og þar var um eitt skeið einhver mesta þilskipaútgerð landsins. Þá var vegur þessa staðar svo mikill, að mikið af þeim fiski, sem fluttur var út frá Íslandi, var kenndur við þetta litla þorp. Það er alkunnugt, að það var ekki aðeins fiskur þaðan, heldur og frá mörgum öðrum stöðum, sem gekk undir nafninu „Bíldudalsklipfisk". Síðan hefir gengið á ýmsu fyrir þessu byggðarlagi. Alltaf hefir það verið svo, að einhver einstaklingur eða einstakt félag hefir haft eignarheimild á staðnum. Hefir farið ýmislega fyrir þessum félögum; þau hafa orðið að leggjast niður og nýir einstaklingar eða ný félög hafa tekið við. En allt fram á þennan dag hefir það a. m. k. verið svo, að Bílddælingar hafa sjálfir sem einstaklingar gert sitt til þess að missa

ekki atvinnutækin burtu úr þorpinu, og þar með möguleikana til þess að bjarga sér. Þegar t. d. milljónafélagið varð gjaldþrota og hætti starfsemi sinni, höfðu Bílddælingar ekki vissu fyrir, hvort eignirnar yrðu seldar í einu lagi eða skipin sitt í hverja áttina. Höfðu þeir þá svo mikinn áhuga á, að þetta bútaðist ekki í sundur, að þeir mynduðu félag til þess að kaupa skipin, svo þau yrðu ekki flutt burtu. Fór svo, að tiltölulega lítið af skipakostinum fór burtu úr þorpinu, og svo var eignin sjálf keypt af félagi, sem að mestu leyti var eign manna, búsettra á staðnum. En þegar fram liðu stundir, gengu skipin úr sér og það fór að verða úrelt að fiska með handfæri. Þá var farið að brjótast í að fá meira „moderne“ tæki, mótorbáta og línuveiðara. En gegnum þetta alltsaman var staðurinn sjálfur og mannvirkin þarna í eigu einstaklinga og félaga, sem af ýmsum orsökum gátu ekki haldið þeim svo við sem nauðsynlegt var, ef atvinnulífið átti að haldast í viðunandi horfi. Nú er svo komið, að það má svo heita, að ekkert íshús sé til á staðnum; það gamla er orðið ónýtt, svo ekki er lengur hægt að skaffa fiskimönnunum ís til að frysta við beitu. Bryggjan er og að falla niður og óviðunandi fyrir útgerðina. Atvinnuhættir hafa breytzt það frá því, sem áður var, að þó e. t. v. hafi verið hægt á þeim tíma, þegar handfærið var eingöngu notað, að dragast áfram án þess að hafa íshús, þá er nú, þegar veiðiskapurinn er að færast í það horf, að eingöngu er fiskað með línu, útilokað að stunda veiðar þarna án þess að hafa íshús til þess að frysta beitu. Ég er nokkurnveginn viss um, að orsökin til þess, hvað erfiðlega gengur fyrir línuveiðabátunum og hversu litlar atvinnubætur þeir hafa getað fært þorpsbúum, samanborið við það, sem þeir hefðu annars getað, er að miklu leyti sú, að þeir hafa orðið að vera viðbundnir á öðrum stöðum til þess að fá brýnustu nauðsynjar til útgerðarinnar. Nú er það svo, eins og komið hefir fram í ræðum þeirra, sem á undan mér hafa talað, að það mun vera útilokað, að núv. eigandi eignarinnar eða hreppsfélagið geti stuðningslaust reist við þau mannvirki, sem þarna þurfa að vera til þess að hægt sé að halda atvinnurekstri áfram og lífi í fólkinu. Þess vegna mun þetta frv. vera komið fram frá hv. þm. Barð., um að ríkið hlaupi undir bagga. Það hefir verið tekið fram áður, að það er vitanlega ekki nóg, að staðurinn sé keyptur eða tekinn eignarnámi; það þarf einnig að gera umbætur á bryggju, íshúsi og öðrum byggingum, sem nauðsynlegar eru útgerðinni. Ég er ekki í vafa um það, þrátt fyrir undangengin aflaleysisár, að þessi staður hefir atvinnuskilyrði fram yfir marga aðra staði hér á landi, sem nú hafa við erfiðleika að stríða. En svo bezt verða þessir möguleikar hagnýttir, að í landi sé aðstaða til að taka á móti aflanum. Með hverju árinu, sem líður, verður erfiðara að stunda útgerð með það fyrir augum að salta aflann eingöngu. Allt hnígur meira og meira í þá áttina að flytja fiskinn út frystan eða ísaðan, en eins og hagar þarna til nú, eru engir möguleikar á því. Arnarfjörður hefir um langt skeið verið sá staður, sem bæði botnvörpungar og dragnótabátar sækja einna mest inn á, enda er öllum kunnugt, sem til þekkja, að mikið er af flatfiski á firðinum. Væri sæmilegt íshús til á staðnum, er ég ekki í vafa um, að Arnfirðingar myndu fara inn á þá braut, að fá sér sjálfir veiðarfæri til þess að stunda dragnótaveiði þarna; gæti það orðið drjúgur þáttur í því að hjálpa þeim til að lifa.

Það hefir verið tekið hér fram áður af þeim, sem talað hafa, að hér er í rauninni um nokkuð annað að ræða heldur en á mörgum öðrum stöðum kringum land, sem komizt hafa í vandræði. Á Bíldudal stafa vandræðin ekki fyrst og fremst af aflatregðu og þviumlíku, heldur stafa þau fyrst og fremst af því, að atvinnutækin, hvort sem er á sjó eða landi, eru orðin svo úr sér gengin, að það er ekki lengur hægt að hagnýta þau, og það eru ekki líkur til þess, að íbúarnir geti án stuðnings kippt því í lag.

Ég sé ekki ástæðu til að koma neitt inn á það, sem fram hefir komið hér frá þeim tveimur hv. þm., sem mest hafa mælt á móti því, að þessu byggðarlagi væri rétt hjálparhönd. Ég vil vænta þess, að eftir að hv. þdm. hafa kynnt sér aðstöðuna og ástandið þarna, ef þeir hafa ekki gert það þegar, þá hafi þeir skilning á því, að það er betra að hefjast þegar handa og rétta þetta við heldur en bíða þess tíma, að það fari e. t. v. svo fyrir Bílddælingum, og jafnvel Arnfirðingum yfir höfuð, að þeir þurfi að leita til ríkisins á sama hátt og hefir því miður komið fyrir eitt bæjarfélag, biðja um framfærslueyri vegna þess að ekki dugi að rétta hjálparhönd að því er snertir atvinnumöguleika.

*__Gísli Sveinsson__: Herra forseti! Það er náttúrlega spurning, hvað langt umr. eiga að ganga um mál sem þetta, þó merkilegt sé, á fyrsta stigi. En það efni, sem hér er um að ræða, er svo þýðingarmikið og flutt á þeim grundvelli, að það er ókleift annað en að skýra að einhverju leyti þegar í stað, hvernig viðhorf þm. og almennings í landinu hlýtur að vera gagnvart sliku, er það kemur fram á Alþingi, og í rauninni frá þeirra hálfu, sem þykjast hafa valdið í þinginu, þar sem þeir tveir þm., sem standa að þessu máli, eru hvor í sinni deild stjórnarflokksins. Þar með vil ég þó engan veginn gefa í skyn, að allir þeir, sem núv. stj. fylgja, hafi fyrirfram bundið sig við að fylgja þessu máli eins og það er hér borið fram. Svo mun ekki vera, ekki einu sinni allir þeim megin, sem fremur mátti eiga von á fylgi við slíkt mál, eftir því er heyra mátti á hæstv. atvmrh., því það einkennilega kom fram í ræðu hans, að hann er algerlega andvigur fyrsta atriði þessa máls, sem sé kaupunum á þessari eign. Er slíkt dálítið nýstárlegt að heyra úr þeim herbúðum, því maður hefir ekki átt öðru að venjast þaðan hin síðari ár heldur en að hver hafi boðið yfir annan í því að reyna að ná sem flestum eignum undir landið og reka þær á kostnað alþjóðar. Það virðist sem hæstv. ráðh. hafi fljótlega séð, að hér var verið að stofna til þess að kaupa köttinn í sekknum. Orðaði hann það réttilega svo, því hann er sýnilega málinu kunnugur, að hér fylgdu nokkrir bögglar skammrifi. Böggullinn, sem þessu skammrifi fylgir með vitund þeirra, er málið flytja, er sá,

að ríkið verður að taka upp á sína arma þetta þorp og sjá fyrir íbúum þess. Hér er um eign að ræða, sem annað veifið er lýst sem hinni glæsilegustu, en er þó sögð svo sokkin í skuldir og niðurníðslu, að þar verði að taka á það föstum tökum til umbóta, að öllum sé um megn nema ríkinu. Hv. flm. talaði um það beinlínis og óbeinlínis, að ekki einusinni hreppsfélagið gæti gert þetta, þó hæstv. ráðh. virðist telja, að þá leið eigi að fara, heldur verði að láta allan almenning í landinu standa undir þorpinu.

Það er rétt að athuga snöggvast, hvað það er, sem hér kemur fram. Málið er eiginlega víðtækara heldur en þetta litla frv. ber með sér fljótt á litið. Hér er brugðið upp eftirtektarverðu útsýni, og það er ekki vafi á því, að þetta útsýni, er hér blasir við, er ekki náttúrunnar verk. Það mun vera að meira eða minna leyti verk manna, eins og málverk jafnan eru, þó sniðin séu eftir náttúrunni. Það er borið hér fram, að þessi staður sé frá náttúrunnar hendi einhver hinn bezti staður á landinu. Þar er höfn af guði gerð. Þar er góð bryggja og þar hefir verið íshús. Þaðan hafa verið reknar fiskveiðar á öllum tegundum skipa, sem landsmenn hafa átt, róðrarbátum, þilskipum, vélbátum og línuveiðurum. Togarar sækja þangað unnvörpum, því þar er svo tilvalið að vera, enda fiskisældin mjög rómuð. Yfirleitt hefi ég ekki heyrt öðrum stað meira hrósað hvað aðstöðu til útvegs snertir. Svo segja þessir sömu menn, að þessi staður sé sökum örbirgðar og atvinnuleysis sokkinn í skuldir. Hv. flm. segir að ekki vofi annað yfir en hungur og dauði. Hvað getum við hugsað, sem hér erum saman komnir hingað og þangað af landinu og þekkjum hag manna heima fyrir? Hvers vegna verða þeir staðir fyrstir til þess að komast á vonarvöl, þar sem afkomumöguleikarnir virðast mestir? Það er víst ekki ofsagt, að þessi staður sé kominn á vonarvöl, þegar fram er borið frv. um að bæta hag hans með þeim röksemdum, að ella vofi hungursneyð yfir. Ef svo gengur til með hið græna tréð, hverju má þá búast við hjá hinum, sem hafa verið visin frá upphafi og enga rót hafa í möguleikum neinna atvinnugreina? Það er ekki annað hægt að segja en slíkir staðir eigi heimtingu á að vera líka teknir upp á arma ríkisins. Eða halda menn virkilega, að það sé ekki víðar hægt að fá hreppsnefndirnar og verkalýðsfélögin til þess að biðja ríkið að taka sig og sjá sér fyrir öllum þörfum? Það má tala fögrum orðum um þörfina á að hjálpa fólki fram úr erfiðleikunum, og það hefir verið gert hér. En því ekki að taka málið á breiðari grundvelli og rannsaka ástandið á þeim stöðum kringum landið yfirleitt, sem svo er komið að þurfa á hjálp að halda? Og það á þá að taka fyrst þá staði, sem enga afkomumöguleika hafa. Hvað er að segja um Vík í Mýrdal? Þó hv. 9. landsk. þykist þekkja þar til, sýnist mér, að hann geri það ekki. Að vísu veit ég, að hann hefir komið þar, en hverju hann hefir kynnzt, veit ég ekki. Sýnilega hefir hann ekki kynnzt plássinu né fólkinu þar. Eins og ég lýsti, veður allt uppi á Bíldudal, fiskisældin í sjónum og möguleikarnir á landi. Þar hefir allt verið gert, sem hægt er að gera, þó mannvirkin séu nú að vísu öll að grotna niður, því svona er nú fólkið þarna. Berum það saman við fólkið á hinum stöðunum, þar sem ekkert er nema sandauðnin, eins og í Vík. Þar taka þeir sandinn og rækta í honum kartöflur. Klífa fuglabjörgin eftir eggjum. Á sjóinn komast þeir ekki. Togararnir koma þar ekki að landi, því þeir geta það ekki. Línuveiðarar sjást þar ekki, því þeim er þar voðinn vís. Vélbátar geta ekki hamið sig þar; þá sjaldan menn komast út á sjóinn, er það ekki til að fiska, heldur til að ná sambandi við skip bezta tíma ársins. Þarna eru þó 300 manns, sem ekki kemur til hugar að biðja að taka sig.

Þegar svo er í sakirnar farið sem hér, að komin er fram á Alþingi, ekki beiðni, heldur ákvörðun um að kaupa eða taka við þessum stað og bera þar síðan allt uppi, þegar maður veit, að á bak við liggur ekki annað en það, sem legið getur fyrir hjá öllum þm., að hér er bara sett upp kapphlaup milli tveggja hv. þm. — hv. flm. þessa frv. sagði um Reykhólamálið, að það væri fram komið fyrir framhleypni hans keppinautar —, þegar maður veit, að þetta er undirrótin, en ekki hitt, að þeir, sem þarna búa, geti átt nokkrar kröfur í þessu efni fremur öðrum, þó maður viti, að þeir eigi í hörðu stríði eins og yfirleitt allur landslýður, þá getur maður ekki tekið þetta mál þeirra öðruvísi en hvert annað vandræðamál, af hvaða landshorni sem er.

*Jónas Guðmundsson: Það hefir talsvert spunnizt úr umr. um þetta litla og ég vil segja lítilfjörlega mál. En mér finnst þessar umr. ekki nema öðrum þræði snúast um frv., sem fyrir liggur; að hinu leytinu eru það almennar umr. um það ástand, sem skapazt hefir á seinni árum í fjöldamörgum kaupstöðum og kauptúnum hér á landi. Það er ekki undarlegt, þó á þetta sé minnzt, því sannleikurinn er sá, að nálega ekkert sveitarfélag, þar sem kauptún getur talizt, eða kaupstaður, getur horft fram í tímann með von um að bjargast án hjálpar í einhverri mynd frá því opinbera eða lánsstofnunum ríkisins. Um þetta þarf ekki langt mál; það er augljóst. En mig furðar á því, að bæði hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. V.-Húnv. skuli sýna því svo mikla andúð, að ríkið veiti þessu sveitarfélagi á Vestfjörðum þá lítilfjörlegu hjálp, sem hér er farið fram á. Það er þó ekki nema heimild fyrir ríkisstj., ekki skylda, heldur bara heimild til þess að kaupa þessa eign, náttúrlega því aðeins, að hún sjái ekki aðra heppilegri lausn á málinu fyrir báða aðilja.

Ég hefi hér fyrir framan mig landsreikninginn fyrir árið 1934. Þar eru á fjórum eða fimm blaðsíðum talin þau bæjar- og sveitarfélög, atvinnufyrirtæki og aðrar stofnanir, sem ríkið hefir stutt með ábyrgðum auk hinna beinu framlaga, sem það hefir veitt. En hvað hefir verið gert fyrir Bíldudal? Hefir ríkið nokkurntíma veitt þangað ábyrgð eða styrk til nokkurs? Auk þeirra ábyrgða, sem taldar eru í þessu stóra registri, eru allar þær ábyrgðir, sem ríkið tók á sig á síðasta ári, bæði fyrir bæjar- og sveitarfélög og einstök fyrirtæki, og heimildir til kaupa á verksmiðjum o. fl. til hjálpar viðkomandi stöðum. Hér er t. d. sagt, að ríkissjóður standi í ábyrgð

fyrir 8422 þús. kr. fyrir Reykjavík, 357 þús. kr. fyrir Akureyri, 240 þús. kr. fyrir Siglufjörð, 321 þús. fyrir Vestmanneyjar, 213 þús. kr. fyrir Neskaupstað, 175 þús. fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga, 173 þús. fyrir Húsavík, 54 þús. fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, 22 þús. fyrir Hjaltastaðahrepp, 14 þús. fyrir Ólafsvíkurhrepp, 10 þús. fyrir Vatnsleysustrandarhrepp, 80 þús. fyrir Reyðarfjarðarhrepp, 40 þús. fyrir Sauðárkrókshrepp, 221 þús. fyrir Hafnarfjörð, 171 þús. fyrir Akraneshrepp o. s. frv. Svo koma þarna fjöldamörg samvinnufélög og lán til íshúsbygginga; þannig mætti lengi telja. Við þetta bætist og ábyrgðir fyrir Eyrarbakka, Stokkseyri og Seyðisfjarðarkaupstað, sem samþ. voru á síðasta þingi. Sannleikurinn er sá, að öll meiri háttar sveitarfélög á landinu eru búin að fá hjálp frá ríkinu nú eða áður til þess að gera fólkinu mögulegt að lifa og starfa og koma á þeim framkvæmdum, sem til greina koma á hverjum stað. Ofan á þetta hefir svo bændastéttinni allri í heild og vélbátaeigendum verið hjálpað sérstaklega til þess að losna við skuldir sínar. Í rauninni er því ekki annað eftir en smákauptúnin ein, og er engin ástæða til að gera þau að olbogabarni við alla þessa hjálparstarfsemi, sem Alþingi rekur og er skylt að reka.

Hv. þm. V.-Sk. var að tala um, að Vík í Mýrdal væri sambærileg við þetta þorp, en hefði þó ekki leitað á náðir ríkisins né væri líkleg til þess að gera það í framtíðinni. Það er ákaflega gleðilegt að heyra það, að eitt sveitarfélag skuli þó vera þannig statt, að það þarf ekki að leita á náðir ríkisins. En hvers vegna er það? Það hefði ekki verið þannig ástatt í Vík, ef hún hefði byggt á útgerð eins og þessi þorp hingað og þangað kringum landið, sem beinlínis hafa risið upp vegna útgerðarinnar, sem nú er smátt og smátt að dragast saman og hætta að geta gefið fólkinu þann arð og þá lífsbjörg, sem hún áður gaf. Það eru einmitt þau þorp, sem koma til með að þurfa hjálp, en síður hin, sem engri útgerð hafa byggt á, heldur geta að mestu lifað á því, er jörðin gefur í aðra hönd. Ef athuguð er sú hjálp, sem ríkið hefir áður veitt einstökum stöðum, kemur í ljós, að hér er ekki um neitt sérstætt að ræða. Fyrir alllöngu síðan, einum 17—18 árum, var bæði Reykjavík og Hafnarfirði veitt stórkostleg hjálp til atvinnuaukningar. Hafnarfirði var veitt undanþága frá fiskveiðalöggjöfinni, um að fá erlenda togara þangað, og Reykjavík var hjálpað með því, að veitt var ábyrgð fyrir ákveðinni upphæð til hvers togara, sem keyptur var til landsins. Þetta varð á sínum tíma til þess að koma atvinnulífinu á þessum stöðum á þann grundvöll, sem hann síðan hefir staðið á. Þetta er það, sem hefir gerzt fyrir mörgum árum og löngu áður en fór að gæta nokkurra áhrifa frá sósíalistum í þessum málum, að ríkið veitti stuðning einstökum atvinnufyrirtækjum og einstökum sveitarfélögum. En þessi stuðningur var bara svo skynsamlega veittur, að hann kom að því gagni á hverjum stað, sem til var ætlazt. Þess vegna er ég alveg sömu skoðunar og hv. þm. V.-Sk. um það, að við eigum nú einmitt að taka hvert einasta sveitarfélag, kauptún eða hreppsfélag kringum landið, sem byggir afkomu sína á útvegi og iðnrekstri, og athuga, hvað þarf að gera þar til þess að slíkir staðir geti í framtíðinni staðið á eigin fótum. Nú hefir þingið fylgt þeirri reglu að taka eitt og eitt eftir umsóknum, sem borizt hafa í þingið, frá þessu þetta árið og hinu hitt árið. Árangur þessara beiðna var eins og ég las upp áðan, og hefir þessi hjálp orðið til þess að rétta við sum þessi sveitarfélög að mörgu leyti. Öllum er kunnugt, að Siglufjörður var blátt áfram að leggjast í auðn út af vandræðum í síldarverzluninni. En ríkissjóður hljóp undir bagga með því að reisa síldarverksmiðju og reka. Svona mætti lengi telja, að ríkisvaldið styður beint og óbeint að því, að bágstödd sveitarfélög geti starfað. Þessi hjálp ríkisins hefir verið tvíþætt. Ábyrgðir annarsvegar, og hafa þær einkum verið veittar kaupstöðum og stærri kauptúnum. Ábyrgðir þessar hafa gert þessum sveitarfélögum kleift að fá stærri eða minni lán til þess að hrinda ýmsu í framkvæmd. Það er ákaflega mikið spursmál, hversu heppileg þessi leið er, að veita ábyrgðir. Og ég býst við, að ef ekki rofar til í atvinnulífi þjóðarinnar, sérstaklega við sjávarsíðuna, á næstu árum, þá eigi ríkissjóður eftir að fá talsverða skelli af þessum ábyrgðum. Hin leiðin var sú, gagnvart bændastéttinni sérstaklega, að styrkja beint atvinnureksturinn með framlögum úr ríkissjóði. Hvora af þessum leiðum á að fara viðvíkjandi smákauptúnunum, verður að athugast. Þau eru að því leyti verr sett en kaupstaðir, að þau hafa minni möguleika til að standa við stórar ábyrgðarskuldbindingar, en líkjast langtum frekar sveitahreppum eða héruðum, sem hafa fengið beina hjálp ríkisins. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að einmitt það atriði sé athugað, þegar um smákauptún er að ræða með litlu fjárhagslegu bolmagni, hvort ekki sé réttast, að ríkið hjálpi með því að eignast að einhverju leyti þau tæki, sem nota þarf til þess að fólkið geti lifað þar.

Það er tvennt, sem gæta þarf að, þegar um er að ræða að rétta við sjávarþorp. Annað er það, að staðurinn sé ekki atvinnulega í höndum þeirra, sem útiloka framtakssemi hinna smærri atvinnurekenda og annara, sem vilja koma fótum undir samvinnuútgerð. En þannig er það, ef einn er eigandi að stórum eignum og landi og tækjum, sem þar eru til lífsbjargar. Hitt er að tryggja, að þau atvinnutæki, sem fólkið þarf að hafa til þess að lifa á þessum stöðum, séu þar til.

Ég hefi nú að vísu ekki komið á Bíldudal, en mér skilst, að hér sé um að ræða að tryggja aðra hlið þessa máls, að gera íbúum kauptúnsins fært að hafa afnot af eign og landi, sem nauðsynlegt er, að sé þar opinber eign, svo að allir geti notfært sér það eins og föng eru á. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að þetta sé gert, að veita ríkisstj. heimild til að kaupa þessa eign, ef hún getur ekki á annan hagkvæman hátt komið þessu máli heilu í höfn.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Mér þykir það í raun og veru ekki undarlegt, þó að hér komi fram erindi um hjálparbeiðni frá ýmsum stöðum. Maður hefir heyrt, að hjálpar væri víða þörf. En mér virðist nokkur misskilningur hafa blandazt inn í þetta mál og flutning þess, en hann er

sá, hvaðan þessi vandræði stafa. Mér virðist það ríkt í hugum manna, að svo miklu verði bjargað við með eignakaupum. En það er að mínu áliti ekki orsökin til vandræðanna, hvorki á þessum stað né í öðrum sjávarbyggðum, í hverra höndum eignirnar þar eru; því að ég tel alveg rétt, að eignir á hverjum stað séu ekki aðeins heimilar til notkunar þeim, sem gera þær þá um leið arðbærar, heldur mun hverjum eiganda þykja mjög æskilegt, að eignir séu notaðar svo, að þær gefi arð. En það sem veldur því, að gengið hefir saman fyrir þessum stöðum, eru auðvitað aflaleysistímabil, sem gengið hafa yfir. Á þessum stað, eins og svo mörgum öðrum hér á landi, hefir myndazt sjávarútvegur við fiskisælan fjörð. Komið hafa fyrir aflaleysistímabil, en sjaldan eins og nú. Er þá vitanlegt, að saman gengur atvinnuvegur hjá þeim, sem byggja afkomu sína á þessari einu tekjulind, sjónum. Og það gengur því meir og fyrr saman fyrir þessu fólki sem atvinnurekstur þess hefir verið einhæfari. Hitt er náttúrlega ekki víst, að nú sé frekar en áður nema aðeins um tímabil að ræða. En mig undrar ekkert, þótt leitað sé hjálpar hins opinbera til þess að fólk geti komizt af þennan erfiða tíma. En það, hvað ríkið sjálft þarf að kosta til, verður svo að leggja undir álit viti borinna manna, hvort t. d. nauðsynlegt sé, að það fari að taka á sínar herðar stórar eignir, kippa þeim úr höndum þeirra, sem nú eiga eða eignast vildu, og að leggja sjálft í mikinn áhætturekstur. Það virðist nú svo, að ríkið sé farið að færa út sínar kvíar talsvert ógætilega; þannig ef það á að verða atvinnurekandi í landinu, háð árferði og jafnvel duttlungum fólksins, þá gæti farið svo, að það fengi þá skelli, sem það getur ekki staðizt fremur en einstaklingar. Þetta geri ég nú ráð fyrir að verði athugað við meðferð málsins í deildinni. Og ég hefði náttúrlega ekki þess vegna þurft að kveðja mér hljóðs, enda gerði ég það aðallega vegna ýmissa orða í síðari ræðu hv. 9. landsk. Sú ræða var ekki um þetta mál. Hún var níðræða um utanþingsmenn, en í það blandað einkennilegu skilningsleysi á málinu sjálfu.

Ég verð að láta það í ljós, að mig furðar á því, að hæstv. forseti skyldi telja það vítalaust, að slíku færi fram hér í hv. deild. Þessi hv. þm. sagði, að núv. eigendur þessarar eignar hefðu haft frekju til þess að taka að sér þessa eign með þeim skuldum, sem á henni hefðu hvílt. Og seinna sagði hann, að ekkert hefði verið hægt að gera, vegna þess að staðurinn var í þeim greipum, sem hann var í. Þetta er náttúrlega hvorttveggja slagorð. Þegar menn taka að sér eignir, þó að miklar skuldir hvíli á þeim, þá gera þeir það náttúrlega fyrir það, að þeir álíta, að hægt sé að reka eignina þannig, að hún gefi arð. Það þarf kannske áræði til slíks, en það er ekki vant að kalla það frekju. Hitt er ekkert annað en fjarstæða, að ekkert sé hægt að gera af því að eignin sé í þeim höndum, sem hún er nú. Eignin hefir verið alveg opin fyrir sjávarútveginn til notkunar eins og hún hefir verið. Það er bara aðstaða til sjávarútvegsins, sem hefir breytzt.

En hvað snertir tal um þjófnað og brennur, skal ég alls ekki fara út í það mál; það liggur alls ekki fyrir að ræða hér á þingi. En út af því, sem að ríkissjóði sneri, vil ég segja hv. 9. landsk., að hann hefir sjálfur fullkomlega haft sitt úr ríkissjóði, þó að hann aldrei eigi neitt á hættu, hvorki í atvinnurekstri né öðru, sem atvinnurekstur hér á landi hefir byggzt á.

En auk þeirra mjög svo óvenjulegu ummæla hér á þingi, sem ég áðan nefndi, bætti hann því við, að nú hefði fallið skriða yfir þorpið, nefnilega gjaldþrot, sem hafi lagt það í auðn. Út af þessu vil ég segja það, að þeir menn, sem hafa rekið þarna atvinnu, hafa auðvitað strandað nákvæmlega á því sama, sem fólkið á þessum stað nú með sína afkomu, en það er sú mikla breyting, sem gerðist á aðstöðu til sjávarafla, og skortur á fjárhagsstyrkleik til þess að geta staðið þessa breyt. af sér. En mér er kunnugt, og það er fjölda manna kunnugt, að sá, sem hefir rekið atvinnu þarna síðast, hann hefir barizt fyrir því, að halda uppi ekki einungis sjávarútvegi alveg eins og mögulegt var, en einnig hefir hann barizt fyrir því að útvega verkefni fyrir fólkið. Hann hefir látið flytja fisk langar leiðir að til verkunar o. s. frv. Og ég vil segja, að þótt menn að lokum kikni undir öllu saman eftir að hafa haft hina mestu hugraun og erfiði við að reyna að halda uppi slíkum bjargráðum, þá er það ómaklegt, að þinggikkir séu að bera þá brigzlum fyrir slíka hluti, menn, sem aldrei hafa rétt höndina öðrum til hjálpar nema þá í eigingjörnum tilgangi. Og þessi atkvæðaeltingaleikur hv. þm. réttlætir ekki slík brigzl og að fara með aðra eins fávizku og hann fór með í þessari ræðu sinni.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, því að málið er á því stigi, að það á eftir að athugast. En ég vildi aðeins undirstrika að lokum, að það, sem þarf að gera á þessum stað, það er að sjá fólkinu fyrir atvinnu, svo að það geti lifað. En það er síður en svo eina leiðin til þess, að kaupa þessar eignir. Hitt er heldur, að veita stuðning til þess, að hægt sé að fara inn á nýjar atvinnuleiðir, eins og t. d. ræktun. Eða þá að mönnum gefist kostur á því, með stuðningi þar til, að sækja á fiskimið lengra í burtu en verið hefir.

***Hannes Jónsson**: Hv. þm. Barð. og hv. 6. landsk. virtust undrast yfir því, að ég væri að sýna andstöðu gegn þessu frv. En þetta er alger misskilningur á því, sem ég hefi sagt, og held ég, að á engan hátt megi finna andstöðu út úr orðum mínum. Hv. 6. landsk. kvað umr. hafa farið út fyrir tilefni frv. og hafa snúizt m. a. um ríkjandi ástand í atvinnuháttum þjóðarinnar. Þetta er einmitt meginkjarninn í því, sem ég sagði og ekki snerist beint um frv. sjálft, að ég taldi þetta frv. ekkert annað en rökrétta afleiðingu af því ástandi, sem ríkir.

Hv. 6. landsk. minntist á, að ýmislegt hefði verið gert fyrir önnur kauptún og ýmsar stofnanir einstakar með ríkisábyrgð og styrk. Þetta er alveg rétt. En þessar styrkveitingar til einstakra fyrirtækja hafa miðað að því að styðja atvinnumöguleika á þessum stöðum, t. d. með frystihúsbyggingum til samvinnufélaga, til þess að efla útflutning á frystu kjöti.

Ein höfuðástæðan fyrir því, að ekki hefir tekizt að halda uppi atvinnulífi á þessum stað, er náttúrlega það, að það vantar þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til þess að atvinnulíf geti þrifizt.

Hv. 6. landsk. sagði, að það þyrfti að taka hvert kauptún út af fyrir sig og athuga atvinnulíf þess; og þá er að leita að því fyrst og fremst, hvort ekki er til ein sameiginleg allsherjar ástæða fyrir þessu örðugleikaástandi. Ef sú ástæða finnst, mætti ef til vill skapa þessum einstöku heildum fullkomin skilyrði til heilbrigðs atvinnulífs og koma þar með meira jafnvægi á atvinnulíf þjóðarinnar yfirleitt, þó að auðvitað aldrei verði fyrir það byggt, að kannske einstöku staðir með allra verstu skilyrðin fyrir sínum atvinnurekstri dragist aftur úr, eða einstaklingar hver á sínu starfssviði. Enda getur verið, að t. d. atvinnurekstur einstaklinga vanti í einstökum tilfellum hin nauðsynlegustu grundvallarskilyrði, og sé því með öllu dauðadæmdur. Þannig dagar einstaka menn uppi, og á því verður aldrei ráðin bót. En fyrir heildina verður sjálfsagt hægt að finna starfsmöguleika fyrir hverja þessa atvinnugrein fyrir sig í heild.

Þá var það alger misskilningur hjá hv. þm. Barð., að ég áliti, að þetta frv. út af fyrir sig myndi á nokkurn hátt brjóta niður sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna. Það, sem orð mín hnigu að, var að sanna, að ýmsar ráðstafanir í þjóðfélaginu og hjálparstarfsemi hafi snúizt óheppilega mikið inn á þá braut að brjóta niður sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna. Því að ég álít svo bezt komið hag þjóðarinnar, að hver einstaklingur þjóðarinnar finni löngun hjá sér og kraft til að standa undir atvinnurekstrinum og finni leiðir, sem heppilegastar eru til úrlausnar, hver á sínu sviði. En ég vil ekki á neinn hátt ásaka flm. þessa frv. fyrir að leita bjargráða fyrir eitt tiltekið kauptún. Honum er málið mjög nákomið, þar sem hann er fulltrúi þess héraðs, og er ekki nema eðlilgt, að hann geri síðustu tilraun til að reisa úr rústum atvinnulíf á þessum stað, sem aðstaða undanfarinna ára hefir komið því í. En ég vildi benda á þetta til almennrar umhugsunar um það ástand, sem ríkir í atvinnulífi þjóðarinnar. Því að það munu fleiri á eftir koma, sem lent hafa í hinu sama ófremdarástandi. Þess vegna verður að leggja meiri áherzlu á það en gert hefir verið á löggjafarþingi þjóðarinnar, að finna allsherjar meinsemd, sem þjakar, í þeirri von, að hægt sé að finna ráð til þess að leysa vandamálin. Inn á þessa braut á starfsemin að ganga.

Hæstv. atvmrh. taldi — að mér skildist —, að það yrði a. m. k. að rannsaka allrækilega áður en frv. yrði samþ., hvort þetta væri sú eina leið, sem hugsanleg væri til viðreisnar á þessum stað. Ég vil benda n. á og þeim, sem vilja fá lausn á þessu máli vegna héraðsmanna sjálfra nú — en ekki af öðrum uppdiktuðum ástæðum — gegnum starf n. og í sambandi við aðra menn, sem kunna að hafa miklar „interessur“ í að þetta fái sæmilega lausn hér á þingi, að reyna að finna leið, sem tiltækilegust yrði til þess að greiða þarna úr, þó að ekki yrði endilega á þeim grundvelli, að ríkið keypti þessa eign. Það er ekkert úrlausnaratriði, að yfirfæra eignir frá einum til annars, heldur ber að stefna að því að skapa einhver þau skilyrði, sem atvinnureksturinn gæti búið við. Og ég get ekki séð, að ríkisvaldinu ætti að vera það nokkurn hlut ógeðfelldara að leggja fram einhvern slíkan stuðning, þótt það tæki ekki að sér þessa eign. Það hefir verið minnzt á það meðal annars, að mikil þörf væri að koma upp frystihúsi þarna. Eins og ríkisvaldið hefir stutt einstök samvinnufélög í landinu til að koma upp þessum frystihúsum til að styðja að útflutningi á frosnu kjöti, eins mundi það líka að sjálfsögðu hafa skilning á, að hinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar hafi líka mikla þörf á að fá slíkar umbætur til þess að auka og bæta sín skilyrði á ýmsum stöðum. Og það er ástæða til að taka þetta mál til rækilegrar yfirvegunar nú í sambandi við sjávarútveginn, þar sem sú stórfellda bylting er sýnilega fyrir hendi að yfirgefa meir og meir þær verkunaraðferðir, sem hafa verið ríkjandi hingað til, og hverfa að frystingu og útflutningi nýs fiskjar, — þó að það yrði nú kannske ekki á þessum stað. En það er áreiðanlega þess vert að athuga rækilega, hvort ekki mætti finna möguleika atvinnulífsins einmitt á þessum grundvelli.

Ég skal svo ekki tefja þetta mál frekar. Ég mun að sjálfsögðu fylgja því til n., og áfram, ef þetta er eina lausnin til að bjarga þessum stað, þar sem hv. þm. Barð. sagði, að bjarga þyrfti fólki frá hungurdauða og bjarga ríkissjóði frá að tapa fé. Ég álít það nú hreinasta aukaatriði, hvort ríkissjóður getur tekið þær 30 þús. kr., sem hann á þarna, eða ekki. Aðalatriðið er það, að atvinnuvegirnir geti notið góðs af því, sem þarna er. Og það er kannske ástæða til að gefa ekki einungis eftir þessar 30 þús., sem þarna eru bundnar, heldur bæta öðrum 30 við, til þess að atvinnuskilyrði gætu útvíkkað og orðið til lífsframfærslu.

Ég skal svo aðeins að lokum segja það við hv. 9. landsk., að hann kom lítið inn á það, sem ég hefi talað um málið. Það var mest hálfgerður skætingur, sem ég get látið mér í léttu rúmi liggja. Hann talaði um „Hannesarvit“ og að gera sig að flóni og þess háttar. En útvarpsklerknum háttv. er svo eiginlegt að flétta illyrðum inn í ræður sínar, og þegar hann er kominn í rökþrot um mál, þá flýr hann inn á þennan bardagagrundvöll, sem ég trúi ekki, að verði honum sigursæll í framtíðinni, þó að undarlega vel fljóti hann á sínum stráksskap hingað til. En vera má, að honum verði fótaskortur á þeim hála vettvangi; mundu fáir harma, þó að svo færi, þó að honum þætti sjálfum eitthvert mein að. En ég vil ekki fara í neitt skítkast við hann í þessu sambandi, og færi honum það til vorkunnar, að hann hefir ekki séð sér fært að ræða þar höfuðástæður, sem eru fyrir þessu ástandi þarna á Bíldudal, og ef til vill kveinki sér fyrir þeirri ábyrgð, sem hann m. a. ber á því, að svo er komið fyrir atvinnuvegum þjóðarinnar.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Ég skal ekki verða langorður að þessu sinni. Ég vil benda á það, að það má alveg eins líta á þetta mál sem hagsmunamál ríkissjóðs eins og hagsmunamál Bíldudalsbúa. Það er kunnugt, að ríkið á 30 þús. kr. veðkröfu í þessari eign, og eina leiðin til þess að tryggja þá peninga er sú, að ríkið taki í sínar hendur þessa eign og gangi þannig frá henni, að tryggðir séu atvinnumöguleikar þeirra, sem þurfa að nota eignina, og að hún þannig geti skilað hæfilegum arði af þeim peningum, sem ríkið á þar bundna.

Ég býst við, að hægt sé að benda á ýmsar eðlilegar leiðir til þess að bjarga þessu þorpi, sem í atvinnulegu tilliti er komið í hið mesta öngþveiti. Það hefir verið á það bent, að koma mætti á sementsgerð hér á landi. Til þess iðnaðar þarf kalk, og það er hægt að fá í Arnarfirði eins gott og annarsstaðar. Gæti það orðið Arnfirðingum nokkur atvinnubót. Sömuleiðis benti hv. þm. V.-Húnv. á það, að ríkið hefir veitt styrk til frystihúsa víðsvegar á landinu, og það er ekki síður ástæða til að veita slíkan styrk til frystihúss á Bíldudal en annarsstaðar. Þá vil ég minna á það, að hv. 1. þm. Rang., sem er einn af bankastjórum Útvegsbankans, gat þess, að bankinn mundi fúsari til en ella að leggja fé í nauðsynlegustu endurbætur á eigninni, ef ríkið eignaðist hana. — Þá vil ég ekki sízt þakka hv. 6. landsk., sem sýndi fram á það, hve mikið ríkið hefði gert að því að styrkja ýmsa aðra staði á landinu og eflt þeirra atvinnu, en í því efni hefði enn sem komið er verið gengið framhjá Bíldudal. Fyrir þetta og allt það, sem af skilningi og velvild hefir verið sagt um málið, vil ég leyfa mér að þakka.

***Sigurður Einarsson:** Ég skal aðeins með nokkrum orðum svara hv. 6. þm. Reykv., en það er nokkuð einhliða aðstaða til málsins, sem bæði hann og aðrir, sem talað hafa gegn því, hafa valið sér hér í hv. d. Þeir eru alltaf að heimta nánari rök fyrir því, að nauðsyn beri til að hefjast handa. En þegar svo þeir, sem tala fyrir málinu, hafa neyðzt til að fara nokkuð ger út í einstök atriði þess en átt hefði að þurfa, þá rísa þeir upp með hinni mestu vandlætingu og áfellast stuðningsmenn málsins fyrir ruddalega og óþinglega framkomu. Í þessari framkomu þeirra endurtekur sig gamla sagan, að þessir menn finna hjá sér köllun til að þvælast fyrir þörfum málum, annaðhvort fyrir skilningsleysi eða þá af því, að þeir vilja beinlínis eyðileggja málin. Alveg af sama toga er spunnin framkoma hv. þm. V.-Húnv. hér í hv. d. Ég mun aldrei kippa mér upp við það, þó hann eða samstarfsmenn hans í Bændafl. eða Íhaldsfl. geri árásir á mig hér í deildinni fyrir fylgi mitt við þörf mál. Ég hefi orðið fyrir því sæmilega hlutskipti að vera bitbein Íhaldsfl. og hans fylgifiska í mörg ár, og er ekki farinn að kippa mér neitt sérstaklega upp við það. — Annars vil ég segja það, að ég ætla, að þessar umr. hafi leitt það fullkomlega í ljós, að hér er um svo brýna þörf að ræða fyrir íbúa þessa héraðs, að við því verður ekki skellt skolleyrum, a. m. k. ekki ef sami réttur á að gilda fyrir íbúa þessa héraðs eins og annara héraða. Eins og einn hv. þm. benti hér á í gær með tilvitnunum til landsreikninganna, þá hefir í tugum tilfella verið veitt samskonar hjálp eins og sú, sem hér er farið fram á, til ýmsra bæjarfélaga og einstakra fyrirtækja.

Það er ekki ástæða fyrir mig að hafa þessa aths. lengri. Mér gefst tækifæri til þess að gera grein fyrir ýmsu þessu viðkomandi, þegar þáltill. mín um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal kemur til umr. hér í deildinni.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þetta mál áður en það fer til n. Ég vil biðja þá, sem standa að þessu máli, afsökunar á því, hvað ég tala seint, en ástæðan til þess er sú, að ég hefi ekki haft tíma til þess að hlusta á umr.

Mér skilst, að inn í þessar umr. hafi blandazt till. til þál., sem er hér síðar á dagskránni, um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal. Það má að vísu segja, að þessar 2 till. séu nokkuð skyldar, en þó ætla ég að halda mér að öllu leyti við þessa till., sem nú er til umr. á þskj. 43, sem sé heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa Bíldudalseign.

Ég vildi þá beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hugsa sig vel um áður en hún leggur með því, að þessi till. verði samþ. — Ég lít þannig á þetta mál, að eðlilegast sé eins og þarna stendur á, að það verði hreppurinn eða einhverjir þarna á staðnum, sem eignist þessa eign, en ekki ríkissjóður. Ég get ekki séð, að það sé út af fyrir sig neitt bjargráð, þó að ríkissjóður eignist þessa eign. Og ég er viss um það, að ef svo fer, eins og menn virðast álíta, að atvinnurekstur á þessum stað gangi mjög saman, þá mun það vitanlega verða svo, að sá, sem nú á eignina, mun lenda í vandræðum með að standa í skilum með vexti af henni, og mun þá Útvegsbankinn áður en langt um líður hljóta að fá áhuga fyrir því, að einhver komist yfir eignina, sem vill gera eitthvað á staðnum, og skilst mér þá, þegar til þess kemur, að hreppurinn sé til þess líklegastur. Ég lít því svo á, að óheppilegt sé að grípa fram í þessa eðlilegu rás viðburðanna með því að ríkissjóður fari að kaupa þessa eign.

Út í önnur atriði þessa máls ætla ég ekki að fara. — Um það, hvað hægt sé að gera á þessum stað almennt, ætla ég ekki heldur að ræða. Ef til vill gefst tækifæri til þess í sambandi við þá till., sem er hér síðar á dagskránni, um atvinnumöguleika á Bíldudal.

***Hannes Jónsson:** Mér kom það dálítið undarlega fyrir, að hv. 9. landsk. skyldi tala í þeim dúr, að hann þyrfti ekki að kippa sér upp við það, þó hann fengi einhver ónot í sambandi við afgreiðslu þessa máls, því það var einmitt þessi hv. þm., sem hagaði sér svo hér í gær, að hann ræddi ekki málið, heldur jós úr reiðiskálum sínum upphrúguðum skammaryrðum og ókvæðisorðum. Hann hefði frekar átt að biðja afsökunar á þessu framferði sínu og segja, að menn mættu ekki kippa sér upp við það, þó hann félli við og við inn í sitt eðli hér á Alþingi.

En ég verð að segja það, að hér virðist það ekki nein goðgá, þó að í meðferð málsins í n. sé

það athugað, eins og hæstv. fjmrh. minntist á, hvort ekki sé til önnur leið, sem geti verið jafnhagkvæm til lausnar á þessu máli eins og sú, að ríkissjóður gerist kaupandi. Það er ekkert aðalatriði, að ríkissjóður sé kaupandinn, en það er aðalatriðið, að ríkissjóður geti lyft undir lífvænlegan atvinnurekstur á þessum stað og reist við þorpið og afkomumöguleika þess á þeim grundvelli.

Hv. 9. landsk. komst kynduglega að orði um nauðsyn þessa máls. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þetta væri svo aðkallandi, að hjá því yrði ekki skellt skolleyrunum. Svona löguð málvenja þekkist ekki í minu byggðarlagi. En það getur skeð, að hann hafi komizt upp á það lagið að dingla skolleyrunum, að hann þykist þurfa að koma því að í því sambandi, sem það þekkist ekki annarsstaðar. Sennilega hefir hv. þm. meint, að ekki yrði hjá því komizt að leiða málið til lykta á þeim grundvelli, sem gæti leitt af sér lífvænlegan atvinnurekstur á þessum stað.

Þar sem hv. 9. landsk. er nú farinn og ég verð að líta svo á, að hann hafi í raun og veru verið að biðja afsökunar á framferði sínu í gær, þá ætla ég ekki heldur að hafa þessi orð fleiri og get látið þann ágreining, sem okkar var á milli í gær, falla niður í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv. — Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 11:11 atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt nál. frá fjhn., á þskj. 186, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Dómkirkjan í Reykjavík o. fl.

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (þmfrv., A. 45).

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Pétur Halldórsson):** Hv. þdm. kannast við þetta frv. frá síðasta þingi, og hefir því í engu verið breytt. Það kom ekki til d. aftur frá allshn. á síðasta þingi og náði því ekki afgreiðslu.

Ég þarf ekki að fara mjög mörgum orðum um þetta frv., en aðeins minna á aðaltilgang þess, sem er sá, að gefa dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík kost á að taka í sínar hendur kirkjumálin í bænum. Með þessu frv., ef að l. yrði, er gerð fyrsta nauðsynlegasta ráðstöfunin til þess að dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík geti notið þeirra starfskrafta, sem hann hefir á að skipa, til þess að vinna að kirkjunnar málum hér í bænum, svo sem þessi söfnuður óskar að gera. Þetta er mjög kostnaðarlitið fyrir ríkissjóð, eins og sjá má af frv., og er farið vægilega í það að íþyngja ríkissjóði í því skyni að fá þessa samninga við ríkisvaldið. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 10 þús. kr. á ári í 30 ár með dómkirkjunni, en losni um leið við skylduna til þess að sjá Reykjavík fyrir nýjum kirkjum. Það mun öllum vera ljóst, að bráðlega er aðkallandi að gera á þessum málum breytingar; það verður ekki lengi hægt að una við þann aðbúnað, sem dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hefir frá ríkisvaldinu, með þessari einu kirkju, sem hér er. Og það er aðkallandi að gera á þessu þær breyt., sem fyrst og fremst stefna í þá átt að gera safnaðarfólkinu sjálfu mögulegt að taka þessi mál í sínar hendur. Nú býðst það til þess með þessu frv., sem hér er flutt, að taka að sér skylduna um að sjá fyrir kirkjuhúsum, og mér finnst það stóra atriði sé svo mikilsvert fyrir Alþ. og ríkisvald, að það verði að láta fara fram athugun á þessu þingi, hvort þessi lausn málsins sé ekki einmitt sú heppilegasta og bezta fyrir ríkissjóð og einnig fyrir yfirstjórn kirkjumálanna.

Það er ekki svo, að hér sé gert ráð fyrir, að Reykvíkingum sé á nokkurn hátt veitt meira með þessu heldur en þeir eiga fullkomna siðferðislega og fjárhagslega kröfu til í þessu efni. Ef hv. þdm. vildu kynna sér fyrirlestur, sem herra biskupinn hélt í vetur fyrir dómkirkjusöfnuðinum, þá kemur í ljós, að eins og er leggur dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík nokkuð mikið fé á ári hverju, til að launa presta annarsstaðar á landinu, í prestlaunasjóð. Þetta er því ekki krafa, sem segja má, að fari fram úr því, sem söfnuðurinn eigi fullkomlega rétt á í þessu efni. En fyrsta aðalatriðið er þó það, að koma á þeirri skipun þessara mála, að söfnuðurinn sjálfur geti tekið í sínar hendur þau mál, sem eðlilegast er, að hvíli í höndum safnaðarins, nefnilega kirkjubyggingarnar. Ég þykist viss um, að hv. þm. muni vera það ljóst, að til frambúðar er ekki hægt að búa svo að kirkjumálum Reykjavíkur eins og nú er gert af hálfu ríkisvaldsins. Og það er ekki heldur viturlegt, því ég er sannfærður um það, að engin ráðstöfun gæti verið betri fyrir ríkisvaldið til þess að tryggja framtíð þessa þjóðfélags heldur en að búa vel að nauðsynjamálum kirkjunnar. Ég vil ekki segja, að það sé óhugsandi að gera á þessu frv. einhverjar breyt. Það er ekki nauðsynlegt, að málið gangi fram nákvæmlega eins og það er flutt. Aðalatriðið er, að það finnist milli ríkisvaldsins og safnaðarins fyrirkomulag á því, að kraftar þeir, sem í söfnuðinum eru, fái að taka að sér málefni safnaðarins, fyrst og fremst um byggingu nýrra kirkna, og að þessu máli verði þokað áleiðis á þessu þingi. Það getur ekki þolað mikla bið, með öðru móti en því, að kristnihald í þessum bæ biði mikið tjón af. Og það er ég sannfærður um, að það er bezta ráðstöfunin, sem Alþ. getur gert fyrir þetta þjóðfélag siðferðislega, að stuðla að því, að svo sé búið að kristindómsmálunum í Reykjavík, að það geti haft rétt

og góð áhrif út um þetta land frá höfuðstað landsins, eins og er um allt það, sem hér fer fram í Reykjavík, að það hefir áhrif víðsvegar úti um landið. Þess vegna held ég, að hv. þdm. ættu að veita þessu frv. fylgi sitt og sýna því vinsemd í meðferð þess hér í d.

Þetta mál var hjá allshn. í fyrra, og líklega er það rétti staðurinn að vísa því til. En ég verð að segja það, að mér þykir eiginlega fyrir því að þurfa að vísa slíku máli sem þessu til þeirrar hálfgerðu ruslakistu, sem sú n. er, en þar sem ég hefi ekki aðra till. að gera í þessu efni, þá verð ég víst að sætta mig við allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 14:5 atkv. — Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 13:6 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Kaup á Reykhólum.

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa jörðina Reykhóla (þmfrv., A. 49).

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Eftir umr. þær, sem fóru fram í fyrradag um frv. á þskj. 23, um eignarnámsheimild á jörðinni Reykhólum, þá tel ég ekki þörf á því að vera langorður. Ég vil aðeins taka það fram, sem menn reyndar vita, að allmikill munur er á þessu frv. og frv. á þskj. 23, þar sem skilyrðislaust er krafizt eignarnáms á jörðinni, sem nú er í höndum dánarbús. En hér er það gert að skilyrði, að ríkissjóður fari að lögum í því að eignast jörðina, og að rannsókn sé látin fara fram áður, sem sýni, að jörðin sé hagkvæm fyrir almenningseign, eða að landgæði séu þar slík, að jörðin sé vel fallin til þess að vera almenningseign, og í öðru lagi á fyrst að reyna samninga við erfingjana, áður en horfið sé að því að taka jörðina eignarnámi. Ég vona að hv. dm. sjái, að hér er talsverður munur á og fyrra frv. Samkv. þessu frv. er það ekki fyrr en búið er að rannsaka það, hvort skynsamlegt er fyrir ríkið að eignast þessa jörð, sem ætlazt er til, að það megi taka hana eignarnámi.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Kosningar til Alþingis.

Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 53).

Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta frv. er nokkuð skýrt í grg. þess. Með því er farið fram á að leiðrétta agnúa á 24. gr. kosningalaganna, sem í ljós kom við síðustu kosningar til Alþingis og leiddi til þess, að ekki var hægt að koma fram leiðréttingu á kjörskrá í einum hreppi, þó öllum væri ljóst, að á kjörskránni stóðu nöfn manna, sem ekki höfðu kosningarrétt. Það er áreiðanlegt, að við setningu kosningalaganna hefir Alþingi sézt yfir þennan galla á 24. gr., að eftir henni er mönnum ekki unnt að kæra til dómstólanna yfir kjörskrá, nema þeir hafi áður kært til hreppsnefndar. En í því tilfelli, sem ég minntist á, gat kærandi ekki kært til hreppsnefndar, vegna þess að nöfnum þeirra manna, sem kært var yfir, var af hreppsnefndinni bætt inn á kjörskrána eftir að kærufrestur var útrunninn. Málið hefir verið dæmt bæði í undirrétti og hæstarétti, og hafa dómar fallið þannig, að kjörskránni væri ekki hægt að breyta, af þeim ástæðum, sem ég hefi tekið fram, og er þó öllum vitanlegt, að nöfn þeirra manna stóðu á kjörskránni, sem ekki höfðu kosningarrétt.

Ég sé ekki ástæðu til að tala nánar fyrir þessu frv., en vænti þess, að hv. þdm. verði mér sammála um það, að frv. feli í sér sjálfsagða leiðréttingu. Óska ég, að málinu verði vísað til hv. allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 111).

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Við 1. umr. þessa máls gerði ég örstutta grein fyrir þessu máli. Allshn. hefir síðan fjallað um málið, og hún hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta mál. Það er ofur einfalt, aðeins leiðréttíng til þess að tryggja það, að menn geti alltaf borið ágreiningsatriði út af kjörskrá undir dómstól. Virðist það vera eðlilegasta og réttasta leiðin, en á því voru nokkrir annmarkar áður, og þess vegna er þetta frv. fram komið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 32., 33., 36., 42., 47. og 48 fundi í Nd., 24., 25. og 28. marz, 4., 8. og 14. apríl, var frv. tekið til 3 umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 53, 239).

*__Jörundur Brynjólfsson__: Þetta mál er búið að vera hér alllengi til meðferðar. Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við það, allmiklar að fyrirferð, en þó einfaldar. Snerta þær raunar aðeins eitt atriði í kosningalögunum, og það er, eins og hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér, að hafa raðaðan landslista í stað þess fyrirkomulags, sem nú gildir um skipun uppbótarsætanna. Á þann hátt hygg ég, að betur sé séð fyrir kosningunum og menn renni ekki eins blint í sjóinn með það, hverjir hljóta þingsæti og hverjir ekki. N. sú, er undirbjó kosningalögin, hafði einmitt þessi ákvæði svipuð því, sem hér er lagt til. En í meðferð þingsins breyttist þetta og var tekinn upp sá hátturinn, sem nú er í gildandi l., og ég hygg, að muni gefast því verr, því lengur sem hann stendur. Ég hefi verið að leita fyrir mér um það, hvern hug þeir menn, er allshn. skipa, bera til þessara till. Er mér eigi ljóst, hver afstaða flokkanna kann að vera til málsins, en ég hygg, að það sé í alla staði haganlegt að taka nú upp þessa skipun á kosningum til Alþingis. Það kann að vera, að mönnum þyki að einhverju leyti erfiðara að taka þessa aðferð upp nú heldur en ef það hefði verið gert þegar í upphafi. En sé svo, að menn að einhverju leyti kveinki sér við að koma þessari breyt. á, þá mun það verða því verra, sem núgildandi aðferð er lengur viðhöfð. Og víst er um það, að af hálfu flokkanna, sem að kosningalögunum stóðu, ekki sízt af hálfu jafnaðarmanna, var því haldið mjög stranglega fram að hafa raðaða landslista. Má m. a. marka það nokkuð af afstöðu fyrrv. form. Sjálfstfl., að honum þótti svo mikið fyrir því, að þetta var ekki haft eins og n. vildi, að honum þótti ekki við það hlítandi. Hygg ég, að hann hafi verið þar framsýnn, og aðrir, sem voru á líkri skoðun, og því sé það því betur, sem þessu er fyrr kippt í lag. — Þar sem brtt. mínar eru aðeins um þetta eina atriði og svo einfaldar sem þær eru, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Menn verða að sýna það við atkvgr., hvernig þeir snúast við þeim. En ekki veldur sá, er varar, þó verr fari. Hygg ég, að það sé mála sannast, að sá óskapnaður geti af því hlotizt, ef þessi löggjöf stendur óbreytt, að menn sjái eftir því að hafa ekki lagfært hana í tíma.

Annars verður eigi af minni hálfu haldið uppi miklum umr. um þetta atriði, því það er ofur einfalt og menn geta sýnt við atkvgr., hvaða skoðun menn hafa á því.

*__Hannes Jónsson__: Það eru sjálfsagt öllum þingheimi í fersku minni umr. um þetta mál og sú afgreiðsla, sem það fékk á sínum tíma. Höfuðandstaðan, sem sú skipun á þessum málum fékk, er sósialistar og stuðningsmenn vildu helzt koma á, var frá þeim mönnum, sem vildu tryggja áhrifavaldið frá kjördæmum landsins frekar heldur en áhrifavald miðstjórna flokkanna. Þarna börðust tvö öfl; annarsvegar til þess að styrkja vald miðstjórnanna og hinsvegar til þess að draga völdin úr höndum miðstjórnanna yfir til kjóscndanna sjálfra, til kjördæmanna. Það má segja, að í þessu efni háðu baráttu sömu öflin eins og háðu baráttu um það yfirleitt, hvernig kosningu þm. skyldi háttað í landinu. Vitanlega var uppi önnur stefna í málinu heldur en ofan á varð nefnilega sú, að leggja niður kjördæmin eins og þau eru nú og kjósa alla þm. í einu hlutfallskosningu. Móti þessu hafa barizt þeir menn, sem telja, að með þessu færist stjórnmálavaldið úr höndum landsmanna sjálfra og yfir í fárra manna hendur, til miðstjórna flokkanna. Það sigraði sú stefna, að halda gamla kjördæmaskipulaginu, og það sigraði einnig sú stefna í þessu efni, að taka vald kjördæmanna fram yfir vald miðstjórnanna. Ég skal að vísu játa, að í meðferð þingsins varð þetta mál fyrir miklum breyt., sem sumar voru síður en svo til bóta. Það, sem við, er börðumst sérstaklega fyrir því að halda uppi valdi hinna dreifðu byggða, héldum fram að væri réttlátasta skipunin á þessu, var, að þeir menn kæmust í uppbótarsætin, sem næst því hefðu komizt að ná þingkosningu í kjördæmi. Nú hafa sumir hneykslazt á því, að þetta skuli þurfa að vera þannig, að menn verði að hafa fallið í einhverju kjördæmi til þess að geta komizt að sem uppbótarþingmenn. En þetta er í sjálfu sér ekkert undarlegt, því að kjörnir þm. í kjördæmunum eru vissulega þm. fyrir sitt kjördæmi og geta því ekki komið til greina sem uppbótarþingmenn. En hinir, sem hafa verið í kjöri og sýnt, að þeir hafa mikla tiltrú í sínum kjördæmum, hafa það fram yfir þá aðra, sem hvergi hafa reynt kjörfylgi sitt og jafnvel er ekki vitað, að nokkur maður úti um land mundi vilja styðja við kosningu, að þeir fá möguleika til þingsætis, og það því meiri, sem fylgi þeirra er hlutfallslega meira.

Frá þessari stefnu, sem við héldum fram, var víkið á þann hátt, að sameinaðar voru þrjár aðferðir. Fyrstur í röðinni af þeim, sem til greina koma við úthlutun uppbótarsætanna, átti sá að vera, sem hafði fengið flest atkv. í kjördæmi, án tillits til hlutfallsins milli atkv.tölu hans og kjósendatölu kjördæmisins. Þá sá, sem hlutfallslega mest fylgi hafði fengið. En sem nr. þrjú átti að koma maður eftir vali miðstjórnar viðkomandi flokks, þar sem miðstjórnunum var leyft að leggja fram raðaðan lista, sem sýndi, hverja þær vildu helzt í uppbótarsætin, og átti 3. hver uppbótarþm. hvers flokks að koma inn eftir þeim lista. Ég skal játa, að þetta veldur nokkrum ruglingi, og æskilegast hefði verið að láta það sjónarmið eitt ráða, að þeir komi inn í uppbótarsætin, sem hlutfallslega mest fylgi hafa fengið án þess að ná kosningu í kjördæmi. En þrátt fyrir það hefði ekki orðið svo ýkjamikil breyt. á skipun þingsins frá því, sem er, þó þessi aðferð hefði verið viðhöfð. Það hefði skipt um tvo menn í uppbótarsætum Sjálfstfl.; þeir Torfi Hjartarson og Lárus Jóhannesson hefðu komið í stað Guðrúnar Lárusdóttur og Garðars Þorsteinssonar, Alþfl. hefði haft sömu menn sem aðalmenn, en 1. varamaður þeirra hefði ekki orðið varamaður, sem eðlilegt er, þar sem hann hafði ekki nema um 2% atkvæðanna í sínu kjördæmi. Sýnir það, að hann komst samt inn sem 1. varamaður, hvað óeðlilegt það er, að miðstjórnarvaldið ráði svo miklu um það, hverjir hljóta uppbótarsætin. Hjá Bændafl. hefði orðið lítilsháttar breyting;

Jón í Stóradal hefði komið inn í stað Magnúsar Torfasonar og varamenn hefðu þeir orðið Tryggvi heitinn Þórhallsson og Lárus í Klaustri. (**Rödd:** Kallar hv. þm. það litilsháttar breytingu?). Litilsháttar þannig, að ekki hefðu orðið skipti nema á einum af þm. flokksins, en ég verð að segja, að það hefði verið nokkuð eðlilegra, að sá maður hefði komið inn, sem hlutfallslega meira fylgi hafði fengið fyrir sinn flokk í kjördæmi sínu. Á þeim grundvelli eru reist þau rök, sem undir þá skoðun falla, að það ætti að ráða úrslitum hvað nálægt menn komast því að ná kosningu þar, sem þeir eru í framboði.

Nú veit ég ekki, hvernig á að skoða orð hæstv. forseta, þegar hann segir, að ef breyt. verði ekki gerð á þessari skipun nú, þá muni verða örðugra að gera hana síðar; að það verði örðugra að breyta þessu í það horf að leggja valdið yfir uppbótarsætunum í hendur miðstjórnanna, eins og brtt. gera ráð fyrir, eftir því sem núv. skipun helzt lengur. Það hlýtur þá að vera fyrir það, að menn fái sannanir fyrir því, að ekki sé heppilegt að fá miðstjórnunum slíkt vald í hendur. Ég er sammála hæstv. forseta um það, að það muni verða því verra sem lengra líður að koma þessu í það horf, sem sósialistar ætluðust upphaflega til, að það kæmist í. Ég vil því vænta, að hann verði sjálfum sér samkvæmur í þessu efni og leggi ekki mjög hart að þinginu að gera þá breyt., sem hann býst við, að hljóti að hafa því minna fylgi sem lengra líður. Mér sýnist, að ekki sé fengin svo mikil reynsla af ákvæðum kosningalaganna um þetta atriði, að af þeirri sök einni sé rétt að breyta til frá því, sem nú er, þó ég hinsvegar hefði kosið, að þau hefðu verið nokkuð með öðru móti. Eins og menn vita, var þessi skipun nokkurskonar samkomulagsgrundvöllur milli þeirra aðilja, sem um kosningalögin deildu; samkomulag, sem ég skal að vísu játa, að fékk nokkur andmæli frá fyrrv. formanni Sjálfstfl., en ég hygg, að það hafi verið byggt á því, að hann hafi talið, að með því væri brotið eitthvert samkomulag, sem hann hafði gert við sósialista, þó ég hinsvegar hafi ekki fengið neina sönnun fyrir því, að þetta hafi á nokkurn hátt komið í bága við þá samninga, sem farið höfðu fram um lausn þessa máls. Ef svo kæmi til mála að breyta þessum l. eftir að nánari reynsla er fengin, er það skýlaus skoðun mín, að það eigi að breyta þeim þannig, að fella niður þessa tvíþættu aðferð við útreikning uppbótarsætanna og nota aðeins þá einu réttlátu leið, að þeir frambjóðendur, sem næst því komast að ná kosningu í sínu kjördæmi, fái uppbótarsætin.

Ég skal játa það, að ég hefi ekki mikla tilhneigingu til að halda uppi löngum umr. um þetta mál, frekar en hæstv. forseti. Ég býst við, að mönnum sé málið vel ljóst, og þó eitthvað hafi komið fram vegna þeirrar skipunar, sem kosningalögin ákveða nú á úthlutun uppbótarsætanna, sem bæði ég og aðrir hefðu óskað, að ekki hefði átt sér stað, þá býst ég ekki við, að menn séu yfirleitt áfjáðir í að breyta til. Það hefði verið gott, ef við hefðum getað sneitt hjá þeim agnúum, sem fram hafa komið, en ég er sannfærður um, að þeir agnúar reynast mjög léttvægir samanborið við þá stórkostlegu agnúa, sem koma mundu fram við það að gefa miðstjórnunum það vald í hendur, sem till. hæstv. forseta gera ráð fyrir. Það væri því að flýja úr öskunni í eldinn að hverfa frá þeirri skipun, sem nú gildir, og til þess skipulags, sem með brtt. er lagt til, að tekið verði upp. Af tvennu illu vill maður heldur taka það, sem skárra er, þó maður hinsvegar geti ekki lokað augunum fyrir þeim ágöllum, sem fram hafa komið og við mátti búast, og ekki eru meiri heldur en þeir ágallar, sem telja má alveg víst, að komi fram við það skipulag, sem brtt. gera ráð fyrir.

Thor Thors: Flm. þessara brtt., hæstv. forseti þessarar d., sagði, að þær væru ofur einfaldar, og það má heita svo, að því leyti, að hér er um augljóst mál að ræða, en það er stórvægilegt mál eigi að síður, því að með þessum brtt. er tekið upp stærsta ágreiningsatriðið frá þinginu 1933, þegar kosningalögin voru sett. Og ég verð að segja, að mér þykir það heldur miður, að hæstv. forseti skuli hafa orðið til þess við 3. umr. máls að bera fram svo stórkostlegar breyt. sem þessar. Smávægilegt frv. um breyt. á kosningalögunum er borið fram, og fyrst við síðustu umr. um það hér í d. koma þessar stórvægilegu brtt. fram; m. ö. o., þó byggt sé á því, að þingið eigi rétt á að ræða hvert mál þrisvar sinnum í hvorri d., þá verður það svo um þetta mikla ágreiningsmál, að það gefst aðeins tækifæri til að ræða það við eina umr. í Nd.

Það hefir verið vikið að því, hverjar reglur nú gilda um landslista; að það eru eiginlega þrjár reglur, sem sameinaðar eru. Fyrst komi þeir frambjóðendur, sem hæsta atkvæðatölu fá í kjördæmi án þess að ná kosningu, þar næst þeir, sem fá hlutfallslega hæsta atkvæðatölu miðað við kjósendatölu kjördæmisins, og loks hafa svo flokkarnir leyfi til að skipa þriðja hvert sæti á landslista. Þetta fyrirkomulag fékkst samþ. eftir langvinnar samkomulagstilraunir á þinginu 1933. Og án þess ég ætli að fara að rifja upp þær deilur, kemst ég ekki hjá að víkja að því, að það voru ýmsir þm., sem töldu eðlilegast og í beztu samræmi við orð stjskr. og þá samninga, sem lágu til grundvallar þessari lagasetningu, að flokksstjórnirnar hefðu fullkomna heimild til þess að raða á landslistana, eins og hv. 1. þm. Árn. vill nú taka upp. En í meðferð þingsins á málinu var þó þetta samkomulag gert.

Ég verð að lýsa því yfir, að enda þótt þessar brtt. hafi nú um hríð legið fyrir d., án þess þó að þær hafi verið ræddar fyrr en nú, þá hefir Sjálfstfl. sem heild ekki tekið neina ákveðna afstöðu til þeirra. En ég geri ráð fyrir, að allflestir hv. þm. Sjálfstfl. muni að svo stöddu eigi fúsir að veita þessum till. fylgi sitt. Ég skal ekki draga neina dul á það, að hverjar sem óskir einstakra þingflokka hafa verið í öndverðu, þá hefir þetta mál nú frá flokkslegu sjónarmiði breytt viðhorf og verri örðugleika heldur en það hafði í upphafi. Það hefir nú verið borin fram krafa um það hér á Alþingi frá Sjálfstfl., að nýjar kosningar verði látnar fram fara nú í sumar. En ráðherrarnir hafa lýst yfir, að það verði ekki orðið við þeirri kröfu, enda þótt full rök liggi til þess, að málefni þjóðarinnar og mál-

efni stjórnarflokkanna séu lögð enn á ný undir dóm kjósendanna. Og úr því svo er, að stjórnarflokkarnir eru staðráðnir í að hanga við völd og leita ekki álits kjósendanna nú í sumar, fæ ég ekki séð, að þessu máli liggi neitt á. Það mætti þá taka málið í heild upp á þinglegri hátt á næsta þingi, og athuga þá ekki einungis þetta atriði, heldur einnig, hvernig hægt er að ná sem bezt þeim tilgangi, sem vakti fyrir þeim, sem börðust fyrir breyt. á stjskr. og kjördæmaskipuninni, og í stjskr. er beinlínis orðaður svo, að hver þingflokkur skuli hafa þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Það er vitað, að núv. ríkisstj., sem hefir meiri hl. í þinginu á bak við sig, er minnihlutastjórn hjá þjóðinni. Og úr því það er fullkomlega ljóst, að þessum tilgangi um réttláta skipun Alþingis hefir ekki verið náð, finnst mér, að sú fyrsta breyt., sem hv. þm. ættu að taka upp á kosningalögunum, sé sú, að tryggja betur en verið hefir, að þessum aðaltilgangi breyttrar kjördæmaskipunar verði náð. Gæti þá margt komið til greina; m. a. það, hvort ekki væri hægt þjóðinni að skaðlausu að fækka þm. eitthvað frá því, sem nú er, en tryggja jafnframt, að á hverjum tíma sé Alþingi skipað í sem fyllstu samræmi við vilja þjóðarinnar í heild.

Hv. 1. þm. Árn. taldi það skipulag, sem nú er á landslistunum, vera mesta óskapnað. Ég veit ekki til, að reynslan hafi sýnt það, að innan ramma kosningalaganna eins og þau eru sé landslistafyrirkomulagið neinn óskapnaður. Hitt mætti frekar segja, að breytingin á stjskr. og kjördæmaskipuninni í heild hefði reynzt kákbreyting, og þar þyrfti að byrja, þegar endurskoðun er tekin upp á þessum málum í heild. Ég ætla mér því ekki að greiða þessari till. atkv. nú, m. a. vegna þess, að stjórnarflokkarnir virðast staðráðnir í því að láta ekki kosningar fara fram í sumar, og þess vegna er ótímabært að taka þetta mál upp. En einnig vegna þess, að ég tel, að hér sé ekki rétt að farið. Það á að byrja að breyta þar, sem breytingar er mest þörf, og það er á því sviði, að tryggt sé, að Alþingi sé jafnan skipað í sem fyllstu samræmi við vilja kjósendanna í heild.

*__Jörundur Brynjólfsson__: Það eru aðeins örfá orð. Mér skildist á hv. þm. V.-Húnv., að hann telja, að samkv. þessum till. mundu miðstjórnirnar öðlast meira vald yfir landslistunum. Ég hygg, að svo verði ekki í reyndinni. Þær hafa mikil áhrif á, hverjir eru í kjöri úti um byggðir landsins. Og samkv. þessari brtt., sem hér er lögð til, á víst tala af frambjóðendum úr kjördæmum utan Reykjavíkur að vera á landslista, eins og ég veit, að hv. þm. hefir tekið eftir. Það segir í a-lið síðustu málsgr.: „Á landslista hvers flokks skal a. m. k. annaðhvert sæti tíu efstu manna listans skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.“ Svo að það á að vera tryggt, að þekking á högum manna og háttum í sveit sé til staðar, þegar raðað er á landslista. Ég held þess vegna, að þessi mótbára hafi ekki við mikil rök að styðjast.

Hv. þm. virtist mér skiljast, að brtt. hefði ekki annað í sér fólgið en það, sem kynni að ráða vald héraðanna um framboð. Þetta er á mesta misskilningi byggt. A. m. k. þar, sem menn hafa nokkur afskipti af, hverjir verða í kjöri í héruðunum, stendur eftir sem áður opin leið að ráða því. Samkv. þessu ákvæði er annaðhvert sæti af 10 efstu sætum listans skipað frambjóðendum í kjördæmum utan Reykjavíkur. Hann vildi telja þetta aðallega í þágu sósíalista. Er ég ekki viss um, að þeir skilji það eins, því að ég hygg, að þeir séu mjög á báðum áttum. Enda er það vissulega ekki af þessari ástæðu, sem hv. þm. V.-Húnv. er að tala um þetta, heldur allt annari, sem ég kem að síðar. Það getur nú vel verið, að hv. þm. V.-Húnv. virðist sem mætti telja mönnum trú um, að ég vildi hlynna að stefnu jafnaðarmanna í þessu, en ég hygg honum veiti erfitt að fá menn til að trúa, að það hafi vakað fyrir Jóni Þorlákssyni fyrst og fremst að stuðla að viðgangi þeirra stefnu, og var honum þetta afarmikið alvörumál. Ég hygg, að honum hafi gengið allt annað til en fram hefir komið enn í þessum umr. hjá okkur báðum, sem ég skal víkja að áður en ég lýk máli mínu. (__HannJ__: Samningar?). Það var drengilegt, eins og hans var von og vísa, að vilja halda samninga, sem gerðir hafa verið.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að því, sem hv. þm. Snæf. sagði. Honum fannst óviðfelldið, að ég kom fram með þessa brtt. við 3. umr. málsins. Ég get gjarnan viðurkennt, að ef ég hefði verið við því búinn, hefði ég komið með brtt. við 2. umr. Ég þori ekki að staðhæfa, hvað till. er búin að liggja lengi frammi, en ég hygg þó þriggja vikna tíma a. m. k., en bækur þingsins segja til um það. Hafa menn því haft afargóðan tíma til að athuga brtt. En breyt. er aðeins um þetta eina atriði og því einföld, þó að hún sé þýðingarmikil. Og ég get ómögulega á það fallizt, að það sé ekki á þinglegan hátt gert að bera brtt. fram, því að vitaskuld koma oft viðtækar brtt. við mál við 2. og 3. umr., ekki síst í fyrri deild. En einnig í seinni deild hafa meira að segja oft komið fram allmiklar breyt. Að vísu get ég viðurkennt, að það getur staðið þannig á, að óviðkunnanlegt er að koma með slíkar breyt. við síðustu umr. í síðari deild. — Ég skil vel, eftir því sem fram hefir komið hjá honum, að hann gefur ekki svo mikið um þessa breyt., ef hann hefir mjög ríkt í huga að breyta stjórnarskránni og taka nú upp þá stefnu, sem barizt var um eitt sinn, að gera kjördæmin fá og stór og viðhafa hlutfallskosningu. En ég veit ekki, hvernig kann að vera ástatt nú um þá stefnu; ég vil vona, að hún hafi ekki byr hér á þingi frekar en fyrr.

Mér virtist hv. þm. Snæf. telja, að það væri erfiðara fyrir flokkana að gera þessa röskun nú, sem breyt. hefði í för með sér, heldur en ef þessi aðferð hefði strax verið viðhöfð. Og ég get búizt við því, að þannig kunni að vera ástatt í þeim flokkum, sem hafa uppbótarmenn. En það var einmitt það, sem ég átti við, þegar ég sagði, að því erfiðara væri, sem lengur líður. Því að ef breyt. er erfið vegna uppbótarþm., sem komu við síðustu kosningar, þá er ég sannfærður um, að því óhægra verður um vik síðar meir. Nú sem stendur tel ég heldur einfalt fyrir flokkana að komast yfir þennan þröskuld. En ég er ekki sannfærður um, að það verði auðvelt síðar meir,

þegar enn viðtækari áhrifa gætir máske út frá þessu kosningafyrirkomulagi. Ég held það sé einmitt hyggilegast fyrir þá flokka, sem eiga uppbótarsæti í þingi og hafa von um þau framvegis, að styðja að því, að breyt. verði gerð strax. Og það mun hafa vakað fyrir Jóni Þorlákssyni, að hann sá með sinni framsýni, að þetta kosningafyrirkomulag var afaróheppilegt. Og ég hygg, að þingið og flutningur mála og framkoma dragi einmitt nokkurn dám af þessu fyrirkomulagi, og getur orðið því lakara ástand og meir niðurlægjandi fyrir þingið sem lengra líður. Og það er vitaskuld höfuðatriðið. Mér finnst það kosningafyrirkomulag ekki mega vera ráðandi, sem gerir þingið að ófullkomnari stofnun en það annars þyrfti að vera. En mér er alls ekki grunlaust, að svo kunni að fara, ekki sízt þegar frá líður. En mér finnst mega vel gera þessa breyt. á kosningal., hvað sem stjskr. líður. Vitaskuld er hverjum þm. heimilt að gera till. um breyt. á stjskr. En mér finnst ekki vert að setja neitt samband á milli þessarar breyt. og stjskr.-breyt, — nema því aðeins, að menn geri ráð fyrir, að stjskr.breyt. verði það róttæk, að kosningal. í höfuðatriðum hljóti að gerbreytast.

Ég fjölyrði svo ekki frekar um þessa till., svo einföld að *formi sem hún er.*

***Hannes Jónsson:** Hv. 1. þm. Árn. vill gera lítið úr þeim auknu áhrifum, sem þessar breyt. hafa fyrir miðstjórnir flokkanna. Hann sagði, að miðstjórnir mundu hafa nokkur áhrif á, hverjir séu í kjöri fyrir flokkana í einstökum kjördæmum, og að a. m. k. annaðhvert sæti af 10 fyrstu sætum verði skipað af frambjóðendum í kjördæmum. Ég skal fyrst taka það, að þessi áhrif miðstjórna á frambjóðendur í héruðum geta aldrei orðið verulega hættuleg, fyrir þá sök, að enginn flokkur mundi leyfa sér að hafa áhrif á frambjóðanda í kjördæmi, sem fast er studdur af *héraðsmönnum og hefir eindregið* fylgi. Þess vegna er líklegt, að þessi maður sé minna háður valdi miðstj. heldur en ef eingöngu er í hennar valdi, hvort hann er í framboði eða ekki.

Og svo er hitt ákvæðið, að það skuli vera a. m. k. annarhver af 10 fyrstu mönnum af frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavikur. Það má vitanlega komast mjög framhjá þessu ákvæði, með því að stilla upp á lista þeim frambjóðanda flokks, sem mestar líkur eru til, að kosningu næði í kjördæminu. Þá þurrkast þeir út, frambjóðendurnir, sem möguleika hafa fyrir uppbótarsætum, en hinir koma inn, sem hvergi hafa verið í kjöri. M. ö. o., það er hægt, þó að þetta ákvæði sé sett, að útiloka, að það geti haft nokkur veruleg áhrif.

Hv. þm. heldur fram, að ef breyt. á þessu verði ekki gerð nú þegar, þá muni það örugt reynast síðar, aðallega að mér skildist vegna andstöðu landskjörinna þm. sjálfra, sem þeir gætu skapað innan sinna flokka. Hann lét orð falla í þá átt, að það yrði því meiri niðurlæging fyrir þingið sem lengur drægist að breyta þessu, vegna þess að þeir starfshættir kæmust á í þinginu — að mér skildist fyrir tilverknað og framkomu og aðstöðu þessara manna. Ég veit nú ekkert, hvort þessi orð hv. frsm. eiga að skiljast sem allsherjar eldhúsdagur og árás á hina landskjörnu þingmenn. Þeirra er að svara fyrir sig. En ég veit satt að segja ekki, á hvaða rökum slík ákæra á að vera reist. Má vel vera, að þeir í einu eða öðru hafi reynt að láta þau héruð njóta þess kjörfylgis, sem þeir hafa aflað sér í héraði því, sem þeir voru kosnir í. En ég verð nú að segja, að mér finnst þá skörin færast upp í bekkinn, ef þm. fara að telja einhvern sérstakan ókost á þm., að þeir vilja gæta hagsmuna hinna dreifðu byggða í landinu.

Ég skal ekki orðlengja þetta mikið. Ég skil ekki í raun og veru, hvað hv. frsm. á við í ásökunum sínum, sem hann beinir til hinna landsk. þm., og veit ekki til þess, að þær séu á rökum reistar. Ekki skil ég heldur þá ástæðu, sem hann heldur fram, að örðugra verði að breyta til síðar og þess vegna nauðsyn að gera það nú. Ef breyt. þættu horfa til hins betra, þá myndu flokkar og einstakir þm. fúsir til að fallast á þessar breyt., og þeim mun fúsari sem fleiri agnúar koma fram vegna þessa ríkjandi skipulags. En ætli breyt. hefði ekki orðið örðugri, ef miðstjórnirnar hefðu fengið ósk sína í upphafi uppfyllta, þannig að þær hefðu ráðið, hverjir hefðu skipað uppbótarsæti flokkanna? Ætli flokksstjórnirnar hefðu ekki haft nokkuð mikil tök á þessum mönnum til þess að standa með sér um það að láta þessa skipun haldast? Ég get ekki fundið neina eðlilega ástæðu fyrir því, að þá hefði verið léttara að breyta kosningalögunum, jafnvel þó að það hefði komið berlega í ljós, að sú skipun hefði verið til hinnar mestu óhamingju fyrir störf þingsins. Því að miðstjórnir miður vandar að meðulum mundu ekki hika við að halda í það vald, sem þær einu sinni hafa getað hrifsað til sín.

Það eina, sem getur þarna valdið ágreiningi og á vitanlega að ráða úrslitum í þessu máli, er það, hvort heppilegra sé, að áhrifavaldið komi utan úr sveitum landsins eða hvíli hjá miðstjórnum flokkanna, sem allt vilja „hugsa í flokkum". Þeir, sem nokkurs meta ákvörðunarrétt einstaklingsins, munu að sjálfsögðu vilja halda í rétt kjördæmanna til þess að ráða úrslitum um það, hverjir skipa uppbótarsæti flokkanna.

Að endingu þetta: Ég á mjög örðugt með að trúa, að landsk. þm., sem eiga nú sæti á Alþingi, muni senda kjósendum sínum þær kveðjur heim, eftir að hafa notið þess stuðnings, sem hefir fleytt þeim inn á þing, að hrifsa af þeim það vald, sem kosningal. hafa fengið þeim í hendur.

***Jörundur Brynjólfsson:** Ég er búinn að nota minn ræðutíma, enda þarf ég ekki miklu að svara hv. þm. V.-Húnv. Ég ætla, að það verði ekki lengra komizt í að telja þessa uppbótarþm. eign flokkanna heldur en kom fram á þingi, þegar rætt var um þingsæti Magnúsar Torfasonar, og mest af hálfu flokks hv. þm. V.-Húnv. Hver breyting getur þá orðið frekar í þessu efni? Það er þá sama, hvert fyrirkomulagið er; lengra verður ekki komizt. Nú dettur þeim sama flokki ekki í hug að taka undir, að slíkt nái nokkurri átt, hvort sem því fyrirkomulagi er haldið, sem

nú gildir, eða það tekið upp, sem ég tala um. En af því að ég hefi ekki rétt til að halda ræðu, minni ég hv. þm. á það, hve réttur sveitanna var mikils metinn af þessum hv. þm. og flokknum í vetur.

***Hannes Jónsson:** Það er nú fokið í flest skjól fyrir hv. 1. þm. Árn., þegar hann ætlar að bera fyrir sig skjöld eins og hv. 2. landsk., Magnús Torfason, og tilveru hans hér á þingi. Hann veit það vel, hv. þm., að um það eitt var deilt, hvort flokkurinn ætti sætið, sem um var að ræða, og hver skilningur manna á l. væri í þessu efni. Það varð vitanlega að ráða úrslitum. Sá maður, sem átti það sæti, var ekki valinn af miðstj. flokksins, heldur hefir hann hlotið sína aðstöðu sem varamaður á landslista fyrir sitt mikla fylgi í sínu kjördæmi. Það átti að ráða úrslitum. Ég fer ekki að rekja þær ástæður, sem við færðum fram aðrar fyrir því, að Magnús ætti að víkja af þingi, þegar hann var búinn að segja sig úr Bændafl. Það kemur í sjálfu sér ekki þessu máli við. Ég þarf ekki að svara þessu neitt frekar, tel þetta vera nokkurskonar uppgjör hjá hv. frsm. við að færa rök fyrir því að breyta þessu í það horf, sem hann vill vera láta. Og ef til vill eru í einhverjum fylgsnum samvizku hans mótmæli gegn því, sem hann er að tala fyrir, að einhverju leyti kannske fyrir tilverknað annara frekar en sinn eiginn áhuga, — þegar hann talar fyrir meira flokksveldi í landinu, meiri yfirráð miðstjórna og meiri kúgun á Alþingi. Ég býst ekki við, að þetta sé skoðun hans sjálfs, heldur miklu fremur, að honum sé teflt fram á borðið af öðrum öflum, sem hann getur ekki á móti risið.

Thor Thors: Það er aðeins örfá orð. Flm. brtt. er nú dauður og því ekki rétt að deila mikið við hann. Að vísu er rétt, sem hann sagði, að algengt er að bera fram stórar brtt. við 2. og 3. umr. máls. Enda þótt þetta hafi nokkuð tíðkazt, verð ég að telja það ekki með öllu þinglegt, og komi það m. a. fram í þessu máli, þar sem hér við 3. umr. eru tekin helztu deilumálin frá því að kosningal. voru sett. Ég get ekki verið hv. þm. sammála um það, að vitað sé, að erfiðara verði síðar fyrir flokka að breyta frá því skipulagi, sem nú er. Því að ég get einmitt ímyndað mér, að þetta mál leysist af sjálfu sér, þegar næsta spor verður stigið í þessu máli, að breyta kosningafyrirkomulaginu og kjördæmaskipun í það horf, sem stefnt var að af þeim mönnum, sem vildu, að þingið yrði ætíð sem réttust mynd af þjóðarviljanum. Og ég veit ekki, hvaðan hv. flm. kemur umboð til að segja, að sú stefna að ná meira réttlæti í þessu máli eigi ekki fylgi á Alþingi. Það hefir ekki ennþá sýnt sig, að Alþfl. hafi svikið þann málstað, sem hann áður hefir fylgt í þessu máli; og ég hygg, að Sjálfstfl. sé fús til þess að koma fram skynsamlegri breyt. á þessu sviði til meira réttlætis. En þótt enn hafi ekki komið í ljós, hver er stefna einstakra flokksmanna í þessu máli, þá vænti ég, að þess verði nú ekki lengra að bíða en til næsta þings, að það komi skýrt fram. Ég vil leggja áherzlu á þau orð hv. 1. þm. Árn., að ekki mætti gilda það kosningafyrirkomulag, sem gerði þingið að ómerkilegri stofnun en ástæða er til. Ég veit ekkert, sem er eins vel til þess fallið að gera þingið að ómerkilegri stofnun og rýra virðingu þess með þjóðinni eins og það, ef Alþingi er ekki rétt mynd af þjóðarviljanum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50., 52., 53., 55. og 57. fundi í Nd., 17., 20., 21., 24. og 27. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

16. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum (þmfrv., A. 58).

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Ólafur Thors):** Þetta frv. er gamall kunningi í þessari hv. d. Það er shlj. frv., sem við nokkrir sjálfstæðismenn fluttum á þingi í fyrra, en náði þá eigi lögfestingu. Við höfum talið rétt að bera það fram að nýju, m. a. vegna þess, að hagur sjávarútvegsins hefir ennþá farið versnandi, þannig að það ætti að mega gera sér vonir um, að einhverjir, sem í fyrra vildu ekki líta með nógu mikilli sanngirni á þetta mál, sjái sér nú fært að ganga lengra og ljá því fylgi sitt. Að öðru leyti liggur málið svo ljóst fyrir og er svo kunnugt hv. dm., að mér þykir óþarfi að fara að skýra það nánar. Ég vil aðeins geta þess, að ef þetta frv. verður að lögum, þá er það tilgangur flutningsmannanna, að útflutningsgjald, er nemi ¾ %, verði framvegis greitt af sjávarafurðum og renni í fiskveiðasjóð, en um það berum við fram sérstakt frv. á þskj. 59. Hugsunin er, að gamla útflutningsgjaldið, sem runnið hefir í ríkissjóð, falli niður með öllu, en upp verði tekið nýtt gjald, ¾ %, sem ekki falli til ríkissjóðs, heldur beint í fiskveiðasjóð, sem ætlaður er til þess að endurnýja fiskiflotann.

Vil ég svo leyfa mér að mælast til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. SK o. fl.).

Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 59).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

*__Flm. (Sigurður Kristjánsson)__: Þetta er í þriðja sinnið, sem við samflm. flytjum þetta mál í þessari hv. deild; það má um það segja, að góð mál og merkileg eiga oft erfitt uppdráttar áður en þau ná samþykkt, en við væntum þess samt, að umbætur þær á fiskveiðasjóði, sem hér er farið fram á, nái fram að ganga, hvort sem það verður á þessu þingi eða seinna, því að það liggur í eðli málsins, að það hlýtur að ná fram að ganga fyrr eða síðar. Í rauninni var þetta ekki nýtt mál, þegar við fluttum það á þinginu 1934, því að efni og stefnu til er þetta frv. alveg það sama og gildandi lög um fiskveiðasjóð, en þau lög eru, eins og kunnugt er, frá 1930. Með þeim lögum átti að efla fiskveiðasjóð þannig, að hann yrði *fullnægjandi stofnlána-lánsstofnun fyrir* sjávarútveginn; að þessu ráði var horfið, þegar ákveðið var, að Útvegsbankinn, sem steyptur var upp úr Íslandsbanka, skyldi fyrst og fremst sjá útgerðinni fyrir rekstrarlánum. Það er bersýnilegt af lögunum frá 1930, að tilgangurinn í þessum efnum er sá, að fiskveiðasjóður verði ekki aðeins notaður til stofnlánastarfsemi, heldur verði einnig svo öflugur, að hann geti fullnægt þörf fiskiflotans í þessu efni, því að sjóðnum er ætlað að eflast svo, að hann verði áður en mjög langt um líður 8 millj. króna sjóður að eignarfé, auk þess sem honum er heimilt að nota nokkuð af lánsfé, eða 1½ millj. kr., sem hann á að afla með því að gefa út vaxtabréf. *Það hefir tekizt svo illa til, að lög þessi hafa* alls ekki verið framkvæmd nema að nokkru leyti og það verður ekki annað sagt en að þessari háu samkomu hafi farið aftur síðan 1930, þar sem það hefir fyrst og fremst verið látið afskiptalaust af hinu háa Alþingi, að lög þessi hafa ekki verið framkvæmd nema að tiltölulega mjög litlu leyti, og jafnvel verið brotin í sumum greinum, en till. til bóta í þessu efni hafa enga áheyrn fengið. Því er ekki að leyna, að þessi meðferð hefir verið á ábyrgð þeirra flokka, sem styðja núv. hæstv. ríkisstj., og þessi tregða við slíkt umbótamál sem þetta ber vott um undarlega mikla þröngsýni, og sérstaklega er það athugavert, að í framkomunni við fiskveiðasjóð hefir átt sér stað mikil afturför hjá þessum flokkum, og minnir það einna helzt á elliglöp, sem að skaðlausu mætti leiða til þess, að þessi rotni hugsunarháttur gengi til grafar og annar heilbrigðari og tímabærari kæmi í staðinn. Með lögunum frá 1930 eru hinum nýja fiskveiðasjóði afhentar eignir gamla fiskveiðasjóðsins, en síðan er honum tilskilin 1 millj. króna frá ríkissjóði til eflingar stofnfé sínu. Í lögunum er mælt svo fyrir, að þessi upphæð skuli greiðast eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins, og skuli hún vera greidd að fullu innan 10 ára, eða fyrir 1. júní 1941. Með reglugerð, sem gefin var út, var því svo slegið föstu, að ríkissjóður skyldi greiða sjóðnum 100 þús. kr., þannig að greiðslunni verði lokið að fullu fyrir 1. júní 1941. Þetta hefir ekki verið framkvæmt, og ef fyrirmælum þessarar reglugerðar hefði verið framfylgt, þá ætti sjóðurinn að vera búinn að fá 500 þús. kr. úr ríkissjóði nú á þessu ári; sjóðurinn á því um ½ millj. króna, sem fallnar eru í gjalddaga, hjá ríkissjóði, og verð ég að láta undrun mína í ljós yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa leyft sér að halda þessu fé fyrir sjóðnum, og ekki er það síður undarlegt, að stjórn sjóðsins skuli hafa þolað slíkt fyrir sjóðsins hönd.

Þá er sjóðnum með lögunum frá 1930 áskilinn hundraðshluti af útfluttum fiski, og skyldi það síðar ákveðið með lögum. Það er ekki hægt að sjá, hvort þetta hundraðsgjald átti að vera nýtt útflutningsgjald á fiskinum eða það átti að vera partur af þáv. útflutningsgjaldi. Seinna ákvað þingið svo, hvernig þetta skyldi vera, og var ákveðið, að það skyldi vera *nýtt gjald*, ⅛%. Af þessu er það sýnilegt, að þá þegar var farin að *kólna umhyggjan fyrir* þessum sjóði, því að þetta gjald hefði orðið ákaflega lítið að krónutali, og hefði sjóðurinn ekki eflzt mikið fyrir þær aðgerðir.

Eins og áður er tekið fram, er sjóðnum heimilt að gefa út vaxtabréf að upphæð 1½ millj. króna, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki lán til þess að kaupa bréfin. Þetta hefir aldrei verið framkvæmt. Sjóðurinn hefir því í rauninni staðið uppi jafnfévana og í upphafi, og til þess að menn geti glöggvað sig á því, hvernig tekjur sjóðsins hafa verið, skal ég nefna tölur, sem ekki eru margar. Tekjurnar hafa eiginlega engar verið aðrar en ⅛% útflutningsgjald, og hefir sú upphæð numið tæpum 50 þús. kr., sem fer svo *náttúrlega lækkandi, eftir því* sem verðmæti útfluttra sjávarafurða lækkar í verði. Þetta eru í raun og veru allar tekjur sjóðsins fyrir utan þann tekjuafgang, sem hann fær árlega af útlánum, en sá tekjuafgangur hefir verið sáralítill. Hann var 1934 svipaður og tekjur af útflutningsgjaldinu, eða rúmar 48 þús. kr. Þegar tekið er tillit til þess, hve þessar tekjur eru litlar, þá er það bersýnilegt, að sjóðurinn varð, til þess að geta rekið nokkra lánastarfsemi að ráði, að afla sér fjár á annan hátt, og tók hann því að láni í Danmörku 1½ millj. kr., sem þá voru í íslenzkum krónum, eða 1⅓ millj. danskra króna, og með þessu fé hefir sjóðurinn starfað. Lán þetta kostaði 5½% fyrir utan kostnaðinn, og af því geta *menn séð*, hve mikil skilyrði sjóðurinn hefir haft til þess að veita hagkvæm lán, enda hefir þessi eini sjóður, sem starfað hefir til styrktar sjávarútveginum og hefir reynt að veita lán, bæði til byggingar á skipum og stöðvum, orðið að veita lán með þeim kjörum, sem nú skal sagt frá. Fyrst og fremst hefir hann orðið að taka 6% í vexti, síðan ¼% í sérstakan sjóð og loks í þriðja lagi 1% af upphæðinni allri í eitt skipti; m. ö. o. hefir þessi sjóður, sem að sjálfsögðu á að vera mjög vandur að veði og öll-

um tryggingum, lánað með vöxtum, sem mega teljast í allra dýrustu röð lána hér á landi. Þetta er náttúrlega alveg óviðunandi. Það var upphaflega meiningin, að þessi sjóður starfaði sem mest með eigin fé, til þess að hann gæti lánað fé með bærilegum kjörum, en það eru ekki bærileg kjör á lánum gegn verulega tryggum veðum, ef þau fara fram úr 5%, og ef vel ætti að vera, mættu þau ekki fara fram úr 4%. Ofan á þetta bætist svo það, að útlánsvextir sjóðsins eru alltaf teknir sem forvextir, þ. e. menn verða að borga þá fyrirfram. Um það verður auðvitað ekki deilt, að lánskjör sjóðsins eru óviðunandi fyrir sjávarútveginn, en þau geta ekki verið betri, miðað við þá aðbúð, sem sjóðurinn hefir átt.

Næst kem ég svo að því atriði, að sjóðurinn á, sökum fjárskorts, ómögulegt með að fullnægja því hlutverki sínu að endurnýja fiskiskipastól landsmanna. Það er fróðlegt að athuga, hvernig þessu litla fé sjóðsins hefir verið varið. Hann hefir, eins og áður er tekið fram, haft eignir gamla fiskveiðasjóðsins og svo $1^1/_4$ millj. danskra kr. til umráða. Þetta fé hefir sjóðurinn svo lánað á þann hátt að allmiklu leyti, að það hafa verið færð yfir á hann gömul lán, bæði út á skip og út á svokölluð iðnfyrirtæki. Það má rannsaka það síðar meir, hversu heilbrigt það var að nota þetta litla fé á þennan hátt, en það liggur ekki fyrir nú að tala um það, en það eitt get ég sagt, að tekjur og gjöld sjóðsins standa þannig af sér, að þótt sjóðurinn lánaði ekki eyri meir næsta ár til jafnaðar en hann hefir lánað undanfarin ár, þá mundi hann vera upp étinn eftir $1^1/_2$ ár, svo að ekki væri til eyrir eftir í honum, og hefir sjóðurinn þá ekki komið nálægt því að fullnægja þeim tilgangi sínum að veita stofnlán til útgerðarinnar, skipa og iðnfyrirtækja, sem útgerðin þarfnast.

Skal ég svo láta þetta nægja um það atriði, hvernig farið hefir verið með fiskveiðasjóð undanfarið. Ég skal aðeins bæta því við, að fjárhagur sjóðsins er, að því leyti til hvernig fé hans er tryggt, mjög góður, eftir því sem ég bezt veit, því að ég held, að annaðhvort lítið eða alls ekkert hafi tapazt hjá sjóðnum, og eftir því, sem ég hefi kynnt mér lánin og reglurnar fyrir þeim, þá þori ég að fullyrða, að það eru mjög litlar líkur til þess, að hann tapi af þeim lánum, sem hann á útistandandi, en sjóðurinn er bara stórkostlega févana.

Um efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, skal ég segja það, að meiningin með því er, eins og hv. þm. hlýtur að vera orðið kunnugt, að fiskveiðasjóður eflist svo, að hann geti fyrst og fremst starfað eingöngu með eigin fé, eða að mestu leyti a. m. k., og í öðru lagi, að hann verði þess megnugur að endurnýja skipastól landsmanna, bæði smærri og stærri skip. Það er gert ráð fyrir, að sjóðnum verði fyrst og fremst fengin sú milljón króna, sem hann á inni hjá ríkissjóði, og í öðru lagi, að hann fái annaðhvort helming þess útflutningsgjalds, sem nú hvílir á sjávarafurðum, eða ef það verður afnumið með lögum, sem ég vona að verði innan skamms, þá hljóti hann nýtt útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nemi helming þess útflutningsgjalds, sem nú hvílir á þeim. Með þessum tekjum er ætlazt til, að sjóðurinn geti á tiltölulega ekki mjög löngum tíma eflzt svo, að hans eigið fé verði um 12 millj. kr., og þá á hann eftir ekki mörg ár betra með að endurnýja stórútgerðina, endurnýja bátaútveginn jafnt og stöðugt, og svo innan skamms tíma á hann einnig að taka að sér stærri skip, svo að Íslendingar þurfi ekki að leita dýrra lána erlendis til þess að halda við skipastól landsins, sem stendur nú undir tiltölulega mjög miklum hluta þjóðarinnar hvað lífsafkomu snertir.

Ég skal geta þess í þessu sambandi og út af þeim 2 frv. um fiskveiðasjóð, sem borin hafa verið fram hér í hv. d. og nú eru komin til sjútvn., að þau frv. annarsvegar og þetta frv. hinsvegar skilur náttúrlega mikið. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn eflist og starfi með eigin fé, en í hinum frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn starfi með lánsfé. Af því leiðir, að ef þau frv. ná fram að ganga, eða annaðhvort þeirra, þá getur sjóðurinn aldrei lánað út nein lán með viðunandi kjörum. Því að það er ómögulegt fyrir sjóðinn, ef hann á að lifa framvegis eingöngu á lánsfé, að lána út með viðunandi lánakjörum. En ef hann er efldur á þann hátt, sem farið er fram á í þessu frv., þá ætti hann að geta lánað með a. m. k. $1^1/_2$% lægri vöxtum. Og það ætti að vera mark og mið sjóðsins í framtíðinni að geta lánað út gegn 4% vöxtum. Hinsvegar teljum við flm. ekki annað hlýða en að sjóðurinn hafi skynsamlegar reglur fyrir sínum útlánum að því leyti, að þau séu vel tryggð. Að sönnu höfum við breytt þessu frv. í þá átt, að lánað verði dálítið rifar en gert var ráð fyrir í frv. í fyrra, að aukatryggingarlaust megi lána út á skip sem svari 50% af virðingarverði, og með aukatryggingu sem svari 60% af virðingarverði. Og enntremur er tekið upp það nýmæli, að lána megi út á skip, sem byggð eru innanlands, sem svari allt að 70% af virðingarverði þeirra. En svipað efnisatriði er í öðru frv., sem ég gat um og er í sjútvn. Þar er gert ráð fyrir, að lána megi til skipasmíða sem svari 25% af virðingarverði skipa, sem smíðuð eru innanlands fyrir landsmenn. Í því frv. er þetta lagt til til þess að menn geti, auk þess sem þeir fá lán út á skipin sem veð, fengið lán, þannig að skipasmiðir fái lán úr fiskveiðasjóði og láni þau einnig skipaeigendum, sem kaupa skipin af þeim, og geti þessi lán numið 25% af virðingarverði skipanna. En þetta á að vera í lengsta lagi til 6 ára. En með því móti yrðu lánin allt of þung, ef ætti að borga þau á svo stuttum tíma. Og skilst okkur, sem flytjum þetta frv., að það mundi verða einfaldara og réttara að setja það í l., að lána mætti út á skipin sem svaraði allt að 70% af virðingarverði þeirra, ef þau eru byggð innanlands. Ef til vill má telja þetta nokkuð djarft lánað út á jafnforgengilegan hlut og skip. En þess er að gæta, að þetta er miðað við það, að sjóðurinn eigi allt það fé, sem hann starfar með. Ef hann á allt fé sjálfur, þá má hann frekar við smáskakkaföllum heldur en ef hann starfar með lánsfé. Því verður ekki neitað, að það er allmikils virði, að hægt sé að byggja sem mest af skipum þeim, sem landsmenn þurfa að nota, innanlands. Og þessu

er einmitt ætlað að styðja að því, að veita svona rífleg lán til kaupa á skipum, sem byggð eru innanlands. Hinsvegar er ekki hægt að neita því, að ef skipasmiðir ættu fyrst að taka lán og síðan lána þau kaupendum skipanna, þá er hætt við, að skipasmiðir mundu færa verð skipanna eitthvað fram, til þess að mæta þeirri áhættu, sem þeir með þessum lánum tækju á sig, sem svo aftur yrði til þess að íþyngja skipakaupendum, sem eiga að afplána lánin.

Sé ég ekki ástæðu til að láta frv. fylgja lengri eða meiri fyrirbænir. Það á eftir að fara til n. og athugast jafnhliða hinum frv. Við, sem vorum í sjútvn. í fyrra og höfðum þá þessi þrjú frv. til athugunar næstum í sama formi og þau eru nú í, tókum það ráð þá, að við sendum þau öll til stjórnar fiskveiðasjóðs og báðum hana um álit og till. um þau. Þær till. og álit hafa ekki borizt n. enn. En ég vænti nú fastlega, að sjóðsstjórnin gefi svar. Því að það mætti teljast ákaflega einkennilegt, ef stjórn sjóðsins, sem er stjórn Útvegsbankans, — en vitanlegt er, að sú stofnun hefir mikil hlunnindi af sjóðnum — ef sú stjórn hefir ekkert um það að segja, hvernig l. um sjóðinn eru. Það má heita merkilega einkennilegt, ef stjórn sjóðs, sem ekki hefir óþarfara takmark en þessi sjóður, lætur sig engu skipta, hvort sjóðurinn er aukinn og efldur eða ekki aukinn né efldur, eða kannske jafnvel rýrður og settur í fullkominn háska. Ég vil hinsvegar mega vænta þess, að sjóðsstjórnin sjái nauðsyn þessarar stofnunar og sýni það í því að gefa rökstutt álit og till. um þessi frv., sem gæti orðið mikill styrkur fyrir sjútvn. og þessa hv. d. að fara eftir.

Vil ég svo að lokum leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Skipun prestakalla.

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um skipun prestakalla (þmfrv., A. 70).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Þetta frv. var borið fram á síðasta þingi, en í nokkuð öðru formi. En n., sem hafði þetta mál til meðferðar ásamt þeim frv., er launamálið snerta, varð ekki ásátt um afgreiðslu þess og skiptist í tvo hluta, en einn nm. hafði ekki aðstöðu til að taka afstöðu til þessa máls. Brtt. þær, sem við fluttum, hv. 2. þm. N.-M. og ég, eru nú felldar inn í þetta frv., en þar sem þetta er 1. umr., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. Að sjálfsögðu tekur n. frv. til meðferðar og athugar það. — Ég geri að till. minni, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og væntanlegrar launamálanefndar.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það má að vísu þykja svo, að við mætti hlíta að láta þetta frv. eins og það kemur frá mþn. fljóta áfram umræðulaust til næstu umr. og n. Og mun ég ekki heldur flytja langt mál um frv. að þessu sinni.

Aðeins vildi ég láta í ljós undrun mína á því, að hv. aðalflm. hefir haft að vissu leyti kjark og líka heldur óviðfelldna þrákelkni til að flytja málið í þessu formi, eftir allt, sem honum er kunnugt, að á dagana hefir drifið, bæði hans og annara, út af þessu máli síðan það kom fram. Ég gekk út frá því, eins og kom að nokkru leyti fram í launamálanefnd, að menn hefðu nú skipt um skoðun. Ég gekk út frá þessu einnig um hv. aðalflm. með það fyrir augum, að hann hefir það ljóst á vitund sinni, að bæði á þeim slóðum, þar sem hann er sérstaklega kunnugur, og um landið þvert og endilangt eru menn svo einhuga um þetta mál, að dæmafátt er um þingmál. Og mér er ekki kunnugt, að nokkurt þingmál hafi komið fram hér á Alþingi, sem um hafi komið jafnsamróma álit á svo skömmum tíma hvaðanæva af landinu. Þetta hefir styrkt undrun mína yfir því, að þetta mál skuli nú vera flutt óbreytt enn eins og það var í upphafi, þar sem úr öllum prestaköllum á landinu — og má segja hér um bil öllum sóknum á landinu — hafa komið fram mótmæli gegn þessu frv. Meira að segja hafa verið samþ. áskoranir um fjölgun prestakalla frá því, sem nú er. M. ö. o.: Það er ekki aðeins, að menn mótmæli frekari sameiningu, heldur vilja menn sumstaðar fjölga prestum og sóknum.

Ég skal ekki fara inn á efni málsins, sem rætt var nokkuð á síðasta þingi, en sérstaklega rætt þó á öllum þeim fundum, sem haldnir hafa verið um kirkjumál og trúmál á síðastl. ári í öllum sóknum landsins, eins og ég gat um. En hitt er vitað, að þeir menn, sem eiga að hafa forsjá fyrir þessu máli eins og öðrum, nefnilega alþm., þeir geta ekki gengið framhjá slíku sem þessu. Þeir geta ekki þverskallazt við einróma röddum frá kjósendum í sveitunum, — a. m. k. ekki um leið og þeir menn hlaupa eftir hvaða goluþyt, sem er frá kjósendum runninn úti á landi, jafnvel þó að sá goluþytur sé aðeins frá örfáum mönnum og örfáum stöðum eða einum stað, og þó að þessi goluþytur sé upphaflega blásinn af þeim sömu mönnum, sem svo taka hann til inntekta. Þetta er sú hringavitleysa, sem oft hefir átt sér stað í þjóðmálum þessa lands, ekki sízt upp á síðkastið, að það eru tilbúnar raddir utan af landinu, sem, þótt hjáróma séu, eru teknar hátíðlega í Alþingi. En nú, ofan í allt það, sem fram hefir komið um virkilegan vilja almennings í landinu inn á þing, leyfa þessir menn sér að koma fram með slíkt frv. Til hvers heldur hv. aðalflm., að kirkjur og prestar séu? Heldur hann, að þetta sé leiksoppur í höndum manna, sem koma hér í Alþingi, til þess að afnema þá eða fjölga aftur eftir eigin þóknan? Heldur hann ekki, að þessi stofnun, kirkjan, sé fyrir almenn-

ing, sem vill sækja kirkjur og hafa presta? — Þess vegna er það, að ég vildi aðeins með þessum fáu orðum, sem ég læt fylgja þessu máli, gera þegar þá aths., að málið er ófyrirsynju fram borið, og örlög þess eiga að vera gefin fyrirfram, að það nái ekki framgangi, hvorki á þessu þingi né næsta. Og ef nokkuð er gert í þeim málum, þá þarf það að vera grundvallað á allt annan hátt. Því að eins og upplýst var í fyrra af mér og öðrum, þá var undirbúningur þessa máls ekki frambærilegur. Það var jafnvel hægt að sýna stórkostlegar villur og fávizku í rökstuðningi og undirbúningi mþn., og að ekki var forsvaranlegt að bera þær fram á þingi, þar sem þau rök höfðu ekki neina stoð í veruleikanum á þessu landi.

Nú fer þetta mál til n. Ræður af líkum, að eins og kom fram á síðasta þingi, verði örlög þess þau, í fyrsta lagi, að hluti af n. vill ekki gera neina breyt., nema rétt til málamynda gera eitthvað það, sem mönnum gæti komið saman um, að færa mætti til. En nokkur hl. n. ef til vill heldur áfram með þetta mál þvert ofan í það, sem réttmætt er, og í rauninni sem algert vonleysisverk.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég gat við því búizt, að hv. þm. V.-Sk. léti ljós sitt skína einmitt í þessu máli. Hann hefir nú, síðan aldur færðist nokkuð yfir hann, gerzt ákaflega mikill kirkjunnar maður. Reyndar er löng stund síðan hann fór fyrst að hafa afskipti af þessum málefnum. En eins og vænta mátti, þegar alvara lífsins eykst með meiri reynslu, þá er eðlilegt, að hann láti þessi mál til sín taka enn meir en nokkru sinni fyrr, og segi ég þetta ekki hv. þm. til lasts á nokkurn hátt. En það er skýring á þeim hræringum, sem verða í sál hans í hvert skipti, sem minnzt er á kirkju og kristindóm og klerkastétt þessa lands. En mér þykir leiðinlegt, að ræður þessa hv. þm. byggjast á allmiklum misskilningi. Ég get vitaskuld ekkert um það sagt, hverskonar vitneskju hann hefir fengið af mörgum og margháttuðum fundahöldum frá því að síðasta þingi lauk. Ég þekki dálítið til þeirra, og þau eru svona heldur fábreytt. Fundirnir víðast hvar mjög fámennir, og þær ályktanir, sem þar voru gerðar, sumar hverjar a. m. k., sem ég þekki til, voru með mjög lítilli þátttöku, jafnvel talsvert innan við tuttugu. Fá atkv. hafa verið á móti. Hafi fundargestir verið eitthvað fleiri en atkvæðatölur sýna, hafa hinir sem sagt setið hjá og ekki látið málið neitt til sín taka. Og sumstaðar hefir orðið að kveðja til þessara fundahalda oftar en einu sinni, til þess að koma á þau einhverju nafni. Og þar, sem fundahöldin hafa staðið, eru það sumpart prestar og svo þeir menn, sem eru líkrar skoðunar og hv. þm. V.-Sk., sem hafa gengizt fyrir þeim og vilja halda tölu kirkna og presta, eða jafnvel fjölga prestaköllum og prestum í landinu. Enda er vel skiljanlegt, að einmitt þeir, sem standa á móti breyt., muni helzt láta þetta málefni til sín taka. Það er því nokkuð líkt upp úr þeim fundahöldum leggjandi og samþykktum, sem gerðar hafa verið.

En út af því, sem hv. þm. V.-Sk. skaut til mín, að mér væri kunnugt, hvað gerzt hefði í Árnessýslu, þá er það rétt, að ég veit um afstöðu fólks þar, og ég veit líka, hvernig það mundi greiða atkv., ef til atkvgr. kæmi um þessi mál.

Mér dettur ekki í hug að væna hv. þm. V.-Sk. um, að honum gangi nokkuð annað en gott til. En ég held, að það sé hæpið fyrir menn, sem vilja, að kirkjan skipi þann sess meðal þjóðarinnar, sem henni ber, og hafi þann virðuleik, sem prestastéttinni ber og hæfa á, — ég held það sé hæpið mjög að halda þessu í sömu skorðum og verið hefir. Það er opinbert leyndarmál, það þekkir hv. þm. V.-Sk. eins vel og ég, að þjóðin hefir ekki ráð á því að launa öllum sínum embættismannafjölda og starfsmannafjölda, svo að vel sé, og eina ráðið til þess að geta búið vel að þeim nauðsynlegu starfsmönnum, sem þjóðin þarf, er, að þeir séu ekki fleiri en minnst verður komizt af með. Ef farið verður að okkar till. og vel verður búið að prestastétt landsins, þá þori ég að fullyrða, að prestarnir verða hæfari til síns prestsstarfs en nú, og kirkjan skipi veglegri sess á eftir meðal landsmanna einmitt fyrir fækkunina. Með því móti á að verða þannig að prestum búið, að þeir geti gefið sig alla og óskipta að sínu starfi, lagt fram þá fjármuni, sem þarf til þess að afla sér góðs og nægilegs bókakosts, til þess að auðga og efla anda sinn til þeirra starfa, sem embætti þeirra heimtar. Áreiðanlegt er það, að fjöldamargir prestar í landinu nú hafa ekki getu til að afla sér þess bókakosts, sem nauðsynlegur er.

Hv. þm. V.-Sk. var að tala um goluþyt, sem sumir menn blésu upp til meðmæla sínum málum. Ég vil nú alls ekki kalla því nafni þær samþykktir, sem komið hefir verið á í landinu frá síðasta þingi út af þessu máli, en hitt er vitanlegt, að það eru einmitt margir úr prestastéttinni og svo einstöku maður, sem er þeirrar skoðunar, að halda beri í þessu horfi, sem hafa staðið að þessum samþykktum, en allur þorri þjóðarinnar hefir látið sig málið engu skipta hingað til. Það þori ég að fullyrða.

Hv. þm. V.-Sk. spurði, til hvers væru kirkjur og prestar. Ég mætti kannske varpa spurningunni aftur fram: Til hvers eru kirkjur og prestar? Eru kirkjurnar til þess, að að þeim sé búið eins og tíðkast, mikið sakir fátæktar fólksins í prestaköllunum, og til að standa oftast tómar og til þess að messa ekki í þeim? Eru kirkjurnar til þess? Og eru þá prestarnir til þess að skrá messuföll og njóta sín ekki í sínu starfi eins og þyrfti að vera? Ég hefi nú þá skoðun á kirkjunni og hennar starfsemi, að hún ætti að vera til alls annars, og það veit ég líka, að fyrir hv. þm. V.-Sk. vakir. En við verðum að horfast í augu við þann veruleika, sem opinberar skýrslur sýna, sem haldnar eru af prestunum sjálfum og ég vil á engan hátt vefengja. Þær hafa þá sýnt á undanförnum árum 3 þús. messuföll á landinu og stundum talsvert þar yfir. Sum árin hefir jafnvel farið svo, að harla litlu munar á messutölu og messuföllum. Ef kirkjurnar eiga að vera fyrir almenning, sem þær vissulega eiga að vera, og prestastéttin á að starfa fyrir almenning og ná til fólksins svo sem heyrir þeirra verkahring

til, þá verður áreiðanlega að skipast eitthvað frá því, sem tíðkazt hefir langa stund. Og það er mesti misskilningur á ferð hjá þeim mönnum, sem andmæla þessari breyt. á þessari skipun, að það þurfi endilega að gæta því minni áhrifa af starfi presta sem þeim fækkar. Því að aðstaða til þess að gegna þessu starfi, miðað við það, sem áður var, er svo gersamlega ólík, samgöngur allt aðrar og óliku betri, og við höfum nú útvarpið, sem hefir mikla þýðingu í þessu efni.

Það er af tveimur ástæðum sem þetta mál er borið fram. Það er bein fyrirskipun af hálfu þingsins til mþn. að gera till. til sparnaðar, eftir því sem hún sér frekast fært. Nú hefir hv. þm. V.-Sk. andmælt tveimur þeim atriðum, ef ekki fleirum, sem helzt gætu leitt til sparnaðar í þessum till. n. Og hann hefir hingað til ekki bent á neitt, sem komið gæti í staðinn. Ég hygg hann sé þó sammála n. um það, að kostnaður við embættis- og sýslunarmannahald sé það mikill, að gott væri, ef hægt væri eitthvað að draga úr þeim kostnaði. Þá verða menn að gera uppástungur um þau efni til sparnaðar, sem menn ætla, að skaði ekki eða skaði sem minnst. Ég skal t. d. víkja að till. um barnakennara. Samkv. þeim má fækka þeim um liðugt 100, án þess að kennslan á nokkurn hátt biði hnekki við þá ráðstöfun. En einmitt með slíkri breyt. er hægt að búa betur að þeirri stétt, sem er þjóðinni öldungis nauðsynlegt.

Ég hefi þá drepið á nokkur atriði og ætla ekki af minni hálfu að fjölyrða frekar. Hv. þm. sagði, að komið hefði fram fávizka í þessu eins og svo mörgu öðru hjá n. Þesskonar kóputyrði læt ég mér í léttu rúmi liggja. Þessum hv. þm. er nokkuð tamt að grípa í frekara lagi til fullyrðinga. Og ef hann vill finna orðum sínum stað með því, að gleymzt hafi að telja 2—3 sóknir, sökum þess að skýrsla hagstofunnar bar ekki með sér breyt. í þessu efni, þá má hann alveg velja því það heiti, sem honum finnst bezt við eiga. Og ef hann með þesskonar ummælum ætlar að bjarga *málstað sínum og þeirra, sem hann talar fyrir*, hirði ég ekki um það. Án þess að ég vilji sveigja sérstaklega að þeirri stétt, sem hv. þm. heyrir til, þá býst ég við, að ef farið er gegnum dómasafn og athugaðar forsendur og ályktanir, þá finnist ýmislegt, sem ekki er eftir rökréttri hugsun a. m. k., svo að ekki sé meira sagt. Hér á ég við það, að mannanna verkum er náttúrlega í ýmsum efnum meira og minna ábótavant, og um þau geta fyrst og fremst verið skiptar skoðanir. En gildi skoðananna fer ekki ætíð fyrst og fremst eftir fullyrðingum þeirra, sem flytja þær fram.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég skal svara hv. aðalflm. með nokkrum orðum, þó að hans orð hafi í rauninni ekki breytt í neinu tilliti því, sem ég bar fram til andmæla því frv., sem flutt er nú enn á ný inn á Alþingi.

Hv. aðalflm. hlýtur að hafa glögga hugmynd um það, að það er þýðingarlaust að flytja mál, sem bæði þjóðin er á móti, að því er vitað er bezt, og svo að líkum meiri hl. þm. andvígur. Og ég segi, að það sé meira en viðkunnanleg þrákelkni, að hann hefir ekki viljað yfirgefa þetta mál og bera út á þessu stigi málsins þetta fóstur sitt, og má sú mannúð að vísu virðast. En það raskar ekki því, að þessi óburður á ekki rétt á sér í tölu hinna lifandi, og þá er athugandi, hvenær hefði átt að ganga milli bols og höfuðs á því.

Hv. þm. hefir það sem fyrstu röksemd sína, að það komi kynlega fyrir, að ég sé áhugamaður um kirkjumál. Þetta sýnir aðeins, við hvað hann miðar og hvað hann ber fyrir brjósti, og vill hann auðsjáanlega, að þeir fjalli um málin, sem fávísastir eru og áhugalausastir um þau. Er nokkuð í samræmi við þetta, hvernig farið er með þetta mál af hálfu flm. Því að í mþn. höfðu valizt menn, sem að verulegu leyti höfðu enga hugmynd um, hvað þeir voru að gera eða á hverju slíkt mál átti að grundvallast. Þess vegna flaska þeir í nál. á hinum einföldustu hlutum. Ég veit enga aðra þm. a. m. k., sem ekki vissu það — og engan í bænum —, sem þeir fullyrða í nál., sem sé að útvarpsmessur séu tvær á hverjum helgum degi. Útvarpið er nú ekki alveg nýtt. Og þó að þessi hv. þm. hafi annað með fjármuni sína að gera en að kaupa útvarpsviðtæki til að hlusta á messur og annað, þá hefði hann getað farið út á götuna og spurt: Hvað oft er útvarpað í Rvík messum? Hann hefði fengið svarið hjá hvaða manni sem er á götunni: Mest einni messu, nema á stórhátíðum, og stundum engri. Nei, þeir setja þetta á prent: tvær útvarpsmessur á hverjum helgum degi! Já, því skyldi fólkið þá ekki mega missa prestana!

Það er langt síðan — og mætti þm. muna það, ef ekki væri sá ljóður á ráði hans að fylgjast ekki með þesskonar málum —, að ég varð að vissu leyti áhugamaður í kirkjuefnum, þó að skoðanir mínar hafi að ýmsu leyti breytzt og viðhorf til hinna þýðingarmeiri atriða í þeim málum. Það er sannleikurinn, og á flestra vitorði, að ég hefi á vissan hátt verið með í þeim málum, talandi og skrifandi — og gerandi að nokkru leyti — frá því ég var ungur maður. Þetta veit ekki þessi hv. þm., sem ekki hirðir um að kynna sér mál, en þó er kvaddur til að taka sæti sem form. í n. og fær kaup fyrir starfið og skilar áliti — áliti, sem hægt er að sýna fram á, að er að meira eða minna leyti á misskilningi byggt og sumstaðar á hreinni fávizku.

Hv. þm. kom inn á það, að raddir þær, sem almenningur hefir gefið til kynna um þetta mál á síðastl. ári, hefðu ekki verið mikils virði. Ég benti á það, sem hv. þm. virðist nú játa, að hann hafði enga hugmynd um, að í öllum prestaköllum og víðast í hverri sókn hefir málið verið tekið fyrir og rætt og gerðar ályktanir eða áskoranir.

Nú er ekkert undarlegt, þó að sumar sóknir sýni ekki sérlega háa atkvæðatölu. Því að líklega veit hann um það, hv. þm., þó að hann þekki ekki nærri allar sóknir landsins og hafi haft að nokkru leyti úreltar tölur á skrá í nál., — líklega veit hann, að sóknir eru misjafnar, og að ekki er þess að vænta, að margir tugir atkvæða komi úr sumum þeirra. En í sumum prestaköllum hafa allir tugir atkv. komið úr öllum sóknum. Sumstaðar á litlum svæðum, þar sem undirskrift var viðhöfð, hafa komið fram atkv. allra

atkvæðisbærra manna á svæðinu gegn fækkuninni. En hvar eru atkv. þessara manna, sem vildu mæla með frv. og málstað hv. þm., þegar óvefengjanlegt og skrásett er og hægt að leggja fram á þingbekki, hvenær sem er, að öll atkv., sem komu úr öllum prestaköllum á landinu, eru að heita má jákvæð og mótmæla fækkun presta og stækkun prestakalla? Komi hann með hin. Þetta tel ég styðja okkar mál. Komi hann með það, sem styður hans mál, jafnvel úr hans eigin kjördæmi. Meðan hann gerir það ekki, standa þessi gleiðu ummæli hans sem ábætir ofan á annan misskilning — ofan á það, sem hann hefir ekki hugmynd um, en hver maður veit. Og hélt ég þó, að hv. þm. hefði fengið smjörþefinn af því síðan á síðasta þingi, að þetta mál er ekki talið einskis virði. En það er ekki nóg, að hann hirði ekkert um að kynna sér málið, heldur telur hann það síður en svo meðmæli, að menn, sem um það tala, hafi kynnt sér það, að ég nú ekki tali um það, ef þeir eru áhugamenn um kirkjumál. En þessum hv. þm. veitti ekki af að taka mig sem fyrirmynd, þótt á síðustu stundu sé, til þess að byrja ekki og enda á gati í málinu.

Nú segir hv. þm., að þetta sé gert til þess að bæta kjör prestanna, að fækka þeim til þess að gera þá starfhæfari í sínu kalli. Hann fullyrðir þetta. En hvar eru rökin? Til þess að sýna, hvernig hann og hans flokkur ber þetta mál fyrir brjósti, vil ég minna á það, hvernig þeir börðust með hnúum og hnefum gegn því, að prestar fengju að halda lítilli launauppbót. Prestum var fyrir fáum árum veitt nokkur upphæð til að standa straum af embættiskostnaði, og bar það að skoða sem einskonar bráðabirgðalaunabót, því að kunnugt er, hve hraklega þessi stétt er launuð. En svo afnema þeir þetta með frestun þeirra ákvæða og skapa prestum þar með sömu sultarkjörin og áður.

Hv. flm. talaði um, að prestar ættu að auka bókasafn sitt. En í þessari sömu lagasyrpu afnema þeir þá litlu fjárupphæð, sem prestum var fyrir fáum árum veitt til að kaupa bækur. Hvar eru nú orðin og hvar verkin? Ef hér er ekki fávizku til að dreifa hjá þessum mönnum, sem þykjast bera fyrir brjósti hag prestanna, þá er það óvild. Og enda þótt ég væni ekki þennan hv. þm. þess, að hafa haft þarna forgöngu, þá hefir hann þó vissulega fylgzt með. Hann álítur þetta vera straum tímans, þó að einhverjir angurgapar flytji inn frá útlöndum kenningar um, að ekki eigi að vera til prestar né kirkjur. Hann fylgist með þessu.

En nú gefst hv. þm. tækifæri til að bæta ráð sitt og sýna, að hann vilji þessum málum vel, — að hann vilji gera eitthvað til þess að koma betra skipulagi á málin. Hv. þm. má ekki gleyma því, að kirkjurnar eru til fyrir almenning, og prestarnir eru eingöngu til þess að þjóna almenningi, og þetta vill almenningurinn. Fólkið vill fá endurbætur í þessu efni, en enga rýrnun.

Hv. þm. hefir enn ekki kynnt sér málið til hlítar. Til dæmis hefir hann ekki kynnt sér, hvernig er með messuföllin. Hann segir, að messuföllin skeri úr um málið og tómu kirkjurnar. Hann segir: Engan veginn vil ég vefengja skýrslur presta. Hvílík hræsni! Hann ætti að vita, að „messuföllin“ stafa ekki nærri alltaf af áhugaleysi fólksins, að kirkjurnar eru oft ekki sóttar vegna eðlilegra forfalla, sem hér á landi eru óhjákvæmileg, af völdum náttúrunnar, veðurfars o. s. frv. Hv. þm. vefengir annað, sem upplýst hefir verið í málinu, en þetta les hann út úr skýrslum presta og telur óyggjandi. — Annars geta messuföll ekki talizt mörg hér á landi, þegar á það er litið, hve erfitt er að halda fólkinu saman, þegar litið er á samgöngurnar, eins og þær eru enn, og annað því líkt. Bifreiðavegir um endilangt landið eru ófærir mikinn hluta ársins. Heldur hv. þm. ef til vill, að menn fari í bifreiðum að vetrarlagi um Norður- og Austurland, t. d. nú í fannfergjunni og harðindunum, og heldur hann, að launakjör presta séu þannig, að þeir geti átt bifreið og ekið í henni til þjónustu sinnar? — Samkv. skýrslum, sem fyrir liggja, koma þó 40 messur á prest að meðaltali ár hvert. Hvað heldur hv. þm., að um margar messur geti verið að ræða á ári? Hve margar vikur eru í árinu? 40 messur á ári verða að teljast allgóður árangur eftir ástæðum. — Svona er, þegar menn rannsaka ekki hlutina ofan í kjölinn, en byggja staðhæfingar sínar á eintómu yfirborðsáliti. Það kemur sem sé í ljós, að á 52 vikum koma 40 messuvikur á prest, og að jafnaði er ekki messað nema einu sinni í viku, enda þótt útvarpað hafi verið frá Reykjavík tveim messum á viku, eftir því, sem hv. þm. segir! Þetta er a. m. k. ekki hneykslanleg útkoma. — Þá ber og þess að geta, að oft verður messufall hjá presti af því, að hann messar í öðru prestakalli í forföllum annars. En auðvitað er honum síðan kennt um messufallið.

Ég mun að þessu sinni, við 1. umr., ekki fara inn á einstök atriði málsins, en ég vildi þó ekki láta þessu ómótmælt. En ég vona, að hv. þm. breyti nú svo til, að hann fari hér eftir að kynna sér þau mál, er hann starfar að. Að hann láti ekki þrákelknina eina ráða afstöðu sinni, heldur hitt sjónarmiðið: Hverjum á þetta að gagni að koma, hvað vilja þeir, sem hlut eiga að máli? Og að hann fari jafnframt að líta á það, sem fram kemur af rökum af hálfu annara, jafnvel þótt andstæðingar hans séu, því að skylt er jafnan að hafa það að lokum, er sannara reynist.

*Flm. (**Jörundur Brynjólfsson**): Ég held nærri því, að ég hafi ekki gert mér eins ljósa hugmynd um það og skyldi, hver nauðsyn er á því að hafa presta hjá sumum mönnum alltaf, til þess að þeir yrðu teknir til skrifta a. m. k. einu sinni á dag, ef það mætti verða þeim til sálubótar. (GSv: Er það meiningin, að hv. þm. ætli nú að fara að spila prest?). Ónei, ekki er það, en ég vildi aðeins benda hv. þm. á, hvað heyrir prestsstörfum til, þegar mikil nauðsyn er á, sem nú.

Hv. þm. V.-Sk. minntist á vangá, sem mþn. í launamálum hafði orðið á og ég skal viðurkenna, er hún byggði á því, að tvær messur færu fram í útvarpinu á helgum dögum. Þetta á sér að vísu ekki stað alla helga daga, en þó allténd suma helga daga. Út af þessu hefir svo hv. þm. gerzt mjög gamansamur og viljað þá gjarnan koma því á hendur okkar, að í þessu máli kenni fáfræði og fávizku, og þykist hann með þessu hafa fundið

orðum sínum stað. Ég gæti náttúrlega goldið hv. þm. í sömu mynt og bent t. d. á ræðu, sem hann hélt hér fyrir nokkru og snerti að vísu ekki málefni, er hann ætti að dæma um, en var þó þannig vaxið, að hann sem dómari hefði getað þurft að dæma í því. Þar sýndi hv. þm. þann skilning, sem enginn leikmaður, sem kominn er til vits og ára og þekkir þau ákvæði, sem um er að ræða, hefði látið sér til hugar koma, hvað þá maður, sem búinn er að stunda sérfræðinám í 6 ár. (GSv: Hvað var þetta?). Það var viðvikjandi framkvæmd kosningal. í þessu landi.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég mætti gjarnan taka sig til fyrirmyndar í þessu máli. Ég get lýst yfir því, að ég vil ætíð taka mér hverja þá fyrirmynd, sem til góðs má verða, og þegar hv. þm. sýnir í einhverju það, sem ég teldi til eftirbreytni, þá mun ég taka mér hann að fordæmi.

Hv. þm. sagðist hafa haft talsverð afskipti af þessu máli, og er það misskilningur, ef hann heldur, að ég hafi deilt á hann fyrir það. En hann sagðist hafa skipt um skoðun síðan hann fór að hafa afskipti af málinu, og er það þýðingarmesta atriðið. Skyldi það hafa verið af því, að hann byggði á of mikilli þekkingu í upphafi? — Má því vera, að hann eigi eftir að skipta enn um skoðun. Því get ég ekki annað en litið kritískum augum á afstöðu hans til málsins, áður en ég tek hann mér til fyrirmyndar. Hann fær mér það væntanlega til vorkunnar, þar sem fordæmið er á þá lund, sem kunnugt er orðið.

Hv. þm. segir, að engar sannanir séu fyrir því, að breyt. þessi sé til bóta fyrir kirkjulíf og störf presta. Þarna stöndum við báðir jafnt að vígi. Hann fullyrðir, að bezt sé að fækka ekki prestum og að það muni ekki verða til bóta. Hans spá í þessu efni er ekki annað en fullyrðing. Meðan ekki er fengin reynsla fyrir árangri breyt., getur hvorugur okkar fullyrt nokkuð. Hitt stend ég við, að mér þykja margar líkur benda til þess, að kirkjulíf verði hér betra, ef vel er að prestastéttinni búið, og ef guðshúsin verða veglegri og prýðilegri hús en nú er. En það er ekki skilningsleysi fólksins á nauðsyn þess, að þær byggingar séu sem prýðilegastar, sem takmarkar framkvæmdirnar í þessu efni, heldur getuleysið, og sama er að segja um laun presta.

Hv. þm. sagði, að prestastéttin væri verst launaða stéttin á landinu. Þetta er ekki til neins að bera á borð. Allir vita, að ýmsar stéttir eru miklu verr launaðar, jafnvel þótt þær verði að inna af hendi meira starf.

Þá minntist hv. þm. á það, að prestar hefðu verið sviptir launauppbót, sem þeim var veitt fyrir nokkrum árum. Hann tók það reyndar fram, að þetta hefði aðeins verið bráðabirgðalauppbót, og var gott að fá það fram, þótt ég byggist nú reyndar alltaf við, að hv. þm. myndi viðurkenna þetta. Ég vildi vissulega gjarnan búa betur að prestum en gert er, jafnvel betur en gert var með þessari bráðabirgðalaunauppbót. En hefir þá hv. þm. í huga, hver fjárhagsgeta þjóðarinnar er til að launa presta betur?

Þá drap hv. þm. á það sem sönnun þess, að við vildum ekki búa vel að prestastéttinni, að við legðum til, að ekki yrði lagt fram fé til bókasafna prestakalla. Ég held nú, þó að þessi bókasöfn séu að vísu mjög þýðingarmikil, að meira virði sé, að prestar geti verið sjálfráðir um bókakaup sín og geti eignazt bækurnar af eigin rammleik.

Hv. þm. minntist á ýmislegt fleira, sem ekki er ástæða til að tína upp, eins og t. d. messuföllin. En í því sambandi verð ég að segja, að enda þótt ég hafi heyrt það á ræðu hans, að hann situr ekki inni með allan vísdóm í þessu máli, þá datt mér þó aldrei í hug, að hann vissi ekki, hve margar vikur eru í árinu. — En framhjá því verður ekki komizt, eins og skýrslur prestanna sýna, að messuföll eiga sér stað, þó að sumt af því sé vitanlega af forföllum, en þær upplýsingar þurfti ekki að sækja til hans. Það kom ekki heldur fram hjá mér með einu orði, að ég gerði ráð fyrir því, að prestar færu allt í bifreið. Það vill nú svo vel til, að þrátt fyrir þessa fækkun presta yrði umdæmi þeirra ekki nema lítið brot af umdæmum lækna, sem er þó fjarri, að geti farið allra sinna ferða í bifreiðum, og ætla ég þó þeirra erindi til almennings sízt minna virði en erindi prestanna, þó að ég vilji ekki gera lítið úr því. Þá ber og þess að minnast, að messur í kaupstöðum hleypa fram meðaltali messna á hvern prest. Annars skiptir slíkt litlu máli.

Hann minntist enn á þessar fundasamþykktir um andmæli gegn fækkun presta. Mér þætti gaman að sjá atkvæðatölurnar um þessar ályktanir.

Annars mun ég ekki fjölyrða um þetta mál. Við höfum hvor sína skoðun í málinu. En þessi skoðanamunur hefði getað komið fullskýrt fram án þess að svona mikill völlur væri á hv. þm. Honum hefir a. m. k. orðið það á sjálfum allgreypilega, sem hann vildi telja öðrum til ámælis.

Gísli Sveinsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið úr þessu. Mál þetta mun ganga til n., og mun þá gefast kostur að ræða það frekar, ef það kemur frá henni aftur. Að þessu sinni vil ég aðeins víkja fáeinum orðum að hv. 1. þm. Árn. Hann var að tala um það, hv. þm., að enda þótt hann vildi taka mig til fyrirmyndar, þá treystist hann ekki til þess að gera það að því er snertir þekkingu á kirkjumálum. Þessu get ég vel trúað; slíkt myndi honum ofraun, ef til fulls ætti að vera, því að hann virðist ekki bera hið minnsta skyn á þau mál, en ég hefi fylgzt með þeim um lengri tíma. Ég átel hv. þm. ekkert fyrir það, þó að hann vilji fá að halda skoðun sinni á trúmálum sem öðrum málum, en hann ætti ekki að vera upp yfir það hafinn að taka fræðslu og leiðbeiningu frá mönnum, sem sýnilega bera meira skyn á þessa hluti en hann.

Þá var hv. þm. í þessu sambandi eitthvað að tala um mál, sem ég hefði haft einhver sérstök afskipti af. Hvað hann hefir átt þar við, veit ég hreint ekki. Hann nefndi eitthvert kosningalagaspursmál. Ég skal viðurkenna, að á síðasta þingi hélt ég því fram sem frsm. minni hl. kjörbrn., að Alþingi ætti ekki að taka gilda þingsetu manns, sem þar ætti alls ekki að vera. Þessu kunni hv. 1. þm. Árn. vitanlega illa, enda hefir nú svo farið, að stj. og allir fylgifiskar hennar hafa lifað á þessum manni, sem í raun réttri er

Alþingi með öllu óviðkomandi eftir það, sem hann hafði haft í frammi.

Hvað snertir þennan bráðabirgðaembættisstyrk prestanna, þá átti hann vitanlega að vera uppbót á hin lágu laun þeirra og gilda, þar til önnur skipun væri gerð. En nú er ekki búið að gera aðra skipun um þessi mál, launakjör þeirra og annara starfsmanna ríkisins, síðan styrkur þessi var samþ. í lögum. Ég vil því spyrja: Hvers vegna er verið að fella þessa uppbót niður nú? Og hvers vegna fylgir hv. 1. þm. Árn. þessu? Og það á slíkum tímum sem þessum, þegar ýmsir menn, sem alls ekki eru embættismenn, heldur pólitískir snattmenn, hafa ekki aðeins hærri laun en prestarnir, heldur líka miklu hærri laun en þeir embættismenn, sem taldir eru sæmilega launaðir, eins og t. d. ég sem sýslumaður. Meðan því t. d. ekki er lækkað við þessa pólitísku hlaupamenn, þá fæ ég ekki séð, hvernig þessi hv. þm. getur haldið því fram, að rétt sé að fella þennan embættisstyrk prestanna niður.

Allt, sem hv. þm. var að tala um bókasöfn prestanna, var líka misskilningur. Hann hélt, að prestunum væru sendar bækur, sem þeir einu sinni kærðu sig ekkert um. Nei, prestarnir fá bækur eftir eigin vali.

Þá var hv. þm. að fetta fingur út í það, að ég taldi prestastéttina lakast launaða af öllum embættismannastéttum landsins. Það, sem þm. sagði um þetta, leit út sem vísvitandi útúrsnúningur. Hann fór að tala um aðrar stéttir manna, sem væru verr launaðar, og átti víst við kennarastéttina, þrátt fyrir það, þó að hann viti það eins vel eins og ég, að kennararnir eru ekki kallaðir embættismenn, þótt til starfsmanna geti heyrt. Aftur verður því ekki neitað, að prestarnir eru embættismenn, og þar sem ég talaði aðeins um embættismenn, þá getur hv. þm. ekki með rökum neitað því, að það var rétt, sem ég sagði, að prestastéttin væri lægst launuð allra embættisstétta í landinu. Ég talaði bara á réttan hátt eftir mæltu máli og lagamáli, en hv. þm. gerði tilraun til að rangfæra mál mitt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get ekki látið vera að segja nokkur orð við þessa umr. málsins, enda þótt ég ætlaði mér það ekki. En firrur þær, sem hv. þm. V.-Sk. sagði til þess að blekkja fólk, voru svo langt frá öllum veruleika, að ekki má láta ómótmælt. Hann hélt því fram, hv. þm., að fólkið vildi sækja kirkju, en messuföllin stöfuðu af ýmsum öðrum orsökum, svo sem óveðrum, fólksfæð á heimilunum o. fl. En nú vil ég benda hv. þm. á staðreyndir, sem tala sínu máli og verða ekki vefengdar. Það var einu sinni, að ég var beðinn að tala á samkomu, sem kvenfélag hélt til þess að safna fyrir altaristöflu, er gefa átti kirkjunni. Samkoma þessi var haldin á laugardegi og á prestssetri sveitarinnar. Hún var vel sótt, og eftir ræðu mína var farið að dansa. Nóttina eftir gisti ég hjá prestinum. Um morguninn spyr ég hann, hvar hann eigi nú að messa um daginn. „Og heima", segir prestur. Spurði ég hann þá, hvers vegna samkoma þessi, sem kona hans og kona hreppstjóra stóðu fyrir, hefði ekki verið haldin í sambandi við messuna og boðuð eftir messu á sunnudag. Því svaraði prestur svo: „Það hefði verið enn meir áberandi. Því að þá hefði enginn komið, fyrr en svo seint, að ómögulegt hefði verið að messa." — Hverju heldur nú hv. þm. V.-Sk., að hafi verið að kenna þetta messufall?

Þá skal ég geta þess, að síðastl. sumar var ég við kirkju á þremur kirkjustöðum uppi í sveit. Á einum staðnum, þar sem 76 bæir voru í hreppnum, komu 23 menn til kirkjunnar, og þar af voru 5 Reykvíkingar, sem voru á ferðalagi. Á öðrum staðnum komu 18, en þar voru þó 18 bæir í sókninni. En til þriðju kirkjunnar, þar sem þó voru 36—38 bæir í sókninni, komu aðeins 9 sálir. Hvað segir hv. þm. V.-Sk. um þetta? Í þessum tilfellum voru sannarlega ekki óveður eða torfærur til þess að hamla fólkinu frá því að sækja kirkju. Að þessi tilfelli séu nokkur undantekning frá því, sem nú er almennt orðið um kirkjusókn í landinu, er ekki til að dreifa. Fólkið sækir yfirleitt ekki betur kirkju en þetta; það vita allir, sem hafa augun opin. Þrátt fyrir þessar staðreyndir, þá belgir hv. þm. V.-Sk. sig upp yfir þeim feiknatrúaráhuga almennings og vill því fá sem flesta presta, einmitt til þess að fólkið fái leiða á þeim. Hann gætir þess ekki, hv. þm., að viðhorfið gegn prestunum er allmjög breytt frá því, sem áður var. Allir staðhættir hafa breytzt. Nú getur fólkið farið langar leiðir til kirknanna á bifreiðum yfir brúaðar ár, í stað þess, sem það þurfti áður að fara þær sömu leiðir ríðandi eða gangandi yfir óveguð héruð og litt fær vatnsföll. Þá athugar hann það ekki heldur, að nú eru þeir tímar líka breyttir, þegar prestarnir báru höfuð og herðar yfir fjöldann og voru leiðtogar fólksins. Nú má kannske í hæsta lagi finna 10 presta slíka á landinu. Nei, skilrúmið, sem var á milli prestanna og almennings, er horfið. Nú eru það ekki prestarnir einir, sem geta skrifað bréf í sveitunum. Það getur allur almenningur eins vel og þeir.

Þá var hv. þm. að tala um vilja fólksins í sambandi við fundahöld viðsvegar um landið. Út af þeim ummælum hv. þm. get ég sagt honum það, að **ég hefi setið fundi viðsvegar um landið og spurt fólkið að því, hvort það óskaði eftir fleiri prestum. Þannig hefi ég t. d. verið á fundum í Kirkjubæjarsóknum.** Presturinn þar þjónar nú sóknum, sem áður voru 3 prestaköll, og ég ætla, að það sé með víðlendustu og erfiðustu prestaköllum á landinu. Ég spurði fólkið, hvort það óskaði eftir, að bætt væri þar við nýjum presti eða prestum í gömlu prestaköllin, og hvort það fyndi mun á prestsþjónustunni — sálusorguninni — nú, þegar prestur er einn, eða áður, meðan þeir voru þrír. En það var ekki einn einasti maður, sem óskaði þess eða fann neinn mun. Sömuleiðis var ég á fundi í Valþjófsstaðarsóknum og spurði hins sama; og það var eins, það var enginn, sem óskaði eftir fleiri prestum. Þetta virðist mér benda ótvírætt til þess, að eitthvað sé gruggugt um hinn almenna vilja fólksins um að fá fleiri presta, sem hv. þm. V.-Sk. hefir verið að hrópa með.

Hvað snertir vilja prestanna sjálfra í þessu efni, þá er það svo, að þeir eru ekki allir á einu máli um þetta; a. m. k. þekki ég presta, sem telja sig hafa of lítið að gera. Þeir vilja fá meira svig-

rúm, til þess að „forpokast“ síður. Að vísu þekki ég líka presta, sem vilja hafa það rólegt, — vilja hafa sem minnst að gera. En það mun þó yfirleitt vera vilji alls þorra hinna yngri presta, að hafa svo mikið að starfa, að þeir geti sæmilega lifað á því og gengið upp í starfi sínu.

Hv. þm. getur á engan hátt bent á það, að trúarlíf fólks í þeim söfnuðum, þar sem sameining prestakalla hefir farið fram, sé á nokkuð lægra eða lakara stigi en þar, sem mjög litlir söfnuðir halda sér ennþá. En eigi nokkur lifandi maður að trúa röksemdafærslu hv. þm., þá verður hann að geta það, og jafnframt verður hann að geta leitt rök að því, að trúarlíf þess fólks, þar sem einn prestur hefir 1 eða 2 kirkjur, sé betra en þar, sem einn prestur hefir kannske 5 kirkjur. Hann verður t. d. að geta leitt rök að því, að trúarlíf fólks í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu, þar sem einn prestur hefir verið fyrir einn hrepp um langt skeið, sé betra en trúarlíf fólks hér í Reykjavík, þar sem fleiri þúsundir manna eru um einn prest. Ef hv. þm. er ekki nógu kunnugur á landinu til þess að þekkja staðhætti sem skyldi, þá skal ég fúslega nefna fyrir hann fleiri dæmi, þar sem einn prestur þarf ekki að messa yfir nema tæpum 100 sálum, og jafnframt skal ég nefna honum fleiri staði, þar sem einn prestur er fyrir fleiri þúsundir manna. — Hvað snertir mína persónulegu skoðun um þetta atriði, þá held ég, að trúarlíf fólks sé sízt betra í fámennu söfnuðunum en þeim fjölmennu. Geti hv. þm. ekki sannað þetta, sem ég nú hefi beint að honum, verður allur vaðall hans að teljast fimbulfamb eitt, sem aðeins á að vera til þess að slá ryki upp í augu fólksins.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson)**: Ég mun ekki svara hv. þm. V.-Sk. út af ummælum hans í minn garð eða fyrirspurn þeirri, er hann beindi til mín. En ef ræða hans um kosninguna í Hafnarfirði er óbrjáluð í þingtíðindunum, þá hefði hann áreiðanlega gott af að lesa hana.

Gísli Sveinsson: Hv. 1. þm. Árn. var að benda mér á að lesa ræðu, sem ég á sínum tíma hélt um þingmannskosningu í Hafnarfirði. Hvað ræðu þá snertir, þá minnist ég þess ekki, að neitt sérstakt hafi komið fram í henni, sem athugavert væri. Ég mun þá, eins og jafnan, hafa haldið því einu fram, sem rétt var og lög stóðu til, og ekki sagt annað en það, sem ég get alstaðar staðið við. Annars hafði ég engin afskipti af því máli, nema sem þm., og að öðru leyti virðist mér, að það, sem ég hefi sagt þá, komi þessu máli lítið við.

Annars var það ætlun mín að nota þessar athugasemdarmínútur mínar til þess að beina nokkrum orðum að hv. 2. þm. N.-M. Hann vildi fá skýrslu um það frá mér, að trúmálalíf fólks væri betra þar, sem einn prestur hefir fáar kirkjur, heldur en þar, sem einn prestur hefir margar. Þetta er vitanlega hvorki á mínu færi eða hans að upplýsa með tölum. Hann heldur, hv. þm., að það sé hægt að vega og mæla trúarlíf fólksins, hvað það aukist, t. d. eftir hverja messu, sem það hlýðir á, alveg eins og hann vegur og mælir þyngd og færleik hrútanna, þegar hann er að flækjast um landið, sjálfum sér til vandræða og öðrum til leiðinda. Nei, hv. þm. getur ekki vænzt þess, að ég fari að mæla söfnuðina á sömu vog og hann mælir hrúta sína á. Enda þótt flestir bændur muni nú vera búnir að fá nóg af honum, þá heldur hann samt uppi flakki sínu ennþá að einhverju leyti, því að hann var að tala um, að hann hefði hlýtt á messur síðastl. sumar. Ég tel það gott, sérstaklega á annatímum, ef messur eru sóttar í litlum sóknum, og þær sóknir, sem hann talaði um, eru sýnilega mjög litlar. Hitt er svo annað mál, hve fjölmennt hefir verið á þeim samkomum, sem hann hafði og auglýsti, enda geri ég ráð fyrir, t. d. í þurrkum, að fólk hafi þótzt hafa öðrum hnöppum að hneppa heldur en að sækja og rækja það orðfar, sem hann er kunnur að.

Ég vil bæta því við, að eftir minni vitund hafa prestar ekki gengizt sérstaklega fyrir því að mótmæla þessum till. Það er gleðilegt, að þótt prestar hafi hér að nokkru dregið sig í hlé, er það almenningurinn í söfnuðunum, sem hefir gengizt fyrir mótmælunum. Hér er því um allt annað að ræða heldur en það, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, að prestarnir vildu halda í hæg brauð og hafa lítið að gera. En ef prestarnir sjálfir einnig mótmæla þessum till., þá sýnir það, að þeir eru ekki svo hrifnir af embættisaukanum og launaviðbótinni, að þeir vilji fórna fyrir hana sæmilegri sálusorgun. Líka hefir verið sýnt greinilega fram á það, að þessi launaviðbót verður næsta lítilfjörleg, þegar hún er borin saman við þann erfiðisauka, sem breyt. hefir í för með sér.

Páll Zóphóníasson: Ég vil aðeins benda hv. þm. V.-Sk. á það, að ég hefi á síðastl. 5 árum komið frá því einu sinni og upp í 4—5 sinnum í hér um bil allar sóknir þessa lands, og það vill svo til, að á þessu ferðalagi mínu hefi ég æfinlega talað meira og minna um önnur efni en þau, sem snertu aðalerindi mitt, og ég get alveg fullvissað hv. þm. um það, að ég veit, á hvaða svæðum landsins það er, sem trúarlíf og trúmálaáhugi er í blóma, og hvar ekki. Ég get ekki sýnt það með tölum, eins og ég get um þyngd hrúta. En ég get farið um allt landið og sagt, hvar trúarlíf er mikið og hvar það er lítið, og það fer alls ekki eftir því, hvort prestarnir hafa mikið eða lítið að gera, heldur eftir því, hvernig presturinn er og hvernig sambandi hans við sóknarbörnin er háttað. Hv. þm. skal ekki geta fundið samband á milli þess, hvernig trúarlífi er háttað hjá einstökum söfnuðum, og þess, hve mikið starf presturinn hefir, heldur fer trúarlífið eingöngu eftir persónu prestsins sjálfs, svo og annara áhrifamanna í sóknunum, trúaráhuga hans og þeirra og sambandi hans við fólkið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 244 og 273, 257).

***Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson)**: Ég þarf ekki f. h. meiri hl. launamn. að hafa mörg

orð um frv. þetta að þessu sinni. Í nál. er vikið að þeim ástæðum, sem við teljum þess verðar, að frv. nái fram að ganga með þeim leiðréttingum sem við leggjum til, að á því verði gerðar. Við 1. umr. var málið rætt almennt, og komu þá fram þær ástæður, sem færðar hafa verið fram því til andmæla, og sömuleiðis þær ástæður, sem fram hafa verið færðar með því, og tel ég því ekki þurfa að hafa mörg orð um það nú. — Um brtt. þær, sem fyrir liggja frá öðrum en meiri hl., tel ég ekki ástæðu til að tala að svo komnu, fyrr en gerð hefir verið grein fyrir þeim. Mun ég svo ekki fjölyrða frekar að þessu sinni, en vænti þess, að hv. d. afgr. málið sem fyrst, því að ég tel fulla ástæðu til, að það nái samþykki þingsins áður en því slítur að þessu sinni.

***Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg):** Við 1. umr. þessa máls fylgdi flm. þess því úr hlaði og gerði ýtarlega grein fyrir tilgangi sínum með því, sem hann taldi aðallega vera þann, að spara ríkissjóði fé. Með því að fækka prestum eins og frv. gerir ráð fyrir taldi hv. flm., að sparast myndi á launagreiðslum til þeirra um 60 þús. króna.

Sú var tilætlun mþn., sem bjó frv. þetta til, að prestaköllunum yrði fækkað úr 108 niður í 66. Við hv. þm. A.-Húnv., sem skipum minni hl. n. að þessu sinni, höfum athugað frv. þetta bæði á síðasta þingi og nú, og hafa till. frá okkur legið fyrir á báðum þingunum. Það, sem við höfum fyrst og fremst tekið til athugunar, er það, hvort prestastéttin sé í raun og veru óþörf eða ekki, því að við erum þeirrar skoðunar, að hver sú starfsmannastétt í þjóðfélaginu, sem talizt getur óþörf, eigi að leggjast niður. Eins og kunnugt er, þá lagði mþn. í launamálum það til, að sýslumönnum og kennurum yrði líka fækkað. Hvað fækkun sýslumannanna snertir, þá hefir stj. þegar gefið svar við þeim till., þar sem hún hefir auglýst laust til umsóknar það sýslumannsembættið, sem að flestra dómi má helzt leggja niður. Kennurunum mun og erfitt að fækka fyrst um sinn, og er þá prestastéttin ein eftir. Við hv. þm. A.-Húnv. höfum ekki bundið okkur við nein sérstök „princip“ í þessu efni, heldur höfum við miðað till. okkar við óskir og þarfir þjóðarinnar, eftir því, sem okkur hefir frekast verið unnt, og þá að sjálfsögðu miðað við starfsvið prestanna.

Það er vitað, og því verður ekki með rökum á móti mælt, að frá alda öðli hefir prestastéttin borið uppi menningu þjóðarinnar; þó skal það viðurkennt, að nú í seinni tíð, eftir að menntamönnum tók að fjölga, hefir áhrifa þeirra gætt minna en áður. Í þessu sambandi ber og að athuga það, að nú nýlega er búið að fækka prestunum, og það svo mjög, að mþn. sú, sem málið hafði þá til meðferðar, sá sér ekki fært að fækka þeim meir en hún lagði þá til, þrátt fyrir góðan vilja. Við athugun málsins höfum við haft það fyrir augum að stækka prestaköllin, þó ekki svo, að fyrirsjáanlegt væri, að einhver hluti þeirra yrði prestsþjónustulaus, eða að hætta yrði á, að enginn prestur fengist í þau. Það er nú svo, að það má jafnan gera miklar kröfur til ungra manna, en þegar menn fara að eldast, má ekki gera sömu kröfur til þeirra, og því má ekki miða stærð prestakallanna við það, sem hugsanlegt er, að ungir menn fái afkastað. En það þarf ekki að fara í grafgötur til þess að sjá það, að það yrði miklum erfiðleikum bundið að þjóna sumum þeim prestaköllum, sem frv. gerir ráð fyrir, og það jafnvel fyrir unga menn.

Við athugun málsins höfum við í minni hl. komizt að þeirri niðurstöðu, að nokkuð mætti fækka prestunum frá því, sem nú er, og teljum við sanngjarnt, að þeim verði fækkað um 15, og kemur sú fækkun aðallega niður á þeim héruðum, sem beztar hafa samgöngur. Aftur höfum við ekki talið okkur fært að leggja til, að prestum yrði fækkað á Vestfjörðum, Austfjörðum og suðausturlandinu, þar sem samgöngur eru erfiðastar. Hinsvegar höfum við aftur lagt það til, að bætt verði við tveim prestum hér í Rvík, og verður ekki annað sagt en að þeirri fjölgun sé mjög í hóf stillt, þar sem söfnuðurinn hér greiðir í prestlaunasjóð sem svarar launum 4 presta.

Þá leggjum við til í till. okkar, að á 17 stöðum, þar sem við teljum ekki fært að stækka prestaköllin, skuli prestarnir annast barnafræðsluna, og með því teljum við, að ná megi sama sparnaði og mþn. í launamálum gerir ráð fyrir að ná með fækkun prestanna. Enda ekki eins nauðsynlegt að hækka laun prestanna mjög mikið, ef prestaköllin eru hæfilega stór, því að þá verður ferðakostnaður þeirra minni og yfirleitt allur embættiskostnaður. Í till. okkar á þskj. 273 teljum við okkur fara eins langt og gerlegt er í fækkun prestanna, en við áskiljum okkur þrátt fyrir það rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, jafnvel þó að þær miði að fjölgun presta frá því, sem við leggjum til, ef okkur við nánari athugun finnst slíkar till. eiga rétt á sér.

Þá skal ég með nokkrum orðum drepa á þá staði, þar sem við höfum lagt til, að prestum verði fækkað, og er þá fyrst, að við leggjum til, að Reynivallaprestakall, þar með talin Saurbæjarsókn á Kjalanesi, verði lagt undir Mosfellsprestakall. Verður tæplega annað sagt en að hér sé um nægilega stórt prestakall að ræða, enda þótt Þingvellir verði ekki látnir fylgja með.

Þá er næst, að við leggjum þá fækkun til í Borgarfjarðarsýslu, að Stafholtsprestakall verði lagt niður og því skipt á milli Reykholts- og Borgarprestakalla.

Í þriðja lagi leggjum við það til, að Miklaholtsprestakall í Hnappadalssýslu verði lagt niður og því skipt á milli Staðarstaðar og Staðarhrauns. Aftur gerum við enga till. til fækkunar þaðan og norður í Barðastrandarsýslu, en gerum aftur ráð fyrir, að prestarnir að Setbergi og Breiðabólsstað annist kennslu hver í sínu kalli.

Í Barðastrandarsýslu leggjum við til þá breyt., að Flateyjarprestakall verði lagt niður sem sérstakt prestakall og sameinað Brjánslækjarprestakalli. Hvort þessi breyt. sé rétt, getur vel verið álitamál, því að samgöngur þarna eru mjög erfiðar, og má því vel vera, að réttara sé að hafa þá skiptingu, sem nú er, en gera prestunum aftur að skyldu að annast kennslu.

Þá leggjum við til, að Tröllatungusókn verði lögð niður, en Óspakseyrarsókn lögð undir Prestsbakka. Ennfremur leggjum við til, að Tjarnarprestakall í Húnavatnssýslu verði lagt undir Breiðabólsstað. — Sem dæmi þess, hve ósanngjarnlega stórar sóknirnar eiga að vera samkv. frv., má benda á það, að Vestur-Húnavatnssýsla á að vera eitt prestakall, að undanteknu því, að Stað í Hrútafirði á að vera þjónað frá Prestsbakka. Eru þó vegalengdir þarna mjög miklar, eins og kunnugt er.

Í Austur-Húnavatnssýslu er lagt til, að fækkað verði um eitt prestakall, sem sé, að Auðkúluprestakall verði ekki sjálfstætt prestakall, en að prestinum á Æsustöðum verði falið að þjóna þar, og er þetta gert með tilliti til þess, að brú komi á Blöndu skammt frá Æsustöðum.

Þá er lagt til, að Glaumbæjarprestakall í Skagafirði verði lagt niður, og ennfremur er sú breyt. lögð til í Skagafjarðarsýslu, að presturinn í Viðvík hafi aðsetur sitt á Hólum. Þá leggjum við og til, að Hvammsprestakall fái að halda sér, en að prestinum verði aftur gert að skyldu að kenna. Þetta eru fámennar sveitir, og ætti prestinum því að vera auðvelt að annast kennsluna í heimavistarskóla. Teljum við, að þetta myndi heppilegra en að leggja kallið undir Sauðárkrók, því að oft er ófært þar á milli á vetrum.

Þegar Skagafjarðarsýslu sleppir, er engin fækkun lögð til fyrr en kemur norður í Þingeyjarsýslu. Á svæðinu þar á milli hefir áður verið fækkað eins og hægt virðist vera. Hvað Þingeyjarsýslurnar snertir, þá fara till. okkar til breyt. þar mjög í svipaða átt og till. mþn. og flm. frv., og sama máli gegnir um Austurland. Eru breyt. þær, sem við leggjum til, að þarna verði gerðar, svo smávægilegar, að ég hirði ekki að nefna þær hér.

Í Skagafjarðarsýslu leggum við engar breyt. til. Aftur leggjum við til, að fækkað verði um tvo presta í Rangárvallasýslu og einn í Árnessýslu, og að Hrunaprestakalli verði skipt. Hinsvegar leggjum við til, að Þingvallaprestakall verði sjálfstætt prestakall áfram og að prestinum verði gert að skyldu að kenna. Jafnframt viljum við, að honum verði falið yfireftirlit á Þingvöllum að öðru leyti en því, sem tekur til hreppstjóra eða lögreglustjóra. M. ö. o., að presturinn verði þarna einskonar „representant“ gangvart útlendingum og fleirum, sem þangað koma. Það þyrfti því að velja hann með tilliti til þessa, og því gerum við ekki ráð fyrir, að hann verði kosinn, eins og aðrir prestar, heldur skipaður af stjórnarvöldunum, því að með þetta markmið fyrir augum þyrfti að taka tillit til margs fleira en söfnuðir almennt gera kröfu til.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða öllu frekar um till. okkar. Ég vænti, að flestir telji þær til bóta, því að vart muni unnt að hafa prestaköllin eins stór og frv. gerir ráð fyrir, enda sé ég ekki, að fært sé að ganga svo mjög gegn vilja þjóðarinnar eins og virðist gert í frv. Hin mesta fækkun presta, sem við teljum, að til mála geti komið, er að fækka þeim um 15 og láta svo 17 annast barnakennslu að meira eða minna leyti.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég hefi leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 257. Hún hróflar ekki að neinu verulegu leyti við efni frv., er nánast sagt leiðrétting. Í frv. er gert ráð fyrir, að í Raufarhafnar-, Svalbarðs-, Sauðanes- og Skeggjastaðasóknum verði tveir prestar, og á annar að hafa þrjár sóknir, en hinn ekki nema eina. Þetta verð ég sem kunnugur maður á þessum slóðum að telja óheppilegt; tel miklu heppilegra að láta hvorn prestinn fyrir sig hafa tvær. Sá presturinn, sem ætti að þjóna Raufarhafnar-, Svalbarðs- og Sauðanessóknum, væri mjög illa settur á Raufarhöfn. Fyrir því legg ég til, að annar presturinn þjóni Raufarhafnar- og Svalbarðssóknum, en hinn Sauðanes- og Skeggjastaðasóknum, og að sá presturinn sæti á Þórshöfn. Hefi ég svo ekki fleira um þetta að segja. Ég vænti þess, að brtt. þessi verði tekin til greina.

Það var eitt atriði í ræðu hv. frsm. minni hl. launamn., sem ég vildi spyrjast frekar fyrir um. Hv. minni hl. leggur til, að í 17 prestaköllum skuli prestarnir annast barnakennslu að meira eða minna leyti, samhliða prestsstörfum sínum. Nú hefi ég veitt því athygli, að í mörgum þessara prestakalla, sem prestarnir eiga að annast kennslu í, er farkennsla. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. minni hl., hvort það vaki fyrir minni hl., að presturinn verði farkennari og kenni á 3—4 stöðum, a. m. k., á meðan kennslan stendur yfir.

*__Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson):__ Það er ekkert við því að segja, þótt minni og meiri hl. n. greini á um lausn þessa máls. Hv. minni hl. viðurkennir, að það sé hægt að fækka prestum að einhverju leyti frá því, sem nú er, og það er rétt fram tekið, eins og áður var lýst yfir af minni hálfu, að vitaskuld er þetta frv. fyrst og fremst fram komið af þeim ástæðum, að við álítum, að með þessu móti sé hægt að spara ríkissjóði verulegt fé, nærri 60 þús. kr. eftir útreikningi mþn. (__PHalld:__ Er það nú allt og sumt?). Í þeim útreikningi er falin sú hækkun, sem við höfum gert á launum presta.

Samkv. því yfirliti, sem launamálanefnd gerði yfir embættismenn ríkisins, greiðir ríkissjóður yfir 5½ millj. kr. í laun þessara manna, og er þó ekki talin með launagreiðsla til ýmsra starfsmanna, sem vinna hin og þessi störf fyrir það opinbera. Þegar þessi upphæð er borin saman við tekjur ríkissjóðs, sem fara að jafnaði ekki upp fyrir 15—16 millj. kr., þá sést, hve mikil upphæð er unnin með þessum sparnaði, sem fæst með fækkun prestanna, og þegar tekið er tillit til þeirrar upphæðar, sem fer í vexti og afborganir af ríkislánunum, þá sést það, að sá gjaldliður og sú upphæð, sem fer til embættismannanna, nemur meira en helmingi af tekjum ríkissjóðs. Ef litið er á það, að heildartekjur allrar þjóðarinnar eru milli 85—90 millj. kr., þá sér maður, hversu risavaxið þetta gjald er og hve nauðsynlegt er að reyna að draga úr því eftir föngum. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki beita mér fyrir þessu máli, ef þjóðin hefði úr nógu að spila. En hitt ber og á að líta, sem launamn. hefir líka gert, að laun prestanna eru svo lág, að þeir geta ekki einu sinni aflað sér nægilegs bókakostar. Þetta hefir launamn. reynt að færa í viðunandi horf. Hv. frsm. minni hl. hélt því fram

að það væri ekki hægt að fækka prestum öllu meir en hv. minni hl. leggur til, sakir þess, hve prestaköllin yrðu stór. Ég er hv. frsm. mjög ósammála um þetta. Það er vandalaust að fækka prestunum eins mikið og meiri hl. n. leggur til. (**PHalld:** Má ekki fækka þeim niður í núll?). Hv. 5. þm. Reykv. getur borið fram brtt. um það, ef hann vill. — Í þessu sambandi má benda á héraðslæknana. Þeir eru ekki nema rúmir 40 á öllu landinu, og ætla ég, að prestarnir þurfi ekki að leggja meira kapp á ferðir sínar um héruðin en læknarnir.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að við hefðum ekki séð okkur fært að fækka prestunum meira en við hefðum lagt til í mþn., þrátt fyrir góðan vilja. Hv. frsm. minni hl. hefir engan rétt til þess að vera með neinar getsakir um vilja okkar í þessu efni. Eins og ég hefi þegar tekið fram, var þessi fækkunartill. okkar gerð eingöngu með tilliti til sparnaðar, og til þess að þessi till. okkar yrði samþ., þorðum við ekki að ganga lengra í sparnaðinum.

Hv. frsm. vék að því, að á nokkrum stöðum væri ekki hægt að stækka prestaköllin og að n. hefði ekki séð sér fært að leggja til, að sum þeirra yrðu stækkuð. Það er rétt, að þetta á sér stað, en það sýnir, hvað prestaköllin eru misjöfn eins og þau eru nú. Þá vék hann að því, að ef prestaköllin væru ekki stór, þá væri minni nauðsyn á því að hækka launin. Þetta er alveg öfugt við það, sem alltaf er haldið fram, — eftir því sem aukatekjurnar eru minni, eftir því ætti að vera meiri þörf á því að hafa launin hærri. Sama er að segja um læknishéruðin. Í þeim fámennu eru launin hærri, af því að aukatekjurnar eru minni. Maður skyldi ætla, að svipað gilti um presta og lækna í þessu efni, því að hvorirtveggja taka laun fyrir sín aukaverk. Ég geri ekkert úr þeirri fullyrðingu hv. frsm., að í stórum prestaköllum fari svo mikið af launum prestanna í ferðakostnað.

Hv. frsm. minntist á dæmi úr Vestur-Húnavatnssýslu um það, hversu prestakall eigi að vera stórt þar, og fannst honum það mjög ósanngjarnt, þar sem það væri bæði viðlent og illt yfirferðar. En ég vil bara biðja hann um að hafa í huga, hvað sum læknishéruðin eru stór, ef hann ber þau saman við þetta prestakall; þau eru sum enn stærri og erfiðari yfirferðar.

Þá drap hv. frsm. á það, að hv. minni hl. n. ætlaðist til þess, að prestarnir kenndu á nokkrum stöðum. Í till. okkar í meiri hl. stendur það opið, að í nokkrum minnstu prestaköllunum, þar sem erfitt er að hafa þau stærri, geti menntamálaráðh. falið prestum kennslu á þeim stöðum heima í sinni sókn; lengra er ekki gengið í till. okkar, og þetta verður því aðeins heimilt, að séð sé fyrir því, að kennslan verði í fullu lagi. En ef á að framkvæma þetta eftir till. hv. minni hl., þá er ég hræddur um, að það yrði ekki vel metið af öllum, því að ég er ekki viss um, að prestar sækist yfirleitt eftir farkennslu.

Þá vék hv. frsm. að því, að það væri tæplega hægt að hafa þessa fækkun meiri, sökum þess að það væri gagnstætt vilja þjóðarinnar. Á hverju byggja menn þetta? Það má ef til vill segja, að við getum engir sagt, hver vilji þjóðarinnar er í þessu efni í raun og veru, en ef mark má taka á því, sem fram hefir komið um vilja þjóðarinnar í þessu efni, þá hefi ég miklu meiri rétt til þess að segja, að mikill meiri hl. þjóðarinnar fallist yfirleitt á þessa ráðstöfun okkar. Upp á síðkastið hafa verið haldnir fundir víða um land í því augnamiði að reyna að fá fólk til þess að samþ. mótmæli gegn prestafækkun. Margir prestar úti um land hafa orðið að boða aftur og aftur til slíkra funda til þess að vinna þessari viðleitni fylgi. Og hvernig hefir svo atkvgr. farið? Hún hefir farið þannig, að örfáir hafa greitt atkv. móti fækkuninni, fáeinir með, en allur þorrinn hefir setið hjá. Svo hefir verið hafin undirskriftasmölun og fólkinu sagt, að það ætti að missa prestinn sinn. Þannig hefir málflutningurinn verið; fólkinu hefir verið talin trú um það, að ef presturinn flytti af þeirri jörð, sem prestssetrið er á, þá tapaði það prestinum alveg. Ég veit ekki, hversu margir hafa lagt trúnað á þennan málflutning, en vera má, að mönnum hafi samt fundizt sem eitthvað gæti verið til í þessu, og með þessari miklu fyrirhöfn og þessari aðferð hefir tekizt að fá liðlega 5000 sálir á öllu landinu til þess að mótmæla því, að presturinn yrði tekinn af þeim. Nú er það, eins og gefur að skilja, mesti misskilningur, að það eigi að taka af fólkinu prestana. Það fær að halda þeim áfram, en hitt er rétt, að meðan kirkjurnar eru svona margar, þá á að messa sjaldnar í hverri kirkju, eftir að þessi skipun er komin á, heldur en nú er ætlazt til, að gert sé. En ég er sannfærður um það fyrirfram, að það verður ekki messað sjaldnar en nú er gert, því að þegar prestaköllin eru nokkuð stór og sóknarkirkjur fjölmennar, þá eru miklu meiri líkur fyrir því, að margt fólk komi til kirkju, svo að þá yrði áreiðanlega langtum minna um messufölll en nú. Og verði prestaköllum fækkað, þá verða kirkjurnar byggðar stærri og fegurri en nú, og það verður aftur til þess, að fjölmennara verður við kirkju en ella og oftar verður messað á hverjum stað. Þetta skilur meiri hluti fólksins vel, og þess vegna er ekki hægt að fá fleiri til þess að samþ. áskorun um það, að prestarnir verði ekki teknir af fólkinu. Það eru aðeins liðlega 5000 kjósendur, sem hafa skrifað undir þessa áskorun. Ég get ekki borið um það, á hvaða aldri þetta fólk er; ef til vill eru einhverjir í þessum hóp 16 ára unglingar. En kjósendur þessa lands, sem eru 21 árs og eldri, eru um 64000, og ég hefi því fullan rétt til þess að halda því fram samkv. því, sem komið hefir fram í þessum efnum, að fólkið sé yfirleitt alls ekki á móti því, að prestaköllin verði stækkuð og prestum fækkað. Vitanlega gerum við, sem stöndum að þessari till., ráð fyrir því, að laun þessara starfsmanna verði sómasamleg, svo að þeir geti gefið sig óskiptir við sínu starfi. Og þá eru miklu fremur líkur fyrir því, að ungir og efnilegir menn leggi þetta starf fyrir sig og geti svo innt gott starf af höndum seinna meir, þegar þeir hafa tekið við embættum. Ef stuðlað yrði að því, að prestarnir gætu gefið sig óskipta við sínu verki, þá finnst mér miklu meiri líkur til þess, að hægt yrði að efla kirkjulífið hér á landi, auðga það og gera það eftirsóknarverðara og

kennimennskuna glæsilegri og skemmtilegri en hún er nú á mörgum stöðum á landinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Hv. frsm. minni hl. hélt hóflega á sínu máli, eins og hans var von og vísa, og talaði um málið eins og það liggur fyrir frá hans sjónarmiði.

Viðvíkjandi brtt. frá hv. þm. N.-Þ. skal ég svo loks taka það fram, að ég man ekki, hvort um hana hefir verið rætt í n., en ég fyrir mitt leyti get fallizt á hana. Ég hygg, að það muni fara betur að haga þessari skiptingu eins og brtt. gerir ráð fyrir heldur en eins og í frv. felst. Ég er ekki nægilega kunnugur á þessum slóðum til þess að geta dæmt neitt nákvæmlega um þetta, en ég þykist vita, að hv. þm. hafi svo góðan kunnugleika á þessu, að hann viti, hvað bezt hentar í þessu efni.

***Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg):** Hv. þm. N.-Þ. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort ég ætlaðist til þess, að prestarnir önnuðust farkennslu í þeim prestaköllum, sem gert er ráð fyrir, að prestar kenni í. Þetta vakir alls ekki fyrir mér, enda er hér um svo lítil prestaköll að ræða, að ef um heimavistarskóla verður að ræða á annað borð, þá verður áreiðanlega hægt að koma þeim fyrir á þeim stöðum, þar sem prestarnir eru búsettir. Að vísu hafa prestarnir á örfáum stöðum 2 kirkjur, eins og t. d. á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu; þar er líka Narfeyrarsókn, en svæðið allt er ekki stærra en svo og liggur það vel við, að auðvelt verður að hafa þarna heimavistarskóla fyrir þau fáu börn, sem þar eru. Sama er að segja um Hvamm í Skagafirðinum.

Hv. frsm. meiri hl. undirstrikaði það enn á ný, að fyrir sér vekti fyrst og fremst sparnaður. Hann gat þess réttilega, að laun embættismannanna væru á 6. milljón. En væri ekki rétt að athuga, hvort hvergi er hægt að spara annarsstaðar. Í þessu sambandi má t. d. benda á það, að við vínverzlanirnar í landinu munu vinna nálægt 50 manns, en prestarnir, sem eiga að þjóna öllu landinu, eiga eftir till. meiri hl. n. að vera 65.

Að því er snertir tekjur þjóðarinnar, þá er skakkt að bera launagreiðslurnar saman við þær tekjur, sem aflað er af beinni framleiðslu. Þegar tekjur þjóðarinnar eru taldar hjá einstaklingum, þá skipta þær hundruðum milljóna. Þetta liggur í því, að peningarnir ganga frá einum til annars. Hv. 1. þm. Árn. hefir t. d. svo og svo miklar tekjur, en svo greiðir hann aftur starfsmönnum sínum meiri eða minni hluta af þeim. Allir telja fram sínar tekjur, og þegar laun eru greidd til embættismanna, þá er ekki hægt að miða við framleiðslutekjur þjóðarinnar, heldur verður að miða við heildartekjur hennar.

Hv. frsm. fór að bera saman lækna og presta, og vildi hann halda því fram, að ekki væri þörf á fleiri prestum en læknum. Ég vil benda á mjög mikinn mismun á þessu. Þegar læknir er kvaddur til sjúklings, þá þarf hann ekki að fara með skrifaðar ræður upp á vasann, sem tekur svo og svo langan tíma að semja, og svo fá læknar líka greiddan ferðakostnað, annaðhvort þannig, að þeir eru sóttir og þeim er skilað aftur af þeim, sem þarf á þeirra aðstoð að halda, eða að þeir fá greiddan ferðakostnað samkv. reikningi. Þessi ferðakostnaður er allmikill á hverju ári, og ef prestum er lögð sama skylda á herðar í þessu efni, án þess að þeir fái ferðakostnað, þá er gert svo greinilega upp á milli þessara stétta, að slíkt getur í rauninni alls ekki komið til mála. Þetta verður hv. þm. að taka með í reikninginn. Ef prestarnir eiga af launum sínum einum saman að standa straum af ferðakostnaði sínum, þá er ekki hægt að ætla þeim eins stórt svæði og læknunum, að slepptum öllum ræðum, sem þeir þurfa að sitja við að semja. Hér við bætist svo það, að við, sem erum í minni hl. n., ætlum prestunum að vera áfram eins og hingað til einskonar menningarleiðtogar þjóðarinnar, fyrst og fremst í sveitunum. Þess gætir vitanlega minna í kaupstöðunum, en ef prestarnir eru alltaf á ferðalagi um sveitirnar, þá hafa þeir ekki nægan tíma til þess að sinna þessu hlutverki.

Hv. frsm. minntist á það áðan, að ég teldi minni nauðsyn á því að hækka laun presta frá því, sem nú er, ef prestaköllin væru ekki stækkuð mjög mikið. Ég hefi áður gert grein fyrir skoðun minni í þessu efni. Samkv. till. meiri og minni hl. n. er gert ráð fyrir því, að prestarnir kosti ferðir sínar sjálfir, og því stærri sem héruðin eru, því meira þarf að bæta við laun þeirra til þess að þeir geti staðið straum af ferðakostnaðinum. Með því að hafa prestaköllin eins stór og gert er ráð fyrir verður varla komizt hjá því fyrir prestana í þeim prestaköllum að hafa bíl, og það er vitanlega dýrara en að nota hest, eins og verið hefir.

Hv. frsm. vildi vefengja það, að þjóðin væri á móti þeirri prestafækkun, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég vil benda hv. þm. á það, að þegar ekki hafa komið fram neinar raddir um nauðsyn þess að fækka prestum frá því, sem nú er, nema frá kommúnistum, sem ekki eru mannmargir í landinu ennþá, sem betur fer, þá er ekki hægt að halda því fram, að þjóðin sé yfirleitt meðmælt prestafækkuninni. En það eru merkilega margir menn, sem eru farnir að glæpast á þessum kenningum og virðast ekki gera sér það ljóst, að þeir eru að taka undir kenningar og kröfur kommúnista um að vinna á móti kirkju og kristindómi, því að sumir þessara manna undirstrika það við hvaða tækifæri sem þeir geta, að þeir vilji kirkjunni allt hið bezta. En samtímis því, sem þeir segja þetta, þá bera þeir fram till., sem miða í þá átt að gera prestaköllin svo úr garði, að ekki er hægt að sinna þeim, eða þá að enginn fæst til þess vegna þess, að það er svo mikill þrældómur. Ég er ekki að beina því til hv. 1. þm. Árn., að hann vilji vinna á móti kirkju og kristindómi í landinu. Hann segir sjálfur hið gagnstæða og heldur því fram, að hann vilji styrkja kirkjuna, og vil ég taka það trúanlegt, að svo sé. En sé það í raun og veru meining hans, þá er þess meiri ástæða fyrir hann að taka til endurskoðunar enn á ný till. sínar og félaga sinna um svo gífurlega prestafækkun sem hér er gert ráð fyrir. Ef það er vilji hans, að hér sé starfandi þjóðkirkja í landinu, sem er þess umkomin að vinna á móti þeirri stefnu, sem hér hefir orðið vart, eins og víða annarsstaðar, að afnema

kirkju og kristindóm, þá er fullkomin ástæða til þess að fara varlega í því að gera prestaköllin svo stór, að aðeins ungir menn sjái sér fært að þjóna þeim.

*Eiríkur Einarsson: Mér þykir rétt að gera með nokkrum orðum grein fyrir því, hvers vegna ég mun ekki við atkvgr. treysta mér til að fylgja frv. því, sem hér liggur fyrir. Eins og vitað er, þá hefir stór n., launamálanefnd, sem starfaði milli þinga, lokið störfum sínum og lagt fram margar brtt. um starfsmannahald og launaákvæði hinna opinberu starfsmanna ríkisins, og eins og er góðra gjalda vert, þá mun fjöldi af þeim till. ganga í þá átt, eins og ætlazt var til og mun hafa verið megintilgangurinn með skipun n., að spara á sem flestum sviðum. Af þessum till. n. hafa nokkrar þegar komið fram á Alþingi, og það, sem helzt mun horfa til framgangs hér, enda ekki ósennilegt eftir aðstöðunni í þinginu, er það mál, sem hér er til umr., sem er um skipun prestakalla.

Það er sagt, þegar spurt er um það, hvað þetta frv., ef samþ. verður, muni verða til mikils sparnaðar fyrir ríkið, að það muni ekki fara fram úr 60 þús. kr. Það er allt hey í harðindum, og það er ekki rétt að gera lítið úr þessu. En mér er það hugstætt mál, að þegar á að leggja niður af opinberum starfsmönnum heilar tylftir af þessum gömlu starfsmönnum þjóðarinnar úr prestastétt og spara með því 60 þús. kr., sem eins og ég gat um áðan, er tiltölulega há upphæð, þá er með þessu ekki sparað meira en sem svarar launum þriggja hæstu tekjumanna landsins. Þegar lítið er á þetta frá þessari hlið, þá má segja, að þetta sé lítill sparnaður, en hinsvegar munar ríkissjóðinn mikið um 60 þús. kr. á þessum erfiðu tímum. Mér gremst það beinlínis, að þegar kemur að því, að það eigi að lögfesta einhvern sparnað á embættaútlátum ríkissjóðs, þá vill alltaf svo til, að það er ráðizt á garðinn þar, sem hann er lægstur. Við skulum segja, að embættislýður landsins — hvort sem það eru læknar, til þess að græða líkamsmein manna, eða sýslumenn og lögreglustjórar, til þess að halda uppi lögunum, eða þá prestastéttin, til þess að halda uppi hinni andlegu menningu — sé velþóknanlegur landsbyggðinni, enda er þeim haldið uppi með miklum kostnaði í þarfir landsmanna. En þegar á að fara að spara eitthvað, þá er alltaf ráðizt þar á garðinn, sem hann er lægstur, og þá verður alltaf embættismannahaldið til sveita fyrir valinu. Það er vitað mál og líka skiljanlegt, að flestöll hin hæstlaunuðu embætti á síðari tímum — en mörg þeirra eru mjög mikilsvarðandi — eru stofnuð samkv. þörfum, sem urðu til fyrir löngu og einnig hafa skapazt samkv. viðhorfi síðari tíma, og er þar engu hægt að breyta. Ég vil slá því föstu, að ef maður á að gera ráð fyrir, að sveitafólkinu sé yfirleitt þægð í því að hafa prestana, þá er hér verið að ráðast á menningarréttindi þess. Ég vil ekki blanda mér mikið í það mál, hvort það séu almennar óskir, að ástandið haldist eins og það hefir verið, eða gera megi ráð fyrir því, að það hafi komið fram vilji um að fækka þeim. Ég vil ekki segja neitt um þetta, en ég staðhæfi, að frá sjónarmiði þeirra, sem vilja vera ákveðnir um aðrahvora skoðunina, hvað vilja manna snertir í þessu efni, þá er það ekki gott að taka munninn of fullan til staðhæfinga. Og eftir því, sem ég veit bezt, þá er það, sem helzt hefir komið fram opinberlega í þessu máli, til stuðnings fyrir þá, sem halda því fram, að sveitafólkinu sé það heldur mótfallið, að prestunum sé fækkað. Þó að það séu ekki nema 6000 manns, sem liggja undirskriftaskjöl frá hér á Alþingi, þá eru það samt nokkuð margir, og má ekki gera lítið úr því. Ég veit líka, að í vissum héruðum, eins og t. d. í Árnessýslu — en þaðan munu liggja fyrir með því fæsta af slíkum undirskriftaskjölum, líklega frá tveim eða þremur hreppum, og einnig er von á skjali úr Arnarbælissókn — hafa legið fyrir frá safnaða- og héraðafundum, þar sem þetta mál hefir verið tekið til meðferðar af fulltrúum frá fólkinu, mótmæli gegn þessu. Það er auðvitað ekki rétt að gera mjög mikið úr þessu, en að því leyti, sem þetta hefir komið fram og verið staðfest, þá hnígur vilji fólksins í þessa átt. Ég held því af þessu, sem ég nú hefi sagt, að þá sé það óverjandi að gera ráðstafanir til breyt. á prestaskipuninni í þá átt að fækka prestum í landinu, ef það eru ekki nægileg skilríki fyrir því, að fólkið vilji þetta. Við, sem erum að guma af því, að einn þátturinn í okkar góðu siðmenningu sé lýðræðið, höfum ekki af miklu að státa, ef það fær ekki að njóta sín, sem er sérstaklega einkamál fólksins flestum öðrum málum fremur, enda veit ég þá ekki, hvað ætti að fá að njóta sín. Það er svo með kirkjuna, með öllum hennar kostum og göllum frá fornu fari, að fólkið hefir talið hana menningarmiðstöð sína og að ýmsu leyti athvarf sitt, þó að á ýmsu hafi gengið í þeim efnum og margt hafi verið hægt að segja með réttu henni til óvirðingar. Og þegar um það er að ræða á hinu háa Alþingi að fækka prestunum, þessum leiðandi mönnum fólksins um menningarmál, um svo stóran mun sem till. gera ráð fyrir, þá finnst mér óverjandi að lögfesta það án þess að fólkið sé spurt um það, hvort það er vilji þess eða ekki. Þó að það væri ekkert annað en þetta eitt, sem mætti tilgreina, þá er það nóg til þess, að ég vil ekki greiða atkv. slíku frv. Slíkt getur fyrst komið til mála, ef meiri hluti þjóðarinnar segir, að hann hafi ekkert með prestana að gera. Ef niðurstaðan verður þessi, þá gæti Alþingi ekkert annað gert en að hlíta þeirri niðurstöðu, en við höfum ekki ástæðu til þess að ætla, að þetta verði á næstunni. Ef á að gera breyt. á þessu, þá er það réttmæt undirstaða málsins, að fólkið sé spurt. — Það er lítið, sem gert hefir verið að því að fækka prestaköllum í sparnaðarskyni, en ég veit það t. d., að þegar Ólafsvallaprestakall var lagt niður og lagt undir Stóranúpsprestakall, að þegar svo vildi til, að prestaskipti urðu eftir sameininguna, þá kom það til athugunar, hvort hinn nýi prestur skyldi vera búsettur í þessu prestakallinu eða hinu, og varð um þetta leiðinlegur ágreiningur. Og ég get trúað, að ef mikil prestakallasamsteypa ætti að fara fram víða um land, þá myndi verða togstreita og ágreiningur milli hreppanna um það, hvort presturinn skyldi vera búsettur í þessum hreppnum eða hinum.

Það er auðvitað mikið álitamál, hvað mikil þörf er fyrir prestana, og vil ég hafa um það sem fæst orð, enda eru mjög skiptar skoðanir um það víða um land. Það er eitt, sem hefir verið nefnt í þessu sambandi af þeim, sem vilja fækka prestunum, og það er útvarpið. Ég skal játa, að þetta er töluvert atriði. En það er á það að líta, hvað almenningi finnst, að sé fólgið í því starfi, sem presturinn innir af hendi. En þetta hefir verið rætt mjög lauslega, eða þá alls ekki. En okkur vantar alþjóðlegar rólegar umræður um þetta. Það hefir t. d. verið rætt langtum meira á síðari tímum um viðhorf og þörf kennarastéttarinnar heldur en um þörfina fyrir prestana og störf þeirra. Þó að prestarnir hafi haft margt ágætt í fari sínu, þá verður því ekki neitað, að á þeim tímum, sem þeir náðu mestum völdum, þá hætti þeim mest við að syndga upp á náðina. En það þarf ekki að segja það um prestana núna, að þeir hafi mikil völd, því að þeir eru núna hálfgerðar hornrekur í þjóðfélaginu. En við verðum að vera prestastéttinni þakklátir fyrir allt það, sem hún hefir vel gert, og þegar kveðinn er upp dómur um þessa stétt, þá verðum við að muna það, að í henni hafa verið margir ágætir menn, svo sem Jón Vídalín, Hallgrímur Pétursson, Matthías Jochumsson og Haraldur Níelsson. Við getum ekki gengið framhjá þessu sem verulegu atriði og ættum því ekki að vera mjög kotrosknir, þegar við erum að dæma um það, hvort þörf sé fyrir prestastéttina eða ekki. Ég vil, að þetta mál sé rætt fyrir opnum dyrum, fyrir allri þjóðinni, og að hún sé spurð að því, hvort hún vilji hafa þessa stétt áfram, sem hefir verið talið, að hafi haldið uppi menningu úti um sveitir landsins frá árinu 1000 til þessa dags. Þar sem ég vil ekki taka þátt í því verki þingsins að samþ. þetta, án þess að hafa skilríki frá fólkinu um, að það vilji þetta, þá þykist ég hafa góða ástæðu til þess að segja nei við þessu frv. — *Ég mun ekki fara núna út í* einstaka liði frv., en ef til vill verður ástæða til þess seinna, þegar maður sér betur, hverju fram vindur um framgang málsins.

*__Sigurður Einarsson:__ Ég átti í fyrra sæti í launamálanefnd, sem hafði þessi mál til meðferðar, *og í sambandi við þetta mál verð ég að* segja það, að ég hefi enga trú á því, að það sé hægt að skipa þeim málum eins og gert er í frv. því, sem hv. 1. þm. Árn. flytur. Það eru sérstaklega tvö svæði á landinu, þar sem ómögulegt er að haga þessu eins og þar er gert ráð fyrir, en það er á Austurlandi og Vesturlandi. *Ég ætla ekki að eyða tíma í þessar deilur um það,* hvað prestastéttin kunni að vera fyrir menningu og trúarlíf í þessu landi, heldur ætla ég að taka praktísku hliðina og athuga í þessu sambandi, hvort það er yfirleitt hægt fyrir menn að komast yfir þetta starf með þeirri skipun prestakalla eins og gert er ráð fyrir á þskj. 70. Við skulum taka t. d. 13. tölul., þar sem gert er ráð fyrir hinu væntanlega Brjánslækjarprestakalli, en þar á presturinn að sitja á Brjánslæk og hafa Gufudals-, Múla-, Flateyjar-, Bránslækjar- og Hagasóknir. Það er svo að segja öll austanverð Barðastrandarsýsla, að viðbættri Flatey, og ef presturinn á að sitja á Brjánslæk, þá má það heita ógerningur fyrir hann að komast yfir prestakallið. Ef hann ætti t. d. að fara frá Brjánslæk til Gufudalskirkju, þá verður hann að fara upp á Þingmannaheiði, sem er hálf dagleið, og svo yfir í Vattarnes í Múlasveit, *og þegar hann er* kominn þangað, þá verður hann enn að fara yfir tvo bratta hálsa. Það er meira en dagleið fyrir hann að komast þetta að sumarlagi. Þessu prestakalli, eins og það er hugsað, yrði aðeins þjónað frá einum stað, og það er frá Flatey sjálfri. Það má fara á mótorbát úr Flatey, og er þá verið á *fjórða tíma að fara í logni og blíðu* úr Flatey og upp í Gufufjörð, því að þessir trillubátar eru ekki skjótari í förum en þetta. Ég hefi hugsað mér, ef út liti fyrir, að þetta frv. yrði samþ., að bera þá fram brtt. við 13. lið um það, að presturinn sé búsettur í Flatey, því að þá getur hann komizt þetta á sjó á hverja kirkju. *Hinsvegar eru engar líkur til þess, ef hann er* búsettur á Brjánslæk, að hann hafi tök á því, fremur en aðrir bændur, að halda sig með svo stóran mótorbát, að honum væri hægt að komast þetta á sjó, eins og hann yrði þó að gera. — Í nál. minni hl. er aftur á móti sanngjarnlegar að þessu farið. Núv. Flateyjarprestur hefir þjónað *Haga- og Brjánslækjarsóknum, og þetta er* kleift úr Flatey. En minni hl. gerir þó ráð fyrir, að presturinn sé búsettur á Brjánslæk, en þar er hann miklu verr settur til þess að gegna þessu embætti heldur en ef hann er búsettur í Flatey. Hann getur komizt að Haga, en hann er illa settur að komast út í Flatey frá Brjánslæk. — *Þetta er eitt lítið dæmi þess,* hvað ég held, að hv. flm. og þeir, sem að þessu standa, hafi litla hugmynd gert sér um það, hvernig horfir við um þetta á útkjálkum, þar sem erfitt er með samgöngur. (**JörB:** Veit hv. þm., hvar ætlazt er til, að presturinn sé búsettur?). Er þess ekki getið þarna?

Þá skal ég taka t. d. Sauðlauksdalsprestakall, vestan til í Barðastrandarsýslu. Eins og það er hugsað í frv., þá tel ég það ofætlun einum manni að þjóna því, enda er það núv. Eyraprestakall, Patreksfjörður, Sauðlauksdalur og Stóri-Laugardalur. Það er svo erfitt umferðar eins og það er nú, að það er alls ekki — án þess að við sé *bætt — nema á færi sæmilega frísks manns* að gegna því. Einn duglegur prestur, sem hafði verið þar, kom hingað til þess að vera kennari hér. Hann hafði þjónað þar á annan tug ára með miklum dugnaði, en gafst þá upp við að vera prestur í þessu prestakalli. — Ég verð hinsvegar að segja, að þegar ég lít á brtt. minni hl., þá *felli ég mig miklu betur við þær en frv., en ég* gæti þó búizt við, að á öllum greiðfærum svæðum landsins mætti þoka þessu meira saman en þar er gert. En það, hversu greitt er að ferðast, gerir út um það, hvað prestaköllin mega vera stór. En á Austurlandi og Vesturlandi er lítið greiðara að ferðast nú í dag en fyrir 50 árum, en í öðrum héruðum er þessi aðstaða ósambærileg. Hvort sem mönnum líkar það vel eða illa, þá verða prestaköllin að vera þannig á hinum ógreiðfærari stöðum, að hægt sé að þjóna þeim. En hitt er annað mál, hvort menn vilja kosta þessu til. En þessu má ekki breyta þannig, að

prestsþjónustan sé gerð að nokkurskonar sýndarleik með því, að prestunum sé ætlað að hafa of mikið.

Út af 3. brtt. minni hl. vil ég segja það, að ég held, að það sé mjög óheppilegt að kveða svo á með l., að söknarprestar skuli vera barnakennarar á vissum svæðum á landinu án sérstakra launa. Mér þykir þetta óviðfelldið og ekki heppilegt, nema þar sem svo semst um og aðrar ástæður gera það fært eða æskilegt, en að lögleiða það á vissum stöðum, tel ég vafasamt. Þingvallaprestur á bæði að vera kennari og umsjónarmaður Þingvalla. Ég efast um, að þetta sé rétt, en ég tel alls ekki rétt að lögleiða það. Presturinn á Hólum í Hjaltadal á að kenna eina námsgrein við bændaskólann á Hólum án sérstakra launa. Ég efast ekki um, að presturinn þar gæti gert þetta, en ég tel ekki rétt að lögleiða slíka kvöð á þennan eina mann, enda hefir því ekki verið haldið fram, að prestakallið sé lítið.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér fellur langtum betur við till. minni hl. í þessu máli, því að þær eru nær sanni um það, hvað hægt er að koma í framkvæmd, heldur en frv. sjálft. Ég er að vísu ekki kunnugur sjálfur nema í stöku prestaköllum, en þar, sem kynni mín ná til, sé ég enga möguleika á því, að prestar geti yfirleitt rækt svo stór prestaköll til yfirferðar sem þeim eru ætluð í frv. Ég vil t. d. minna á Staðarhólsprestakall, sem á að ná yfir Skarðs-, Staðarhóls-, Garpsdals-, Reykhóla- og Staðarsóknir. Þetta er feikna flæmi, ógreitt yfirferðar og bilasamgöngur engar. Og mér er óhætt að fullyrða, að sá, sem yrði prestur í því prestakalli, yrði aldrei mosavaxinn heima hjá sér, ef hann ætti að gegna öllum þeim skyldum, sem á slíkum mönnum hvíla, og þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Það er að vísu rétt, að nokkurn sparnað myndi frv. hafa í för með sér, en þann sparnað má ekki kaupa svo dýru verði, að starfið sé annaðhvort gert ókleift eða svo erfitt, að enginn vilji taka það að sér. Í stað slíkra ráðstafana liggur nær að spyrja þjóðina sjálfa að því, hvort hún telji starf prestastéttarinnar þess virði, að því sé haldið áfram, og telji hún, að svo sé ekki, eiga aðskipti ríkisins af þessum málum að hætta og áhugamennirnir sjálfir að annast sín safnaðarmál. En meðan löggjafarnir hafa ekki snúið sér til þjóðarinnar um þessi mál né þjóðin látið vilja sinn í ljós, tel ég þá skipun þessara mála, sem lögð er til í frv., vera ógerlega og óréttmæta.

*__Jón Pálmason__: Hv. þm. Ak. hefir þegar gert svo ljósa grein fyrir skoðunum og brtt. minni hl. í þessu máli, að ég hefi þar engu við að bæta. En ég vil þó fara nokkrum orðum um málið sjálft, áður en umr. lýkur.

Ég vil þá fyrst fara nokkrum orðum um launamálið í heild. Það var tilkynnt í launamálanefnd á síðasta þingi, að afráðið væri að afgr. ekki launamálið á því þingi, en hinsvegar yrði það afgr. á því þingi, sem nú stendur yfir. Því afgr. ekki launamn. frv. sjálft þá. En sjálfstæðismennirnir í n., og mér er óhætt að segja Sjálfstfl. á þingi allur, gerði auðvitað fastlega ráð fyrir því, að málið yrði í heild afgr. á þingi nú í samræmi við ofangreinda tilkynningu. En á því virðast litlar eða engar horfur. Frv. var lagt seint fram, og þingnefndin hefir lítið starfað að því síðan.

Það virðist því næsta einkennilegt, að nú skuli vera borið fram frv., eitt út af fyrir sig, sem gerir ráð fyrir að fækka í einni stétt embættismanna, prestastéttinni, um 40. Þetta verður ekki skýrt á annan veg en þann, að hv. meiri hl. n. telji þetta mest aðkallandi af því, sem n. hefir til meðferðar.

Ég tel mikla þörf á því að afgr. launamálið í heild sem fyrst, til þess að skapa réttlæti og færa niður gjöld ríkissjóðs. En ég get ekki fallizt á það, að heppilegasta leiðin til þess að færa niður gjöldin á þessu sviði sé sú, að fækka prestum. Undanfarið hefir það verið svo, að í hvert skipti, sem minnzt hefir verið á að fækka embættismönnum, hefir ávallt verið ráðizt á sveitirnar, jafnframt því, sem opinberum starfsmönnum í kaupstöðunum hefir verið fjölgað á hverju þingi, einkum þó í Reykjavík.

Úr því að engar till. hafa komið fram um það í alvöru að fækka embættismönnum í kaupstöðunum, verð ég að álíta, að með þessu frv. sé farið alveg aftan að siðunum. Þó væru till. frv. auðvitað alveg forsvaranlegar og jafnvel sjálfsagðar, ef álitið væri, að þessi stétt, prestastéttin, væri þjóðinni óþörf í heild sinni. En meiri hl. virðist þó ekki vera á þeirri skoðun. En sé nú hér um þarfa stétt að ræða, sem ber að styrkja, nær svo mikil breyt. sem þetta auðvitað engri átt. — Starf prestanna er svo mjög annars eðlis en störf lækna, að það hlýtur að verða miklu tímafrekara, ef það er rækt sem vera ber. Meiri hl. vill halda því fram, að störf presta liggi nær eingöngu í prédikunum og svokölluðum aukaverkum. En ég tel þetta alveg fjarstæðu. Aðalstarf prestanna er að mínu áliti hið uppeldislega, þ. e. uppfræðsla ungdómsins í kristilegum fræðum, og eigi hún að fara vel úr hendi og vera rækt svo sem vera ber og gert hefir verið áður víðast hvar, er það starf svo tímafrekt, að ekki kemur til mála að ætla prestum svo stór prestaköll sem frv. gerir ráð fyrir. Það má að vísu segja, að þar sem aðeins séu tveir prestar í Reykjavík, ættu sveitirnar að geta komizt af með færri presta en þar eru nú. Því að augljóst er, að í Reykjavík geta tveir prestar ekki lagt mikla vinnu í barnafræðsluna, þótt allir séu af vilja gerðir. En úr slíkum annmörkum á að bæta, en ekki auka við þá með því að leggja niður 40 presta.

Viðvíkjandi aukakennslu presta vil ég segja það, að stefna mín í þessu máli er sú, að auka skuli störf presta, en ekki fækka þeim. Kennsla er einmitt náskyld þeirra núverandi starfi. Ef presturinn er áhrifarikur maður, getur hann einmitt sem kennari haft veruleg áhrif á hugsunarhátt uppvaxandi kynslóðar. Ég er því þeirri stefnu fylgjandi, að prestar hafi meira að segja í kennslulegu tilliti heldur en áður. — Um hitt má deila, hvort rétt sé að lögbjóða, að prestar á vissum stöðum annist barnafræðslu, en ég staðhæfi það, að fullir möguleikar eru til þess, að prestar annist slíka fræðslu í smærri prestaköllum.

Út af því, sem hv. 9. landsk. sagði um Brjánslækjarprestakall, skal ég játa, að vel má vera, að hentugra sé, að presturinn hafi búsetu annarsstaðar. Minni hl. mun taka til velviljaðrar athugunar slíkar brtt., er fram kunna að koma, eins og t. d. brtt. hv. þm. N.-Þ.

Ég get ekki séð neitt því til fyrirstöðu, að presturinn á Þingvöllum sé þar jafnframt kennari og umsjónarmaður. Ég álít það vel við eigandi, að æðsti maður þar sé presturinn.

Minni hl. telur það vel viðeigandi, að prestur sé settur að nýju á hinn helga Hólastól. Viðvíkjandi kennslu þeirri, sem þeim presti er ætluð í frv., má geta þess, að prófasturinn í Viðvík kenndi lengi íslenzku á Hólum, þrátt fyrir þá vegalengd, sem þar er á milli. Því virðist engin frágangssök, að prestur, sem situr á staðnum, kenni við skólann.

Við, sem erum í minni hl., viljum ná sparnaði með því að auka við störf presta, en ekki með því að fækka prestum stórlega og hækka laun hinna, sem eftir eru.

Ég vil að lokum vona, að hv. þm. athugi vel, hvað þeir eru að gera, áður en þeir rétta upp höndina með þessu frv.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 70, n. 244 og 273, 257, 309, 310).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 309 og 316. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það hefir undrað mig, svo sem við mátti búast, að hv. meiri hl. n. hefir ekki viljað bera fram þær brtt., sem þó hefðu mátt vera til bóta við frv., og get ég þá lýst því yfir, að hv. minni hl. ber fram brtt., sem nokkuð bæta úr, og hefði hv. meiri hl. vel mátt hallast að þeim. Það ber ekki að skilja þetta svo, að ég sé sammála hv. minni hl. Ég er ósamþykkur öllum þeim brtt. og tel eftir þeim skilríkjum, sem fyrir liggja og kunnug eru, að það sé til óheilla að gera nokkra breyt., en þótt ég sé á móti öllum breyt. og telji þær neyðarúrræði, þá er þó betra að veifa þeim lagfæringartill., sem hv. minni hl. hefir gert, heldur en engu. En viðvíkjandi þeim rökstuðningi hv. meiri hl., sem fram hefir komið við umr., skal ég geta þess, að hann hefir sízt orðið til þess að sannfæra mig eða aðra um réttmæti málsins.

Ég var ekki viðstaddur nú, þegar hv. frsm. meiri hl. talaði, en ræða hans hefir væntanlega verið stutt og hann að mestu vísað til þess, sem hann hefir áður sagt, en mér hefir þó verið sagt, að hann hafi látið í ljós, að hann efaðist mjög um, að þjóðin væri á móti prestafækkun, og að hann teldi það ekki aðeins ósannað mál, heldur ósatt mál, sem ég hefði borið fram, að þetta hefði greinilega komið fram hjá þjóðinni. En hér liggja fyrir sannanir um það, að a. m. k. sá hluti þjóðarinnar, sem lætur sig trúarlíf nokkru skipta, vill ekki, að prestum sé fækkað frá því, sem nú er. Í söfnuðum víðsvegar úti um land hafa verið haldnir mótmælafundir, og frá þessum söfnuðum hafa Alþingi borizt bréf og áskoranir um að fækka ekki prestum. Sá hluti þjóðarinnar, sem á þennan hátt hefir látið til sín heyra, er ekki minni en það, að 6 þús. kjósendur hafa skrifað undir þessi mótmælaskjöl. Það út af fyrir sig mun vera einstakt í sögu vorri, að 6 þús. kjósendur taki sig til og skrifi slíka áskorun til Alþingis, og virðist það vera fullframbærileg rök um vilja almenningsins í landinu. Þætti mér fróðlegt, ef nokkur kynni að nefna annað skjal með svo mörgum undirskriftum, sem borið hefði verið fram fyrir Alþingi. Ég hygg það sízt ofmælt, að þetta sé það langnafnaflesta bréf, sem Alþingi hefir borizt. Auk þessa hafa svo söfnuðirnir úti um héruð landsins látið til sín taka með þeim fundum, sem haldnir hafa verið í fjölmörgum söknum, og allar þær ályktanir, sem þar hafa verið gerðar, eru á sömu lund. Þessar sóknir, sem þannig hafa látið vilja sinn í ljós, eru um 120. Hér er því einnig um einstakt atriði í sögu vorri að ræða, að svo glögglega skuli koma í ljós vilji landsmanna allra sem hann hefir gert í þessu máli á þessum fundum. Nú er það eigi svo, að Alþingi hafi sent út áskoranir til fólks um að gefa upp álit sitt á málinu, heldur er þetta upp tekið vegna þess, að söfnuðirnir hafa séð, að með frv. því, sem hér liggur fyrir, var gengið á rétt þeirra. Þess vegna tel ég það alveg einstakt, að svo skýrar raddir skuli koma fram um málið, og finnst mér, að það beri að taka öfugt til orða við það, sem hv. 1. þm. Árn. gerði, og það beri að undrast þann áhuga fyrir málefninu, sem kemur fram í þessum kröftugu mótmælum.

Því hefir verið haldið fram af hv. frsm. meiri hl., að það mundu vera prestar landsins, sem hefðu safnað saman þessum mótmælum, og þess vegna væri lítið mark takandi á þeim, en prestarnir smöluðu atkv. og nöfnum til mótmæla, vegna þess að þeir væru að vernda sinn hag og vildu ekki sameininguna. Nú er mér það kunnugt, eins og ég hefi áður tekið fram, að prestarnir hafa lítið skipt sér af þessu, en þó nokkuð á héraðsfundum, en það er vitað, að þeir eru líka eindregið á móti breyt. En ef það væri nú rétt, að þeir hefðu beitt sér fyrir þessum mótmælum, — er það þá ekki full sönnun þess, að þeir sjá, að hvorki þeirra hagur sé svo bættur sem hv. frsm. er alltaf að stagast á, að til sé ætlazt, né að kirkju- og trúarlíf muni aukast? Prestar sjá það, að engar þessar umbætur muni fást með breyt., og eru það enn ný rök fyrir því, sem menn telja, að þessar breyt. muni ekki verða til neins góðs, heldur til ills eins. Og hvað á þá að gera?

Þótt mþn. hafi setið á rökstólum og komizt að þessari niðurstöðu, utangarna og algerlega út í veður og vind, án þess að hún hafi nokkra rótfestu í föstum jarðvegi, þá er vitanlega rétt af Alþingi að gefa sér tóm til að átta sig á því, hvort till. n. eigi sér nokkra stoð, eða þá góða stoð, og ég hygg, að þær raddir, sem fram hafa komið, sanni það, að þessar till. eiga sér enga góða stoð. Það hefir komið fram bæði á fjölsóttum kirkjumálafundum hér og á prestastefnu, að sú ætti að vera stefnan að sameina það eitt, sem kröfur koma fram um, að þurfi að sameina, en semja ekki heildarlöggjöf um sameiningu

prestakalla, heldur verði þau sameinuð eftir hendinni, jafnóðum og kröfur koma um það frá hlutaðeigandi aðiljum og þær kröfur ná samþykki. Það rekur engin nauður til þess að taka málið þessum tökum sem hér er gert, og það getur ekki orðið til góðs, heldur hlýtur að verða til ills, þegar of mörgum prestaköllum er skipað saman, og hlýtur að verða til þess að draga úr kirkju- og trúarlífi.

Það, sem ég er mest hissa á, er, að hv. 1. þm. Árn. skuli segja, að þetta verði ekki eingöngu til þess að bæta hag prestanna, heldur einnig til þess að glæða og efla kirkju- og trúarlíf í landinu. Það sjá allir, að getur ekki orðið til þess að efla og glæða trúarlífið, að gera prestum ógerlegt að rækja starf sitt. Allt, sem lifrænt er, þarfnast ræktunar, ef það á að blómgast, og kirkju- og trúarlíf er engin undantekning frá þeirri reglu; það þarf eftirlit, umönnun og ræktun, ef það á að haldast blómlegt og með eðlilegum hætti. En þá er spurningin sú, hvort það eigi að glæða kirkju- og trúarlíf í landinu. Ég held því fram, að það eigi að gera, og hv. 1. þm. Árn. vill ekki neita því, og eins og ég sagði áðan, heldur hann því fram, að þessar breyt. miði að því, eða eigi að miða að því, að glæða kirkju- og trúarlíf landsmanna. En það er sýnt, að þessar breyt. stefna algerlega í gagnstæða átt, og í stað þess að stefna til aukinnar ræktunar, stefna þær til vanhirðingar. Við þessar breyt. mundi mjög fækka kirkjulegum athöfnum hér í landi, og dreifist þá áhugi fólks frá þeim málum til annara óskyldra málefna, og verður það, eða getur orðið að lokum til þess að eyðileggja hér allt trúar- og kirkjulíf á vissu stigi, og er þá sennilega að því komið, sem nokkrir menn vilja. En ég fullyrði það, og hefi fært rök að því, að það er í fullri óþökk alls þorra þjóðarinnar. Ég vil í þessu sambandi spyrja hv. meiri hl. n. þessarar spurningar, og þar með beina orðum mínum einnig til hv. dm.: — Vill hv. meiri hl. ganga að því að spyrja fulltrúana í öllu þingi að því, hvað þeir vilji leggja til hver um sig í sínu héraði og gagnvart kjósendum sínum og svara þar fyrir upp á eigin ábyrgð? Hv. 1. þm. Árn. tekur sér það ef til vill létt að svara fyrir Barðaströnd eða Langanes upp á sitt einsdæmi, en þar er hann ekki á réttum vettvangi. Úr því að ekki hefir fengizt að spyrja þjóðina sjálfa, þá væri mjög fróðlegt að heyra, hvað hver fulltrúi fyrir sig vill standa við frammi fyrir kjósendum sínum.

Eins og málið horfir nú við, er bezt, að því sé frestað, því að það er sýnilegt af afstöðu n. og öðrum rökum, sem fram hafa komið, að ekki er tímabært að samþ. þær till., sem fram eru komnar. Mín till. er því sú, að málinu sé nú frestað og ekki gengið til atkv. um það, m. a. með það fyrir augum að leita skrifl. umsagna fulltrúa þjóðarinnar hér á þingi um það, hvað þeir vilja standa við hver í sínu kjördæmi og frammi fyrir kjósendum sínum. Nú er það að vísu engan veginn svo, að þetta fullnægi mér, því að ég tel, að hvað sem fulltrúarnir segi, þá sé það í raun og veru sjálfsögð skylda að fara eftir vilja safnaðanna sjálfra. En þetta væri þó vænt spor í rétta átt. Ég álít það sjálfsagt, að hv. meiri hl. n. verði vel við þessari till. og beiti sér fyrir því, að frv. fari ekki til atkv., þar sem sýnt er, að það er ótímabært og að þeir, sem greiða atkv. með því, gera það meira og minna ófúsir.

*__Ásgeir Ásgeirsson:__ Hefði ég gert ráð fyrir, að þetta frv. gengi fram á þessu þingi, þá hefði ég borið fram brtt. þess efnis, að sum prestaköllin, sem hér er ætlazt til, að verði sameinuð, fengju að vera óbreytt áfram, og að sumstaðar yrði öðruvísi fellt saman í prestaköll en í frv. er gert ráð fyrir. En ég geri ekki ráð fyrir, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og mun þess vegna ekki að svo stöddu bera fram neinar brtt. við það. — Það er sýnt, að eins og samgöngum er háttað, muni svo fara í sumum þessum stóru prestaköllum, að prestur geti ekki þjónað því svo sem þörf krefur, og þarf ég ekki nú að rekja það nánar. Auk þess hefi ég ekki séð, að enn væri farið að bóla á launafrv., en þetta frv. verður ekki samþ., nema það fylgi með. Það sýnist vonlaust, að launafrv. komi fram á þessu þingi, en sjálfsagt, að þetta verði því samferða.

Ég geri ráð fyrir, að ég mundi fremur vera meðmæltur brtt. á þskj. 273, þótt ég fylgi þar ekki öllum atriðum, en mér finnst, að stj. ætti auðvelt með það á milli þinga að ná samkomulagi um þetta mál bæði við söfnuði og presta, og öll sanngirni virðist mæla með því, að nokkuð sé hægt að færa saman þar, sem samgönguskilyrði hafa batnað, en þar, sem engar samgöngubætur hafa orðið og háir fjallgarðar eða aðrar torfærur eru á milli sókna, virðist engin leið til sameiningar.

3. brtt. hv. minni hl. launamn. er algerð fjarstæða. Það er ókleift að sameina barnakennslu og prestsverk, eins og þar er lagt til, enda er það víða svo í þessum sveitum, sem þar eru taldar, að þar er farkennsla, en hana gefa prestar sig ekki í, og auk þess er það svo, að barnakennslu hafa prestar aldrei annazt. Þeir höfðu um skeið á hendi eftirlit með barnakennslu, en þeir hafa aldrei verið kennarar. En prestar hafa oft verið unglingakennarar, og það er gott, og ég hygg, að það muni færast mjög í vöxt að stofna unglingaskóla, sem taka við börnunum, þegar þau eru búin að taka fullnaðarpróf, og á þeim grundvelli mætti vel athuga möguleika fyrir því að láta presta gegna kennslustörfum.

Ég býst við, að þótt þetta frv. yrði samþ. á þessu þingi, þá yrði hverfandi lítill sparnaður að því, kannske fáein þúsund. Ég hygg, að réttasta afgreiðsla málsins nú sé sú, að vísa því til stj., og geri ég það að aðaltill.

__Thor Thors:__ Ég get sagt sama og hv. þm. V.-Ísf., að ég hefi ekki hirt um að bera fram brtt. af því að ég hefi ekki átt von á, að frv. gengi fram á þessu þingi, og það virðist mjög óvíst, eftir þeim undirtektum, sem málið fær. En ég tel frv. sjálft ófært, a. m. k. hvað mínu kjördæmi viðkemur. Þau þrjú prestaköll, sem n. gerir ráð fyrir, að verði ákveðin á Snæfellsnesi, eru svo stór og erfið, að ekki er hægt að þjóna hverju þeirra af einum presti. T. d. Ólafsvíkurprestakall, sem ætlazt er til, að nái yfir Ingjaldshóls-, Ólafsvíkur-, Brimilsvalla- og Setbergssóknir. Það er algerlega ókleift einum presti að gegna

öllum þessum sóknum, og sama má segja um Staðarstaðarprestakall, sem á að ná yfir Kolbeinsstaða-, Rauðamels-, Miklaholts-, Staðarstaðar-, Búða- og Hellnasóknir. Það er svo stórt prestakall, að það yrði a. m. k. mjög erfitt fyrir einn prest að gegna því, og eins og vegum er nú háttað á því svæði, nær því ókleift. Það má vera, þegar samgöngur eru komnar í betra horf, að þá væri þessi sameining möguleg, en það er ekki tímabært ennþá. Ef það er meiningin, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, þá tel ég brtt. hv. *minni* hl. *skynsamlegar*, og ef á annað borð á að fækka prestum, þá er ég þeim samþykkur í mörgum atriðum. En þess vil ég geta um 10. lið, þar sem talað er um Staðarhraunsprestakall, og 11. lið, þar sem talað er um Staðarstað, að ég teldi það eðlilegra að láta Miklaholtsprestakall halda sér og láta prestinn búa í Miklaholti, og ef þetta mál nær fram að ganga til 3. umr., þá mun ég bera fram brtt. um það.

Annars verð ég að segja það um mál þetta í heild, að ég er mjög vantrúaður á, að það hafi nokkurn verulegan sparnað í för með sér, og það er víst, að á næstu árum — á þeim árum, sem maður gerir ráð fyrir, að þrengingar ríkissjóðs verði talsverðar —, þá verður sparnaðurinn nær enginn. Ég er svo bjartsýnn, að ég vona, að svo greiðist úr fyrir málefnum ríkissjóðs og þjóðfélagsins, að þegar loks komi til þess, að sá sparnaður, sem af þessu leiðir, verður einhver, þá verði hann svo lítils virði, að nær engu muni fyrir fjárhag þess opinbera. Ég tel það líka einkennilegt af Alþingi að ráðast í þessa stórkostlegu prestafækkun, þar sem það hefir komið *mjög greinilega fram*, að þjóðin í heild óskar alls ekki eftir því. Það hafa komið fram mótmæli fjölda manna víðsvegar af landinu gegn þessari fækkun, *og ég hygg*, að *flestir* hv. *þm.* hafi orðið þess áskynja, þegar þeir hafa talað um þetta við kjósendur sína, að þeir geta fæstir hugsað til þess, að prestunum sé fækkað frá því, sem nú er. — Ég get því ekki fylgt þessu frv. að höfuðstefnu til, og ég er mótfallinn frv. eins og það liggur fyrir, en hinsvegar tel ég brtt. minni hl. n. hóflegar og gæti e. t. v. léð þeim fylgi mitt að nokkru leyti.

***Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg):** Hv. þm. V.-Ísf. gat þess í ræðu sinni áðan, að hann teldi till. minni hl. n. fráleitar að því er það snerti að ætla prestum einnig að annast barnafræðslu, og bar það fyrir, að ekki væri hægt að ætla þeim umferðakennslu. Ég er honum alveg sammála um þetta, enda tók ég það líka skýrt fram, þegar þetta mál var síðast til umr., að ég teldi það ekki koma til mála, að prestum væri ætluð umferðakennsla, og einmitt til að undirstrika þennan skilning nánar hefi ég hér á þskj. 309 borið fram brtt., þar sem upphaf þeirrar gr., sem um þetta fjallar, er orðað nokkuð á annan veg, *sem sé þannig*, að í staðinn fyrir orðin: „Sóknarprestar skulu jafnframt vera barnakennarar“ komi: Sóknarprestar skulu jafnframt, eftir því sem við verður komið, vera barnakennarar. — Miðast þetta einkum við það, að ekki er hægt að ætlast til þess, að prestar hafi með höndum heimavistarkennslu, nema aðstaðan leyfi það. Frá því verður að ganga fyrst, og sé það fyrir hendi, þá tel ég sjálfsagt að leggja prestum þessa skyldu á herðar í þessum litlu sóknum.

Á þskj. 309 hefi ég einnig borið fram aðra litla brtt. við brtt. á þskj. 273, um það, að í Barðastrandarsýslu sitji presturinn í Flatey, í staðinn fyrir Brjánslæk. Ákvað ég þetta eftir að hafa átt tal við hv. 9. landsk., sem þarna hefir verið prestur og því nákunnugur öllum staðháttum. En nú sé ég, að þessi sami hv. þm. hefir borið fram sjálfstæða brtt. um þetta, svo að mín till. gæti þess vegna fallið niður.

Önnur brtt. á þessu sama þskj. er aðeins fram komin til þess að ráða bót á prentvillu í brtt. *minni* hl. *n.* á þskj. 237, en ég hefi nú síðan fundið aðra prentvillu og mun því taka þessa brtt. mína aftur til 3. umr., en leyfi mér jafnframt að bera fram skrifl. brtt. aðeins til að leiðrétta þessar prentvillur, þannig að í staðinn fyrir „Eydalir“ í 74. liðnum komi Kálfafellsstaður, og að „Sandfell“ í 75. lið falli niður, þar sem sú sókn hefir nú verið lögð niður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 317) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það, sem mest hefir borið á í ræðum þeirra hv. þm., sem hafa andmælt þessu máli, eru tilvitnanir þeirra í þjóðarviljann og það, að hér á Alþingi liggi fyrir undirskriftir frá mörgum mönnum, sem skori á Alþingi að framkvæma ekki þessa prestafækkun, sem frv. gerir ráð fyrir. Og hv. 11. landsk. gekk svo langt, að það var helzt á honum að skilja, að hann gæti ekki samvizku sinnar vegna greitt atkv. með neinu máli, nema hann vissi fyrst *um þjóðarviljann*. Hvort hann liggur nú alltaf fyrir, skal ég láta ósagt, en ég gæti bezt trúað því, að ef hv. þm. vildi fylgja þessari reglu *út í það ýtrasta*, þá yrði *hann* blátt áfram að hætta að vera þm. Ég hefi nú litið á þessi undirskriftaskjöl og athugað og aflað mér upplýsinga um, hvernig þau eru til orðin, og get ég því sagt ofurlítið af sögu sumra þeirra. Eitt er t. d. úr sókn, þar sem eru 2 bæir og engin kirkja hefir verið í 10 ár. 4 menn af öðrum þessara 2 bæja skora nú á Alþingi að leggja ekki niður þessa sókn, þar sem engin kirkja hefir verið í 10 ár og aldrei verið messað. Þetta er nú eitt sýnishornið af þjóðarviljanum. — Skammt frá Rvík var tvisvar sinnum boðað til fundar af prestinum til þess að ræða þetta mál. Í fyrra skiptið kom enginn, en í seinna skiptið komu að eins 7 menn, sem þó ekki fengust allir til að skrifa undir. Lagði þá presturinn af stað í aukahúsvitjun og fékk með því móti börn og gamalmenni til þess að skrifa undir hjá sér, og liggur það skjal nú hér fyrir hv. Alþingi. — Þriðja dæmið get ég tekið úr stað, þar sem enginn prestur hefir verið í nokkur ár. Jörðin, sem presturinn bjó á, var að fara í niðurníðslu, og í fyrra skrifuðu flestallir úr þeirri sókn og báðu mig að gangast *í* það við ráðuneytið, að ákveðinn bóndi í sveitinni fengi erfðafestuábúð á jörðinni, svo að hún væri byggð, því að þangað kæmi aldrei prestur og þeir kærðu sig ekki heldur um prest. Prest-

ur og prófastur mæltu með þessu. Ég beitti mér fyrir þessu, og á jörðina flutti bóndinn, þótt hann ekki gæti fengið hana til ábúðar, nema þar til prestur kæmi. En nú liggja hér fyrir undirskriftir frá þessum sömu mönnum, sem í fyrra alls ekki kærðu sig um að fá prest. Svona gæti ég haldið áfram, og svona er mikið á þessum undirskriftum að byggja. Það hefir verið sent út um land frá Rvík og beðið um að safna eins mörgum undirskriftum og hægt væri. Og menn fóru á stúfana og náðu í þessi 6 þús. manns, sumpart af áhuga fyrir málefninu, og sumpart af greiðvikni við þá, sem báðu þá um að gangast í þessa undirskriftasmölun. En í fleiri hefir ekki náðst, þrátt fyrir allar bænir um að skrifa undir. Hvað mikið má leggja upp úr þessum undirskriftum og þessum „almenna vilja", skal ég ekki um dæma, en ég fyrir mitt leyti legg lítið upp úr þeim. En hinu legg ég meira upp úr, að þetta mál er búið að liggja hér a. m. k. yfir 2 þing, og á milli þeirra hefir öllum hv. þm. borið skylda til að tala um þetta mál sem önnur við kjósendur sína, og ég geri ráð fyrir, að þeir hafi gert það, svo að þeir ættu að vita vilja kjósenda sinna í þessu efni. Og ég geri ráð fyrir, að hv. 11. landsk. hafi líka gert þetta, þó að hann kannske telji sig ekki eiga neitt sérstakt kjördæmi, af því hann er landsk., en hann hefir sjálfsagt talað við þá, sem hann telur sig helzt hafa umboð fyrir. Þegar ég talaði um þetta mál við kjósendur mína í fyrra, þá voru þeir því yfirleitt fylgjandi. En það, sem rekur á eftir með að gera þessa fækkun nú strax, er það, að eftir því, sem ég hefi komizt næst, þá eru 11 prestssetur landsins óveitt, og eru sum búin að vera það milli 10—20 ár, þar sem enginn hefir fengizt til að þjóna þeim. Þessar jarðir, sem þarna er um að ræða, eru í nokkurskonar millibilsástandi og fara í niðurníðslu, ef ekki er ráðin einhver bót á. Þess vegna þarf að ráða því til lykta, hvort koma á prestur á þessar jarðir eða ekki, og þess vegna tel ég, að þingið eigi að afgr. þetta mál nú, hvað sem sjálfum launamálunum líður.

Hv. þm. V.-Sk. hélt því fram áðan, að fyrir sumum vekti þessi prestafækkun í því ljósi, að þeir teldu, að trúarlífið í landinu mætti missa sig. En fyrir mér vakir þetta mál í því ljósi, að þetta sé eitt af helztu ráðunum til þess að auka trúmálalífið í landinu. Mín reynsla á prestum þessa lands er sú, að þegar þeir af alhug gefa sig að starfinu og hafa nóg að gera, þá skapi þeir í kringum sig trúarlíf, en aftur á móti, þegar þeir þurfa að margskipta sér milli starfa, þá vanrækja þeir prestsstarfið meira og minna, og þess vegna er trúarlíf í þeim söknum aldrei mikið. Ég gæti, ef ég kærði mig um, tilfært dæmi þessu til sönnunar um núlifandi presta, sem hafa gefið sig að sínu starfi, en svo fyrir breyttar aðstæður hafa fleygt sér út í önnur mál og gefið sig þeim á hönd, og hafa þeir úr því verið lítils metnir af sínum söknarbörnum og lítið trúarlíf í kringum þá. Það er meira að segja ekki víst, að maður þurfi að fara út fyrir sali Alþingis til þess að finna þess dæmi. Þess vegna hygg ég, að helzta ráðið til þess að skapa meira trúarlíf í landinu heldur en nú er sé í því fólgið fyrst og fremst að skapa prestunum þá aðstöðu, að þeir geti gefið sig að sínu starfi óskiptir, en þurfi ekki að skipta sér í ótal smáþúta og vera svo hvergi heilir. Ég vænti því, að hv. þm. V.-Sk. sjái, að það vakir alls ekki fyrir mér að vilja eyða trúarlífinu í landinu, því að ég vil þvert á móti glæða það.

Hvað viðvíkur þeim till., sem fram hafa komið við þetta frv., þá skal ég fúslega viðurkenna, að sumar af þeim eru á fullum rökum byggðar, og gildir það þá sérstaklega um 13. liðinn, því að ég get gengið inn á, að það sé þægilegra að þjóna frá Flatey heldur en Brjánslæk. Aftur á móti get ég ekki verið sammála hv. 9. landsk., þar sem hann heldur því fram, að það sé of mikið fyrir prestinn í Sauðlauksdal að bæta við sig 2 kirkjum utan hreppsins, en hann hefir aðeins haft hreppinn einan. Ég tel, að hann geti skotizt yfir fjörðinn og messað þar líka. — Annars er það svo, eins og nú er með kirkju- og prestafjöldann í landinu, að það mun láta nærri, að það komi ein messa á kirkju þriðja hvern sunnudag. En ef þessi fækkun verður gerð, þá kemur ein messa á kirkju fjórða hvern sunnudag, eða rúmlega það. Það er nú allur munurinn! Nú vil ég biðja menn, sem eru kunnugir víða um land, að athuga t. d. trúmálaáhuga hjá séra Stefáni á Völlum, sem ekki getur messað nema fimmta hvern sunnudag í hverri kirkju, og svo hinsvegar hjá séra Magnúsi á Stað í Grunnavík og séra Haraldi á Brekku í Mjóafirði, sem geta messað á hverjum sunnudegi, og athuga það, hvort út frá þessum vikulegu messum hjá þessum prestum hafi myndazt sá trúmálaáhugi, sem sambærilegur sé við það, sem er hjá séra Stefáni á Völlum. Ég þori óhræddur að fullyrða, að hver maður, sem fer í kringum land og athugar þetta, skal ekki finna nokkurt samband milli trúmálaáhugans og þess, að oft sé messað. Slíkt fer eftir prestinum sjálfum, en ekki því, hversu oft hann messar. — Fyrir mér vakir þetta mál þess vegna þannig, að það eigi fyrst og fremst að leysast á þessu þingi, af því að það þarf að komast fast skipulag á það, hvernig fara á með þessi 11 prestssetur, sem nú hafa verið óveitt í mörg ár, og í öðru lagi vil ég með því skapa prestunum þá aðstöðu, að þeir geti gefið sig óskiptir við sínu starfi, en það tel ég höfuðatriði til þess, að sæmilega góður prestur geti skapað trúarlíf í kringum sig. Þetta tvennt er mér höfuðatriði málsins og gerir það að verkum, að ég fylgi frv. með þeim breyt., sem það hefir fengið hjá n.

*Þorbergur Þorleifsson: Um skipun prestakalla í mínu kjördæmi er það að segja, að hún er samkv. núgildandi lögum eins og gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 369, en í framkvæmdinni um margra ára skeið hefir það verið þannig, að prestur sá, sem þjónar Kálfafellsstaðar- og Einholtssóknum, hefir einnig haft Hofssókn, og það er eins og gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir. En Hofssókn er þannig sett, að í raun og veru þyrfti þar að vera prestur, þótt þar sé fámenn sókn, því að eins og kunnugt er, þá eru stór vötn á báðar hliðar, sem oft eru ófær langan tíma árs. En þar sem þetta hefir verið svona í framkvæmdinni í mörg ár, vegna þess að enginn

prestur hefir fengizt til þess að sækja um þetta prestakall, og mjög líklegt er, að svo megi verða í framtíðinni, þá verð ég fyrir mitt leyti að telja það mjög heppilega skipun á prestaköllum Austur-Skaftafellssýslu, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er mjög auðvelt fyrir þann prest, sem þjónar Bjarnanes- og Stafafellssóknum, að þjóna líka Brunnhólssókn, því að það er aðeins 10 km. ferð frá Bjarnanesi vestur í Brunnhólakirkju. En það er ástæða til að létta Einholtssókn af þeim presti, sem þjónar Kálfafellsstað og einnig í framkvæmdinni hefir haft Hofssókn í mörg ár. Þess vegna er ég andstæður þeim brtt., sem fyrir liggja frá hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Húnv. Ég tel, að þær séu ekki heppilegar, eins og nú standa sakir, því að enda þótt margir mæli með því að hafa prest í Öræfum, þá er reynslan sú, að það hefir ekki fengizt þangað prestur í mörg ár.

Það hefir verið gert ráð fyrir að láta presta í fámennum sóknum hafa einnig barnakennsluna með höndum. Ég tel það ekki heppilegt, því að það getur verið svo, að einn ágætur prestur hafi alls engan áhuga fyrir því að vera barnakennari, og svo það gagnstæða. Í Hofssókn er nú ungur maður barnakennari, og ég er viss um, að menn þar vildu ekki skipta og fá einhvern og einhvern prest til þess að segja börnunum til, því að þessi ungi maður er álitinn vera ágætur barnafræðari. Ég tek þetta sem dæmi um, að það geti ekki alltaf verið heppilegt, að prestar hafi slíkt með höndum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta viðvíkjandi Austur-Skaftafellssýslu og skal ekki gefa mig í þær umr., sem hér hafa orðið um málið almennt. En yfirleitt tel ég, að það sé til bóta að fækka prestum, a. m. k. á ýmsum stöðum. En þar sem ég er ekki svo kunnugur víða um land, þá get ég ekki um það sagt, hvort ekki megi víða betur á fara heldur en frv. gerir ráð fyrir, og er sjálfsagt að leiðrétta það, ef rök eru færð fyrir því, að það séu ekki heppilegar till., sem n. hefir komið fram með.

*__Eiríkur Einarsson__: Þegar ég ræddi um þetta málefni fyrir nokkrum dögum, þá gat ég þess, að ástæðan fyrir því, að ekki bæri að samþ. þetta frv., væri sú, að það vantaði vitneskju um það, hvort fólkið vildi, að prestum yrði fækkað eða ekki. Hv. 2. þm. N.-M. hafði orð á þessu, og mér virtist honum koma það spanskt fyrir sjónir, að ég skyldi taka þetta atriði með í reikninginn. Hv. þm. sagði, að það væri engu líkara en að ég vildi ekki greiða atkv. um nokkurt mál hér á Alþingi, nema ég vissi um þjóðarviljann í viðkomandi máli. Ég verð að segja, að ég vildi bara, að mér væri kunnugt um álit þjóðarinnar í sem flestum þingmálum.

Hv. þm. komst í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann var að tala um þær áskoranir, sem lægju fyrir þinginu. Hann taldi lítið upp úr þeim leggjandi og taldi jafnvel, að þær gætu verið „uppagiteraðar". En ef þær liggja almennt fyrir og fólkið hefir samþ. þær af frjálsum vilja, þá hafa þær vitanlega gildi gagnvart löggjafanum.

Annars get ég tekið það fram, að þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál, og þær brtt., sem fram koma í sambandi við það, hafa styrkt mig í þeirri trú, að ég geri rétt með því að vera á móti þessu máli. Umr. um þetta mál hafa annars verið lauslegar og á víð og dreif, og sýnir það vel, að mál þetta er ekki nógu vel undirbúið. Og þegar hver hv. þm. á fætur öðrum rís upp til þess að láta í ljós óánægju sína yfir þeirri prestakallaskiptingu, sem frv. gerir ráð fyrir, þá er ekki hægt að draga aðra ályktun en að þetta mál sé ekki nægilega vel undirbúið. Mér þykir rétt að benda á það, að á þeim slóðum, þar sem ég er kunnugastur, en það er fyrir austan heiði, gerir frv. ráð fyrir að fækka um þrjú prestaköll, og var þó áður búið að fækka um fjögur prestaköll í sama prófastsdæmi. Ef þetta yrði samþ., þá mundi ég hiklaust setja mig á móti því.

Annars finnst mér það skorta tilfinnanlega í þessu máli, að þeir menn, sem að þessu máli standa, geri sér fulla grein fyrir köllun og ætlunarverki prestanna. Ef þeir eiga ekki að gera annað en að skíra börn, gifta og grafa, þá mætti vel fela hreppstjórunum eða kennurunum störf þeirra. Ef prestarnir eiga ekki að vera sálusorgarar og hafa með höndum menningarstörf, sem eiga að hafa góð áhrif á hvert einasta heimili í prestakallinu, þá á ekki einungis að fækka þeim, heldur á að leggja þá alveg niður. Þá eru þeir óþörf stétt í þjóðfélaginu. En ef þeir hinsvegar eiga rétt á sér, þá verða þeir að geta komizt yfir störf sín hver í sínu umdæmi.

Viðvíkjandi brtt. hv. minni hl. n. um það, að fela prestum kennslu í ákveðnum prestaköllum, vil ég segja, að ég tel slíka ráðstöfun mjög hæpna. Þegar litið er á þessa till. í sambandi við breyt. á fræðslulögunum, sem liggja fyrir þinginu, þá sér maður, hvað skoðanirnar eru skiptar í þessum efnum og hver höndin uppi á móti annari. — Það þarf miklu meiri athugun á þessu máli heldur en ennþá hefir komið fram.

Að öllu þessu athuguðu tel ég ekki rétt að demba þessum lögum á almenning í landinu, að honum sjálfum fornspurðum. Þess vegna mun ég sætta mig bezt við þá niðurstöðu, sem fólst í áliti, sem kom fram frá hv. þm. V.-Ísf., um það, að afgr. málið ekki á þessu þingi, heldur bíða átekta og sjá, hvað setur.

*__Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg)__: Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af þessum mótmælaskjölum, sem fram hafa komið frá 6000 manns gegn þessari prestafækkun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að þessi mótmæli væru fram komin á þann veg, að prestarnir hefðu ferðazt bæ frá bæ og fengið menn með lygum og blekkingum til þess að skrifa undir. Ég skipti mér ekkert af þessum ummælum þá, en orð hv. 2. þm. N.-M. fengu mig til þess að minnast á þetta, því að ummæli hans hnigu í svipaða átt og orð hv. 1. þm. Árn., þó að hundavaðshátturinn væri enn meir áberandi hjá hv. 2. þm. N.-M. Hann upplýsti það, að hann hefði fengið bréf frá einhverjum manni síðastl. ár, sem bað hann um að stuðla að því, að hann gæti fengið prestssetursjörðina á leigu, og þessi sami maður gat þess, að á þessum slóðum hefði ekki verið prestur um

skeið og að enginn óskaði eftir að fá prest þangað. Nú hafa komið fram mótmæli úr þessari sókn gegn því, að prestssetrið verði lagt niður. Hv. þm. benti á það því til sönnunar, hvað lítið væri að marka þessi mótmæli, að nú kæmu fram andmæli frá þessari sókn gegn því, sem hún óskaði eftir í fyrra. Hv. þm. líkir því saman, að í fyrra óskaði einn maður eftir því, að ekki kæmi prestur á prestssetrið, svo að hann gæti fengið jörðina leigða, og nú koma fram andmæli frá meginhluta sóknarmanna gegn því, að presturinn verði tekinn úr þessari sókn. Ég hygg, að slík rök dæmi sig sjálf. — Vil ég svo enn skora á menn að ganga ekki lengra í prestafækkuninni heldur en gert er ráð fyrir í till. minni hl. launamn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá þm. V.-Ísf. um að vísa málinu til stjórnarinnar felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, HannJ, JakM, ÓTh.[1]) PHalld, SE, SK, TT, ÁÁ, EE.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HV, JónP, JG, PZ, PO, SigfJ, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, JörB.

Sex þm. (JJós, JÓl, JS, MT, PÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 309 (við I. 20 og I. 74) og 310 teknar aftur.

— 257 tekin aftur til 3. umr.

— 317,1—2 samþ. án atkvgr.

— 273,I. (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHalld, PO, SE, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JónP.

nei: PZ, StJSt, ÞorbÞ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

SigfJ, BÁ, EE greiddu ekki atkv.

Sex þm. (PÞ, BJ, JJós, JÓl, JS, MT) fjarstaddir.

Brtt. 244,1. kom ekki til atkv.

Brtt. 273,II samþ. án atkvgr.

3.—6. gr. (verða 2.—5. gr.) samþ. með 18:2 atkv.

Brtt. 309 (við brtt. 273,III) samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JJós, JónP, JG, ÓTh, PZ, PHalld, PO, TT, ÁÁ.

nei: FJ, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, JörB.

GG[2]) greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (HV, JakM, JÓl, JS, MT, PÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 273,III, svo breytt, felld með 13:10 atkv.

— 244,2 samþ. án atkvgr.

7. gr. (verður 6. gr.), svo leiðrétt, samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GÞ, GÍ, JJós, JónP, PZ, PHalld, PO, SigfJ, SE, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, JörB.

nei: GG, HannJ, JG, ÓTh, StJSt, TT, ÁÁ, EystJ, GSv, SK, EE greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (HV, JakM, JÓl, JS, MT, PÞ, BJ) fjarstaddir.

8.—9. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:9 atkv.

Á 50., 52., 53., 55., 56., 58., 62. og 63. fundi í Nd., 17., 20., 21., 24., 25. og 28. apríl, 4. og 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Einkasala á áfengi.

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 71).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta frv. kom fram á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Sú n., sem málið hafði þá til meðferðar, flutti við það nokkrar brtt. Þær hafa nú verið felldar inn í frv. — Ég sé ekki þörf á að fjölyrða um málið og leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og væntanlegrar launamálanefndar, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Vinnudeilur.

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um vinnudeilur (þmfrv., A. 72).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Thor Thors): Það er vitað, að íslenzk löggjöf hefir, einkum á síðari árum, stöðugt færzt út á fleiri og fleiri svið þjóðlífsins. Nú orkar það nokkuð tvímælis, hve réttmætt það er, að löggjafarvaldið láti eins mörg mál til sín taka eins og það hefir gert. En því verður ekki neitað, að á einu sviði þjóðlífsins hefir löggjafarvaldið verið næsta afskiptalítið, og er það mjög einkennilegt, sérstaklega þegar það er at-

1) **ÓTh:** Ég skal viðurkenna, að ekki er viðkunnanlegt að vísa máli til stj. eftir að það hefir verið í mþn. og tvö þing fjallað um það. En þar sem ég er óánægður með frv. og sé ekki fram á, að því verði breytt í viðunandi horf nú, get ég sætt mig við það.

2) **GG:** Mér finnst þetta ákvæði svo óákveðið, að ég greiði ekki atkv.

hugað, hve þýðingarmikið og örlagaríkt þetta svið er fyrir þjóðlífið. — Þetta er svið atvinnulífsins.

Allar nágrannaþjóðir vorar og allar aðrar menningarþjóðir láta þetta meira og minna til sín taka, og mun ég víkja að því síðar. Þetta hefir þótt nauðsyn hjá öðrum þjóðum, einkum eftir þá atvinnulífsbreytingu eða atvinnulífsbyltingu, sem átti sér stað og kom fyrst fram í Englandi í lok 18. aldar, þegar nýjar vélar tóku að ryðja sér til rúms og mannsaflið hafði ekki lengur sömu þýðingu og það hafði áður. Svipuð atvinnubylting hefir orðið í okkar þjóðfélagi, þótt hún hafi orðið miklu síðar en hjá öðrum þjóðum. Hér er ekki hægt að segja, að þessi bylting hefjist fyrr en eftir síðustu aldamót, þegar farið er að taka upp mikilvirk atvinnutæki við sjávarsíðuna, þegar útgerðin fer að taka stór skip og öflug veiðitæki í þjónustu sína. Verkaskiptingin fer þá að verða greinilegri og stéttaskiptingin ákveðnari en áður. Fengur þjóðarbúsins verður meiri en áður þekkist í sögu þjóðarinnar; vaxandi fjármagn skapast og framfarir aukast, en þungamiðja þjóðlífsins raskast. Fleiri og fleiri flytja sig úr sveitunum og að sjávarsíðunni, í von um að hljóta þar fljótfengnara fé, betri afkomu og meiri þægindi en þeir áttu að venjast í sveitinni.

Við þessa miklu breytingu eða byltingu kemur gleggra fram sú hagsmunaandstaða, sem þekkt er um gervallan heim, á milli vinnuveitenda annarsvegar og hinsvegar vinnuþiggjenda, eða á milli þeirra, sem ráða yfir atvinnutækjunum, og hinna, sem selja vinnu sína. Þetta leiðir til þess, að deilur rísa á milli þessara tveggja aðilja, hér eins og annarsstaðar, og vinnustöðvanir taka að gera vart við sig. Það eru þekkt dæmi um margar vinnustöðvanir hér á undanförnum árum, og mjög vafasamt, hvort aðiljar hafa nokkuð hagnazt á þeim, annarhvor eða báðir, en hitt er vitað, að slíkar deilur eru alltaf háðar á kostnað þjóðfélagsins í heild. Þjóðfélagið hefir því ástæðu til að grípa hér inn í til þess að forða sér frá voða, en hér er um viðkvæmt mál að ræða, og fer því bezt á að ganga ekki lengra en það, að réttur beggja aðilja sé viðurkenndur; bæði réttur vinnuveitanda til að ráða sem mest yfir atvinnutækjum sínum, og hinsvegar réttur þeirra, sem selja vinnu sína, til að koma fram kröfum sínum með verkfalli, ef nauðsyn krefur, en til þeirra ráða á ekki að grípa fyrr en aðrar leiðir hafa verið reyndar til þrautar, því að það er að grípa til örþrifaráða.

Ég gat þess, að íslenzk löggjöf væri fábreytt um þessi mál. Það eru aðeins tvenn lög, sem láta vinnudeilur til sín taka; önnur þeirra eru l. nr. 33 frá 1915, um bann gegn verkföllum opinberra starfsmanna. Þar er svo ákveðið, að hver sá, er tekur þátt í verkfalli, þar sem starfið er unnið samkv. embættisskyldu eða sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skuli sæta sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi. Hin lögin eru um sáttasemjara í vinnudeilum, og eru það l. nr. 55 frá 1925. Var sú löggjöf sett með samkomulagi beggja þeirra höfuðaðilja, sem hér eiga hlut að máli. Var hæði leitað samþykkis Alþýðusambands Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, og sú reynsla, sem fengin er af þessari löggjöf, hefir sýnt, að hún var góðu heilli sett. Sáttasemjari hefir oftsinnis getað áorkað því, að friðsamleg lausn hefir fengizt á vinnudeilum, og ég hygg, að það megi fullyrða, að afskipti hans hafa jafnan orðið til góðs eins. En þessi lög ná of skammt. Þau eru sett samkv. þáv. löggjöf frændþjóða vorra á Norðurlöndum. Nú hafa þær þjóðir breytt löggjöf sinni og eru komnar miklu lengra, og sé ég ekki, að nú geti orðið ágreiningur um það, að rétt sé að feta í fótspor þeirra og taka upp fullkomnari leiðir til að sporna gegn vinnudeilum. Ég hygg, að það geti í raun og veru ekki verið ágreiningur um, að það er bæði rétt og skylt, að ríkisvaldið láti meira til sín taka í þessum málum en áður hefir verið, og þegar hnigið er að því að skapa fullkomnari vinnulöggjöf, er ekkert eðlilegra en að litið sé til Norðurlandaþjóðanna og athugað, hvaða reglur gilda hjá þeim og hver reynsla þeirra sé. Það frv., sem hér liggur fyrir, byggir að öllu leyti á þeim ákvæðum, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa sett hjá sér, og eru tekin upp í það aðeins þau ákvæði, er hafa reynzt heillavænleg hjá þeim. Allar Norðurlandaþjóðirnar skipa þessum málum með lögum. Þess ber að geta, að Danir hafa borið gæfu til þess að skipa þessum málum að mestu með grundvallarsamkomulagi aðilja. Í apríl 1899 gerði vinnuveitendafélagið verkskipting (Lockout), sem smám saman breiddist mjög út og náði loks um allt landið. Vinnudeilu þessari lauk ekki fyrr en í september 1899, á þann hátt, að vinnuveitendafélagið og verklýðsfélögin gerðu með sér sætt hinn 5. sept. 1899, og er sú sætt jafnan nefnd **septembersættin.** Hún hefir staðið óhögguð að mestu leyti, og er hún grundvöllur allrar vinnulöggjafar í Danmörku, og hefir auk þess verið notuð að ýmsu leyti sem fyrirmynd í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, því að í þeim löndum er vinnulöggjöf yfirleitt yngri en í Danmörku.

Aðalefni septembersættarinnar er þetta:

Vinnuveitendafélagið og Alþýðusambandið (hér síðar nefnd aðalfélögin) viðurkenna hvort annað og rétt hvors annars til þess að gera verkskiptingu (Lockout) og verkfall (Strike). Þó skal engin vinnustöðvun ná fram að ganga nema samþ. sé með minnst $^3/_4$ atkv., greiddra á fundi, sem samkv. l. hlutaðeigandi félagsskapar hefir fullveldi til þess að taka ákvarðanir um vinnustöðvanir.

Nú ætlar Vinnuveitendafélagið eða Alþýðusambandið að leggja till. um vinnustöðvun fyrir fullvalda fund, og skal þá tilkynna þetta hinu félaginu í sérstöku ábyrgðarbréfi, og má vinnustöðvun ekki byrja fyrr en liðnir eru 14 dagar frá tilkynningunni.

Nú samþ. fullvalda fundur till. um vinnustöðvun, og skal þá einnig tilkynna hinu aðalfélaginu þetta í sérstöku ábyrgðarbréfi, og má vinnustöðvun eigi byrja fyrr en 7 dagar eru liðnir frá þeirri tilkynning.

Bæði aðalfélögin skuldbinda sig til þess að samþ. eigi né styðja nokkra verkskipting eða verkfall, ef brotið hefir verið gegn reglum þeim, sem ég nú hefi greint frá. Ef ágreiningur rís um

efni þessa sáttmála eða ef annar aðili telur, að hinn hafi brotið ákvæði hans, skulu aðalfélögin fyrst reyna að jafna málið með sér, en ef það tekst ekki, þá skyldi reynt að koma á sérstökum dómstóli, sem skæri úr öllum ágreiningi um þetta efni. Og þetta hefir verið gert í Danmörku. Þar gilda um þetta efni l. frá 4. okt. 1919, um „Den faste Voldgiftsret". Aðalefni þessara l. er tekið upp í kaflanum um vinnudómstól Íslands í þessu frv. Ennfremur eru í Danmörku l. frá 18. jan. 1934, um sáttasemjara ríkisins. Í þeim l. er ákveðið, að sáttasemjarar hafi vald til þess að banna vinnustöðvun eða verksvipting í eina viku. Eru ekki nema nokkrir dagar liðnir síðan sáttasemjarar í Danmörku urðu að grípa til þess að banna hina miklu yfirvofandi vinnustöðvun þar í landi.

Í Noregi gilda mjög svipuð ákvæði um þetta efni eins og í Danmörku. Aðallöggjöfin er frá 5. maí 1927 og nefnist „Lov om Arbeidstvister". Þeim l. hefir svo aftur verið breytt 1931, 1933 og 1934. — Þar eru almenn ákvæði um vinnumálefni, eða samskonar ákvæði og eru í septembersætt Dana. Tveir dómstólar eru þar í vinnumálum; nefnist annar „Arbeidsretten", og svipar honum til þess, sem hér er tekið upp um vinnudómstól Íslands. Hinn dómstóllinn nefnist „Boikottsretten", og sker hann úr því, hvort löglegt sé að skella á því, sem á erlendu máli er kallað „Boikott". Þá eru þar ennfremur ákvæði um sáttasemjara, og eru þau ákvæði að miklu leyti tekin hér upp í þetta frv. — Loks eru þar ströng refsiákvæði, svo sem fangelsisrefsingar, en þær eru ekki teknar upp í þetta frv. Okkur flm. þótti ekki nauðsynlegt, eins og hér háttar til í þessu þjóðfélagi, að fangelsisákvæði séu í löggjöf um jafnviðkvæmt málefni eins og vinnulöggjöf hlýtur að vera, og við álítum það þeim mun ónauðsynlegra, þar sem það er víst, að þó þessi ákvæði fælust í löggjöfinni, þá mundi vart verða gripið til þess að beita þeim, enda má segja, að það sé gegn réttarmeðvitund þjóðarinnar að beita fangelsisrefsingu út af slíku broti, sem hér er um að ræða.

Í Svíþjóð eru l. frá 22. júní 1928, sem nefnast „Lag om Kollektivavtal". Það er í fyrsta lagi um vinnusamninga, og eru þar aftur tekin upp grundvallaratriði septembersættar Dana. — Þar eru l. um gerðardómendur frá 28. maí 1920, og þau fela það í sér, að ríkisvaldið eigi að skipa gerðardóm, sem aðeins sé gripið til, ef báðir aðiljar óska þess. — Loks eru ákvæði um vinnudómstól, sem svipar til þeirrar löggjafar, sem er hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. — Og ennfremur eru þar l. frá 1920 um sáttasemjara. Þau hafa verið aukin aftur 1931, og svipar þeim einnig mjög til þess, sem gildir hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Þó skal þess getið, að vald sáttasemjara í Svíþjóð er ekki eins ríkt eins og í Danmörku og Noregi.

Í Finnlandi eru nokkuð svipuð l. gildandi, þó ekki fyllilega eins víðtæk eins og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Ef við lítum til annara landa en Norðurlanda, þá sjáum við, að flestallar þjóðir hafa beint látið þessi mál til sín taka. — Ef við athugum, hvernig Englendingar hafa skipað þessum málum hjá sér, þá er þess að geta, að þar í landi eru l. um vinnudómstól, sem nefnast „Industrial Courts Act", frá 1919. Þessi vinnudómstóll er skipaður fulltrúum vinnuveitenda og verkamanna, og auk þess óhlutdrægum mönnum. Dómstóllinn er kostaður af ríkinu. Atvmrh. vísar vinnumálefnum til þessa dómstóls, en aðeins eftir ósk beggja aðilja. Úrskurðir dómstólsins hafa ekki lagagildi, en verða að skoðast sem sáttatilraun. En þá getur annar aðili leitað til atvmrh. og beðið hann að leita sátta. Atvmrh. getur, þá skipað sérstaka sáttanefnd til þess að leysa málið, eða snúið sér til einhvers af hinum föstu sáttasemjurum ríkisins, en þeir eru 6 starfandi þar í landi. Annars eru ekki lagðar sérstakar hömlur á verkföll eða verksvipting í Englandi, nema í ýmsum atvinnugreinum; t. d. í gasiðnaði, rafmagns- og vatnsveituiðnaði eru verkföll gegn gildandi samningum ólögleg og þau dæmd skaðabótaskyld. En það eru ströng ákvæði um allsherjarverkföll og öll slík verkföll, sem ætla má, að sérstaklega sé beint gegn ríkisvaldinu. Þau l., sem gilda um þessi efni, voru sett 1927 og nefnast l. um vinnudeilur og verklýðsfélög, eða á ensku „Trade Disputes and Trade Unions Act." Þau voru sett að gefnu tilefni, eftir allsherjarverkfallið, sem skellt var á í Englandi í maímánuði 1926 og átti rót sína að rekja til þess ágreinings, sem lengi hafði verið þar í landi út af kolaiðnaðinum. Sú vinnustöðvun hafði ákaflega óheillavænleg áhrif á allt þjóðlífið og raskaði gersamlega jafnvægi þess. Ég var sjálfur nokkuð kunnugur þessari deilu, vegna þess að ég var þá við nám í Englandi, og enginn, sem þar í landi dvaldi þá, gat látið slíkt framhjá sér fara. Ástandið í enska þjóðlífinu var þá líkast því, sem maður hefði getað ímyndað sér, að ófriður hefði gripið þjóðina. En þessi deila, sem raunar lyktaði á þann hátt, að forsprakkar verklýðsfélaganna urðu að kalla aftur allsherjarverkfallið, var tilefni til löggjafar um bann gegn allsherjarverkföllum. Aðalákvæði þeirra l. eru þessi:

„Samúðarverkfall, hvort sem það er staðbundið eða nær til alþjóðar, sem er undirbúið eða til þess ætlað að kúga stjórnarvöldin, annaðhvort beint eða með því að leiða vandræði yfir þjóðfélagið, er ólöglegt, enda sé það eigi innan þeirrar atvinnu- eða iðngreinar, þar sem hin upphaflega deila hófst.

Verkbönn eru ólögleg með sama hætti. Öll einföld verkföll, sem ekki snerta deilur um vinnutíma, laun eða önnur atvinnukjör, eru ólögleg, ef þau eru undirbúin eða til þess ætluð að kúga ríkisvaldið, annaðhvort beint eða með því að leiða vandræði yfir þjóðfélagið, svo sem allsherjarkolaverkfall til þess að tryggja lögbundið lágmarkskaup."

Svo segir ennfremur: „Allir starfsmenn verklýðsfélaga, þar með taldir starfsmenn félagsdeilda, eftirlitsmenn vinnustöðva, meðlimir verkfallsnefnda, hvort sem um er að ræða alþjóðar-, héraðs- eða deildarverkfall, og allir aðrir aðiljar (að undanteknum verkamönnunum sjálfum) baka sér glæpsamlega ábyrgð, ef þeir á nokkurn hátt taka þátt í eða vinna að framgangi verkfalls, sem gert er ólöglegt með l. þess-

um, jafnvel þótt þeim kunni að vera ókunnugt um staðreyndir þær og ástæður, sem gera verkfallið ólöglegt. Ennfremur bakar hver einstakur verkamaður sér glæpsamlega ábyrgð, sem auk þess að leggja niður vinnu gerist verkfallssmali, eða á nokkurn hátt veitir virkan stuðning."

Svona ströng ákvæði hafa hinir rólegu Bretar álitið nauðsynlegt að taka upp í sína löggjöf til þess að hindra þessa alvarlegustu tegund verkfalla.

Í Frakklandi og Belgíu eru sáttanefndir, sem skipaðar eru dómurum af hendi þess opinbera og fulltrúum aðilja. En eins og kunnugt er, þá er eins og nú standa sakir ekki löglegt að gera vinnustöðvun í Þýzkalandi, Ítalíu og Rússlandi. Þar er ríkisvaldið ofar öllu og bannar allt slíkt, er gæti haft truflandi áhrif á atvinnulífið. — Fjöldi annara þjóða, og nær því allar þjóðir hafa látið þessi málefni meira eða minna til sín taka. Sérstaklega eru ströng ákvæði, sem gilda um þetta í Ástralíu. — Þá er vinnulöggjöf í Austurríki, Nýja-Sjálandi og ýmsum löndum í Suður-Ameríku. — Það ríki, sem minnst hefir látið þetta mál til sín taka með löggjöf — a. m. k. fram til síðustu tíma — eru Bandaríkin í Norður-Ameríku.

Ég hefi nú nokkuð bent á það, hvernig helztu menningarþjóðirnar hafa talið, að þeim beri að hafa afskipti af þessu máli. Ég hefi einnig bent á það, að ástandið hér á landi er slíkt, að það ber nauðsyn til þess að skipa þessum málum einnig með lögum. Og mér finnst, að enginn hafi meiri ástæðu til þess að hefjast handa um það, að slík löggjöf sé sett heldur en einmitt þeir, sem fara með ríkisvaldið á hverri stundu. Nú hefir ekki orðið svo hér. En ég vænti þess, að það verði þeim mun auðfengnara samkomulag um framgang þessa máls, þar sem það er augljóst, að það eru aðrir en þeir, sem bera það fram, sem mesta hagsmuni hafa af því, að því sé skipað með lögum.

Ég skal þá víkja nokkuð að frv. sjálfu. Það þykir að vísu ekki hlýða við 1. umr. að fara út í einstök atriði frv., en ég mun aðeins geta um efni þess.

Það eru í fyrsta lagi ákvæði um samninga milli verkamanna og vinnuveitenda, og þess er krafizt, að samningarnir séu jafnan skriflegir og ákveðinn uppsagnarfrestur í hverjum samningi. Þá eru einnig ákvæði um það, að ef ágreiningur verður út af gerðum samningi, þá eigi að vísa þeim ágreiningi til vinnudómstóls, sem ég síðar mun víkja að. Ennfremur eru samskonar ákvæði tekin upp í frv. og alstaðar gilda annarsstaðar á Norðurlöndum, að það þurfi ákveðin skilyrði til þess að hægt sé að koma fram vinnustöðvunum, hvort sem um er að ræða verksvipting af hendi vinnuveitenda eða verkfall af hendi verkamanna, og þau skilyrði, sem hér eru tekin upp, eru nákvæmlega þau sömu og nú gilda í Danmörku. — Þá eru aukin ákvæði um sáttatilraunir í vinnudeilum frá því, sem nú er. Það er ætlazt til þess, að atvmrh. skipi einn ríkissáttasemjara og þrjá héraðssáttasemjara, sem skuli búsettir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Eins og í l. frá 1925 er sáttasemjurum ætlað að fylgjast með í því, sem gerist á sviði atvinnulífsins, einkum ef líklegt má telja, að vinnustöðvun sé yfirvofandi, og þeir eiga að standa í nánu sambandi hver við aðra. — Ef sáttasemjari fær vitneskju um það, að vinnudeila sé yfirvofandi, getur hann krafizt skýrslna af aðiljum um málið. — Sáttasemjara er heimilt að banna yfirvofandi vinnustöðvun, þó aðeins um stund, og er slíkt bann vitanlega tekið upp til þess að freista þess í lengstu lög að afstýra þeim vandræðum, sem af vinnustöðvuninni kynni að leiða.

Þá eru ákvæði um það, að taka upp svipaðan vinnudómstól og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa. Vinnudómstóllinn á að vera skipaður 5 mönnum. Hæstiréttur tilnefnir 3, sem allir skulu vera lögfræðingar og ekki mega hafa þá aðstöðu, að þeir geti talizt vilhallir í málefnum vinnuveitenda eða verkamanna. Auk þess skulu 2 menn eiga sæti í dómnum, sem tilnefndir eru af aðiljum sjálfum, vinnuveitendum og verkamönnum. —

Þessi dómstóll á að hafa það hlutverk að dæma um allan ágreining út af samningum þeim, sem gilda milli verkamanna og vinnuveitenda. Og auk þess eru ýms ákveðin mál, sem annarhvor þessara aðilja getur kært til dómstólsins. Þessi dómstóll á að hafa vald til þess að dæma þann aðiljann, sem brotlegur gerist gegn gerðum samningi, til þess að greiða hinum aðiljanum það, sem kalla má sektarbætur, en það er sambland af sektum og skaðabótum. Þetta ákvæði gildir einnig í lögum Dana, og það er mjög svipað í Svíþjóð. Einnig er það í Noregi, en þar er líka heimild til fangelsisrefsingar út af slíku athæfi. En það ákvæði er ekki tekið upp í þetta frv., enda hygg ég, að beittasta vopnið til þess að hindra samningsrof þessara aðilja sé það, að láta þá mega vænta þess, að ef þeir fremji slíkan verknað, þá þurfi þeir að greiða fé til gagnaðilja. — Þessar sektarbætur eru aðfararhæfar eins og aðrar fjárkröfur, en þær verða ekki afplánaðar á annan hátt.

Þá eru nákvæm ákvæði um málsmeðferð fyrir þessum dómstóli, og er allt kapp lagt á að hraða henni sem mest, og skulu málin sem bezt undirbúin, þegar þau leggjast fyrir dómstólinn. Dómar þessa dómstóls eru endanlegir og þeim verður ekki áfrýjað.

Ég hefi nú nokkuð rakið aðalefni þessa frv. og ég sé, að tími minn er brátt á enda. En ég vil að lokum leggja sérstaka áherzlu á þetta, að það, sem felst í þessu frv., er ekki annað en það, sem allir ábyrgir stjórnmálaflokkar í nágrannalöndum okkar hafa annaðhvort átt þátt í að lögfesta eða látið haldast í löggjöf.

Það er í málefnum verkamanna og vinnuveitenda tvennskonar ágreiningur, sem upp getur komið. Annað er „réttar"-ágreiningur, og um það, hvernig greiða skuli úr slíkum ágreiningi, eru mjög ákveðin ákvæði í þessu frv. Hinn ágreiningurinn, sem er öllu mikilvægari og viðkvæmari, er „hagsmuna"-ágreiningur. Hann er hér lítillega snertur á þann hátt, að þjóðfélaginu er gefinn réttur til þess að ákveða frest á því, að vinnudeilur geti skollið á. En það, sem forvígismenn verkamanna hafa jafnan — og það með réttu — talið helgasta vopn verkalýðsins, sem sé að mega grípa til verkfalls, ef allt annað þrýtur, er látið halda sér í frv., og einnig sá réttur

vinnuveitandans, að mega freista þess að knýja fram sínar kröfur með verksvipting. Það mætti því segja, að aðalgrundvallaratriði þessa frv. væri það, að „frestur er á illu beztur“. Og ég hefi þá trú, að einmitt sá frestur, sem ríkisvaldinu er veittur til þess að reyna að koma fram sáttum, verði oftast nægilegur til þess að koma í veg fyrir vandræði.

Ég vil þá ljúka máli mínu með því að vekja athygli á því, að þetta frv. miðar að því að styrkja ríkisvaldið og þar með efla þingræðið í landinu. Það miðar að því að draga úr óeðlilegu og hættulegu valdi einstakra stétta innan þjóðfélagsins. — Ég vænti því, að það fái sanngjarna meðferð hér á Alþ., og ég trúi því eigi fyrr en ég tek á, að verulegur ágreiningur geti orðið um jafnsanngjarnt og þjóðhollt mál og þetta.

Ég vil svo mælast til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi tvívegis áður látið í ljós skoðanir mínar opinberlega um þetta mál, sem hér liggur fyrir; get ég að sumu leyti vísað til þess og þarf því ekki að lengja mikið umr. um þetta frv. Ég hefi alltaf, síðan ég fór að kynnast þessum málum nokkuð, talið það vera nauðsynlegt, að gengið yrði frá löggjöf um þetta efni. Það er nauðsynlegt fyrir báða aðilja sjálfa, vinnuveitendur og verkamenn. Það er af ýmsum litið svo á, og sú skoðun er talsvert ríkjandi í þessu landi, að það sé jafnvel til þess að auka vinnudeilur, að vinnuveitendur annarsvegar og verkamenn hinsvegar hafi með sér samtök. En reynslan hefir alstaðar sýnt það, að því lengra sem þessi samtök komast á báðar hliðar og því þroskaðri sem þau verða, því minni hætta stafar af vinnudeilum, ef jafnframt er sett löggjöf um þetta efni, þar sem gefnar eru meginreglur um viðureignina, þegar til vinnudeilna kemur. Þessi er reynslan á Norðurlöndum og í Englandi, þar sem þetta fyrirkomulag er elzt, og svo er einnig annarsstaðar, þar sem því hefir verið komið á. Og nú, þegar vinnuveitendur hér á landi hafa skipað sér í félag, eins og verkamenn hafa áður gert, má segja, að mjög aðkallandi sé orðið, að löggjöf um þetta efni sé sett. Þess vegna er það, að ég hefi haft hug á að láta athuga þetta mál og undirbúa, og er það í samræmi við orð, er ég lét falla í nýársræðu minni í vetur. Því hlýtur það að vera mér ánægjuefni, að þetta frv. er komið fram, því það hlýtur að flýta fyrir umr. um þetta mál og að það verði tekið upp á þann hátt, sem ég álít rétt, að það sé tekið upp. Það liggur að vísu ekki fyrir við þessa umr., og getur sennilega ekki legið fyrir þessu þingi, vilji annars aðiljans um það, hvernig tekið sé á þessu máli. Það liggur ekki fyrir, eins og venja er til þegar slík löggjöf er sett, athugun frá verkamannasamtökunum. Eins og hv. flm. benti á, hefir þessu máli verið ráðið til lykta, m. a. í Danmörku, með samningi milli hlutaðeigenda, septembersamþykktinni svokölluðu, sem gerð var fyrir aldamót og þótti að mörgu leyti marka tímamót í vinnumálefnum Norðurlanda. Undirstaðan á að vera samkomulag milli beggja aðilja, og eins og hv. flm. benti á, er einnig sá vísir að löggjöf um vinnudeilur, sem hér hefir verið settur, en það eru l. um sáttasemjara ríkisins, einmitt settur með samkomulagi og samningaumleitunum milli þessara tveggja aðilja. Það er ákaflega hætt við, að ef löggjöf er sett án þess þessa samkomulags sé leitað, þá nái hún ekki tilgangi sínum, og því hefir þessari reglu verið fylgt, bæði erlendis og hér heima, að svo miklu leyti sem löggjöf hefir verið sett um þetta efni.

Það stendur hér í grg., að þetta frv. hafi verið sent Alþýðusambandi Íslands og leitað um það samkomulags við það. Hinsvegar stendur ekkert um það, á hvern hátt málið hefir verið athugað af hendi þess aðilja, eða hvort það hefir yfirleitt nokkuð verið athugað af verkalýðssamtökunum. Mér virðist þannig gengið frá þessu frv. — þó ég hafi að vísu ekki haft nema mjög stuttan tíma til þess að lesa það, en svona mál þarf að lesa mjög gaumgæfilega —, að það sé mjög líklegt, að því geti orðið vel tekið frá báðum aðiljum. En mér virðist það eðlilegast, um leið og ég vil lýsa ánægju minni yfir, að þetta frv. er komið fram, að málinu sé vísað til n. og athugað á þessu þingi, en síðan verði það rannsakað frekar á milli þinga, annaðhvort af milliþn. eða á annan hátt, og svo reynt að afgr. það á næsta þingi. Ég álít, að slíkur lagabálkur sem þessi, sem er beinlínis ný stjórnarskrá viðvíkjandi þeim deilumálum, sem hafa verið viðkvæmust í þessu landi, megi vel athugast á milli þinga, og sérstaklega af báðum aðiljum, sem hlut eiga að máli. Held ég, að það væri skynsamlegasta og eðlilegasta afgreiðsla þessa máls. Ég mundi vera því meðmæltur, að milliþn. væri skipuð í málið nú, og að hún væri að nokkru leyti skipuð mönnum, sem væru tilnefndir af vinnuveitendum og verkamönnum, og svo einhverjum fulltrúa eða fulltrúum fyrir ríkisstj., og að málið yrði þannig undirbúið lagt fyrir næsta þing.

***Héðinn Valdimarsson:** Út af frv. til l. um vinnudeilur, sem hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. hafa borið fram og nú er til 1. umr., vil ég taka fram eftirfarandi fyrir hönd Alþfl.:

Alþýðuflokkurinn álítur ekki rétt né gerlegt að setja vinnulöggjöf, nema tryggt sé fyrirfram, að meiri hluti verkalýðsins og alþýðusamtakanna sé henni samþykkur.

Stjórn Vinnuveitendafélags Íslands hefir fyrir nokkru sent Alþýðusambandi Íslands tillögur, sem að efni til eru samskonar og frv. það, sem nú liggur hér fyrir. Stjórn Alþýðusambandsins ákvað að bera þessar tillögur nú þegar undir stjórnir verkalýðsfélaganna í Reykjavík og grenndinni. Sambandsþing verkalýðsfélaganna verður haldið næsta haust, og mun þá mál þetta verða tekið þar til athugunar. En Alþfl. mun greiða atkv. gegn því, að vinnulöggjöf verði sett fyrr en fyrir liggur álit sambandsþings um slíka löggjöf og sýnt er, að meiri hluti verkalýðsins sé henni fylgjandi, og að sjálfsögðu er óhugs-

andi, að alþýðusamtökin samþykki vinnulöggjöf, sem sé á annan hátt en þann, að bót sé að henni frá því ástandi, sem nú er, og alþýðusamtökin verði að fullu viðurkennd og réttindi þeirra í þjóðfélaginu. Alþfl. álítur það ranga aðferð að bera fram frv. eins og það, sem hér liggur fyrir frá hinu nýstofnaða og óreynda Vinnuveitendafélagi, án þess að alþýðusamtökin hafi lýst sig því fylgjandi. Það hefir sýnt sig alstaðar í lýðfrjálsum löndum, að vinnulöggjöf, sem ekki nýtur fylgis verkalýðsfélaganna, á sér enga rót í þjóðfélaginu, veldur miklum og óþörfum deilum og er aðeins til hins verra. Eins álítur flokkurinn það rangt að byggja upp vinnulöggjöf svo gersamlega eftir erlendri fyrirmynd sem gert er hér, án tillits til íslenzkra staðhátta og atvinnuhátta. Eðlilegur gangur þessa mál hefði verið sá, að ríkisstj. hefði látið rannsaka og undirbúa það milli þinga á þann hátt, sem fullnægt hefði getað kröfum alþýðusamtakanna. En Alþfl. hlýtur að beita sér gegn afgreiðslu þessa máls, eins og það er undirbúið, enda þótt flokkurinn álíti, að æskilegt væri að setja vel og rétt undirbúna löggjöf um vinnudeilur og réttindi og skyldur alþýðusamtakanna.

Flm. (Thor Thors): Ég vil byrja með því að þakka hæstv. forsrh. fyrir það, hversu vingjarnlega hann tekur þessu máli að efni til. Hann tjáði sig — eins og hann raunar hefir áður gert opinberlega — fylgjandi því, að vinnulöggjöf sé sett hér á landi. Og hann sagði beinlínis um þetta frv., að sér litist þannig á það að efni til, að það væri líklegt til þess að ná samþykki allra aðilja. Það þarf ekki að fjölyrða um það frekar heldur en ég gerði í gær, að löggjöf um þetta efni er nauðsynleg okkar þjóðfélagi, alveg eins og löggjöf um fjöldamörg önnur efni, og það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að samtök vinnuveitenda annarsvegar og verkamanna hinsvegar eru nauðsynleg hverju þjóðfélagi og miða beinlínis til þess að draga úr deilumálum, ef viturlega er á málunum haldið af báðum aðiljum, þ. e. a. s. ef með völdin í þessum félagsskap fara menn, sem líta á nauðsyn þjóðfélagsins á hverjum tíma, en hafa þar engar öfgar í frammi.

En mér þótti leitt að heyra, að hæstv. forsrh. sá ekki, að þetta mál gæti náð fram að ganga á þessu þingi. Sama kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. og hann talaði um, að ástæðan til þess væri m. a. sú, hvernig málið væri fram borið. Ég vil leyfa mér að minna á það, að þegar fyrsta sporið í þessu efni var stigið, þegar borið var fram frv. um sáttatilraunir í vinnudeilum árið 1925, þá var það borið fram af aðalandstæðingi þáv. ríkisstj., Tryggva Þórhallssyni, og var þá ekki um það spurt, hver bæri málið fram; það var aðeins litið á það, að hér var flutt gott mál, og það náði því samþykki allra aðilja. Ég sé ekki annað en Alþingi sé þannig skipað nú, að það geti fyllilega rannsakað hugi þeirra aðilja, sem mest kemur þetta við. Við vitum, að innan þingsins eiga sæti flestir aðalleiðtogar alþýðusamtakanna í landinu, og á þeim veltur fyrst og fremst, hvernig fer um afgreiðslu þessa máls. Ég skal hinsvegar játa, eins og ég líka tók fram í gær, að það væri mjög æskilegt, að samkomulag næðist milli aðalaðiljanna um þessa löggjöf, til þess að hún kæmi að fullum notum. En ég fæ ekki betur séð en að slíku samkomulagi megi ná á meðan þetta þing situr. Og það ætti að vera þeim mun fljótlegra, þar sem þetta mál hefir talsvert verið undirbúið utan þings áður en það kom hér fram. Eins og hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Reykv. báðir gátu um, hefir Vinnuveitendafélag Íslands fyrir löngu — ég held það hafi verið á síðastl. sumri — leitað til Alþýðusambands Íslands um samkomulag um vinnulöggjöf. Formaður Vinnuveitendafélagsins talaði fyrst um þetta við formann Alþýðusambandsins, og tók hann málinu þá eigi illa, en vildi að sjálfsögðu ráðgast um það við samherja sína. Og upp úr síðustu áramótum, þar sem ekkert munnlegt svar hafði komið frá alþýðusamtökunum, var Alþýðusambandinu síðan skrifað af Vinnuveitendafélaginu og beðið um svar við þessum till. þess, svo að hægt væri að koma þessu máli á framfæri á þessu þingi. Það dróst, að svarið kæmi. Loks 4. febr. — að mig minnir — kom bréf frá Alþýðusambandinu, þar sem það segir, að það geti ekki tekið afstöðu til þessa máls fyrr en það hafi borið það undir verkalýðsfélögin í Reykjavík og Hafnarfirði. Og svo var að skilja á bréfi þessu, að Alþýðusambandið gæti þetta innan skamms. En nú kemur hv. 2. þm. Reykv. með skriflega yfirlýsingu frá Alþýðusambandinu, þar sem það segist vilja lengja frestinn til þess að taka afstöðu í þessu máli, og taki ekki þá afstöðu fyrr en eftir að sambandsþing verklýðsfélaganna hefir komið saman í haust.

Ég tel, að samkomulag um þetta mál sé svo mikils virði, að rétt sé að fresta til hins ýtrasta að ná því. En hinsvegar, ef forráðamenn verklýðssamtakanna, sem sæti eiga hér á Alþ., eru þeirrar skoðunar, að vinnulöggjöf sé nauðsynleg, álít ég, að hægt sé að afgr. málið á þessu þingi. Í allshn. þessarar d. eiga sæti hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., sem báðir eiga sæti í stj. Alþýðusambands Ísl. Ef þeir því hefðu hug á að leita samkomulags um að leiða þetta mál til lykta, þá væri þeim í lófa lagið að koma því fram á þessu þingi. Ég vil í lengstu lög vona, að samkomulag náist um friðsamlega og heillavænlega afgreiðslu málsins á þessu þingi. Engir hafa í raun og veru meiri hagsmuni af því, að þessum málum sé stillt til friðar og farsællegra lykta, heldur en einmitt þeir, sem með ríkisvaldið fara í þjóðfélaginu, því að allar langvinnar atvinnudeilur hljóta fyrr eða síðar að snúast gegn ríkisvaldinu. Það er ríkisvaldið, sem, þegar til vandræða horfir, verður að grípa í taumana og sjá um lausn deilna á einn eða annan hátt. Enda höfum við dæmi þess hér hjá okkur, að vinnudeilur hafa verið leystar á þann hátt, að ríkisvaldið sjálft hefir orðið að borga það, sem á milli greindi. En fáist ekki samkomulag um mál þetta nú á þessu Alþ., þá verður að hníga að því ráði að láta rannsaka þetta mál af milliþn. til næsta þings. Þykir mér miður, ef fara þarf þá leið. Sá dráttur, sem með því verður á löggjöf um þetta mál, getur orðið þjóðfélaginu hættulegur. En hálfur skaði er betri en allur. Og fáist ekki þetta mál leyst nú á þessu þingi, þá er rétta leiðin að skipa milliþn., sem rannsakar málið til

næsta þings. Ég teldi rétt, að sú n. yrði að meiri hl. kosin af sameinuðu þingi, en þeim tveim aðalaðiljum, sem þetta mál tekur til, yrði gefinn kostur á að tilnefna sinn manninn hvorum í n.

Ræða hv. 2. þm. Reykv. var fyrirfram hugsuð og samin, enda hógvær að mestu. Þó vildi hann telja varhugavert að samþ. frv., sem hefði fengið þann undirbúning, sem þetta mál hefir fengið. Þetta frv. hefir fengið þann undirbúning, að rannsökuð hafa verið til hlítar ákvæði, sem gilda um þetta efni hjá nágrannaþjóðum okkar, og það, sem bezt hefir reynzt hjá hverri þeirra þjóða, hefir verið tekið upp í frv. þetta. Ég hygg, að sjaldan hafi verið lagt fyrir hæstv. Alþ. öllu rækilegar undirbúið frv. og nákvæmlegar heldur en einmitt þetta frv. Og ég efast ekki um, að ef hv. 2. þm. Reykv. hefði fundið í þessu frv. eitthvað það, sem hann gæti talið gegn hagsmunum verkalýðsins í landinu frekar en gegn hagsmunum vinnuveitenda, þá hefði hann ekki skort kjark til þess að minnast á það hér. Þessar umr. hafa einmitt glögglega sýnt, að frv. þetta er svo sanngjarnt og tekur sjónarmið þjóðfélagsins fram yfir allt annað, að ekki verður með rökum nokkuð gegn því fundið. Enda tók hæstv. forsrh. þetta fram í sinni ræðu.

Ég vona, að við nánari athugun þessa máls sjái stjórnarflokkarnir, að þetta frv. hefir það efni að flytja, að rétt er að lögfesta það sem fyrst, og jafnframt að þeir sjái, að dráttur á þessari löggjöf getur orðið hættulegur. Ég vænti því, að hv. allshn. þessarar d. geti tekið þetta mál til rækilegrar meðferðar og skilað áliti sínu á þann veg, að framgangur málsins sé vís á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, utan dagskrár, mælti

Thor Thors: Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að mjög snemma á þessu þingi var borið fram af mér og hv. 8. landsk. frv. til l. um vinnudeilur. Þetta frv. var tekið til meðferðar í allshn., sem hæstv. forseti á sæti í m. a. Það hefir komið fram nál. frá öðrum minni hl. n., sem er hv. 8. landsk. og ég, og það hefir einnig komið fram nál. frá hæstv. forseta, sem myndar sérstakan minni hl. innan n. Hinsvegar hefir ekkert nál. komið frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., enda þótt þeir hefðu þau ummæli, að þeir mundu bráðlega skila nál.

Forseti (JörB): Út af orðum hv. þm. Snæf. vil ég taka það fram, að ég vænti þess, að þeir tveir hv. nm., sem ekki hafa skilað áliti, geri það innan skamms.

Héðinn Valdimarsson: Það er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu, að við komum fram með nál. Ég veit, að hv. flm. frv. er kunnugt um afstöðu okkar: við erum á móti málinu og leggjum til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Thor Thors: Ég skil þessi ummæli hv. 2. þm. Reykv. þannig, að honum væri sama, þó að málið yrði tekið á dagskrá, enda þótt ekkert nál. kæmi frá honum. Ég tel samt þinglegra, að fram komi nál. frá allri n.

Héðinn Valdimarsson: Ef hæstv. forseti ætlar að eyða tíma í það að taka málið á dagskrá, þá óska ég eftir að koma með nál. áður, en annars er séð fyrir um afdrif málsins.

Á 11. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt frá Nd. nál. frá 1. minni hl. allshn., á þskj. 303, á 52. fundi í Nd., 20. apríl, nál. frá 2. minni hl., á þskj. 374, og á 57. fundi deildarinnar, 27. apríl, nál. frá 3. minni hl., á þskj. 442, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Hreppstjóralaun og aukatekjur m. fl.

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (þmfrv., A. 76).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Frv. þetta kom fram á síðasta þingi og launamálanefnd mælti með því óbreyttu, og leyfi ég mér að leggja til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og væntanlegrar launamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til launamn. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 76, n. 133 og 135, 142).

***Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 76, er samið af milliþinganefnd í launamálum og hefir verið athugað af launamálanefnd þessarar hv. deildar, sem leggur til, að einum hv. nm. undanskildum, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn hv. nm. hefir fyrirvara um eitt atriði frv. og flytur brtt. því viðvíkjandi.

Í stuttu máli fer þetta frv. fram á það, að breytt sé að nokkru leyti til um þau laun, sem hreppstjórar í landinu hafa, og að þau verði hækkuð nokkuð frá því, sem verið hefir. En þær orsakir, sem til þess liggja, að launamálanefnd getur fallizt á þetta, eru í fyrsta lagi, að störf hreppstjóranna hafa undanfarin ár sí og æ farið vaxandi; það eru heimtaðar af þeim fleiri og fleiri skýrslur, eftir því sem lengra líður, en einkum og sér í lagi hefir það gert störf þeirra umfangsmeiri en áður, að á síðari árum hafa fallið á þá miklu meiri innheimtustörf en áður var. Þetta kemur náttúrlega langtum harðara niður á þeim hreppstjórum, sem búa í kauptúns-

hreppum, en samt hefir einnig á þessu bólað hjá sveitahreppstjórum síðan viðskiptakreppan skall á. Út í þetta þarf ekki mikið að fara, því að það er svo alkunnugt mál; en það, sem hér er farið fram á, nær í sjálfu sér mjög skammt að því leyti, að þessi þóknun til hreppstjóranna er í sjálfu sér miklu minni heldur en nokkursstaðar þekkist um greiðslur fyrir flest önnur störf í þágu þjóðfélagsins, eins og raunar þóknun fyrir öll þau opinberu störf, sem hlaðið hefir verið á alþýðumenn, sérstaklega í sveitum landsins; þess vegna er þessi þóknun hreppstjóranna ósambærileg við allt annað, sem þekkist í okkar launamálakerfi.

Út í þetta skal ég svo ekki fara frekar, og ekki heldur þau atriði, sem felast í ágreiningi þeirra tveggja hv. nm., sem hér flytja brtt., fyrr en þeir hafa talað fyrir þeim, en eins og áður er sagt, leggur meiri hl. n. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég hefi ekki getað orðið sammála hv. meðnm. mínum um þetta mál. Þeir hafa, eins og fram kom hjá hv. frsm., lagt til, að laun hreppstjóranna yrðu hækkuð. Ég skal fúslega viðurkenna það, að laun hreppstjóranna eru ekki há, en þegar rætt er um hækkun á launum einhverrar stéttar, þá tel ég ekki nóg að líta eingöngu á það, hvernig launin eru, heldur líka á laun annara og getu landsins til að borga. Að því er hreppstjórana snertir er það svo, að starf þeirra er mjög misjafnt; margir hreppstjórar í sveitahreppum hafa tiltölulega mjög lítið starf, og þarf því ekki að borga það hátt. Hitt er aftur á móti satt, að öðru máli gegnir um suma aðra hreppstjóra, sérstaklega í sjávarþorpunum, sem verða að framkvæma töluvert, meira og minna, af innheimtustörfum og öðrum störfum, sem sýslumenn, er lengra burtu búa, eiga að réttu lagi að leysa af hendi, en láta hreppstjórana framkvæma fyrir sig í sínu umboði. Ég geri ráð fyrir, að hreppstjórarnir fái þetta yfirleitt borgað að einhverju leyti af viðkomandi sýslumönnum, en hinsvegar skal ég viðurkenna, að töluverður hluti af hreppstjórum landsins fær, að mínu áliti, of lág laun, ef litið er á þá eina út af fyrir sig. En ef hinsvegar er litið á getu ríkissjóðs til þess að greiða mönnum laun og það, sem allur almenningur í landinu þarf að hafa sér til lífsframfæris, þá finnst mér ekki rétt á þessum tímum að ganga inn á þá braut að hækka laun hreppstjóranna, og það því fremur sem öllum er það ljóst, að þeir erfiðleikar, sem þjóðin á nú við að stríða, og þeir, sem eru framundan, geta vel borið í skauti sínu meiri og minni breytingar á verðgildi peninga okkar. Þess vegna tel ég ekki tímabært á þessu stigi málsins að hækka laun hreppstjóranna og legg því til, að frv. verði fellt.

***Jónas Guðmundsson:** Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 142, við 1. gr. frv., að því er snertir tekjur hreppstjóra í kauptúnum. Ég er kunnugri slíkum kauptúnum en sveitum landsins, og ég veit, að flestir af þessum kauptúnshreppstjórum, þ. e. í þeim kauptúnum, þar sem sýslumenn eru ekki búsettir, hafa mjög mikil störf með höndum, enda hefir þingið undanfarin ár viðurkennt þetta, með því að gera ýms stærstu kauptúnin að sérstökum lögreglustjóraumdæmum, sem fengju greiðslur úr ríkissjóði.

Sú hækkun, sem brtt. *mín gerir ráð fyrir*, að verði á launum þessara hreppstjóra frá því, sem er farið fram á í frv., er sú, að ætlazt er til, að þessir hreppstjórar fái greidda 50 aura fyrir hvern íbúa í kauptúni með yfir 500 íbúa í viðbót við þau laun, sem hreppstjórum eru ákveðin í 1. gr. frv. Það munu vera um 10 kauptún á landinu, sem falla undir þetta, og fjárhæðin, sem þarna er um að ræða, er um 3000 kr. í allt, því að hér verður að gæta þess, að þau kauptún, þar sem sýslumenn eru búsettir, falla ekki undir þetta, því að þar er starfsvið hreppstjóra miklu minna heldur en í þeim kauptúnum, þar sem sýslumenn eru ekki búsettir. — Að því er snertir hækkun á launum hreppstjóranna yfirleitt verð ég að segja það, að ég get fallizt á það með meiri hl. n., að þetta verði gert, vegna þess að bæði á þessu þingi og öll síðustu þing hafa legið fyrir tilmæli frá flestum sýslumönnum landsins um að fá aukið skrifstofufé, sérstaklega með tilliti til þess að geta gert betur við sína hreppstjóra eða þá, sem þeir hafa fyrir umboðsmenn hingað og þangað um víðlendar sýslur og taka mikil störf af sýslumönnunum. Ég lít því svo á, að hækkun á hreppstjóralaununum, *sem þetta frv. gerir ráð fyrir*, ætti að geta haft þær verkanir í för með sér, að ekki þyrfti að auka eins mikið skrifstofufé til *hinna einstöku lögsagnarumdæma í landinu* eins og útlit er fyrir, að nauðsynlegt sé að gera, ef ríkið ætlar sýslumönnum og lögreglustjórum að halda þessum málum í sæmilegu horfi.

Hirði ég svo ekki um að hafa fleiri orð um þetta, en ég gæti fært mörg fleiri rök fyrir því, að hreppstjórar í kauptúnum hafa miklu fleiri störf með höndum en hreppstjórar í sveitum, og stafar það af siglingum til kauptúnanna, innheimtu á ýmsum gjöldum, er stafa af fólksfjöldanum, o. fl., sem ekki er til að dreifa í sveitahreppunum.

***Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason):** Þess gerist ekki svo mikil þörf að vera langorður að þessu sinni, af því að þeir tveir hv. meðnm. mínir, sem talað hafa í þessu máli, hafa talað hvor á móti öðrum, en til andsvara því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði um þetta mál, vil ég þó segja nokkur orð. Hann sagði, að störf þeirra manna, sem hér um ræðir, væru svo lítil, að ekki væri ástæða til þess að hækka laun þeirra. (**PZ:** Ég sagði það um suma þeirra). Sérstaklega vitnaði hv. þm. til sveitahreppstjóranna í þessu efni. Auk þess sagði hv. þm., að ástandið væri svo bágborið, að ekki væri forsvaranlegt að hækka borgun til þess hluta hreppstjóranna, sem í sveitum búa. Skoðun mín í þessum málum er sú, að það beri almennt séð, eins og nú standa sakir, fremur að lækka kaup og laun heldur en að hækka þau, því að yfirleitt er það svo í þessu landi, að þeir, sem taka fasta borgun fyrir vinnu, hafa betri aðstöðu en aðrir þegnar þjóðfélagsins; en hér stendur alveg sérstaklega á, og þess vegna verða menn

að taka til samanburðar þá aðilja, sem helzt getur verið hér um að ræða. Ákvæðin um laun hreppstjóranna eru frá 1917; síðan hafa störf þeirra aukizt stórkostlega. Þau lagaákvæði, sem gilda um laun þeirra, eru byggð á þeim reglum, sem lengst af hafa gilt hér, og vék ég að því áðan, að samkv. þeim væri borgað miklu minna fyrir öll opinber störf, sem unnin eru af þeim, sem sjálfir reka annars einhverja atvinnu, heldur en fyrir nokkurt annað starf, sem borgað er fyrir í okkar þjóðfélagi. Það, sem nú er greitt til hreppstjóranna, mundi ekki hrökkva fyrir mörgum dagsverkum í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum, því að það er ekki meira en 100 kr. sem hreppstjórarnir hafa fyrir sín störf í hreppum, sem hafa 100 íbúa eða færri, samkv. 1. gr. frv., og er þar gert ráð fyrir, að launin verði hækkuð um 20 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Eins og kunnugt er, hafa kröfurnar um auknar skýrslur frá hreppstjórunum sífellt farið vaxandi, en hitt er þó enn verra, að eftir því sem ástandið hefir versnað, hefir sú krafa sí og æ farið vaxandi, að hreppstjórarnir annist innheimtu á öllum mögulegum sköttum, sem er mikið erfiði, ekki sízt í kauptúnunum; en fyrir þetta erfiði fá hreppstjórarnir ekkert borgað sérstaklega, en væri um aðra menn að ræða, þætti það víst ekki mikið að borga þeim það, sem farið er fram á í þessu frv. Hið illa ástand og atvinnuleysi, sem nú er í landinu, verkar öfugt á starfsemi þessara manna, að því leyti, að eftir því sem atvinnuleysið eykst og ástandið versnar, því meiri verða störf hreppstjóra og oddvita. Eftir því sem vinnukraftur hefir orðið dýrari og meira torveldi á því að afla sér vinnu, því erfiðara verður að vinna að þessum störfum, og sumstaðar er það að verða hrein og bein plága fyrir þá menn, sem njóta meira trausts en almennt gerist, hve opinber störf hlaðast á þá, jafnvel svo, að við liggur, einkum ef þeir eru einyrkjar, að þeir verði að hætta við sinn eiginn atvinnurekstur, ef þeir flækjast inn í hin opinberu störf.

Þetta frv. bætir alls ekki á fullnægjandi hátt úr kjörum hreppstjóranna, samanborið við laun annara opinberra starfsmanna, en í því felst þó viðurkenning, sem mig furðar á, að hv. 2. þm. N.-M. skuli leggjast á móti, þar sem ég veit, að **honum** hlýtur að vera kunnugt um það, að greiðslur fyrir mörg önnur opinber störf eru margfalt meiri, þótt störfin séu oft miklu minni. — Viðvíkjandi brtt. hv. 6. landsk. verð ég að segja það, að ég er í meiri vafa um það, hvort ekki sé rétt að samþ. hana, því að ég veit, að í sumum kaupstöðum fást varla lengur almennilegir menn til að sinna þessum störfum, vegna þess hve mjög innheimtur hafa aukizt, án þess að nokkrar launabætur hafi komið á móti. En meiri hl. n. vill ekki ganga lengra en gert er í frv.

*__Pétur Ottesen:__ Mér finnst, að ekki megi minna vera en að hv. 2. þm. N.-M. fái nokkra viðurkenningu fyrir þá umhyggju sína fyrir hag ríkissjóðs, sem fram kemur í þessu máli, einkum þar sem þessi umhyggja kemur nú eins og „þjófur úr heiðskíru lofti“, eins og hann sjálfur hefir komizt svo snilldarlega að orði, þegar litið er á afstöðu hans að öðru leyti gagnvart gjöldum úr ríkissjóði undanfarið.

Það, sem um er að ræða hér, er það, að hækka laun allra hreppstjóra á landinu um svipaða upphæð og hv. 2. þm. N.-M. hefir krækt sér í á einu ári úr sjóði ríkisins. Því að ef litið er á allt það, sem hv. þm. hefir notið vegna undirgefni sinnar og auðsveipni við landsstjórnina, þá held ég, að í ljós myndi koma, að hann hefði innbyrt síðasta ár eitthvað nálægt þessum 14 þús. krónum, sem hér er um að ræða. — Þessi hv. þm. fer nú viðurkennandi orðum um bágan hag ríkissjóðs og telur þessi auknu útgjöld vera ríkissjóði ofraun. „Eins og nú er háttað högum þjóðarinnar og launakjörum alls almennings, sé ég ekki ástæðu til að hækka laun hreppstjóra“, segir hann. Hann segir, að störf hreppstjóra séu lítil og þeir eigi fyrir þau lítil laun. Hann segir, að samanborið við aðra og getu þjóðarinnar verði hann að álíta, að þótt laun hreppstjóranna séu ekki há, megi þau ekki hækka nú, vegna vangetu ríkissjóðs. Ég get tekið undir allt þetta með honum hvað ríkissjóð snertir, og get fallizt á það, að ástandið sé ekki betra en það, að halda verði áfram að krossfesta hreppstjórana, m. a. vegna hv. 2. þm. N.-M. og annara, sem hafa haft sömu aðstöðu til þess að sækja feng í bú sitt úr ríkissjóði. Það má því vel vera, að ég geti fylgt honum í þessu máli. En hvað sem því líður, vildi ég ekki láta hjá líða að gefa honum þessa viðurkenningu fyrir þau straumhvörf, sem virðast nú hafa orðið allt í einu í hans pólitiska lífi.

Samkv. frv. eiga hreppstjórar í hreppum með 200 íbúum að hafa 140 kr. á ári, en 180 kr. í hreppum með 300 íbúum. Þetta mega nú teljast allfjölmennir hreppar. Samt telur hv. 2. þm. N.-M. þetta of rífleg launakjör. Ennfremur vex honum mjög í augum, hve aukatekjur hreppstjóra eru hækkaðar með frv. Ég vil nú benda þessum hv. þm. með sín 14 þús. kr. laun á ári á það, að hreppstjórarnir eiga nú samkv. frv. að fá 7 kr. á dag í stað 6 áður. Ef þeir eru lengur að heiman en sólarhring, eiga þeir að fá tímakaup, og er það nú ákveðið 50 aurar í stað 25 aura áður. Svona vel á nú að búa að hreppstjórunum, ef þetta frv. verður að lögum, sem ef til vill er varhugavert vegna hins bága hags ríkissjóðs, eins og hv. 2. þm. N.-M. segir. En þess verður þá jafnframt að vænta, að hv. 2. þm. N.-M. taki meira tillit til hins þrönga fjárhags ríkissjóðs en hann hefir gert í viðskiptum sínum við hann undanfarið.

Hv. þm. gerir lítið úr störfum hreppstjóranna og heldur því fram, að fyrir lítil störf eigi menn að fá lítil laun, sem er alveg rétt, þótt nú virðist vera búið að snúa þessu við, eins og kannske mætti sanna með dæmum af tekjuöflun hv. 2. þm. N.-M. En þess er að gæta, að þótt skýrslugerðir hreppstjóra væru litlar fyrir mörgum árum, hefir verið hlaðið á þá ýmsum nýjum skýrslugerðum og innheimtum undanfarið. Ég skal ekki segja um það, hvort þessar skýrslugerðir bera mikinn árangur, en þessa er krafizt af þeim. Auk þess má geta þess, að þinggjöld innheimtast því síður á gjalddaga sem meira kreppir að, svo að þau greiðast hvorki á manntalsþingum í sveitum né á

gjalddaga í kaupstöðum. Þessi innheimta lendir öll á hreppstjórunum í sveitunum og kostar mikla fyrirhöfn. Um borgun frá sýslumönnum er ekki að ræða, enda yrðu þeir þá að greiða hana af skrifstofukostnaði sínum, en eftir því sem liggur fyrir þessu þingi, þykir skrifstofufé ekki of ríflega úti látið.

Ég verð að játa það, að ég tel þessar kjarabætur lítilfjörlegar fyrir hreppstjórana, en þó máske ofvaxnar ríkissjóði eins og stendur. Ég geri því ráð fyrir, að ég muni leggjast á sveif með hv. 2. þm. N.-M. í þessu máli, og það því fremur sem ég veit, að eftir þessi straumhvörf hjá honum hlýtur hann sjálfur að sýna ríkissjóði meiri sjálfsafneitun hér eftir en hingað til.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Ég vil segja hv. þm. Borgf. það í eitt skipti fyrir öll, að gagnvart mér dugir ekki það gamla herbragð hans að flýja frá málefninu með því að ráðast á menn, því að mér mun aldrei koma til hugar að svara honum, þegar ég á í hlut. Þetta vil ég láta hv. þm. vita í eitt skipti fyrir öll. Ég mun því ekki fara neitt út í það, sem hann sagði um laun mín síðastl. ár. Ef hann óskar, get ég gefið honum fullar upplýsingar um þau, og mun hann þá sjá, að miklu munar á þeim og 14 þús. kr.

Annars er hv. þm. Borgf. á sama máli og ég um það, að ekki sé tímabært nú, vegna fjárhags ríkissjóðs og þjóðarheildarinnar, að hækka laun hreppstjóranna. Hinsvegar ber okkur ekki saman um það, hve mikið hreppstjórarnir hafi að gera. Við vitum þó báðir, að til eru hér hreppar með 7 bæjum og 11 og margir með 18—26 bæjum. Þótt sú skylda hvíli á hreppstjórum að halda hreppskilaþing, innheimta gjöld og safna framtölum, sé ég enga ástæðu til að hækka laun þeirra. Hitt er rétt, að í fjölmennum hreppum, einkum í kauptúnum, eru launin lág, en þegar þau eru borin saman við önnur laun fyrir svipuð verk og ástæður þjóðfélagsins, verður þó ljóst, að ekki er sérstök ástæða til að hækka þau eins og nú standa sakir.

Auk þess held ég, að enginn geti nú um það sagt, hvert verðgildi krónunnar kann að verða í framtíðinni, og því tel ég fásinnu að fara að festa laun á þessum breytilegu tímum. Hvað sem öðru líður, er sjálfsagt að bíða eftir því, að fjármál og gengismál komist í fastara horf, áður en farið er að lögfesta laun opinberra starfsmanna að nýju.

***Gísli Sveinsson:** Ég skal ekki tefja tímann, en vil aðeins láta í ljós undrun mína yfir því, hve hv. n. hefir orðið fljót til að skila áliti um þetta mál. Ég bjóst ekki við því, að nýskipuð n. gæti skilað áliti svo fljótt um þetta vandamál. Mér hefði þótt það eðlilegast, að öll ákvæði um laun opinberra starfsmanna hefðu orðið samferða ttá n., og bjóst satt að segja ekki við öðru. En nú er mér alveg óljóst, hvað n. ætlast fyrir.

Nefndin mun nú að vísu sjá, að ókleift er að leggja fram frv. mþn. í launamálum óbreytt, vegna sameininga þeirra, sem þar er gert ráð fyrir. Það er þegar ljóst, að þær eru dauðadæmdar. Þess er því að vænta, að n. beri fram frv. um launamálin á tiltækilegum grundvelli, og hefði verið eðlilegast, að öll þau frv. hefðu orðið samferða inn í þingið.

En úr því að n. hefir nú af einhverjum ástæðum kosið að taka frv. um laun hreppstjóranna út úr og flytja það á undan öllum hinum, og stendur að þessu næstum óskipt, tel ég rétt að vera ekki að spyrna gegn því máli. Afgreiðsla þess skiptir litlu máli fyrir ríkissjóð, en þörf þeirra manna, sem hlut eiga að máli, er löngu viðurkennd. Hér er aðeins að ræða um nokkra tugi króna í launaviðbót til hvers á ári, og nokkra tugi aura að auki í aukatekjum. Hér er það því þörfin, sem verður að ráða, en ekki það, hvort menn eru ósammála um, hvort rétt sé, að málið komi fram nú eða að afgreiðsla þess kosti ríkissjóð 14 þús. kr. Það er vitað, að sá eini nm., sem beitir sér gegn þessu máli, hefir þessa upphæð, 14 þús. kr., í laun á ári. Þótt ég sé ekki að efast um það, að hann vinni ærlega fyrir þessum launum á sína vísu, þá getur maður í hans sporum varla álitið þetta mál neitt stórmál. Þetta getur ekki haft nein áhrif á það, hvernig og hvenær sýslumenn fá bætt upp sitt skrifstofufé. Skrifstofufé verður hækkað af öðrum ástæðum en laun hreppstjóranna. Það verður hækkað vegna aukinna anna og ferðalaga sýslumannanna sjálfra, en þar sem það mál liggur ekki fyrir hér að þessu sinni, skal ekki nánar út í það farið.

En þess má geta, að allir, sem nokkuð eru kunnugir úti um landið og ekki eru svo miklir landshornamenn, að þeir kynni sér ekkert nema yfirborðið, vita það, að störf hreppstjóranna, eins og sýslumannanna, aukast með hverri nýrri löggjöf. Launakjör hreppstjóranna, ef laun skyldi kalla, eru því löngu úrelt, og verða það aftur eftir nokkur ár. Því er fjarstæða að vera að tala um þetta sem eitthvert háskalegt nýmæli fyrir ríkissjóð, ekki síst þegar á það er litið, að ljósmæður í hverjum hreppi hafa nýlega fengið þreföld laun á við það, sem áður var. En þessar ljósmæður, sem að vísu eru mjög nauðsynlegar, eins og hreppstjórar, hafa alls ekki meira að gera en þeir. Það eru dæmi til þess í fámennum sveitum, að yfirsetukonur þurfa ekki að hreyfa sig frá heimilum sínum allt árið. En þegar þeim eru greidd laun á manntalsþingum, þá fá þær miklu hærri laun en hreppstjórar, þannig að fyrir hverjar 1000 kr. til hreppstjóranna fá ljósmæður 3000 kr. Hv. 2. þm. N.-M. hefir ekki fundið neitt að þessu, en hann gerir það ef til vill síðar, ef launakjör ljósmæðra verða tekin til meðferðar í þinginu.

Ég sé ekki, að hv. þdm. bæti sig á því að ræða frekar um þetta frv., sem hér liggur fyrir, eða á því að telja eftir hreppstjóralaunin; ég held, að það komi bráðum fyrir annað mál, sem er stærra í vöfum, og þá ætti hv. 2. þm. N.-M. að taka á þeim stóra sínum og leggja eitthvað meira og staðbetra til málanna en að þessu sinni. Því að honum hefir ekki tekizt að rökstyðja ágreining sinn við meiri hl. n. svo, að forsvaranlegt megi teljast.

ATKVGR.

Brtt. 142 felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, EE, EmJ, FJ, JakM, JÓl, JS, JG, PÞ, SE, SK.
nei: BÁ, BB, EystJ, GG, GÍ, HannJ, JónP, PZ, PO, SigfJ, JörB.
GSv, ÞorlÞ greiddu ekki atkv.
Níu þm. (BJ, GÞ, HV, JJós, MT, ÓTh, PHalld, StJSt, TT) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 76).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Fræðsla barna (frv. JörB).

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna (þmfrv., A. 77).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta mál var flutt á síðasta þingi og launamálanefnd hafði það til meðferðar og gerði við það lítilsháttar brtt. Þær hafa nú verið felldar inn í frv., og geri ég að till. minni, að því verði vísað til 2. umr. og launamálanefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til launamn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Landsbanki Íslands (frv. JörB).

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 78).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og afgr. af hálfu n. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það og legg til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og launamálan.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 134, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Skipun lögsagnarumdæma.

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skipun lögsagnarumdæma (þmfrv., A. 79).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og er nú aftur flutt í sama búningi. Sú n., sem hafði það til meðferðar, gat ekki fallizt á það nema að mjög litlu leyti. Ég geri ráð fyrir, að það komi fram brtt. við það, en sé ekki ástæðu til að fjölyrða um efni þess, og legg til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og launamn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Starfsmenn ríkisins og laun þeirra.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra (þmfrv., A. 80).

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég hefi leyft mér að bera þetta frv. fram að kalla óbreytt frá því, sem það var flutt á síðasta þingi. Aðeins er í 102. gr. ein lítilsháttar leiðrétting á villu, sem upphaflega hafði slæðzt inn í frv., en nú er lagfærð í þessu frv. Að vísu gera sum ákvæði frv. nokkuð aðra skipun um starfsmenn ríkisins en nú er, en ég taldi það ekki koma að sök og geri ráð fyrir, að það verði tekið til athugunar í n. eins og önnur atriði frv. — Ég sé svo enga ástæðu til að fjölyrða um málið nú, en geri að

till. minni, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til n. Ég held, að þingflokkarnir hafi komið sér saman um að kjósa sérstaka n. til þess að fjalla um þetta mál, og verður því þá vísað til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Samþ. var að kjósa sérstaka 5 manna nefnd í málið, launamálanefnd, og frv. til hennar vísað með 19 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, utan dagskrár, var tekin til meðferðar

kosning launamálanefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar. Á A-lista voru JörB, JG, PZ, en á B-lista GÍ, JónP. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jörundur Brynjólfsson,
Guðbrandur Ísberg,
Jónas Guðmundsson,
Jón Pálmason,
Páll Zóphóníasson.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. launamn., á þskj. 436, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Gengisskráning.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um gengisskráning (þmfrv., A. 93).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannes Jónsson): Ég hafði ætlað mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með allýtarlegri grg. í framsöguræðu. Undanfarna daga hefi ég þó rekizt á, að ýmsar þær skýrslur, sem ég hafði til að styðjast við, eru ekki eins fullkomnar og skyldi, og jafnvel sumar, sem ég hafði litið svo á, að leggja mætti til grundvallar við umr. um málið, eru miður áreiðanlegar. Ég vil ekki í jafnþýðingarmiklu máli styðjast við rök, sem hægt væri að segja, að séu vafasöm, og læt því niður falla þann frekari rökstuðning, sem ég gjarnan hefði viljað láta koma fram nú, þangað til málið kemur úr n. til 2. umr.

Ég hefi þessa dagana verið að reyna að ná samkomulagi við þingflokkana um að láta þetta mál ekki daga uppi í n. Hér er um svo þýðingarmikið málefni að ræða fyrir þjóðina, að það má ekki eiga sér stað, að tilraun til að leysa úr vandræðunum sé þöguð í hel.

E. t. v. er ekki hægt að leysa vandann að fullu eftir þeim leiðum, sem ég bendi á í þessu frv., en það verður að finna þær leiðir, sem geta bjargað þjóðinni frá yfirvofandi fjárhagshruni. Það er skylda allra flokka og Alþingis í heild að beita sér fyrir því, að slík lausn fáist á málinu, svo bjargað verði sem fyrst því, sem enn verður bjargað, en í voða stendur.

Ég drep á það í grg. frv., að atvinnuvegir þjóðarinnar hafa mörg undanfarin ár verið reknir með stórtöpum. Ég hefi engan heyrt mótmæla því, að svo sé, enda er sú niðurstaða deginum ljósari. Skuldir við bankana hafa hlaðizt á atvinnuvegina. Bankarnir hafa safnað skuldum erlendis, og ríkissjóður hefir stöðugt verið að auka sínar skuldir út á við. Síðan 1925 má gera ráð fyrir, að erlendar skuldir hafi vaxið um 60—70 millj. kr. Slík óhemju skuldasöfnun þjóðarbúsins getur ekki leitt til annars en fjárhagslegrar glötunar. Það er engin tilviljun, þessi mikla skuldasöfnun. Hún hefir nákvæmlega fylgt því eftir, hvernig gengið hefir fyrir atvinnuvegum þjóðarinnar. Þegar eitthvað hefir rofað til fyrir atvinnuvegunum síðan ófriðnum lauk, hafa skuldirnar við útlönd jafnframt farið minnkandi, og lengst komust þær niður árið 1925, eða niður í 34 millj. kr.

Skuldasöfnun atvinnuveganna hjá bönkunum hefir orðið til þess, að bankarnir hafa þegar orðið fyrir stórtöpum, og það, sem enn er talið til eigna í bókum bankanna, er sumt í raun og veru tapað, og e. t. v. tapast meira af því heldur en menn hafa gert sér í hugarlund. Nýlega er búið að gera upp annan af aðalatvinnuvegunum, landbúnaðinn. Og af 14 millj. kr. lausaskuldum, sem sá atvinnuvegur var búinn að hlaða utan á sig, hefir orðið að afskrifa um 8 millj. kr.

Af skuldasafni smáútgerðarmanna er alveg fyrirsjáanlegt, að stórfé hlýtur að tapast. Nú er verið að gera upp þann atvinnuveg, og sést þá, hvað þar hefir tapazt á þessum undanförnu árum. Hvað stórútgerðina snertir, þá dettur víst engum í hug að neita, að þar hafa orðið milljónatöp á þessum árum.

Hvert einasta framleiðslufyrirtæki í landinu er svo að segja á heljarþröminni og ekki sjálfu sér ráðandi. Slíkt ástand sem þetta getur ekki staðið til lengdar; þjóðin getur ekki undir því risið.

Það er ekkert sérstakt skilyrði fyrir því, að atvinnuvegirnir geti borið sig, að gengi peninga sé svo eða svo lágt; það má vera eins hátt og verkast vill. Aðalatriðið er, að gengi peninganna sé skráð sem næst réttu hlutfalli við rekstarafkomu atvinnuveganna í landinu. Þetta er það, sem alstaðar hefir komið fram sem óhjákvæmileg nauðsyn til þess að fjárhagsleg afkoma þjóðanna geti verið í sæmilegu lagi. Englendingar ráku sig á þetta, og Norðurlandaþjóðirnar ráku sig á það eftir ófriðinn, þegar þjóðirnar stefndu að því að færa gjaldeyri sinn aftur upp í gullgengi, þar sem á annað borð nokkra getu höfðu til þess. Englendingum tókst það árið 1925, og Dönum líka sama ár. Þessar þjóðir báðar héldu svo uppi gullinnlausn á gjaldmiðli sínum þangað til í september 1931, en síðan hefir afkoma atvinnuveganna ein ráðið um það, hvernig sterlingspundið hefir verið metið gagnvart gulli. Þennan tíma höfum við fylgt sterlingspundinu, þannig að afkoma atvinnuvega okkar hefir ekki á neinn hátt skorið úr um, hvert gildi okkar

peninga skyldi vera, heldur hefir krónan verið látin fylgja sterlingspundinu blindandi eftir. Þessi blindingsleikur í peningapólitík okkar Íslendinga hefir leitt til þess, að ósamræmi hefir orðið á milli skráningar peninganna og rekstrarafkomu atvinnuveganna. Slíkt ósamræmi milli skráningar gengisins og rekstrarafkomu atvinnuveganna hefir einnig komið fram í Danmörku, en þó lækkaði danska krónan ekki óverulega árið 1933, og ef okkar króna hefði fengið svipaða lækkun þá, hefði það að sjálfsögðu bætt nokkuð úr fyrir atvinnuvegunum frá því, sem raun varð á.

Menn munu nú e. t. v. efast um, að þetta ósamræmi milli gengisskráningarinnar og afkomu atvinnuveganna sé raunverulega eins mikið og ég hefi talað hér um. En þetta er ekki annað en það, sem hagfræðilegar tölur sýna, ef að er gáð. Skal ég taka nokkur dæmi, sem snerta landbúnaðinn.

Frá því 1920 hefir alveg sérstaklega snúizt um í þessu efni fyrir þeim, sem sauðfjárrækt stunda. Jafnvægið helzt nokkuð lengur hjá mjólkurframleiðendum, eða til ársins 1925; þá fer að hallast á ógæfuhliðina. Árið 1932 er svo komið, að meðaltalsframfærsla 5 manna fjölskyldu í Rvík, sem sett er 100 1914, er komin í 236. Verkakaup karlmanna í Rvík úr 100 frá 1914 í 388, en bruttóarður af 4 meðalkúm, miðað við meðalmjólkurverð Mjólkurfélags Reykjavíkur, úr 100 frá 1914 í aðeins 161,2, og bruttóverð afurða eftir 100 ær úr 100 1914 niður í 67,9. Að vísu hafa sauðfjárafurðir hækkað síðan, en jafnframt hefir kaupgjald hækkað nokkuð á móti.

Meðan kaupgjald hefir þannig nærri fjórfaldazt og framfærsla 5 manna fjölskyldu rúmlega tvöfaldazt, hefir bruttóarður mjólkurframleiðandans aðeins hækkað um $^3/_5$ og bruttóarður fjáreigandans **lækkað** um $^1/_3$.

Mér kæmi ekki á óvart, þó útkoman hjá útgerðinni væri sízt betri, en um það hefi ég eigi tölur við höndina, sem hægt er við að styðjast. Hér er orðið svo sýnilegt ósamræmi í þessum hlutföllum, að það er engin von, að atvinnuvegirnir fái undir því risið.

Nú munu alþýðuflokksmenn telja, að þeir hafi hér alveg sérstaklega hagsmuna að gæta fyrir sína umbjóðendur, því ef slíkt samræmi fengist milli gengisskráningarinnar og afkomu atvinnuveganna, sem ég og fleiri teljum þörf á, þá mundi það leiða af sér kauplækkun fyrir verkalýðinn. Því er haldið fram, að sú stefna, að halda skráningu gengisins í réttu hlutfalli við afkomu atvinnuveganna, geti aldrei í senn samrýmzt hagsmunum verkalýðsins og framleiðendanna. En þetta er hinn mesti misskilningur. Því það hefir alstaðar komið fram, að atvinnuleysið hefir alveg farið eftir því, hvernig ástatt hefir verið um þessi hlutföll. Eftir því, sem þau hafa verið nær réttu lagi, eftir því hefir verið minna um atvinnuleysi. Þetta liggur alveg glöggt fyrir í skýrslum, t. d. frá Danmörku. Vitanlega er það fyrst og fremst hagsmunamál verkalýðsins að útrýma atvinnuleysi úr landinu; það er höfuðskilyrðið fyrir afkomu hans, miklu fremur en hitt, hvort tímakaupið er nokkrum aurum hærra eða lægra. Þannig fara algerlega saman hagsmunir verkamanna og framleiðenda í þessu efni. Einmitt þess vegna er óforsvaranlegt, að menn láti það villa sér sýn, sem sumum kann að finnast liggja auganu næst, fljótt á litið, en haldlaust reynist þegar betur er að gáð. Mönnum ber skylda til að taka málið til rækilegrar athugunar og yfirvegunar og finna leið út úr ógöngunum. Ég neita því ekki, að það kunni að vera til fleiri leiðir til að ná því samræmi, sem ég hefi talað hér um, heldur en skráning gengisins, og ég held því ekki fram, að gengisskráningin ein ráði öllu um afkomuna. Kemur þar að sjálfsögðu einnig til greina mismunandi árferði. Árið 1924 var það svo, að vegna fiskisældar og hagstæðrar tíðar náði hin mikla gengishækkun ekki að verka eins og búast hefði mátt við og eðlilegt hefði verið. Þetta óvenjulega árferði árið 1924 leiddi til þess, að hækkunarmönnunum á þeim tíma sást yfir þá hættu, sem af hækkuninni stafaði; þeim fannst atvinnuvegirnir standa undir þessari hækkun og gætu svarað úti öllum tilkostnaði þrátt fyrir hana. En þeir misreiknuðu sig á því, að ekki var um venjulegt árferði að ræða, hvorki að því er aflabrögð eða tíðarfar snerti.

Ég hefði gjarnan viljað færa fram sterkari rök í þessu máli, byggð á hagfræðilegum niðurstöðum á rekstri þjóðarbúsins undanfarin ár. En því miður er ekki það, sem fyrir liggur í þeim efnum, svo aðgengilegt og ábyggilegt sem skyldi. Þó vona ég, að ef hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, leggur sig fram við að leita að slíkum gögnum sér til stuðnings, þá muni fást svo ábyggilegur grundvöllur, að tiltækilegt ætti að vera að reisa á honum till. til úrlausnar. Ég vil alvarlega skora á alla þingflokka og einstaka þm. að leggja sitt lið til þess, að lausn fáist á þessu máli. Því hversu sem menn kunna að hafa sundurleitar skoðanir á því, hvernig beri að leysa það, þá getur hitt varla dulizt nokkrum hugsandi manni, að slíkt ástand um afkomu atvinnuveganna getur ekki staðið til lengdar. Slíkt ósamræmi getur hver þjóð þolað um eitt eða tvö ár, en það getur ekki gengið, að það verði viðvarandi um fleiri ára skeið. Hér er um svo alvarlegt atriði að ræða, að ég trúi því ekki, að menn láti blindast af einhverjum ímynduðum hagsmunum einstakra manna eða stétta, þegar annarsvegar eru hagsmunir þjóðarbúsins í heild sinni.

Fyrst þegar þetta mál kom til umr. hér á landi, urðu átökin hörðust um hagsmuni innstæðueigendanna, og olli því nokkuð, hvernig menn skiptust í flokka um lausn málsins. Síðan hefir þetta mikið breytzt og mönnum skilizt, að innstæðueigendum væri ekki til langframa hagur í því, að óeðlilega háu gengi væri haldið uppi. Og ég er viss um, að eins fer fyrir mönnum, þegar þeir fara að athuga þetta viðkvæma mál með tilliti til hagsmuna verkamannastéttarinnar. Þeir komast smátt og smátt að sömu niðurstöðu, að verkamenn hafa enga hagsmuni af því, að haldið sé uppi óeðlilega háu gengi. Þeirra hagsmunir eru bundnir við það, að hægt sé að koma nýju fjöri í atvinnuvegina og gera þá starfhæfa. Það er eina leiðin til þess að halda uppi heilbrigðu starfi innan þjóðfélagsins, og

það hentar þeim bezt sem öðrum einstaklingum þjóðarinnar.

Ég skal svo ekki hafa þessa ræðu miklu lengri. Ég geri mér von um að geta við 2. umr. þessa máls rökstutt skoðanir mínar nánar með hagfræðilegum niðurstöðum af rekstri atvinnuveganna og afkomu þjóðarbúsins á tímabilinu síðan stríðinu lauk. — Ég vonast eftir, að hæstv. forseti stilli svo til, að þessu máli verði sinnt í n. og að það komi ekki fyrir, að það verði svæft þar. Og þó svo ógiftulega tækist til, að málið fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi, þá geri ég ráð fyrir, að sú meðferð, sem það fengi í nefnd og við umr., yrðu þess valdandi, að margháttaður misskilningur yrði að víkja úr vegi fyrir þörf þjóðarinnar á heppilegri lausn málsins, og að sú lausn kæmi áður en allt er um seinan.

Ég lýk svo máli mínu með þeirri ósk, að þingið beri gæfu til þess að ganga svo frá þessu máli, að þjóðin þurfi ekki að afsala sér fjárhagslegu sjálfstæði sínu.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Byggingarsjóðir í sveitum.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir hreppsfélög til þess að stofna byggingarsjóði í sveitum (þmfrv., A. 102).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þorbergur Þorleifsson): Herra forseti! Í grg. þeirri, sem fylgir þessu frv., er bent á það, að það sé yfirleitt almennt viðurkennt, að flestra hluta vegna sé æskilegt, að fólkið flytji ekki burt úr sveitunum meira en orðið er. En eitt af frumskilyrðum þess, að fólkið geti haldizt þar við, er, að byggingamál sveitanna komist í gott horf. Jafnframt er bent á, að óhjákvæmilegt sé að endurbyggja í tugatali á næstu árum bæina í flestum sveitum landsins. En hag bænda er þannig farið, að þeir geta ekki ráðizt í það nema að fá lán, og það meira að segja hagkvæm lán. Nú eiga bændur að vísu aðgang að lánsstofnunum, sem sé Búnaðarbankanum og deildum hans, ræktunarsjóðnum og byggingar- og landnámssjóði. Þessar lánsstofnanir hafa mikla hjálp veitt síðan þær voru settar á stofn, en samt ekki fullnægjandi. Auk þess hefir nú með kreppulánasjóði verið gerð einskonar aðgerð á þessum lánsstofnunum, sem gerir þær ófrjóar nú eins og sakir standa um ófyrirsjáanlegan tíma.

Eftirspurn eftir lánum til bygginga bæjarhúsa og annara nauðsynlegra húsa í sveitum á sér lítil takmörk, og í Búnaðarbankanum liggja bunkar af lánbeiðnum frá bændum, sem enga úrlausn er hægt að veita, vegna þess að þær lindir eru þurrausnar, sem vætlað hafa út um sveitirnar og frjóvgað hafa lífið þar hvað þetta snertir. Þetta getur ekki gengið þannig lengi. Fyrr eða síðar verður Alþingi að skerast í leikinn og tryggja framtíð fólksins í sveitunum með því að gera því kleift að endurbyggja bæina.

Hagkvæm leið fyrir bændur og ódýr fyrir ríkissjóð verður að gefa sveitunum kost á að stofna byggingarsjóði með framlagi frá ríkissjóði og sveitunum sjálfum. Á þann hátt er hægt að leysa þetta mál, sem hefir verið mjög aðkallandi um mörg hundruð ár, með tiltölulega mjög litlu framlagi. Það mætti á 20—30 árum leysa þetta mikla vandamál, og þar sem það kostar ekki meira framlag af hálfu ríkisins en tiltekið er í frv., er það alveg óverjandi að láta það undir höfuð leggjast að hefjast handa um lausn þessa máls. Það kemur að því fljótlega, að það verður að gera það, ef sveitirnar eiga ekki að fara í auðn. Það liggja ekki fyrir nákvæmar skýrslur um það, hvað margir íbúar eru í sveitunum, vegna þess að í þeim skýrslum, sem fyrir liggja, eru taldir með íbúar í þorpum, sem hafa 300 íbúa og ekki eru sérstök hreppsfélög. Það mun ekki fjarri sanni, að tala íbúa í sveitunum, sem þessi löggjöf mundi ná til, sé um 45 þús. manns, þegar fyrrnefnd sjávarþorp eru frá talin. Frv. gerir ráð fyrir 4 kr. framlagi á hvern íbúa; gætu því útgjöld ríkissjóðs, sem af þessu stöfuðu, orðið um 180 þús. kr. á ári. Sennilega yrðu þau ekki alveg svo mikil, vegna þess að í ýmsum sveitum eru byggingarmál þó komin það á veg, að ekki eru líkindi til, að stofnaðir verði byggingarsjóðir í öllum sveitum. Og það er sannfæring mín, að fáu muni betur varið úr ríkissjóði heldur en því, sem er varið til þess að tryggja framtíð sveitanna og hjálpa til að fólkið geti haldizt þar við. En undirstaðan undir því er sú, að fólkinu sé gert mögulegt að koma upp skýli yfir höfuð sér. Því miður eru ekki allir hv. þm. eins kunnugir í sveitum landsins eins og æskilegt væri. Mér er óhætt að fullyrða, að þeir eru ekki eins kunnugir byggingarmálum sveitanna eins og þeir ættu að vera. Ég held, að ýmsir þeirra muni hafa gott af því nú í harðindunum að ferðast um sveitirnar norðanlands og sjá með eigin augum, hvaða húsakynni fólkið á við að búa. Þetta er ekki sagt þeim til lasts; það er ekki hægt að ætlast til, að allir, sem eru kosnir á þing, þekki öll mál. En það er a. m. k. óverjandi, að þeir menn, sem telja sig fulltrúa sveitanna hér á Alþingi, séu mjög fáfróðir um þessi mál. Vegna þessa ókunnugleika, sem ég hefi minnzt á, sé ég ástæðu til að fara dálítið út í skýrslur, sem fyrir liggja og geta nokkuð sýnt, hvernig ástandið er í þessum efnum. Um leið og manntal var tekið 1920 og 1930 voru jafnframt talin öll íbúðarhús í sveitunum og flokkuð eftir tegund. Skýrslan frá 1920 var birt í manntalsskýrslu hagstofunnar 1926. Skýrslan frá 1930 er ekki komin út, en

hagstofan hefir látið mér í té flokkun á þessu. Við samanburð á ástandinu 1920 og 1930 kemur í ljós, að það hefir batnað talsvert á þessum 10 árum, þó mikið vanti á, að það sé viðunandi. Á tímabilinu frá 1930 og til þessa dags hefir komið afturkippur í þessar framfarir, og á kreppan vitanlega sinn þátt í því. Þann dag í dag eru ekki nema um það bil 20% af íbúðarhúsum í sveitum, sem byggð eru úr varanlegu efni, og tæplega þó. Á næstu 2 áratugum verður að endurbyggja um 80% af húsum í sveitum. Það er vitanlegt, að fjárhagur sveitanna er þannig nú, að þær munu ekki rísa undir því, nema hagkvæm lán komi til. Samkv. þeim skýrslum, sem fyrir liggja um byggingarástandið í hinum ýmsu sýslum á landinu, er það auðsjáanlega mjög mismunandi. Í sumum sýslum má segja, að það sé viðunandi, en í öðrum þvert á móti. Við samanburð áranna 1920—1930 sést, að framfarirnar á þessum árum eru mjög mismunandi í ýmsum sýslum. Árið 1920 er ástandið bezt í Borgarfjarðarsýslu, 19.3% af húsum byggt úr varanlegu efni, steini eða steinsteypu. Í Rangárvallasýslu er ástandið lakast, eða aðeins 1% af húsum byggt úr varanlegu efni. Samkv. skýrslum, sem ég hefi um þetta efni, er ástandið þannig árið 1920, sundurliðað:

	Steinhús og steinsteypa	Timburhús	Torfbæir	Ótilgreint	Samtals	Úr varanl. Af hdr.
Gullbr.- og Kjósars.	60	338	162	10	570	10,53
Borgarfjarðarsýsla	44	45	139		228	19,3
Mýrasýsla	29	56	117	6	208	13,94
Snæfellsnessýsla	15	81	200	6	302	5,0
Dalasýsla	15	50	160	1	226	6,6
Barðastrandarsýsla	28	96	224		348	8,0
Ísafjarðarsýsla	25	163	307	7	502	5,0
Strandasýsla	11	48	122		181	6,0
Húnavatnssýsla	26	51	423	1	501	5,19
Skagafjarðarsýsla	11	43	453	2	491	2,24
Eyjafjarðarsýsla	25	89	483	4	601	4,16
Þingeyjarsýsla	28	79	441	2	550	5,09
N.-Múlasýsla	28	77	273	3	381	7,35
S.-Múlasýsla	37	138	181	3	359	10,31
A.-Skaftafellssýsla	4	25	102	5	136	2,94
V.-Skaftafellssýsla	14	72	132	3	231	6,06
Rangárvallasýsla	5	143	347	1	496	1,0
Árnessýsla	9	138	410	6	563	1,6
Samtals	414	1732	4658	60	6864	6.03

Þegar manntal var tekið 1930, voru einnig taldar saman hinar ýmsu tegundir húsa í sveitum og flokkaðar eftir tegundum. Hefi ég einnig skýrslu um það frá hagstofunni, sem hún hefir látið mér í té. En sú skýrsla er ekki komin út ennþá. Samkv. þessari skýrslu er ástandið þannig 1930:

	Steinhús og steinsteypa	Timburhús	Torfbæir með timburstofu	Torfbæir án timburstofu	Ótilgreint	Samtals	Byggt úr varanl. efni Af hdr.
Gullbr.- og Kjósarsýsla	134	342	12	50	2	540	24,81
Borgarfjarðarsýsla	68	71	18	58	»	215	31,63
Mýrasýsla	59	50	22	66	»	197	30,0
Snæfellsnessýsla	36	103	40	105	»	284	12,69
Dalasýsla	30	57	28	116	»	231	13,0
Barðastrandarsýsla	36	89	69	93	»	287	12,54
Ísafjarðarsýsla	61	200	84	142	»	487	12,53
Strandasýsla	31	88	34	62	»	215	14,42
Húnavatnssýsla	70	59	120	272	»	521	13,44
Skagafjarðarsýsla	38	73	59	285	13	468	8,12
Eyjafjarðarsýsla	114	90	93	314	»	615	18,53
Þingeyjarsýsla	141	158	96	236	»	631	22,35
N.-Múlasýsla	70	93	50	147	»	360	19,44
S.-Múlasýsla	56	174	48	89	3	370	15,14
A.-Skaftafellssýsla	38	45	28	35	»	146	26,0
V.-Skaftafellssýsla	30	95	52	61	2	240	12,5
Rangárvallasýsla	38	227	91	133	5	494	7,7
Árnessýsla	59	206	102	167	»	534	11,05
Samtals	1109	2220	1046	2431	29	6835	16.23

Eins og sést af þeim skýrslum, sem ég hefi nú lesið, hefir ástandið batnað talsvert á þessum 10 árum. Árið 1920 eru aðeins 6,3% af íbúðarhúsum úr varanlegu efni, en 1930 eru þau orðin 16,23%. Síðan 1930 til þessa dags liggja ekki fyrir opinberar skýrslur, en eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið hjá Búnaðarbankanum, hafa verið byggð á þessum árum 180 hús fyrir lán úr

byggingar- og landnámssjóði, og eru byggingarnar í þessum sýslum:

Rangárvallasýslu	8
Árnessýslu	8
Kjósarsýslu	7
Borgarfjarðarsýslu	11
Mýrasýslu	9
Dalasýslu	0
Snæfellsnessýslu	8
Barðastrandarsýslu	1
N.-Ísafjarðarsýslu	1
V.-Ísafjarðarsýslu	1
Gullbringusýslu	6
Strandasýslu	7
Húnavatnssýslu	10
Skagafjarðarsýslu	10
Eyjafjarðarsýslu	14
S.-Þingeyjarsýslu	30
N.-Þingeyjarsýslu	19
N.-Múlasýslu	8
S.-Múlasýslu	15
A.-Skaftafellssýslu	2
V.-Skaftafellssýslu	5
Samtals	180 hús

Þessi 180 hús skiptast þannig niður á árin:

1931	56 hús
1932	9 —
1933	32 —
1934	30 —
1935	53 —
Samtals	180 hús

Í sumum sýslum hafa framfarirnar verið talsvert stórstígar í húsabyggingarmálunum, en aðrar hafa svo að segja staðið í stað og ótrúlega lítið fjölgað húsum úr varanlegu efni. Ástandið virðist vera bezt í Borgarf.sýslu þann dag í dag. eins og það var 1920. Þar var þá 19,3% bæjahúsa byggt úr varanlegu efni, en er nú 36,75%; þar næst er Mýrasýsla, sem var 1920 með 13,94%, en nú með 34,56% hús byggð úr varanlegu efni. Hér fer á eftir samanburður á ástandinu 1920 og 1935, eftir því sem næst verður komizt:

	Úr varanl. efni 1920	1935
Gullbr.- og Kjósars.	10,53%	27,21%
Borgarfjarðarsýsla	19,3 —	36,75—
Mýrasýsla	13,94—	34,56—
Snæfellsnessýsla	5,0 —	15,51—
Dalasýsla	6,6 —	13,0 —
Barðastrandarsýsla	8,0 —	12,54—
Ísafjarðarsýsla	5,0 —	12,53—
Strandasýsla	6,0 —	17,69—
Húnavatnssýsla	5,19—	15,35—
Skagafjarðarsýsla	2,24—	10,25—
Eyjafjarðarsýsla	4,16—	20,68—
Þingeyjarsýsla	5,09—	30,11—
N.-Múlasýsla	7,35—	21,66—
S.-Múlasýsla	10,31—	19,20—
A.-Skaftafellssýsla	2,94—	27,30—
V.-Skaftafellssýsla	6,06—	14,09—
Rangárvallasýsla	1,0 —	8,68—
Árnessýsla	1,6 —	12,49—
Samtals	6,03%	19,42%

Þessi samanburður getur gefið nokkra hugmynd um ástandið eins og það er og hefir verið á síðustu árum. Á næstu 20 árum þarf að endurbyggja 5406 bæjarhús, eða rúmlega 270 hús á ári. Þar af getur byggingar- og landnámssjóður lánað til um það bil 40 húsa á ári, samkv. reynslu síðustu ára. En hvernig á að reisa úr rústum hina 230 sveitabæina? Fyrr eða síðar verður Alþingi að svara því. Mitt svar í dag er þetta: Það verður að stofna til byggingarsjóða í sveitunum sjálfum, — sveitirnar sem heild sjálfar og ríkið verða að leysa þetta mest aðkallandi nauðsynjamál sveitanna í sameiningu. Og þó að það sé ekki alveg fullnægjandi með ekki hærra framlagi en gert er ráð fyrir í frv., þá er svo stórt spor stigið í áttina, að Alþingi má ekki láta undir höfuð leggjast að stíga það spor. Framlagið, sem gert er ráð fyrir frá ríkinu, er ekki hærra en kostar að byggja eitt stórhýsi á borð við þau, sem jafnvel margur einstaklingur hefir lagt í að byggja hér í Reykjavík.

Þegar borið er saman byggingarástand í kaupstöðum og sveitum, sjá menn, að í kaupstöðum og þorpum eru byggingar viðunanlegar, en alveg gagnstætt í sveitunum. Það liggja líka skýrslur fyrir um ástandið í þessu efni í kaupstöðum, en of langt mál yrði, ef ég færi að lesa þær upp. Enda er því þannig varið, að þm. eru þessu nokkuð kunnugir, og þarf ekki í raun og veru skýrslu til að sanna, að byggingarástandið í kaupstöðum er allt annað og betra heldur en er í sveitum landsins.

Þetta byggingarmál sveitanna hefir vitanlega eins og flest önnur mál fleiri en eina hlið. Það hefir menningarlega hlið og hagfræðilega hlið. Auk þess hefir þetta mál auðvitað fleiri hliðar, en ég ætla þó aðeins að benda á eina hlið, og það er sú hagfræðilega. Því er nú þannig varið hér á þingi, að einna mest tillit er tekið til þeirrar hliðar mála, sem ég út af fyrir sig ætla ekki að lasta.

Það vita allir, hve mikið ríkið leggur fram vegna berklavarna og berklasjúklinga í landinu. Og það er hinsvegar ekki nokkrum vafa undirorpið, að berklaveiki hefir magnazt hér á landi mest fyrir léleg húsakynni sveitafólks. Ég veit ekki betur en að þessi síðustu ár hafi ríkið orðið að leggja beint fram vegna berklavarna ekki kannske alveg milljón krónur, en sum árin fast að því. Og það er margfalt stærri upphæð en gert er ráð fyrir í þessu frv., að ríkið leggi fram til þess að bæta húsakynni í sveitum. Það er þess vegna beint hagur fyrir ríkissjóð að stuðla að því, að húsakynni fólks í sveitum séu bætt, svo að fólkið verði heilbrigðara og hraustara. Ég veit, að enginn mun mæla á móti því, að einmitt berklaveiki og svo ýmsir annara sjúkdóma eiga fyrstu rætur sínar að rekja til þeirra lélegu húsakynna, sem alþýðan í sveitum hefir átt við að búa nú um lengri tíma.

Það má vitanlega margt fleira segja um þetta mál, en ég sé nú ekki ástæðu til að lengja mál mitt að þessu sinni mikið úr þessu. En ég vænti þess, að hv. deild taki málinu með velvild og skilningi. — Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

*Héðinn Valdimarsson: Það hefir sjálfsagt margur búizt við, að það myndi koma eitthvað annað fram á þessu þingi en frv. eins og þetta. Ef litið er á löggjöf síðustu ára, verður ekki séð, að neitt sérstaklega illa sé búið að landbúnaðinum og fólki í sveit. Það eru nú til peningastofnanir, sem reistar hafa verið sérstaklega fyrir landbúnaðinn, og þær hafa reynt að búa að sveitinni eftir því sem þótti nægilega traust. Til þess að koma þessum stofnunum upp, búnaðarbanka, byggingar- og landnámssjóði og ræktunarsjóði, hafa landsmenn að boði þingsins lagt sér miklar byrðar á herðar. Og menn mættu búast við því satt að segja, að þó að ekki sé hægt að byggja landið á mjög stuttum tíma, þá mundi þó verða auðveldara fyrir sveitina að byggja sig upp heldur en bæina, og þeir peningar, sem lagðir eru til þessa, hafa aðallega verið úr bæjum, en ekki sveitum.

Nú á þessum yfirstandandi tíma, þegar öllu hallar niður á við fyrir bæina og enginn veit, hvert stefnir, en aftur á móti — að undanteknum harðindunum í vetur — hefir heldur rætzt úr fyrir landbúnaðinum, hélt ég ekki, að tími væri til að koma með nýjar kröfur til bæjanna um fjárframlög til sveitanna. Ég ætla þá að lesa upp nokkra liði úr fjárlagafrv. fyrir 1937, aðeins úr 16. gr. Framlögin, sem ætluð eru þar til landbúnaðar, eru þessi:

Búnaðarfélag Íslands	180	þús.	kr.
Nýbýli og samvinnubyggðir	180	—	—
Sandgræðslan	27	—	—
Jarðabótastyrkur	585	—	—
Verkfærakaupasjóður	60	—	—
Byggingar- og landnámssjóður	250	—	—
Búfjárræktin	42	—	—
Ræktunarsjóður	21	—	—
Kreppulánasjóður	250	—	—
Áburðarstyrkir	28	—	—
Kláðaútrýming	24	—	—
Fóðurtryggingar	15	—	—
Kartöflustyrkir	20	—	—
Skógræktin	29	—	—
Flóaáveitan	4	—	—
Þykkbæingar	5	—	—

Þetta er alls 1720 þús. kr. Auk þess af atvinnubótafé 100 þús. kr. Er þetta samtals 1820 þús. kr. Loks má geta þess, að talað er um hækkun á fjárlögum til Búnaðarfél., 45 þús. kr. Jarðabótastyrkurinn mun minnst reynast 15 þús. hærri, og fóðurtryggingar sennilega 25 þús. kr. hærri, svo að fyrirsjáanleg útgjöld til landbúnaðarins aðeins í 16. gr. eru 1905 þús. kr.

Mér er nú spurn, og vildi gjarnan að hv. frsm. svaraði, hvort ætlazt er til að fara að leggja 180 þús. kr. fram í þessu augnamiði og leggja í því skyni nýjan skatt á bæina.

Ég ætla ekki að fara langt út í frv.; en ég vil benda á, að á því eru mjög mikil missmíði. Það er að sumu leyti sniðið eftir frv. um byggingarsjóði og verkamannabústaði. En það gengur miklu lengra. Hér er ekki um að ræða eins mikla lánastarfsemi, en meiri styrk. En byggingarsjóðum í bæjum er aðallega ætlað að starfa með lánum, þó að nokkur styrkur sé veittur til. Hér er á engan hátt tiltekið, hvernig byggingarnar eiga að verða, ekkert hvað dýrar þær mega vera, né hve miklar tekjur menn mega hafa, sem fá þessi lán.

8. gr. er alveg einstök. Þar er gert ráð fyrir, að lánað sé 85% með 1. veðrétti, en svo 15% tryggð með öðru veði. Það er m. ö. o. ekki heimilt, að menn hafi nokkuð skuldlaust, — það verður að taka 100% lán út á húsin. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinum vöxtum, nema eftir á, sem svarar einu árgjaldi til viðbótar.

Það sjá nú allir, hversu fjarstætt er, að þetta sé sambærilegt við byggingarsjóði í kaupstöðum og verkamannabústaði. Það er lengi hægt að halda áfram að telja upp vansmíðin og formleysurnar á þessu frv. Um yfirstjórn sjóðanna er allt fjúkandi í lausu lofti, aðeins eitthvað vísað til ráðh. að segja til um þetta. Það kemur ekki fram, að neinum sé ætlað að sjá um sameiginleg innkaup eða á nokkurn hátt gera auðveldara og ódýrara þeim mönnum, sem byggja, eftir því sem hægt er í sveit, þegar ekki er hægt að færa byggingarnar saman. Einnig frá þessu sjónarmiði álít ég frv. algert vansmíð, auk þess, sem ekki er sá tími nú, að slíkt frv. ætti að verða að l. Ég legg til, að frv. verði vísað til allshn. eins og frv. um verkamannabústaði.

Flm. (Þorbergur Þorleifsson): Ég bjóst satt að segja ekki við, að einn af þeim mönnum, sem fulltrúar eru hér á Alþingi fyrir alþýðuna, myndi nota fyrsta tækifæri til þess að ráðast á þetta frv. á þann hátt, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði nú. Það er nú út af fyrir sig, þó að hann reyni að finna allt hvað hann getur að formi frv. og kalli það vansmíð að einhverju leyti. Þótt svo væri, sem hv. þm. hefir nú lítil rök fært fyrir, þá væri ákaflega auðvelt að laga form þess.

Þar sem hv. þm. talaði um, að ekki væri heimilt samkv. frv. að hafa nokkuð skuldlaust, þá er það mesti misskilningur, ef ekki hártogun og útúrsnúningur. Í frv. er vitanlega hvergi haldið að lánþiggjendum að taka meiri lán en þeir þurfa á að halda. Það er enginn skyldur til að taka meira lán en hann hefir þörf til. Ef svo er ástatt fyrir bónda, að hann getur ekki byggt hús án láns, þá heimilar frv., að hann fái það, sem hann þarf. Þó verður að tryggja með veði, sem láninu nemur.

Um það, að þetta sé ekki hliðstætt framlagi byggingarsjóða kaupstaða, þá er slíkt alveg rangt. Framlag til byggingarsjóða kaupstaða er 2 kr. á íbúa. En nú er það aðeins hluti af fólki bæjanna, sem hefir rétt til að fá lán úr þessum sjóðum. En samt á ríkissjóður að greiða, að því er mig minnir, 2 kr. á hvern íbúa til slíks sjóðs. Ég þori fullkomlega að bera það saman við framlag það, sem ríkið á að greiða til sveitanna samkv. frv., til jafnmargra manna í sveit, sem eiga að fá lán úr þessum sjóði, eins og til jafnmargra manna í kaupstöðum, sem hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði kaupstaða, og það mun verða hlutfallslega meira framlag ríkisins til byggingarsjóðs bæja en sveita.

Annars er öll hreppapólitík svo fjarri mínu eðli, að ég hirði ekki að bítast við hv. þm., hvor þessara aðilja hafi ofurlítið meira. En það, sem fyrir mér vakir, er það, að hér er nauðsynjamál alþýðu, sem Alþingi er skylt að leysa og Alþingi

verður að leysa fyrr eða síðar. Og þó að hv. 2. þm. Reykv. geti staðið gegn lausn þessa máls nú, þá mun slíkt ekki geta staðið lengi. Nauðsynin mun krefjast þess, að þetta byggingarmál sveitanna verði leyst, og það verður gert.

Hv. 2. þm. Reykv. fór í samanburð um framlag úr ríkissjóði til bæja og sveita og sagði, að sveitirnar lifðu hreint og beint á bæjunum. En hann gleymdi að taka með í reikninginn, að bæirnir eru byggðir upp af sveitunum. Þessi stóra borg, Rvík, er mest byggð upp af sveitamönnum. Sveitirnar hafa alið upp fjölda af Rvíkingum og öðrum bæjarmönnum þessa lands og kostað til þess uppeldis sínum fjármunum. Og jafnframt því að sveitafólkið hefir flutt í bæina, hefir ógrynni verðmætis flutzt frá sveitinni í bæina. Svo að slíkur samanburður sem þessi er allt að því heimskulegur. Ef á að gera slíkan samanburð, þá þori ég að fullyrða, að hlutur sveitarinnar verður að þessu leyti engu léttari á metum en hlutur kaupstaðanna, þó að atvinnulíf sé ekki blómlegra en þetta í sveitum. En hvert má nú rekja orsakir þess?

Fyrir nokkrum árum var ofurlítilli lind af auðmagni jarðarinnar veitt hingað til landsins. Þessi lind var látin seytla um bæina og vökva atvinnulíf þeirra, en ekki til sveitanna. Þetta var gert á kostnað allrar þjóðarinnar. Því að það eru ekki frekar þeir, sem búa í bæjum en sveitum, sem eiga kröfu á fjármagni til að koma krafti í atvinnurekstur sinn. — Hversu svo sem litið er á þetta mál, þá get ég ekki annað en sagt það, að þessi árás hv. 2. þm. Reykv. á þetta mál er hrein og bein árás á landbúnaðinn allan; hún er hnefahögg í andlit sveitamanna, — og hún er hnefahögg í andlit allrar alþýðu í landinu. Það er sameiginleg hugsjón **allrar alþýðu**, að líf og kjör **allrar alþýðu** geti batnað, bæði í sveit og til sjávar. Og þó að ég sé sveitamaður, vil ég jafnan styðja að viðgangi bæjanna. Og það er undarlegt, ef hv. 2. þm. Reykv. er varnað þess að sjá, að þetta er nauðsynjamál, að byggja upp sveitirnar. Ég trúi ekki öðru en að þessi hv. þm. sjái, að hann fer villur vegar. Enda hlýtur svo að fara, að menn verði sammála um það, að byggingarmál sveitanna verður að leysa á næstu árum.

Páll Zóphóníasson: Ræða hv. 2. þm. Reykv. gefur mér tilefni til að benda á nokkur atriði í sambandi við þetta mál. Hann virtist vera að gera samjöfnuð á því, hvað lagt er til fólks í sveitum og kaupstöðum af ríkisfé. Þó taldi hann ekki upp þá styrki, sem kaupstaðirnir hafa fengið, en taldi upp 1 millj. 800 þús. kr., sem hann taldi styrk til sveitafólksins.

Í sambandi við þetta vil ég benda honum á að athuga það í ró og næði, að mikið af því, sem hann telur styrk til sveitafólksins, er veitt af þinginu til að skapa framtíðarverðmæti í sveit. Það er ekki veitt til einstaklinga, sem í sveit búa nú, heldur til framtíðarfólksins, til niðja okkar í landinu. Og þegar hann er að gera samjöfnuð á því, hvað veitt er annarsvegar til sveita og hinsvegar til kaupstaða, þá verður að gera góðan greinarmun á því, hvort það er handa mönnum til að éta það út í dag, eins og atvinnuleysisstyrkir, eða hvort við getum með því skapað verðmæti, sem ókomnir niðjar okkar eiga að búa að. Þetta vil ég biðja hv. þm. að athuga í ró og næði, og þá mun hann komast að raun um, að það er ekki nema að nokkru leyti rétt að kalla það styrk, sem hann nú var að telja upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til landbn. felld með 15:9 atkv.

Frv. vísað til allshn. með 15:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

28. Kjötsala innanlands.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim (þmfrv., A. 107).

Á 18. og 19. fundi í Nd., 7. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti! Þetta frv. er svo að segja shlj. frv., er ég flutti á síðasta þingi, og fyrir því liggja öll þau sömu rök og því voru látin fylgja þá, bæði í langri grg. og framsöguræðu og öllum umr. frá minni hendi og annara, er studdu frv. þá.

Ég sé ekki ástæðu að endurtaka þessi rök hér, sízt af öllu þar sem ekki kom neitt fram á síðasta þingi, sem virtist hnekkja þeim rökum. Þó hafa mjög margir af þeim, sem eiga að búa við þessi lög, síðan látið í ljós við mig, að þeir væntu þess, að málinu verði haldið áfram þangað til það nær samþykki Alþingis.

Á þessu frv. er sá munur og frv. í fyrra, að hér er lagt til, að saman séu dregnar í eina grein tvær greinar í lögunum, sem gilda, 6. og 7. gr. Þetta stafar af því, að þessar greinar eru eiginlega að efni til ákaflega litlar fyrir sér, en hafa verið teygðar og lengdar talsvert með aukaatriðum, sem virðast betur eiga heima í reglugerð, með því að það er fyrirskipað, að reglugerð skuli samin til þess að staðfesta með nánari ákvæðum þau atriði, sem lögin eru um. Ég sá því ekki ástæðu til annars en að draga þessar greinar saman, af því að ég bar fram breyt. á lögunum hvort sem var.

Ég vil fastlega vænta þess, að þetta mál fái fljótari afgreiðslu gegnum þingið en í fyrra, því að það ber að láta þau mál fá hraða afgreiðslu, á hvern veg sem hún verður, sem eru um höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Þetta mál hefir svo mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, að það er sjálfsagt, að það fái þinglega og sem allra tafar-

minnsta afgreiðslu. — Ég vil svo óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 49., 54., 59., 60., 61., 68. og 69. fundi í Nd., 15., 22., 29. og 30. apríl, 2. og 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 223, 237 og 240).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

29. Gjaldeyrisverzlun o. fl.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (þmfrv., A. 110).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Með þessu frv. er farið fram á, að breytt verði l. um gjaldeyrisverzlun frá 9. jan. 1935 í þá átt, að útgerðarmönnum verði heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útfluttar vörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðarinnar. Það má náttúrlega færa mörg og sterk rök fyrir þessari breyt., og frv. getur þannig gefið tilefni til þess að ræða um hagsmuni sjávarútvegsmanna, og raunar framleiðenda yfirleitt. En mér þykir ekki ástæða til þess að gera það við þessa umr. málsins, svo nokkru nemi a. m. k. Ég ætla þess vegna alveg að leiða hjá mér að færa rök að versnandi ástæðum útvegsmanna, sem stafa sumpart af vaxandi álögum, sem enn hafa stóraukizt á þessu ári, og sumpart af þrengdum markaði og lækkandi verðlagi, en víkja beint að gjaldeyrishömlunum. Það er út af fyrir sig, þó ýms lagaákvæði og reglugerðir banni útvegsmönnum að kaupa vörur til útgerðarinnar þar, sem þær eru ódýrastar. Eru það þó þungar búsifjar, og orkar mjög tvímælis, hvað langt á að ganga inn á þá braut að koma upp innlendum iðnaði í skjóli hafta og banna og leggja þær kvaðir á atvinnuvegina að kaupa vörurnar dýrar en annars væri þörf á. Er þetta því varhugaverðara, sem þeir standa nú mjög höllum fæti, svo ekki er á bætandi. Í þessu frv. er þá líka farið fram á þá eina breyt. í þessum efnum, að útgerðarmönnum verði eftirleiðis leyft að nota þann hluta af sínum erlenda gjaldeyri, sem þeir þurfa til greiðslu á erlendum vörum til útgerðar sinnar, innan þeirra vébanda, sem gildandi l. og reglur setja um innflutninginn.

Mér er kunnugt um, að í þessu efni horfir til vandræða fyrir útveginum, vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í gjaldeyrismálum. Síðan allur gjaldeyrir var dreginn undir umráð gjaldeyrisnefndar er búið að drepa allt erlent traust einstaklinganna. Mér er kunnugt um marga menn, sem áður gátu keypt gegn 6—9 manaða víxli, eða jafnvel til lengri tíma, að þeir verða nú að sjá fyrir staðgreiðslu eða bankatryggingu í London. Ég hygg, að í stað þess að það var almenn regla að taka gildan samþykktan víxil kaupanda, sé það nú algild regla að heimta bankatryggingu. Er mér kunnugt um, að þannig er búið, sumpart fyrir aðgerðir gjaldeyrisnefndar og sumpart fyrir aðgerðir bankanna sjálfra, að drepa gersamlega niður traust einstaklinganna. Hafi verið farið fram á ábyrgð bankanna, er mér kunnugt um, að þeir hafa brugðizt mjög misjafnlega við, og hygg ég, að þeir séu mjög tregir til þess að taka á sig slíkar ábyrgðir, þó þeir beri fullt traust til aðilja. Enda má færa mörg skynsamleg rök fyrir þessari afstöðu bankanna. Það verður ekki talið ámælisvert, þó bankarnir vilji á krepputímum fara varlega í að taka á sig greiðslur til útlanda. Því enda þótt lántakandi geti sýnt fram á sterkar líkur fyrir, að hann geti sjálfur staðið straum af greiðslunni, getur slíkt alltaf brugðizt. Bankinn verður því að reikna með því, að til hans kasta geti komið, og vita sig alveg öruggan um að geta annazt greiðsluna, ef til kemur.

Á undanförnum árum hefir ekki til þessa komið meðan viðskiptin voru óhindruð í höndum einstaklinganna. En úr því svo er komið, að búið er að drepa allt þeirra traust og ekki er hægt að flytja inn nema með bankatryggingu, sem bankarnir skirrast við að taka á sig, eru engar aðrar útgöngudyr en breyta gjaldeyrislögunum í það horf, sem hér er farið fram á, ef ekki á að horfa auðum höndum á, að útvegurinn stöðvist. Ég skal að vísu viðurkenna, að ekki er örugg vissa um, að með þessu skapist nægilegt traust, en þó eru til þess nokkrar líkur, og a. m. k. sé ég ekki að svo komnu máli aðrar dyr opnar. En ef þetta nægir ekki, er ekki annað fyrir hendi en afnema öll höft og bönn, sem sjálfstæðismenn þó viðurkenna, að miklum vandkvæðum er bundið eins og sakir standa.

Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni nú, sem þó er mín skoðun, að útgerðarmenn hafi nú um nokkur ár verið rændir nokkrum hluta af andvirði gjaldeyrisins, enda heyrir það öllu frekar undir annað mál á dagskránni. En þetta mál þarf að leysa, og vænti ég góðra undirtekta hv. þdm.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í þessu frv. er farið fram á að losa útgerðarmenn undan þeirri skyldu að afhenda allan gjaldeyri samkv. l. frá 1935, eða þann hluta, sem varið yrði til kaupa á vörum til útgerðarinnar. Þegar það ákvæði var sett, að afhenda skyldi bönkunum allan gjaldeyri, var það gert til að fá allan gjaldeyri í einn stað og geta kontrollerað, að hann kæmi allur fram, en væri ekki ráðstafað á ólöglegan hátt. Það þarf ekki að eyða orðum að því, að tilgangurinn var á engan hátt sá, að skerða rétt útgerðarmanna til þess að flytja inn nauðsynlegar vörur fyrir atvinnureksturinn frá því, sem áður var. Allir munu vera sammála um nauðsyn þess að greiða fyrir innflutningi þeirra vara, sem þarf til framleiðslu á okkar útflutningsvörum. Hv. fyrri flm. frv. sagði, að mjög illa gengi að

fá yfirfærslur, vegna þess hve bankarnir væru tregir að taka á sig þá hættu, sem slíkum skuldbindingum fylgja. Það mun vera rétt, eftir þeim svörum, sem bankarnir hafa gefið við fyrirspurnum nú fyrir nokkrum dögum, að þeir hafa sýnt tregðu á að veita bankatryggingar fyrir erlendum greiðslum og ekki viljað taka það upp sem almenna reglu, enda töldu bankarnir það ekki orðna almenna kröfu, þó það hefði komið fyrir.

En nú er hægt að fara fleiri leiðir en þá, sem h. flm. bendir á. Og sú leið, sem mér dettur í hug, þó ég vilji ekki fullyrða, að ég hallist að henni að athuguðu máli, er sú, að heimila með berum orðum gjaldeyrisnefnd og bönkunum að leyfa útgerðarmönnum að ráðstafa nokkrum hluta af útflutningsvörum sínum. Þessi till. er frábrugðin frv. að því leyti, að á þann hátt er miklu auðveldara að passa, að allur gjaldeyririnn komi til skila. Þetta er einnig tryggara en ef leyfið er almennt, því þá geta menn e. t. v. skotið sér undir hæpnar ráðstafanir með gjaldeyrinn. Ég vil því beina því til þeirrar n., sem um málið fjallar, að athuga það vel og tala við gjaldeyrisnefnd og bankana áður en hún skilar áliti, því þetta gripur svo mikið inn á þeirra svið, hvor leiðin sem tekin verður.

Að því er snertir það, sem hv. þm. sagði almennt um það, að gjaldeyrisnefnd og aðrir væru búnir að eyðileggja traust manna, þá býst ég við, að hv. þdm. sé kunnugt um þá erfiðleika, sem verið hafa á því að ná út greiðslum fyrir vörur í sumum löndum, sem við höfum þurft að selja til, auk þess sem sá gjaldeyrir hefir reynzt minni en reiknað var með.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum nú, en mun geyma frekari umr. til 2. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Ég get að sumu leyti látið mér vel líka undirtektir hæstv. ráðh., þar sem hann lýsir yfir, að hann sé reiðubúinn að athuga málið og virðist skilja nauðsyn þess. En ég vík ekki frá því, sem ég sagði áðan, að það sé orðið almennt, a. m. k. um sumar vörutegundir, t. d. kol, að heimta bankatryggingu fyrir greiðslunni. Fyrir þremur vikum mun að vísu hafa verið hægt að kaupa kol án bankatryggingar, en þó því aðeins, að verðið væri hærra en ella. Mun einn farmur hafa verið seldur þannig. En jafnskjótt og þau kaup voru um garð gengin, kom skipun frá kolasölum í Englandi að selja ekki nema gegn bankatryggingu, og það nægir ekki íslenzkur banki, heldur verður banki í London að veita trygginguna. Svona var afturkastið snöggt. Ég held því, að það sé rétt, að engin kol sé hægt að fá án bankatryggingar.

Þá hefir heyrzt, að ríkisstj. sé búin að lofa að tryggja greiðslu fyrir olíu, og auk þess að kaupa áf oliufélögunum 1½ millj. af innstæðum þeirra hér, gegn greiðslu í pundum á 22,15, þó þær séu vitanlega ekki þess virði. Það er ekki nema eðlilegt, þó olíusalarnir vilji hafa tryggingu fyrir erlendum gjaldeyri fyrir sína vöru, og því ekki annars úrkosta en láta hana í té. En það er alveg óskylt því, að breyta erlendri innieign, sem hér hefir frosið inni, í fast lán, með gengi fyrir ofan sannvirði. — Mér er einnig kunnugt um, að nú er ekki hægt að kaupa veiðarfæri hjá firmum, sem áður hafa verið reiðubúin að selja gegn allt að árs gjaldfresti, nema sett sé bankatrygging. Ég held því, að það sé rangt hjá bönkunum, að þetta sé ekki orðin almenn regla, eða rangt eftir bönkunum haft.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það er erfitt að útvega gjaldeyri, einkum vegna greiðslutregðu fyrir útflutningsvörur, t. d. saltfiskinn. En hitt er víst, að ef útgerðarmenn hefðu haft gjaldeyri frjálsan, hefði ekki komið til jafnmikilla erfiðleika. — Mér skildist, að úrlausn hæstv. ráðh. væri að mestu leyti sama og okkar flm. frv., að öðru en því, að hann vill aðeins hafa heimild, þar sem við teljum heppilegra að hafa skyldu. Get ég ekki séð, að gjaldeyrisnefnd ætti að stafa neinn voða af því, þar sem það liggur í hlutarins eðli, að útgerðarmenn verða að færa rök að því, til hvers gjaldeyririnn er notaður, og sæta að öðru leyti þeim reglum, sem ráðh. setur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er ekki ástæða til þess að deila um, hvort það sé orðin almenn regla að heimta bankatryggingu; ég hafði min ummæli eftir bönkunum og geri ráð fyrir, að þau séu rétt. Hitt, sem hv. þm. sagði um kolin, er rétt, og mér er kunnugt um einstakar kröfur, sem komið hafa fram um bankatryggingu. Það lítur út fyrir, að um kolin séu samtök í Englandi. En um þetta er hægt að fá nánari upplýsingar hjá bönkunum.

Þá sagði hv. þm., að ríkisstj. hefði keypt 1½ millj. kr. af oliufélögunum, og var mjög hneykslaður yfir því, að það ætti að greiðast í pundum. Þessu er þannig varið, að ríkisstj. hefir samþ., að skuldaskilasjóður vélbátaeigenda tæki þetta fé að láni á þeim grundvelli að greiða það aftur í pundum á fleiri árum. Er þetta nákvæmlega hliðstætt því að taka erlent lán, þar sem þetta er fé, sem félögin áttu að vera búin að fá yfirfært, og frá sjónarmiði lántakanda er aðstaðan alveg hin sama.

Um endanlega lausn málsins hefi ég ekki tekið fullnaðarafstöðu, en aðeins bent á, að ég gæti sætt mig við, að samþ. yrðu l., sem heimiluðu að veita útgerðarmönnum rétt til að ráðstafa nokkru af sínum gjaldeyri eftir því, sem frv. fer fram á. Vil ég skjóta því til n., sem fer með málið, að ég vildi gjarnan koma á fund til hennar jafnhliða mönnum frá bönkunum og gjaldeyrisnefnd.

***Pétur Halldórsson:** Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það sé ekki rétt, að búið sé að taka að láni hjá oliufélögunum 1½ millj. kr. og að þetta fé eigi að endurgreiða í pundum, og tryggja á þann hátt, að þetta innstæðufé þeirra rýrni ekki við gengisfall. — Þá vildi ég einnig spyrja, hvort sömu félögum hafi verið heitið yfirfærslu framvegis. Ég verð að segja, að mér þykir það merkilegt, ef innieignir, sem hér hafa verið festar, verða greiddar í pundum með ákveðnu verði. Og ef það er borið fram af hálfu hins opinbera, að þetta fé skuli vera tryggt gegn verðfalli ísl. krónu, munu þessir aðiljar vita eða renna grun í það, að mjög mikil hætta muni vera á verðfalli ísl. krónunnar. Ég efast ekki um, að

fleiri mundu óska eftir slíkum tryggingum fyrir sínum innieignum hér, ef þær væru í boði. Viðkomandi þessari tryggingu er þetta lán ákaflega merkileg nýjung. Ég hafði ekki heyrt þetta fyrr, og þykir mér þetta tíðindi. En aðalatriðið var hitt, hvort þessum sérstöku seljendum, olíukaupmönnunum, hefði verið tryggt verð fyrir þeirra viðskipti framvegis, eins og nú er búið að tryggja þeim fast verð í pundum fyrir þetta fé, sem þeir eiga hér innistandandi. Þegar svo er komið, eins og hér, að verðgildi peninganna er haldið uppi með opinberum ráðstöfunum, og það er þannig á valdi hins opinbera, hvað fæst yfirfært, hverju fæst skilað til útlanda af erlendu fé, sem er hér innistandandi, og hverju ekki, — þegar þessa er gætt, þá finnst mér þessi trygging enn merkilegri nýjung. Það er náttúrlega nýlunda, ef nýir möguleikar opnast fyrir þá erlendu fjáreigendur, sem eiga hér fé, til þess að fá tryggt verð fyrir peninga sína, eins og mér skilst, að olíufélögin hafi hér fengið. Þetta má búast við, að erlendir kreditorar hér á landi skoði sem opnun nýrrar leiðar fyrir þá til þess að fá tryggt verðgildi þess fjár, sem þeir hafa verið svo óheppnir að lána landsmönnum. Ef það vitnast, að þeir geti þetta, þá er ákaflega hætt við, að kröfur komi víða að í framtíðinni í sambandi við viðskipti okkar við útlönd um, að þeir, sem selja okkur, fái annaðhvort yfirfærslu strax eða með einhverju vissu verði á íslenzkum peningum, og það jafnvel gert að skilyrði fyrir áframhaldandi viðskiptum.

Af því að mér þykir þetta mjög mikilsvarðandi efni, langar mig til að heyra af munni hæstv. fjmrh., hvort þetta hafi verið gert, sem ég spurði um.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 5. þm. Reykv. spurði um það, hvort olíufélögunum hefði af ríkisstj. verið tryggð yfirfærsla á verði þeirrar olíu, sem þau seldu hingað framvegis. Þessu svara ég neitandi. Hinsvegar var það gert að skilyrði fyrir innflutningi á olíuförmum, — mér er ekki kunnugt hve mörgum —, að bankatrygging fengist fyrir yfirfærslunni, og sú trygging mun hafa verið veitt.

Út af lántöku skuldaskilasjóðs hjá olíufélögunum, sem er þannig, að skuldaskilasjóður tekur 1½ millj. kr. lán hjá þeim af því fé, sem þessi félög eiga hér innistandandi, fór hv. þm. nokkuð einkennilegum orðum. Honum fannst hér vera farin ný leið. En nú veit hann vel og við allir, að öll lán, sem tekin eru hjá erlendum aðiljum, eru tekin í mynt þess lands, sem lánin eru tekin í.

Þetta fé, sem skuldaskilasjóður tók hér að láni, átti að vera búið að yfirfæra. Lánin eru tekin til 15 ára og eru tekin í pundum. Þau eru ekki borguð út í pundum, heldur í þeim peningum, sem féð stóð í hér, en það hefði átt að vera búið að borga það út í pundum. Og olíufélögin ganga inn á að lána þetta fé með því skilyrði, að það sé greitt í pundum. Að þessu leyti eru þessi lán nákvæmlega hliðstæð öllum erlendum lánum, sem tekin hafa verið hér. Þau eru tekin hjá útlendum aðiljum, sem eiga hér peninga. Hinsvegar er vitanlegt, að olíufélögin eiga hér inni meira fé heldur en það, sem skuldaskilasjóður tekur að láni hjá þeim, og þær upphæðir eiga þau í íslenzkum krónum, sem engin ákvæði hafa verið gerð um yfirfærslur á. Þannig getur þessi lántaka skuldaskilasjóðs ekki skapað nokkurt fordæmi um tryggingar á yfirfærslum á innieignum erlendra kreditora hér með ákveðnu peningaverði. Þetta getur ekki skapað slíkt fordæmi, að dómi þeirra manna, sem hér hafa fengizt mest við þessi viðskipti, sem sé bankastjóranna í báðum bönkunum.

Flm. (Ólafur Thors): Ég veitti því athygli í ræðu hæstv. fjmrh., að hann sagði, að greiðsla á þeirri olíu, sem flyttist til landsins, yrði tryggð þeim, sem hana selja. **(Fjmrh.:** Eitthvað af henni). Ætli hún sé þá ekki öll tryggð? Það er þá í samræmi við tilgátu mína.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að þeir atburðir, sem hér hafa skeð viðvíkjandi lántöku skuldaskilasjóðs, séu ekki óvenjulegir, en hér sé aðeins um að ræða lán, sem ríkisstj. taki fyrir hönd skuldaskilasjóðs, sem hafi verið tekin í pundum. En svo er alls ekki. Ef lán hefði verið tekið erlendis, þá hefði það verið tekið í pundum. En í stað þess eru hér tekin lán í ísl. krónum, en eiga að greiðast í pundum. Þau eru tekin í ísl. krónum af fé, sem er hér innifrosið. Hér er því ekki um að ræða neitt svipaðar lántökur öðrum og venjulegum lántökum, þegar lánsféð er greitt okkur í erlendri mynt. Því að þessir innifrosnu peningar væru að öðrum kosti háðir verðsveiflum íslenzkrar krónu. Það er fullkomið öryggisleysi um það, hvaða verð verður á ísl. krónu að ári um þetta leyti. Það er ekki víst, að 22,15 kr. jafngildi pundi þá, hvað þá heldur allan lánstímann. Og falli krónan í verði, þá er ekkert amalegt fyrir olíufélögin að hafa fengið ríkisstj. til að ábyrgjast sér fast verð í pundum á því fé, sem þau áttu hér frosið inni, sem jafngilda nú 1½ millj. ísl. króna. Ég fullyrði, að sá aðili, sem hefði ætlað að taka lán hjá þeim, sem fé eiga hér innifrosið, í íslenzkum krónum, og hefði boðið það út með þeim skilmálum, að lánið yrði greitt með jöfnum afborgunum í pundum á 15 árum með núv. gengi ísl. kr., — ég fullyrði, að sá aðili hefði getað komizt að alveg einstaklega hagkvæmum kjörum. Því að þeir, sem eiga hér peninga, sem þeir geta ekki nú fengið greidda út, þeir vita, að þessir peningar þeirra eru í mikilli hættu. Og þeir hefðu því viljað vinna það til, ef þess hefði verið kostur, að veita mjög hagkvæm og góð lánskjör, og auk þess áreiðanlega líka önnur fríðindi, ef þeir með því hefðu getað tryggt sér gullgildi sinnar innstæðu. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þeir aðiljar, sem eiga hér innifrosna peninga, hafa átt þess kost yfirleitt að gera tilboð um lán slík sem þessi, eða hvort þessar lántökur eru gerðar í laumi og pukri eingöngu við olíusalana hér, sem eru umboðsmenn hinna erlendu olíufélaga. Hafi þetta verið gert í pukri sem einkamál á milli olíusalanna og ríkisstj., þá verður ekki komizt hjá því, að ríkisstj. sæti aðfinnslum og vítum fyrir það.

Ef nú hinsvegar hæstv. ráðh. vill telja, að hér sé um venjulegar erlendar lántökur að ræða, þá langar mig til að spyrja hann um það, hvort

hann telji, að ríkisstj. sé heimilt að taka erlend lán eins og sakir standa, samkv. þeim yfirlýsingum eða skuldbindingum, sem hann sjálfur gaf í sambandi við lántökuna í London haustið 1934. Ég man satt að segja ekki nú alveg á stundinni, hvað af yfirlýsingunni í sambandi við þá lántöku átti að fara með leynd og hvað mátti gera heyrinkunnugt, og þess vegna fer ég ekki lengra út í þá yfirlýsingu hér, því að ég óska ekki eftir að fara að rjúfa nein þagnarheit. En eitthvað af þeirri yfirlýsingu átti að fara leynt.

Vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann telji, að þessar lántökur, ef þær eru skoðaðar sem greiddar í pundum í venjulegum kringumstæðum, séu heimilar samkv. þeim skuldbindingum, sem hann gaf í sambandi við enska lánið 1934.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af því, sem hv. þm. G.-K. spurði um síðast, skal ég upplýsa það, að engin skuldbinding hefir verið gefin í sambandi við lántökuna í London 1934. Þessi hv. þm. þarf því engar áhyggjur að bera út af þessum lántökum.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að þessi lán væru ekki hliðstæð venjulegum pundalánum, vil ég upplýsa hann um, að það hefði komið nákvæmlega í sama stað niður, þó að í stað þessara lána hefði verið tekið lán í útlöndum beinlínis og pundin flutt inn. Það hefði haft nákvæmlega sömu skuldbindingar í för með sér, þannig að skuldaskilasjóður hefði orðið að skuldbinda sig til að skila láninu í sömu mynt eins og í þessu tilfelli. Hann hefði og fengið nákvæmlega jafnmikið fyrir pundið eins og þessi viðskipti gefa. Frá því sjónarmiði er líka nákvæmlega sama, hvort lánin eru tekin svona eða á annan hátt.

Annars skal ég upplýsa það, að það er stjórn skuldaskilasjóðs, sem vitanlega hefir samþ. um þessi lán, og þess vegna mun hún geta bezt gefið upplýsingar um það, hvort öðrum en olíufélögunum hefir verið gefinn kostur á að lána skuldaskilasjóði. En eftir upplýsingum frá bönkunum um þetta atriði veit ég, að engir erlendir aðiljar aðrir en olíufélögin eiga svo verulegar innstæður hér í íslenzkum krónum, að þeir hefðu getað lánað svo háar upphæðir, nema þá með því að tína saman marga innstæðueigendur.

Hitt getur hv. þm. náttúrlega verið viss um, að ómögulegt hefði verið að haga lántökunni þannig, að fara að spekúlera í því, hvað menn vildu leggja mikið upp úr íslenzkri krónu í þessu sambandi. Slíkt hefði hvorki verið mögulegt fyrir skuldaskilasjóð né nokkurn annan aðilja. Frá mínu sjónarmiði er þessi lántökuaðferð afarhentug fyrir þjóðina í heild, því að með henni fæst mjög langur yfirfærslufrestur á skuld, sem átti að vera yfirfærð fyrir nokkuð löngu síðan.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég ætlaði ekki, þó að ég sé 2. flm. þessa frv., að taka til máls við þessa umr. En umr. hafa nú snúizt inn á mjög einkennilegt efni, sem mér kom dálítið á óvart að væri fyrir hendi, og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs.

Fyrir örfáum dögum kom til mín maður sem talsmaður nokkurra útgerðarmanna og spurði, hvort sjútvn. þessarar d. gæti ekki haft þau áhrif, að þessir menn fengju að kaupa olíu til útgerðar sinnar, þannig að þeir fengju yfirfærslu á fé til þess. Ég gat nú ekki lofað honum neinu um það, en spurði hann bara, hvort þeir hefðu reynt það. Kvað hann svo vera, en að það hefði orðið árangurslaust. Í gær kom annar maður til mín til að bera upp fyrir mér sömu vandræðin, að nokkrir útgerðarmenn hefðu ætlað að fá flutt inn dálítið af smurningsolíu til útgerðar sinnar. Þeir höfðu beðið um leyfi til að flytja inn 100—200 tunnur af smurningsolíu fyrir næstu vertíð á undan og gengið greiðlega. En nú var þeim þverneitað um yfirfærslu í þessu skyni. Af þessum ástæðum m. a. þykir mér ákaflega undarlegt að heyra það, að olíufélögin, sem hér hafa umboðsmenn og verzlun, hafi fengið tryggðar yfirfærslur fyrir sig til þess að selja okkur olíu við því verði, sem við þekkjum flestir, hvað er sanngjarnt. En útgerðarmönnum er sjálfum neitað harðlega um að fá að kaupa olíu til sinnar eigin útgerðar.

Í sambandi við þetta kemur svo þessi merkilegi hlutur í ljós, að olíufélögin, sem eiga hér innifrosna peninga, hafa verið leyst úr þeim vanda með aðstoð ríkisstj. Það er sýnt, að hér hefir verið tekið lán í ísl. kr. með skuldbindingu um að greiða það í pundum. Þetta eru kjör, sem munu vera alveg óþekkt nema í þessu eina tilfelli.

Einmitt af því að þetta kemur upp, meðan verið er að tala um frv. okkar hv. þm. G.-K. um að leyfa útgerðarmönnum að nota af sínum eigin erlenda gjaldeyri það, sem þeir þurfa til innkaupa á útgerðarvörum, og þar með olíu, kemur mér þetta enn einkennilegra fyrir, að þessi auðfélög tvö fái hér þessi alveg sérstöku hlunnindi, en þeir, sem berjast fyrir því að framleiða útflutningsvörur, fá ekki gjaldeyri til kaupa á vörum til framleiðslunnar. Ég hygg, að ekki væri úr vegi, að hæstv. Alþ. athugaði gaumgæfilega, hvort ekki þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að þeir menn, sem framleiða gjaldeyrisvörurnar, fái að njóta einhvers réttar, en að ekki sé níðzt á þeim til framdráttar þeim, sem selja hér innflutta vöru með geysimiklum hagnaði.

Flm. (Ólafur Thors): Ég ætla ekki að fara langt út í þær skuldbindingar, sem hæstv. fjmrh. gaf Lundúna-peningavaldinu 1934. En það er ekki rétt hjá honum, að hann hafi engar skuldbindingar gefið í sambandi við lántökuna í London þá. En það er einungis af því, að ég man nú á stundinni ekki fyrir víst, hvað í því sambandi átti að vera með leynd. **(Fjmrh.:** Hv. þm. þarf ekki að þegja um neitt í því sambandi). Jæja, þá skal ég segja hæstv. ráðh. það, að hann skrifaði undir skuldbindingu um, að hann mundi ekki sjálfur taka né veita aðstoð til þess að taka lán erlendis á meðan gjaldeyrisástandið ekki breyttist verulega frá því, sem nú er. Undir þetta skrifaði hæstv. fjmrh. eftir kröfu erlendra lánardrottna. Þá tilkynnti þessi hæstv. ráðh., að þetta væri hans stjórnmálapólitík, að hann ætlaði sér alls engin útlend lán að taka fyrir hönd ríkisins á meðan gjaldeyrisástandið ekki ger-

breyttist. Og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir, að hann leysti mig undan þagnarskyldunni. (**Fjmrh.**: Á hv. þm. hvíldi engin þagnarskylda viðvíkjandi þessu, svo að það er ekkert að þakka). Það var talað um þagnarskyldu viðvíkjandi atriðum í sambandi við þessa lántöku, og mun hæstv. fjmrh. muna, að um það var talað, er hann sýndi okkur skeyti nokkurt hér uppi á Hlaðbúð kl. 3 vissan dag. En ég hefi kannske tekið þessa þagnarskyldu hátíðlegar en titt er í hans flokki. (**Fjmrh.**: Það átti að vera þagnarskylda, en sjálfstæðismenn gátu ekki þagað). Það kom yfirlýsing frá hæstv. fjmrh., sem gaf til kynna sumt í þessu sambandi. Og það var ekki af okkur sjálfstæðismönnum sagt frá þessu fyrr en hæstv. ráðh. var búinn að gefa þessa yfirlýsingu. (**Fjmrh.**: Sjálfstæðismenn voru fyrst búnir að gefa þetta til kynna með hálfkveðnum vísum). Nú, hvað er með þetta? Fyrst neitar hæstv. ráðh. því, að hann hafi gefið nokkra yfirlýsingu í sambandi við lántökuna. Því næst segir hann, að yfirlýsingin hafi ekki verið neitt launungarmál, og loks ákærir hann okkur fyrir að hafa með hálfkveðnum vísum ljóstað því upp, sem allir máttu vita. Þetta eru ekki ráðherraleg rök. Hitt viðurkenni ég, að ekkert getur farið með leynd hér á þingi, ef formaður Framsfl. fær að vita um það, því að hann getur aldrei komizt hjá því að hvísla því að einhverjum.

Hæstv. fjmrh. segir, að það komi alveg í sama stað niður fyrir skuldaskilasjóð, hvort hann tekur lán eins og hann hefir gert eða tekur það í pundum. En ég held, að það sé ekki sama frá hagsmunasjónarmiði þjóðarinnar. Hæstv. ráðh. veit, að ef við gætum fengið 75 þús. sterlingspunda lán, borgað okkur út í pundum, þá mætti með því rétta við lánstraust einstaklinga og verzlunarfélaga í landinu. Ef skuldaskilasjóður hefði fengið lán útborgað í pundum, þá hefði einnig fyrir þau pund verið hægt að kaupa vörur, sem við þurfum á að halda, en getum ekki fengið. Og við skulum koma að þessu betur síðar.

Hæstv. ráðh. vill til afsökunar færa það fram, sem ég ekki vefengi, að engir aðrir en olíufélögin hafi átt hér innifrosnar svo háar upphæðir, að einhver einn einstakur aðili hefði getað lánað svo mikið fé, og hefði þá þurft að tína marga innstæðueigendur saman. En þetta skiptir bara engu máli í þessu sambandi. Ýmsir aðrir, sem eiga hér innifrosnar innstæður, eiga sama siðferðislegan rétt á því að fá sína peninga greidda út eins og olíufélögin. Og það, sem máli skiptir, er, hvort olíufélögunum hefir verið ívilnað með því að gefa þeim **einum** kost á að fá gulltryggðar sínar innifrosnu innstæður hér og íslenzkur aðili, skuldaskilasjóður, látinn fara á mis við hagstæðari lánakjör, sem hann tvímælalaust hefði getað notið, ef lánið hefði verið boðið út á frjálsum markaði, þar sem hver sem var hefði getað boðið í það, sem átti peninga innifrosna hér. Eða hvort stjórnin hefir snúið sér í pukri til eins auðvaldshrings. Vitanlega hefði verið eðlilegast, að við hefðum verið búnir að yfirfæra það fé, sem nú hefir verið tekið að láni, og það fyrir nokkru. En við höfðum ekki gert það, af því að við gátum það ekki. Til þess hefir okkur skort gjaldeyri. En alveg hið sama er að segja um allar innifrosnar innstæður? Við gerum það ekki að gamni okkar að drepa niður lánstraust einstaklinga, banka og ríkis með því að neita um yfirfærslur, heldur höfum við gert það út af neyð. Ég sé þess vegna ekki, hvernig hægt er fyrir hæstv. ríkisstj. að komast undan ámæli fyrir að hafa breytt þessum skuldum úr ísl. krónum í pund, eins og gert hefir verið, og það af þessum tveimur ástæðum, að í fyrsta lagi hefir kröfuhöfum á íslenzka banka verið misvilnað, og hinsvegar höfum við setið okkur úr færi um að fá þau beztu lánakjör, sem hægt var að fá. Í þriðja lagi er með þessu móti tryggð langt fram í tímann greiðsla í pundum á skuld, sem tekin er í ísl. krónum, þannig að sú greiðsla miðist við gullgengi, sem engin vissa er fyrir, og ég vil segja, sem engar líkur eru til, að haldist. Það þarf margt að breytast hér á landi til hins betra, ef vissa á að vera fyrir því, að við getum haldið ísl. krónu í núv. verði. Til þess verður að vera hægt að reka atvinnuvegina með betri árangri heldur en verið hefir síðan 1930, því að á þeim tíma hefir svo að segja hvert einasta atvinnufyrirtæki í landinu verið rekið með tapi og svo að segja hver einasti atvinnurekandi á landinu er í fjárþröng. (**Fjmrh.**: Nema hv. ræðumaður). Ég er alveg viss um, að ef hæstv. fjmrh. hefði gert út einn trillubát síðan 1930, þá hefði hann verið kominn á hausinn. Fæstir atvinnurekendur eru borgunarmenn fyrir skuldum sínum eins og nú standa sakir.

Það er þrennt í sambandi við það, sem hér er verið að gera, sem ég tel mjög athyglisvert, og jafnvel ámælisvert. Í fyrsta lagi er það, að mönnum hefir ekki verið gert jafnhátt undir höfði hvað þetta lán snertir, en af því leiðir svo hitt, að við höfum enga tryggingu fyrir því, að við höfum orðið aðnjótandi beztu kjara, sem kostur var á, og snýr sú hlið málsins að skuldaskilasjóði; í þriðja lagi ber svo að líta á það, sem hv. 5. þm. Reykv. drap á, að það er í fyrsta skiptið hér á landi, sem innlendri innstæðu er breytt í sterlingspundalán, og hefði ég kunnað vel við, fyrst þetta hefir einmitt verið á döfinni þessa dagana, að þetta þýðingarmikla mál hefði verið borið undir þingið.

***Pétur Halldórsson**: Herra forseti! Ég skil það vel, að það er mikill vandi að fara með fjármálin á þessum erfiðu tímum, en samt get ég ekki stillt mig um að gera fyrirspurn um þetta, þar sem hv. þm. G.-K. hefir að hálfu leyti upplýst þetta mál, sem mér virðist vera mjög mikilsvert. Hæstv. fjmrh. lítur svo á, að þessi samningur, sem gerður hefir verið um lántökuna hjá olíufélögunum, sé ekkert sérstaklega merkilegt mál, og sagði hann, að þetta skapaði ekki neitt fordæmi í þessu efni. Það er gott að heyra þetta, en það er nú samt mjög mikið vafamál, hvort þetta tiltæki skapar ekki einmitt fordæmi; ég held, að það þurfi að fullyrða ýmislegt fleira fyrst, áður en hægt er að segja með vissu, að það sé ekki einmitt verið að gera það; ég óttast, að það séu mjög miklar líkur fyrir því, að hér sé verið að skapa fordæmi, og það fyrst og fremst vegna þess, að nú í augnablikinu eru fjárhagshorfur okkar vægast sagt mjög

iskyggilegar, svo að við höfum að undanförnu ekki að öllu leyti verið okkar eigin herrar í rauninni að því er fjármálin snertir, en orðið að sæta kostum, sem aðrir hafa sett okkur. Það er því sýnilegt, að hér er hæstv. stj. einmitt að setja kosti, sem ég óttast því miður, að orðið geti til þess að skapa fordæmi í þessum efnum. Ég skil það vel, að þessi ráðstöfun hæstv. stj. er gerð til þess að komast hjá því að leita láns erlendis í þetta skiptið, en það er ekki útilokað, að svipað geti staðið á einhverntíma seinna, og það væri undir þeim kringumstæðum, sem um fordæmi getur verið að ræða í þessu efni. Þess vegna er það, sem hér hefir verið gert, vissulega alls ekki sama og tekið hefði verið lán í sterlingspundum á frjálsum markaði erlendis. Það er að vísu sama fyrir skuldaskilasjóð, sem á að njóta þessara peninga, hvort hann fær þá í íslenzkum krónum þar, sem lánið er tekið, en það er ekki þar með sagt, að þetta sé samskonar lántaka eins og ef lánið hefði verið tekið í pundum á erlendum markaði. En það, sem hér er búið að gera, getur einnig skapað hættulegt fordæmi að öðru leyti, því að eins og hæstv. fjmrh. minntist á, er útlit fyrir, að kolaútflytjendur í Bretlandi, sem selja kol hingað til lands, hafi gert samtök um að selja ekki kol til Íslands nema gegn bankatryggingu eða tryggingu fyrir því, að andvirði vörunnar verði greitt á réttum tíma. Við sjáum m. ö. o., að það er verið að gera samtök viðsvegar erlendis í viðskiptunum við Ísland, og það er vitanlega mjög margt, sem komið getur til greina í sambandi við viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir í nánustu framtíð, eins og fjárhagur okkar er nú bágborinn og fátæktin mikil, því að enda þótt henni hafi verið leynt eftir föngum hingað til með opinberum ráðstöfunum, er hún samt að komast upp fyrir alvöru, með þeim eftirköstum, að erlendis er svo litið á fjárhag Íslendinga, að menn segjast ekki geta skipt við okkur, nema með því móti, að gerðar séu alveg sérstakar öryggisráðstafanir til þess að sú vara, sem hingað er seld, verði borguð í tæka tíð. Allt fram að þessu hefir enginn hörgull verið á sölu nauðsynjavarnings til Íslands, án þess að sett hafi verið nein skilyrði, en nú bregður svo við, að framboð á ýmsum vörutegundum til Íslands er farið að vera bundið skilyrðum, fyrst og fremst um það, eins og sagt er um kolasöluna hingað til lands, að stj. tryggi seljendunum yfirfærslur jafnóðum og skuldirnar falla í gjalddaga; þeim, sem ekki fá slíkar tryggingar, getur staðið til boða sú trygging, að ríkið taki innieignir þeirra hér að láni gegn því að borga peningana á næstu árum í ákveðnu gullverði. Þetta eru náttúrlega ágæt kjör, en þau geta ekki aðrir fengið en þeir, sem taka sig saman um að setja slík skilyrði í verzlun. Að þessu leyti er komið inn á nýja braut í þessu máli, en þótt þetta ástand megi ef til vill teljast eðlileg afleiðing af viðskiptum landsins við útlönd síðustu ár, þá má samt ekki segja, að þetta sé alveg hættulaust og óhætt sé að ganga að hvaða tilboðum, sem frá þessum seljendum koma, til þess að leysa vanda augnabliksins. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, að hér hafi verið gerð óforsvaranleg ráðstöfun í þetta sinn með því að gera þennan samning við olíufélögin; ég er ekki nógu kunnugur þessu máli til þess að geta sagt neitt um það út af fyrir sig, en þar sem mér þótti hinsvegar koma fram merkilegar nýjungar bæði hjá hv. þm. G.-K. og eins í frásögn hæstv. fjmrh., þá þótti mér ástæða til að spyrjast fyrir um það, hvernig þessu máli væri varið, ekki sízt þar sem manni getur dottið margt í hug í þessu sambandi, þegar svona stór og öflugur aðili á í hlut eins og olíufélögin eru, t. d. það, að þau hafi átt upptökin að þessu. Það gæti vel komið til mála, að þau settu sína kosti og hótuðu að hætta að selja olíu til landsins, nema gegn því skilyrði, að þau fái ríkisábyrgð fyrir greiðslu á vörum sínum. Það er ekki hægt að neita því, að svo virðist, sem þessi lántaka, sem hér um ræðir, geti alveg eins verið krafa frá olíufélögunum eins og ósk hæstv. stj. Svo getur þetta aftur verkað þannig, eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að öðrum en þessum tveimur olíuhringum verði ekki fært að flytja olíu hingað til lands; þar með eru þessi félög búin að fá einskonar einokunarheimild til verzlunar með olíu hér á landi. Af þessu sést það, að það er margt, sem komið getur til greina í þessu sambandi, og margt, sem taka þarf tillit til. Ég ásaka ekki hæstv. stj. eða þann, sem gert hefir þennan samning, en ég vil benda á þessi atriði, sem geta beinlínis orðið til þess, að utanríkisverzlun okkar stöðvist, nema með því móti, að ríkið gefi trygga ríkisábyrgð fyrir öllum aðalnauðsynjavörum, sem til landsins flytjast.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta skapaði ekki fordæmi, en ég vil bara benda honum á, að hann er ekki einráður um það, hvort þetta verði fordæmi; því ráða líka þeir, sem selja vörurnar hingað, sökum þess m. a., að nú er svo komið um margar stórar vörutegundir, að seljendur þeirra gera með sér samtök um söluna, vegna þess hvað markaðurinn er þröngur, til þess að gæta sinna hagsmuna sem bezt. Það er því ósk mín, að þetta, eða annað svipað því, sem hér er verið að gera, verði ekki til þess að skapa fordæmi í framtíðinni.

Jón Ólafsson: Ég skal ekki vera langorður. Það er búið að tala töluvert mikið um þetta mál, en ég get samt ekki látið hjá líða að benda á þann óhrekjanlega sannleika, að við erum búnir að safna á okkur útlendum skuldum í olíu, til þess að gera út fiskiflotann, og skuldin er ekki aðeins $1^1/_2$ millj. kr., heldur munu olíufélögin eiga 4—5 millj. kr. hjá landsmönnum. Það getur því hver maður sagt sér sjálfur, sem nokkuð fylgist með í viðskiptamálum, að við þetta gátu félögin ekki unað lengur, enda kom það á daginn, að þau vildu fá svo og svo mikið af sínum peningum. Eina úrræðið, sem mér virðist hafa verið heppilegt, var að taka málið þeim tökum, sem tekið var, og það var að semja við félögin um árlega afborgun af skuldinni og að bankarnir yfirfærðu svo og svo mikið af innstæðum félaganna í bönkunum hér á ári hverju. Einnig var tekin, að minu áliti sú heppilega leið að taka lán hjá fél., allt að $1^1/_2$ millj. króna, til 15 ára, og greiða þannig fyrir skuldaskilasjóði vélbátaeigenda. Ennfremur dreifðist með þessari ráðstöfun yfir-

færslan á þessi mörgu ár. Mér virðist menn ekki gera sér fullkomna grein fyrir því, að þetta er skuld; við erum búnir að eyða þessum peningum til framleiðslu okkar; við höfum dregið að greiða þessa skuld, en það varð að taka einhvern endi, og það hefir vissulega tekið þann endi, sem vel má við una. Það er búið að semja um þetta í bili. Ekki er heldur sama, hvaða skuldheimtumann við er að skipta. Í þessu tilfelli er um skuldheimtumann að ræða, sem er svo voldugur, að við getum ekki komizt framhjá honum hvað snertir oliuflutning til landsins; hann gat og getur hvenær sem er stöðvað allan oliuflutning hingað til lands, og sé ég ekki, hvar við hefðum þá verið staddir með allan okkar útveg. Þess vegna varð að semja, og það var gert. Það munu sjálfsagt einhverjir segja, að þessi og þessi geti komið með oliu hingað. En þess ber að gæta, að þessi tvö oliufélög, sem hér um ræðir, eru svo öflug og hafa þar af leiðandi svo góða aðstöðu í þessum efnum, að framhjá þeim var og verður ekki komizt, ef sæmilegt verð á að vera á þessari vöru hingað kominni, vegna þess að þau tvö oliufél., sem hér um ræðir, eiga alla þá aðstöðu, sem til þess þarf að gera reksturinn ódýran, svo sem geyma o. fl. Af þessum ástæðum var vitanlega ómögulegt að bjóða út slíkt lán. Við urðum að fá sem hagkvæmasta samninga við þessa skuldaeigendur. Það eiga að vísu ýmsir aðrir útlendingar peninga í bönkum hér, en það er ekki teljandi samanborið við þá, sem hér um ræðir, og þar að auki eru þau viðskipti allt annars eðlis; eigendur þeirra peninga hafa ekki þau tök á landsmönnum, sem þessi oliufélög hafa með aðstöðu sinni hér. Það, að bankarnir hafa komizt í þessi skuldasöfnunarvandræði, stafar sumpart af því, að vara okkar hrekkur ekki til greiðslu alls innflutnings, en sumpart af því, að við eigum nú hjá Ítölum og Spánverjum um 135000 £, sem búin eru að standa lengi inni, og alls ekki er hægt að fá frá Ítölum nema í vörum, og jafnvel ekki heldur frá Spánverjum, því að svo virðist, sem þeir ætli að fara sömu leiðina og Ítalir í þessu efni. — Það eru því mörg atriði í sliku máli sem þessu, sem þarf að taka tillit til og athuga, þegar talað er um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið undir þeim kringumstæðum, sem við eigum nú við að búa. — Ætla ég svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en þeir, sem vilja athuga þetta mál, og gera það á sínum tíma, munu reka sig á margt það, sem verður að taka tillit til undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru í þessu máli.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Hv. 1. þm. Rang. hefir nú skýrt þetta mál nokkuð. Hann skýrði frá því aðalatriði málsins, að þessi oliufélög hafa í raun og veru komizt í lakari aðstöðu hvað yfirfærslur snertir en e. t. v. nokkurt annað firma, sem við okkur skiptir, og þess vegna var það af þeim ástæðum ekkert einkennilegt, þótt skuldaskilasjóðsstjórninni, sem skipuð er að tveim þriðju bankastjórum, dytti í hug að reyna að sameina þessa lántöku sína og úrlausn þessara vandkvæða.

Viðvíkjandi því, hvort hér sé um hættulegt fordæmi að ræða, þykir mér rétt að taka það fram, að eftir því, sem ég bezt veit, er samningurinn um þetta 15 ára lán alls ekki gerður samkv. kröfu frá þessum félögum, heldur samkv. ósk skuldaskilasjóðsstjórnarinnar. Ég ætla svo að láta þetta nægja um þetta mál. Ef menn vilja ræða málið frekar, þá geri ég ráð fyrir, að það verði hægt í öðru sambandi. Eins og hv. þm. sjá, hafa nú komið fram höfuðatriði þessa máls, sem skýra það, og ég get ekki séð, að í þessu sambandi hafi nokkuð verið gert, sem geti gefið hættulegt fordæmi í þessu efni, né heldur að hér hafi verið gerður samningur, sem sé óhagstæður fyrir þjóðina; þvert á móti horfir þetta svo við frá minu sjónarmiði, að reynt hefir verið að sameina það tvennt, að leysa úr þessari óhjákvæmilegu yfirfærsluþörf og lántökuþörf þessa sjóðs, sem hér um ræðir.

Flm. (Ólafur Thors): Þessar umr. hafa leitt í ljós ýmislegt merkilegt, þar á meðal það, að oliufélögin hafa tryggt sér greiðslu á þeirri olíu, sem þau flytja til landsins, þótt aðrir, sem olíu vilja kaupa af öðrum og við ódýrara verði, geti ekki sett slíka tryggingu.

Í öðru lagi hefir hv. 1. þm. Rang., en hann er einmitt einn hluthafanna í öðru oliufél., skýrt frá því, að þessi samningur, um að tryggja oliufélögunum núverandi gullgildi íslenzkra peninga á greiðslu 1½ millj. króna á vissu árabili, hafi verið gerður fyrir frumkvæði og samkv. kröfum frá oliufélögunum. Hæstv. fjmrh. hélt því að vísu fram, að þetta væru ósannindi hjá hv. 1. þm. Rang. En enda þótt ég geti ekki fullyrt, hvor fer með rétt mál, trúi ég að óreyndu því, sem hv. 1. þm. Rang. segir. Hann er málinu svo kunnugur, að hann veit, að hér hefir hnefinn verið settur í borðið af hinum erlenda olíusala. Það kann að vera, að það sé ekki óeðlileg krafa frá sjónarmiði hans, en eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði, er þetta mjög varhugaverð ráðstöfun af hálfu íslenzku stj. Þetta mál verður að athuga mjög vel frá öllum hliðum, og án þess að ég vilji kveða upp neinn dóm um það, hvort tiltækilegt hefði verið að neita þessari kröfu, raskar það ekkert því, að alveg var sjálfsagt — fyrst þingið situr nú hvort sem er á rökstólum —, að slíkur samningur sem þessi hefði verið borinn undir fjhn. þingsins. Þingið gat þá m. a. kynnt sér, hvað hæft er í því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að hér ráði oliufélögin, en hvorki þing né stjórn, að bankarnir séu nú ekki nefndir, og síðan kveðið upp sinn dóm.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. er viðbúinn því að svara einni fyrirspurn frá mér, sem er ekki óeðlilegt, að fram komi, um það, hvað vextir af þessu láni eru miklir. Mér skilst, að þetta lán sé 1½ millj. kr. að upphæð í íslenzkum krónum, gegn vöxtum og afborgunum í pundum með genginu 22,15 til 15 ára. Það skiptir því miklu máli, hver vaxtaskilyrðin eru.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég held, að það sé á misskilningi byggt hjá hv. þm. G.-K., að það hafi verið algerðar mótsagnir í ræðu hv. 1. þm. Rang. við það, sem ég hefi haldið fram að því er snertir það, hvernig þetta mál var tekið upp. Þessu er þannig háttað, eins og hv. 1. þm.

Rang. sagði, að það komu stöðugar kröfur frá olíufélögunum um yfirfærslur á þessum gömlu innstæðum, sem þau áttu hér. Hitt sagði hann ekki, að olíufélögin hefðu stungið upp á því að veita þetta lán; það var stjórn skuldaskilasjóðsins, sem stakk upp á því að taka þetta lán. Að því er vextina af þessu láni snertir, þá verð ég að viðurkenna, að ég man ekki fyrir víst, hverjir þeir eru. Það er nokkuð langt síðan gengið var frá þessu; ég skal láta hv. þm. fá upplýsingar um þetta seinna.

Flm. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins benda á, að sé það rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, þá samrýmist það ekki því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði; hann sagði, að ekki hafi getað verið um útboð á láninu að ræða, beinlínis vegna þess, að framhjá olíufélögunum hafi með engu móti verið hægt að komast. Þetta var þungamiðja ræðu hans, og einmitt á þessu byggist sú tilraun, sem hann gerði til að koma fram vörnum í málinu.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Mig langar aðeins til að benda hv. þdm. á það, að það hefði verið betra, að sú breyt., sem frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, hefði verið í gildi undanfarin ár, því að það, sem farið er fram á í þessu frv., er ekki annað en það, sem stendur í 2. málsgr. þess: „Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar.“ Ef þetta ákvæði hefði verið í lögum undanfarin ár, hefði ekki þurft að koma til þess vanda, sem við eigum nú við að búa í þessum efnum. Þá hefðu ekki safnazt hér á þennan hátt skuldir við þessa voldugu viðskiptamenn, olíufélögin, því að þau hefðu fengið hjá útgerðarmönnum andvirði þeirra vara, sem þeir selja; þá hefði ríkisstj. ekki þurft að taka á ríkissjóð ábyrgð á verðgildi þess fjár, sem olíufélögin eiga hér inni, og þá hefði stj. verið leyst undan þeim vanda, sem hún hefir tekið á sig fyrir framtíðina, að sjá þessum seljendum sérstaklega fyrir greiðslu á vörum sínum. Þess vegna á það vel við, að rætt sé um þetta atriði í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, því að það frv. er bein lausn á þessu vandamáli. Sérstaklega vegna þess, að svo framarlega sem ekki er gerð einhver slík ráðstöfun eins og farið er fram á í frv., þá eykst vandinn. Annars er líka ástæða til þess að hugleiða þetta í sambandi við frv. hv. þm. V.-Húnv., sem enginn hv. þdm. hafði kjark til þess að tala um, þegar það var hér til umr. í dag, og hæstv. fjmrh. lét fara framhjá sér án þess að segja um það eitt einasta orð. Allur þessi vandi stafar af meðferð stjórnarvaldanna á þessum málum landsmanna undanfarin ár. Annars verð ég að segja það, að ég óttast mjög þær afleiðingar, sem það kann að hafa fyrir ríkissjóðinn, ef haldið er lengi ennþá áfram á þeirri braut, sem þessi mál eru komin út á hjá okkur nú. Það hljóta líka allir að sjá, að vandinn, sem færist yfir okkur hvað þessi mál snertir, eykst með hverjum mánuðinum, sem líður, og væri því full ástæða til, að fulltrúar þjóðarinnar, bæði hér á Alþingi og út á við, tækju höndum saman um lausn þessara vandamála. Væri það ólíkt eðlilegra heldur en standa jafnan andvígir hverjir öðrum, eins og nú á sér stað. Það má vel vera, að hæstv. stj. skiljist þessi sannleikur, þegar fjárhagur ríkissjóðs er með öllu hruninn í rústir. — Vænti ég svo, að þessar umr. megi verða til þess að opna augu alls þingheims fyrir því, hve rík nauðsyn hér er fyrir dyrum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 110, 235, n. 242, 262).

Frsm. (Ólafur Thors): Fjhn. hefir afgr. þetta mál til deildarinnar með sameiginlegu nál.; þó eru, eins og nál. ber með sér, ekki nema 4 af 5 nm. einhuga um að leggja til, að frv. verði samþ., og þá með breyt., sem er getið um í nál. Einn af nm., hv. 1. landsk., hefir sérstöðu, sem einnig er gerð grein fyrir í nál., nefnil. þá sérstöðu, að hann telur, að eftir atvikum fullnægi gildandi lagaákvæði þeirri þörf, sem hér um ræðir, en hann álítur hinsvegar, að það sé nokkrum vandkvæðum bundið í framkvæmdinni að lögfesta þau fyrirmæli, sem frv. felur í sér, ásamt þeirri breyt., sem gert er ráð fyrir í nál. Hann vill þess vegna, að þetta frv. verði ekki samþykkt.

Við 1. umr. gerði ég grein fyrir þeim rökum, sem liggja til grundvallar flutningi þessa frv., og tel óþarft að endurtaka þau nú eftir að málið kemur frá n.

Við hv. þm. V.-Sk. höfum fallið frá að fylgja ákvæðum frv. eins og þau eru fram borin af hv. 6. þm. Reykv. og mér, vegna þess að þeir aðiljar, sem n. átti tal við um þetta mál, nefnil. fjmrh., bankastjórar 2 bankanna, sem með gjaldeyrisverzlun fara, og svo skrifstofustjóri gjaldeyrisnefndar í forföllum form. nefndarinnar, töldu mjög mikla erfiðleika um framkvæmdir, ef gengið yrði inn á frv. óbreytt, vegna þess að ef útgerðarmenn fengju að ráða sjálfir yfir gjaldeyri til kaupa á notaþörfum sínum, mundi það valda miklum erfiðleikum fyrir gjaldeyrisnefnd og bankana. Enda þótt ég sé ekki viss um, að þetta þyrfti svo að vera, þá höfum við til samkomulags gengið inn á að leggja til, að ákvæði þessa frv. um frjálsa ráðstöfun útvegsmanna á gjaldeyri til notaþarfa nái ekki lengra en til olíu, kola og salts, en ekki til veiðarfæra. — Ég hefi svo ekki meira um þetta að segja. 3 af nm. flytja sérstakar brtt. við þetta frv., og munu þeir gera grein fyrir þeim.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég á hér brtt. á þskj. 235 um eftirlit með utanferðum manna. Þar er ætlazt til, að þeir, sem fara til útlanda, geri gjaldeyrisnefnd grein fyrir, á hvern hátt þeir hafa aflað sér gjaldeyris, sem nauðsynlegur sé, og er

óheimilt að selja mönnum farmiða nema þeir hafi yfirlýsingu um fararleyfi frá gjaldeyrisskrifstofunni. Það er leiðinlegt að setja slíkar reglur, en það er þó nauðsynlegt og í fullu samræmi við gildandi l. En með þessu einu móti getur eftirlitið orðið fullnægjandi.

Þá flytur n. brtt. á þskj. 262 við b-lið brtt. 235, og er till. eingöngu um það, hvernig farmskrár skuli gerðar og skýrslur um inn- og útfluttar vörur. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessar till. verði til mikils ágreinings, þó þær séu ekki fluttar af meiri hl. n., því þær eru báðar nauðsynlegar, eins og nú er komið gjaldeyrismálunum.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Eins og hv. þm. G.-K. gat um og nál. á þskj. 242 ber vitni um, hefi ég ekki getað orðið sammála meðnm. mínum um afgreiðslu frv. sjálfs, sem fyrir liggur. Ég þarf í rauninni ekki að gera grein fyrir minni afstöðu miklu frekar en stendur í nál., sem n. gaf út sameiginlega. Þar eru teknar fram þær ástæður, að ég telji í fyrsta lagi, að gildandi ákvæði fullnægi þörfinni, sem fyrir hendi er. Ég á við, að á þeim tímum, sem nú eru, þegar svo miklir erfiðleikar eru á um útvegun gjaldeyris, þá sé því eftir atvikum sæmilega fyrir komið hvað snertir innkaup til útgerðarinnar, þar sem gjaldeyrisnefnd er heimilt skv. reglugerð frá 1935 að veita útvegsmönnum, sem eiga skip, sem selja afla sinn erlendis, leyfi til að ráðstafa tiltekinni upphæð í hverri ferð til þarfa útgerðarinnar. Þessu mun hafa verið hagað þann veg í framkvæmdinni, að útgerðarmenn, sem hafa selt fisk erlendis, hafa fengið frjálsa valútu til umráða til þess að kaupa nauðsynjar handa útgerðinni. Eftir því sem komið er gjaldeyrismálunum yfirleitt, þá álít ég þetta eftir atvikum sæmilegt. Í annan stað álít ég, að frv., sem meiri hl. n. leggur til að samþ. verði, muni geta valdið nokkrum örðugleikum í framkvæmdinni; fyrst og fremst vegna þess, að fleiri munu fylgja á eftir, sem álíta sig hafa þörf fyrir frjálsan gjaldeyri til afnota til innkaupa á nauðsynjavörum. Í annan stað getur þetta valdið nokkrum erfiðleikum um sölu afurða eins og saltfisks, ef þetta nær fram að ganga. Það verður bezt skýrt með því að upplýsa, að meginþorrinn af öllum saltfiskframleiðendum hefir veðsett bönkunum fiskinn áður en þeir hafa selt á erlendum markaði. Eigendur fisksins eru því skyldugir fyrst og fremst að fullnægja veðskuldbindingunum hjá bönkunum og greiða þeim upp lán, sem hvíla á fiskinum. Svo það gæti vel farið svo, að þetta ræki sig á þá heimild, sem útvegsmönnum er nú ætlað að fá til frjálsra afnota útlendrar valútu fyrir seldar afurðir erlendis. Af þessum 2 ástæðum, sem ég hefi nefnt, verð ég að leggja á móti frv. Aftur er ég einn af meiri hl., sem fylgir þeim brtt., sem fram eru bornar við frv. um gjaldeyrisverzlun á þskj. 235, sem hv. þm. V.-Ísf. hefir gert grein fyrir.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 110, 235, n. 242, 262, 271).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 271. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er hér fram komið, sem ég hygg, að allir útvegsmenn séu flm. þakklátir fyrir.

Það er sannast að segja, að á þessum síðustu og verstu tímum, þá er það ekki eitt, sem þjáir útgerð landsmanna, heldur svo að segja allt, og m. a. má telja það óhagræði, sem manni virðist nú stundum, að mennirnir mundu nokkuð fá við ráðið, en það er það óhagræði með að afla nauðsynlegra tækja frá útlöndum, veiðarfæra og annars varnings, sem til útgerðarinnar þarf. Maður skyldi nú ætla, að allir hefðu orðið á eitt sáttir um það hér á hinu háa Alþ. að vilja leggja þessu máli liðsinni eins og það var fram borið í fyrstu — eða þá e. t. v. með nokkrum takmörkunum. En því miður hefir ekki sú reyndin á orðið, og tel ég það hljóta að stafa af skilningsskorti manna á hinni afarerfiðu aðstöðu sjávarútvegsmanna, einkum með að afla sér nauðsynlegs varnings, veiðarfæra og annars slíks.

Það er nú vitanlegt, að ekki einasta sjávarútvegsmenn, heldur allir þeir landsmenn, sem fást við að framleiða vörur, sem seldar eru á útlendum markaði, eru óréttinu beittir í gjaldeyrismálum, og sá óréttur er þegar orðinn margra ára gamall. Gjaldeyririnn er tekinn af þessum framleiðendum við miklu lægra verði heldur en þeir í raun og veru ættu skilið að fá hann. Ofan á þetta bætist svo það, að þessir aðiljar eiga það stórkostlega undir högg að sækja hjá bönkunum og gjaldeyrisnefnd að fá þann nauðsynlega gjaldeyri, sem þeir þurfa beinlínis til framleiðslu sinnar. Ég gæti — og skal fúslega gera, ef það er vefengt — nefnt þess dæmi, að ákveðin veiðistöð hér á landi stendur mjög höllum fæti með aðdrætti vegna þess, að mönnum þar í plássi hefir fram á síðustu stundu verið meinað þess að afla sér veiðarfæra af þeim aðiljum, sem um það eiga að fjalla. Og afleiðingarnar af þessu verða svo enn þá minni afli og verri afkoma heldur en ella.

Meiri hl. fjhn. hefir fallizt á að leggja það til, að útvegsmenn fái umráð yfir svo miklu andvirði framleiðslu sinnar sem nægir til þess að kaupa kol, olíu og salt. Þessi till. er nú góðra gjalda verð, svo langt sem hún nær. En dæmin eru nú deginum ljósari um það, að þetta kemur ekki að fullu gagni fyrir útgerðina á meðan hún á svo erfitt með að afla sér veiðarfæra sökum gjaldeyrisskorts eins og raun er á. Ég hefi þess vegna leyft mér að bera fram brtt. um það, að í stað orðanna: „Kolum, olíu og salti“ í brtt. meiri hl. n. komi: Kolum, olíu, salti og veiðarfærum. — Þar með eru taldar þær höfuðnauðsynjar, sem útgerðin þarf til síns atvinnurekstrar. Hinar upphaflegu till. flm. frv. fóru að vísu lengra, og hefði verið æskilegt frá sjónarmiði útvegsmanna að fá þær samþ., en ég teldi samt sem áður mikla bót á ráðna, ef till. meiri hl. fjhn. væru samþ. ásamt þeirri brtt., sem ég hefi leyft mér að bera hér fram.

Útvegsmenn víðsvegar um landið eru lengi búnir að búa við allt of mikið harðrétti í þessum efnum, og það er orðið eins og nú er óþolandi fyrir útvegsmenn að búa við þann gjaldeyrisskort lengur, sem þeim er útdeildur af yf-

irvöldunum að því er snertir öflun hinna brýnustu nauðsynja útgerðarinnar. Ég vil því endurtaka þá ósk mína til allra þeirra, sem sjá og skilja þörfina fyrir því, að þessi mikilvirka framleiðslugrein geti lifað og starfað framvegis, og sérstaklega vil ég beina því til hv. meiri hl. fjhn., að mér finnst það ekki nema sanngjörn krafa, að sama gildi um veiðarfæri, sem notuð eru við útgerðina, eins og um kol, salt og olíu.

Hér hefir verið lögð fram brtt. frá hv. meiri hl. fjhn., á þskj. 235, sem snertir hömlur á því, að menn geti ferðazt til útlanda. Ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp fáein orð úr þeirri till. Upphaf hennar hljóðar þannig:

„Heimilt er að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt."

Svo er síðar í sömu brtt. sett inn ákvæði um það, að þeir, sem annast flutning fólks á milli landa, megi engum manni selja farmiða, nema hann hafi þetta leyfi frá innflutnings- og gjaldeyrisnefnd. Mér þykir að vísu vonlegt, að einhverjar reglur séu settur um þann gjaldeyri, sem menn fá til utanlandsferða, enda mun það hafa verið svo hingað til, að menn, sem þurft hafa til útlanda, hafa sótt um gjaldeyrisleyfi til innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, og ýmiskonar hömlur og reglur um meðferð gjaldeyris gilda nú í fjöldamörgum löndum. En ég vil benda á, að hv. meiri hl. fjhn. mun vera hér á ferðinni með alveg einstakt ákvæði í þessu efni. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. meiri hl. fjhn., hvort hann þekkir annarsstaðar dæmi um það, að menn, sem annars eru frjálsir ferða sinna og lögreglan í viðkomandi landi á ekkert vantalað við, séu settir í þær fangabúðir í sínu eigin landi, að það sé óleyfilegt að selja þeim farmiða til útlanda, nema gjaldeyrisnefnd hafi stimplað upp á passa þeirra eða því um líkt. Ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti, að ég þekki hvergi, að slíkar hömlur séu lagðar á ferðafrelsi manna, sem annars eru taldir frjálsir menn. Vitanlega verða þeir, sem lögreglan vill ekki leyfa að fara út fyrir landsteinana, að sætta sig við að vera kyrrsettir bæði hér og annarsstaðar. En að þeir, sem ekkert hafa af sér brotið og lögreglan á ekkert vantalað við, séu ekki frjálsir að því að kaupa sér farmiða út úr landinu, það held ég, að sé fátítt, ef ekki alveg óþekkt fyrirbrigði annarsstaðar. Einhverjar ströngustu reglur, sem þekkjast um meðferð gjaldeyris, munu vera í gildi í Þýzkalandi, og þó er þar öllum frjálst að kaupa sér farmiða til útlanda, sem ekki eru heftir af lögreglunni. Aftur gilda þar strangar reglur um, hvað mikla peninga menn mega hafa með sér, og svo eru menn vitanlega eins og annarsstaðar undirorpnir eftirliti yfirvaldanna um það, hvað menn flytja með sér út úr landinu og inn í landið. Mér virðist, að það ætti að vera unnt fyrir fjármálayfirvöld þessa lands að koma skipun á notkun gjaldeyris til ferða manna til útlanda án þess að lögfesta ákvæði, sem gera menn í rauninni ófrjálsa að því að fara ferða sinna. Mér þætti fróðlegt, ef hv. meiri hl. fjhn. vildi gera grein fyrir því, í hvaða löndum slík tilhögun gildir, að menn yfirleitt séu ekki frjálsir að því að kaupa sér farmiða, þó til útlanda sé, nema með sérstöku leyfi yfirvaldanna.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þessi gjaldeyrismál að sinni. Mér virðist öll sanngirni mæla með því, eins og ég hefi áður sagt, að útgerðarmenn fái gjaldeyri til veiðarfæra sinna, og vænti ég því, að till. mín fái góðar undirtektir.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sé, að frsm. fyrir brtt. þeim, sem hv. meiri hl. fjhn. flytur, er ekki viðstaddur, og sé því ástæðu til að taka til máls. Og fyrst ég er farinn að tala á annað borð, ætla ég líka að minnast á frv. sjálft og brtt. meginhluta n., sem fylgja nál.

Hv. þm. Vestm. benti á það, að í þessu frv. og till. meiri hl. væri talsverð réttarbót fyrir útvegsmenn. Ég býst við, að hv. þm. sé kunnugt, hvernig talað hefir verið fyrir þessu máli hér á þingi og af hvaða ástæðum það er, að a. m. k. sumir, sem fylgja stjórnarflokkunum að málum og standa að innflutningshöftunum og gjaldeyrishömlunum, hafa fallizt á þessa ráðstöfun, þar á meðal ég. Það liggur sem sé fyrir, að það eru farnir að verða erfiðleikar á að fá sumar útgerðarvörur nema sérstök trygging sé fyrir hendi, og hefir verið farið fram á við bankana að veita slíka tryggingu. A. m. k. í sumum tilfellum hafa bankarnir ekki viljað ganga inn á að veita hana, og þessi lausn málsins, sem meiri hl. fjhn. mælir með, er miðuð við það, að gera tilraun til þess að komast hjá því að þurfa að setja sérstaka tryggingu frá bönkunum eða öðrum stofnunum fyrir því, að vörurnar verði greiddar, til þess að þær fáist. Það mun öllum ljóst, að það getur torveldað mjög eftirlitið með framkvæmd gjaldeyrishamlanna, ef mjög víðtækar undanþágur frá því að afhenda bönkunum allan erlendan gjaldeyri eru samþ. Því var horfið að því að binda þá heimild, sem hér er um að ræða, við stærstu vöruflokkana, sem til útvegsins þarf og jafnframt er gott að hafa eftirlit með, og því auðveldara að hafa yfirlit um það, að ekki sé farið í kringum þessi ákvæði. Ef þessi undanþáguheimild væri hinsvegar almenn, mundi vera mjög miklum erfiðleikum bundið að hafa eftirlit með því, að allur gjaldeyrir kæmi inn, sem ekki færi fyrir þessar vörur. Því eru till. n. bundnar við þessar sérstöku tegundir útgerðarvara, og því vil ég mæla á móti því, að till. hv. þm. Vestm. verði samþ., þar sem hún mundi hafa í för með sér hættu á auknum erfiðleikum við eftirlitið með þessu. Það er vitanlegt, að innflytjendur veiðarfæra eru mjög margir, og yrði því erfitt fyrir hlutaðeigandi yfirvöld, þegar þau kæmu með, að sjá um, að þetta væri réttilega notað. En hinsvegar þegar heimildin er bundin aðeins við kol, salt og olíu, er þetta miklu einfaldara í framkvæmdinni. Og þó ég hafi gengið inn á það, þá er mjög vafasamt, að ég gæti fylgt málinu í heild, ef gengið væri inn á að hnýta aftan í það fleiri tegundum vara heldur en tilgreindar eru í till. fjhn.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um erfiðleika útgerðarmanna á því að afla sér veiðarfæra, þá er vitanlegt, að það hafa verið veitt leyfi fyrir innflutningi á því, sem menn hafa

þurft til útgerðarinnar, og þar á meðal nauðsynlegum veiðarfærum. Hafi einhverntíma orðið á því dráttur, er það fyrir mistök, og er ekki um slíkt að sakast, þar sem ekki getur verið um að ræða nema einstök dæmi, ef þau eru nokkur. Hitt er annað mál, eftir að heildarandvirði útflutningsins hefir minnkað og sjóðir eru farnir að frjósa inni og festast í viðskiptalöndunum, þó erfiðleikar hafi orðið á því fyrir bankana að greiða erlendu vöruna. Þó hygg ég, að þeir hafi reynt að láta þennan nauðsynlega varning sitja fyrir sem allra mest.

Ég vildi því mjög eindregið mælast til þess við þá, sem hafa staðið að þessu máli, að þeir haldi sér á þeim grundvelli, sem samkomulag hefir orðið um í fjhn. og gengið hefir verið inn á af þeim mönnum, sem með þessi mál fara, fulltrúum bankanna og gjaldeyrisnefnd. Menn verða vel að athuga það, að hér er ekki um það að ræða, hvort menn fá yfirleitt að flytja inn nauðsynlegustu vörur til útgerðarinnar, heldur aðeins hvort útgerðarmenn megi ráðstafa sínum eigin gjaldeyri án þess að bankarnir verði þar milliliðir. Og sú frávikning frá fyrri ákvæðum um þetta efni, sem gerð er í till. n., er tilraun til þess að komast hjá því, að bankarnir þurfi að setja sig þarna á milli að því er snertir vissar vöruteg., til þess að ábyrgjast greiðslu þessara vara.

Hv. 1. landsk., sem hefir sérstöðu í þessu máli, benti á, að þetta kynni að koma í bága við tryggingu bankanna, þegar þeir hefðu veð í fiskinum. Bankarnir hafa nú verið kvaddir til þessa máls, og þeir fulltrúar þeirra, sem lögðu með þessum till., munu hafa gert sér það ljóst, að þetta þyrfti ekki að koma til, enda mega útgerðarfyrirtækin vitanlega ekki ráðstafa því fé, sem þau hafa veðsett bönkunum, nema í samráði við lánardrottnana, og það er atriði fyrir sig, hvort þau hafa leyfi þeirra fyrir því.

En ég legg mikla áherzlu á það, að ef farið er að útvíkka þessa heimild frá því, sem till. fjhn. gera ráð fyrir, til smærri vöruflokka, þá er fullkomlega vafasamt, hvort hægt verður að ganga inn á að afgr. frv. þannig.

Þá er það viðvíkjandi þeirri till. frá meiri hl. fjhn., sem hv. þm. Vestm. gerði að umtalsefni og flutt er að minni tilhlutun. Hann sagði, að í henni væri gert ráð fyrir hömlum á því, að menn gætu ferðazt til útlanda. Þetta er ekki rétt. Það er ekki gert ráð fyrir neinum frekari hömlum í þessu efni heldur en verið hefir, heldur ganga till. eingöngu út á það, að hafa eftirlit með þeim hömlum, sem verið hafa í gildi, svo ákvæði gjaldeyrislaganna séu eigi fótum troðin. Það, sem till. fara fram á, er aðeins það, að menn verði að gera grein fyrir því áður en þeir fara úr landi, að þeir hafi fengið gjaldeyri sinn á löglegan hátt, samkv. ákvæðum þeirra laga, er nú gilda. Hér er því ekki verið að hamla því, að menn geti farið til útlanda, heldur er verið að koma í veg fyrir, að menn afli sér gjaldeyris til þess á ólöglegan hátt. Hv. þm. spurði að því, hvort svona ákvæði giltu annarsstaðar. Ég verð nú að segja, að ég get ekki séð, að það skipti verulegu máli, hvort hliðstæð ákvæði gilda annarsstaðar. Aðalatriðið er, hvort þessi ákvæði út af fyrir sig eru eðlileg og ná þeim tilgangi, sem þeim er ætlað að ná. Það er búið að athuga þetta mál mikið, og niðurstaðan hefir orðið sú, að það væri ógerlegt að hafa eftirlit með þessu, nema menn væru látnir gera grein fyrir gjaldeyri sínum áður en þeir fara. Að eltast við menn eftir á með fyrirspurnir um, hvernig þeir hafa fengið gjaldeyri til fararinnar, er ókleift.

Ég get sagt hv. þm. það, sem hann og drap á sjálfur, að það er ekkert einsdæmi, þó haft sé strangt eftirlit með þessum hlutum. Ég veit t. d. til þess, að í Danmörku er mjög strangt eftirlit; skeður jafnvel af og til, að leitað er á mönnum og þeir yfirheyrðir til þess að vita, hvort þeir hafa hagað þessum málum á löglegan hátt og hvort þeir hafa ekki með sér of mikið af gjaldeyri landsins sjálfs, þegar þeir fara úr landi. Þetta er mér kunnugt, og ég hefi talað við menn þar í landi, sem telja þetta sjálfsagðan hlut, og það þá menn, sem eru pólitiskt af öðru sauðahúsi heldur en þeir, sem þessu ráða. Ég fæ ekki séð, að það sé meira ófrelsi í því að þurfa að gera hlutaðeigandi yfirvöldum grein fyrir því, hvort menn hafa fengið gjaldeyri á löglegan hátt áður en menn fara til útlanda, heldur en að þurfa yfirleitt að sækja um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því, sem menn flytja til landsins, áður en vörurnar koma. Ég sé ekki, að á þessu sé neinn eðlismunur.

Það þýðir ekki í sambandi við svona mál að slá um sig með því, að menn séu ekki frjálsir að þessu eða hinu. Það er almennt viðurkennt, að það ástand, sem nú ríkir, krefst þess, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir og höfð hönd í bagga með ýmsu, sem á venjulegum tíma getur gengið án þess að verið sé að sletta sér þar fram í. Það verður bæði að hafa hér gjaldeyrishömlur og sjá um, að óeðlilega miklu af okkar litla gjaldeyri sé ekki varið til ferðalaga; um það tjáir ekki að fást. Þá er bara um það að ræða, hvernig bezt er að koma þessu í framkvæmd. Það, sem athuga þarf í þessu sambandi, er það, hvort þessi ákvæði eru líkleg til þess að ná tilgangi sínum. Hvort aðrar þjóðir hafa valið nákvæmlega þessa leið eða aðrar leiðir, skiptir ekki máli; aðalatriðið er, hvort þessi leið er heppileg. Ég býst við, að ef tekinn væri sá kostur, eins og sumstaðar er gert, að leita á fólki, sem er að fara út úr landinu, þá mundu ýmsir reka upp óp og telja slíkt óviðurkvæmilegt og ónauðsynlegt. Þó er þetta gert hjá ýmsum öðrum þjóðum. Hér er gert ráð fyrir að reyna fyrst þá leið, að láta menn gera grein fyrir þessum hlutum áður en þeir kaupa farseðil. Hvort það verður nóg út af fyrir sig, verður reynslan að sýna, en ég er ekki í vafa um, að þetta mundi stórkostlega létta eftirlitið með því, að gjaldeyrislögin séu ekki brotin að þessu leyti.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að mikill meiri hl. hv. dm. sé því samþykkur út af fyrir sig, að úr því það þarf að hafa þessar gjaldeyrishömlur, þá verði ekki hjá því komizt að hafa eftirlitið strangara en verið hefir með ferðum til útlanda.

Frsm. (Ólafur Thors): Hv. þm. Vestm. hefir borið fram till. um það, að þessi breyt. á l. um

gjaldeyrisverzlun verði látin ná yfir veiðarfæri, til viðbótar við kol, olíu og salt, eins og 4 af 5 nm. í fjhn. hafa orðið sammála um. Ég gat um það við 1. umr. þessa máls sem 1. flm., að ég ætlaðist til þess, að l. mættu ekki aðeins til kola, olíu og salts, heldur einnig veiðarfæra og annara þarfa útgerðarinnar, og enda þótt ég hafi nú borið fram till. um það ásamt tveimur öðrum nm., að frjáls ráðstöfunarréttur á gjaldeyri nái aðeins til kola, olíu og salts, þá erum bæði ég og hv. þm. V.-Sk. að sjálfsögðu óbundnir um að greiða till. hv. þm. Vestm. atkv., úr því hún er fram komin. Nál. og brtt. þá, sem því fylgir, ber ekki að skilja öðruvísi en þannig, að þar er mörkuð sú leið, sem þessir fjórir nm. geta komið sér saman um, þó þeir hinsvegar hafi óbundin atkv. um einstakar till. aðrar, sem fram koma. En ég get viðurkennt það, að ég vildi að sjálfsögðu ekki greiða till. hv. þm. Vestm. atkv., ef samþykkt hennar ætti að kosta það, að frv. nái ekki fram að ganga. Því ég tel eins og hann talsverða réttarbót í því útvegsmönnum til handa að fá frjálsa ráðstöfun á þeim gjaldeyri, sem þeir þurfa fyrir kol, olíu og salt, þó ekki sé lengra gengið, enda þótt ég telji hitt eðlilegra og æskilegra, að þetta nái einnig til veiðarfæra. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, gengum við hv. þm. V.-Sk. inn á þetta til samkomulags, enda þó við gætum ekki alveg aðhyllzt það sjónarmið, sem hinir tveir nm. lögðu til grundvallar fyrir sinni afstöðu, hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. V.-Ísf. En þeirra sjónarmið markaðist af umsögn bankastjórnanna, hæstv. fjmrh. og skrifstofustjóra gjaldeyrisnefndar um það, að það mundi valda allmiklum erfiðleikum í framkvæmd, ef þessi ívilnun væri einnig látin ná til veiðarfæra. Ég játa fyrir mitt leyti, að ég er ekki alveg sannfærður um, að sneitt verði að öllu leyti hjá vandkvæðum við þetta, en ég er ekki heldur sannfærður um, að þarna væri um svo mikil vandkvæði að ræða, að þess vegna sé nauðsynlegt að láta þetta eigi ná til veiðarfæra.

Ég geri þess vegna ráð fyrir, að það verði ekki talin brigðmælgi af okkar hendi, þó við greiðum till. hv. þm. Vestm. atkv. Og ég treysti á, að okkur flm. verði a. m. k. gert aðvart, sé það ætlun stjórnarliðsins í heild að leggjast á móti frv. sjálfu, ef þessi brtt. yrði samþ.

Mér þykir rétt að geta þess í tilefni af ummælum, sem fallið hafa út af þeirri vatill., sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 235, að hv. þm. V.-Sk. og ég höfum ekki viljað vera með í að flytja þessar till., af ástæðum, sem nú skal greina.

Tilgangur þessara till. er sá, eins og frsm. meiri hl. n. tók fram í ræðu sinni í gær, að fyrirbyggja ónauðsynlega notkun á erlendum gjaldeyri til utanfara. Það kann vel að vera, að þessi till. eigi að því leyti við rök að styðjast, að einhver brögð hafi verið að slíkum ónauðsynlegum siglingum; um það er mér ekki kunnugt. En ég hefi ekki ástæðu til að vefengja umsögn hæstv. ráðh. um þetta. En spurningin í þessu efni er, hvort með þessum ákvæðum sé hægt að setja undir þann leka, og hinsvegar, hvort tilvinnandi sé að beita slíku harðræði. Við hv. þm. V.-Sk. lítum svo á, að orsök þessa meins, að erlendur gjaldeyrir er notaður til miður þarfra utanfara eða ónauðsynlega kostnaðarsamra, sé sú, að einhver gjaldeyrir hljóti að vera hér á markaði, sem gengur kaupum og sölum. Mig undrar, að slíkur gjaldeyrir skuli vera til á markaðinum. Ég hugði, að eins og nú er hagað gjaldeyrismálunum hjá okkur, væri erfitt að koma slíkum undanbrögðum við. Saltfisksverzlunin við útlönd er nær öll í höndum S. Í. F., kjötverzlunin að mestu leyti í höndum S. Í. S. og síldarverzlunin í höndum síldarútvegsnefndar. Það er ekki mikill hluti af útflutningsverzluninni, sem er í höndum einstakra manna. Ég hélt því, að erfitt væri að hafa undanbrögð í þessu efni.

Spurningin er sú: Er hægt að lækna þetta mein með ákvæðum þessarar vatill.? Ég er ekki í vafa um það, að þó hindruð yrði notkun þessa erlenda gjaldeyris til ónauðsynlegra siglinga, mundi þessi gjaldeyrir, sem gengur óeðlilega kaupum og sölum, aðeins leita útrásar annarsstaðar. Það er engin skynsamleg ástæða til að halda, að þeir, sem vilja brjóta þessi gjaldeyrislög og kunna að hafa einhvern erlendan gjaldeyri undir höndum, fái ekki tækifæri til að selja sinn gjaldeyri. Það er engin ástæða til að ætla, að hin ólöglega notkun gjaldeyris hætti, þó að takast mætti að taka fyrir hana í þessu vissa augnamiði, til óþarfs ferðakostnaðar erlendis. Það verður ekki tekið fyrir ræturnar á meininu, þó að þessi vatill. verði samþ. Og ég hygg, að jafnvel sé engin trygging fyrir því, að ákvæði brtt. kæmu í veg fyrir ónauðsynlega fjáreyðslu í utanförum Íslendinga, því að áreiðanlega mun meiri hl. þeirrar misnotkunar á erlendum gjaldeyri, sem hér kann að eiga sér stað, liggja í því, að menn, sem fá gjaldeyrisleyfi hjá innflutnings- og gjaldeyrisn. til utanfara, eyða þegar út kemur þessum gjaldeyri og miklu meiri í viðbót, sem þeir þá hafa aflað sér á ólöglegan hátt. Fyrir slíka misnotkun gjaldeyris verður ekki tekið með samþykkt þessarar vatill., sem hér liggur fyrir. Við hv. þm. V.-Sk. lítum svo á, að ákvæði þessarar vatill. nái ekki tilgangi sínum, en verði, eins og öll slík bönd, hvimleið.

*Emil Jónsson: Ég þarf ekki að hafa mörg orð um aðalatriði þessa máls, sjálft frv. og þær höfuðbrtt., sem frá n. hafa komið. Ég er þar mjög sammála hv. 1. landsk., sem gerði í gær grein fyrir sínum ágreiningi í n., og þarf ég litlu við að bæta hans rök í því efni.

Ég er ekki farinn að skilja það ennþá, þó að hæstv. fjmrh. haldi því fram, að með þessari lagasetningu sé nokkurri ábyrgð létt af bönkunum og öðrum viðskiptamönnum útvegsmanna. Ég skil ekki, hvernig á að ná þeim tilgangi með þessu frv. Skal ég ekki að svo komnu fara frekar orðum um það.

En mig langar til að vekja athygli á brtt. hv. þm. Vestm. á þskj. 271 frá sjónarmiði, sem ekki hefir verið tekið til athugunar undir umr. um þetta mál, en vert er að líta á.

Það má kannske segja, að almennum gjaldeyrisráðstöfunum í landinu stafi ekki mikil hætta af þessari undanþágu viðvíkjandi kolum, salti og olíu. En ef á að hnýta þar við samskonar ákvæðum viðvíkjandi veiðarfærum, þá verður öðru máli að gegna. Kola, salts og olíu er ekki

hægt að afla hér á landi. En um veiðarfæri gegnir allt öðru máli, því að mikill hluti af þeim er búinn til hér á landi, og má áreiðanlega meira af þeim búa hér til en gert er. Það vita allir, að hér eru spunnar fiskilínur. Þá eru og til hér verksmiðjur, sem geta framleitt allt, sem þarf til botnvörpuveiða landsmanna. Hér eru búnir til hlerar, hnýtt net, búnir til lóðarbelgir og fleira af þessu tægi. Ef útgerðarmönnum væri nú gefinn laus taumurinn um veiðarfærakaup frá útlöndum, þá efast ég ekki um það, að þeir mundu margir hverjir verða tilneyddir af erfiðum kringumstæðum að kaupa kannske ódýrari vörur af þessu tægi frá útlöndum, en lélegri heldur en góð íslenzk veiðarfæri. Það hefir verið sagt, að ýmsar veiðarfæravörur, sem búnar eru til hér á landi, séu mun betri en hliðstæðar erlendar vörur, a. m. k. sumar þeirra, og þar af leiðandi verða þær örlítið dýrari en þær ódýrustu hliðstæðar vörur frá útlöndum. Ég átti í deilum við hv. þm. Vestm. í fyrra um það, hvort rétt væri að vernda þennan vísi að innlendum iðnaði, veiðarfæragerð, með 5% tolli. Hann taldi slíkt ógerlegt. Og það varð úr, að samþ. var að fella þennan toll niður, þannig að þessi ungi iðnaður okkar er algerlega varnarlaus gegn erlendum keppinautum. Ég tel því í fyllsta máta varhugavert að sleppa algerlega lausum undan öllu kontroli kaupum útgerðarmanna á þessum vörum, þannig að ekki sé beint a. m. k. að einhverju leyti kaupum á þessum vörum til innlendra framleiðenda þessara hluta. Allir vita, hve bágar gjaldeyrisástæður eru nú hjá okkur og að erlendur gjaldeyrir sparast með því að kaupa fremur innlenda framleiðslu í þessu efni. Og þó að kannske náist í bili vafasamur augnablikshagnaður með því að kaupa erlenda framleiðslu af þessum vörum örfáum % ódýrari heldur en innlenda, þá álít ég, að það eigi alls ekki að fara algerlega kontrollaust í gegn, heldur eigi slíkt að vera undir eftirliti innflutnings- og gjaldeyrisnefndar eða annars aðilja, sem hafi um það að segja, hvort ástæða sé til að fara með kaup þau út úr landinu, sem eins vel er hægt að gera innanlands. — Þetta viðhorf í málinu hefir ekki fyrr komið fram við umr. En þetta atriði þarf að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar, áður en brtt. hv. þm. Vestm. er samþ.

Um aðrar brtt. við frv. skal ég ekki ræða nú. Þær hafa þegar verið ræddar allmikið, og hefi ég þar engu við að bæta. En ég vænti þess, að hv. þdm. taki málið til athugunar einnig frá þessu sjónarmiði, sem ég hafi gert að umtalsefni, áður en gengið verður til atkv. um brtt. hv. þm. Vestm., sem ég vona, að verði ekki samþ.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Hv. þm. Vestm. kom m. a. fram með þau rök í ræðu sinni fyrir því, að frv. nái ekki fram að ganga, að gengi á ísl. krónu væri of hátt og að útgerðarmenn ættu að fá meira fyrir krónuna en þeir nú fá. Ég er algerlega andstæðrar skoðunar við þann hv. þm. um það, að það eigi að lækka gengi krónunnar vegna þessa. Það er auðvitað skiljanlegt, að útflytjendur, og þá ekki sízt útgerðarmenn, séu óánægðir með afkomu útgerðarinnar, þar sem mikill meiri hl. hennar hér á landi er rekinn með tapi. En það er ekki hægt að kenna gengi ísl. krónu um það. Og þó að því yrði breytt, þá eru líkur til þess, að slíkt mundi verka í gagnstæða átt við það, sem hv. þm. Vestm. vill. Vandræði fyrir útflutning íslenzkra afurða eru þau, að markaður fyrir þær hefir mjög takmarkazt á síðustu árum frá því, sem áður var. Í ýmsum okkar markaðslöndum hafa verið gerðar þær ráðstafanir af hálfu stjórnarvaldanna, sem hafa valdið því, að verð hefir orðið lægra þar fyrir okkar afurðir heldur en verið hefði á venjulegum tímum. En að ætla sér að bæta úr afleiðingum þessara markaðsvandræða, erfiðleikum útgerðarmanna, með gengisbreyt., er hin mesta fásinna. Á mörkuðum okkar mundi ekki seljast meira fyrir því. Ef krónan væri lækkuð, yrði spurningin þá þessi, hvernig skiptingin yrði á hagnaðinum af því á milli útflytjenda og verkalýðsins í landinu. Því að þó að hægt sé að segja, að útflytjendur standi sig illa nú, þá er hitt líka víst, að verkalýðurinn í landinu lifir ekki heldur í neinum sældarkjörum, heldur fer mjög þverrandi kaupmáttur verkalýðsins hér á landi. Og ef nú ætti að bæta því ofan á það ástand, sem fyrir er, að leggja háan skatt á innfluttar vörur, og þá auðvitað einnig brýnustu nauðsynjavörur, með gengisfalli, þá vil ég kalla það að fara frá einni plágu til annarar. Afleiðing þess yrði svo annað tveggja, að til þess að rétta hluta sinn vegna verðhækkunar á nauðsynjavörum gerðu verklýðsfélögin í landinu, sem nú orðið hafa öflug samtök víðsvegar um landið, verkföll til þess að knýja fram kauphækkun, sem að líkindum mundi a. m. k. fyllilega vega upp á móti gengisfalli krónunnar, gagnvart útgerðarmönnum, þannig að þeirra hagur af gengisfallinu væri þegar horfinn, eða þá að hitt yrði afleiðingin, ef verkalýðurinn fengi ekki sínum málum komið fram, að örbirgð yrði að svo miklum mun meiri hjá verkalýðnum, að fátækraframfærið mundi stórkostlega aukast. Þannig yrði gengislækkun engin úrlausn á vandamálum útgerðarmanna. Nú er það einnig svo, að ekki aðeins útlendar vörur, heldur einnig innlendar mundu hækka í verði, ef krónan félli í verði. Og með tilliti til þess hefir löggjafinn viljað láta gengið haldast óbreytt.

Það væri líka gott að fá að heyra einhverjar skýringar á því, á hvern hátt hv. þm. hugsa sér, að frv. eins og það er (þó að genginu verði ekki breytt) geti orðið útgerðarmönnum til hagsbóta, ef það verður samþ., og á hvern hátt þeir hugsa sér að geta frekar útvegað sér vörur með þeim hætti. Ég hefi litla trú á því, að svo muni verða, því að hvað stoðar það, þó að útgerðarmenn gætu lofað að láta gjaldeyri einhverntíma, þegar vara þeirra seldist, fyrir þessar vörur, veiðarfærin, ef gjaldeyririnn fyrir þær kemur ekki fyrr en seint og um síðir? Því að nú hefir ástandið verið þannig í gjaldeyrismálunum undanfarin ár, að fjöldi seljenda útfluttra vara hefir ekki getað fengið sína peninga greidda út erlendis fyrir vörurnar. Ég fæ ekki séð, að erlendir seljendur útgerðarvara mundu treysta útgerðarmönnum hér svo miklu betur til að geta staðið í skilum um greiðslur á andvirði þeirra vara, þó að frv. þetta væri samþ., að þeir ekki

þrátt fyrir það krefðust bankatryggingar fyrir greiðslunni. Sú bankatrygging hefði svo það í för með sér, að gjaldeyrir útgerðarmanna yrði að renna til bankanna. Í öðru lagi get ég ekki heldur séð, hvernig útgerðarmenn ættu að fara að því að fá lán hjá bönkunum til útgerðar sinnar án þess að veðsetja þeim sinn gjaldeyri. Svo að þar ber einnig að sama brunni, að bankarnir verða að hafa ráð á gjaldeyri þeirra.

Svo vil ég að lokum taka fram, að það er ekkert litill hluti af erlenda gjaldeyrinum, sem með ákvæðum brtt. fjhn. er verið að reyna að undanþiggja yfirráðum bankanna til að verzla með hann. Kol eru flutt inn árlega fyrir 4 millj. kr. til útgerðarinnar, olía fyrir 2 millj. kr., salt fyrir ca. 3 millj. kr. og veiðarfæri og efni í þau fyrir 1½ til 2 millj. kr., samkv. verzlunarskýrslum, sem yrði töluvert meira, ef farið yrði að flytja veiðarfæri meira inn unnin en verið hefir. Samtals verða þá þessar upphæðir 10—12 millj. kr., sem hér eru till. um að reyna að undanþiggja gjaldeyrisverzlun. Með þessu yrði höggvið svo stórt skarð í erlendan gjaldeyri okkar, að mikil hætta yrði á því, ef það yrði framkvæmt, að af því mundi stafa hætta fyrir gengi ísl. krónu.

Jóhann Jósefsson: Ég bjóst nú ekki við því og hafði ekki heyrt þess getið, að neinn hefði skilið það svo, að þetta mál hafi verið rætt hér þannig sérstaklega, að með því væri stefnt að gengislækkun ísl. krónu. En hv. 2. þm. Reykv. virðist vilja skilja flutning þessa máls á þann veg. Það má sjálfsagt segja margt bæði með og móti réttmæti þess að lækka gengi ísl. krónu. Hann talaði um það, hv. 2. þm. Reykv., að ef krónan yrði lækkuð, þá mætti búast við verkföllum. Nú, hvað — eru ekki verkföll hér annanhvern dag einhversstaðar á landinu? Ég ímynda mér, að fá lönd í heiminum gætu sýnt glæsilegri útkomu, ef miðað er við verkföll og glæsileikinn metinn eftir tölu verkfalla, heldur en Ísland. Ég fullyrði, að erlendi gjaldeyririnn er tekinn af framleiðendum landsins við verði, sem er enganveginn réttlátt, samanborið við raunverulegt verð ísl. krónu. Reyni þeir góðu menn, sem hneykslast á þessum ummælum, að selja ísl. krónu á frjálsum markaði og gæti þeir að, hvað þeir fá fyrir hana. Hér hefir verið árum saman og er enn haldið uppi gengi, sem enganveginn á stoð í raunverulegu mati á verðgildi ísl. krónu á frjálsum markaði og gæti þeir að, á framleiðendum í landinu. Gjaldeyririnn er tekinn af bændum og fiskimönnum, sem reka áhættusaman atvinnuveg, og fenginn í hendur verzlunum og öðrum innflytjendum, til greiðslu fyrir erlendan varning, sem seldur er við háu verðlagi og seljendur hans hér hafa öruggan atvinnuveg við og stórgræða á honum.

Hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykv. vildu ekki fallast á, að útgerðarmenn ættu rétt á að hafa umráð með gjaldeyri þeim, sem þeir sjálfir afla og þeir nauðsynlega þurfa til kaupa á veiðarfærum, þrátt fyrir það, að hæstv. fjmrh. hefir lýst því yfir, að hann mundi fallast á, að menn fengju að halda eftir gjaldeyri til þess að kaupa fyrir kol, salt og olíu til útgerðar sinnar. Þetta byggði hæstv. ráðh. á því, að það væri svo einfalt að hafa eftirlit með gjaldeyrisútlátum fyrir þessar vörur, en örðugra að því er snertir veiðarfærin. (En ég skal ekkert segja um, hversu mikið kappsmál hv. 2. þm. Reykv. er, að útgerðarmenn fái að kaupa t. d. olíu á þennan hátt). Ég sé ekki, að þessi ástæða hæstv. ráðh. hafi við mikil rök að styðjast. Það er ekki talið eftir sér hér að koma upp hverri stofnuninni á fætur annari, þegar verið er að tala um að lögleiða að skrásetja þetta og hitt. Hér er á dagskrá mál, hvers samþykkt mundi leiða af sér, að skrásetja yrði allar fjárbyssur landsmanna og hvern hyssuhólk, sem hangir ryðgaður uppi í sperrum. En þegar um það er að ræða að létta undir með útvegsmönnum viðvíkjandi veiðarfærakaupum þeirra, þannig að leyfa þeim að halda eftir gjaldeyri fyrir veiðarfæri, þá er höfuðástæðan hjá hæstv. ráðh. fyrir því, að slíkt fæst ekki, að það kosti svo mikla fyrirhöfn og sé of umfangsmikið fyrir þá, sem eiga að fylgjast með þessum kaupum, t. d. bankana. En þetta er einskisvert atriði. Í mínum augum er stærsta atriðið í sambandi við þetta mál sú staðreynd, að nú undanfarnar vikur hafa útvegsmenn margir staðið uppi ráðalausir, vegna þess að þeim hefir verið beinlínis meinað að afla sér nauðsynlegra veiðarfæra. Og nú skal ég víkja að því, *sem ég drap á hér við umr., og nefna dæmi.*

Allir vita, hvernig vertíðin gengur nú hér við Faxaflóa og á Vestfjörðum. Nú hefir verið talsverður *reytingur í net í Vestmannaeyjum undanfarið.* En skortur er svo mikill á netum manna á meðal, að þessi veiði, sem þar stendur til boða, hagnýtist ekki nema að litlu leyti, sem stafar aftur af því m. a., að það hefir verið dregið óhæfilega lengi að veita útgerðarmönnum leyfi til innflutnings á netum. Það er þýðingarlitið að veita leyfi til innflutnings á veiðarfærum, þegar komið er fram á vertíð. Það verður að hafa þá fyrirhyggju í því efni, að menn standi ekki uppi ráðþrota fyrir veiðarfæraleysi, þegar veiði er í boði. Ég veit ekki, hve miklu aflatjóni t. d. Vestmannaeyingar verða fyrir nú á vertíðinni vegna skorts á veiðarfærum. En útlit er fyrir, að það verði mjög verulegt. Þess vegna verður það fyrir mér ekkert höfuðatriði í þessu máli, hvort það er einfaldara fyrir bankana að hafa eftirlit með innflutningi aðeins á kolum, salti og olíu, ef útgerðarmenn fá að halda eftir gjaldeyri til nauðsynlegra innkaupa á þeim vörum til útgerðar sinnar, heldur en þó að útgerðarmenn fengju að hafa umráð með þeirra eigin gjaldeyri nægilega til þess einnig að kaupa veiðarfæri. Höfuðatriðið fyrir mér er fyrst og fremst það, að trygging sé fyrir því, að menn geti í tæka tíð aflað sér þeirrar vöru og fái að nota sinn eiginn gjaldeyri til þess, og í öðru lagi, að þeir séu ekki látnir sæta neinum afarkostum með gjaldeyrisráðstöfunum.

Hv. þm. Hafnf. kom með nýjar mótbárur í þessu máli, sem ekki snertu beint gjaldeyrismálin, sem voru þyngstar á metunum frá hans sjónarmiði. Hv. þm. minntist á það, að við hefðum leitt hesta okkar saman hér á þingi í fyrra, vegna þess að ég lagði á móti þeim till. hans að tolla útlend veiðarfæri til ágóða fyrir iðnrek-

endur, sem búa til veiðarfæri hér á landi. Hv. þm. ætti að gera sér það ljóst, að veiðarfæraframleiðslan hér á landi er ekki enn sem komið er komin í það horf, að hún sé fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Umhyggja hv. þm. fyrir íslenzkum iðnaði er lofsverð. En ég vil spyrja hv. þm. Hafnf. og aðra blinda formælendur íslenzks iðnaðar, hvort þeir áliti ekki nógu langt gengið eins og t. d. nú er komið, að það er verið að tylla undir allar mögulegar iðngreinar, og svo er heimtað af landsmönnum, að þeir kaupi innlendu vöruna án tillits til, hvort hún er betri eða verri, dýrari eða ódýrari en samskonar vara erlendis frá. Það eru til fleiri sjónarmið á þessu máli heldur en iðnrekendanna sjálfra. Það eru líka til sjónarmið bændanna og fiskimanna í landinu. Það eru sannarlega takmörk fyrir því, hvað skerða má markaðsmöguleikana fyrir íslenzkar vörur, fisk og kjöt, annarsstaðar í heiminum með því að tildra upp íslenzkum iðnaði, sem á sumum sviðum er vitanlega fullboðleg vara, en aftur byggist hann á sumum sviðum eingöngu á því, að aðflutningur útlendu vörunnar er annaðhvort bannaður eða hún tolluð, svo að samkeppnin er alveg horfin úr sögunni. Þetta er að vísu gott fyrir iðnrekendur, en hvernig fer, þegar allir eru orðnir iðnrekendur? Hverjir eiga þá að taka við afurðum bænda? Hv. þm. ætti að skipta um hlutverk annað veifið og líta á þessi mál frá sjónarmiði bóndans og fiskimannsins. Hv. þm. var að gera upp á milli innlendrar og útlendrar færagerðar og veiðarfæragerðar yfirleitt. Ég trúi því vel, að íslenzk færi séu góð; en höfuðatriði þessa máls er það, að menn eigi þess kost að fá til útgerðarinnar það, sem þeir þurfa, þar, sem hentugast er að kaupa það, hvort sem það er erlendis eða innanlands. Hæstv. ráðh. kannaðist við það, að það mundi hvergi annarsstaðar vera lagt bann á, að menn fari frjálsir úr landi. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi rétt fyrir sér í því, að fjhn. sé hér að leggja út á nýja braut. Annars var það eftirtektarvert, að hæstv. ráðh. var að bera mér það á brýn, að ég hefði verið að „slá um mig“, sem kallað er, með því að vera að tala um frelsi. Það er nú komið svo, að það þykir óhæfa, ef maður nefnir frjálsræði til handa einstaklingum á nafn hér á hv. Alþ., án þess að maður sé borinn þeim brigzlyrðum, að maður sé að „slá um sig“. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta hefði verið eina leiðin, sem fjhn. hefði fundið til þess að hafa hömlur á gjaldeyrinum og eftirlit með, að hann yrði ekki misnotaður. Mér þykir einkennilegt, ef þetta er eina leiðin í þessu efni, og ég vil yfir höfuð fallast á þær skoðanir, sem fram komu hjá hv. þm. G.-K., að þessi leið verði sannarlega ekki heppileg. Ég get ekki fallizt á, að það sé heppilegt að gera fólkið að bannvöru, sem ekki megi fara ferða sinna út fyrir landsteinana án þess að þurfa að fá til þess sérstakt leyfi.

Ég get ekki verið að hopa á hæli með þessa till. mína um veiðarfærin, sem hefir komið miklu róti á huga hv. 2. þm. Reykv. Ég fæ ekki skilið, hvað það geri illt, þó veiðarfærin séu talin þarna með. Enda held ég, að dm. muni fallast á, að það sé sjálfsagt, að veiðarfærin fylgi upptalningunni, sem þarna er nefnd. Þá eru allar höfuðvörurnar nefndar, sem útgerðarmenn þurfa að nota. Ef það hefir verið meining hæstv. ráðh. að láta þetta frv. ná fram að ganga með þeim vörum, sem í því voru, þá ætti það ekki að standa í vegi fyrir fylgi hans við málið, þó að veiðarfærunum væri bætt við. Annars verður það að skeika að sköpuðu, hvaða hlutskipti útgerðarmönnum verður ætlað. Það bíður þá síns tíma, að útgerðarmenn athugi sinn gang í því, þegar neyðin rekur þá til að hrista af sér þá fjötra, sem lagðir eru á atvinnufrelsi þeirra.

*__Hannes Jónsson:__ Inn í þessar umr. hafa blandazt gengismálin. Það er raunar ekkert undarlegt. Í þessu frv., sem fyrir liggur, og þeim brtt., sem ræddar hafa verið, felst ekkert annað en sú þörf þessa atvinnuvegar til að hafa umráð yfir einhverjum litlum hluta þess gjaldeyris, sem hann lætur þjóðinni í té og þjóðin verður að flýja til með gjaldeyrisþörf sína. Ég ætla ekki að blanda hér inn í þessar umr. um gengismálin, en ég vænti þess, að þeir menn, sem sjá, í hvert öngþveiti komið er í þeim málum, sjái sóma sinn í því að flýta afgreiðslu þess frv., sem fyrir þinginu liggur um þetta mál. Mér finnst, að það hafi í þessum umr. komið fram misskilningur á frv. sjálfu og þeim tilgangi, sem í því felst. En tilgangurinn skilst mér vera sá, og enginn annar en að útvegsmenn fái leyfi til að ráðstafa gjaldeyri sínum til greiðslu á þeim vörum, sem þeir hafa leyfi til að flytja inn, án þess að það þurfi að ganga gegnum bankana. Ég álít, að þó að þessi brtt. verði samþ., þá sé engin hætta á, að gengið verði framhjá innlendu framleiðslunni, sem er samkeppnisfær við erlendu vöruna, eða að þetta verði misnotað á nokkurn hátt. Ég álít hér ekkert gert annað en það, sem sjálfsagt er, að uppfylla sjálfsögðustu kröfur útvegsmanna, og mun því greiða atkv. með brtt. Af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, mátti ráða, í hvert óefni er komið öllum fjármálum þjóðarinnar eins og þau hafa verið rekin, eru rekin þann dag í dag og líkindi eru til, að þau verði rekin enn um sinn. Það er sennilega ekki annars að vænta fyrir þá menn, sem einhver peningaráð hafa, heldur en algers hruns, nema því aðeins, að þeir rísi upp og hrifsi völdin yfir sinni eigin framleiðsluvöru í sínar hendur.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Það er kannske ekkert undarlegt, að það hefir dregizt inn í þessar umr. gengisskráning kr., en það er rétt athugað hjá hv. þm. V.-Húnv., að þetta mál á ekkert skylt við það, hvernig kr. er verðsett. Það, sem er um að ræða í þessu frv., er tilraun til þess að komast hjá því, að bankarnir þurfi að hafa ábyrgð á yfirfærslu varanna, sem taldar eru upp í frv. Hvort þetta muni bera árangur, er ómögulegt að segja, en það er álit manna, sem eru þessu kunnugir, og á því byggist afstaða þeirra manna. Ég vil ekki koma í veg fyrir, að þetta verði reynt, en vil hinsvegar engan dóm á það leggja, hvort það sé rétt eða ekki.

Hv. þm. Vestm. kom hér inn á það og vildi færa fram dæmi um, að gjaldeyrisn. hefði verið of sein að veita innflutningsleyfi til handa ýmsum

útvegsmönnum. Ég verð að segja það, að ég er alls ekki tilbúinn að ræða þetta mál í augnablikinu. En einn nm. gjaldeyrisn. sagði mér, að yfirleitt hefðu gjaldeyrisleyfi til útvegsmanna verið afgr. jafnóðum og umsóknir um þau hefðu borizt gjaldeyrisn. Ef svo hefði ekki verið, þá hafi verið ætlazt til, að varan væri keypt í landinu sjálfu. En hvort töf hefir orðið á þessari afgreiðslu, skal ég ekki dæma um. Því síður skal ég dæma um, hvort sú töf hefir verið að kenna umsækjanda eða gjaldeyrisn.

Út af því, sem sagt hefir verið um till., sem fram er komin að minni tilhlutun um aukið eftirlit með utanferðum, get ég verið fáorður. Hv. þm. Vestm., sem aðallega andmælti henni, sagði, að það væri mjög óviðkunnanlegt að gera fólkið að bannvöru. Þetta er nú mjög hæpið orðalag hjá hv. þm. Ég vil benda honum á, að ef landsfólkið verður bannvara eftir að þessi brtt. hefir verið samþ., þá hefir það verið áður, því að hún breytir engu í þessu efni, heldur eru ákvæði í henni um, að hægt sé að hafa eftirlit með gildandi ákvæðum. Það er aðeins það, sem till. fer fram á.

Hv. þm. Hafnf. spurði um það, hvernig það væri hugsað, að hægt væri að komast hjá því, að bankarnir tryggðu vörurnar, með þeim ákvæðum, sem frv. hefir að geyma. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvort það tekst, en það, sem vakti fyrir þeim mönnum, sem vildu veita þessa undanþágu, var að gera tilraun með það, hvort erlendir vöruseljendur létu sér ekki nægja, að hlutaðeigendur gætu lofað erlendri mynt af þeirri mynt, sem þeir fengju fyrir sína framleiðslu einhvern tiltekinn tíma. Ef þetta tækist, þyrftu bankarnir ekki að tryggja yfirfærsluna sérstaklega. Ef þetta tekst ekki, verður að grípa til annara ráða. — Ég vænti svo, að afstaða min a. m. k. og líka afstaða fjhn. sé ljós orðin af því, sem sagt hefir verið um þetta mál.

Finnur Jónsson: Í upphafi nál. frá meiri hl. fjhn. á þskj. 242 segir, að fjhn. hafi rætt þetta frv. við hæstv. fjmrh., bankastjóra Landsbankans og Útvegsbankans, en frá afstöðu þessara manna er ekki skýrt í nál., og má þess vegna gera ráð fyrir, að fjhn. vilji láta líta svo út, að þeir séu þessu frv. fylgjandi. Nú hefi ég það fyrir satt, að tveir af bankastjórum Útvegsbankans séu þessu frv. alveg mótfallnir. Um afstöðu bankastjóra Landsbankans er mér ekki kunnugt, en mér er nær að halda, að frá meiri hl. bankastjórnar Landsbankans liggi ekki nein yfirlýsing um það, að hún mæli með þessu frv. eða þessum brtt., eins og þær liggja fyrir á þskj. 242 frá hv. meiri hl. fjhn. Nú vil ég ganga út frá því sem vísu, að þetta frv. sé flutt í mjög góðu skyni, en þó ber að athuga nokkuð nánar, hvernig þessu máli er fyrir komið og hvort útgerðarmenn í landinu eru yfirleitt innflytjendur að þeim vörum, sem í frv. eru nefndar, og hvort þessar till. komi þannig öðrum að gagni en einstökum útgerðarmönnum. Því verður ekki neitað, að með því að gefa gjaldeyrinn lausan fyrir þessar vörur er þeim, sem fá þennan gjaldeyri, um leið gefin nokkur smuga til þess að skjóta gjaldeyri undan, og jafnvel til fjárflótta út úr landinu. Það lítur út fyrir, að hæstv. fjmrh. sé hræddur um, að hann geti ekki haft eftirlit með því, að slíkt komi ekki fyrir, og þar sem þessi mál heyra undir hann, þá býst ég við, að hann geri ráðstafanir til þess að hafa öflugt eftirlit með þessu. Nú er það vitað, að innflutning á kolum, salti og olíu hafa ekki aðrir með höndum en stærstu útgerðarmennirnir; allur fjöldinn af smáútgerðarmönnum úti um landið flytja lítið inn sjálfir til sinnar útgerðar, nema ef vera kynni eitthvað af veiðarfærum og öðrum útbúnaði til skipa, en kol, salt og olía er mestmegnis flutt inn í svo stórum stíl til landsins, að smáútgerðarmennirnir flytja þá vöru ekki inn. Till. þessi er því, eins og hún er núna frá hv. meiri hl. fjhn., ekki um annað en að gefa gjaldeyrinn lausan fyrir stórútgerðarmenn landsins. Einn af till.mönnunum, hv. þm. G.-K., getur vel sætt sig við það, að smáútvegsmennirnir fari á mis við þessi hlunnindi, ef þeir stóru fá að njóta þeirra. Nú hefir það verið svo um gjaldeyrinn fyrir þessar vörur og aðrar útgerðarvörur, að það hefir vitanlega ekki hvílt bein skylda á bönkunum að útvega gjaldeyri fyrir þessar vörur, en þar sem þeir hafa tekið allan gjaldeyrinn, sem fengizt hefir fyrir sölu framleiðsluvaranna úr landi, þá hefir þeim borið siðferðisleg skylda til þess að sjá um, að nægilegur gjaldeyrir væri fyrir hendi til þess að flytja útgerðarvörur inn í landið, og ég veit ekki betur en að bankarnir hafi rækt þessa siðferðisskyldu óaðfinnanlega. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er þessari siðferðisskyldu létt af bönkunum. Ég get ekki betur séð en að fyrir smáútgerðarmennina og aðra þá, sem engin hlunnindi fá með þessu frv., geti stafað mikil hætta af þessu. Með því að losa bankana undan þessari skyldu, geta þeir sagt, þegar til þeirra er komið: Þið hafið leyfi fyrir ykkar gjaldeyri og getið notað hann til þess að kaupa útgerðarvörur fyrir, og okkur er það óviðkomandi. — Ég fæ ekki betur séð en að með þessari till. sé að nokkru leyti stefnt í voða innflutningi á útgerðarvörum fyrir aðra en stærstu útgerðarmennina, og ég fyrir mitt leyti, sem stjórnandi útgerðarfyrirtækis og fulltrúi fyrir marga smáútvegsmenn, get ekki sætt mig við þessa till. eins og hún er orðuð. Ef hér á að gera undanþágu frá núv. gjaldeyrislögum, þá tel ég ófært að láta þá undanþágu ná til örfárra manna, heldur á hún að ná til útgerðarmanna yfirleitt; ég get lýst yfir þeirri afstöðu minni til þessa máls, að ég álít, að í raun og veru séu till. óþarfar eins og þær voru fram bornar í fyrstu, en eins og þær eru nú orðaðar, með brtt. frá hv. meiri hl. fjhn., tel ég þær beinlínis skaðsamlegar og álít, að þær geti verið stórhættulegar fyrir gjaldeyrisástand landsins.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að lesa upp skrifl. brtt., með leyfi hæstv. forseta. Það er brtt. við brtt. á þskj. 271, um það, að í stað orðanna: „Kolum, olíu, salti og veiðarfærum“ komi: Kolum, olíu, salti, síldartunnum, hverskonar veiðarfærum og öllum útbúnaði til skipa, hverju nafni sem nefnist. — Verði þessi till. ekki samþ., mun ég greiða atkv. móti till. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 242.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 297) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Thors): Það hefir verið allmikið um þetta mál talað síðan ég tók síðast til máls, en þó er það ekki nema fátt, sem gefur mér tilefni til sérstakra andsvara, m. a. sökum þess, að sumir þeirra ræðumanna, sem hafa talað um málið, hafa haldið fram sömu skoðun og ég, og hafa þeir tekið af mér ómakið að svara. Það, sem hér hefir verið sagt til andmæla þessu frv., hefir ekki allt verið byggt á fullum skilningi á þessu máli, en þó þykir mér ræða hv. síðasta ræðumanns skera mjög úr í þessu efni, vegna þess að hún var með þeim endemum, sem fáum eru lagin, nema honum. Hann byrjaði með því að vega að okkur, sem erum í meiri hl. n., og hélt því fram, að við hefðum falsað í nál. okkar þær fregnir, sem við færðum af okkar störfum, þar sem við segðum, að bankastjórarnir, sem nefndir eru í nál., væru sammála okkur um þá stefnu, sem við tökum til málsins. Um þetta er ekkert sagt í okkar nál., en hinsvegar er það rétt, að á fundinum mættu tveir bankastjórar, þeir Magnús Sigurðsson og Jón Ólafsson, og kvað hinn síðarnefndi skýrt á um það, að hann teldi frv. til bóta, og kvaðst vera því fylgjandi, en Magnús Sigurðsson lét svo um mælt, að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., að hann hefði ekkert að athuga við þetta mál, þótt orka kynni tvímælis, hvort það næði tilgangi sínum að öllu leyti. Í fundarlokin skauzt einn bankastjóri Útvegsbankans, Jón Baldvinsson, inn á fundinn. Hann lét engin mótmæli fylgja komu sinni þangað, þótt mér virtist, af því litla, sem hann sagði um málið, að hann væri ekki jafntrúaður á það og Jón Ólafsson.

Ég skal nú ekki gera að ádeiluefni á hv. þm. Ísaf. það, sem hann sagði um þetta, en mér finnst rökstuðningurinn, sem hann færði fyrir sinni afstöðu til málsins, vera næstum því hlægilegur. Hv. þm. er að leitast við að klæða þetta mál í þann búning, að útvegsmenn megi af því ályktа, að hér sé unnið fyrir þá stóru, en ekki fyrir heildina. Ég er viss um, að andstaða þessa hv. þm. á sér rætur í allt öðru en hann hefir enn látið koma fram; það, sem skapar andstöðu hans, er sumpart það, að við flm. erum sjálfstæðismenn, og sumpart allt annað. Hann finnur hinsvegar, að það er hæpið fyrir þann mann, sem hefir haft á hendi formennsku sjútvn., að vera æfinlega á móti öllum velferðarmálum sjávarútvegsins; þess vegna reynir hann að bera fram tylliástæðu til þess að gylla þessa mjög svo vítaverðu framkomu sína í þessu efni, og honum hefir litizt bezt á að skapa sér skjól í fullyrðingunni um það, að hér væri ekki um að ræða hagsmuni smáútvegsins, heldur stórútgerðarinnar. Ég vil spyrja hv. þm. að því, hvaða stórútgerðarmenn það eru, sem sérstaklega þurfa á olíu að halda. Ég vil spyrja hann að því, hvort sú olía, sem þetta frv. leggur til, að leyst verði undan böndum gjaldeyrisnefndar, er notaþörf stórútgerðarinnar eða vélbátanna. Og loks spyr ég að því, hvað smáútgerðin noti í stað salts, eða hvort hún kannske noti salt alveg eins og stórútgerðin. Andstaða hv. þm. er mótuð af því, að vegna ótta við hv. 2. þm. Reykv. þorir hann ekki annað en að halda hlífiskildi yfir olíuverzluninni eins og hún er rekin. Ef nú í dag væri hægt að leysa olíuþörf minni útvegsins undan einokuninni, þá væri hægt að lækka olíuverðið um 2—3 aura pottinn, og sú leið, sem farin er í þessu frv., er örugg leið til lækkunar á olíuverðinu. Þá gætu minni útvegsmenn slegið sér saman og pantað 50 eða 100 tunnur t. d., og í dag get ég útvegað þessum mönnum olíu, sem er 2 aurum lægri, jafnvel þótt hún væri flutt inn í tunnum, heldur en sú olía, sem er hér í tönkum, og ef þessi hv. þm. leyfir sér að bregða fæti fyrir þessa viðleitni til lækkunar á olíuverðinu, þá er hann ekki að tala sem umboðsmaður og fulltrúi smærri útvegsins, heldur sem þjónn hv. 2. þm. Reykv., olíukaupmannsins Héðins Valdimarssonar.

En við skulum víkja aftur að sjálfum rökstuðningi hv. þm. Hann segir, að þetta sé ekki aðeins gagnslaust fyrir minni útveginn, heldur til bölvunar fyrir hann, og rökin, sem hann færir fram, eru þessi: minni útvegurinn þarf ekkert að flytja inn af þessari vöru og nýtur því ekki góðs af ákvæðum frv. En sú bölvun, sem þetta færir yfir minni útgerðina, segir hv. þm., að liggi í því, að þegar hún snýr sér til bankanna og biður um tryggingu, þá segja bankarnir: Þið hafið lögin, og við þurfum ekki að skipta okkur neitt af þessu.

Hverskonar hugsanagrautur er þetta eiginlega? Hvaða erindi eiga þessir minni útgerðarmenn til bankanna til þess að biðja um tryggingu á gjaldeyri til greiðslu á andvirði notaþarfa þeirra, ef þeir eru ekki sjálfir innflytjendur? En ef þeir eru innflytjendur, þá eiga þeir erindi í bankana og koma þá líka undir fríðindi þessarar löggjafar. Þetta er svo augljóst mál, að jafnvel hv. þm. Ísaf. ætti að skilja það. Það er slæmt, að það skuli koma svo oft fyrir, að þessi hv. þm., sem illu heilli hefir ár eftir ár verið valinn form. hv. sjútvn. og ætti því að vera sjálfkjörinn málsvari útvegsins, skuli rísa upp gegn helztu nauðsynjamálum sjávarútvegsins. Það var hann, sem drap niðurfellingu á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum í fyrra; það var hann, sem drap niðurfellinguna á hinum geipiháa tolli á síldarmjöli. Hann, sem þykist vera forsvarsmaður og fulltrúi sjómanna, hefir hvað eftir annað undanfarin ár svikið þessa menn í tryggðum, og það er ekki alltaf af eintómri vanþekkingu. — Hann getur oft afsakað sig með fáfræði, en þó ekki núna. Hann veit, að olíuverðið lækkar, ef frv. þetta verður að lögum. Ástæðan fyrir framkomu hans í þessu máli er hinsvegar ósjálfstæði hans, þegar um er að ræða hagsmuni hv. 2. þm. Reykv.

Þá er heldur ekkert því til fyrirstöðu, að minni útvegsmenn geti slegið sér saman um saltkaup; enda vita margir, að venjan er sú, að margir sendendur eru að flestum saltförmum, sem hingað koma. Ekki er það skynsamleg afstaða til máls að neita vissum fríðindum til útvegsins, þó maður geti ekki öðlazt fullkomnustu hlunnindi. Með sama rétti mætti segja: ég vil ekki frv. eins og það liggur fyrir, vegna þess að ég

heimta að fá allan gjaldeyrinn og ráða sjálfur verðinu.

Einlægni hv. þm. má marka af því, að flokksbróðir hans, hv. 1. landsk., lýsti yfir því í n., að hann væri mótfallinn þessu máli, af því að flokkurinn væri allur á móti því. Hin opinbera afstaða Alþfl. hér í d. er því sú, að flokkurinn segist vera andvígur þessu máli, ekki af því, að hann unni útveginum ekki að fá gjaldeyri til umráða til þess að kaupa fyrir nothæfar framleiðslu hans, heldur vegna þess, að í framkvæmdinni verði þetta svo örðugt, og hinsvegar af því, að gildandi lagaákvæði séu með þeim hætti, að engin nauðsyn sé á því að breyta þessu. Og hv. þm. Hafnf., einn aðalmaður flokksins, sagði í þessu sambandi, að því meir sem ramminn væri færður út í þessu efni, því harðari yrði andstaða Alþfl. gegn þessu máli. En svo kemur þessi hv. þm. Ísaf. og segir: ég vil ekki sjá, að útgerðarmenn fái kol, olíu og salt, fyrst þeir geta ekki fengið allt, sem ég bið um, sem þó allir aðrir Alþfl.menn eru andvígir, vegna þess að þeir telja, að þá verði þetta óframkvæmanlegt. Það er sama, frá hvaða sjónarmiði niðurstaða hv. þm. er skoðuð; hún er jafnfráleit, hvernig sem á hana er litið. Hv. þm. verður að skilja, að það er ekki eðlilegt, að hann geti vaðið hér uppi hvað eftir annað þvert ofan í hagsmuni útvegsmanna, án þess að verða einhverntíma að standa fyrir máli sínu.

Hv. þm. Hafnf. reis hér upp sem talsmaður innlends iðnaðar, og það er út af fyrir sig sjónarmið, sem ég virði fyllilega. Það hafa margir þm. undanfarin ár látið þá skoðun í ljós, að það bæri að hlynna að þeim vísi til innlends iðnaðar, sem hér hefir sprottið upp, en það verður náttúrlega að hafa hóf í þeim efnum eins og öðru, og get ég tekið undir margt af því, sem hv. þm. Vestm. segir í þessu sambandi. Það dugir ekki eingöngu að einblína á þá hlið málsins, að hér skapist nokkur atvinna; það verður líka að líta á það, að sú vara, sem framleidd er í landinu, lokar þörfinni fyrir því að kaupa hana annarsstaðar, og það er ekki út af fyrir sig kostur, heldur líka ókostur, því að á þessari öld jafnkaupa er minnkandi innflutningur sama og minnkandi útflutningur. Við þessar umr. ber því að hafa þetta sjónarmið hugfast. Auk þess verður að líta á það, að talsverð hætta fylgir því að byrja á innlendum iðnaði í skjóli hárra tolla og innflutningsbanna, ekki síst þegar þessi vísir til iðnaðar er um leið og hann byrjar að sýna einhvern arð neyddur til að greiða kaup, sem miðað er við þann afrakstur, sem iðnaðurinn gefur af sér í skjóli hafta og tolla. Hið háa verðlag á iðnvörunni gengur svo út yfir neytendur í landinu, sem nota framleiðsluvöru þessa iðnaðar, og að lokum út yfir útflutningsvörur landsmanna. Iðnaður, sem þannig er byggður, er í rauninni ekki annað en óbein kauphækkun á hendur þeim, sem framleiða þá vöru, sem seld er úr landi. Annars verð ég að segja, að ég held, að það sé ekki rétt skilið hjá hv. þm. Hafnf., að það beri að líta á þetta mál út frá því sjónarmiði sérstaklega, sem hæstv. fjmrh. gat um í þessu sambandi, því að sú vernd, sem innlendur iðnaður hefir fengið hjá gjaldeyrisnefnd, heldur náttúrlega áfram, þótt þetta frv. verði samþ., svo að þessu leyti lá ræða hv. þm. utan við sjálft efnið.

Þrátt fyrir gefið tilefni frá hv. 2. þm. Reykv. ætla ég ekki að fara út í skráningu krónunnar; það liggur ekki fyrir til umr. í sambandi við þetta mál. En ég vildi aðeins í tilefni af því, sem hv. þm. sagði, leiðrétta þann misskilning, að afleiðing gengislækkunar yrði annaðhvort kauphækkun, og þar með væru atvinnurekendurnir sviptir hagsmunum af gengislækkun, eða þá þverrandi möguleikar verkalýðsins. Hér er 3. möguleikinn, og hann að mínu áliti stærstur. Hann er sá, að lækkun kr. og sú nýja aðstaða til arðvænlegrar afkomu atvinnuveganna, sem lækkunin skapar, leiði af sér aukið atvinnulíf og þar af leiðandi aukna atvinnu, og þannig getur afkoma verkalýðsins í sjálfu sér orðið betri, enda þótt tímakaupið verði rýrt með lækkun gengisins. Þetta sjónarmið þótti mér rétt, að kæmi fram að gefnu tilefni við hlið hins sjónarmiðsins. — Ég hafði hugsað mér að taka til meðferðar hér ummæli þessa hv. þm. viðvíkjandi þeim annmörkum, sem hann taldi, á veðsetning framleiðenda bönkunum til handa. En ég tel ekki, með hliðsjón af því, sem aðrir eru búnir að segja hér um þetta efni, ástæðu til að fara langt út í þetta. Aðalatriði þessa máls er, eins og ég tók fram í frumræðu minni við 1. umr., að gera tilraun til að endurvekja það traust, sem innflytjendur höfðu áður til þess að fá vörur án tryggingar. Þetta traust er nú niður brotið, og sumpart, að minni hyggju, af ákvæðunum um gjaldeyrisverzlunina. Ég þori ekki að fullyrða, að þetta sé nóg til þess að endurvekja traustið, en ég geri mér vonir um það. Að því er snertir það, sem hv. þm. gat síðast um, hvort það væri ekki nokkuð viðurhlutamikið að leysa þannig undan umráðum gjaldeyrisn. andvirði þessarar aðfluttu vöru, þá er þess að geta, að hér er í raun og veru ekki um að ræða að gera neitt nýtt í þessu efni. Það hefir ekki verið skoðun nokkurs manns mér vitanlega, hvorki þeirra, sem að framkvæmd gjaldeyrisl. standa, né annara, að það eigi að neita um gjaldeyrisleyfi fyrir kol, olíu og veiðarfæri. Hér er því ekki um nein aukin gjaldeyrisleyfi að ræða, heldur breytt fyrirkomulag.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir verið talað svo fyrir þessu máli af flm. þess, að mér er ekki grunlaust um, að það sé gert til þess að láta útvegsmenn sjá, hvað þeir séu skeleggir til þess að tala fyrir málum útvegsmanna. Það, sem er aðalatriði þessa máls, er það, hvernig hægt er að komast framhjá því, að bankarnir, sem eru meira og minna ábyrgðir af ríkissjóði, þurfi að ganga í ábyrgð fyrir yfirfærslu allra þessara vara. Út af brtt. hv. þm. Vestm. get ég sagt það, að ef hún nær fram að ganga, get ég ekki fylgt frv. lengur, vegna þeirra erfiðleika, sem ég tel, að mundu þá verða um eftirlit með gjaldeyrishömlunum. Það eru ýmsir, sem álíta, að betri árangur muni nást með því, að útvegsmenn sjálfir fái þennan gjaldeyri án þess að það þurfi að ganga í gegnum bankana, og út frá sjónarmiði þeirra vil ég ekki ganga á móti þeirri

breyt., sem meiri hl. fjhn. leggur til, en takist hinsvegar ekki að halda því innan þess ramma, sem þar er gert ráð fyrir, sé ég mig neyddan til að snúast á móti málinu.

*Sigurður Kristjánsson: Þó að ég sé meðflm. frv. á þskj. 110, hafði ég ekki hugsað mér að taka til máls og hélt, að ekki myndu verða meiri umr. um það en svo, að ég þyrfti ekki að blanda mér inn í þær. En þessar umr. hafa nú teygzt meira en ég bjóst við, eru bæði komnar á breiðari grundvöll, og ég tala ekki um lengdina. Því þykir mér rétt og nauðsynlegt fyrir mig, sem er 2. flm. málsins, að segja nokkur orð um þennan skilning, sem lagður er í frv., og einkanlega álít meiri hl. fjhn. Ég skil till. meiri hl. n. svo, að hennar till. væru þau atriði, sem nm. allir geta komið sér saman um og myndu fylgja gegnum þykkt og þunnt, en um önnur atriði hefðu menn óbundnar hendur, og að það raskaði ekki að neinu leyti þeirra samkomulagi um þau atriði, sem þeir hafa skrifað undir. Ég hefi ekki heldur heyrt neinn nm. birta nánari skilning á afstöðu sinni til málsins. En hæstv. fjmrh. tók fram hér áðan, að ef eitthvað annað og meira yrði samþ. en till. þær, sem upphaflega komu fram, myndi það leysa menn frá áður hugsuðu og heitnu fylgi við till. meiri hl. fjhn. Ég held, að þetta hljóti að vera misskilningur hjá hæstv. ráðh., og samkv. minum skilningi á þessum hlutum er ég ákveðinn í að ljá atkv. mitt þeirri till., sem gengur nær upphaflega frv., og læt afdrif þeirrar till. ekki raska því, að ég mun greiða atkv. með till. meiri hl. fjhn. á eftir. Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í umr. Mér þykir þó rétt að geta þess, út af því, að það hefir komið í ljós, að einstaka maður lítur svo á, að verið sé að ganga á rétt iðnaðarins og jafnvel verzlunarinnar með þessu frv., að stuðningur við þessa tvo atvinnuvegi, iðnað og verzlun, á auðvitað að koma fram í allt öðru en því, að einoka vöru til þess að þessi starfræksla geti lifað á óeðlilegu verðlagi á nauðsynjavörum almennings. Mér er ekki kunnugt um atvinnurekstur hér á landi, sem er rekinn með þeim hagnaði, að hann sé fær um að taka þessa byrði á sig fyrir þessa atvinnugrein. Ég álít ekki heldur haldgóðan stuðning, sem á þennan hátt er veittur. Hinn eini haldgóði stuðningur við iðnað og verzlun, sem unnt er að veita, eru fríðindi, sem beinlínis eru lögð fram af ríkinu, annaðhvort sem fjárhagslegur stuðningur beint eða óbeint.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það, að á því myndi vera mikil hætta, að gengi ísl. krónunnar lækkaði, ef þetta mál næði fram að ganga. Án þess að ég ætli á nokkurn hátt að fara inn á það mál sérstaklega, gengismálið, vil ég þó benda á það, að rök hans fyrir þessu voru ákaflega hæpin, a. m. k. þau, að hér væri verið að kippa undan eftirliti með miklum innflutningi. Hv. þm. G.-K. hefir lýst mestu af því, sem ég þurfti sérstaklega að gera að umtalsefni til svars ræðu hv. þm. Ísaf. Mér þykir vænt um þetta, því að það hefir verið góður málsfriður með okkur hv. þm. Ísaf. og minn hugur í hans garð betri síðan hin pólitísku sifjamál fóru að spillast í stjórnarhjáleigunni. Ég tel því, að ég sé mjög heppilega frá því leystur að fara í kappræður um þetta mál við hann. En játa skal það, að mér þótti koma nokkuð leiðinlega fyrir augu, að hann skyldi vera andvígur þessu frv., sem allir aðrir líta vissulega svo á, og e. t. v. hann sjálfur við nánari athugun, að stefni til hagsbóta fyrir útgerðarmenn, stærri sem smærri. Ég ætla þá að láta falla niður það, sem ég hafði annars hugsað mér að segja um hans ræðu. Þó vildi ég skýra honum frá því, að ég álít, að olía og salt muni vera alveg eins vörur til smáútgerðar eins og stórútgerðar, og það er öllum hv. þm. sjálfsagt kunnugt um. Útgerðarmenn hafa og munu hér eftir hafa félagsskap með sér um kaup á þessum vörum í heilum skipsförmum, ef þeim er það frjálst og ekki lagðar á það hömlur vegna gjaldeyrisráðstafana. Ég ætla að sýna minn góða hug til hv. þm. Ísaf. einmitt með því að veita stuðning hans till., og auðvitað er það ekki gert af eintómri óeigingirni, því að till. eru algerlega þær sömu, sem felast í okkar upphaflega frv. Ég vil þó í þessu sambandi spyrja hann, hvernig hann ætlar að samræma þau ummæli, sem hann hafði um frv. okkar hv. þm. G.-K. þá, sem voru á þá leið, að frv. væri þýðingarlaust, við það, að hann kemur nú með till. um að færa það algerlega í sama horf og okkar frv. var.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 110, 235, n. 242, 262, 271, 279).

Finnur Jónsson: Hv. þm. G.-K. vék að mér heldur óvingjarnlega, þegar þetta mál var á dagskrá síðast. Það hefir verið svo með þennan hv. þm., að hann hefir vanalega þurft að ausa úr skálum reiði sinnar yfir mig nokkrum sinnum á hverju því þingi, sem við höfum verið saman á. Nú er nokkuð langt um liðið síðan þetta hefir skeð, svo að það má gera ráð fyrir, að hv. þm. G.-K. hafi verið orðið mál að losa, ekki síst vegna þess, að ég hefi mjög nýlega og reyndar oftar bent á ýmiskonar yfirborðsfleipur og barnaskap, sem hann hefir leyft sér að fara með í ýmsum till., sem hann hefir flutt um sjávarútvegsmál. M. a. hefi ég alveg nýlega flett ofan af skaðræðistill., sem þessi hv. þm. hefir flutt ásamt öðrum hv. þm. um síldveiði við Faxaflóa, en sú till. er þannig vaxin, að formaður Sjálfstfl. mun ekki fá neina þá flokksmenn sína, hvað þá aðra, sem hagsmunir þessarar till. ganga í gegn, til þess að greiða henni atkv., og hæstv. forseti hefir miskunnað sig yfir þennan hv. þm. með því að taka þessa till. út af dagskrá, sennilega fyrir beiðni þessa hv. þm., eða þá vegna hinna almennu brjóstgæða, sem hæstv. forseta eru gefin.

Út af þessu máli, sem hér liggur fyrir, er það svo, að hv. þm. G.-K. hefir fundið ástæðu til að ryðja úr sér einni af sínum alkunnu skammarræðum, en þó hefi ég ekki annað til saka unnið en að færa hans till. til þess sama vegar, sem hann upphaflega flutti þær. Hv. þm. G.-K. hóf umkvört-

un sína á því, að ég hefði bent á afstöðu bankanna til þessa máls. Ég benti á það, að meiri hl. fjhn. segist hafa rætt við bankana um þetta mál, og það er ekki annars getið en að meðmæli bankastjóra beggja bankanna fylgi með þessum till. frá meiri hl. fjhn. Ég benti á, að þetta er alveg rangt. Ég benti á, að mér væri kunnugt um, að tveir af bankastjórum Útvegsbankans myndu vera till. algerlega mótfallnir, og hv. þm. G.-K. staðfesti þessa umsögn með því að lýsa yfir, að ekki hefðu mætt hjá n. nema tveir bankastjórar, sinn frá hvorum banka, og annar þeirra lýsti því yfir, að hann sæi ekkert að athuga við till. fjhn., en þær myndu varla nú tilgangi sínum. Af þessu er það augljóst, að meiri hl. bankastjóranna álítur till. fjhn. annaðhvort skaðlegar eða tilgangslausar. Og fer þá að verða lítið úr þeim bægslagangi hv. þm. G.-K. að telja, að hér sé um að ræða mál, sem geti orðið til stórra heilla fyrir sjávarútveginn. Hv. þm. G.-K. vildi halda því fram, að min afstaða í þessu máli markaðist af því, að ég væri að ganga hér erinda olíufélaganna í landinu, og lofaði hann um leið því, að nú ætlaði hann. ef hann fengi gjaldeyri, að lækka olíuverðið í landinu um tvo aura á kg. Það er nú svo um hótanir þessa hv. þm., að þær eru vanalega munnfleipur eitt, og því miður mun því svo vera farið með þessi gullnu loforð, að þau eru ekki nema munnfleipur eitt. Nú myndi enginn fagna því meira en ég, ef hv. þm. G.-K. gæti komið því til leiðar, að olíuverðið í landinu lækkaði um tvo aura kg., og jafnvel væri það góðra gjalda vert, þó lækkunin yrði minni. Ef hv. þm. heppnaðist að framkvæma þetta loforð, sem hann hefir gefið þingheimi, þá yrði það fyrsta þarfaverkið, sem hann ynni í þágu sjávarútvegsins, og sízt skyldi standa á mér að unna honum um það sannmælis.

Hv. þm. G.-K. vildi halda því fram, að ég með brtt. minni væri að ganga erinda olíufélaganna af umhyggju fyrir hv. 2. þm. Reykv. Það er rétt, að ég ber virðingu fyrir hv. 2. þm. Reykv. og met hans ráð mikils, en hitt er tilhæfulaust, að ég hafi gengið erinda olíufélaganna, og þá ekki fremur hv. 2. þm. Reykv. en annara, sem fást við olíusölu. Ég hefi aldrei á einn eða annan hátt hlynnt að olíufélögunum eða þeirra verzlun. En ég hefi sem form. sjútvn. Nd. gert ýtarlega tilraun til að útvega einum keppinaut þeirra tveggja olíufélaga, sem ráða hér verðinu, innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Til sjútvn. bárust tilmæli um það, og ég gerði allt, sem ég gat, til þess að keppinauturinn fengi gjaldeyrisleyfi. M. a. átti ég sem form. sjútvn. tal við form. innflutnings- og gjaldeyrisnefndar og við ríkisstj., og fékk loforð um þetta leyfi. Þetta eru þau afskipti, sem ég hefi haft af olíumálunum á þingi, og samt leyfir þessi hv. þm. sér að koma fram hér í d. og segja, að ég gangi erinda olíufélaganna.

Hann getur vitanlega, þessi hv. þm., gert öðrum getsakir, ef hann vill, og ég gæti nú farið inn á sömu braut og minnt á hans gerðir. Ég get t. d. sagt, að nú nýlega vatt þessi hv. þm. sér inn í bankaráð Landsbankans til þess — ef ég viðhefði orð hv. þm. V.-Húnv. — að tryggja sér aðstöðu til að ná í fé til að kaupa fyrir kjördæmi handa sér og fjölskyldu sinni, fé, sem þjóðin fær síðan að borga. — Ég gæti líka haldið fram, að hv. þm. hlypi frá till. sínum um gjaldeyrinn, þegar hann hefir sjálfur von um að fá umráð yfir gjaldeyri fyrir sitt fyrirtæki. Og þetta er einmitt það, sem hefir gerzt. Hv. þm. G.-K. flutti ásamt öðrum þm. frv. á þskj. 110 um breyt. á l. um gjaldeyrisverzlun. Í upphafi er þessi till. ákaflega viðtæk og orðalagið almennt, að útgerðarmenn áttu að fá umráð yfir gjaldeyri fyrir hverskonar vörur til útgerðar sinnar. En svo þegar búið er að gera þá breyt. á frv., að það verður ekki til annars en að nokkrir fáir stórútgerðarmenn geti notað sér það, þá hleypur þessi hv. þm. frá sinni upphaflegu till., þegar hann heldur, að hag síns fyrirtækis sé borgið — og gefur skollann í alla smáútgerðarmennina.

Nú er það vitanlegt, að gjaldeyrir smærri útgerðarmannanna er veðsettur bönkunum að mestu leyti, og að þeir verða að afhenda hann jafnóðum, og geta þeir því á engan hátt notfært sér þetta gjaldeyrisleyfi, sem fást skal eftir till. meiri hl. fjhn., þar sem hv. þm. G.-K. er einn nm. Hinsvegar eru til 1—2 félög í landinu, sem ekki þurfa að veðsetja sinn gjaldeyri, og er annað þeirra það félag, sem hv. þm. G.-K. er óstarfhæfur ómagi hjá, sem sé Kveldúlfur, en hitt er Alliance. Frv. er því orðið svo í rauninni, að það er aðeins flutt með hagsmuni tveggja stærstu útgerðarfélaganna fyrir augum. Mörgum fleirum en mér hefir blöskrað hér í þessari hv. d., m. a. hv. þm. Vestm., sem flytur brtt. við till. fjhn., sem, ef samþ. yrði, mundi gera heimildina viðtækari, þar sem hún næði þá yfir veiðarfæri, og fleiri mundu geta notið hennar á þann hátt.

Hv. þm. G.-K. vildi fá samræmi í það, sem ég sagði. Ég hefi nú lýst minni skoðun, og samræmið í henni er þetta: Ef gefa á gjaldeyrinn frjálsan, þá á það að vera handa öllum, og ég get ekki fallizt á þá till., að þau hlunnindi eigi aðeins að vera handa fáum stórum útgerðarfélögum. Það er þess vegna fullt samræmi í því, að ég mun greiða atkv. þeirri viðtækustu till., sem fram kemur, en ef heimildin verður þrengd, og frv. á aðeins að vera smásmuga fyrir 1 eða 2 stórútgerðarfélög, mun ég eðlilega greiða atkv. móti því. Ég vil, að öllum útgerðarmönnum sé gefinn réttur til að fara með sinn gjaldeyri, en ekki aðeins fáum þeirra, — ef á annað borð á að fara að gefa útgerðarmönnum þennan rétt fram yfir aðra.

Ég hefi áður bent á þá hættu, sem stafar af því fyrir smærri útgerðarmennina, ef þeirri skyldu er létt af bönkunum að útvega gjaldeyrinn. Hingað til hafa bankarnir ekki neitað um gjaldeyri fyrir útgerðarvörur, en ef þetta frv. yrði samþ., er ekki óliklegt, að bankarnir segðu við útgerðarmennina, er til þeirra yrðu að leita um gjaldeyri fyrir vörum þessum: Þið verðið að sjá fyrir því sjálfir; þið hafið heimild í l. til að ráðstafa ykkar gjaldeyri fyrir þessum vörum. Nú eins og er geta bankarnir ekki sagt þetta við smáútgerðarmennina, og í því efni vil ég vitna í ræðu hv. þm. G.-K., þó sjaldan séu sækjandi rök til hans. Hann sagði á þá leið, að bankarnir hafi ekki til þessa neitað um gjaldeyri fyrir vörum þessum, enda teldi hann það óviturlegt að neita um gjaldeyri, sem með þyrfti til fram-

leiðslu landsmanna. Með þessu hefir hv. þm. G.-K. sannað, að bankarnir hafi ekki neitað um gjaldeyri fyrir útgerðarvörum, — en hvað á þá að gera með þetta frv.? Jú, það á að veita einstökum fáum útgerðarmönnum leyfi til að fara með sinn gjaldeyri, þrátt fyrir það, þó bankarnir hafi ekki til þessa neitað þeim um gjaldeyri til að kaupa fyrir útgerðarvörur. Það, sem verið að gera með þessari till., er ekkert annað en það, að hv. þm. G.-K. vill fá samþ. sérstök hlunnindi fyrir sig og sitt félag. Og þeim, sem hafa veitt því eftirtekt, hvernig þessi hv. þm. gengur sinna einkaerinda, móti hag alþjóðar, blöskrar þetta framferði ekkert, en það er til of mikils mælzt af honum, að ætlast til þess, að meiri hl. hv. þdm. fylgi honum í þessu og hjálpi til að skara eld að hans köku.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. Ísaf. um meðferð á þáltill. skal það fram tekið, að ef sök er á um þá meðferð, hvílir hún á mér, því jafnan liggja mörg mál fyrir, og það fleiri en annað er, og hefi ég látið þessa þáltill. ásamt ýmsum öðrum málum sitja á hakanum.

Jóhann Jósefsson: Vegna þess að ég býst við, að umr. þessar dragist nokkuð, en ég verð að mæta á fundi fiskeigenda í S. Í. F., vildi ég mælast til þess, að brtt. mín á þskj. 271, er snertir þetta mál, megi bíða til 3. umr., þar sem ég tel heppilegra að mæla fyrir henni enn nokkur orð.

Frsm. (Ólafur Thors): Menn hafa nú heyrt hv. þm. Ísaf. halda eina af þessum afburðasnjöllu ræðum, sem Alþbl. talar svo oft um. Meðan á flutningi þessarar ræðu stóð fór ég að gera mér það til dægrastyttingar að setja saman vísu, og þó að ég telji mig litinn bragsnilling, vildi ég leyfa mér að hafa hana yfir; hún hljóðar svo:

Allt er í veröldu valt,
verður þó löngum í minni:
vell í vorglöðum spóa,
væl í lómi og kjóa,
jarmur í jóðsóttarrollu,
jag í blika við kollu,
fyrirlestrar hjá Finni, —
því allt er það afburða snjallt.

Þetta þykir mér að vísu ekki sérlega góð vísa, en nægilegt svar við þeim persónulega skætingi, sem hv. þm. beindi til mín. Má hann af því vita og sjá, að það þarf meiri mann og skeleggari en hann til þess að koma mér út úr jafnvægi, enda væri það þungbær skömm að fást við þennan hv. þm. og geta ekki ráðið niðurlögum hans, en enginn heiður að hafa hann í hendi sér.

Vil ég þá víkja að örfáum atriðum í ræðu hv. þm. Mér skildist, að hv. þm. héldi, að ég væri ákaflega reiður við sig út af því, hvernig farið væri með þáltill., er ég flutti ásamt hv. þm. Borgf. Ég vil nú ekki reyna á þolinmæði hæstv. forseta með að rekja þetta atriði, en læt nægja að vísa til ummæla hæstv. forseta, er nægja til að opna innsýn í hug þessa hv. þm.

Út af þeim ummælum hv. þm., að fyrirmæli frv. myndu fyrst og fremst Kveldúlfi og Alliance til hagsbóta, bendi ég á, að einmitt þessi tvö félög eru þannig sett, að þeim mundi sízt synjað um gjaldeyri, og má því segja, að þau hafi litla eða enga þörf fyrir vernd frv.

Ég veit, að hv. þdm. ætlast beinlínis til þess, að ég neiti mér um að hirta hv. þm. svo nokkru nemi frekar en orðið er. Er mér það og geðfellduast. Annarsvegar liggur sjálft málið fyrir fullkomlega upplýst. Hinsvegar er öllum jafnljóst, að vesölum leikara hefir enn einusinni mistekizt að leika rullu sína.

Mér nægir aðeins að taka þetta fram: Verði þetta frv. að lögum, er vandkvæðalaust að útvega smáútvegnum alla sína olíu a. m. k. 2—3 aurum ódýrari lítrann en nú er. Þegar maður, sem kallaður er form. sjútvn., leggst gegn þessu, þegar þessi sami maður hefir áður lagzt gegn nær hverju einasta nauðsynjamáli útvegsins, svo sem afnámi útfl.gjalds af sjávarafurðum og jafnvel afnámi 7% gjaldsins af síldarmjöli, þá er það ekki eingöngu af því, að hann er klafabundinn þjónn olíukóngsins Héðins Valdimarssonar, heldur skortir hann líka alla samúð með sjávarútveginum.

Með ótal dæmum gæti ég sannað, hversu ófeiminn þessi hv. þm. er og hve taumlaust og skefjalaust hann misnotar þingmennsku sína. Ég vel þó aðeins eitt, m. a. af því það tekur af allan vafa. Með hnúum og hnefum barðist þessi hv. þm. gegn því frv. um skuldaskilasjóð, sem við sjálfstæðismenn fluttum til hjálpar allri útgerðinni, en hann sá sóma sinn, þ. e. a. s., hann mun frekar hafa séð hag sinn í því að hjálpa til að koma á skuldaskilasjóðskrili, sem miðað var fyrst og fremst við hans hagsmuni. Hann drap hagsmuni sjómannastéttarinnar sem heildar, en bjargaði sínum hagsmunum, með því að koma upp þessu skuldaskilasjóðskrili. Hann bar fram frv. um það og barðist fyrir því, og notaði svo fyrstur allra þetta sjóðskrili til að bjarga sjálfum sér frá yfirvofandi gjaldþroti, sjálfum sér og Samvinnufél. Ísfirðinga, en hann hefir haft á hendi stj. þessa fyrirtækis frá stofnun þess, og þótt hann hafi haft í þjónustu sinni afburðaaflamenn, þá hefir honum þegar tekizt, með 7 mótorbátum, að sökkva fyrirtækinu svo djúpt, að þegar skuldaskilasjóður tók til starfa, voru eignir fyrirtækisins 300—400 þús. kr., en skuldir um 800 þús. kr. Þetta er bágur hagur. Hitt er þó miklu verra, að beinlínis glæpsamlegt athæfi hefir verið í frammi haft. Þegar þessi hv. þm. sá, að félagið var orðið gjaldþrota, lék hann þann leik að nota aðstöðu sína sem bæjarfulltrúi og hafnarfulltrúi til að láta hið opinbera taka lán handa félaginu og svíkja hið opinbera um veð fyrir láninu. Með þessum hætti bjargaði hann svo því fé, sem hann og vildarvinir hans höfðu lagt fram í gróðaskyni.

Þetta er þungur dómur, sem ég kveð hér upp yfir hv. þm. Ég skora á hann að stefna mér, og skal ef hann óskar endurtaka þessi ummæli mín utan þinghelginnar.

Ég skal játa, að það þarf ekki að vera blettur á þessum hv. þm., þó að fyrirtæki hans sé illa stætt. Það eru mörg önnur fyrirtæki illa stæð nú á dögum. En þær aðferðir hans, sem ég hefi lýst, eru smánarblettur á honum, og ef ásakanir

minar eru sannar, þá á hann ekki að eiga þingsetu. Séu þær hinsvegar ekki sannar, á að draga mig fyrir lög og dóm. Í blöðum Sjálfstfl. hefir því oft verið haldið fram, að þessi maður hafi notað aðstöðu sína á þennan hátt, en hann hefir samt aldrei þorað að stefna þeim fyrir slík ummæli.

Finnur Jónsson: Ég þarf ekki mörgu að svara hv. þm. G.-K. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að hann hefði hótað að lækka olíuverðið. Ég hefi aldrei sagt það hér í d., og vil ég í því tilefni vitna til hv. deildarmanna. Ég sagði, að hv. þm. G.-K. hefði stundum hótanir í frammi, en þær væru venjulega markleysa. Ég sagði, að hann væri nú með gullin loforð, en því miður væru þau sama markleysan og hótanir hans. Hann þykist t. d. geta selt olíu á 13 aura kg., þar sem olíufélögin selja hana á 17 aura. Ég verð nú að segja, að ef allt er reiknað, sem á vöruna hlýtur að falla, og hinsvegar afsláttur olíufélaganna, þá verður ekki um neina lækkun að ræða, svo að loforð hv. þm. eru líka að þessu sinni tómt munnfleipur.

Hann sagði, að það kæmi ekki til mála, að Kveldúlfur eða Alliance hefðu gagn af þessari till. fjhn. Nú er það upplýst, að *smáútvegurinn* hefir ekki gagn af henni, — og hver hefir það þá?

Hv. þm. vítti mig fyrir að hafa greitt atkv. með hv. 2. þm. Reykv. í bankaráð Landsbankans. Sagði hann, að ég hefði greitt þannig atkv. til þess að tryggja, að hann gæti útvegað olíufélögum þeim, er hann stjórnar, gjaldeyri. Nú játa ég, að slíkt hefði verið vítavert, ef gert hefði verið í þessum tilgangi. En þó að hann vilji niðra okkur bankanefndarmönnum Alþfl. fyrir að hafa *Héðin Valdimarsson* í kjöri, þá get ég fullyrt, að hv. þm. G.-K. hefði ekki klígjað við að kjósa Héðin Valdimarsson í bankaráðið, ef hann hefði með því getað dregið nokkuð úr því stóra hneyksli, að hann komst sjálfur í bankaráðið.

Hv. þm. talaði um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Sjútvn. hefir haft málið til meðferðar og hefir sent það fjhn., sem hv. þm. situr sjálfur í. Meiri hl. n. þykist ekki geta lagt til, að frv. nái fram að ganga. En frá minni hl., hv. þm. G.-K., hefir engin umsögn komið. Þó má gera ráð fyrir, að hann vilji láta málið ná framgangi. Frá fjvn., sem 4 sjálfstæðismenn sitja í, hefir heldur engin umsögn komið. Það er því ekki sjútvn., sem tefur málið hér á þingi, heldur sjálfstæðismennirnir í fjvn.

Þá vil ég víkja lítilsháttar að þeim ásökunum, sem hv. þm. G.-K. bar mér á brýn í sambandi við Samvinnufélag Ísfirðinga. Hann lýsti fjárhag félagsins þannig, að það ætti eignir fyrir 200—300 þús. kr., en skuldaði um 800 þús. kr. Gamalt máltæki eitt segir, að fáir ljúgi meira en helmingi, en þó nægir hv. þm. G.-K. þetta sjaldnast. Eignir félagsins eru metnar á 637535 kr. af eiðsvörnum matsmönnum skuldaskilasjóðs. Nú eru skuldir félagsins 779 þús. kr. Skuldar það því umfram eignir ca. 141500 kr. Nú hefi ég engan þátt átt í þessu mati, og ég vil geta þess, að reikningsmat félagsins sjálfs á eignum sínum er um 60 þús. kr. lægra en mat skuldaskilasjóðs. Sé gengið út frá því, að mat skuldaskilasjóðs sé í lagi, eða jafnvel þó að dregnar væru frá 60 þús. kr., þá væru skuldir félagsins umfram eignir ekki nema ca. 20% þús. kr. Nú er félag þetta ekki atvinnutæki mitt, heldur nokkurra hundr. verkamanna og sjómanna. Fyrirtækið er ekki mitt að öðru leyti en því, að ég ber ennþá eins og ég hefi borið frá byrjun að sjálfsögðu persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess, hlutfallslega á við aðra félagsmenn. Það er því tilhæfulaust, að ég hafi reynt að koma mér undan skuldbindingum og böggum, sem af þessum félagsskap leiðir. Ég þykist vita, að hv. þm. muni með aðdróttunum sínum eiga við fyrirkomulagsbreytingu, sem gerð var á félaginu og notuð hefir verið af andstæðingum Alþfl. til að kasta rýrð á ýmsa, er að þessu stóðu. En þessi breyt. var á þann veg, að nokkrir félagsmenn slógu sér saman í upphafi um að eignast báta félagsins. En það kom fljótt í ljós, að ekki var hægt að reka útgerðina, nema reksturinn væri sameiginlegur og eignarréttur skipanna þá einnig. Sérstaklega varð ágreiningur um það, hvort ætti að halda úti bátunum, þegar úthaldið borgaði sig miður. Til þess að koma í veg fyrir þetta tekur svo félagið bátana að sér sem sína eign.

Ýmsir, sem þessa báta höfðu átt, höfðu tekið lán í peningastofnunum upp á framlög sín í bátunum. Þeir gátu því ekki sleppt sinni eign í bátunum án þess að fá nokkuð í staðinn. Því fengu þeir veðrétt í bátunum fyrir eigninni, sem þeir höfðu átt í þeim, að sínum hluta, en allir halda þeir áfram að vera ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins.

Ég ætla nú, að þó að hv. þm. G.-K. hafi flutt þetta mál eftir röngum upplýsingum og með allmiklum ofsa, þá sættist hann þó á, að hann hafi haft rangt fyrir sér, þegar ég nú upplýsi hið rétta. Nú hefir þessi saga hans mjög oft verið sögð í blöðum ihaldsmanna, og hefi ég ekki fundið ástæðu til að skipta mér af því. Ég er því vanur, að bornar séu á mig ýmsar sakir, ýmist stærri eða smærri en þessar, og ég kæri mig yfirleitt ekki um að svara slíkum áburði. Það hefir verið borið svo mikið á mig af þesskonar sögum, að ég hefi ekki viljað eyða tíma í meiðyrðamál út af þeim.

Eftir mati skuldaskilasjóðs skuldar þetta mikla atvinnufyrirtæki, Samvinnufélag Ísfirðinga, sem á 3. hundrað sjómenn og verkamenn eru þátttakendur í, umfram eignir svipaða upphæð og hv. þm. G.-K. einn skuldar Kveldúlfi, hafandi haft fimm- og sexfaldar eða jafnvel tífaldar verkamannstekjur umfram það, sem hann fær lánað hjá Kveldúlfi á hverju ári. Þessi hv. þm. lýsti yfir því í vetur, að þessi skuld hans væri óveðtryggð, eins og skuldir Kveldúlfs við bankana eru óveðtryggðar. Hann sagði sjálfur, að það væri ekkert undarlegt, þótt atvinnufyrirtæki væru skuldug. Hann ætti því ekki að vera að þýsnast yfir skuldum Samvinnufélags Ísfirðinga. Sízt þegar þess er gætt, að það skuldar ekki meira en Ólafur Thors einn skuldar fyrir óveðtryggðan eyðslueyri hjá h/f Kveldúlfi.

Ég átti að vera mættur á fundi sölusambandsins fyrir hálftíma. Bið ég hér með hæstv. forseta um leyfi til að mega fara.

Frsm. (Ólafur Thors): Það mun enginn sakna hv. þm. Ísaf., þótt hann komi ekki stundvíslega á fundinn, og hans menn mega vel við una, ef hann getur haldið mér hér um stund, því að ég á að mæta þar líka. Hann gerir ekki sínum mönnum annað þarfara.

Ég vil enn benda á það, sem ég hefi áður sagt, að af þessu frv. hafa sízt gagn stærstu félögin í landinu, af þeim ástæðum, að þessi félög fá helzt bankaábyrgð. Bankarnir stöðva varla svo mikinn rekstur með því að vilja ekki taka ábyrgð á kolum og salti, sem þau þurfa til útvegsins. Hinsvegar hefi ég fært rök að því, að ef olían verður gefin frjáls, þá lækkar verð hennar um 2—3 aura á lítra miðað við það, sem hún nú er seld hér úr geymi gegn staðgreiðslu og eftir að allur afsláttur hefir verið tekinn til greina.

Ég fullyrði, að hv. þm. Ísaf. skýrir rangt frá, er hann segir, að skuldir Samvinnufél. Ísf. umfram eignir séu 141 þús. og 500 kr. Ég skal bíða rólegur þangað til búið er að gera upp í skuldaskilasjóði og sjá, hvað þá verður uppi á teningnum, en mikið þykir mér, ef sú verður ekki raunin á, að skuldir umfram eignir reynist nær þrefaldar við það, sem hv. þm. hefir látið í ljós.

Út af dylgjum hv. þm. um skuldir mínar við h/f Kveldúlf vil ég upplýsa, að með fullu samþykki lánardrottna félagsins skulda ég félaginu andvirði íbúðarhúss míns. En húsið stendur eins og allar mínar eignir að veði bæði fyrir skuld minni við félagið sem og öllum skuldum félagsins til bankanna og annara lánardrottna.

En nú langar mig til að spyrja hv. þm. Ísaf., hvort hann standi í samskonar ábyrgð með öllum sínum eignum í nútíð og framtíð til skuldagreiðslu fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga. Hv. þm. sagði, að það væri tilhæfulaust, að hann hefði á einn eða annan hátt reynt að koma sér undan skuldbindingum félagsins. En svo kom þessi fyrirkomulagsbreyting og leiddi það af sér, að þeir fengu lán til að greiða í bankann. Þetta hefir sjálfsagt verið mjög notaleg fyrirkomulagsbreyting, en hún var sviksamleg, svo sviksamleg, að þessi hv. þm. þorir ekki fyrir sitt lifandi líf að fá málið upplýst fyrir dómstólunum.

Það var þessi hv. þm., sem drap þann skuldaskilasjóð útgerðarmanna, sem allir áttu að hafa gott af, en kom svo upp þessu skuldaskilasjóðskríli, sem hann sjálfur hefir gott af. Það er sjálfsagt líka notaleg fyrirkomulagsbreyting — fyrir fjárhag þessa hv. þm. —, en ekki fyrir mannorðið. Mig fer að gruna, að það sé ekki ofmælt, að þessi hv. þm. hafi komið sér með sviksamlegum tilgangi undan ábyrgð í Samvinnufélagi Ísfirðinga. Mig skortir skjöl til að leggja á borðið og sanna þetta, en mig skortir ekki skjöl til að hrekja það, sem hann bar á mig, um að hugur minn til að aflétta útflutningsgjaldinu sé ekki heill og að ég hafi ekki virt bréf frá sjútvn. svars. Ég hefi hér afrit af því bréfi, sem ég skrifaði, og skal lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta: Bréfið vantar í handr. innanþingsskrifarans, og hefir ekki tekizt að hafa upp á því.

Þetta er skrifað 14. marz, og þá var erindi sjútvn. nýkomið til okkar. Nú í dag er 3. apríl, og nú stendur þessi hv. þm. hér upp og segir, að við höfum ekki virt sjútvn. svars. Það er stundum gott að eiga við hv. þm. Ísaf., — það þarf stundum dálitla vitsmuni til að vera varmenni.

Finnur Jónsson: Ég þarf engu nýju að svara hv. þm. G.-K. Það kom ekkert það fram í þessari síðustu ræðu hans, sem ég hefi ekki áður svarað. Hann las hér upp bréf frá minni hl. fjhn., sem sannar það, að hann hefir engin rök fært fram fyrir því, að ríkissjóður þoli þann tekjumissi, sem er af því að fella niður útflutningsgjaldið, og má ég vera honum þakklátur — en til þess hefi ég annars ekki oft tækifæri — fyrir, að hann hefir þannig sannað mitt mál.

Viðvíkjandi því, hvort ég sé ábyrgur fyrir skuldum samvinnufélags Ísfirðinga, get ég upplýst það, að þar er sameiginleg ábyrgð, og skuldheimtumennirnir geta gert þá ábyrgð gildandi, ef þeim sýnist svo, eins gagnvart mér eins og öðrum, og það er ósatt, að ég eða aðrir hafi komið mér undan þessari ábyrgð.

Hann spurði, hvers vegna svo ríkir menn hefðu leitað til skuldaskilasjóðs. Ég hefi aldrei sagt, að það væru ríkir menn í Samvinnufélagi Ísfirðinga. Enda er engin ástæða til þess að halda, að á Ísafirði sé svo miklu betri afkoma en alstaðar annarsstaðar, og allra sízt eftir slík aflaleysisár sem nú hafa gengið yfir Vestfirði.

Hann rengdi, að mat og tölur matsmanna skuldaskilasjóðs væru réttar, en hann verður þá að sýna og sanna, að það sé annað en ég sagði.

Hv. þm. G.-K. þarf ekki að halda, að ég hlaupi upp til handa og fóta og stefni honum og Morgunblaðinu fyrir hverja lygi, sem um mig er sögð af þessum göfugu aðiljum. Ég finn ástæðu til þess einstöku sinnum að gera aths. við þessar ósannindaklausur og leiðrétta stórfelldustu lygarnar, en ef ég ætti að fara að taka upp þann sið að stefna fyrir meiðyrði, þá mundi það bókstaflega eyða öllum tíma mínum.

Ég hefi hinsvegar ekki sagt, að skuldaskilasjóður endilega liti svo á, að félagið geti risið undir skuldunum. Það er annað, hvort á að meta eign eins og kostar að búa hana til, eða hvort gert er ráð fyrir, að sá atvinnurekstur, sem eignina á að nota til, sé líklegur til þess á hverjum tíma að geta staðið undir andvirði eignarinnar — afborgunum, vöxtum og viðhaldi. Hv. þm. G.-K. þarf ekki annað en hringja til skrifstofustjóra skuldaskilasjóðs og spyrja hann, hvort ég hafi ekki farið rétt með töluna. Ég get gefið honum leyfi til að fá þessar upplýsingar, því mér þykir leiðinlegt, að hann fari í óleyfi að skyggnast í skjöl þeirra stofnana, sem hann hefir ekki lögmætan aðgang að. — Ég ber höfuðið hátt á meðan þetta fjölmenna félag skuldar ekki meira en hv. þm. G.-K. í Kveldúlfi.

Frsm. (Ólafur Thors): Þm. Ísaf. sagðist sjálfur vera — og allir meðlimir félagsins — í ótakmarkaðri samábyrgð fyrir skuldum félagsins. Mér þykir þetta merkilegt og til að bæta aðstöðu hv. þm., ef rétt er, og ég ætla að treysta því, að þetta sé rétt, þótt það sé óvarlegt. En þó skil ég ekki, hvers vegna félagið hefir þá leitað til skuldaskilasjóðs, því ef þetta er tekið til greina, að þessir menn séu allir samábyrgir, þá hljóta

þeir að vera svo efnum búnir, að fél. eigi langt umfram skuldir. Ég mun nú fyrst og fremst snúa mér til sjóðsstjórnarinnar og biðja um upplýsingar þær, sem að þessu lúta, og vil nú að lokum þakka hv. þm. Ísaf. fyrir að hafa veitt mér leyfi til að hafa aðgang að reikningum og skjölum Samvinnufél. Ísfirðinga, Ég tek þakksamlega á móti þessu leyfi og vona, að hv. þm. Ísaf. taki það ekki af mér aftur.

Finnur Jónsson: Ég hefi ekki gefið hv. þm. G.-K. leyfi fyrir aðgang að reikningum eða skjölum félagsins, heldur að hann megi fá upplýsingar um það hjá skrifstofu skuldaskilasjóðs, hvort þær tölur, sem ég hefi borið hér fram, séu réttar, og ætlast svo til, að hann lýsi því yfir hér í hv. d., að hvaða niðurstöðu hann hefir komizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 271 tekin aftur.
— 279 kom ekki til atkv.
— 242 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 235,a felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, HV, JG, MT, PZ, JörB.
nei: PHalld, PO, SK, TT, EE, FJ, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 262 (við brtt. 235,b, ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
— 235,c (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:7 atkv.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 292, 271, 279).

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Áður en málið fer úr þessari hv. d. ætla ég að segja það, að ég er ekki ánægður með það eins og það lítur út. Við 2. umr. var felld till., sem fram kom fyrir mína tilstuðlan um það, að sett yrði inn í frv. ákvæði um eftirlit með ferðum Íslendinga til útlanda. Ég mun þó ekki setja fótinn fyrir málið við þessa umr., en beita mér fyrir því í hv. Ed., að þetta ákvæði verði sett inn í frv., og mun ég gera það á þann hátt, að ég mun reyna að fá breytt því ákvæði, sem nú er í frv. um undanþágu fyrir útvegsmenn til þess að nota sinn gjaldeyri, og gæti ég hugsað mér, að helzt væri viðeigandi að setja í staðinn það ákvæði, að gjaldeyrisnefnd væri heimilað að veita þessar undanþágur, í stað þess að í frv. er ekki gert ráð fyrir, að til þess þurfi nokkurt sérstakt leyfi. Náist ekki samkomulag um þessa till. mína í hv. Ed., þá býst ég við að verða á móti málinu þar, en nú mun ég ekki vera á móti því við þessa umr.

Jóhann Jósefsson: Mig minnir, að ég hafi átt brtt. við þetta mál viðvíkjandi veiðarfærum, sem ég tók aftur til 3. umr., og vona ég, að hún verði látin koma hér undir atkv. — Hæstv. fjmrh. talaði um, að hann ætlaði ekki að setja fótinn fyrir þetta mál við þessa umr. hér í hv. d., og að hann hefði hugsað sér að breyta því ákvæði frv., að útvegsmenn hefðu skilyrðislaus afnot af sínum eigin gjaldeyri fyrir kol, olíu og salt, þannig, að gjaldeyrisnefnd yrði heimilað að gefa undanþágu í hvert sinn. Þessi fyrirhugaða breyt. hæstv. fjmrh. er tvímælalaust til hins verra. Þessi tregða í garð útvegsmanna er lítt skiljanleg, sérstaklega þegar þess er gætt, að eitt af stærstu verzlunarfyrirtækjum þessa lands hefir, eftir því sem ég bezt veit, sérstök fríðindi í þessu efni, ekki aðeins að því er snertir veiðarfæri handa viðskiptamönnum sínum, heldur einnig að því er snertir allar aðrar vörur; þetta fyrirtæki er S. Í. S. — Ég fyrir mitt leyti felli mig alls ekki við þessa úrlausn málsins og tel útvegsmenn litlu bættari, þótt frv. verði afgr. frá hv. Alþ. í þeirri mynd, að gjaldeyrisnefnd hafi heimild til þess að veita þessa undanþágu í hvert skipti.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það ákvæði, sem ekki náðist samkomulag um við 2. umr., að sett yrði í frv. Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði áður í þessu efni, að það er óneitanlega mjög óviðkunnanlegt fyrir Íslendinga að lögleiða ákvæði, sem heftir svo mjög frelsi borgaranna eins og hér er ráð fyrir gert, á meðan slíkt ákvæði er hvergi nokkursstaðar lögleitt, því að það er allt annað að leggja farbann á mann, sem ætlar úr landi í löglegum erindagerðum, heldur en að líta eftir því, að ekki sé farið ólöglega með gjaldeyri landsins. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði við 2. umr., að menn verða víða að sætta sig við, að á þeim sé leitað að þeim peningum, sem ekki má flytja landa á milli. Þetta er engin nýlunda. Þetta þykir alveg sjálfsagt, ef grunur getur leikið á um það, að menn hafi meðferðis dýrmætar vörur, sem þeir geta smyglað með því að bera þær innan klæða, og á þessum krepputímum er þetta líka látið ná yfir peninga, sem menn hafa með sér, og væri það t. d. ekkert athugavert, þótt eftirlit með útflutningi íslenzkra seðla væri nákvæmara en nú er. Það kemur oft fyrir, að það er leitað á mönnum að peningum, vegna gjaldeyrisráðstafana í ýmsum löndum, en það er ekki gert, nema sérstök ástæða þyki til þess; en hitt, að mönnum sé beinlínis bannað að kaupa farmiða til annars lands, nema þeir hafi sannað það fyrir einhverri stofnun, hvernig þeir ætli að halda sér uppi, þegar þeir koma yfir landamærin, — það þekkist hvergi. Það getur verið, að hæstv. ráðh. geti fengið þetta lögleitt, en ég vildi heina því til hans að reyna aðra viðkunnanlegri leið í þessu máli, leið, sem betur væri samboðin siðuðu þjóðfélagi heldur en þessi. Vitaskuld er hætt við, að þetta verði misnotað á marga lund, eins og hv. þm. G.-K. benti á, en við teljum, að í till. sé sérstak-

lega lítil hjálp til þess að draga úr óþarfa utanferðum, ef ástæða er til að nefna það svo.

Eins og ég minntist á í upphafi máls míns, á ég hér brtt. um að veiðarfæri komi undir þessi ákvæði. En fyrir þessari till. blés ekki byrlega við 2. umr. hjá hæstv. ráðh., því hann virðist ætla að láta þetta verða örverpi, eins og honum og hæstv. ríkisstj. hefir tekizt vel um öll þau mál, sem snerta sjávarútveginn. Þó hún hafi ekki beinlínis drepið þau, þá hefir hún verið lagin á að gera þau að þeim örverpum, sem enginn hefir haft gagn af. Þess vegna er því til að svara um að draga till. til baka, að þó ég hefði talið það sanngjarnt, ef það hefði getað orðið til þess að draga úr andúð hæstv. ráðh. gagnvart frv., þá sé ég enga ástæðu til þess, þegar hann er búinn að lýsa því yfir, að hann ætli í Ed. að gera málið gagnslaust. Ég ætla því ekki að draga till. til baka, en vil, að hún sé borin upp, svo að það sýni sig, hvaða undirtektir þetta og önnur þurftarmál fá hjá þinginu og ríkisstj. Enda ber nú óðfluga að þeirri stund, þegar útvegsmenn um land allt rísa upp og heimta sinn rétt, þar sem jafnvel svo fast er haldið í, að menn geta ekki náð fiskinum úr sjónum vegna skorts á veiðarfærum. Þetta mun hæstv ríkisstj. komast að raun um.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér þykir hv. þm. Vestm. heldur en ekki hafa tekið á við að andmæla því, sem ég sagði um frv., en það var bara sá gallinn á, að allt, sem hann sagði um málið, var alveg utan við efnið. Hér er ekki með þessu frv. verið að fara fram á friðindi vegna útvegsmanna, því það dettur engum í hug, að útvegsmenn fái ekki gjaldeyri fyrir vörur til útgerðarinnar. En eins og ég tók fram við 2. umr., verða menn að gera það upp við sig, hvort heppilegra muni vera að veita útgerðarmönnum heimild til þess að nota nokkurn hluta síns gjaldeyris án þess að hann fari gegnum bankana. Það, sem vakti fyrir þeim, sem fluttu frv., var að reyna að komast hjá að þurfa að setja bankatryggingu. Ég hélt því fram í upphafi, að þetta gengi þannig, að gjaldeyrisnefnd veitti slíkt leyfi í hvert sinn, sem útvegsmenn vildu notfæra gjaldeyri sinn á þann hátt. En svo slakaði ég til og gekk inn á, að heimildin væri skilyrðislaus fyrir þrjár tegundir — oliu, kol og salt —, vegna þess að því var haldið fram, að það mundi vera vænlegra til árangurs. Og ég verð að segja, að ég bjóst við, að gegn þeirri lipurð, sem ég sýndi, yrði vinsamlega tekið þeirri till., sem ég flutti, þó ekki væri sérstaklega um það samið. En úr því að ekki kemur annað en fjandskapur við jafnmeinlausa till., sé ég enga ástæðu til þess að beygja út frá því, sem ég upphaflega hélt mig við, að gjaldeyrisnefnd veiti leyfið í hvert sinn, og mun því ekki hika við að koma þeirri breyt. fram í Ed., að frv. færist í það horf.

Þá sagði hv. þm., að við sýndum einkennilega tregðu í garð útvegsmanna í þessum málum, þar sem S. Í. S. fengi að ráða sínum gjaldeyri. En þetta er á misskilningi byggt. Hinsvegar hefir S. Í. S. fengið leyfi gjaldeyrisnefndar til þess að ráðstafa hluta af sínum gjaldeyri, en það leyfi hafa einnig fjöldamargir útvegsmenn fengið. Það leyfi er hægt að veita eftir l. eins og þau nú eru.

Ég hefi nú sýnt fram á að nýju, að hér er ekki um annað að ræða en hvernig hægt sé að komast hjá að hafa bankana milliliði milli útvegsmanna og erlendra viðskiptamanna, og að ég tel bezt að fara þá leið, að gjaldeyrisnefndin hafi heimild til þess að veita leyfi til ráðstöfunar á gjaldeyrinum í hvert sinn. Um þetta gerði ég svo vinsamlegt samkomulag við aðstandendur frv., en fæ svo frá þeim aðeins fjandskap í garð þeirrar till., sem ég flyt. Ég sé því enga ástæðu til að halda mig við það, en mun beita mér fyrir, að því verði breytt í Ed.

Ég vil taka það fram, að verði till. hv. þm. Vestm. samþ., um að bæta veiðarfærum við, þá tel ég það svo viðtækt og erfitt í framkvæmd, að ég treysti mér ekki til að vera með því, nema það sé tekið fram með berum orðum, að til slíkrar undanþágu þurfi heimild gjaldeyrisnefndar í hvert sinn. Sem sagt er ég ekki á móti því að létta undir með útvegsmönnum í þessum efnum, en ég vil, að hægt sé að sýna fram á, að þær ráðstafanir styðjist við beina heimild í gjaldeyrislögunum.

Hv. þm. Vestm. var að tala um till. mína um eftirlit með ferðamönnum, en ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða um hana nú, þar sem hún var felld við 2. umr., þó hv. þm. væri að endurtaka það, sem hann sagði við 2. umr. Ég svaraði því þá, að ekki væri önnur meining með till. en sú, að hafa eftirlit með því, að gjaldeyrisins væri aflað á löglegan hátt. Allt annað, sem sagt er um till., er út í loftið, og gefur hún ekkert tilefni til slíks skrafs.

Forseti (JörB): Ég skal geta þess, að af vangá hafa þingskjalanúmerin 271 og 279 ekki verið sett á dagskrána í dag, en þau tilheyra þessu máli, og leiðréttist það hér með.

Jóhann Jósefsson: Það er að vísu rétt, að till. sú, sem ég eyddi að nokkrum orðum, var felld við 2. umr. og er ekki á dagskrá nú. En ástæðan til þess, að ég minntist á hana, voru tilsvör hæstv. ráðh. og harmagrátur hans yfir því, að hún skyldi vera felld, og fyrirheit hans um að koma till. inn í Ed. Það getur vel verið, að honum takist það, en það er alveg einstakt að hefta þannig ferðir frjálsra borgara. Og ég trúi því ekki, að hv. Alþ. samþ. óbreytt ákvæði till. þeirrar, sem drepin var. Það er a. m. k. mjög óviðkunnanlegt út á við, því það mun vera svo alstaðar í heiminum, að á friðartímum eru menn taldir frjálsir ferða sinna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera að eltast frekar við það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta atriði, en ég vildi sérstaklega biðja hann um glögga skýringu á því, sem hann sagði um S. Í. S. Ég hélt því fram, að S. Í. S. hefði þá sérstöðu að fá að ráðstafa sínum gjaldeyri á annan hátt en aðrir borgarar, fyrir innkaup á nauðsynjum yfirleitt. Hæstv. ráðh. fór þar dálítið undan í flæmingi og sagði, að S. Í. S. fengi ekki annan ráðstöfunarrétt en fjöldi útvegsmanna. Ég ætla ekki að bera brigður á, að hæstv.

ráðh. fari hér með rétt mál eftir þeim upplýsingum, sem honum hafa verið veittar, en ég er hræddur um, að þær upplýsingar, sem hann hefir fengið, séu ekki réttar; a. m. k. er mér ekki kunnugt um, að slíkur réttur hafi af gjaldeyrisnefnd verið veittur nokkrum útvegsbónda eða útgerðarfirma. En ef svo er, væri æskilegt að fá að vita, hverjir þeir eru, því ég veit, að það hefir ekki gilt um alla. Ef svo er eins og hæstv. ráðh. gaf í skyn, að S. Í. S. og einstakir útvegsmenn hafi haft sérstöðu í þessum efnum, væri gott að fá að heyra, hverjir þeir eru. En mér leikur grunur á, að S. Í. S. hafi þau sérréttindi, sem enginn annar í landinu nýtur. Vænti ég því, að hæstv. ráðh. útskýri þetta greinilega, og fyrst S. Í. S. hefir verið nefnt, að hann nefni þá einnig þá útvegsmenn, sem þessara hlunninda hafa notið. Um S. Í. S. hefi ég það fyrir satt, að þessi undanþága gildi um allar vörur þess fyrirtækis, sem það þarf að flytja inn. Að því er snertir þessa litlu brtt., sem ég hefi borið hér fram, er það svo, að þó hún verði samþ., er allt eftirlit með gjaldeyrinum það sama, því orðið „veiðarfæri" er jafnfast hugtak eins og t. d. olía og kol, og helgað af margra alda hefð. Ég fæ ekki skilið þau rök hæstv. ráðh., að snúast á móti till. vegna þess, að það verði of umfangsmikið fyrir gjaldeyrisnefnd að annast eftirlitið, ef hún verði samþ. Ég fæ ekki skilið, að það sé aðalástæðan til þess, að hann leggst á móti till., vegna þess að þetta eru hlutir, sem eru algerlega eins nauðsynlegir fyrir útgerðina eins og kol, olía og salt.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Það eru aðeins örfá orð út af þeim ummælum hv. þm. Vestm., að hann sagðist ekki vita betur en S. Í. S. hefði algera sérstöðu um ráðstöfun á sínum gjaldeyri. Ég hefi ekki við hendina nákvæmar upplýsingar frá gjaldeyrisnefnd um, hvernig þetta er nú, en í fyrra var það þannig, að S. Í. S., sem í mörg ár hefir haft mikil viðskipti og lánstraust í Englandi, fékk leyfi til þess að láta hluta af sínum gjaldeyri renna til greiðslu á skuldum sínum þar. Hvort þetta er eins í ár, skal ég ekki um segja, en þannig var þetta í fyrra. Er þetta alveg sambærilegt við það, sem oft kemur fyrir, að útgerðarmaður kaupir hluti og fær leyfi til að greiða þá án þess að greiðslan fari í gegnum bankana. Ég hefi ekki hjá mér nöfn þeirra manna, sem þau leyfi hafa fengið, en þeir eru margir. Geta hv. þm. sjálfsagt fengið upplýsingar um þá, ef þeir óska, því þar er engu að leyna. Eins og ég sagði áðan, er heimilt með leyfi bankanna að veita þannig undanþágu um, að gjaldeyrir renni til greiðslu á áföllnum skuldbindingum. — Þetta er að vísu ekki sagt með beinum orðum í gjaldeyrislögunum, en leiðir af einkarétti bankanna til þess að verzla með gjaldeyrinn. Enda hefir það komið fyrir hjá fleirum en S. Í. S., að hluti af gjaldeyrinum hafi runnið til skuldagreiðslu, og þannig tekinn af andvirði framleiðslunnar. Þannig hefir það verið um skip, sem flutt hafa verið inn. Svo var ekki alls fyrir löngu um togara, sem fluttur var inn, að veitt var leyfi til þess að ráðstafa nokkrum hluta af gjaldeyrinum til greiðslu á andvirði skipsins. Þá segist hv. þm. ekki skilja, hvað mér sé illa við hans till., þó ég sé margbúinn að gefa þá skýringu, að ég telji ekki framkvæmanlegt að veita undanþágu fyrir jafnmarghátt aðar vörur og veiðarfærin, sem fjöldi manna flytur inn. Ég efast um, að hv. þm. hafi kynnt sér, hvaða erfiðleikum það veldur, ef þannig á að fara með vörur, sem allir geta flutt inn, og yrði þá hver innflytjandi að senda um það aukaskilagrein til gjaldeyrisnefndar, og fylgja því svo mikil aukastörf, að slíkt má teljast illkleift, enda sé ég ekki ástæðu til þess, því hingað til hefir það ekki komið að skaða. Þó hv. þm. Vestm. haldi því fram, að það sé vegna gjaldeyrisþvingunar, að skortur hefir orðið á veiðarfærum, er það ekki rétt, heldur er það vegna þess, að sérstök slys hafa orðið á veiðarfærunum. Hitt dettur engum í hug, að hægt sé að komast hjá að leyfa innflutning á veiðarfærum, og þá vitanlega að greiða þau.

*__Sigurður Kristjánsson__: Mér kom dálítið á óvart, þegar hæstv. ráðh. fór enn þá að krafsa í frv., eftir þá breyt., sem samkomulag varð um í fjhn. að gera. Eins og ég skýrði frá við 2. umr., er þersýnilegt, að frv. er mjög skert við það samkomulag, sem varð í fjhn., en þó hefi ég lýst yfir, að ég muni fylgja frv. — jafnvel þó ekki sé meira eftir af því. En ég tel mig hafa óbundnar hendur um að greiða atkv. með till., sem gengur lengra. Nú liggur fyrir till. frá hv. þm. Vestm. um að bæta við veiðarfærum, og frá hv. þm. Ísaf. um að bæta við veiðarfærum og allskonar útbúnaði til skipa. Ég skal játa, að orðalagið á síðustu till. er nokkuð óbundið, en ég býst við, að flm. meini þar útbúnað til veiðiskipa, því ég ætla ekki að gera honum þær getsakir, að hann flytji till. til þess að drepa frv.; a. m. k. ætla ég fyrst að sjá, hvernig afstaða hans verður við atkvgr.

Út frá því, sem hæstv. fjmrh. sagði um fjandskap — eins og hann orðaði það —, sem till. hans hefði mætt, þá kannast ég ekki við það. Till. hefir verið mótmælt blátt áfram af einstökum þm., en enginn fjandskapur verið sýndur, nema að hún féll eins og fjöldi till. gerir alltaf í þessari d. og þinginu yfir höfuð, án þess að við það sé bundinn nokkur fjandskapur til till. sjálfra; það er bara skoðanamunur. En mér fannst hæstv. ráðh. furðu ófeiminn, að tala um fjandskap við sjávarútvegsmál, því að það hefir ekki leynt sér, að það er um mikilu meira en skilningsleysi að ræða frá hans hálfu og hans samflokksmanna gagnvart sjávarútveginum. Það þýðir ekki að fara neitt í launkofa með, að almennt er það álitinn vera mjög blindur fjandskapur, þegar á það er litið, að hæstv. stj. veit vel, að afkoma fjölda fólks í landinu er afskaplega bundin því, að liðkað sé til fyrir þessum atvinnurekstri, þegar hann stendur höllum fæti, og þar að auki eru tekjur ríkissjóðs ákaflega mikið bundnar við afkomu þessa atvinnuvegar. Þegar tekið er tillit til þessa, held ég, að mönnum blandist ekki hugur um, að það er miklu meira en skilningsleysi, sem veldur þeirri þrjózku og þeirri andstöðu, sem svo að segja hver einasta till., sem á að vera sjávarútveginn-

um til hjálpar, mætir hjá honum og hans skoðanabræðrum. Hæstv. stj. veit það vel, að innan hennar flokka eru menn, sem þykir nóg um þennan kulda, sem sjávarútvegurinn hefir mætt frá stj., og þar af leiðandi er það, að einstakir menn í fjhn. hafa viljað ganga til móts við okkur flm. í þessu máli. En það er sýnilegt, að seigla óvildarinnar er furðu mikil hjá hæstv. stj. Þegar búið er að skerða frv. mikið í d., þá rís hæstv. fjmrh. upp og segir frá því feimnislaust, að hann ætli að nota þá átyllu, að ekki var samþ. sérstakt form fyrir því, hvenær ferðamenn væru ferðbúnir úr hlaði, að hans skapi, til þess að verða þessu máli til tjóns og að bana. Ég skal ekki segja, hvernig Ed. snýst í þessu máli, en hæstv. ráðh. talaði eins og hann ætlaði að skríða í eitthvert skúmaskot í Ed. til þess að myrða frv. Ég veit ekki, hvort hann er svo kunnugur þar, að hann viti af einhverju skúmaskoti, þar sem hann gæti myrt málið, en hann talaði kunnuglega um, að þarna væri hægt að skríða í einhvern skugga, þar sem væri hægt að koma málinu fyrir kattarnef.

Út af því, sem talað hefir verið um, hvort Sambandið hefði sérstöðu um gjaldeyri, þá vil ég upplýsa það, að formaður gjaldeyrisn. kom á fund sjútvn. í fyrra. Þar var leitt í tal, hvort Sambandið hefði sérstöðu í því efni. Ég man ekki, hvort það var ég eða hv. þm. Vestm., sem spurði blátt áfram um það, hvort Sambandið hefði sérstöðu hvað gjaldeyrisleyfi snerti. Hann viðurkenndi, að svo væri, að það héldi sínum gjaldeyri sérstaklega, en fór ekki nákvæmlega út í það, að segja, hvort það væri allur sá gjaldeyrir, sem því tilfélli, sem það réði yfir án verulegrar íhlutunar bankanna.

Þetta er ekki ný saga fyrir okkur. Almenningi er kunnugt, að innflutningshöftunum er misbeitt, og er bezt að segja það alveg umbúðalaust. Það er vitað, að þessum l. er misbeitt pólitískt. Einstakir atvinnuvegir og sérstakir stjórnmálaflokkar eiga ávallt undir högg að sækja sinn rétt, nema þeir geti fyrir sig borið alveg skýlausan lagabókstaf, en aftur á móti er séð gegnum fingur við þá, sem eru pólitískir fylgismenn núv. valdhafa.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta frv. er borið fram fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að það var komið í ljós, að ekki voru aðeins mikil vandræði fyrir útgerðarmönnum að fá yfirfærslur, heldur voru yfirfærsluvandræðin, og sérstaklega yfirlýsingar, sem gefnar voru út af stjórnarvöldunum í sambandi við það, farnar að spilla stórkostlega lánstrausti þeirra, svo að ekki eingöngu voru líkur til, að þeir gætu ekki greitt vörurnar, heldur var loku fyrir það skotið, að þeir fengju gjaldfrest hjá erlendum seljendum. Ástæða fyrir frv. er einnig sá réttur, sem hver maður á til þess gjaldeyris, sem hann aflar. Það er eign mannsins, sem hann fær fyrir sína vöru, og er ekki hægt nema með sérstökum l. að svipta hann þeim eignarrétti. Þetta hefir verið gert með gjaldeyrisl. Menn hafa beygt sig undir það af þjóðarnauðsyn. En það gengur of langt, þegar girt er fyrir það, að menn fái að halda áfram atvinnurekstri sínum fyrir þessum höftum. Frá almennu sjónarmiði er það ekki ósanngjarnt, að útgerðarmenn ráði yfir þeim hluta gjaldeyris síns sem þarf, til þess að geta skaffað aðkeyptar vörur til atvinnurekstrar síns. Á þetta hefir fjhn. litið og því gert þá miðlun í málinu, sem ég vil fylgja, svo langt sem hún nær, en álít, að ekki megi á nokkurn hátt skerða.

Nú líður að atkvgr. um þetta mál. Ef d. verður þeirrar skoðunar, að frv. eigi að komast út úr d. óbreytt, eða með þeim breyt., sem fyrir liggja nú, þá geri ég ráð fyrir, að þeir haldi þessari einurð og breyti frv. aftur, þegar það kemur úr þessu fyrirhugaða skúmaskoti hæstv. fjmrh.

Jóhann Jósefsson: Það var út af skýringu hæstv. ráðh. um sérréttindi Sambandsins með erlendan gjaldeyri, að ég vildi aðeins bæta við fáum orðum. — Hæstv. ráðh. segir, að Sambandið hafi í mörg ár haft sambönd í Englandi og hafi fengið leyfi til að verja ákveðnum hluta af gjaldeyrinum til þess að borga skuldir við þessi sín sambönd. Ég hafði beðið hæstv. ráðh. að nefna mér þau fyrirtæki önnur hér á landi, ef nokkur væru, sem hann í sinni fyrri ræðu gaf í skyn, að hefðu samskonar sérréttindi og Sambandið. Hann nefndi engin slík fyrirtæki, og ég hygg, að honum muni verða erfitt að finna þau.

Nú er þess að gæta, að það er ekki Sambandið eitt, sem hefir í mörg ár haft föst sambönd við útlönd. Það eru mörg verzlunarfyrirtæki hér á landi, sem hafa svipuð sambönd og Sambandið, þannig, að menn hafa fengið vörur á vissum tíma árs, og jafnvel fengið að standa í skuld nokkra mánuði. Þessi verzlunarfyrirtæki eru mörg, og ég staðhæfi, að ekkert þeirra hefir þessi sérréttindi, sem Sambandið hefir.

Það þýðir ekkert að vera að fara í kringum þetta mál. Það er ekkert sambærilegt, þó að keypt sé skip og kaupendurnir fái vilyrði fyrir að fá að nota sinn gjaldeyri á komandi árum til þess að borga skipið. Við erum að ræða um almenn vörukaup, og það er upplýst í þessu máli, að Sambandið hefir sérréttindi um sín almennu innkaup samskonar og kaupmenn og yfirleitt önnur verzlunarfyrirtæki á landinu þurfa að hafa með höndum.

Það er ennfremur upplýst, að það er ekki hægt að nefna neitt verzlunarfyrirtæki hér á landi, sem hefir hliðstæð sérréttindi og Sambandið í þessu efni.

Ég er alls ekki að halda því fram, að Sambandið ætti ekki að hafa þessi réttindi, en hinu vil ég halda fram, að önnur gömul verzlunarfyrirtæki — og þau eru til eins gömul og jafnvel eldri en Sambandið — séu þá látin hafa sömu aðstöðu um meðferð síns gjaldeyris.

Með yfirlýsingu hæstv. ráðh. er því alveg slegið föstu, að Sambandið nýtur sérstakra ívilnana um meðferð síns gjaldeyris til kaupa á almennum nauðsynjum sínum, og þegar svo er, þá virðist mér andstaða hæstv. ráðh. móti brtt. minni um veiðarfæri, og yfir höfuð andstaða hans gegn nauðsynjum útvegsins, lítt skiljanleg og alls ekki réttlætanleg.

Mér kemur það alls ekki á óvart, þegar hæstv. ráðh. segir, að menn yrðu að gera grein fyrir því, hvernig þeir verðu gjaldeyrinum til veiðarfærakaupa. Hann taldi það miklum örðugleikum

þundið og í raun og veru einn stærsta erfiðleikann. En eftirlitið með þessu kæmi vitanlega af sjálfu sér, því að auðvitað yrði eftir sem áður að fá innflutningsleyfi fyrir þessum vörutegundum. Er þá hægt að sjá á innkaupsreikningunum, hversu mikinn gjaldeyri viðkomandi maður hafi þurft að nota til kaupanna.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að svara orðum hv. 6. þm. Reykv. um óvild mína til sjávarútvegsins, — ég hefi svo oft svarað því áður. Þetta mál snertir ekki heldur það, hvort menn vilja unna sjávarútveginum einhvers réttar, heldur, eins og ég hefi margtekið fram, aðeins formið fyrir því, hvernig hentugast er að fá vörur til landsins. Allur þessi blástur hv. þm. um óvild til sjávarútvegsins er því út í bláinn.

Þá hefir bæði hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. verið mjög umhugað að halda því fram, að Sambandið hefði það, sem þeir kölluðu sérréttindi og ívilnanir um gjaldeyri sinn. Ég upplýsti það áðan, hvernig þessu hefði verið háttað með Sambandið, a. m. k. í fyrra, að það hefði fengið að verja nokkru af sínum gjaldeyri til greiðslu á skuldum vegna vöruinnflutnings. Ég hygg, að hver maður, sem ekki er skyni skroppinn, sjái, að hér er ekki um neinar ívilnanir að ræða til handa þessu verzlunarfyrirtæki, heldur er þetta gert af gjaldeyrisyfirvöldunum til þess að hægt sé að halda við því *lánstrausti*, sem þarna hefir verið myndað erlendis, því að hér var um að ræða lán í banka. Og ef ekki hefði verið hægt að halda við þessu lánstrausti, hefði orðið að telja út gjaldeyrinn fyrir þessar vörur miklu fyrr en ella. Það er því þessi dýrmæti gjaldeyrisfrestur fyrir bankana og landið í heild sinni, sem veldur því, að þessu hefir verið hagað á þennan hátt, en alls ekki verið skapaðar neinar ívilnanir fyrir þessa stofnun.

Hv. þm. Vestm. orðaði þetta svo, að Sambandið hefði haft ívilnanir að því er snerti almenn vörukaup. Ég hygg, að þetta sé vísvitandi orðað þannig til þess að koma að blekkingum, því að þessi orð eru ekki rétt. Sambandið hefir vitanlega orðið að hlíta minnkuðum innflutningsleyfum alveg eins og aðrir, en fengið, eins og ég sagði, að nota nokkuð af sínum gjaldeyri til þess að greiða sínar eigin skuldir. Hvort önnur fyrirtæki hafa haft samskonar lán, er mér ekki kunnugt, en ég hygg, að svo hafi ekki verið. (**HannJ**: Mér er kunnugt um, að neitað hefir verið um gjaldeyri til samskonar greiðslu). Mér er ekki kunnugt um það. Bankarnir hafa beinlínis gert þetta til þess að halda við lánstraustinu erlendis, en það var alveg sama fyrir Sambandið, því að það hefði annars fengið lán innanlands (**HannJ**: En það er ekki sama fyrir heildina). Nei, það er rétt, það er betra fyrir þjóðarheildina, að slíkt lánstraust fáist í erlendum bönkum.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að það væri ekki sambærilegt, þó að menn fengju svona leyfi, ef þeir keyptu t. d. skip erlendis. En þetta er einmitt sambærilegt, því að í báðum tilfellunum er um að ræða viðskipti, sem innflutnings- og gjaldeyrisleyfi þarf fyrir. Annars er það, að ef hv. þm. hefir eitthvað sérstaklega að athuga við þetta, þá ætti hann ekki að beina því fram hér á þingi, heldur gegn þeim, sem að þessu hafa staðið, sem sé bönkunum.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði í sambandi við það, sem hann sagði um Sambandið, að almenningi væri kunnugt, að gjaldeyrisl. væri misbeitt til framdráttar þeim, sem styddu stj. Maður kannast við þennan són, sem er framhald af því, sem sífellt hefir verið klifað á í blöðum stjórnarandstæðinga. Þó hafa þeir ekki séð sér sigurvænlegt að halda því fram nú, og eftirtektarvert var það, að á eldhúsdaginn, sem er nú nýafstaðinn, var þetta ekki nefnt á nafn. Hefði naumast verið þagað um það, ef eitthvað hefði verið hægt að draga fram. Og til þess að sýna, hversu ástæðulausar þessar ásakanir eru um hlutdrægni í garð Sambandsins, vil ég geta þess, að þegar úthlutað var fyrir fyrsta ársfjórðung, þá fóru fram umr. milli fulltrúa verzlunarráðsins í sambandi við gjaldeyrisleyfin og skiptinguna milli kaupmannaverzlana og samvinnuverzlana, og þá varð fullt samkomulag milli þessara aðilja um þetta mál. Fulltrúar kaupmanna í verzlunarráðinu lýstu sig samþ. þessari ráðstöfun gagnvart Sambandinu. Það er því misskilin húsbóndaþjónkun hjá hv. 6. þm. Reykv., ef hann heldur, að hann fari hér með eitthvað, sem sé vel séð í þeim herbúðum, sem hann hefir bækistöð í. Það eina, sem ósamkomulagi gat valdið, var það, hvort ný kaupfélög fengju gjaldeyrisleyfi. Það sem þessi hv. þm. gæti því helzt talað um misbeitingu, væri úthlutun gjaldeyris til slíkra nýrra neytendafélaga. En ég er reiðubúinn að standa við það, að sú ráðstöfun hefir orðið ákaflega mikið til þess að koma í veg fyrir, að verðhækkun skylli yfir þennan bæ jafnmikið og orðið hefði, ef ekkert hefði verið að gert. Og þó að þessi hv. þm. tali um misbeitingu, þá mun almenningur ekki taka undir það, hvorki í þessum bæ né annarsstaðar.

Þessi hv. þm. var að tala um, að stjórnarandstæðingar fengju ekki réttláta afgreiðslu hjá gjaldeyrisnefnd, en aftur á móti væri séð gegnum fingur við meðhaldsmennina. Ég vil skora á hann að færa sönnur á þessi orð. Ég held, að þótt öllum sé það ljóst, að það er mikill vandi að stjórna gjaldeyrismálunum, þá verði aldrei sagt með sanni, að vísvitandi hafi verið beitt rangindum í þeim málum. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að góð samvinna hafi verið milli gjaldeyrisnefndar og fulltrúa verzlunarstéttarinnar, sem í höfuðdráttunum hefir með þessi mál að gera.

Umr. þessar eru nú komnar alllangt frá efni frv., en á því á ég enga sök. Ég hefi orðið að svara því, sem að mér hefir verið beint. Um málið sjálft hefi ég sagt mína skoðun, og læt það nægja. Ég mun beita mér fyrir því, að till. um ferðamennina verði tekin inn í frv. í Ed., en verði till. hv. þm. Vestm. samþ., þá tel ég mér ekki fært að fylgja frv. frá þessari umræðu.

*Sigurður Kristjánsson: Út af þeim ummælum, sem fallið hafa hér um aðstöðu þá, sem S. Í. S. hefir verið veitt í gjaldeyrismálunum, vil ég taka það fram, að það eru vissulega margir aðrir aðiljar en S. Í. S., sem hafa gömul viðskiptasambönd ytra og hafa því þörf fyrir að við-

halda lánstrausti sínu gagnvert lánardrottnum sínum. En það er rétt, að lánstraust þessara manna er alveg á förum ytra, því að svo mikil hefir tregðan verið á yfirfærslunum, að menn hafa alls ekki fengið hinar allra nauðsynlegustu yfirfærslur. Og er það óneitanlega hart, a. m. k. fyrir þá menn, sem sjálfir eiga gjaldeyrinn.

Það er vitanlega hrein og bein fjarstæða að halda því fram, eins og gert hefir verið undir þessum umr., að menn hafi fengið gjaldeyri eftir þörfum fyrir innflutningi vegna útgerðarinnar. Það þýðir ekkert að segja slíkt æ ofan í æ, því að það er vitanlega ekki rétt. Hitt er vitanlega ekki nema eðlilegt, að örðugleikar séu á því að veita gjaldeyrisleyfi, en það er aftur alveg óþolandi, að menn séu látnir sæta misjöfnum kjörum um úthlutun hans, einum gert hærra undir höfði en hinum.

Hæstv. fjmrh. sagðist ekki ætla að svara því, sem ég sagði um óvildina í garð útgerðarinnar. Þetta skil ég mætavel, því að ég býst við, að honum hefði orðið þar svarafátt, því að það mál hefir fyrir löngu fengið sinn dóm hjá þjóðinni.

Þá sagði hæstv. ráðh. ennfremur, að ekki myndi vera mikil óánægja um framkvæmd gjaldeyrislaganna, þar sem ekki hefði verið fundið að henni í eldhúsumr. Þessu er því að svara, að slíkt er engin sönnun. Það er nfl. alls ekki hægt að tína upp allar syndir stj. á jafnstuttum tíma og stjórnarandstæðingar höfðu þar yfir að ráða. Á svo skömmum tíma er aðeins hægt að sýna á eyrnabroddana á mestu ávirðingum stj., svo margar og miklar eru þær. Máli sínu til sönnunar vildi hæstv. ráðh. og halda því fram, að góð samvinna væri í gjaldeyrisnefndinni. En þetta er hreinasta blekking. Hvernig er ánægja þeirra, sem gjaldeyrinn þurfa að nota? Er hún kannske mikil? Nei, og aftur nei. Annars vil ég bjóða hæstv. ráðh. upp á það, að láta þessa misklíð niður falla, ef hann getur fengið einn tíunda hluta kaupsýslu- og útgerðarmanna til þess að lýsa því yfir, að þeir séu ánægðir með úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. er með öllu ókleift, svo mikil er óánægja fólksins.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. fjmrh. var með ásakanir um það, að máli þessu hefði verið beint inn á aðrar og óviðkomandi brautir. Og jafnframt beindi hann því til mín, að ég hefði farið hér með vísvitandi blekkingar. Þessi ummæli krefst ég, að hæstv. ráðh. taki aftur og biðji mig gott fyrir.

Ef hæstv. ráðh. heldur, að ég hafi minnzt hér á S. Í. S. og aðstöðu þá, sem það hefir gagnvart gjaldeyri sínum, af því að ég telji það ranglátt eða sjái eftir því, þá er það mesti misskilningur. Það, sem ég hefi viljað sýna fram á, er það, að hið sama eigi að ganga yfir aðra hlutaðeigendur í þessum málum. Annars gaf hæstv. ráðh. mikilsverða yfirlýsingu. Hann sagði, að S. Í. S. hefði svo dýrmæt verzlunarsambönd ytra, að gagnvart þeim mætti enginn skuggi falla á S. Í. S., og þess vegna hefði því verið leyft að fara með sinn eiginn gjaldeyri eftir vild. Síðar í ræðu sinni sagði hann ennfremur, að það væri sama, hvort skuldirnar erlendis væru við banka eða aðra viðskiptamenn. Þetta er vitanlega alveg rétt. En ég vil aðeins benda hæstv. ráðh. á það, að það eru fleiri aðiljar en S. Í. S., sem hafa dýrmæt verzlunarsambönd ytra, sem þeim er stórtjón að missa, en hann getur bara ekki bent á nokkurt dæmi þess, að hlaupið hafi verið undir bagga með þeim, sem þar eiga hlut að máli, á sama hátt og gert hefir verið gagnvart S. Í. S.

Ég skal svo endurtaka það, sem ég hefi sagt áður, að ég tel sjálfsagt og rétt, að S. Í. S. fái aðstöðu til þess að halda lánstrausti sínu og virðingu erlendis, en ég vil jafnframt taka það fram, að ég tel jafnsjálfsagt, að aðrir aðiljar fái sömu aðstöðu til þess gagnvart sínum viðskiptamönnum. S. Í. S. á ekki að fá nein sérréttindi umfram aðra hvað þetta eða annað snertir.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ekki væri hægt að ætlast til, að stjórnarandstæðingar gætu komið með allar aðfinnslur sínar við stjórnina í eldhúsumr., — til þess hefðu þeir of lítinn tíma. Þeir hefðu, sakir tímaskorts, ekki tækifæri til þess að koma fram með nema lítinn hluta þeirra. En ég verð nú að segja, að þegar það er athugað, hvernig þeir notuðu tímann við síðustu eldhúsumr., þá sé þetta dálítið hæpin röksemd, því að eins og menn muna, þá höfðu þeir fulla 6 kl.tíma til umráða við þá umr., en meginið af tímanum notuðu þeir til þess að tyggja upp það, sem þeir voru margbúnir að segja áður, bæði í ræðum og ritum. Þeir hefðu því áreiðanlega, öllum að skaðlausu, getað notað eitthvað af þeim tíma, sem þeir notuðu til endurtekningar sínum fyrri blekkingum, til þess að ræða þetta mál. En eins og ég hefi tekið fram, þá hafa þeir bara ekki fundið ástæðu til þess.

Eins og kunnugt er, var því oft haldið fram áður af stjórnarandstæðingum, að kaupfélögunum væri gert sérstaklega hægt um að fá innfluttar vörur sínar, en nú hefir allt slíkt umtal verið svo gersamlega kveðið niður, að þeir þora ekki að halda því fram, að kaupfélögin verði ekki að sæta sömu reglum um innflutning og aðrir aðiljar, nema þá helzt innan fjögra veggja.

Þá sagði þessi hv. þm., að ég hefði sagt, að góð samvinna hefði verið í gjaldeyrisnefndinni, og yfirleitt á milli þeirra aðilja, sem hér ættu hlut að máli. Þetta er vitanlega að nokkru leyti útúrsnúningur, eins og vænta mátti hjá þessum hv. þm. Mín orð voru þau, að gott samkomulag hefði verið um skiptingu gjaldeyris- og innflutningsleyfanna, sem úthlutað var fyrir fyrstu 4 mán. ársins.

Hv. þm. Vestm. sagði, að bankarnir og gjaldeyrisnefnd hefðu ekki gert neitt til þess að vernda lánstraust og erlend viðskiptasambönd annara en S. Í. S. Þetta er vitanlega ekki rétt. Ég veit ekki betur en að allt til þessa hafi bankarnir gert allt, sem þeir hafa getað, til þess að vernda lánstraust og sambönd manna erlendis. Þannig hafa þeir t. d. tekið á sig tryggingu á heilum skipsförmum til útgerðarinnar. Þetta hefir ekki verið venja áður. Og sé þetta ekki til þess að tryggja lánstraust viðkomandi manna, þá veit ég ekki, hvernig á að fara að tryggja það. Annars virðist mér þýðingarlítið að ræða öllu

meira um þetta mál. Ágreiningurinn er ekki um það, að ekki beri að tryggja lánstraust og tiltrú hinna íslenzku kaupsýslumanna gagnvart erlendum lánardrottnum sem allra bezt, heldur er hann um leiðirnar, hvernig eigi að ná því marki.

Umr. frestað.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 18. og 20. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Herra forseti! Þegar ég kvaddi mér hljóðs, þá var ég að sönnu búinn að taka tvisvar sinnum til máls, en hafði þó talað mjög lítið. En eftir að ég hafði talað kom æðimargt fram í ræðu hæstv. fjmrh., sem þarf skýringar og leiðréttingar við. Ég veit þess vegna, að hæstv. forseti mun ekki telja það nema eðlilegt, að ég þurfi að koma þeim leiðréttingum að og að sú aths. mín verði nokkuð lengri heldur en ég hefi verið vanur að hafa eftir tvær ræður. En auðvitað mun ég reyna að gæta alls hófs í því.

Það, sem hæstv. fjmrh. hafði sérstaklega við mína ræðu að athuga, var viðvíkjandi því, að gjaldeyris- og innflutningslögunum hefði verið beitt rangsamlega eða ekki látin ganga jafnt yfir alla þá, sem þau lög snerta. Hann taldi þetta hina mestu fjarstæðu og fór mjög lítilsvirðandi orðum um minn málflutning um þetta atriði. En ég hafði í höndum sannanir og í minni vitund og minni fullkomna vissu um það, að þetta var ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. Sérstaklega furðaði mig á því, að hann skyldi leyfa sér að fullyrða það, að menn væru orðnir á eitt sáttir um það, að þessi lög gengju réttlátlega og jafnt yfir. Í þessu sambandi vil ég minna hæstv. fjmrh. á það, sem hann sjálfur hefir verið búinn að gleyma, en þó er ekki umliðið fyrir löngu, og það er opinber yfirlýsing eins af nefndarmönnum innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, og hefi ég fyrir mér hans umsögn um þetta, og vænti ég, að hæstv. forseti hafi ekki á móti því, að ég lesi hér upp nokkur orð til að hrekja það, að svo sé litið á af verzlunarstétt landsins, að þessi lög hafi gengið jafnt yfir. Það er merkilegt, að þessi meðlimur innflutnings- og gjaldeyrisnefndar byrjar á því að lýsa því yfir, að það sé á ábyrgð fjmrh., sem þessi nefnd starfar. Hann segir svo: „Gjaldeyrisnefndin starfar í aðalatriðum eftir reglum, sem fjmrh. hefir sett og móta framkvæmd starfsins. Í starfsreglum þessum er svo fyrir mælt, að innflutningsleyfi skuli gefin kaupfélögum og pöntunarfélögum eftir fjölda félagsmanna í samræmi við áætlaðan heildarinnflutning til landsins.“ En síðar kemur fram í þessari grein, að þessum félögum, pöntunarfélögum og kaupfélögum, er ætlað að hafa innflutning eftir höfðatölu, en sú tala er, skilst mér, reiknuð einkennilega út. Því hann segir, þessi sami maður, sem ekki þarf að efa, að fari rétt með, eftir hvaða reglum nefndin starfi, að hér í Rvík sé félag, sem nefnist Pöntunarfélag verkamanna, sem telji sig hafa 900 þátttakendur. Samkv. útreikningi gjaldeyrisnefndar eigi félag þetta að fá sem svarar 9% af öllum innflutningi til bæjarins. Ef við bættust 10 félög hér í bænum af sömu tegund og hvert hefði svipaða tölu þátttakenda, eða samtals tæpan þriðjung bæjarbúa, myndi hver einasta matvöru-, byggingarefna-, vefnaðarvöru-, olíu-, benzin- og járnvöruverzlun bæjarins verða að loka. Þær fengju engan innflutning. Ég held, að þessar reglur sýni og sanni það, sem ég hefi áður haldið fram, að þessi lög séu þannig framkvæmd, að þau gangi ákaflega ójafnt yfir. Nú er það svo, að þegar öllum innflutningi á að skipta svona, þá kemur fram önnur villa, sem þessi sami maður einnig bendir á. Eftir þessu ættu t. d. kaupfélög í sveit að hafa rétt til þess að fá vissan hluta af innflutningi útgerðarvara. Hvaða vit er nú í þessu? Kaupfélag uppi í sveit, þar sem engin útgerð er kannske í nánd, á að fá í sinn kvóta vissan hluta af innflutningi útgerðarvara.

Þessi sami maður segir, að eftir þessum reglum verði ekki annað séð en að hér sé um að ræða skipulagða útrýming kaupmannastéttarinnar í landinu. Og svo stendur þessi hæstv. ráðh. upp, sem hefir sett þessar reglur og er ófáanlegur til að breyta þeim, og segir, að það sé hin mesta fjarstæða, að þetta gangi ójafnt yfir, og ber meira að segja verzlunarstéttina fyrir því, að þetta sé rétt. En fulltrúi verzlunarstéttarinnar í þessari nefnd hefir gefið þessar upplýsingar, sem ég nú hefi lesið upp.

Það er líka eftirtektarvert, að í þessari grein kemur fram hjá þessum meðlimi gjaldeyrisnefndar, að annarsstaðar hafi það þótt dálitið athugunarvert, þegar reglur hafa verið settar um verzlun og innflutning, að einskorða hann við þá menn, sem áður hafa verzlað. Það var upphaflega mikið til gert hér. En hann segir, að verzlunin geti dálitið stirðnað á þessu og færzt í of fast og framfaralaust form, og þess vegna séu annarsstaðar veittar vissar prósentur til nýrra verzlana. Þetta er líka eðlilegt, vegna þess að ýmsar verzlanir hverfa úr sögunni af ýmsum ástæðum; þær geta orðið gjaldþrota og eigendur þeirra fallið frá o. s. frv. En hér á Íslandi er þetta svo, að þær einu nýju verzlanir, sem geta fengið innflutning, eru kaupfélögin. En allir, sem hafa aflað sér verzlunarmenntunar og vilja verða starfandi kaupsýslumenn, eru algerlega útilokaðir. Ég hefi tekið þetta upp sérstaklega vegna þess, að það kollvarpar gersamlega því, sem hæstv. fjmrh. sagði um það, að allt gengi jafnt yfir og að það mundi líka vera álit verzlunarstéttarinnar, eða a. m. k. forráðamanna hennar.

En það er alveg rétt, að kaupmenn og þeirra forráðamenn hafa látið það í ljós — og það er einmitt tekið fram í þessari grein —, að það, sem þeir hafa átt við kaupfélögin eða S. Í. S., hafi borið vott um meiri skilning og sanngirni heldur en það, sem þeir hafa átt við hæstv. fjmrh. Hann segir það líka í greininni, þessi meðlimur gjaldeyrisnefndar, að S. Í. S. hafi tekið vel og skynsamlega á í þessum málum, en að engu hafi orðið um þokað, þegar til fjmrh. kom. Eftir höfðatölunni hefði átt meira en að tvöfalda innflutning kaupfélaganna, þegar innflutningur

er þó að minnka, en auðvitað vill S. Í. S. ekki taka á móti slíku, því það er eftir að selja þær vörur og innheimta verðið fyrir þær. Og það er ekki að búast við því, að menn, sem vanir eru slíkum forretningum, vilji taka það að sér að finna nýja kaupendur fyrir annað eins af vörum og þeir hafa áður flutt inn. En það lítur þannig út sem hæstv. fjmrh. hugsi bara út frá því, hvernig hægt sé að drepa verzlunarstétt landsins.

Ég skal nú ekki hafa fleiri orð um þetta sérstaka atriði, af því að þetta átti aðeins að vera aths. En í framhaldi af þessu og til andsvara því, sem hæstv. fjmrh. sagði um það, hvað þessi lög gengju jafnt yfir alla hlutaðeigendur og hvað verzlunarstéttin væri ásátt um það, þá vil ég bara skýra frá því, að þessi sami maður í innflutnings- og gjaldeyrisnefnd var mættur og stóð náttúrlega fyrir svörum á verzlunarþinginu, sem hér var haldið í vetur, og hann lýsti því þá yfir — sem hér var deiluatriði um daginn —, að S. Í. S. hefði sinn gjaldeyri frjálsan. Þetta var opinn fundur, sem bæði ég og fleiri vorum á, svo að ég ætla, að þetta hafi ekki verið neitt leyndarmál. Er þessi yfirlýsing í góðu samræmi við það, sem formaður gjaldeyrisnefndar sagði hér á fundi í sjútvn. í fyrra. Á þessum fundi kom hann með tvær till., þessi meðlimur innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, og var sú fyrri þannig: „Að leyfi þau, sem þegar hafa verið gefin út af nefndinni og ekki hafa fengið afgreiðslu, verði látin ganga fyrir um yfirfærslu strax og kostur er.“ Þetta var gert út af því, að bankarnir höfðu ekki getað yfirfært það, sem leyfi var til fyrir, en þá lét gjaldeyrisnefnd þessi leyfi ganga úr gildi eftir vissan tíma og nýir menn fengu leyfi, en hinir sátu á hakanum, af því að bankarnir höfða ekki getað yfirfært. — Önnur till. var þessi: „Að fundinn verði grundvöllur fyrir, að þau gjaldeyrisleyfi, sem gefin verða út eftir nýár, verði ekki háð því algerða öryggisleysi, sem nú er um gjaldeyrisleyfi. Að kaupmenn og aðrir innflytjendur fái sömu tryggingu til þess að standa í skilum með vörugreiðslur til útlanda eins og kaupfélagsstarfsemin í landinu, sem nú ræður yfir sínum eigin gjaldeyri og er því ekki háð greiðslustöðvun bankanna og þeirri hættu, sem af því leiðir.“ Mér þykir það djarft af hæstv. fjmrh. — hafandi þessar till. í höndum — að leyfa sér að svara ræðu minni með þeirri staðhafingu, að ég hefði farið með rangt mál, er ég sagði, að lögunum um gjaldeyrisverzlun og innflutning hefði verið ranglega beitt, því hann hefir líka í höndum bréf, sem Verzlunarráð Íslands samkv. fyrirskipun verzlunarþingsins skrifaði stj. út af þessu máli. Í þessu bréfi stendur, að þinginu hafi ekki unnizt tími til þess að gera sundurliðaðar ályktanir um þessi mál, en í þess stað hafi svo hljóðandi áskorun verið samþ.: „Að Verzlunarráði Íslands verði falið að leita samninga við ríkisstj. um, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd verði nú þegar breytt þannig, að öll verzlunarstétt landsins geti borið traust til hennar.

Vér leggum áherzlu á, að nefndinni verði falið:

1. að sjá um, að innflutningurinn fari ekki fram úr gjaldgetunni, þannig að reynt verði af ýtrasta megni að ná greiðslujöfnuði við útlönd;

2. að réttlætis verði gætt við úthlutun innflutningsleyfa og gjaldeyrisleyfa eftir fastri „kvóta“-aðferð, og að báðar þær meginviðskiptastefnur, sem nú eru í landinu, séu jafnréttháar.“

Þetta var hæstv. ráðh. sent, en hann hefir ekki svarað því ennþá.

Ég held, að ég hafi nú sýnt fram á, að það var gersamlega rangt, sem hæstv. fjmrh. fór með, þegar hann sagði, að þessi lög gengju jafnt yfir. Ég get bætt því við, að síðan gjaldeyris- og innflutningshöftin voru sett, hefir innflutningur til landsins verið skorinn stórkostlega niður, eins og kunnugt er, en í blaði hæstv. fjmrh., Tímanum, frá 9. júlí síðastl., var skýrt frá því eftir síðasta sambandsfund, að sala innfluttra vara hjá Sambandinu hafi verið 6459000 kr. þ. á., en árið 1932 var sala þessara vara 3613000 kr.; m. ö. o. tvöfaldast salan á innfluttum vörum hjá sambandinu á sama tíma sem aðrar verzlanir landsins færa saman kviarnar, vegna þess að þeim er neitað um innflutning. Þetta hygg ég, að sanni það, sem ég hefi látið skína í, að þessi höft hafa verið sett til þess að mismuna mönnum, og það er vitað, að þessi innflutningshöft voru í fyrstunni sett beinlínis fyrir S. Í. S., og þessari staðhæfingu minni til frekari sönnunar skal ég benda á það, að í þessari sömu skýrslu hefir forstjóri sambandsins lýst yfir því, að á þessu ári, sem flestir kaupmenn landsins töpuðu fé vegna gjaldeyrishaftanna, hafi Sambandið grætt 1,2 millj. kr. Þetta sýnir, að innflutningshöftin voru fyrst og fremst sett fyrir S. Í. S.

Í þessari skýrslu forstjóra S. Í. S. stendur ennfremur:

„... Þá gat form. þess, að á síðastl. ári hefði Sambandið gengið í samband ensku kaupfélaganna í Manchester. Hefði skrifstofan í Leith átt nokkur skipti við það undanfarin ár, en hægt var að komast að betri kjörum með því að S. Í. S. gerðist deild í enska sambandinu.“

Þessi gjaldeyrishöft eru þá sett fyrir verzlunarfélag, sem er alls ekki íslenzkt í raun og veru. Fyrir það á að drepa verzlunarstétt landsins. Það þýðir ekki að gera tilraun til þess að dylja þetta, því að um þetta er skráð yfirlýsing frá forstjóra Sambandsins. Þess vegna falla staðhæfingar hæstv. fjmrh. dauðar og ómerkar, og út af því, að hæstv. ráðh. er að tala um nasablástur í mér og hv. þm. Vestm., vil ég segja honum það, að hann ætti heldur sjálfur að minnka sinn eiginn nasablástur. Finnst hæstv. ráðh. ekkert við það að athuga, að hann skuli gefa alranga skýrslu, og finnst honum ekkert óviðkunnanlegt að hafa ekki öðru að svara, þegar borin er fram skjalfest skýrsla, en því, að það sé nasablástur í þessum mönnum, sem krefjast leiðréttingar á mikilsverðu deilumáli, sem hann leyfir sér að fara með skrök um?

Ég vil enda þessi orð með því að lýsa sökum á hendur hæstv. fjmrh. fyrir framkomu hans í þessu máli, og ég vil einnig lýsa sökum á þá nefnd, sem hefir framkvæmt þessi lög bæði hlutdrægt og ranglátlega.

Get ég svo látið lokið máli mínu.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir lengi þótt góður kostur á íslenzkum hjúum, ef þau hafa verið húsbóndaholl, og ég held, að það megi segja um hv. 6. þm. Reykv., að hann sé húsbóndahollur, þegar kaupmennirnir eiga í hlut. Hv. þm. byrjaði með því um daginn, þegar málið var til umr., að slá því föstu, að gjaldeyrisnefnd hefði misbeitt innflutningshöftunum eftir pólitiskum línum og dregið taum þeirra, sem fylgja stj. að málum. Mér fannst hv. þm. koma litið að þessu í síðustu ræðu sinni, heldur eyddi hann orðum sínum að því, að kaupfélögin fengju bróðurpartinn við úthlutun innflutningsleyfa. En ég ætla að minna hv. þm. á það, að í kaupfélögum landsins eru menn af öllum flokkum, svo að ekki er því til að dreifa, að það séu eingöngu stuðningsmenn stj. í kaupfélögum landsins, sem njóti góðs af úthlutun innflutningsleyfanna.

Hv. þm. þóttist upplýsa eitthvað nýtt með því að segja, að gjaldeyrisnefnd hefði þá reglu, sem ég hefði sett, að úthluta kaupfélögunum innflutningsleyfum samkv. félagatölu. Þetta er ekkert nýtt, því að ég upplýsti þetta í svarræðu minni til hv. þm., þegar málið var síðast til umr.; ég upplýsti það þá, að ég hefði beitt mér fyrir því, að kaupfélögunum væri skapaður þessi réttur, vegna þess að ég vildi ekki taka á mig ábyrgðina á því að stöðva þróun þessarar verzlunarhreyfingar. Ég vil vinna að því, þrátt fyrir innflutningshöft, að þessi félög geti tekið við þeim mönnum, sem í þau vilja ganga. Á þessum tímum, þegar gera má ráð fyrir, að verðhækkun stafi af höftunum, þá er það sérstaklega óverjandi að gera mönnum ókleift að mynda neytendasamtök, og það væri gott, ef hv. þm. vildi upplýsa, hvort það er svo, að Sjálfstfl. ætlar sér sem heild hér á þingi að halda því fram sem sinni skoðun, að þetta sé rangt; það væru ekki einskisverðar upplýsingar.

Því ákvæði, sem ég hefi sett í starfsreglur innflutningsnefndar, hefir verið beitt mjög varlega, eins og hv. þm. varð að viðurkenna. Hv. þm. veit, að S. Í. S. og Verzlunarráðið gerðu samkomulag fyrir síðustu úthlutun um það, hvernig skipt skyldi verða í heild milli S. Í. S. og Verzlunarráðsins. Þetta upplýsti ég í ræðu minni um daginn, og hv. þm. getur aldrei komizt framhjá því, að það var samkomulag um þetta fyrir fyrstu 4 mánuði þ. á. Þetta er nú þessi pólitiska hlutdrægni, sem hv. þm. var að tala um, að beitt hefði verið; það er þetta fyrirkomulag, sem umboðsmenn Leggja þessara verzlunarstefna töldu vera réttmætt fyrir fyrstu 4 mánuði þ. á., og ég vil biðja hv. þm. um að mótmæla þessu, ef hann getur. En annað mál er það, að verzlunareigendur í Reykjavík vilja gjarnan fá úr reglum þessum rétt til aukins innflutnings, en það hefir ríkisstj. ekki viljað ganga inn á. Ég held, að það muni ellir hv. þm. eftir því, þegar Sjálfstfl. lét blöð sín fara að halda því fram, að innflutningshöftin væru sett til þess að kaupfélögin gætu grætt á þeim og flutt óeðlilega mikið inn. Eftir að búið var að hrekja þennan svívirðilega málflutning, fóru að koma víðsvegar af landinu afsakanir frá flokksmönnum sjálfstæðismanna út af því, að þeir skyldu leyfa sér að koma fram með þetta, því að viðskiptamenn kaupfélaganna vissu betur en þeir, sem vildu reyna að þyrla þessu upp, og þeir heimtuðu, að slúðurberar Sjálfstfl., eins og hv. 6. þm. Reykv., hættu þessu, og það varð til þess, að það hefir ekki sézt stafur um þetta í þessum blöðum sjálfstæðismanna, af því að þetta voru svo augljós ósannindi, að það gat ekki gengið að halda þessu uppi.

Þá sagði hv. þm., að það hefði komið fram meiri skilningur á þessu máli hjá S. Í. S. en hjá mér. Ég skal ekkert um það deila, en hitt ætla ég að segja, að það var m. a. að minni tilhlutun, að umr. hófust milli S. Í. S. og Verzlunarráðsins um samkomulag um heildar-„kvótann“, og þær umr. leiddu til þess árangurs, sem ég gat um áðan, og ég vil leyfa mér að draga í efa, að málfærsla hv. 6. þm. Reykv. í þessu efni sé í samræmi við álit verzlunarstéttarinnar, því að ég hefi orðið var við allt annan tón frá forráðamönnum verzlunarstéttarinnar en hjá þessum hv. þm., svo að það er fyllsta ástæða til að ætla, að hann mæli hér ekki í þeim anda, sem forráðamenn verzlunarstéttarinnar vilja vera láta.

Hv. þm. færði það fram til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að innflutningshöftin væru til hagsbóta fyrir S. Í. S. og kaupfélögin, að vörusalan hefði verið svo mikil hjá þeim 1934, en hann passaði að nefna ekki það ár, því að það hefði ekki verið eins hagkvæmt fyrir málflutninginn; hann sagði aðeins, að samkv. skýrslu S. Í. S. síðan í júlí 1935 hefði salan aukizt frá því, sem hún var 1932. Nú veit hv. þm. vel, að hann fór með blekkingar, því að þessi skýrsla er fyrir árið 1934, og það ár voru flestar nauðsynjavörur undanþegnar innflutningshöftum. Hv. þm. ætti því að taka árið 1935, þegar allar vörur eru komnar undir löggjöfina um gjaldeyrisnefnd, og bera viðskipti S. Í. S. saman við viðskiptin á árinu 1934. Þá kæmi það í ljós, að viðskiptin hafa stórminnkað á árinu 1935, einmitt eftir að búið var að setja — að dómi hv. 6. þm. Reykv. — löggjöf, sem átti að vera til hagsbóta fyrir S. Í. S. Ef þeir menn úti um land, sem skipta við kaupfélögin, heyrðu þetta skraf í hv. þm. á sama tíma, sem þeir koma í galtómar búðir kaupfélaganna og geta ekki fengið kaffi, sykur eða hveiti, þá held ég, að þeir yrðu meira en litið hissa, því að þeir myndu sjá, að þessi maður fer með vísvitandi blekkingar. Sannleikurinn er sá, að eitt hefir verið látið yfir alla ganga, og að hér sé gert ráð fyrir óeðlilegri þróun hjá kaupfélögunum, er alveg gripið úr lausu lofti hjá hv. þm., eins og t. d. það, að samkv. reglunum mætti búast við því, að félög uppi í sveit færu að flytja inn útgerðarvörur. Hvaða hagsmuni ætti slíkt félag að hafa af þessu? Þetta er ekkert annað en tóm endileysa og útúrsnúningur.

Þá ætlaði hv. þm. að halda því fram, að S. Í. S. væri ekki íslenzkt fyrirtæki. Ég held, að það sé ekkert fyrirtæki til, sem er jafnislenzkt; þetta fyrirtæki er eign 8000 manna, sem eru í S. Í. S., svo að það er ekkert fyrirtæki til í landinu, sem fleiri Íslendingar standa að. Það sýnir bezt, hvað þessi hv. þm. seilist langt til árása á S. Í. S. og kaupfélögin, að hann skuli láta sér detta í hug að bera fram á Alþingi aðra eins

fullyrðingu og þetta. En ég hefi í rauninni ekkert á móti því, að fjandskapur hv. þm. komi sem bezt í ljós gagnvart S. Í. S., því að hann vinnur þeim mönnum, sem að samvinnumálunum standa, ekkert tjón, en þvert á móti gagn með því að uppljúka augum þessara manna fyrir hug hans og hans flokks til þessara mála.

Hv. þm. kom enn með þessa sögu um það, að S. Í. S. hefði algerða sérstöðu viðvíkjandi notkun gjaldeyrisins, þar sem það hefði sinn gjaldeyri frjálsan. Þetta er sama blekkingarfulla orðalagið eins og margir aðrir hv. þm. nota, og þetta er alls ekki rétt, eins og upplýst hefir verið hér í hv. d., því að S. Í. S. hefir alls ekki frjálsan sinn gjaldeyri; en í fyrra hafði það leyfi frá gjaldeyrisnefnd og bönkunum til þess að nota gjaldeyrinn til greiðslu á ákveðnum skuldum, sem skapazt hafa á þann hátt, að keyptar hafa verið vörur, sem fengizt hefir innflutningsleyfi fyrir, og það hefir líka verið upplýst, að mjög mörg önnur verzlunarfyrirtæki í landinu hafa fengið að gera samskonar viðskipti.

Þá sagði hv. þm., að fulltrúi gjaldeyrisn. hefði flutt þá till. á þingi verzlunarmanna, að skorað yrði á þá, sem hér eiga hlut að máli, að gera ráðstafanir til þess, að gjaldeyririnn væri ekki allur algerlega öryggislaus og að trygging á yfirfærslum gæti átt sér stað. Vitanlega væri það æskilegt, að unnt væri að gefa tryggingu fyrir því, að yfirfærslur færu fram viðstöðulaust um leið og gjaldeyrisleyfin eru veitt, en það er bara sá agnúi á þessu, að það er ekki hægt að vita fyrirfram, hvernig útflutningsvaran selst á þessum erfiðu tímum, en vitanlega verður í fulla hnefana reynt að standa við yfirfærslurnar samkv. gjaldeyrisleyfunum.

Ég vil svo enda þessi orð mín með því að minna á það, að ég hygg, að forráðamenn verzlunarstéttarinnar geti ekki með sanni sagt, að ég hafi verið tregur á að hafa samvinnu við þá stétt um fyrirkomulag þessara mála; þvert á móti hefir verið mjög mikil samvinna í seinni tíð milli þess ráðuneytis, sem þessi mál heyra undir, og forráðamanna verzlunarstéttarinnar um þessi mál. Vitanlega er ekki hægt að koma í veg fyrir, að ágreiningur verði í einstökum atriðum, en það, sem mestu máli skiptir, er það, að það hefir náðst árangur af þessu samstarfi, og sérstaklega er hann mikill að því er snertir það samkomulag, sem náðist í höfuðdráttunum fyrir fyrstu 4 mánuðina milli Verzlunarráðsins og S. Í. S., og þó að hv. 6. þm. Reykv. taki það upp eftir fulltrúa gjaldeyrisnefndar, sem mun vera Björn Ólafsson, að hér sé á ferðinni skipulögð útrýming á kaupmannastétt landsins, þá hafa þessi orð ekki meiri stoð í veruleikanum en það, að þessi skipulagða útrýming var framkvæmd þannig, að það varð samkomulag milli S. Í. S. og Verzlunarráðsins um heildarskiptin. En það er hinsvegar nokkur ágreiningur um það ákvæði, hvort neytendafélögin skuli hafa réttindi til þess að auka sinn innflutning, og ég geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að ná þeim ágreiningi burt, en samt má gera ráð fyrir, að það verði mikil samvinna milli gjaldeyrisnefndar og verzlunarstéttarinnar.

*Sigurður Kristjánsson: Hæstv. ráðh. spurði mig, hvers vegna ég hefði ekki nefnt árið 1934 áðan. Ég nefndi einmitt það ár til samanburðar við árið 1932, en yfir árið 1935 eru ekki til skýrslur, eins og hann veit sjálfsagt, en hæstv. ráðh. er orðinn svo djúpt sokkinn í blekkingarvaðal sinn, að hann sér ekki, hvað þessi spurning hans er heimskuleg. Hæstv. ráðh. getur ekki hnekkt því, að skýrsla forstjóra S. Í. S. ber það með sér, að eignir fyrirtækisins hafa aukizt um 1,2 millj. króna á meðan verið er að leggja starfsemi annara verzlunarfyrirtækja í rústir, og ofan í þetta ætlar hann að staðhæfa, að allt gangi jafnt yfir, en það gat hann ekki sannað með einu orði í ræðu sinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki rétt, að S. Í. S. hefði fengið sinn gjaldeyri frjálsan, heldur hefði hann verið notaður til þess að borga skuldir, sem hefðu skapazt sökum vörukaupa erlendis. Ég veit ekki, hverskonar hænuhausar hann heldur, að séu hér í d., ef hann heldur, að það sé ekki öllum kunnugt, að verzlunarfyrirtæki nota gjaldeyri einmitt til þess að greiða andvirði erlendra vara með honum.

Hæstv. ráðh. var að segja, að það væri komið á ágætt samkomulag á milli kaupsýslumanna annarsvegar og S. Í. S. hinsvegar. Ég gat um það áðan, að í þessari skýrslu nefndarmanns innflutnings- og gjaldeyrisnefndar er talað um, að þessir aðiljar hafi komizt að góðu samkomulagi. En það er hæstv. ráðh., sem stendur á móti því, að það samkomulag megi gilda. Annars held ég, að hæstv. ráðh. flaski á því, hvernig hann talar um kunnugleika sinn í þessum efnum. Þegar þetta mál var fyrir nokkrum dögum til umr., harðneitaði hann, að hann vissi, hvernig þessum málum væri komið nú í ár. Auðvitað veit hann þetta; hann segist bara ekki vita það, til þess að koma í veg fyrir, að hann sé krafinn sagna um það.

Mér kemur ekki til hugar að misnota tímann hér, enda stendur óhaggað það, sem ég hefi áður sagt, þrátt fyrir nasablástur hæstv. ráðh. Það stendur óhaggað, að innflutningshöftunum er misjafnlega beitt, eftir því hvort í hlut eiga kaupmenn eða kaupfélög. Ég vil benda á, að það væri ekki svo mikið út á þetta meðlimasystem hæstv. ráðh. að setja, ef hann ekki reiknaði það rammvitlaust út. Hann gæti t. d. heimtað, að ⅓ hluti Reykvíkinga hefði allan innflutninginn til Reykjavíkur, því hann tekur ekki aðeins meðlimatölu kaupfélaganna, heldur margfaldar hana með þremur eða fjórum. Hann ætlar öllum einhleypum mönnum úti um sveitir, sem eru meðlimir í kaupfélögunum, að hafa fjögra manna fjölskyldur. Slíkt og annað eins er bara búið til til þess að geta misboðið kaupsýslumönnunum. Það er nú sannað, að S. Í. S. vill ekki taka á móti svona miklum sérréttindum. Það sér sér það ekki fært að taka á sig svo mikla áhættu til þess að drepa kaupsýslumennina. Það er hæstv. ráðh. einn, sem er gersamlega skilningslaus á það, hvaða þýðingu það hefir að hafa verzlunina í góðu lagi. Hann vill misbjóða S. Í. S. með svo miklum innflutningi, að það gæti komið því á kaldan klaka, til þess að koma kaupsýslumönnunum í ógöngur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta finnst mér nú kyndug ræða hjá hv. 6. þm. Reykv. Hann sagði, að það væri sönnun fyrir því, að innflutningshöftin væru sett fyrir S. Í. S., að þau hefðu nú staðið í 4 ár, og á þeim tíma hefði S. Í. S. aukið innflutning sinn um helming. Ég hefi nú ekki tölur fyrir mér um það, hvort þetta er rétt eða ekki, en ég ætla að gera ráð fyrir, að það sé rétt. Þó það sé þessi hv. þm., sem segir það. **(SK:** Þetta er úr Tímanum). Þessi aukning á innflutningi S. Í. S. mun hafa verið á árunum 1932 til 1934, þegar innflutningshöft voru á sumum vörum, en ekki öðrum. Það er upplýst og má slá föstu, að innflutningsaukning Sambandsins liggur í þeim vörum, sem höftin voru ekki á. Sala hinna vörutegundanna, sem höft voru á, mun ekki hafa aukizt, heldur minnkað. Hin eðlilega þróun Sambandsins kemur þannig fram á þeim vörutegundum, sem innflutningur var frjáls á, og ef innflutningshöftin hefðu ekki verið, má gera ráð fyrir, að umsetningin á þeim vörum, sem höftunum var beitt á, hefði einnig tvöfaldazt. Taki maður aftur árið 1935, þegar höft voru komin á allar vörur, þá sjáum við, að innflutningur S. Í. S. hefir tekið afturkipp. Þetta sýnir, að ef höftin hefðu ekki verið, hefði S. Í. S. verið búið meira en að tvöfalda umsetningu sína síðan 1932. Við þá aukningu, sem orðið hefir á innflutningi þeirra vara, sem höftin voru ekki á, hefði bætzt tilsvarandi hækkun á innflutningi haftavaranna, sem hver maður veit, að hefir stórkostlega lækkað.

Þá sagði hv. þm., að það væri ekki sannað, að það væri ríkjandi skoðun hjá kaupsýslumönnum, að innflutningshöftunum væri réttlátlega beitt. Það er nú erfitt að sanna nokkuð í þessu efni, en það er sannað, að það er samkomulag milli verzlunarstéttarinnar og S. Í. S. fyrir fjóra fyrstu mánuði þessa árs, og það ætla ég, að beri vott um a. m. k. sæmilega ánægju hjá þeim, sem sömdu fyrir hönd þessarar stéttar, þó vera kunni, að ekki séu allir kaupmenn ánægðir. Ég veit vel, að eins og stendur finnst mörgum, bæði kaupmönnum og kaupfélagsstjórum, að innflutningurinn, sem þeir fá, sé of lítill, þó þeir geti ekki bent á með rökum, að þeir fái of lítið hlutfallslega við aðra.

Þá sagði hv. þm., að það stæði á samþykki mínu til þess að samkomulag Verzlunarráðsins og Sambandsins kæmi til framkvæmda. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. hefir þetta. Það er enginn fótur fyrir því. Samkomulagið milli Verzlunarráðsins og Sambandsins hefir verið framkvæmt, ekki gegn mínum vilja, heldur með mínum vilja. Ef hv. þm. vill reyna að standa við orð sín, óska ég, að hann upplýsi, hvaðan hann hefir þetta. **(SK:** Það er úr skýrslu ...). Það er úr skýrslu, og það er úr skýrslu. Ég ætla, að hv. þm. blandi öllu saman. Það varð ekki samkomulag um að afnema rétt kaupfélaganna til þess að fá innflutning miðaðan við meðlimafjölda, en þetta hefir ekki heldur verið framkvæmt. Það, sem samkomulag hefir orðið um milli Verzlunarráðsins og Sambandsins, hefir verið framkvæmt, ekki gegn mínum vilja, heldur með honum. Þetta verður því eins og annað, sem þessi hv. þm. kemur fram með, fleipur eitt, m. a. byggt á því, að hann þekkir ekki inn í þessi mál, svo að hann geti um þau talað. Hann hefir ekki fylgzt með í því, sem gerzt hefir nú upp á síðkastið. Það er auðheyrt á ræðu hans.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Það eru örfá atriði, sem mig langar til að benda á. — Við þessa aðalreglu hæstv. fjmrh. um, að svokölluð neytendafélög, og þar með kaupfélögin, skuli hafa þau sérréttindi að fá hlutdeild í innflutningi nauðsynjavara fólksins í hlutfalli við félagatölu sína, er það að athuga, að mikill hluti þeirra, eða líklega allir, sem eru í neytendafélögunum, bæði hér í Reykjavík og úti um land, hafa líka einhver viðskipti við kaupmenn. Það er örugg vissa, að ef kaupmenn fengju á sama hátt að telja fram sína viðskiptamenn, þá yrði útkoman allt önnur, því mikill hluti þeirra, sem í kaupfélögunum eru, kaupir líka mikið annarsstaðar. Það er því miklu betri grundvöllur að byggja á í þessu efni, að miða við innflutning síðustu ára; þá kemur til greina, hvernig viðskipti þessara manna dreifast milli kaupmanna og kaupfélaga, sem fer vitanlega eftir því, hvað þeim hefir fundizt sér hagkvæmast. Sé meðlimafjöldinn einn tekinn til greina, getur það leitt til þess, að þessi svokölluðu neytendafélög nái til sín mestum hluta innflutningsins. Hæstv. ráðh. segir, að ekki megi hindra eðlilega þróun kaupfélaganna. En má þá ekki eins segja, að ekki megi þvinga menn til þess að verzla við kaupfélögin, með þessum ósanngjörnu ráðstöfunum? Þessi aðferð hæstv. ráðh. verkar vitanlega í þá átt, að þvinga menn frá viðskiptum við kaupmenn og til kaupfélaga. Það er ástæðan til þess, að mjög mikill ótti er við það víðsvegar um land, fyrst og fremst á meðal kaupmanna og jafnvel einnig á meðal viðskiptamannanna, að nú virðist stefna hröðum fetum að því, að öll kaupmannaverzlun í landinu leggist niður. Það er grunur minn, að þessi ótti valdi einhverju um það, sem hæstv. fjmrh. talar svo mjög um, að samkomulagið fer batnandi milli Verzlunarráðsins, Sambandsins og ráðuneytisins um þessi mál. Ég get vel trúað, að hæstv. ráðh. hugsi nú til að gera mildari ákvæði um þetta en hingað til hafa gilt, og að samkomulag þessara aðilja, sem ráðh. hefir staðið að, sé spor í þá átt; að innflutningshömlunum hafi verið beitt harkalegar framan af, meðan hæstv. ráðh. og þeir, sem með honum ráða í meiri hluta, gerðu sér ekki ljóst, hvað varlega er farandi í sakirnar, að því verður ekki unað í landinu, að innflutningshömlurnar séu notaðar til þess að leggja alla kaupmannaverzlun í rústir með fljótum hætti og útiloka þannig alla samkeppni í verzlun. Það hlýtur vitanlega að koma að því, og ég vona, að komi að því nú þegar, að þessi skoðun ryðji sér til rúms, að taka verði upp þær aðferðir í þessu efni, sem láta báða málsparta lifa. Ég veit a. m. k., að það er mikill uggur í mönnum víðsvegar um land út af þessu, að það stefnir beinlínis í þá átt að gera kaupfélögin einvöld í landinu, og það óttast jafnvel kaupfélagsmennirnir sjálfir. Það er ekki gott til þess að vita, að ríkisstj. hefir svo mikil áhrif á þessi mál nú á síðustu tímum, að henni er í lófa lagið að gera þær ráðstafanir undir öðru yfirskini, sem

e. t. v. geta valdið því, að sem sagt öll innflutningsverzlun landsins komist í hendur þessa eina aðilja. Þess vegna er það heldur ískyggilegt, að hæstv. ráðh. hefir tekið þannig í þau ummæli, sem hér hafa fallið og e. t. v. eru nokkuð hörð, eins og gerist, að því er mér hefir fundizt nær eingöngu sem málsvari þeirrar stefnu, sem vill leggja alla kaupmannaverzlun í landinu í rústir. Til þess að vera ekki of harðorður vil ég ekki segja, að kaupfélögin og S. Í. S. vilji beinlínis leggja alla kaupmannaverzlun í rústir, en það er a. m. k. komið inn á þá braut, að með góðri aðstoð ríkisvaldsins getur þetta átt sér stað.

Þó ég tali ekki um það sem stórt atriði í þessu sambandi, vil ég benda á, að hér í Reykjavík stendur svo sérstaklega á um þetta, að yfir vofir ákaflega mikil hætta, ef þessari reglu hæstv. ráðh. er beitt mjög harkalega. Það vofir yfir beint hrun í allri kaupmannaverzlun bæjarins, og ekki trúi ég öðru en að margir, sem ekki vilja annars beint halda fram hagsmunum kaupmannastéttarinnar, geti séð, að ef þetta færi svo, hefði það miklar breyt. í för með sér fyrir afkomu manna yfirleitt í þessu bæjarfélagi og væri mjög varhugavert.

Hitt atriðið, sem mig langar til að benda á, er það, að eftir því, sem hæstv. fjmrh. hefir upplýst og áður var vitað, hefir S. Í. S. nú um skeið haft umráð yfir sínum erlenda gjaldeyri og getur, að því er menn halda, notað hann til þess að kaupa inn vörur. Nú minnist ég þess, að ég las oft með mikilli hneykslun hér á árunum í blaði hæstv. ráðh., Tímanum, að það var verið eins og að hælast um yfir því, að S. Í. S. hjálpaði bönkunum stórlega um erlendan gjaldeyri og ynni þannig þeim og landinu í heild mikið gagn sem fjáröflunarfyrirtæki. Ef S. Í. S. er nú, eftir að innflutningshömlurnar komu til sögunnar, hætt þessari hjálparstarfsemi, lætur ekki bönkunum lengur í té erlendan gjaldeyri, heldur fær leyfi til að flytja inn varning fyrir hann, sem allir vita, að mikil þörf er fyrir, þá sjá allir, að það eru strax mikil forréttindi fyrir þessa stofnun.

Hæstv. ráðh. orðaði þetta svo, að S. Í. S. hefði fengið leyfi gjaldeyrisnefndar „og bankanna“ til þess að nota sína erlendu mynt. Nú grunar mig, að hér sé rangt með farið. Ég skil ekki, að bankarnir hafi önnur áhrif á þetta en í gegnum gjaldeyrisnefnd, en þar hafa þeir sína fulltrúa, þannig að ekki er rétt að tala um ráðstöfun gjaldeyrisnefndar og bankanna í þessu sambandi. Bankarnir munu ekki hafa sérstaka hliðstæða ábyrgð með gjaldeyrisnefnd í þessu efni, heldur er hún ein um það, að sjálfsögðu með samþykki ráðuneytisins, hafi þess verið leitað, að gera þessa ráðstöfun.

Þá lýsti hæstv. ráðh. því mjög, að það væri nú ekki gaman að tryggja það, að alltaf væri til gjaldeyrir til þess að mæta gjaldeyrisleyfunum, þegar þau kæmu í gildi. Hann orðaði þetta svo, að ómögulegt væri að vita fyrir, hvernig framleiðsluvörurnar seldust og greiddust, og því mætti ekki gera þá kröfu, að gjaldeyrir væri alltaf til, þegar menn kæmu með ávísanir gjaldeyrisnefndar í bankana. Þetta finnst mér ekki fullnægjandi svar hjá hæstv. ráðh., því allar þessar hömlur eru einmitt settar á í því skyni að uppheifa þetta ástand, sem áður var, að ekki var hægt að vita, hvernig mundi reiða af að hafa alltaf gjaldeyri til, þegar hans var krafizt. Það er í rauninni ekkert svar, því það segir ekki annað en það, að þessar ráðstafanir hafa ekki náð tilgangi sínum. Þær voru einmitt settar í þeim tilgangi, að ekki þyrfti að svara á þann hátt, sem hæstv. ráðh. gerir nú, að ómögulegt sé að vita, hvernig framleiðsluvörur landsmanna seljast og greiðast, og því sé ekki alltaf hægt að hafa til gjaldeyri. Ég segi þetta ekki vegna þess, að okkur sé ekki öllum vitanlegt, að ýmsir viðburðir hafa skeð á síðustu tímum, sem ekki voru fyrirsjáanlegir, og ég skal ekki deila um, hvað mikið af þeim er stjórnarvöldunum að kenna, þó grunur minn sé, að ýmsir af örðugleikunum séu vegna þeirrar stefnu, sem haldið er uppi í þjóðmálum yfirleitt. En tilgangurinn með öllum innflutningshömlunum og gjaldeyrisráðstöfunum var sá, að menn þyrftu ekki að koma í bankana með gjaldeyrisleyfi og fá það svar, að gjaldeyrir væri ekki til. Með þeim aðgerðum, sem ríkisvaldið tók sér rétt til að gera, átti að sjá svo um, að gjaldeyrinum, sem til fellur, væri þannig ráðstafað, að alltaf væri hægt að mæta þeim heimildum, sem gefnar eru til kaupa á erlendum gjaldeyri. Það er vissulega við þetta fyrirkomulag unað, fyrst og fremst vegna þess, að með því átti að koma í veg fyrir, að traustið á verzlunarfyrirtækjum landsmanna, sem er dýrmætasta eigna þeirra, er við viðskipti fást, þyrfti að bila. Eftir orðum hæstv. ráðh. tekst ekki að varna því ástandi, sem allar þessar miklu og dýru, sáru og erfiðu ráðstafanir áttu að varna.

Ég fagna því, sem hæstv. ráðh. sagði, að því leyti sem það er samkomulag milli forsvarsmanna kaupmannastéttarinnar og kaupfélaganna um þau skipti á innflutningnum, sem ráðuneytið mun hafa staðið fyrir. Ég er og hefi alltaf verið sannfærður um, að það mundi koma að því, að óhjákvæmilegt yrði að finna einhverskonar samkomulag um þetta, til þess að tryggja, að ekki sé gengið svo á rétt annars aðiljans, sem hér á hlut að máli, að hann geti ekki við unað. Mér þykir og vænt um það góða orð, sem hæstv. ráðh. ber fulltrúum hinnar íslenzku kaupmannastéttar, þar sem hann segir, að aldrei hafi borið út af góðri samvinnu við þá, og að þeir séu sanngjarnir og vilji vel í þessu efni. Ég er sannfærður um, að þetta eru reynsluvísindi hans, að hann hefir ekki fyrirfram gert ráð fyrir, að kaupamannastéttin yrði sanngjörn og féllist á það samkomulag í þessu máli, sem hann getur talið sanngjarnt. En hitt ber líka að athuga, að samkomulag getur oft kallazt, þó það sé gert með nauðung af hendi einhvers aðiljans, og að svo miklu leyti sem það getur átt við í þessu tilfelli, þá getur öll kritik hv. 6. þm. Reykv. verið réttmæt. Og hæstv. ráðh. má ekki segja, að sú kritik, sem hér hefir verið sett fram, og er satt að segja á allra vörum og hefir sennilega orðið til þess að leitað hefir verið samkomulags um aðalatriði þessa máls, hún sé í ósamræmi við vilja og skoðanir verzlunarstéttarinnar í landinu, því það er hún áreiðanlega ekki, hvað sem segja má um líkur til samkomulags í framtíðinni. Hæstv. ráðh. svaraði því m. a. til, að þessi hv. þm. vissi ekki, hvað gerzt

hefði í þessum málum upp á síðkastið, sem mér virtist eiga að þýða það, að það væri að þokast meira og meira til samkomulags og samstarfs í þessum efnum, sem væri byggt á sanngjörnu tilliti til beggja aðilja. Og að svo miklu leyti sem sú kritik, sem hér hefir komið fram, er byggð á því, að þetta er ekki á allra vitorði ennþá, hvað langt er komið í þessu efni, þá er hún náttúrlega, eins og hæstv. ráðh. kallaði það, framsett nú af vanþekkingu á því, sem gerzt hefir á allra síðustu tímum. Ég má þó fullyrða, að svo langt sé komið, að um allt land ríkir megn óánægja, a. m. k. til skamms tíma, um að innflutningshöftin eru notuð á ranglátan hátt gagnvart kaupmannastéttinni. Ég veit, að allir hv. þm. eru sammála um, að æskilegt væri, að þetta ástand hyrfi sem fyrst, því vissulega ríkir nú slíkt óreiðuástand í landinu um þessi mál, að alls ekki er viðunandi.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þó þessar umr. séu orðnar langar, get ég ekki látið þær falla svo niður, að svara ekki því atriði, sem kom fram í síðustu orðum hv. 5. þm. Reykv. Hann sagði, að sú skoðun væri ríkjandi um allt land, að innflutningsúthlutun til kaupmanna væri mjög ranglát. Þetta er áreiðanlega ekki rétt; þar sem menn hafa séð reynsluna af innflutningshöftunum koma fram hjá kaupfélögunum, þar trúa menn ekki þessu. Hitt er annað mál, að mjög er alið á þessu af verzlunarstéttinni sjálfri, en ég vil algerlega vísa því á bug, að innflutningshöftunum hafi verið harkalega beitt gagnvart kaupmönnum sérstaklega. Verður þar vitanlega að standa fullyrðing á móti fullyrðingu. En þessi ásökun hefir hvað eftir annað verið hrakin af mönnum, sem hafa þekkingu á þessum málum. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði í ræðu hv. þm., en ég get tekið það fram, að mitt álit er, að betri samvinna sé um þessi mál nú um skeið en áður var. Er það ekki vegna þess, að ég hafi breytt um skoðun, heldur tel ég, að verzlunarmannastéttin sé samningafúsari og liprari til samvinnu en hefir verið. Og ég get gjarnan sagt það hér, að ég tel það stafa af því, að verzlunarstéttin hefir skipt um forráðamenn, að samvinnan hefir breytzt til bóta.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði ranglega haldið því fram, að bankarnir hefðu gefið S. Í. S. leyfi til umræddrar gjaldeyrismeðferðar. Ég vil vekja athygli á því, að þetta leyfi var um að undanþiggja S. Í. S. frá afhendingarskyldu gjaldeyris, og slíkt leyfi er ekki hægt að veita af gjaldeyrisnefnd, nema með samþykki bankanna. **(PHalld:** Er það í lögum?). Eftir lögunum geta þeir einir gefið slíkt leyfi, sem eiga vald á gjaldeyrinum, og það eru fulltrúar bankanna í gjaldeyrisnefnd, sem verða að leggja sitt samþykki þar á; þeir hafa neitunarvald um slíkt atriði.

Hv. þm. sagðist ekki vera ánægður með svar það, sem ég gaf um, hvort ekki væri hægt að tryggja vissa yfirfærslu á gjaldeyri, sem leyfi væri veitt fyrir af gjaldeyrisnefnd. Ég svara því, að það er ómögulegt að tryggja til fulls, enda eru leyfin gefin út með því fororði, að nægur gjaldeyrir sé fyrir hendi. Þetta er vel skiljanlegt, því margt kemur þar til greina, svo sem breyt. á mörkuðum, aflabrestur o. s. frv. Ég held, að allir geti orðið sammála um þetta. **(PHalld:** Já, já). Brugðið getur til beggja vona um, hvort áætlun um gjaldeyristekjur þjóðarinnar standist, og erfiðleikarnir eru miklir. Þó við viljum allir ná markinu, þá næst það ekki hindrunarlaust.

Jóhann Jósefsson: Ég ætla aðeins að spyrja hæstv. ráðh. að því — og það þarf ekki að kosta langa ræðu frá minni hendi —, hvort ég hafi ekki heyrt rétt, að hann hafi sagt, að leyfið, sem S. Í. S. hefir fengið, hafi hljóðað um að leysa það undan afhendingarskyldu gjaldeyris gagnvart bönkunum.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er rétt skilið hjá hv. þm., að leyfi það, sem S. Í. S. hefir fengið, er um það, að nokkurn hluta þess gjaldeyris, sem fyrirtækið fær fyrir íslenzkar afurðir, megi það nota til að greiða með skuldbindingar, en þurfi ekki að afhenda hann bönkunum. **(PHalld:** Er það ekki fyrir allan gjaldeyri fyrirtækisins?). Um það get ég ekki sagt; ég hefi aldrei séð þetta leyfi, og það hefir aldrei komið fyrir ráðuneytið.

Jóhann Jósefsson: Ég þakka hæstv. ráðh., að hann hefir staðfest, að ég hafi heyrt rétt, og nú vænti ég þess, að hæstv. ráðh. sýni þann drengskap að láta blað sitt bera til baka þau ummæli um slúðurburð, sem það notaði um mig út af fyrirspurn, sem kom frá mér um þetta atriði.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég svara því, að ég sé enga ástæðu til, að blaðið taki neitt aftur, sem það hefir sagt um þetta, því það var ekki þetta, sem hv. þm. sagði, heldur að S. Í. S. hefði fengið frjálsan afnotarétt yfir öllum sínum gjaldeyri. **(GÞ:** Hver er munurinn?). Á þessu tvennu er stór munur.

Jóhann Jósefsson: Ég hlýt að álíta, að það sé á misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh., ef hann álítur ummæli blaðsins réttmæt. Það, sem ég sagði, var ekki annað en að ég spurði, hvort það væri rétt, að S. Í. S. hefði sérréttindi um sinn gjaldeyri, og hæstv. ráðh. hefir sannað, að svo er. **(Fjmrh.:** Það hefir alls engin sérréttindi).

***Pétur Halldórsson:** Ég vil benda á það hér að lokum, að fyrir liggur frv. um að heimila sjávarútvegsmönnum, að þeir megi nota lítinn hluta þess gjaldeyris, er þeir afla, til að greiða með erlendar þarfir útgerðarinnar; en eftir því, sem fram hefir komið, þá virðist frv. þetta að þarflausu fram borið. Ég get a. m. k. ekki annað séð, þar sem það er yfirlýst af hæstv. ráðh., að S. Í. S. hefir árum saman notað allan sinn gjaldeyri. **(Fjmrh.:** Það hefi ég aldrei sagt). Ég bið forláts, en ég geng út frá, að S. Í. S. hafi fengið þann hluta gjaldeyrisins, sem það hefir viljað nota. Þegar þessi stofnun hefir árum saman haft leyfi fyrir slíkri gjaldeyrisnotkun samkv. lögum, þá verð ég að segja, að það er hlálegt, að farið skuli fram á samskonar réttindi til handa hliðstæðum fyrirtækjum með lagasetningu, því þó þetta frv. yrði að lögum, fá þau ekki meiri réttindi en S. Í. S. hefir áður haft. Það er því

sama, hvort frv. nær fram að ganga eða ekki, því mér virðist, að ef talin er þörf á lögum fyrir þessa aðilja, þá viðurkenni þingið, að þeir séu réttminni en S. Í. S. En ef neitað er um lögin, þá er þeirra minni réttur svipaður og var, en það getur vitanlega ekki staðizt að mismuna þessum aðiljum.

Það er verið að deila um, hvort útgerðarmenn skuli mega greiða veiðarfæri með sínum eigin gjaldeyri, og ég man ekki betur en hæstv. ráðh. segði, að ef það yrði samþ., gengi hann gegn frv. í Ed. En hvað er með S. Í. S.? Flytur það ekki inn og fær sinn gjaldeyri til kaupa á veiðarfærum, stórum og smáum, a. m. k. höfuðkömbum? Ég skil því ekki, að hæstv. ráðh. geti verið á móti því, að útgerðarmenn fái þennan rétt, eða fái sama rétt og bændur landsins hafa. Ég trúi ekki, að því verði mótmælt, og þess verður að krefjast, að útgerðarmönnum beri ekki minni réttur en bændum landsins, og það er sanngirniskrafa.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég held, að hv. þm. hafi hlotið að fylgjast illa með frá byrjun. Ég hefi alltaf haldið því fram frá upphafi, að samkv. l. þeim, er nú gilda, sé hægt að gefa heimild til slíkrar notkunar gjaldeyris, eða veita slíka undanþágu, ef nauðsynlegt þætti. Ég hefi því talið frv. óþarft, þó ég gengi inn á það um skeið í vissu formi. En ef breyt. verða á því gerðar, hefi ég af ástæðum, sem ég hefi lýst, tekið fram, að ég muni beita mér fyrir breyt. á frv. þessu í Ed. af því, sem ég hefi haldið fram, að bankarnir geti nú gefið undanþágur, ef nauðsyn þykir til bera.

Hvað því viðvíkur, sem haldið hefir verið fram, að S. Í. S. hafi með undanþágu fengið viss sérréttindi, þá vil ég upplýsa það, að samskonar réttindi — gjaldeyri til greiðslu skuldbindinga erlendis — hafa fjöldamargir aðrir fengið, og þar á meðal ýmsir útvegsmenn.

Hv. þm. minntist á, að ég væri mótfallinn því, að heimildin næði til veiðarfæra. Það er alveg rétt; ég er því mótfallinn, að sú heimild verði sett inn í lögin, og ég byggi það á því, að ég tel, að þá verði allt eftirlit ómögulegt, bæði af því að þar ræðir um margar tegundir vara og marga innflytjendur, en hinsvegar hefir innflutningsnefnd og bankarnir aðstöðu til að veita undanþágu í þessu efni, ef sérstök ástæða þykir til.

Frsm. (Ólafur Thors): Ég hefi ekki lengt mikið þessar umr. og ætla ekki að gera á þessu stigi málsins. — Það er byggt á misskilningi hjá hæstv. ráðh. og hv. 5. þm. Reykv., þegar þeir eru að tala um, að þetta frv. sé óþarft, vegna þess að eftir núgildandi lögum sé hægt að gefa slíka undanþágu eins og S. Í. S. hefir verið gefin. Ég dreg mjög í efa, að það sé hægt samkv. l. að gefa slíka undanþágu, og jafnvel þó það kunni að vera hægt, felur sú staðreynd ekki í sér, eða af henni leiðir ekki endilega, að þetta frv. sé óþarft, því að það er — eins og hv. 5. þm. Reykv. gat um — engin trygging fyrir því, að þessi undanþága verði veitt almennt, eða því verði ekki misbeitt, eins og verið hefir. Það er engin trygging, þó ráðuneytið hafi stuðlað að því við bankana og innflutningsnefnd, að S. Í. S. fengi slíka ívilnun. **(Fjmrh.:** Ráðuneytið hefir engin afskipti haft af því). Trúi því nú hver, sem vill, en illa skilur þá form. innflutningsnefndar sitt hlutverk, ef hann hefir veitt stærsta útflytjandanum slík hlunnindi án þess að bera það undir ráðh. — En hvort þessi lög séu þörf eða óþörf, geta menn dæmt um eftir ummælum hæstv. ráðh. Hér er ekki farið fram á annað en að útvegsmenn, sem standa undir mestum hluta gjaldeyris þess, sem aflað er, fái að ráða yfir nokkrum hluta hans til kaupa á þeim vörum, sem þarf nauðsynlega, ef halda á áfram að afla gjaldeyris, þ. e. a. s. kolum, salti, olíu og veiðarfærum. Mér skilst, að það hafi komið í ljós undir umr., að S. Í. S. hafi fengið umráð yfir öllum sínum gjaldeyri. Nú stendur hæstv. ráðh. upp og segir, að S. Í. S. hafi fengið þessa undanþágu af því að það hafi haft lánstraust erlendis. Ég þekki líka annað félag, sem hafði lánstraust erlendis frá hálfri og allt að heilli milljón, þ. e. hlutafél. Kveldúlfur, og þetta lán var borgað upp árlega, en nú hefir tekið fyrir þetta, af því að ekki fékkst trygging fyrir yfirfærslu né undanþága. **(Fjmrh.:** Hefir Kveldúlfur farið fram á að fá undanþágu?). Já. Mér þætti vænt um það, ef hæstv. ráðh. vildi hafa áhrif á innflutningsnefnd og mæla með beiðni ekki aðeins þessa fyrirtækis, heldur og annara útvegsmanna. Það liggur því hér fyrir skýlaus yfirlýsing, að fríðindi þessi hafi verið misjafnlega útfærð, eða m. ö. o., svo mjög gildir tvennskonar réttur hér í landi, að þeim aðilja, sem stendur undir öflun meiri hluta gjaldeyrisins, er synjað um allt, honum er neitað um gjaldeyri fyrir kolum, salti, olíu og veiðarfærum, en S. Í. S. hefir fengið að verja sínum gjaldeyri eftir geðþótta. Dómur reynslunnar hefir því sýnt, að það er nauðsynlegt að samþ. þetta frv. Annarsvegar er félag, sem flytur út og selur afurðir bændanna og fær leyfi til ráðstöfunar þess gjaldeyris fyrir þeirra notaþörfum, en hinsvegar eru útvegsmenn, sem fá ekki slíkan ráðstöfunarrétt gjaldeyris síns til kaupa á sínum nauðsynjum, og það þó að — eins og hæstv. ráðh. heldur fram — sé í gildandi lögum heimild til að veita þeim jafnvíðtæk hlunnindi og S. Í. S. hefir fengið. Ég skal ekki dæma, hvort svo er; ég hefi ekki rannsakað lögin nægilega til þess. En það er skylda hæstv. ráðh., sem hefir verið svo gjöfull við S. Í. S., að veita jafnréttháum aðiljum samskonar fríðindi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að fjöldi útvegsmanna nyti samskonar réttinda og S. Í. S. Ég vildi þá, að hæstv. ráðh. segði okkur eitthvað af því, hverjir útvegsmenn þetta eru. Úr því að þeir eru fjöldamargir, þá ætti hæstv. ráðh. að geta nefnt tvo eða þrjá.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hefi nú ekki í augnablikinu hjá mér þau gögn, að ég geti lesið upp langan lista af slíkum mönnum. En ég man þó eftir nokkrum, sem hafa fengið að kaupa milliliðalaust fyrir andvirði vara sinna vörur frá útlöndum. T. d. fékk Ólafur Jóhannesson á Patreksfirði að kaupa þannig inn verksmiðju frá útlöndum. Og ég veit um það, að ýmsir síldarútflytjendur hafa fengið að greiða með andvirði

vara sinna vörur sinar á sama hátt. Og um fleiri aðilja gæti hv. þm. G.-K. fengið samskonar upplýsingar.

En aðalmisskilningurinn í sambandi við málflutning hv. þm. G.-K. í þessu efni er, að hann talar um þetta eins og það sé meiningin að neita útvegsmönnum um að fá frá útlöndum þær vörur, sem þeir þurfa að fá þaðan. En það er ekki það, sem um er að ræða, heldur formið á þessum viðskiptum. Hér er ekki um annað að ræða en það, hvernig hagað skuli yfirfærslum á erlendum gjaldeyri. Hér er um að ræða tilraun til þess að bankarnir geti komizt hjá því að setja bankatryggingar fyrir greiðslum erlendra útgerðarvara. En nú liggur það fyrir, að sama árangri er hægt að ná með því að hafa þessa heimild fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd. En ástæðan til þess, að ég vil ekki, að útgerðarmenn hafi skilyrðislausa heimild til þess að kaupa inn veiðarfæri, er sú, að alveg ókleift er að hafa eftirlit með því, að ekki verði í sambandi við þau innkaup hafðir í frammi ýmiskonar hrekkir. — Ætla ég svo ekki að fara lengra út í þetta. En mér virðist hv. flm. vera farnir að beita fullkomnu málþófi í þessu máli.

Frsm. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að mælast undan öllum glósum frá hæstv. fjmrh. Ég er aðalflm. þessa máls, en hefi ekki tekið til máls við umr. um það fyrr en nú í örfárra mínútna ræðu, og ég held, að fyrir mig þurfi hvorki ég né hv. þd. að bera neinn kinnroða fremur en fyrir hæstv. ráðh. a. m. k. Hæstv. ráðh. ætti að líta sér nær og athuga, hver hefir verið símalandi hér undir umr. og verið með hið barnalegasta hjal.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, að ég bar fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það, hvaða útvegsmenn hér á landi hefðu notið samskonar friðinda um ráðstöfun síns gjaldeyris eins og upplýst er, að S. Í. S. hefir notið í sambandi við þann gjaldeyri, sem það fær fyrir þær vörur, sem það selur, bæði fyrir hönd bænda og einnig vörur, sem það hefir keypt af mér og mínum líkum og flutt út. Svarið, sem ég fékk, var það, að þeir, sem keyptu Reykjaborg, hefðu fengið loforð eða vilyrði fyrir því, að þeir fengju að nota eitthvað af andvirði þeirra framleiðsluvara, sem þeir seldu út, til greiðslu á kaupverði skipsins — og að erfingjar Ólafs sál. Jóhannessonar á Patreksfirði hafi fengið tilsvarandi leyfi til að greiða stofnkostnað karfaverksmiðju á Patreksfirði með nokkrum hluta framleiðsluvöruunnar.

Hæstv. ráðh. hlýtur að sjá, að hér er um algerðan eðlismun að ræða. Þessi innkaup eru algerlega óhliðstæð við innkaup S. Í. S., sem það hefir mátt gera á þennan umrædda hátt. Hér eru annarsvegar aðiljar, sem kaupa frá útlöndum framleiðslutæki, en hinsvegar aðili, sem er S. Í. S., sem kaupir inn neyzluvörur — allir aðiljarnir kaupa þessar vörur fyrir sínn erlenda gjaldeyri, andvirði seldra vara. Þessi innkaup eru ekki sambærileg, eins og allir hljóta að sjá, þó að hæstv. ráðh. vilji helzt láta líta út sem svo sé.

Hæstv. ráðh. gat um, að hann vissi um auk þeirra, sem hann nefndi, ýmsa síldarútflytjendur, sem hefðu fengið að kaupa veiðarfæri fyrir þann erlenda gjaldeyri, sem þeir hafa fengið fyrir vörur sínar. Ég vildi, að hæstv. ráðh. benti á einhverja þeirra. Hann tilgreindi engan sérstakan síldarútflytjanda í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði talað um þetta mál þannig frá öndverðu, eins og það væri tilætlunin að neita öllum útvegsmönnum um að fá gjaldeyri til þess að kaupa notaþarfir til útgerðar sinnar. Ég vil segja það við hæstv. ráðh., að hann fer vitandi vits rangt með þetta. Því að hann hefir sjálfur tekið fram í ræðum sínum, að minn skilningur í þessu máli væri réttur, sá, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd, ráðuneytið og bankarnir væru sér þess meðvitandi, að þennan gjaldeyri yrði að veita. Það, sem hér er farið fram á, er að greiða götu útvegsmanna með því að láta þá ekki þurfa undir högg að sækja um það, hvað gert er af hendi valdhafanna í hverju tilfelli um úthlutun gjaldeyris til nauðsynja útgerðarinnar. Ég geri ráð fyrir, að á meðan nokkur gjaldeyrir erlendur er til í landinu, þá verði heildarniðurstaðan sú, að útvegsmenn fái að kaupa sín veiðarfæri. En við viljum ekki aðeins hafa þessa reglu almenna reglu, heldur undantekningarlausa. Við viljum ekki, að útvegsmenn þurfi að koma með bænarskrár um þetta, heldur eigi þeir heimildina til þessa skýlausa. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um, að útvegsmenn meta mikils að eiga slíka heimild.

Ég viðurkenni, að þegar þetta mál var í n., þá gekk ég inn á það til samkomulags, heldur en að fá enga réttarbót í þessu efni útvegsmönnum til handa, að veiðarfæri væru felld hér undan, eins og gert var. En eftir það var það upplýst af hæstv. ráðh., að hér á landi er aðili, sem fær að ráðstafa öllum sínum erlenda gjaldeyri sjálfur, og þá sé ég ekki, hvers vegna útvegsmenn þurfa að sækja með auðmýkt og undirgefni um það að fá að nota sinn eiginn gjaldeyri til sinna eigin þarfa vegna útgerðar sinnar, til þess að kaupa fyrir einar hinar allra nauðsynlegustu vörur, sem þjóðin þarf að kaupa, veiðarfærin.

Mér virðist, að ekki verði hjá því komizt að viðurkenna, að upplýsingar hæstv. fjmrh. hafi nokkuð raskað viðhorfinu í þessu máli. Frá mínum bæjardyrum séð hljótum við, sem flytjum þetta mál fyrir hönd útgerðarmanna, að verða kröfuharðari vegna þessara upplýsinga hæstv. ráðh. heldur en við hefðum annars verið, þegar búið er að segja okkur, að hér njóti annar aðili langtum meiri réttinda og friðinda heldur en þeirra, sem við bárum mál á fyrir hönd útvegsmanna, hvað þá þeirra réttinda, sem hæstv. ráðh. vill úthluta útvegsmönnum. Þetta misrétti verður ekki til þess að auka þolinmæði útvegsmanna til að bera örðugleika yfirstandandi tíma. Hæstv. fjmrh. verður að gera sér það ljóst, að ef nokkur leið á að vera til þess að leiða þjóðina nokkurn veginn farsællega, eftir því sem unnt er, gegnum þessa yfirstandandi þrengingatíma, þá verður valdhafanna fyrsta boðorð að vera að beita ekki hlutdrægni. Það er ekki hægt að fá fólkið til að [illegible] sig við það neyðarbrauð, sem það nú þarf við að búa, nema menn viti, hver fyrir sig, að það er ekki hann einn, sem verður að leggja á sig byrðar vegna ills árferðis, heldur

verði aðrir þjóðfélagsþegnar að gera það nokkuð jafnt. Þetta er ekki mælt af neinni flokkapólitík, heldur af því, að það er ekki fyrir nokkurn mann unandi við það, ef þessi meginregla er brotin.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ástæðan til þess að ég sagði áðan, að um þetta mál væri farið að beita málþófi, er sú, að ég held, að ég megi segja, að við þessar 3 umr., sem búið er að hafa um málið, hafi verið haldnar ræður í a. m. k. 5—6 klst. utan við meginefni málsins, og að sumir, sem telja sig mest fylgjandi málinu, hafa talað 6 sinnum og aðrir 4—5 sinnum.

Ég ætla mér ekki að taka upp þann sið að spyrja hv. þm. G.-K. um það, hvenær mér þyki viðeigandi að svara því, sem til mín er beint, og læt orð hans mér sem vind um eyrun þjóta.

Hv. þm. G.-K. sagði, að dæmin, sem ég tók, væru ólík þeirri framkvæmd, sem átt hefði sér stað gagnvart S. Í. S. Þau eru náttúrlega ekki nákvæmlega hliðstæð, ég skal viðurkenna það. En ég hika ekki við að fullyrða, að þau dæmin eru mjög mörg til, þó að ég ekki nefndi þau nú. Og þó að ég kunni ekki nöfn á þeim síldarútvegsmönnum, sem hafa fengið að greiða vörur sínar með sínum erlenda gjaldeyri, þá stendur það alveg jafnfast, að ýmsir þeirra hafa notið þessa. Þeir hafa fengið að kaupa þannig vörur til sinnar útgerðar. Hv. þm. G.-K. heldur því hér fram, að það séu einhver sérstök hlunnindi, sem með þessu frv. eigi að veita útvegsmönnum. Það viðurkenni ég ekki, vegna þess að enginn ágreiningur er um það, að þeir þurfi að fá þessar vörur og að það þarf að greiða þær, og meira að segja, að greiðsla á þessum vörum eigi að sitja í fyrirúmi fyrir mjög mörgu öðru. Það, sem deilt er um hér, er því aðeins formið á greiðslunum fyrir þessar vörur, hvernig þeim verður bezt fyrir komið, til þess að sem hægast verði að hafa eftirlit með því, að ekki verði með undanbrögðum notaður til annara hluta að einhverju leyti sá gjaldeyrir, sem leyfður er til kaupa á útgerðarvörum. Og þó að hv. flm. frv. láti það í veðri vaka, að hér sé um að ræða mjög mikið hagsmunamál útgerðarinnar, — því að þeir vilja láta líta svo út, að þeir séu mjög skeleggir fyrir hennar hönd —, þá er hér alls ekki um slíkt hagsmunamál að ræða. Því að enginn ágreiningur er um það, að fullnægja beri þörf útgerðarinnar í þessu efni, heldur aðeins um leiðina til þess.

Frsm. (Ólafur Thors): Hæstv. ráðh. segist ekki hika við að fullyrða, að til séu nákvæmlega hliðstæð dæmi mjög mörg eins og á sér stað um réttindi S. Í. S. til að nota sinn erlenda gjaldeyri. Nú skilst mér það hafa verið upplýst undir umr., að S. Í. S. hafi frjálsan ráðstöfunarrétt til að ráðstafa öllum sínum gjaldeyri. Það hefir verið skýrt játað, að S. Í. S. hefir fengið að nota þann gjaldeyri, sem það fær fyrir sínar útflutningsvörur, til þess að tryggja sitt lánstraust erlendis og til kaupa á erlendum vörum.

Ég bið hæstv. ráðh. ekki að nefna öll dæmi um að menn eða aðrir aðiljar hafi fengið frjálsan ráðstöfunarrétt yfir sínum gjaldeyri á sama hátt og S. Í. S., heldur bið ég hæstv. ráðh. að nefna aðeins einn mann eða aðilja, sem hefir fengið slík réttindi. Ef hann ekki gerir það, þá vil ég, að hann haldi áfram að leita sér skjóls í því sama vígi, sem mér skildist hann vilja renna inn í í sinni síðustu ræðu, þar sem hann sagði, að hann ætlaði ekki að láta mig segja sér fyrir um það, hvenær hann svaraði fyrirspurnum hér á Alþingi. (**Fjmrh.:** Sagði ég það? Ég sagðist ekki láta þennan hv. þm. segja mér fyrir um það, hvenær ég svaraði, þegar á mig væri ráðizt). Hæstv. ráðh. sagðist ekki láta mig segja sér fyrir um það, hvenær hann svaraði því, sem til sín væri beint. Þar á meðal vitanlega því, sem hann er að spurður í þingræðu. Ef hann hefir sagt þetta í ógáti, þá er það að því leyti hliðstætt mörgu af því, sem hann var nú að segja, að það á sér engan stað í raunveruleikanum.

Ég skal fullvissa hæstv. fjmrh. um það, að útvegsmenn almennt telja þetta mál mikið hagsmunamál fyrir sig. Ég hefi átt tal við nægilega marga útvegsmenn til þess að vita, að þeir telja þetta mál stórt hagsmunamál fyrir sig.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. G.-K. bað mig að nefna mann eða firma, sem fengið hefði hliðstæð réttindi yfir gjaldeyri sínum eins og S. Í. S. — Sambandið hefir fengið leyfi til að verja gjaldeyri sínum til að greiða skuldir í Englandi, sem það hefir stofnað þar til vegna vörukaupa. Ég skal endurtaka það, að ýms fleiri verzlunarfirmu og innflytjendur hér á landi hafa fengið þessi leyfi, til þess að greiða fyrir kaupum á vörum, alveg hliðstæðum þeim vörum, sem Sambandið hefir á þennan hátt keypt inn. Nöfn á þessum firmum hefi ég ekki hjá mér, vegna þess að ég hefi ekki veitt þessi leyfi, heldur hefir gjaldeyris- og innflutningsnefnd gert það. En ég hefi umsögn formanns n. fyrir því, sem ég sagði, og skal ég svo fljótt sem kostur er á nefna hv. þm. G.-K. dæmi um þetta.

Út af því, sem hann sagði um hagsmuni útgerðarmanna í þessu sambandi, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Við erum þegar búnir að karpa allmikið um það. Ég held því enn fram, að þessi lagabreyt. sé ekkert hagsmunamál útvegsmanna, m. a. vegna þess, að hún er óþörf, þar sem í núgildandi l. er heimilt að veita útvegsmönnum þessar undanþágur, ef það þykir sérstaklega til hagsbóta fyrir útgerðina.

Og eins og ég sagði, ef málið kemst til hv. Ed., sem ég geri nú ráð fyrir, þá mun ég við meðferð málsins þar beita mér fyrir því, að frv. verði breytt á þann hátt, að það verði skýrt orðað, að heimilt sé fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd að veita útflytjendum slík leyfi, til þess að hægt sé þó að hafa kontrol á því, að þetta sé ekki gert nema því aðeins, að sérstök ástæða sé til. Því að ef þetta yrði gert mikið, þá mundi það auka á erfiðleikana á því, að allur gjaldeyrir kæmi inn.

Frsm. (Ólafur Thors): Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur muninn á þessu tvennu, hvort um er að ræða heimild til handa nefnd til að veita útvegsmönnum þessi umræddu leyfi, eða hvort útvegsmönnum er sjálfum fenginn þessi réttur í

hendur. Þetta er kjarninn í öllu málinu, hvernig löggjöfin er höfð um þetta efni.

Ég staðhæfi, að ekki er einn einasti einstaklingur eða félag á landinu, sem notið hefir samskonar réttinda um meðferð gjaldeyris síns nú upp á síðkastið eins og S. Í. S. Ég skora á hæstv. fjmrh., ef hann getur, þegar frv. verður til 1. umr. í Ed., að benda á einn — ég fer ekki fram á, að hann bendi á marga, heldur einn einasta aðilja, sem sama rétt hefir nú undanfarið haft um meðferð síns gjaldeyris eins og S. Í. S.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 22. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR
Brtt. 279 felld með 16:8 atkv.
— 271 samþ. með 15:11 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 413).

Á 56. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 456, 457 og 461).

*__Frsm. 1. minni hl. (Jón Baldvinsson)__: Eins og hv. dm. hafa séð, hefir n. klofnað í þessu máli í eins marga hluta og hægt var — jafnmarga og mennirnir eru, sem n. skipa. Liggja því fyrir þrjú nál. frá þessum mönnum.

Ég get ekki fallizt á, að rétt sé að setja löggjöf eins og ræðir um í frv. á þskj. 413. Það eru *margar röksemdir, sem ég hefi á móti því.* Það er þá fyrst sú, að þetta mundi að einhverju leyti gera ótraustara eftirlit með gjaldeyrisverzluninni af hálfu bankanna heldur en nú er. Það mundi í mörgum tilfellum gera bönkunum ókleift að gera ráðstafanir um erlendan gjaldeyri, vegna þess, að þegar fiskfarmarnir væru seldir, gætu útgerðarmenn komið og sagt: Nú hefi ég ráð á gjaldeyrinum fyrir minn fisk til þess að greiða með kol, olíu, salt og veiðarfæri til útgerðarinnar. — Með þessu móti væru bankarnir í stöðugri óvissu um það, hverju af þessum gjaldeyri þeir gætu ráðið yfir til þess að greiða með sínar skuldir og annara, eða nauðsynjavörur handa öðrum en þeim, sem eiga rétt til þess að ráðstafa sínum gjaldeyri.

Nú er það í sjálfu sér engu ónauðsynlegra að geta flutt inn matvörur og fóðurvörur, þegar skortur er í mörgum héruðum, eins og t. d. í vetur. Þá er engu minni nauðsyn að eiga ráð á gjaldeyri til þess að kaupa þær vörur heldur en vörur til útgerðarinnar. Ef útgerðarmenn fá heimild til þess að ráðstafa þessum erlenda gjaldeyri, þá tel ég framið ranglæti gagnvart þeim, sem ekki eru beint útgerðarmenn, en þurfa samt sem áður á þessum nauðsynjavörum að halda.

Þó að svo sé, að meginið af erlenda gjaldeyrinum komi fyrir fiskinn, þá er hann almenningseign eða sameiginlegur. Gjaldeyririnn verður að ganga til þess að kaupa *almennar nauðsynja-* og framleiðsluvörur handa öllum. Það verður því bezt gert með því að bankarnir miðli til þessara manna eftir því sem hægt er og gjaldeyrir leggst til. Svo er á það að líta, að bankarnir verða að taka lán erlendis, sem verður að endurgreiða. Þessi lán nota þeir að nokkru leyti til kaupa á útgerðarvörum og til rekstrar útgerðar útvegsmannanna að nokkru leyti. Þetta þurfa bankarnir að endurgreiða á vissum tímum, og þegar svo mikil óvissa ríkir um, hvað þeir hafa yfirleitt af þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir útfluttar vörur, þá eiga þeir erfitt með að gera sínar ráðstafanir. Svo er það í öðru lagi, að í raun og veru hefir ákaflega mikið af kolum og salti undanfarið verið flutt inn til landsins á þann hátt, að bankarnir hafa gengið í ábyrgð fyrir andvirði þess. Eftir að fór að þrengja að útgerðarmönnum áttu þeir margir hverjir mjög erfitt með að útvega sér þessar vörur, nema því aðeins, að *fyrir lægi ábyrgð bankanna um greiðslu á þeim.* Einnig hafa innflytjendur að þessum vörum, sem selja hinum smærri útgerðarmönnum, — því að útgerðamenn eru ekki allir útflytjendur að sínum vörum, — í mörg ár þurft að verzla í stórum stíl og fá til þess erlend lán með bankaábyrgð.

Þó að ég játi, að miklir erfiðleikar þrengi að útgerðarmönnum nú á síðustu árum og að þeim hafi gengið erfiðlega að fá lán út á sínar vörur erlendis, þá er ég alls ekki viss um, að slík ákvæði, sem eru í þessu frv., kæmu að því haldi, sem þyrfti að vera, þannig, að þeir gætu sjálfir flutt inn þessar vörur gegn því loforði að greiða þær með erlendum gjaldeyri. Svo er sannleikurinn sá, að það eru ekki æðimargir útgerðarmenn, sem geta leyst inn erlend lán, þegar þau falla til, þó að þeir eigi vörur fyrir þeim. Þeir hafa ekki margir hverjir til íslenzkar krónur til þess að borga fyrir erlenda gjaldeyrinn. Bankarnir verða að *hafa afskipti af þessu.* Þeir hafa íslenzkar krónur til þess að borga með.

Þetta hefir verið borið saman við það, að S. Í. S. hafi fengið forréttindi um not á þeim gjaldeyri, sem það hefir fengið fyrir útflutningsvörur sínar. En það er að því að gæta, að S. Í. S. hefir tekizt að fá bankalán erlendis. Ég ætla, að það muni fá lánin fyrri hluta árs, og endurgreiði þau svo með andvirði útfluttra afurða seinni hluta árs. Þetta er í miklu stærri stíl hjá S. Í. S. heldur en hjá öllum öðrum útflytjendum, en í raun og veru hafa allmargir kaupmenn í landinu fengið samskonar leyfi, en það hefir verið í miklu smærri stíl. Það hefir verið sama eðlis, þannig að kaupmenn, sem verzla í reikning við einhvern sérstakan danskan kaupmann, eða hafa gömul sambönd við þá, þeir fá vörur sínar fyrri part árs og skulda þær síðan þangað

til að haustinu, er þeir flytja út íslenzkar afurðir, svo sem ull, selskinn, æðardún og ýmislegt, sem til fellur. Með því borga þeir sínar skuldir, og er þetta nákvæmlega sambærilegt við það, sem er hjá S. Í. S. Þetta hefir innflutnings- og gjaldeyrisnefndin þráfaldlega leyft.

Sé því einhver útgerðarmaður svo vel stæður, að hann geti útvegað sér bankalán erlendis og selt það í bönkum hér, sem lána þeim fjármagn til rekstrarins, þá sé ég ekki annað en að með núv. reglu mundi innflutnings- og gjaldeyrisn. leyfa slíkar ráðstafanir á gjaldeyri fyrir útfluttar vörur.

Þá skal ég taka þriðja dæmið og sýna, að mönnum er leyft að ráðstafa sínum gjaldeyri. Fjölda síldarútvegsmanna er leyft að fá lán erlendis, vörur og jafnvel peninga, og borga það síðan með útflutningi sínum. Ég hefi heyrt það haft eftir hæstv. fjmrh., en ég hefi ekki heyrt hann segja það sjálfan, að hann hefði játað, að Sambandið þyrfti ekki að gefa slíka skýrslu. Þetta er mesti misskilningur. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan ég las skýrslu frá Sambandinu um það, hvernig það hefði ráðstafað sínum erlenda gjaldeyri, sem þeir gerðu í samráði við viðskiptabanka sinn, Landsbankann. Og samskonar skýrslu heimtar gjaldeyrisnefnd af smákaupmönnum úti um land. Ég sé ekki betur en að gjaldeyrisnefnd geti raunverulega veitt allt það, sem þetta frv. fer fram á. Það eina, sem þá mundi verða gert, er það, að bankarnir tiltækju gjalddagann, en það mundu þeir gera með tilliti til þess, hvenær þeir álitu hentugast að borga vöruna. Ef aftur á móti hver útgerðarmaður ætti að geta ráðið þeim gjalddaga, sem þeir borguðu sínar vörur á, þá mundi það geta komið sér illa fyrir bankana. Það er því till. mín út frá þeim forsendum, sem ég hefi haft um þetta, að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar. Og ég tel, að þó að þetta frv. yrði samþ., þá mundi engin breyt. verða á núv. ástandi, en að það gæti hinsvegar ruglað talsvert.

Umr. frestað.

Á 63., 64., 65. og 66. fundi í Ed., 4., 5. og 6. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Eins og þetta stutta nál. mitt sýnir, þá legg ég til, að þetta frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það kom frá hv. Nd. Það hefir, eins og sjá má af samanburði þingskjalanna, tekið nokkrum breytingum, og einkum þannig, að það eru meira takmörkuð þau frjálsu not, sem útgerðarmenn eiga að hafa af þeim gjaldeyri, sem þeir fá fyrir útflutningsvöru sína. Í stað þess að upphaflega var það þannig orðað í frv., að þeir hefðu þennan gjaldeyri frjálsan til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar, þá er það nú takmarkað við kol, olíu, salt og veiðarfæri, þó því aðeins, að þeir séu sjálfir innflytjendur að þessum vörum.

Tilefni til þessa frv. er náttúrlega það, að margir, eða ýmsir a. m. k. af þessum útgerðarmönnum hafa nokkurt lánstraust ytra, og það er enginn vafi á því, að slík öflun lána af hendi Íslendinga er heppileg eins og komið er högum okkar banka, að þeir eiga erfitt með að afla sér lána erlendis. En það er alkunnugt, að erlendir lánardrottnar setja það skilyrði, að sá, sem lán tekur, sæti ekki neinum hindrunum af hálfu stjórnarvaldanna, sem geri það að verkum, að hann geti ekki greitt lánardrottni sínum á réttum tíma. Nú er það, að það út af fyrir sig, að leyfi nefndar þarf til þess að geta fengið gjaldeyri til greiðslu, er nóg til þess, að erlendir lánardrottnar geta alls ekki gengið að því. Og það, að þeir, sem gjaldeyrisins afla, verða að skila honum og sækja um hann aftur til þess að greiða skuldbindingar sínar, er nóg til þess, að þeir geta ekki haldið lánstrausti sínu erlendis. Þetta hefir leitt til þess, að þeir erlendu lánardrottnar, sem ekki hafa viljað draga alveg að sér hendina með lánveitingar, hafa heimtað bankatryggingu. Á þessu eru þó augljósir gallar; bæði er það, að náttúrlega eru ekki bankatryggingarnar öruggar. Því aðeins eru þær öruggar, að bankarnir hafi í raun og veru fé fyrir hendi, en trygging er það í sjálfu sér, að bankarnir geta ráðstafað gjaldeyrinum á þeim tíma, sem um hefir verið samið. En bankarnir eru tregir til þess að veita þessar tryggingar, og bankatryggingarnar eru kannske einhver varasamasta starfsgrein bankanna, sem til er, af því að bankarnir geta svo að segja óendanlega ábyrgzt, en beinar lánveitingar eru takmarkaðar af handbæru fé. Bankarnir geta því alveg farið með sig á þessum tryggingum, og þetta verður til þess, að bankar, sem vel er stjórnað, eru mjög íhaldssamir að taka að sér slíkar tryggingar. — Til þess að koma í veg fyrir þetta, þarf ekki annað en að gefa þeim, sem þarna eiga hlut að máli, kost á því að hafa nokkurn gjaldeyri frjálsan til þess að kaupa fyrir sínar nauðsynjar.

Til þess að ekkert rekist á verður að takmarka þetta mjög mikið, og mér virðist, eins og frv. er nú orðað, þar sem til eru teknar aðeins örfáar vörutegundir — brýnustu nauðsynjar útgerðarinnar —, að þetta geti ekki komið sér illa fyrir hinar almennu gjaldeyrisráðstafanir, þegar útgerðarmenn eru jafnframt skyldaðir til þess að tilkynna innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, hvað mikið fé þeir vilja hafa af sínum gjaldeyri. Það er líka á það að líta, að þessar vörur eru ekki aðeins nauðsynlegar til útgerðarinnar, heldur veltur afarmikið á því, við hvaða verði vörurnar eru keyptar. Og það er enginn vafi á því, — a. m. k. má gera ráð fyrir því — að yfirleitt geti útgerðarmenn fengið þessar vörur með vægara verði, ef þeir hafa sjálfir gjaldeyri til þess að greiða þær á þeim tíma, sem seljendurnir sérstaklega óska eftir. Það er engin von til þess, að sá, sem selur slíkar vörur, geti selt þær sama verði upp á gjaldeyrisleyfi, sem kannske er bundið þeim skilyrðum, að gjaldeyrir sé þá fyrir hendi, og þegar aðeins er um kunnugan og gamlan viðskiptamann að ræða, sem greiðir þessa skuld á fyrsta gjalddaga, sem þeir hafa komið sér saman um í upphafi. Það getur því haft mikið að segja, að útgerðarmenn hafi gjaldeyrinn frjálsan og geti þannig sætt beztu kjörum.

Það má náttúrlega segja eins og hv. frsm. 1. minni hl. sagði, að innflutnings- og gjaldeyrisnefnd mundi að sjálfsögðu jafnan greiða fyrir þessum viðskiptum eins og hægt er. Ég veit ekki, hvaða reglur innflutnings- og gjaldeyrisnefndin hefir haft með leyfi á gjaldeyri til þess að kaupa fyrir vörur til útgerðarinnar. Þar eru einna stórfelldastar tilraunir til þess að ná í erlendan gjaldeyri. Nefndin verður því að miðla þeim gjaldeyri, sem fyrir hendi er til þessara hluta. En ef hér er nú raunverulega um ríka þörf að ræða, — er þá ekki réttara að miðla þessum gjaldeyri til útgerðarmanna, svo að þeir geti fengið vörurnar með sem beztum kjörum? En beztu kjör geta þeir ekki fengið, nema þeir hafi gjaldeyrinn alveg frjálsan.

Ég held, að hv. frsm. 1. minni hl. hafi flutt langa ræðu við fyrri hluta þessarar umr., og ég skrifaði nokkuð upp úr ræðu hans, en ég vil ekki tefja tímann með því að svara því frekar.

Þetta er aðalástæðan til þess, að ég vil fylgja frv. óbreyttu, en ekki með breytingum 3. minni hl. Ég mun ekki víkja að þeim brtt., fyrr en talað hefir verið fyrir þeim. En mér finnst hér skotið inn í, „formelt" a. m. k., opinberum aðilja meðal viðskiptamannanna, sem vel getur haft þau áhrif á lánardrottin, að hann kippi að sér hendinni um viðskipti eða veiti a. m. k. óhagstæðari kjör en ella.

***Frsm. 3. minni hl. (Bernharð Stefánsson):** Eins og kunnugt er, hefir fjhn. klofnað í 3 hluta í þessu máli. Nál. það, sem ég hefi gefið út, er á þskj. 461. Ég er sammála 2. minni hl. um að leggja það til, að frv. verði samþ., en ég legg til, að gerðar verði á því nokkrar breyt., og flyt ég um þær till. á þskj. 461. Í a-lið vil ég víkja nokkuð frá frv. í þrem atriðum. Ég legg til, að í stað þess, að í frv. er aðeins talað um útgerðarmenn, nái ákvæðin til útflytjenda hverskonar afurða. Ég álít, að þær ástæður, sem mæla með ákvæðum frv. að því er snertir útgerðarmenn um frelsi til þess að ráðstafa gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, mæli einnig með því, að þeir, sem flytja út landbúnaðarvörur, njóti hins sama. Hv. frsm. 2. minni hl. minntist að vísu á, að í frv. væri aðeins um að ræða heimild til þess að ráðstafa gjaldeyri til að kaupa vörur, sem þarf beinlínis til útgerðarinnar, en það eru líka til vörur, sem þarf beint til landbúnaðarins, og álít ég, að ekki eigi að gera upp á milli þessara tveggja atvinnugreina að þessu leyti.

Þá er það önnur breytingin í a-lið, að leyfi gjaldeyrisnefndar skuli þurfa í hvert skipti til þess að menn megi ráðstafa gjaldeyri sínum. Margir munu segja, að ef þessi brtt. verði samþ., sé um litla breyt. að ræða frá því, sem nú er. En þó álít ég, að innflutningsnefnd geti losað útflytjendur við að sækja um sérstök gjaldeyrisleyfi, svo að meira frjálsræði yrði í þessum efnum en áður. Þriðja atriðið í a-lið er það, að gjaldeyrir skuli vera frjáls til greiðslu á eigin skuldbindingum, í stað þess að vera miðaður við einstakar vörutegundir.

Þá legg ég það til í b-lið, að ákveða megi í reglugerð, að allir þeir, sem fara til útlanda, leggi fram skírteini fyrir öflun löglegs gjaldeyris til fararinnar. Eins og gjaldeyrismálum þjóðarinnar er nú komið, er þetta nauðsynlegt til þess að gjaldeyrislögin komi að fullu haldi, þar sem vitað er, að mikið af erlendum gjaldeyri fer út úr landinu með mönnum, sem ferðast til útlanda. Ég veit, að menn munu telja þetta ófrjálslegt, en margar aðrar slíkar ráðstafanir verður að gera, meðan það vandræðaástand ríkir í gjaldeyrismálunum, sem nú er og ekki er fyrirsjáanlegt, að batni í nánustu framtíð.

***Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Um brtt. hv. 3. minni hl. er það að segja, að þær gera að mínu áliti frv. alveg ónýtt, ef þær verða samþ. Breytingin verður þá í raun og veru engin frá því, sem er, því að hingað til hafa einstök fyrirtæki, S. Í. S. og fleiri, fengið umráð yfir gjaldeyri sínum í einstökum tilfellum, eins og komið hefir fram í blaðaskrifum og víðar. En það, sem hinn erlendi lánardrottinn krefst, er það, að sá, er tekur lán, hafi frjáls umráð yfir gjaldeyri sínum á hverjum tíma og geti sýnt það. Þó að útgerðarmaður, sem stofnar skuld við erlendan lánardrottin, hafi frjálsan gjaldeyri, þegar skuldin er stofnuð, hugsar hinn erlendi lánardrottinn sem svo: Hvaða tryggingu hefi ég fyrir því, að hann hafi nokkurn erlendan gjaldeyri eftir ár, ef hann verður þá ekki búinn að borga skuldina? — Breytingin, sem lögð er til í b-lið, er gersamlega óframkvæmanleg. Menn geta t. d. farið með örfáar krónur eða alveg blankir til Kaupmannahafnar, án þess að nokkuð sé við því að segja, því að ekki er hægt að banna mönnum með lögum að njóta aðstoðar vina og kunningja erlendis. Menn geta á allan mögulegan hátt sloppið við að upplýsa, hvernig þeir fái gjaldeyri sinn. Bæði er það, að hér er ekki um miklar upphæðir að ræða og auk þess svo erfitt yfirleitt fyrir fólk að ná sér í gjaldeyri á „ólöglegan" hátt til siglinga, að ég held, að þetta skipti ekki miklu máli, enda fullkomið eftirlit ómögulegt.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég lýsi yfir fylgi mínu við brtt. 3. minni hl. Það er að vísu rétt, að fyrri brtt. er gerbreyting á frv., og því fylgi ég henni. Ég hefi áður haldið því fram í umr. um þetta mál, að eins og frv. er nú valdi það svo mikilli röskun á gjaldeyrislögunum, að óviðunandi sé. Það yrði næstum eða alveg ómögulegt að hafa lengur eftirlit með gjaldeyrinum, ef útflytjendur hefðu ótakmarkaða heimild til að verja honum til kaupa á ýmsum vörum. Nú má, með leyfi bankanna, veita einstaklingum leyfi til þess að nota gjaldeyri sinn til greiðslu á einstökum skuldbindingum. Eftir brtt. er það tekið fram berum orðum, að gjaldeyrisnefnd hafi leyfi til að veita slíka heimild ein, án samþykkis bankanna. Það má ef til vill segja, að þetta sé ekki mikil breyting, en þó er skýrara ákveðið um þetta en áður. Ég vil þegar lýsa yfir því, að ég fylgi frv., ef þessi brtt. verður samþ., en að öðrum kosti ekki.

Um 2. brtt. er það að segja, að það er að vísu rétt hjá hv. frsm. 2. minni hl., að aldrei verður algerlega hægt að koma í veg fyrir, að menn afli sér gjaldeyris á ólöglegan hátt, en mikið

er þó hægt að gera í því efni. Brtt. í þessa átt var flutt í Nd. að minni tilhlutun. Ég get ekki séð, að í sliku ákvæði felist meira ófrelsi fyrir einstaklingana en að menn verða að sækja um gjaldeyrisleyfi til vörukaupa, jafnvel þótt menn eigi gjaldeyrinn sjálfir. Ég fæ ekki séð, að þetta sé meiri frelsisskerðing en margt annað í sambandi við þessi mál. Ég mælist því til þess, að þessi till. verði samþ., en vil endurtaka það, að ég óska, að frv. verði fellt, ef hin fyrri verður ekki samþ. (**MJ:** Eru bankarnir reiðubúnir að taka þá kredit á sig, sem útflytjendur missa við það að hafa ekki umráð yfir gjaldeyri sínum?). Það liggur ekkert sérstakt fyrir um neinn „kredit"missi útflytjenda, enda ætti þeim að koma jafnvel að fá leyfi til umráða yfir gjaldeyri sínum á hverjum tíma, þótt hitt megi líka vera, að hvorug aðferðin komi að fullu haldi. (**MJ:** Þær staðreyndir liggja fyrir, að menn hafa misst lánstraust af þessum ástæðum).

ATKVGR.

Till. 1. minni hl. fjhn., í nál. á þskj. 456, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, HG.

nei: JAJ, MG, MJ, ÞÞ, BSt, GL, EÁrna.

Tveir þm. (PM, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 461,a samþ. með 9:5 atkv.

— 461,b samþ. með 9:5 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 599).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.

nei: JBald, MJ, PM.

Fimm þm. (GL, JAJ, MG, ÞBr, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. endursent Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 599).

Frsm. (Ólafur Thors): Ég er 1. flm. að þessu frv., en ég tel það hafa verið leikið svo í Ed., að útgerðarmenn fái ekkert af því, sem þeim var ætlað með frv., og þegar þar við bætist, að inn í frv. hafa verið sett ákvæði um farbann á íslenzku fólki, neyðist ég til að leggja til, að neitað verði um afbrigði um frv.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed.

Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 9:8 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins (þmfrv., A. 167).

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., af því að þetta mál er flutt í svo að segja alveg sama formi og á síðasta þingi, og gerði ég nokkra grein fyrir því í framsöguræðu þá.

Aðalefni þessa frv. er það, að heimila ríkisstj. að láta stofna og starfrækja hér verksmiðju til framleiðslu á tilbúnum áburði. Samkv. bráðabirgðarannsókn, sem farið hefir fram um þetta mál, viðvíkjandi kostnaði við stofnun og starfrækslu þessarar verksmiðju, er svo að sjá, að unnt sé að reka hér áburðarverksmiðju til vinnslu vissra áburðartegunda, sem standast mundu fyllilega samanburð við samskonar áburð, sem fluttur er nú inn.

Gert er ráð fyrir, að fram fari fullkomin undirbúningsrannsókn viðvíkjandi kostnaði við verkið áður en það verður framkvæmt, og heimilast ríkisstj. að verja til þess 50 þús. kr., sem yrði einn liður stofnkostnaðar fyrirtækisins, ef í það yrði ráðizt, að rannsókn lokinni.

Eins og í grg. getur, liggja nú fyrir skýrslur um mjög ýtarlega rannsókn á þessu máli, frá þeim verkfræðingi, sem haft hefir þær rannsóknir með höndum. Þessar skýrslur liggja fyrir a. n. l. hjá n. og a. n. l. annarsstaðar, en á erlendu máli. Mun nú vera langt komið að þýða þær á íslenzku, og verður þeim útbýtt hér á Alþ. að því loknu. Gefst þá hv. þm. kostur á að kynnast málinu með eigin augum. Ég geri ráð fyrir, að málinu verði ekki það hraðað, að það verði komið úr n., þegar þetta plagg verður lagt fyrir framan hv. þm. Býst ég við að geyma mér frekari umr. um málið þangað til hv. þm. hafa getað kynnt sér þessar skýrslur.

Eftir því sem grennslazt hefir verið um fé til þess að reisa þessa byggingu fyrir, þá virðist ekki vera hörgull á, að hægt sé að fá fé að láni til þessa fyrirtækis með góðum kjörum.

Legg ég til, að máli þessu verði vísað til landbn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

31. Skipaviðgerðir.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 175).

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Eins og frv. þetta ber með sér, er svo til ætlazt, að aðgerðir á íslenzkum skipum verði hér eftir framkvæmdar í landinu sjálfu, að svo miklu leyti sem það er unnt og með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í frv.

Eins og kunnugt er, má svo heita, að allar meiri háttar aðgerðir á íslenzkum stórskipum, togurum og flutningaskipum, hafi verið framkvæmdar ytra á undanförnum árum. Þetta er eðlilegt, vegna þess að til skamms tíma hefir þess ekki verið kostur að framkvæma þessar aðgerðir innanlands, vegna vöntunar á ýmsu, sem til þess þarf, svo sem dráttarbraut og fleira.

Þó að stórskipafloti okkar hafi verið nokkuð stór í seinni tíð, eða 50—60 skip, þá hefir þessum málum ekki verið komið lengra en það, þangað til fyrir svo sem 2—3 árum, að meiri háttar aðgerðir á slíkum skipum var ekki hægt að framkvæma innanlands. Stærsta sporið í framfaraátt í þessu efni má óefað telja það, að komið var hér upp dráttarbraut, sem getur a. m. k. tekið upp alla togara okkar og þaðan af minni skip. Og nú er svo talið af fróðum mönnum, að hér sé hægt að framkvæma nær allar aðgerðir á þessum skipum. Fagmenn okkar í skipaviðgerðum, járniðnaðarmenn og aðrir, munu sízt standa að baki erlendum mönnum í þessum greinum. Og af afspurn er mér það kunnugt frá þeim, sem reynslu hafa í þessum efnum, að skipaviðgerðir, sem framkvæmdar hafa verið hér heima, eru sízt lakari en þær, sem framkvæmdar hafa verið ytra. Þess munu jafnvel dæmi, að aðgerðir á skipum hafa verið svo illa framkvæmdar á verkstæðum ytra, að þegar skipin hafa komið hingað heim, hefir þurft að gera á þeim stórfelldar endurbætur. Mun óhætt að fullyrða, að íslenzkir iðnaðarmenn í þessum greinum standi sízt að baki þeim útlendu. Og tæki munu vera orðin hér nægileg til þessara aðgerða, og ekki munu þær vera framkvæmdar svo, að þær verði eigendum skipanna dýrari hér en ytra. Enda mun vera hægt að benda á það, að þeir útgerðarmenn, sem allt bendir til, að hafi mesta fyrirhyggju og af mestri skynsemi stjórni sínum útgerðarfyrirtækjum, láta aðgerðirnar á sínum skipum fara fram nær eingöngu hér heima, nema þegar þeir í vissum tilfellum komast alls ekki hjá að láta þær fara fram ytra.

Ýmislegt er það fleira, sem mælir með því að flytja aðgerðirnar á skipunum inn í landið, svo sem hið gífurlega atvinnuleysi, sem ríkir nú hér hjá okkur, ekki síður meðal manna í þessari atvinnugrein heldur en öðrum. Ennfremur má benda á það, að það kostar erlendan gjaldeyri að láta aðgerðirnar fara fram á erlendum verkstæðum. Og á slíkum tímum sem nú eru, þegar svo má segja, að allan erlendan gjaldeyri verður að skera við neglur sér, virðist full ástæða til þess að draga úr gjaldeyrisveitingum í þessu skyni, og þá ekki sízt þegar hægt er að sýna fram á það með fullum rökum, að a. m. k. hluta af þessum gjaldeyri, sem varið er í þessu skyni, mætti spara með því að láta framkvæma mikið af þessum viðgerðum hér heima.

Það mun nú vera svo ástatt, að það muni láta nærri, að það séu á milli 50 og 60 skip, sem geti komið til mála að láta framkvæma aðgerðir á utanlands, sem sé togarar okkar og flutningaskip og sá hluti línuveiðaskipanna, sem alltaf annað slagið eru að sigla til annara landa. Margt virðist benda til þess, að einmitt nú í ár muni þurfa að fara fram aðgerðir á þessum skipum öllu stórfelldari en á undanförnum árum. Flest þessara skipa eru komin svo til ára sinna, að þau þurfa að fara að ganga til flokkunar, sem útheimtir stórfelldar aðgerðir. Og af fróðum mönnum er mælt, að fyrir utan þær aðgerðir á þessum skipum, sem kunna að geta orðið óhjákvæmilegar vegna stranda og annara sjóskaða, þá muni ekki vera ofmælt, að á þessu ári muni gerast nauðsynlegt að verja 1 millj. kr. til aðgerða á þessum skipum. Það sem af er þessu ári munu hafa verið framkvæmdar aðgerðir á íslenzkum skipum í útlöndum fyrir milli 350 þús. og 400 þús. kr. En á sama tíma hefir ekki verið unnið að slíkum aðgerðum hér heima fyrir nema rúml. 50 þús. kr.

Má ennfremur benda á það, eins og getið er um í grg. frv., að ef aðgerðir á íslenzkum skipum flyttust inn í landið með litlum undantekningum, þá mundi það mikið stuðla að aukinni atvinnu, sem þrifizt getur í skjóli þessara aðgerða. Það má gera ráð fyrir því, að samhliða skipaaðgerðum mundu þeir, sem að þeim ynnu hér, ef þær væru fluttar að mestu inn í landið, geta tekið upp ýmiskonar iðnað hliðstæðan, og er á það bent í grg. frv. Af fróðum mönnum um þessa hluti er gert ráð fyrir því, að ef skipaaðgerðir verða fluttar inn í landið, eins og hér er gert ráð fyrir, þá muni það tvöfalda atvinnumöguleika þeirra manna, sem við þetta fást nú hér. Fyrir utan járnsmíði við skip mundi þetta svo að sjálfsögðu veita atvinnu öðrum iðnaðarmönnum, svo sem rafvirkjum, trésmiðum, málurum og fleirum.

Ég býst við, að öllum sé það ljóst, að hér er stórmál á ferðinni, sem getur haft stórkostlega fjárhagslega þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Enda munum við vera ein af þeim fáu þjóðum, sem hafa látið framkvæma þessi verk hjá útlendingum.

Eins og ég gat um áðan, hefir til skamms tíma ekki verið aðstaða til að framkvæma þessar viðgerðir hér. Nú er þetta breytt, og mun vera hægt að gera þessar aðgerðir hér í flestum eða öllum tilfellum. Og þess vegna virðist ekkert mæla með því lengur að halda áfram að láta framkvæma þessar aðgerðir ytra.

Sé ég ekki ástæðu til að fara lengra inn á þetta mál við þessa umr. Að umr. lokinni legg ég til, að frv. verði vísað til sjútvn.

Jón Ólafsson: Fyrir nokkrum dögum rakst ég á þessa hugmynd í einu af blöðum bæjarins, Nýja dagblaðinu. En ég hélt þá, að enginn hér á hæstv. Alþ. mundi gleypa þá flugu né gæfi sig í að flytja hana í frumvarpsformi inn á hæstv. Alþ. Skal ég ekki fara mikið út í þær öfgar og staðleysur, sem hv. flm. frv. og frsm. er hér á ferðinni með. Þó get ég ekki látið ógert að minnast á nokkur atriði, sem vitanlega eru augljós hverjum manni, sem vill athuga þetta mál. Hér er það bersýnilega ekki hagur þjóðarinnar, sem borinn er fyrir brjósti, og ekki heldur hagur atvinnurekendanna, sem gera skipin út, eða skipaeigendanna, heldur er hér fyrst og fremst borinn fyrir brjósti hagur nokkurra manna, sem eiga að hafa atvinnu af þessari tilfærslu á aðgerðum skipanna.

Hv. flm. fer með þær staðleysur, að stundum hafi það komið fyrir, að svo illa hafi verið gert við skip héðan í útlöndum, að það hafi orðið að taka það í gegn til viðgerðar, þegar hingað heim kom. Það er ekki hægt að synja fyrir, að menn hafi þurft að láta gera eitthvað frekar við þau, þegar heim kom, heldur en gert hafði verið ytra.

En þegar talað er um atvinnu við þessar smíðar, þá er það líka atvinnuspursmál fyrir þá, sem atvinnu hafa við útgerð skipanna, hvort það kostar 3—4 vikur að láta gera við skip, eins og venjulegt er hér, eða viðgerðin kostar ekki nema 10 daga töf fyrir skipin, eins og ef gert er við þau í Englandi. Þetta er líka atvinnuspursmál fyrir ýmsa af landsmönnum. Allir, sem komið hafa nálægt þessum hlutum, vita það, að það er a. m. k. þriðjungi dýrara að láta gera við járnskip hér en í Englandi, sem mun koma til af því, að efni sé hér dýrara og einnig, að afköst þeirra manna, sem fást við þessar viðgerðir hér, eru svo miklu minni en þeirra, sem þessi verk vinna í Englandi. Nú segi ég það ekki, að okkar smiðir séu lakari smiðir en smiðir Englendinga. En ég geri ráð fyrir, að þeir hafi lakari verkfæri hér til þessara starfa. Ég geri ráð fyrir, að við eigum hinum mestu hagleiksmönnum í smiðum á að skipa yfirleitt. En þeir þurfa í þessu tilfelli að læra að vera hraðvirkari en þeir hafa verið hingað til í viðgerðum skipa, annaðhvort með því að nota betri verkfæri eða með því að vinna rösklegar en komið hefir á daginn.

Hv. flm. og frsm. býst við, að á þessu ári verði að gera við skip landsmanna fyrir nál. 1 millj. króna. Hver hefir sagt honum þetta? Hvað eru margir togarar til í landinu, sem þarf að klassa? Togararnir eru 35 alls. Og það kemur ekki til mála, að meira en helmingur þeirra komi undir klössun í ár, og mundi það kosta 10 til 15 þús. á skip. Hvaðan hefir svo þessi hv. þm. fengið þessa millj. króna? Væri ekki betra að athuga ofurlítið málin, áður en komið er með þau inn á Alþingi? Það er ekki nóg að hlaupa eftir blaðaskrifum og tilfinningum í þekkingarleysi til að bera fram frv. á Alþ., sem svo reynist fjarstæða, eins og þetta frv.

Að halda því fram, sem hv. 3. landsk. heldur fram viðvíkjandi þessu máli, getur gengið á pólitískum fundum úti um byggðir landsins, en slíkt getur varla gengið á hæstv. Alþingi.

Það, sem ég vildi, á þessu stigi málsins, benda þeirri n. á, sem væntanlega fær málið til meðferðar, er, að það þarf að rannsaka þetta mál rækilega og sjá, hvar það kæmi niður, ef horfið væri að slíku ráði, sem gert er ráð fyrir í frv., hvort það kæmi ekki harðast niður á þeim, sem sízt mega við því, sem eru eigendur skipanna og bankarnir, sem þar hafa hagsmuna að gæta.

Fjarstæðurnar í hinum ýmsu gr. frv. er ekki ástæða til að fara út í nú á þessu stigi málsins, en það mun verða gert seinna, svo sem eins og það, að ef skip bilar í hafi o. s. frv. o. s. frv., þá skuli það fara til Íslands. (Hlægilegt ákvæði).

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Hv. 1. þm. Rang. sagðist hafa rekizt á blaðagrein um þetta efni í Nýja dagbl. fyrir nokkrum dögum, en sagðist ekki hafa búizt við, að nokkur mundi hlaupa eftir því; hér er það ekki heldur gert, enda er það ekki ný bóla, að skrifað sé um þetta mál í blöðin.

Forsaga þessa máls er sú, að síðastl. haust hafði nefnd frá járniðnaðarmönnum gert uppkast að frv. um þetta efni, og sneri þessi n. sér svo til þm. Alþfl. og óskaði eftir því, að þeir tækju þetta mál til athugunar. Var það gert, og er þetta frv., sem hér liggur fyrir, til orðið á þann hátt, enda þótt það sé nokkuð breytt frá því, sem járniðnaðarmenn höfðu hugsað sér í byrjun.

Í ræðu hv. þm. voru nokkur atriði, sem ég ætla að taka til athugunar. Hann vill halda því fram, að það sé staðleysa, að aðgerð á íslenzkum skipum erlendis hafi stundum verið framkvæmd svo illa, að það hafi þurft að lagfæra skipin strax og þau komu í land hérna. Það þýðir náttúrlega ekki mikið að segja, að þessar fullyrðingar hv. þm. séu staðleysa, en ég skal lofa honum því, að við 2. umr. þessa máls skal ég færa sönnur á mitt mál í þessu efni, enda þykist ég viss um, að hv. þm. muni vera vel kunnugt um, að það, sem ég segi, er ekki fjarri sanni, þar sem hann er einn af meðstjórnendum næststærsta togaraútgerðarfélags þessa lands.

Hv. þm. hélt því fram, að aðgerðir á skipum væru þriðjungi dýrari hér heima heldur en erlendis. — Þessu vil ég mótmæla, og vil ég undirstrika það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ef svo væri, að þessar aðgerðir væru þriðjungi dýrari hér heima, þá mundi það ekki koma fyrir, að til væru útgerðarmenn hér á landi, sem stjórna sínum fyrirtækjum ekki síður en flestir aðrir, sem létu framkvæma skipaaðgerðir hér heima. Þá sagði hv. þm., að afköst manna hér á landi væru miklu minni í þessari iðngrein en t. d. í Englandi; vildi hann kenna þetta tækjum þeim, sem hér eru notuð á þessu sviði. Ég vil mótmæla því, að afköst hérlendra manna í þessari iðngrein séu minni en erlendra manna. Það vill svo vel til, að ég hefi haft aðstöðu til þess að horfa á vinnubrögð innlendra og erlendra manna í þessari atvinnugrein, bæði í Englandi og víðar, og hefi ég ekki getað séð, að Íslendingar stæðu hinum neitt að baki, enda er það viðurkennt, að íslenzkir verkamenn og iðnaðarmenn eru jafnfærir og afkastamiklir eins og erlendir menn á samsvarandi sviðum.

Þá sagði hv. þm., að íslenzkir járniðnaðarmenn

þyrftu að læra að verða hraðvirkari og verkhyggnari en þeir eru; ég skrifaði þessi orð upp, og vona ég, að þau verði prentuð í þingtíðindin sem unnmæli þessa hv. þm. um járniðnaðarmenn.

Þá spurði hv. þm. að því, hvaðan mér kæmi sú vizka, að á þessu ári yrði varið um 1 millj. kr. til aðgerða á íslenzkum skipum. Ég vil spyrja hv. 1. þm. Rang., hvort hann geti neitað því, að það sem af er yfirstandandi ári hafi verið varið milli 300 og 400 þús. kr. til aðgerða á skipum okkar; og sé þetta rétt, sem mér er tjáð og ég hefi enga ástæðu til að efast um, þá vil ég biðja hv. þm. að athuga, hvort það er svo ákaflega ótrúlegt, að þessi upphæð geti verið komin upp í 1 millj. í lok þessa árs.

Þá spurði hv. þm. mig, hvort ég vissi, hvað togararnir væru margir. Hann sagði, að þeir væru 35, en ég held, að þeir séu 38, svo framarlega sem enginn þeirra hefir verið seldur úr landi eða farizt síðustu klukkutíma, og eftir upplýsingum frá mönnum, sem ég trúi eins vel til að fara með rétt mál og hv. 1. þm. Rang., eru allar líkur til þess, að það verði 15—20 íslenzk skip eða jafnvel fleiri, sem þurfa aðgerða við á þessu ári, bæði vegna flokkunar og annars. Hv. þm. sagði, að flokkun á skipum okkar Íslendinga kostaði að öllum jafnaði ekki meira en 10—15 þús. kr. Ef hv. þm. vildi fara rétt með í þessu efni og fara eftir sinni eigin reynslu sem gamall útgerðarmaður og bankastjóri í banka, sem hefir mikil afskipti af togaraflotanum, þá hygg ég, að hann mundi komast að þeirri niðurstöðu, að flokkunaraðgerðir á skipunum komist oft og í flestum tilfellum upp fyrir þessa upphæð, sem hann nefndi.

Hv. þm. sagðist vilja óska þess, að sú nefnd, sem fengi þetta mál til athugunar, athugaði það vel, áður en hún léti í ljós álit sitt um það, og vil ég óska þess sama. Hv. þm. minntist ennfremur á það, að það fælist fjarstæða í einni frvgr., sem sé það, að ef skip bilar í hafi, þá er ætlazt til þess samkv. frv., að þau sigli til íslenzkrar hafnar til þess að fá aðgerð. Ég vil benda hv. þm. á það, að það væri hyggilegra fyrir hann að lesa þessa gr. út til enda, því að þá mun hann sjá, að undantekningar eru gerðar frá þessu, sem ættu fullkomlega að fyrirbyggja, að stofnað væri til nokkurs óhagræðis fyrir eigendur skipanna eða vátryggjendur, ellegar til öryggisleysis fyrir þá, sem á skipunum vinna.

Jón Ólafsson: Það var óþarft fyrir hv. þm. að fara að afsaka sig fyrir að hafa tekið þessa hugmynd upp úr Nýja dagblaðinu. Það skiptir vitanlega ekki miklu máli, hvort hann hefir fengið hugmyndina þar eða einhversstaðar annarsstaðar, því að frá einhverjum hefir hann fengið hana öðrum en sjálfum sér. Um það ber frammistaða hans í þessu máli vitni, t. d. viðvíkjandi kostnaðinum á viðgerð skipanna, þar sem hann gerir ráð fyrir 1 millj. kr. kostnaði. Þótt gert sé ráð fyrir, að 15 skip muni þurfa viðgerðar við á þessu ári — en það, sem menn vita til, að viðgerðarkostnaður (klössun) á gömlum skipum nemi, er í hæsta lagi 30 þús. kr. —, þá nær það vitanlega engri átt, að viðgerðarkostnaður þessara skipa geti komizt upp í 1 millj. kr., því að venjulega kostar „klassinn" ekki nema 8—12 þús. kr. á skip, fyrir utan það, sem kallað er venjulegt viðhald. Ég held því, að hv. þm. ætti ekki að rengja orð mín í þessu efni, því að ég hefi fengizt við þetta í mörg ár; ég hefi samið um viðgerðir á skipum og litið eftir þessu á allan hátt mörg undanfarin ár.

Hv. þm. þótti hart, að ég skyldi halda því fram, að járnsmiðirnir íslenzku væru ekki nógu afkastamiklir. Ég hefi aldrei lagt það í vana minn að skrifa eða hræsna fyrir nokkurri stétt í orðum eða athöfnum, og mun ég því standa við það, sem ég hefi sagt í þessu efni, því að ég hefi fullkomna reynslu fyrir því, að smiðir okkar afkasta ekki nærri eins miklu verki og ég hefi orðið var við, að smiðir gera utanlands. Þótt hv. þm. þykist hafa horft á vinnubrögð erlendra smiða, þá get ég sagt honum það, að ég hefi sjálfur látið íslenzka skipasmiði gera verk, sem var þriðjungi dýrara en samsvarandi verk erlendis. Þetta er ómótmælanlegur sannleikur, sem hægt er að færa sönnur á. — Ég er ekki í vafa um, að svo geti orðið með tímanum, að þessir menn geti jafnazt á við erlenda menn á sama sviði, en meðan svo er ekki, þá liggur það í augum uppi, að með því að skylda skipaeigendur til þess að kaupa viðgerð hér á landi, þá er bara verið að leggja skatt á eigendur skipanna, og eins þá, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við skipin. Það er líka atvinnutjón fyrir þá, sem á skipunum vinna, ef viðgerð skipanna er framkvæmd hér á landi, því að hún tekur þrefalt lengri tíma hér en erlendis, m. a. af því, að okkar smiðjur hafa hvorki eins góðum tækjum né heldur smiðum á að skipa og erlendar smiðjur. Þetta atriði hefir talsverða þýðingu, því að tíminn getur oft verið dýr, þegar fiskveiðar eru í fullum gangi.

Það er ekki ástæða til að segja meira um þetta á þessu stigi málsins, en ég vil vænta þess, að hv. n. athugi þetta mál rækilega áður en hún gleypir þessa sömu flugu og hér er á ferðinni úr Nýja dagblaðinu.

***Gísli Guðmundsson:** Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv., enda geri ég ráð fyrir, að því verði vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, og mun ég því fá tækifæri til þess að athuga það nánar þar. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að þessi skriður er nú loks kominn á þetta stórmál.

Ég vil ekkert segja um það að svo stöddu, hvað ég álít, að gera eigi við frv. eins og nú er, en ég tel sjálfsagt að vísa því til áframhaldandi umr. og til nefndar.

Í sambandi við það ákvæði þessa frv. að lögbjóða innlenda aðgerð á íslenzkum skipum er annað atriði, sem miklu máli skiptir, og það er sjálf skipasmíðin. Það hafa verið uppi háar raddir um það, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til þess að smíða smærri skip innanlands; það hefir verið stungið upp á leið til þess, eins og t. d. þeirri að setja toll á innflutt skip. Hingað til hefir ekki þótt fært að fara þá leið, því að það mundi vitanlega auka örðugleika útgerðarinnar. Ég álít sjálfsagt, að n. athugi þetta mál í sambandi við viðgerðarmálið, því að til

frambúðar er í sjálfu sér engu minna um það vert, hvar smáskipin eru smíðuð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Raufarhafnarlæknishérað.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Raufarhafnarlæknishérað (þmfrv., A. 182).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Þetta frv. er flutt samkv. áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn í febr. í vetur. Eins og grg. frv. ber með sér, eiga íbúarnir þar og í nágrenninu mjög erfitt um læknissókn. Þeir verða að sækja yfir langa og erfiða heiði til Kópaskers, eða mjög langa leið á sjó, og kostnaður við læknisvitjanir svo mikill, að hann má heita ókleifur. Rökin fyrir öllu þessu eru nánar rakin í fskj., er nefnd sú hefir samið, er kosin var á borgarafundinum. Ég vil bæta því við, að til Raufarhafnar kemur fjöldi skipa, sem oft hafa sjúklinga innanborðs, og auk þess er þar nú rekin stofnun, sem slysahætta fylgir, þar sem síldarbræðsluverksmiðjan er. — Auk þess er nú heilsufar íbúanna orðið það athugavert, að landlæknir sendi lækni þangað til að athuga útbreiðslu berklaveiki, og komst hann að þeirri niðurstöðu, sem tjáð í er í 5. lið fylgiskjalsins, að veikin væri óðum að breiðast út.
Ég óska þess, að máli þessu verði að loknum umr. vísað til allshn., og taki hún það til velviljaðrar athugunar og afgreiðslu svo fljótt, að það geti fengið lögfestingu á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 14:4 atkv.

Á 49. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt nál. frá allshn., á þskj. 325, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Síldar- og ufsaveiði.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872 (þmfrv., A. 187).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Það er óþarfi að hafa langa framsögu fyrir þessu frv. Það er shlj. frv., sem flutt var 1934 og varð þá að lögum, en voru afnumin á næsta þingi á eftir af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. En nú hefir síðasta fiskiþing samþ. einróma áskorun um það, að taka ákvæði frv. í lög aftur, og samkv. þeirri áskorun flyt ég þetta frv. nú.
Þegar tilskipun um síldar- og ufsaveiði með nót var sett 1872, var herpinótin ekki til sem veiðarfæri hjá oss. Þetta mál horfir því allt öðruvísi við nú, enda hefir það alls ekki verið tilgangur hinna eldri laga að torvelda veiðina, eins og þau gera nú, ef þeim er beitt út í æsar. Auk þess er augljóst, að hin gamla löggjöf getur aldrei orðið nema til málamynda, og leiðir ávallt til leiðinda að krefja landshlutar af síldveiðaskipi, enda orkar ávallt nokkurs tvímælis, hvar veiðin hafi fengizt. Ég held líka, að ákvæðum gömlu laganna sé mjög sjaldan beitt nú orðið, enda tæplega gengið á rétt landeigenda, þótt *skip fari inn fyrir netalög.* — *Eins og ég sagði* áðan, hefir fiskiþingið mælt einróma með efni frumvarpsins.

***Gísli Guðmundsson:** Ég verð að láta undrun mína í ljós yfir því, að þetta frv. skuli vera komið fram, því síðast er málið var hér til meðferðar, fékk það þá útreið, að hv. flm. hefði átt að vera ljóst, að þýðingarlaust væri að koma fram með það aftur.
Frv. þetta var samþ. hér á þingi 1934, vegna þess að þingmenn höfðu ekki gert sér grein fyrir því, hvað um var að vera. En fljótlega varð það öllum ljóst, að lögin gátu ekki samrýmzt ákvæðum stjórnarskrárinnar, þar sem þau voru augljóst brot á friðhelgi eignarréttarins. Því var þegar á næsta ári samþ. með miklum meiri hl. í báðum d. að afnema þessi ólög.
Ég get ekki greitt frv. sem þessu atkv. til 2. umr., þótt ég sé ekki vanur því að varna málum að komast þangað. Ég get ekki séð, að það sé til neins annars en að tefja tíma þingsins.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Ég veit ekki, hvort ég á að biðja afsökunar á því, að ég spurði ekki hv. þm. N.-Þ. um leyfi til þess að flytja þetta frv. En líklega sleppi ég því í þetta sinn.
Hann sagði, að hv. þm. hefði ekki verið það ljóst 1934, er þeir samþ. frv. sama efnis, hvað var á ferðinni. Ég vil nú ekki trúa því, að þetta

sé satt um þessa hv. þm., þótt það geti átt við hv. þm. N.-Þ.

Hv. 2. þm. S.-M. flutti svo á þinginu 1935 frv. um afnám laganna, að því er ég ætla einkum fyrir þrábeiðni eins manns á Austfjörðum. En fiskiþingið leggur áherzlu á það, að efni frv. sé lögleitt aftur, einmitt af því, að hætta sé á, að veiðimenn verði lagðir í einelti á einstöku firði á Austurlandi. En meðal fulltrúanna á fiskiþinginu, sem samþ. um þetta einróma áskorun, var einmitt sonur þess manns, sem fastast lagði gegn málinu í fyrra.

Þótt hv. þm. N.-Þ. vilji drepa málið frá 2. umr., vona ég, að fáir verði með svo óvanalegri málsmeðferð, ekki síst þar sem hv. þm. N.-Þ. segir, að þingmenn hafi ekki athugað málið nægilega 1934. Vil ég leggja til, að málinu sé að lokinni umr. vísað til nefndar þeirrar, þar sem hv. þm. N.-Þ. á sjálfur sæti.

*__Gísli Guðmundsson__: Það er vitanlega misskilningur hjá hv. þm., að hér sé aðeins um að ræða einhvern sérstakan fjörð á Austurlandi. Þessi ákvæði eru almenn. Það, sem þetta mál fjallar um, er það, hvort eigi að leyfa mönnum að veiða með nót í netalögum landeiganda, þ. e. a. s. það skammt frá landi, að það telst til landareignar þess, sem landið á. Áður en tilskipunin um síldar- og ufsaveiði með nót 1872 var sett, var slík veiði algerlega óheimil. En tilskipunin 1872 rýmkaði þetta þannig, að þessi veiði var heimil, en þá skyldi koma landshlutur fyrir, enda er það algild regla, að ef eignarréttur manna er eitthvað skertur að tilhlutun hins opinbera, þá verði bætur að koma fyrir. Þetta er það, sem tilskipunin frá 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót gerði ráð fyrir, en þetta vill hv. 3. landsk. afnema. En meiri hl. þingsins féllst á það á síðasta þingi, að ekki gæti komið til mála, að gengið væri á þennan rétt landeiganda, án þess að þar kæmu venjulegar bætur fyrir. — Ég vildi aðeins rifja þetta upp til viðbótar mínum orðum áðan, en ég sé annars ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Ræktunarsjóður Íslands.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands (þmfrv, A. 197).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

__Flm. (Sigurður Einarsson)__: Í l. nr. 105 frá 3. maí 1935 er svo að sjá, að felld hafi verið úr gildi heimild, sem var í hinum eldri l. um ræktunarsjóð Íslands, um að lán til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga mættu vera afborgunarlaus fyrstu fjögur árin. Þessi upptalning er í gr., sem skipt var í 4 stafliði, en með l. frá 1935 er bætt inn í hana lánum til rafmagnsstöðva. Virðist þá klausan, sem á eftir upptalningunni fer, hafa verið tekin óbreytt upp úr eldri l. Verður gr. þar af leiðandi ekki skilin annan veg, ef ekki er annarsstaðar heimild í þessu efni, en að það hafi verið vilji löggjafans að svipta þessi lán, sem nú eru undir stafl. e., þeim hlunnindum, sem þau höfðu eftir eldri lögum.

Ég vildi leyfa mér að fara þess á leit, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn. til athugunar. Það getur verið, að svo sé hér um hnútana búið, að þetta komi ekki að sök, en ég fæ þó ekki betur séð en að betur færi á, að þessi breyt. sé gerð á lögunum.

__Bjarni Ásgeirsson__: Ég held satt að segja, að þetta frv. sé óþarft, vegna þess að ákvæðin, sem það tekur yfir, eru í raun og veru dauð, og hefir ekki verið framfylgt nema um 1 eða 2 lán. Ég geri þess vegna ekki ráð fyrir, að þó þessum eina lið verði breytt, þá hafi það nokkur áhrif á lánveitingar, þar sem gjaldfrestur er veittur hvort sem er. Það er því sama, hvort frv. er samþykkt eða ekki.

__Flm. (Sigurður Einarsson)__: Það má vel vera, að svo sé háttað um lánveitingar úr ræktunarsjóði, að litla þýðingu hafi, hvort frv. er samþ. eða ekki, en mér finnst þó ekki ástæða til að rýra ákvæðin um, að þessi lán megi vera afborgunarlaus. — Óska ég svo, að málinu verði vísað til landbn., og ræður hún þá, hvaða afstöðu hún tekur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Einkasala á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstj. til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl. (þmfrv., A. 227).

Á 37., 38. og 39. fundi í Nd., 30. og 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Sveinsson): Lögin um þessar einkasölur eru frá 9. jan. 1935, og reglugerð var sett um framkvæmd þeirra 13. marz s. á.

Á síðasta þingi var í eldhúsdagsumr., 4. des. f. á., upplýst það, sem óhrakið stendur, sem sé:

1. Að lögin voru kúguð í gegnum þingið 1934, í aðalatriðum með 1 atkv. meiri hl. í Nd., og í óþökk allra þeirra, sem nákomnastir voru þessum efnum.
2. Að raftækjaeinkasalan var þegar í byrjun, að dómi viðskiptamannanna, sett undir óhæfa stjórn, þar sem voru þeir Sigurður Jónasson forstjóri tóbakseinkasölunnar m. m. og Ziegler hinn þýzki, sem talinn var fulltrúi firmans A.E.G. í hinni svokölluðu „Raftækjaverzlun Íslands".
3. Að rafvirkjarnir í Rvík höfðu þegar í öndverðu mótmælt þessu og fært rök fyrir þeim mótmælum; birtust um þessar ráðstafanir stjórnarinnar harðorðar ákúrur í blaði stj., Alþýðublaðinu, 2. apríl f. á., þar sem þá þegar „framkvæmd laganna um raftækjaeinkasöluna" er talin „fullkomið hneyksli".
4. Að framkvæmdin varð, er til kom, ekki betri, heldur miklu verri en nokkurn óraði fyrir, — viðskiptin hin erfiðustu, verðhækkun gífurleg, skortur á hæfri vöru, og varan oft stórum lélegri en áður var hægt að fá, að dómi rafvirkja og rafsala, sem skiptu við einkasöluna.
5. Að þótt kært væri yfir þessu og kvartað hjá yfirstjórninni, þ. e. fjármálaráðherra — og þangað bárust frá svo sem öllum rafvirkjum á landinu rökstuddar umkvartanir —, þá hafði það engan teljanlegan árangur, og allt sat í sama farinu.

Þetta gilti nú raftækjaeinkasöluna (undir stjórn S. J. og Z.), en alveg líku máli var til að dreifa um bifreiðaeinkasöluna (sem þá var undir annari stjórn, sem sé hjá viðtækjaverzluninni; forstjóri Sveinn nokkur Ingvarsson, sem síðar verður vikið að). Þar komu og þegar í ljós:

1. Ógreið viðskipti, og
2. Stórum hækkað verð á bílum og gúmmí, og varan, „gúmmiið" (hjólbarðarnir), sízt betri, heldur að dómi ýmsra viðskiptamanna sýnu lakari en áður var hægt að fá hér, meðan salan var frjáls.

Um þetta allt voru færð fram dæmi, óræk, bæði í umr. hér á Alþingi, og eins fluttu blöðin um það greinar — því að þetta var svo sem ekkert launungarmál, þótt stjórnin og einokanirnar hafi viljað halda því sem mest leyndu; þetta var í sannleika **almenningsmál**, fyrst og fremst allra þeirra, er nota þurftu þessi efni, og síðan þjóðarinnar í heild, því að á hennar ábyrgð fer í rauninni allur opinber rekstur fram. — Má t. d. minna á dæmið um rafmagnsmótorinn, er pantaður var í sundhöllina í Rvík hjá þýzku firma, en einkasalan tók undir sig og heimtaði hann tekinn hjá A.E.G. fyrir þriðjungi hærra verð. Eða þegar sýnt var fram á, að af 28 tilgreindum vörutegundum var meðaltalshækkunin 115%, en að öðru leyti lagt á þær af svo miklu handahófi, að á sumum þeirra komst hækkunin upp í 100—200%, einnig upp í 300% og þar yfir, og jafnvel upp í 400%, hjá raftækjaeinkasölunni, miðað við innkaup áður. — Hjá bifreiðaeinkasölunni taldist hækkunin í hundruðum króna á bifreið, og á hjólbörðum á margra tugi króna. Þykir nú rétt að greina, hvað rafvirkjar landsins, viðskiptamennirnir við raftækjaeinkasöluna, hafa lagt til málanna, og hvernig það kemur heim við það, sem nú hefir verið upplýst.

Þ. 30. marz f. á. sendu félög rafvirkja í Reykjavík til fjmrh. mótmæli sín gegn framkvæmd einkasölunnar, sem þá var að hefjast. Birti Alþýðublaðið bréf þeirra þ. 2. apríl s. á. og samsinnti máli þeirra alveg með sterkum orðum til fjármálaráðherra, forstjórans, Sig. J., og fulltrúa hans Zieglers. Þar taka rafvirkjar fram:

a) Að kostum stéttarinnar sé mjög þröngvað með þessari einkasölu og að alls ekki hafi verið leitað til sérfróðra manna um þessi efni.
b) Að forstjórnin sé falin Sigurði Jónassyni, sé „gersamlega óviðunandi".
c) Að með þessu sé tekinn af rafsölunum beinn aðgangur að hagkvæmum efniskaupum, en þó verði þeir að bera nokkra ábyrgð á því, sem þeir nota og hafa til sölu
d) Að þetta leiði óhjákvæmilega til verðhækkunar (með álagningu o. s. frv.).
e) Að útlendingur sé skipaður fulltrúi við einkasöluna, starfsmaður hjá Raftækjaverzl. Íslands, sem mest sé háð einu útlendu firma (A.E.G.), sé „fráleit ráðstöfun", sem vekja myndi andúð og ófrið, er eigi yrði fyrir séð, hverjar afleiðingar hefði.
f) Að þeir gerðu þá kröfu í nafni stéttarinnar og viðskiptanna, að fyrirkomulagið yrði endurskoðað og betur athugað, áður en til fullrar framkvæmdar kæmi, eða henni blátt áfram frestað.

Þannig skrifuðu þeir, rafvirkjarnir, er gerst máttu um vita. En fjmrh. og hans „ráðunautar" virtu öll rök að vettugi, — og einkasölunni var dembt á, hlífðarlaust.

Þá kemur til skjalanna, er leið fram á vorið, framkvæmdanefnd Rafvirkjasambands Íslands (í því má segja, að séu svo sem allir rafvirkjar landsins); hófst það handa, eftir að einkasalan hafði starfað um hríð — og allur grunur rafvirkjanna hafði þegar rætzt. Ræddi framkvæmdanefndin um sumarið (1935) við fjmrh. um framkvæmd einkasölunnar og fór fram á endurbætur á henni. Og er kom fram á haust, sendi n. kvartanir sínar skriflega til ráðh. — Ég hefi óskað eftir að fá hjá stjórnarráðinu öll skjöl og skilríki þessa máls, þau er gengið hafa á milli rafvirkjanna og ráðuneytisins, en fjmrh. hefir neitað mér um það, enda þótt ég eigi sem þm. fulla heimtingu á að fá aðgang að þeim. Munu kunnugir fara nærri um, hvernig á þeirri neitun stendur. En afrit af skjölum þessum höfðu rafvirkjarnir áður sent til rafmagnsstjóra, þar eð hann óskaði eftir að fá að athuga þau, og fékk ég síðan að kynnast þeim á skrifstofu borgarstjóra. Þessi gögn eru algerlega fellandi fyrir fjmrh. og forstjóra raftækjaeinkasölunnar, eins og nú mun sýnt verða.

Í október 1935 skrifar framkvæmdanefnd rafvirkjasambandsins ráðh. á þá leið:

1. Að forstjórann skorti alla þá þekkingu, er forstjóra sliks fyrirtækis sé nauðsynleg, og þar á ofan sé því bætt, að útlendingurinn sé ekki aðeins fulltrúi, heldur hafi fengið hreint prókúruumboð.
2. Að ráðh. hefði svikið það loforð, er hann hafi gefið rafvirkjunum (munnlega), að þeir skyldu ekki þurfa að „skipta við" þennan mann, — en allt hafi einmitt þurft að fara um hans hendur.
3. Að allar aðfinnslur og bendingar þeirra hefðu reynzt fullkomlega á rökum byggðar. — „Rekstur raftækjaeinkasölunnar", segir nefndin, „ber fullkomin einkenni vanþekkingar og getuleysis þeirra, er framkvæmdirnar hafa með höndum — og eru mýmörg dæmi því til sönnunar".

Ennfremur færa þeir til: Að tilfinnanlegur vöruskortur hafi alltaf verið hjá einkasölunni frá því hún tók til starfa, sem alls ekki stafi af gjaldeyrisskorti, heldur af hæfileikaskorti og vanþekkingu forstjóranna. Að vöruvöndun hafi stórlega hrakað; að sumu leyti hafi efnið verið ónothæft, og sumt hafi rafmagnseftirlitið orðið að banna sem ónotandi til þess, sem skyldi.

Að vöruverð hafi yfirleitt hækkað hjá því, sem áður var. Að raftækjaeinkasalan fáist ekki til þess að gefa út verðlista, og þurfi því margt að fara eftir ágizkun. Að naumast sé hægt að fá skrifleg verðtilboð hjá einkasölunni, og munnleg tilboð séu svo á reiki, að litt eða ekki verði á þeim byggt. Og loks, að tilraunir rafvirkjanna til viðskipta við önnur firmu en A.E.G. gangi erfiðlega, og eins þótt þýzk firmu séu, — rétt eins og forstjórarnir leggi allt kapp á innkaup um hendur A.E.G. (líka á efni, sem það ekki framleiði sjálft).

Allt þetta sannar þetta o. fl., segir nefndin, að „forstaða raftækjaeinkasölunnar er óhæf og óviðunandi og til skaða bæði fyrir einkasöluna og viðskiptamenn hennar". Varð því næst krafa hennar f. h. rafvirkjasambandsins þessi:

1. Að þeir Sigurður Jónasson og O. Ziegler yrðu tafarlaust leystir frá þessum störfum;
2. Að önnur viðunandi skipun yrði gerð á í þessu efni:
3. Að einkasalan — ef þetta ekki fengist — yrði lögð niður! —

Þess skal nú getið, að í þessari framkvæmdarnefnd Rafvirkjasambands Íslands eru ekki neinir aulabárðar, er ekki viti, hvað þeir eru að fara. Þeir munu og tilheyra ýmsum stjórnmálaflokkum. Það eru þessir: Júlíus Björnsson, Eiríkur Hjartarson, Jón Ormsson (þessir af hálfu rafvirkjameistaranna), Kári Þórðarson, Jón Sveinsson, Ólafur Jónsson (þessir af hálfu sveina), og utan Rvíkur: Enok Helgason, Hafnarfirði. Þessum mönnum skrifaði fjmrh. því næst bréf, 12. nóv. f., þar sem hann vill, að þeir „rökstyðji" kvartanir sínar, því að „ráðamennirnir", er sökum voru bornir, hafa víst tekið fyrir að neita öllu saman, svo hyggilegt sem það nú var. Framkvæmdarnefndin safnaði þá sönnunargögnum fyrir sínu máli — umsögnum og kærum frá rafvirkjum í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og Siglufirði — og sendi fjmrh. með bréfi 3. des. 1935. Skal nú tilgreint nokkuð af því, sem þar er að finna.

Úr Reykjavík: Verzlun þar hafði áður pantað ýmsar raftækjavörur frá firma í Hamborg. Fulltrúi einkasölunnar gerði tilraun til þess að ná verðlista þeim, sem verzlunin hafði, en vildi ekki láta frá sér; en svo náði einkasalan númerum úr pöntun verzlunarinnar og virðist hafa afhent þau A.E.G. (fleira kom þar einnig til, vottar verzlunin). Sama verzlun vottar einnig, að pípur frá raftækjaeinkasölunni séu „svo lélegar, að þær hefði tvímælalaust átt að banna"; en hefði það verið gert, hefðu „stöðvazt húsbyggingar í bænum"! Og fleiri vörur hafa verið svo lélegar frá einkasölunni, að rafmagnseftirlitið bannaði blátt áfram notkun þeirra, segir þar. Ennfremur, að mikill og skaðlegur skortur hafi verið hjá einkasölunni ýmsra þeirra efna, er nauðsynleg voru. — Önnur raftækjaverzlun telur stórskaðlegan skort á algengustu efnum hjá einkasölunni, og sumt, sem hún selji, sé svo lélegt, að banna hafi orðið notkun þess. Hafi það eðlilega bakað mönnum tjón og erfiðleika ýmiskonar. Einnig, að verðálagning sé óhæfileg móts við það, sem áður var, og kvartaði verzlunin um það til einkasölunnar. — Eitt rafvirkjafirma upplýsir um tilfinnanlegan vöruskort á fleiri efnum, sem aðeins stafi af vanrækslu og sumt af fávizku. Hafi af því leitt fjárhagstjón og vinnutjón. Getur sömuleiðis um hina gífurlegu verðhækkun og tekur pípur frá einkasölunni sem dæmi um ónothæfar vörur. — Raftækjaverzlun ein telur mörg dæmi um óhæfilegan vöruskort. Vitnar til sönnunar um verðhækkunina í það, að verzlunin hafi pantað tiltekinn mótor hjá einkasölunni, sem ekki var til, en var sagður að ætti að kosta 630 kr., en slíka vél hafði verzlunin getað keypt áður fyrir 263 kr.! (Mótorinn fékkst svo loks fyrir 435 kr.). Ýmislegt fleira er þar og greint af líku tægi. — Annar vottar einnig um fleiri hundruð króna mun á verði á vélum, sem hækkað hafi hjá einkasölunni. — Rafvirkjameistari sýnir fram á, hvernig pípur o. fl. vanti til stórbaga, og það, sem til er, sé slæmt. Telur hann afgreiðsluna óviðunandi (og færir dæmi til). Hið hækkaða verðlag sé óskiljanlegt og óskýranlegt (er hundruðum króna muni t. d. á vélum). — Rafverzlunarfirma vottar um verðhækkun hjá einkasölunni, vöruskort og ónothæfar vörur. — Rafvirki einn sannar, hverjum kostnaðarauka það valdi við húsbyggingar, að óþarfur skortur sé á mjög almennu og venjulegu efni (telur mörg dæmi). Allskonar trafali sé við afgreiðsluna, og sem dæmi um verðhækkunina nefnir hann, að númerakassi átti að kosta hjá einkasölunni kr. 42.00, sem hann fékk þó annarsstaðar, samtímis, fyrir kr. 18.50. — Annar rafvirki vottar um efnisskort til stórtjóns fyrir vinnubrögðin; kvartar jafnvel um misrétti og litla kurteisi við afgreiðsluna. — Einn enn vottar um óhæfar vörur frá raftækjaeinkasölunni, sem skipað hafi verið að taka úr húsum aftur; stundum sé efnið heldur ekki til. — Skal svo enduð skýrslan úr Rvík á því dæmi, að rafveita bæjarins óskaði eftir því í júní f. á., að því er skrifað stendur í gögnum rafvirkjasambandsins.

að raftækjaeinkasalan hefði til rafmagnsmæla og léti sig fá verðtilboð; það fékkst nú aldrei, en mælarnir komu — 5—6 mánuðum seinna!

Úr Hafnarfirði: Rafvirki þar vottar um, að vantað hafi algengt efni í marga mánuði, þótt pantað væri; pípur ónýtar og óhæfar o. fl. — Annar telur t. d., „að hann hafi pantað hjá einkasölunni algeng efni í ágúst, en ókomið hafi það verið í nóvember. Kveður hann það einnig vera í fyrsta skipti síðan 1919, að ljóskúlur hafi ekki verið til í heildsölu í landinu.

Frá Akureyri: Raftækjafirma tilgreinir, að „lóðuð raflagnastálrör" frá einkasölunni séu „mjög slæm", við beygju „rifni þau eftir lóðningunni", enda verði mikið af þeim ónýtt. „Höfum vér aldrei unnið úr svo lélegu efni", segja þeir. Pöntun frá þýzku firma hafi orðið að ganga gegnum A.E.G., og afrit af innkaupsreikningi fékkst ekki, því að sama A.E.G. var á milli (og varð að reikna því „rabat", stendur skrifað). — Og enn vottar rafvirki þar (á Akureyri) um verðhækkunina, ógreiða afgreiðslu og að við pöntun hafi hann fengið frá einkasölunni allt annað en um var beðið, og verra.

Frá Siglufirði: Rafvirkjameistari þar tekur dæmi um, að hann hafi fengið frá raftækjaeinkasölunni allt annað en pantað var, og er hann kvartaði, var svarað, að hitt hefði ekki verið til; þá pantaði hann aftur, en allt fór á sömu leið! Eitt sinn, er hann ekki fékk pantaðar vörur langa lengi, bað hann mann í Rvík að reyna að ná í þær hjá einkasölunni, og kom þá gamalt „samanskrap", segir hann. Mikið tjón hafi og hlotizt af vöruskorti og afgreiðsludrætti (sem hafi átt sér stað, þótt lofað væri sendingu). Virtist honum allur kostnaður miklu hærri en áður, og yfirleitt hafi slík viðskipti sem þessi ekki þekkzt áður. Allt sé „margfalt erfiðara og dýrara". — Annar rafvirki tilfærir dæmi um seina afgreiðslu og skakka á vörum frá einkasölunni, sem valdið hafi miklum erfiðleikum, tjóni og atvinnumissi, þar sem ekki fékkst það, sem nothæft var, eða þá miklu dýrara en áður. Lýsir hann megnu vantrausti sínu á afgreiðslu og stjórn raftækjaeinkasölunnar. — Rafvirkjafirma telur einkasöluna varla hafa afgr. eina einustu pöntun, nema eitthvað vantaði eða eitthvað væri skakkt. Væru vörurnar og verri en rafvirkjar hefðu haft áður (stundum gamalt „skrap"), ónothæft eftir réttum reglum. Verðið sé og miklu hærra en frá heildsölum áður — og álagning óviss. — Loks varð rafveita kaupstaðarins fyrir því sama og í Rvík, að verða að bíða fleiri mánuði eftir afgreiðslu rafmagnsmæla. — —

Svo mörg eru þau orð.

Þegar svo ráðh. gerir ekkert enn, skrifar framkvæmdarnefndin honum 28. des. f. á. og krefst svars við októberbréfinu (þar sem farið var fram á frávikningu Sig. Jónassonar og Zieglers). Með því endaði árið. —

Líður svo fram í janúar þ. á. (1936). Þegar um það leyti, er eldhúsdagsumr. fóru fram í Alþingi (í byrjun des. 1935), upplýstist það, að hr. Sigurði Jónassyni forstjóra fór að gerast órótt í starfinu, enda var það álit viðskiptamanna, að setið væri nú meðan sætt var; taldi jafnvel sjálfur fjmrh., að S. J. „vildi losna", og hefir ráðh. séð þann kostinn vænstan, sem ekki var vonum fyrr. — Eftir áramótin tilkynnti fjmrh. framkvæmdarnefnd Raftækjasambands Íslands — reyndar munnlega, og einum og einum (í sima), til þess að þurfa ekki að skrifa það, — að kröfum þeirra skyldi nú fullnægt þannig:

Í fyrsta lagi, að Sig. Jónasson færi þegar frá.

Í öðru lagi, að O. Ziegler hinn þýzki færi á næsta vori eða sumri.

Í þriðja lagi, að lagfæra ætti ágalla raftækjaeinkasölunnar undir forstjórn — Sveins Ingvarssonar!

Þetta var allt og sumt. S. J. hélzt ekki við starfið hvort sem var, og því var útlátalaust að lofa brottför hans. — Hann hefir nú, eins og kunnugt er, verið sendur forsending til Vesturheims, og mun sú för, sem vafalaust verður lengi í minnum höfð, sjálfsagt verða rædd á öðrum vettvangi innan skamms. — En hin krafa rafvirkjanna, um brottvikning útlendingsins, hins lítt vinsæla meðal viðskiptamanna, var ekki heyrð, heldur var henni slegið á dreif.

Og nú situr raftækjaeinkasalan í sömu ófærunni og hún var í, þriðja einkasölugreinin, sem Sveinn þessi Ingvarsson er látinn hafa undir sér, og munu viðskiptamenn geta borið um, hvernig honum hafi farið forstjórn bifreiðaeinkasölunnar og síðan þessarar úr hendi. — Það hefir nú heyrzt, að hann hafi nýlega, eins og fleiri, verið látinn „sigla", væntanlega til hressingar og um leið uppbyggingar fyrir einkasölurnar, en fjmrh. kvað í því sambandi hafa hótað rafvirkjunum því, að þótt hann væri farinn, þá skyldi enn einn stjórnargæðingurinn — sem þeir ekki bera traust til — verða yfir þetta settur, svo að hver silkihúfan verði upp af annari.

Nú er þó ekki því að heilsa, að heyrzt hafi neitt ákveðið til hins betra í framkvæmdum þessarar einkasölu, raftækja- og bifreiðaeinkasölunnar. Það er viðskiptamannanna mál og reynsla, að enn sé þetta, eða hafi verið í vetur, yfir höfuð í sama ólaginu og var. Hjá raftækjaeinkasölunni allt dýrt og álagning af handahófi, eins og var á síðastl. ári, vöruskortur á nauðsynlegum og algengum efnum og vöruvöndun með sama hætti, svo að við liggur, að banna þurfi notkun á sumum tegundum, sem einkasalan leyfir sér að flytja inn, — eins og nú er nýtt dæmi um; hafa rafvirkjar sem sé með bréfi 26. f. m. farið fram á það við rafmagnsstjóra, að hann sæi um, að bönnuð yrði sala og notkun á pípum þeim, sem keyptar hafa verið inn af fulltrúanum Ziegler og forstjóranum Sveini Ingvarssyni (og ætlaðar eru í svonefndar „huldar lagnir" í steypu í húsum), þar sem þær teldust alveg ónothæfar. Til slíks innflutnings hefir þá raftækjaeinkasalan notað gjaldeyrinn, þótt kinsuð hefði átt að vera af hinum mörgu rökstuddu kvörtunum frá f. á. yfir ónýtum pípum o. s. frv.; er það álit manna, að innflutt hafi verið næsta nóg fyrir byggingatímann eða sumarið allt af þessum forða, eða ekki minna en 20 þúsund metrar, — sem þannig er vitað, að er ónothæft og að réttum reglum óleyfilegt að nota til þess, sem það aðallega þurfti að notast til, og vitanlega til fjárhagslegs og atvinnulegs tjóns, ef notað yrði.

Um bifreiðaeinkasöluna er því ákveðið haldið fram af þeim, sem kunnugir mega teljast þeim viðskiptum, að ekkert hafi þar færzt í betra horf en var, — hvorki um innflutning (sem nú er að mestu stöðvaður), né um verð (sem ekki heldur fæst auglýst), né um vörugæði, og er þar átt við „gúmmiið". Um þetta seinastnefnda má benda á grein í dagbl. Vísi 17. jan. síðastl., er skrifað hefir formaður vörubílastöðvarinnar Þrótts hér í Rvík, hr. Sveinbjörn Guðlaugsson. Heldur hann því fram þar, að bæði „hefði verð hækkað að miklum mun, eftir að einkasalan tók við, og hjólbarðategund þessi væri miklu verri en aðrar sambærilegar tegundir, sem seldar voru hér áður". Kveðst hann hafa farið fram á það við formann Alþfl., hr. Jón Baldvinsson, að þetta hvorttveggja yrði rannsakað, og hafi hann tekið því vel! Segir greinarhöfundur, að þetta sé reynsla vörubílastjóra yfirleitt, og kveðst hann hafa vottorð um það, að „ending þessara hjólbarða hafi verið 10—14 þús. km., en ending áður á annari tegund 20—30 þús." — Kunnur bílasali hér í bænum (Páll Stefánsson) hefir og ómótmælt skrifað í Mbl. 8. febr. síðastl., að „dekkin" hjá einkasölunni þyldu ekki samanburð við ákveðin „dekk", er hann seldi áður, o. s. frv.

Með þetta allt fyrir framan sig — og miklu meira, sem ósagt er, en getur komið fram, er hver vill — verður sú spurning eðlileg og sjálfsögð, innan þings og utan: Hvað á nú að gera? Hvað á að gera, er stjórnarvöldin þverskallast, aftaka að hlusta á óyggjandi upplýsingar frá réttum hlutaðeigendum um stórfellt ólag á opinberum stofnunum, halda t. d. einkasölunum í því ástandi, er bæði skaðar heildina og einstaklinga, svo sem framkvæmdarnefnd Rafvirkjasambands Íslands hefir sýnt fram á hvað þá greinina snertir; þegar neitað er af ríkisstj., fjmrh., að ráða þó a. m. k. þá bót á ólaginu, að hæfir menn, viðskiptalega og faglega, verði settir þar til forstjórnar, og reynt með því að kippa viðskiptunum öllum, innflutningi efnis og sölu, á réttan og forsvaranlegan kjöl. Því að það er sýnt, að það verður aldrei með þeim hætti, sem hafður hefir verið hingað til. Hvað á að gera — annað en að afnema þessa meðferð alla, hætta þessu háskalega einkasölubraski og nema lögin úr gildi, eins og frv. það, er hér liggur fyrir, fer fram á? Það er vitanlega það rétta, eins og nú er komið; og síðan gera tilraun, með aðstoð góðra og gegnra manna (allt annara en þeirra, sem við einkasölurnar hafa verið riðnir undanfarið), til þess að færa þessi viðskipti í viðunandi horf í frjálsri sölu, með sem minnstum sársauka og tjóni fyrir hið opinbera, ríkið, sem vitanlega tapar á einkasölunum áður lýkur (og mætti þó sannarlega nóg þykja, að allir aðrir sköðuðust). Það er sem sé hinn mesti og fáránlegasti barnaskapur að taka hið minnsta mark á því, sem fjmrh. hefir verið að tilgreina sem eitthvað sérstakt, að kleift er að telja, að á einu ári hafi þessar einkasölur skilað nokkrum þúsundum króna í arð(!). Tjónið af þeim er miklu meira með því lagi, sem nú hefir verið upplýst, heldur en nokkurntíma yrði upp borið með nokkrum þúsundum. Og þótt nú í dag yrði gert upp hjá t. d. raftækjaeinkasölu ríkisins, myndi þá ekki koma í ljós, að beint á fyrirliggjandi ónýtu efni (sbr. pípurnar) yrði hallinn meiri — hver veit, hve miklu meiri — en næmi þeirri tiltölulega lítilfjörlegu upphæð, sem fjmrh. taldi, að sú einkasala hafi gefið síðastl. ár í „afgang" til ríkissjóðs?

Vill ráðh. reyna þessa uppgerð og að um hana fjalli óvilhallir og þar til hæfir menn?

Mér er ókunnugt um, hvort nokkrir í flokkum stj. hafa nú upp á síðkastið áttað sig á þessu máli betur en áður var, hvort þeir sjá nú gerr en þeir virtust gera í fyrra, að þessi einkasala á raftækjum og bílum er gersamlega óhæf. Ég veit, að ýmsir gengu þar nauðugir undir í öndverðu, eins og ekki er alveg ótítt um stjórnarliðið þessi árin. Og ýmsir þeir, er helzt voru þó við einkasölur kenndir, sem sé úr Alþfl. (sósialistar), höfðu fulla grein á þessu og hefðu jafnvel sumir viljað afstýra því (sbr. ádeiluna í Alþýðublaðinu í apríl f. á.), en gáfust upp fyrir hinum skilningslausa ákafa fjmrh. — Hvað hugsa þessir menn nú og þeir hv. þm., er ákvörðun eiga að taka um þetta mál á ný? Ég sé að vísu, að í „leiðara" í Alþýðublaðinu fyrir fáum dögum (27. f. m.) eru einskonar bollaleggingar út af þessu frv. um, að ekki dugi annað en að halda við öllum „einkasölum" (því að þær t. d. kaupi aðeins og flytji inn „úrvalstegundir" og hafi „hemil á verðlaginu", en „heildsalar og kaupmenn taki meira fé í sinn sjóð en heildinni er hagkvæmt"!! Þetta má nú bera saman við gang raftækja- og bifreiðaeinkasölunnar, eins og vitnisburðir liggja fyrir um); — en gildir það eins, að halda við einkasölum, þótt þær séu sannaðar skaðlegar og óhæfar? — Því verða nú hv. þm. væntanlega að svara.

Ég skal svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjhn.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er sagt um suma menn, þegar þeir gerast margmála um vissa hluti, að þeir hafi fengið þá á heilann. Ég held, að það megi segja um hv. þm. V.-Sk., að hann hafi fengið þessa einkasölu, sem hér er um að ræða, á heilann, og mun það vera vegna þess, að honum varð á einu sinni að gerast nokkuð munnhvatur í sambandi við atriði, sem þessa einkasölu snerti, en hefir ekki viljað viðurkenna það og því þráazt við með að tala um þessa hluti.

Þegar raftækjaeinkasalan var stofnuð, varð allmikill úlfaþytur á meðal rafvirkja og þeirra, sem með þessar vörur verzluðu, og það, sem þessir aðiljar aðallega báru kviðboga fyrir, var það, að þeir fengju ekki að leggja eins mikið og áður á vöruna í smásölu eða efnið, sem þeir nota við innlagningu. Óttinn við að geta ekki skapað sér sama hagnað og tíðkaðist með frjálsri verzlun af vörunum í smásölu eða um leið og hún er notuð við innlagningu, olli andúð gegn einkasölunni hjá þessum stéttum, og saman við þetta blandaðist svo það, að hér hafði verið allmikil keppni milli raftækjaverzlananna, sem fyrir voru, og ein af þeim verzlunum var áður rekin undir forstöðu þess manns, sem tók að sér

forystu raftækjaeinkasölunnar. Mun hafa eimt eftir af þeim ríg, sem oft vill verða milli þeirra, sem keppa um verzlunina í sömu grein, eftir að þessi maður tók við einkasölunni.

Þessir tveir straumar munu hafa lagt grundvöllinn undir þau mótmæli, sem fram komu frá rafvirkjastéttinni í þessu sambandi. Undir eins og rafvirkjarnir komu fram með sína gagnrýni og grennslazt hafði verið eftir því af mér, hvað var í rauninni aðalatriðið fyrir þeim, var reynt að komast að samkomulagi um þetta mál. Niðurstaðan af því varð sú, að þeim var gefið fyrirheit um það frá fjmrn., að rafvirkjameisturum skyldi leyfð sama álagning á raflagnaefni eins og áður hafði tíðkazt, m. ö. o., að þess skyldi gætt, að hagsmunum rafvirkjastéttarinnar sem iðnaðarstéttar yrði jafnvel borgið eins og verið hefði. Ráðuneytið áleit, að þessa hagsmuni iðnaðarmanna væri rétt að athuga og semja um við þá. Hinsvegar vildi ráðuneytið ekki ganga inn á að semja um þá verzlunarhagsmuni, sem hér komu til greina. Var úr vissri átt gerð ákaflega hörð tilraun til þess að fá iðnaðarstéttina til þess að gera þessa verzlunarhagsmuni að sínum hagsmunum og kröfur þeirra að sínum kröfum, en sú tilraun mistókst fyrir þeim, sem fyrir henni stóðu, og iðnsambandið fékkst ekki til að taka þessar kröfur upp. Mér er fyllilega ljóst, að af því að sú krafa fékkst ekki fram, þá voru eftir í þessu máli töluverð sárindi, sem hafa valdið einlægum umkvörtunum og vandræðalegri sambúð, sem vitanlega er aðallega staðið fyrir af þeim mönnum, sem lögðu áherzlu á, að samið væri um verzlunarhagsmuni þeirra í sambandi við hagsmuni iðnaðarmanna. — Jafnframt því, sem samið var við iðnaðarstéttina um hennar hagsmuni, var talað um það, að ráðning hins erlenda verkfræðings, sem ráðinn var í þjónustu einkasölunnar eftir till. forstjórans, sem við henni tók, skyldi aðeins vera til bráðabirgða. Hann ætti að hjálpa til að koma skipulagi á einkasöluna í bili, og ráðningartími hans skyldi vera úti 1. júní 1936, eins og líka verður. Með þessu öllu var í bili fengið samkomulag. Ég skal taka það fram, að ráðuneytið gekk einnig inn á, í samráði við atvmrn., að tryggja rafvirkjunum betur heldur en áður hafði verið, að þeir sætu fyrir allri raflagningavinnu, með nýrri reglugerð þar að lútandi. Var þannig reynt að verða við öllum eðlilegum hagsmunakröfum iðnaðarmanna, en hinsvegar ekki gengið inn á — sem ekki hefir heldur verið gert áður —, að ráðuneytið eða hlutaðeigandi einkasala færi að eiga í samningum við smásölukaupmenn um það, hvað þeir hafi rétt til að leggja á vöruna.

En þó þetta samkomulag fengist þarna í bili, var málinu ekki þar með lokið, því að eftir lítinn tíma var fitjað upp að nýju, þ. e. a. s., það var ekki hægt að kvarta um þau atriði, sem búið var að semja um, en þá var farið að kvarta um vonda afgreiðslu og ýmislegt annað, sem hv. þm. V.-Sk. hefir rakið hér í framsögu. Þetta var náttúrlega slæmt, eins og hægt mun verða að sýna fram á, þegar málið kemur úr n., en vitanlega voru þessar áframhaldandi árásir miðaðar fyrst og fremst við það, að koma þeim manni frá, sem þá var forstöðumaður einkasölunnar, og svo eimdi auðvitað eftir af þeirri óánægju, sem spratt af því hjá vissum smásölum, að þeir höfðu ekki getað fengið iðnaðarstéttina til að ganga inn á að semja um sína hagsmuni. Og þegar hér var komið málinu og um þetta fékkst enginn friður, stakk þáv. forstöðumaður einkasölunnar upp á því, að hann hætti að hafa forstöðu fyrirtækisins á hendi, þar sem sýnilegt væri, að þeir, sem þarna ættu hlut að máli, gætu ekki tekið neinum sönsum. Honum var það ekkert atriði að vera þarna; hann hafði tekið við þessu starfi eftir beiðni ráðuneytisins. Varð það ofan á, að hann hætti, og það ráð tekið upp, sem ýmsir gagnrýnendur þessa máls töldu, að hefði strax átt að taka, að þessi einkasala var lögð undir viðtækjaverzlunina.

Þegar þeir, sem að umkvörtununum stóðu, vissu þetta, töldu þeir rétt að láta allar umkvartanirnar liggja milli hluta og sjá, hvernig færi um þeirra samvinnu við hina nýju forstöðu einkasölunnar. Varð því að samkomulagi, að ráðuneytið skyldi ekki fara í að rannsaka þær umkvartanir, sem fram voru komnar, heldur sendi þær til viðtækjaverzlunarinnar, og var gert ráð fyrir, að hinn nýi forstjóri tæki þær til athugunar í samráði við viðskiptavinina. Þetta var það, sem gerði það að verkum, að hv. þm. V.-Sk. sagði, að sér hefði verið neitað um að fá skjölin þessu viðvíkjandi í ráðuneytinu. Þetta voru kvörtunarbréf frá sambandi rafvirkja, sem komu inn fyrir áramótin, en álitið var, að ættu að leggjast til hliðar, eftir að forstjóraskiptin urðu við fyrirtækið, og takast upp til athugunar með hinum nýja forstöðumanni. Og úr því út frá þessu var gengið, áleit ég rétt, að rafvirkjasambandið, sem hafði sent þessi skjöl, réði því, hvort hv. þm. V.-Sk. fengi þau til meðferðar eða ekki. Þar sem ég veit, að hann hefir legið mjög í þessum mönnum með að fá skjölin — náttúrlega ekki til þess að reka hagsmuni þeirra, heldur til þess að gera sjálfan sig breiðan hér á Alþingi —, en þó ekki fengið þau, heldur orðið að fara í borgarstjóraskrifstofuna til þess að fá þau, þá virðast þessir menn ekki hafa litið svo á, að hann væri sérstaklega skeleggur í þessu máli. Að ég lét hv. þm. ekki fá skjölin, var alls ekki fyrir það, að ráðuneytinu væri á móti skapi, að þau kæmu fram, heldur vildi ég, að þeir, sem að skjölunum stóðu, réðu því, hvort þau kæmu fram af þeirra hálfu á þessu stigi málsins.

Nú skeði það hinsvegar, eftir að búið var að leggja þetta undir viðtækjaverzlunina, að forstöðumaðurinn þurfti að fara utan og vera þar um nokkurt skeið sér til heilsubótar og að nokkru leyti í erindum verzlunarinnar. Kom þá fram nokkur óánægja hjá rafvirkjum yfir því, að ekki skyldi vera hægt að halda áfram athugun á þessu máli á þann hátt, er þeir gerðu ráð fyrir. Ég sagði þeim, að það væri vitanlega ekki hægt að gera sérstakar ráðstafanir um forstöðu einkasölunnar, þótt hinn nýi forstjóri þyrfti að vera fjarverandi stuttan tíma; það yrði að treysta því, að þeir gætu komið sér saman við einkasöluna á meðan, og taka svo málið upp aftur, þegar forstjórinn kæmi heim. — Viðvíkjandi því, að búið sé að fela nýjum manni þessa forstöðu, þá er það misskilningur.

En hitt er annað mál, að yfir þessu fyrirtæki er rekstrarráð, eins og öðrum fyrirtækjum og rekstri ríkisins, og ég sagði þessum mönnum, að mér fyndist eðlilegt, að þeir beindu máli sínu til formanns þess. Annars skal ég taka það fram til fróðleiks, ef menn muna ekki eftir því, að í þessu rekstrarráði er einn flm. þessa frv., hv. 3. þm. Reykv. Eftir þeim áhuga að dæma, sem hann og aðrir flm. þessa máls sýna, skil ég ekki í öðru en þeir, sem hafa eitthvað við rekstur þessa fyrirtækis að athuga, gætu séð sínum hag borgið með því að leita til þessa skelegga manns og gera honum grein fyrir umkvörtunum sínum, svo að hann athugi, hvort ekki er hægt að hafa þá hluti eitthvað öðruvísi. Mér þykir líka kyndugt, að hv. þm. V.-Sk. er að fárast hér yfir því, að hann hafi ekki fengið þessi skjöl í fjármálaráðuneytinu, en meðflm. hans, hv. 3. þm. Reykv., á sæti í rekstrarráðinu og á aðgang að öllum skjölum og bréfum fyrirtækisins, ef hann vill athuga þau. Þau bréf, sem hér er um að ræða, voru send einkasölunni til umsagnar, svo að hv. þm. hefði getað fengið að sjá þau þar, ef honum hefði dottið í hug að biðja um það. En ég býst við, að eftirlit hans með þessu fyrirtæki sé harla slælegt, sem eðlilegt er, í framhaldi af öðrum eftirlitsstörfum, sem hann hefir haft með höndum. (**JakM:** Hvernig er það eftirlit, sem hæstv. ráðh. sá fyrir á eftir mér?). Það er í fullkomnu lagi og allt öðruvísi en hjá þessum hv. þm., sem ég hafði þann heiður að losa við að gera ekki neitt.

Þá ætla ég að koma örfáum orðum að einstökum umkvörtunum, sem fram hafa komið, en ég skal taka það fram, að út í það efni mun ég ekki fara nákvæmlega í þessari ræðu, heldur láta athuga þær umkvartanir, sem hér hafa komið fram um einkasöluna og bréfin frá rafvirkjameisturunum, og láta þær athuganir ganga til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar. En eins og ég gat um áðan, lét ráðuneytið niður falla rannsókn á ýmsum kæruatriðum í sambandi við það, að gert var ráð fyrir, að rafvirkjarnir sneru sér til hinnar nýju forstöðu einkasölunnar. Ég veit, að þessar kvartanir, sem bornar hafa verið fram, eru meira og minna úr lagi færðar, og mun það koma fram á sínum tíma.

Fyrst ætla ég að minnast á vöruskortinn, sem talað hefir verið um. Það er náttúrlega erfitt bæði fyrir hv. þm. V.-Sk. og mig að dæma um, hvernig bezt er að nota þau takmörkuðu gjaldeyrisleyfi, sem gefin eru út handa einkasölunni. En um það er ég ekki í vafa, og mun það koma fram, þegar þetta verður krufið til mergjar, að ef gagnrýnin um þetta atriði á rétt á sér, er það sök hinna mjög takmörkuðu gjaldeyrisleyfa miðað við eftirspurnina.

Viðvíkjandi því, að einkasalan hafi lélegri vörur heldur en áður voru seldar hér vil ég taka þetta fram: Eins og áður hefir verið sagt, hefir á síðustu tímum þurft að beina vörukaupunum sem mest til Þýzkalands. Rafmagnsvörurnar eru nú keyptar nær eingöngu frá Þýzkalandi, og það er viðurkennt, að t. d. raflagningapípur fást yfirleitt betri frá Englandi en Þýzkalandi. En vegna verzlunarviðskiptanna við þessi lönd höfum við neyðzt til að leita þessara viðskipta í Þýzkalandi. Því fer mjög fjarri, að einkasalan hafi ráðið þessu eða fundið upp á að flytja þessi viðskipti til Þýzkalands. Þvert á móti varð að gera þetta vegna verzlunarsamninga við Þýzkaland. Hinsvegar er ég ekki í vafa um, þótt ég sé ekki rafmagnsfræðingur eða sérstaklega vel inni í þessum málum, að það er stórkostlega ýkt sú gagnrýni, sem kemur fram gegn þessum vörum. Það þarf ekki annað en vísa til þess, sem ég veit ekki, hvort hv. þm. er kunnugt, að allar vörur, sem rafvirkjar nota hér í sinni iðn, þurfa að vera löggiltar af rafmagnsveitu Rvíkur, og það voru áreiðanlega samskonar pípur og þær, sem hv. þm. talaði um, löggiltar hér í fyrra. Ef stýrði hv. þm. ættu rétt á sér, ætti rafveitan vitanlega ekki að löggilda þessar pípur. Að ætlast til, að þessum pípum sé kastað nú, er í fullu ósamræmi við það, sem rafmagnsveita Rvíkur gerði í fyrra. Það getur verið einhver stigmunur á gæðum þessara vara, en að þær séu ónothæfar, er bara sagt út í hött. Hv. þm. talaði um, að í eitthvert skipti hefði rafveitan orðið að neita að löggilda efni til raflagna. Þetta mun hafa komið fyrir einu sinni eða tvisvar fyrir mistök eða skakkt afgreiddar pantanir, og svo mun vera til komið fleira af þeim gróusögum, sem verið er að bera út um einkasöluna.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, að rafvirkjameistararnir kvörtuðu um hærra verðlag heldur en verið hefði. Það mun verða gerður samanburður á þeim hlutum og lagður fyrir þá n., sem um málið fjallar, og vænti ég, að hún kynni sér það efni til hlítar. En um þetta vil ég fyrst og fremst taka það fram, sem kunnara er en frá þurfi að segja, að vegna þess að við getum ekki komizt hjá að kaupa svo mikið af þýzkum vörum, verður oft og tíðum að kaupa þær vörur dýrari heldur en hægt er að fá þær annarsstaðar að. Áður en raftækjaeinkasalan tók til starfa, gátu menn yfirleitt keypt vörurnar hvaðan sem þeir vildu. Af þessu stafar verðhækkun á sumum þeim vörum, er raftækjaeinkasalan verzlar með, t. d. rafmótorum. Það komu einmitt vel fram í fyrra, þegar verið var að tala um þetta mál, óheilindi hv. stjórnarandstæðinga í þessum efnum. Einn þeirra deildi fast á ríkisstj. fyrir það, að hún hugsaði ekkert um að beina vörukaupum til Þýzkalands, þar sem væri þó beztur markaður fyrir sumar íslenzku framleiðsluvörurnar. En annar kom strax á eftir og svívirti raftækjaeinkasöluna fyrir það, að hún hefði verðið hærra en áður, þótt hann vissi vel, að það stafaði af því fyrst og fremst, að verið var að halda vörukaupunum til Þýzkalands. Þannig afsannar einn stjórnarandstæðingurinn það, sem hinn segir.

Þá er annað, sem kemur hér til greina, og það er, að margar af þessum umkvörtunum um hærra verð eru alls ekki miðaðar við útsöluverðið til almennings, heldur heildsöluverð einkasölunnar, sem smásalarnir fá vöruna fyrir. Ég get nefnt t. d., að í einu bréfinu er kvartað yfir háu verði á perum, og er þar talað um verðið til kaupmanna, en ekki verðið til almennings, því að það er hið sama og áður. M. ö. o., kvartanirnar eru fram komnar, eins og ég sagði áðan, vegna

óánægju smásalanna yfir því, að þeir fái ekki að leggja eins mikið á vöruna eins og áður, — að einkasalan fái of mikinn hluta af því, sem lagt er á vöruna samtals, en ekki vegna hagsmuna almennings.

Þá segir hv. þm., að það hafi verið og muni vera keypt óeðlilega mikið frá fimanu A. E. G. Ég skal játa, að ég veit ekki nákvæmlega, frá hvaða firmum einkasalan kaupir sínar vörur. En þau dæmi, sem hv. þm. kom fram með í þessu sambandi, benda til, að þessu firma hafi í einu tilfelli eða svo verið falið að útvega vörur frá öðru firma handa einkasölunni. Nú vita allir, að það kemur oft fyrir í viðskiptum, að stærri firmu, sem e. t. v. hafa hagkvæma samninga við minni firmu í sínu landi, eru beðin að útvega frá þeim vörur, til þess að þær fáist með hagfelldari kjörum í skjóli þeirra samninga. Annars ætti hv. 3. þm. Reykv., sem á frjálsan aðgang að öllum skjölum einkasölunnar, að upplýsa, hvernig viðskiptum hennar er háttað við einstök firmu. Ég veit aðeins, að viðskiptin eru mest við A. E. G. og annað þýzkt firma, eins og íslenzku viðskiptin hafa áður verið í þessari grein, að svo miklu leyti sem þau hafa verið í Þýzkalandi.

Ég held þá, að ég hafi drepið á meginatriðin í gagnrýni hv. þm. á raftækjaeinkasölunni. Ég hefi ekki farið inn á tvö einstök dæmi, sem hann kom fram með um verðlag, en geymi mér réttinn til að láta rannsaka þau í hlutaðeigandi stofnun, og yfirleitt skal n., sem fer með þetta mál, fá samanburð á verðlaginu í einstökum atriðum.

Ég ætla þó að bæta hér við einu eða tveimur atriðum, sem hv. þm. minntist að vísu ekki á nú, en hann hefir verið með glósur um í sambandi við önnur mál hér á Alþingi, því að eins og ég sagði áðan og ekki mun ofmælt, hefir þessi hv. þm. fengið þessa einkasölu á heilann. Hann var að tala um fyrir nokkru í sambandi við annað mál, að það hefði verið sýnd hlutdrægni við ráðningu starfsmanna að raftækjaeinkasölunni, Sjálfstfl. mundi ekki eiga þar nema 1½ mann, eins og hann orðaði það. Ég kann þessum slettum hv. þm. um þetta atriði illa, einmitt vegna þess að þær eru gersamlega tilefnislausar. Að þessari einkasölu var einmitt reynt að taka menn frá öllum þeim firmum, sem áður höfðu hér heildsölu í þessari grein, til þess að fyrirbyggja, að hægt væri að gera fyrirtækinu skaða með svona slettum, eins og hv. þm. er hér með. Í einkasölunni eru samankomnir menn með kunnugleika á þessum málum, sem þeir hafa aflað sér með starfi í öllum þeim heildsölufirmum, sem hér voru áður til í þessari grein. Það þýðir því ekki að halda því fram, að í raftækjaeinkasölunni séu eingöngu menn, sem ekkert vit hafa á þessum efnum. Þarna starfar í einkasölunni forstöðumaður eins heildsölufirma, sem verzlaði með þessar vörur áður. Þarna starfar líka maður, sem áður starfaði hjá Paul Smith.

Þá var því mikið á lofti haldið í sambandi við þetta mál við fyrri umr. þess — en það var ekkert minnzt á það nú —, að þessi einkasala hefði verið fyrst og fremst stofnuð fyrir Sigurð Jónasson, til þess að losa hans fyrirtæki við stórkostlegar vörubirgðir, sem hann hefði verið búinn að kaupa inn, en ekki getað selt nema með því að komast í einhver óeðlileg sambönd við raftækjaeinkasölu ríkisins. Ég hefi ekki áður haft tækifæri til að upplýsa, hvernig ástatt var um þetta birgðamál, sem af stjórnarandstæðingum á sínum tíma var haft mjög á oddinum, þegar hv. sjálfstæðisflokksmenn fluttu vantraust á stj., sem ekki sízt var beint gegn mér. En nú hefir skýrsla um þetta mál komið fram, og þar sést, að þau heildsölufirmu, sem seldu hér þessar vörur áður, voru þrjú. Af þessum firmum hefir ekkert verið keypt fyrir hönd einkasölunnar, heldur tekið í umboðssölu. Vörubirgðir þeirrar verzlunar, sem Sigurður Jónasson veitti forstöðu og raftækjaeinkasalan tók í umboðssölu, voru að verðmæti 25 þús. kr. En vörubirgðir þær, sem einkasalan tók til umboðssölu frá því firma, sem Paul Smith veitti forstöðu, voru 57 þús. kr. að verðmæti, eða miklu meira en tvöfalt meira virði en vörubirgðir þess fyrirtækis, sem einkasalan átti að hafa verið stofnuð til að selja vörubirgðir fyrir. Getur náttúrlega hver sem vill gert sig svo lítinn karl að halda það, að komið hafi verið upp einkasölu til þess að hafa í frammi óheiðarleg viðskipti í sambandi við þessar vörubirgðir. En ég ætla, að þessar tölur geri mönnum skiljanlegt, hversu víturlegt sé að ályktа svo.

Ég er ekki í hinum minnsta vafa um það, að áður en langt um líður verður komin á bezta samvinna á milli þeirra, sem verzla við einkasöluna, og einkasölunnar sjálfrar, ef menn eins og hv. þm. V.-Sk. og aðrir fleiri gera ekki allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að spilla þeirri samvinnu, og ég hygg reyndar hvort sem er. Ég skal viðurkenna, að eins og tekið hefir verið fram, hefir nokkur óánægja átt sér stað á meðal rafvirkja út af því, að þessi þýzki maður, Ziegler, hefir starfað í einkasölunni. En nú verður það svo, og var það ákveðið í byrjun, að þessi maður lætur af starfi sínu þar 1. júní næstk., svo að þá er ekki lengur hægt að hafa hann að átyllu til þess að gera árásir á þessa stofnun, sem úr sumum áttum hafa verið gerðar að tilefnislausu.

Þá er bifreiðaeinkasalan. Ég er hissa á því, að hv. þm. V.-Sk. skyldi leggja út í að tala um það mál hér, jafnherfilega og til tókst fyrir honum í sambandi við það mál í vetur. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að það hefði verið svo um bifreiðaeinkasöluna eins og raftækjaeinkasöluna, að verðið á vörunum hefði verið hærra hjá einkasölunni og vörurnar verri en áður var hjá kaupmönnum. Ég skal þá fyrst koma að verðinu á bifreiðunum. Um það hefi ég fengið upplýsingar hjá bifreiðaeinkasölunni. Þeir segja þar, að ákaflega erfitt sé að gera samanburð á þessu, m. a. vegna þess, að verðið á t. d. chevroletbifreiðum fer og hefir farið mikið eftir því, frá hvaða landi bifreiðarnar hafa verið keyptar, og ennfremur, áður en bifreiðaeinkasalan tók til starfa, hvort seldar voru margar eða fáar bifreiðar til sama aðilja. Og ég geri ráð fyrir, að það, sem hv. þm. V.-Sk. byggir gangrýni sína á í þessu sambandi, sé það, að komið hafi fyrir, að chevroletbifreiðar hafi verið seldar hærra verði nú heldur en einhverntíma áður, og mun þá hv. þm. hafa miðað við það, þegar margar bifreiðar voru keyptar í einu af

sama aðilja áður, en fáar nú, í hvorttveggja skiptið sömu tegundar. En bara til að sýna þessum hv. þm., hversu hálan ís hann hefir komizt út á í þessu efni, vil ég benda honum á það, að fordbifreiðar voru seldar hér áður en bifreiðaeinkasalan tók til starfa fyrir 4655 kr., en nú, eftir að einkasalan hefir tekið til starfa, hafa þær verið seldar fyrir 4255 kr. hæst. Þessi verðlækkun á þeim í útsölu hér stafar af því, að þeir, sem keyptu þær inn áður en bifreiðaeinkasalan tók til starfa, keyptu þær ekki frá því landi, sem hagkvæmast var að kaupa þær frá, heldur fengu þær neðan frá Spáni. Það er löng saga að segja frá því, hvernig á því stóð. En ég held, að ég geti ekki stillt mig um að minnast nokkuð á hana hér, fyrst farið er að ræða þetta mál á annað borð.

Öllum er það kunnugt, að í viðskiptasamningnum við Spán, sem gerður var árið 1934 og gilti árið 1935, var svo ákveðið, að ekki skyldi neita um neitt af innflutningsleyfum fyrir neinar vörur, sem beðið væri um innflutningsleyfi fyrir frá Spáni. Þetta ákvæði var náttúrlega notað alls óspart af kaupmönnum til þess að reyna að koma með þessu móti inn í landið vörum, sem í raun og veru var ekki þörf á að flytja inn í landið. Og meðal þeirra, sem vildu notfæra sér þetta, var aðalumboðsmaður Fordverksmiðjanna hér á landi. Hann gekk svo langt í þessu, að hann pantaði bíla frá Spáni, þó að ekkert innflutningsleyfi lægi fyrir fyrir þann innflutning, í trausti þess, að vegna þess að við höfðum örðuga viðskiptaaðstöðu á Spáni, mundi hann geta pínt fram innflutningsleyfi fyrir þessu eftir á. Eins og samningarnir við Spán voru, þótti ekki fært annað en að veita þetta innflutningsleyfi. Þá lá það ekki fyrir, sem svo síðar kom fram við uppgerð, að þessi innflutningur var ekki tekinn með á innflutningsskýrslum frá Spáni, og því ekkert tillit tekið til hans, þegar gerð voru upp viðskiptin milli Spánar og Íslands.

Ef farið er að gera svona verðsamanburð af handahófi, eins og hv. þm. V.-Sk. hefir gert í þessu efni, þá er gengið út á mjög hálan ís. Þó að benda megi á, að chevroletbifreiðar séu dýrari nú en áður en einkasalan tók til starfa, þá má einnig benda á hitt, að fordbifreiðar eru talsvert ódýrari nú en áður en einkasalan starfaði. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að bifreiðaeinkasalan heldur sömu álagningu á þessum hlutum og áður var höfð, og það hefi ég grun um, að hv. þm. V.-Sk. viti, þó að hann reyni að koma því hér inn, að einhver dæmi megi finna um dýrari bifreiðar nú hjá einkasölunni heldur en áður sömu tegundar, sem kannske á sér stað sem afleiðing af því, að menn eru látnir sæta jafnari kjörum í þessu efni nú en áður var.

Um verð á bílagúmmíi er í raun og veru nokkuð sama að segja og um bifreiðarnar. Ég átti orðastað við þennan hv. þm. um þetta atriði í haust, og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkuð upp úr því bréfi, til skýringar þessu máli, sem ég hefi fengið frá bifreiðaeinkasölunni, dags. 25. nóv. 1935. Þar segir svo:

„Áður en einkasalan tók til starfa, voru seldar hér á landi mjög margar tegundir af hjólbörðum, en enginn kaupmaður gaf út verðlista né hélt föstu verði á þeim, og seldi einum það allt öðru verði en öðrum, án tillits til þess, hvort um mann, sem átti margar bifreiðar, var að ræða eða ekki.“

Það var búið að ákveða sama verð á þessu bifreiðagúmmíi frá Ítalíu áður en einkasalan tók til starfa, sem er á því nú.

Þá skal ég koma að vörugæðunum. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. hafi í hugleiðingum sínum um þau átt við bifreiðarnar sjálfar, því að mér er kunnugt um, að þær bifreiðar, sem fluttar hafa verið inn síðan einkasalan tók til starfa, eru að öllu leyti eins og þær, sem fluttar voru inn áður. Eða kannske þessum hv. þm. sé svo farið, að honum sýnist allt verra, sem kemur frá einkasölunni, af því að það kemur þaðan, heldur en það, sem kemur frá einkafyrirtækjum? En sé svo, þá verður vitanlega ekki við slíkri sjónskekkju gert.

En um gæðin á gúmmíinu er það að segja, að hv. þm. V.-Sk. og fleiri gerðu um þetta harða hríð í sambandi við benzínskattinn, og töldu þeir, að gúmmí, sem keypt væri frá Ítalíu, væri verra en annað gúmmí. Síðan komu fram vottorð um þetta, sum um, að það væri verra, en önnur um hið gagnstæða. En sannleikurinn er, að þetta gúmmí er vara, sem seld er víðsvegar um allan heiminn, a. m. k. áður en refsiaðgerðirnar komu til sögu, og vara, sem hefir getað keppt við samskonar aðrar vörur. Um þetta mál er svo það að segja, að þegar flokksblað hv. þm. V.-Sk. fór að taka upp eftir honum það, sem hann sagði hér á Alþingi um þetta efni, nefnilega að þetta ítalska gúmmí væri vond vara, þá var eðlilega því firma, sem seldi þessa vöru hér, ákaflega illa við það, því að þetta var atvinnurógur. Það mun svo hafa komið fram, að þetta firma hafi viljað fá leiðréttingu í þessu máli. Maður frá firmanu mun hafa talað við Morgunblaðið, því að blaðið tók aftur öll hin niðrandi ummæli um þessa vöru og gerði þannig það allt að engu, sem hv. þm. V.-Sk. var búinn að segja hér á hæstv. Alþingi um þetta atriði. M. ö. o., þegar þeir sjá framan í umboðsmann firmans, sem selur þessar vörur hér, þá leka þeir niður og afneita því, sem þeir hafa sagt.

Önnur hlið á þessu máli er svo sú, að það, að hægt er að kaupa þetta gúmmí frá Ítalíu, í stað þess að kaupa það frá öðrum löndum, er vitanlega bjargráð fyrir okkar sjávarútveg, og það ekkert lítilfjörlegt. Það er sem sé öllum kunnugt, að nú er varla hægt að fá fisk greiddan á Ítalíu öðruvísi en með því að taka út á hann vörur. Er það nú meining þessara manna, sem hér skrafa fram og aftur um þessi mál, án þess að hafa nokkurt vit á þeim, að við hættum að þiða með þessum vörukaupum þaðan þær frosnu lírur, sem við eigum þar fyrir fisk? Vitanlega er allt þetta umtal þessara manna um, að óhagkvæmt sé að kaupa þetta ítalska gúmmí, ekkert annað en óvitahjal, sem er afkvæmi illvilja og vanþekkingar. (ÓTh: Það vantar þó a. m. k. ekki gorgeirinn í ráðh.). Hv. þm. G.-K. ætti ekki að tala um gorgeir í öðrum, því að hann er þekktur fyrir að vera nokkuð mikill á lofti sjálfur.

Ástæðan fyrir því, að hv. þm. V.-Sk. beitir sér svo mjög í þessu máli hér og að svo mikið er

talað um afnám raftækjaeinkasölunnar, er engin önnur en sú, að það er séð eftir þeim ágóða, sem verða kann á þessum viðskiptum og ríkið fær. Þó að sá ágóði sé ekki mikill eins og nú standa sakir, þá mun það fyrirtæki eiga mikla framtíð, eftir því er séð verður, vegna þess að alltaf er verið að raflýsa víðar og víðar og alltaf er að aukast notkun allskonar rafmagnsvara. Og það er einmitt gróðavonin, sem bundin er við þessa stórkostlegu aukningu á notkun þessara vara, sem veldur því, að hv. þm. V.-Sk. er fenginn til þess að reyna að hnekkja þessari starfsemi nú þegar í byrjun, og ef verða mætti að ríða niður þetta fyrirtæki, raftækjaeinkasöluna, á byrjunarstigi, til þess síðan að bandamenn hv. þm. V.-Sk. geti tekið til sín ágóðann af viðskiptunum með raftækin.

Sama er að segja um bifreiðaeinkasöluna. Hún hefir ekki enn náð þeim tilgangi, að ágóði hafi orðið mikill af henni; þó má vona, að úr því rætist, því að vitanlega verður í framtíðinni að flytja inn bifreiðar. Og alveg sama undirrótin er einnig að mótstöðu hv. þm. V.-Sk. gegn henni eins og mótstöðu hans gegn raftækjaeinkasölunni.

***Flm. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Hæstv. fjmrh. hefir nú talað hér nokkur orð. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum um hans ræðu, því að hún var að mestu utan við málefnið, sem hér er til umr., eins og vænta mátti. Það gegnir furðu, hversu ósvífinn hann er í flutningi máls síns og sinna manna, þegar hann játar, að allt þetta liggi til rannsóknar, og það kemur úr harðri átt sú óbeina yfirlýsing hæstv. ráðh., að hingað til hafi hið opinbera með þessari raftækjaeinkasölu ekki náð neinum öðrum árangri en þessum, sem vitaður er, að einkasalan hefir skaðað þá, sem viðskipti hafa þurft að eiga við hana. Allan þann tíma, sem liðinn er frá því raftækjaeinkasalan hóf að starfa, hefir hæstv. ráðh. og þeir aðrir, sem með einkasöluna hafa haft að gera, þverskallazt við að gera nauðsynlegar lagfæringar á starfsemi hennar. Ólagið á þessari starfsemi er alkunnugt mál öllum, sem hlut eiga að máli, og fjölmörgum fleiri. Því verður ekki neitað, að bæði hér í þessum bæ og víðsvegar um land annarsstaðar er almenn óánægja með þessa einkasölu, og hefir sú óánægja komið fram í fast rökstuddum kvörtunum yfir störfum einkasölunnar frá þeim mönnum, sem þurft hafa að skipta við hana. Og þessir menn vita bezt, hvar skórinn kreppir að. Þó að hæstv. ráðh. vilji kenna pólitískum hagsmunum um það, að hér er mælt á móti starfsemi raftækjaeinkasölunnar, þá er langt frá, að þau mótmæli spretti af slíkri andstöðu, heldur eru andmæli mín gegn einkasölunni sprottin af og komin fram í samræmi við skoðanir þeirra aðilja, sem við þau viðskipti verða að búa, sem einkasalan veitir, manna, sem tilheyra ýmsum stjórnmálaflokkum. Og ég hygg, að mestur hluti þeirra manna sé alls ekki mínir flokksbræður, heldur tilheyri margir þeirra Alþfl. Mér er kunnugt um þetta af viðkynningu við þessa áminnztu menn sjálfa og spurnum, sem ég hefi haft af þeim. Það er sannanlegt, að í n. þeirri, sem hefir haft með höndum mál rafvirkja, framkvæmdanefnd Rafvirkjasambands Íslands, er meiri hl. menn, sem eru stjórnarflokkanna megin í pólitík. Þá er og sama máli að gegna um það, að ekki eru þeir síður á bandi stjórnarflokkanna, sem þurfa að kaupa bílagúmmí. Þeir sneru sér með umkvartanir sínar hvorki meira né minna en til formanns Alþfl. og báðu hann ásjár. Hann lofaði þeim rannsókn á verði og gæðum gúmmísins, en vitanlega fór sú rannsókn aldrei fram. Það var ekki hv. 2. þm. Reykv., heldur form. Alþfl., sem bílstjórarnir sneru sér til í þessu, svo mér sé kunnugt. En hvort þeir hafa talað um þessi mál við hv. 2. þm. Reykv., sem er nú hér inni, núna upp á síðkastið, veit ég ekki. Þeir fóru ekki til hæstv. ráðh., rafvirkjarnir í landinu, af því að þeir treystu honum ekki, sem ekki var von, manni, sem er, eins og þeir sjálfir segja, snauður að þekkingu á þeirra málefni og virðist vera þrútinn af stráksskap. En þeir hefðu viljað, að hann setti mann, sem rétt hefði til að ráða yfir þessari grein, mann, sem væri sjálfráður gerða sinna. En það gerði hæstv. ráðh. varla, því að alkunnugt er það, að settur var yfir þetta maður, sem ekki er einráður gerða sinna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að formaður og aðrir, sem hæst eru settir í flokki hæstv. ráðh., hafa oft galað og hjalað um það í blöðum, að óreglumenn hafi verið í trúnaðarstöðum hjá íhaldinu. En við þeim vindrykkjuhugleiðingum er það að segja, að engin er sú ríkisstofnun til, sem þessi stj. hefir látið ráða menn í, að hún sé alveg laus við óreglumenn meðal starfsmanna, þó að mismunandi beri á því. En það er áberandi, þegar formaður, sem settur er til að ráða yfir svo viðkvæmum málum sem þessum, er óreglumaður, og eftir að hann er settur yfir þessi mál, er hann sendur úr landi. Það getur verið, að þessi forstjóri, sem fyrir óreglu varð í haust að fara úr landi til að leita sér hressingar, eigi að gera eitthvað fyrir einkasöluna. Ég veit það ekki. En þetta er dæmi, sem ekki tjáir móti að mæla, hvernig þessi maður fór, og að valdhafarnir fengust ekki til að setja almennilegan mann í þessa stöðu, en í stað þess ráðast þeir á viðskiptamenn einkasölunnar fyrir það að gera réttmætar og rökstuddar umkvartanir, sem um hefir verið getið. Þeir ættu að líta nær sér, þessir herrar, og það er tími til kominn fyrir hæstv. ráðh., ef hann ekki veltur úr ráðherrastólnum að segja, að fara að gera tilraun til að ráða bót á ólagi því, sem hefir orðið tilefni óánægju fjölda manna í þessum efnum. En slíkt gerist ekki með öðru móti en því, að til einkasalanna verði ráðnir góðir og gegnir menn. Því að það má gera einkasölurnar vinsælar með góðri stjórn og arðbærar með því að haga viðskiptum þeirra utan lands og innan á réttan hátt. En vinsælar verða þær aldrei gerðar með stífni né ósvífni né með því að þverskallast við réttmætum umkvörtunum viðskiptamanna þeirra. Hinir, sem hafa meira vit á þessu, þeir vita, að þetta er ódæði og að það verður að ráða bót á þessu, og það er sök beggja stjórnarflokkanna, ef ekki verður ráðin bót á því.

Hæstv. fjmrh. þóttist ætla að fara út í ýms atriði, sem hann þó gerði ekki og gat ekki, þótt hann hafi haft skjöl í höndum, sem hann hefir

neitað mér um. En það er langt frá því, að rafvirkjar vilji ekki láta mig fá skjöl. Ég spurði, hvort þeir hefðu nokkuð á móti því að láta mig fá skjölin. Þeir sögðu, að það væri langt frá því. En þeir vissu, að hæstv. ráðh. þorði ekki að láta skjöl þeirra koma fram í dagsljósið. (**Fjmrh.**: Þeir gátu gert það). En hæstv. ráðh. skrökvar því, að þeir hafi ekki viljað það. Þeir ætluðust til þess, að skjöl þessi yrðu notuð, hvenær sem þörf væri á. Hæstv. fjmrh. lætur sem skjöl þessi séu komin til einkasölunnar og þar sé hægt fyrir hv. 3. þm. Reykv. að fá að athuga þau; en þetta eru ósannindi. Skjölin liggja í stjórnarráðinu. Það getur verið, að þar vanti fáein blöð, sem hæstv. fjmrh. hafi stungið í vasa Sigurðar Jónassonar, og að þau hafi siglt með honum til Vesturheims. — Hæstv. fjmrh. fer undan í flæmingi og skrökvar til, þegar hann kemst í vandræði, því að hæstv. fjmrh. hræðist það, að skjölin séu lögð á borðið. Hann óttast, að menn kunni þá að sjá svart á hvítu jafnvel fleira af því, sem hann ætlast til, að haldið sé leyndu.

Þá sagði hann, að vöruskortur einkasölunnar væri að kenna gjaldeyrisvandræðum og takmörkun á innflutningsleyfum. Allir vita, að einkasalan hefir fengið innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum vörum, sem hún hefir þurft. Hún hefir fengið að panta allar vörur, sem hún hefir viljað, og pantað þannig, að hún hefir fengið ónýtt efni, eins og þessa pípu, sem ég er hér með. Af þessari pípu, sem ætluð er til að nota hana, þegar lagt er í steypu, hefir verið keypt svo riflega, að til munu vera um 20 þús. metrar, og þessar pípur hafa menn verið neyddir til að nota. Þær þurfa að standast beygjuraun, og þessi pípa, sem ég er hér með, sýnir, hvernig þær fara. Hæstv. fjmrh. verður á sínum tíma beygður eins ömurlega eins og þessi ónýta pípa, og hann verðskuldar sömu meðferð, því að hann er ónýtur á sama hátt og þessi pípa, sem nú er búið að banna til þeirra lagninga, sem hún var ætluð til, og nú eru til um 20 þús. metrar af þessari tegund hjá einkasölunni. Ef til vill væri hægt að nota hana til einhvers annars en hún var ætluð til, en hún er ónýt til þess, og eins er um hæstv. ráðh. Það kann að vera hægt að nota hann til einhvers starfs, þótt hann hafi reynzt ónýtur og óhæfur ráðh.

Þá fór hæstv. ráðh. nokkuð að tala um hinar lélegu vörur, sem einkasalan hefir flutt, og talaði um, að varan hefði verið lakari vegna þess að viðskiptunum hefði verið beint sem mest til Þýzkalands; en þetta er ósatt. Það hefði vel mátt fá betri vörur frá Þýzkalandi, ef rétt viðskiptasambönd hefðu verið valin. En það má minna á, til að sýna frjálsræðið í þeim efnum og umhyggjuna fyrir viðskiptamönnunum hér, að þegar átti að fá mótorinn í sundhöllina, þá átti að panta hann frá Þýzku firma, en kaupin voru tekin frá því og látin ganga í gegnum A.E.G., og það þótt mótorinn kostaði ⅓ minna hjá þessu firma, sem átti að kaupa hann frá. Þar kostaði mótorinn 330 Rm., en hjá A.E.G. kostaði hann 480 Rm. Er þetta eitt af þeim dæmum, sem fella allar fullyrðingar þessa hæstv. ráðh., sem sýnilega veit ekkert, hvað hann segir.

Það er náttúrlega mjög vel til fallið, að hv. þm. Hafnf., sem manna mest þykist bera blak af iðnaðarmönnum, er hér að beygja þessa pípu, sem ég kom með, og þykist nú ætla að slá sig til riddara með því að sýna, að hægt sé að beygja hana án þess að hún springi, en hann þekkir sýnilega ekki þá beygjuraun, sem gerð er á slíkri pípu; hún er ekki beygð með höndunum, og beygjan er ekki á svo löngu svæði sem hún verður, þegar hún er gerð með höndunum. En hv. þm. Hafnf., sem er með þessa ónýtu pípu, ætti að athuga, að það hefir verið skellt skolleyrum af ríkisstj. við þeim kröfum iðnaðarmanna, að láta hæfa menn veita þessu fyrirtæki forstöðu, og samt lætur hann samþ. á þingi iðnaðarmanna, að aðeins þeir menn, sem séu vel til þess færir, skuli settir til slíkra starfa. Þessi hv. þm. ætti að gera öðruvísi hreint fyrir sínum dyrum en að flangsa hér með þær pípur, sem ég kem með.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að þessi mikli verðmunur, sem sannað er nú og óhagganlegt, að er á vörum einkasölunnar og því, er áður var, sé ekki þannig, að almenningi blæði fyrir hann. En vitanlega er það svo, að almenningi blæðir. Hver sá, sem nú fer í búðir raftækjasalanna, sannfærist áþreifanlega um það, að hann verður að kaupa hlutina fyrir hærra verð en áður. Gamall málsháttur segir: „Grísir gjalda, en gömul svín valda". Vitanlega fer og hér saman orsök og afleiðing, og ekki er hægt að hækka verð vörunnar í heildsölu án þess að útsöluverð hækki líka og almenningi blæði. En einkasalan hefir ekki haldið sama verði og áður var hjá heildsölum, og annaðhvort er, að einkasalan kaupir hærra verði en áður, eða álagningin er svo miklu meiri, nema hvorttveggja sé. Það lítur út fyrir, að skipt sé við þau þýzk verzlunarfyrirtæki, sem ekki láta vöruna nema með hærra verði en áður, og að þau beztu sambönd, sem áður voru, séu nú farin forgörðum, og að nú sé verzlað við aðra, sem á engan hátt gefa eins góð kjör, og niðurstaðan er sú, að varan er dýrari en áður til almennings, ekki eins góð, og er þá verr farið en heima setið, og öllum almenningi blæðir fyrir þessa ráðsmennsku. Öllum þeim, sem nú ætla að fara að rafvirkja og raflýsa og einkasalan ætlar að verzla við, er gott að vita, að það er tilætlunin að láta þeim blæða. Þetta er tilgangurinn, — þegar svo dæmi eru til, sem allir vita, að varan hefir stórhækkað, ekki eingöngu í búðunum, heldur líka hjá einkasölunni sjálfri, svo sem ég nú skal enn nefna eitt dæmi um. Firma eitt hér í bænum þurfti að fá mótor hjá einkasölunni. Þessi mótor átti að kosta 720 krónur, en frá þessu verði mátti svo gefa nokkurn afslátt. Alveg samskonar mótor gat þessi verzlun selt út fyrir 450 krónur, áður en einkasalan kom til sögunnar. Þarna er nærri því 300 króna munur. Þetta eru tölur, sem tala því máli, sem allir heyra, sem vilja heyra! Hvert rennur þetta fé? Sumt af því kemur fram sem ríkisgróði, segir hæstv. ráðh., en hann getur ekki gert grein fyrir nema nokkru af því á þann hátt. Líklega rennur mikið af þessu út úr landinu vegna óhaganlegra innkaupa, og svo fer vitanlega allmikið í allt einkasölubáknið. Þessar ríkisstofnanir kosta mikið fé. — Já, hvert rennur þetta allt? Það er eitt af því, sem er eftir að upplýsa. Þegar fengin er þessi rannsókn, sem

nú hefir verið svikizt undan í heilt ár að framkvæma, þá væntanlega upplýsist það. — En ég spyr enn og krefst svars: Hvert rennur þetta fé? Það er eitt af því, sem stendur á þeim skjölum, sem hæstv. ráðh. hefir uppi í stjórnarráði. að þar eru sönnur á það færðar, að einkasalan selur miklu hærra verði en heildsalarnir gerðu áður. Það munar svo miklu, að heildsalarnir gátu, eins og ég sýndi hér áðan með fullsönnuðu dæmi, selt mótora mörg hundruð krónum ódýrari til almennings heldur en þeir sjálfir verða nú að kaupa þá hjá einkasölunni. Þetta hefir ekki verið hrakið og stendur fast, og nú er það öllum kunnugt, að niðurstaðan verður sú sama hér og annarsstaðar hjá þessu fyrirtæki, að illa hefir verið farið að ráði sínu. — Enn má því hér við bæta, að á síðasta þingi gerði ég hér verðsamanburð á 28 algengum vörutegundum og tilkynnti, með hvaða verði einkasalan seldi þær nú og hvert innkaupsverð hefði verið á þeim áður, og sýndi með þessum samanburði, að hækkunin komst upp í 400%. Og þessi samanburður var af handahófi.

Annað það, sem gerir viðskiptamönnum einkasölunnar mjög erfitt fyrir, er það, að þeir verða sem sagt alltaf að kaupa köttinn í sekknum. Ef þeir spyrja um tegundir og verð, segjast þeir fá svör, sem ekki standist. Nýlega ætlaði einn af viðskiptamönnum einkasölunnar að fá hjá henni svokallaðan mótorslökkvara, sem hafði fengizt fyrir 10 krónur áður. Hann gerir samning um verk við viðskiptamenn sína og reiknar með því, að þessi slökkvari kosti sama og áður, en var svo óvarkár að semja ekki við einkasöluna. Þegar til kom, sýndi það sig, að mótorslökkvarinn var kominn í 16 krónur. Maðurinn fer og kvartar undan þessu verði og fær það svar, að þeir kosti þetta, en þó endar það með því, að hann fær slökkvarann fyrir 11 kr. og 50 au. Svo viku síðar þarf maðurinn aftur að fá samskonar slökkvara, og þá er hann aftur kominn upp í 16 kr. Þá höfðu þeir háu herrar í einkasölunni gleymt hinum fyrri viðskiptum! — Þetta er dæmin um áreiðanlegheitin í viðskiptunum.

Þá skal ég nefna annað dæmi. Við þurftum að fá austur í Vík í Mýrdal rafmagnsvél, og gekk það mjög seint. Bjarni í Hólmi gæti sagt sögu um viðskiptin við Ziegler og Sigurð Jónasson. (Hann er í miðstj. Framsfl.). Bjarni hafði beðið einkasöluna að panta þennan mótor og sagt fyrir um það, hvernig hann ætti að vera og hvaðan hann skyldi pantaður. Svo líða margir mánuðir, að ekki kemur vélin. Þá fer Bjarni hingað suður og spyr, hvort vélin hafi ekki verið pöntuð. Jú, þeir segja, að vélin hafi verið pöntuð fyrir löngu og frá tilteknu firma. Bjarna þykir þetta undarlegt, svo hann tekur það fyrir að síma út til firmans og spyrjast fyrir um, hvernig þessu sé varið og hvort vélin hafi í raun og veru verið pöntuð. Og svarið kemur — og eftir allan þennan tíma hafði vélin alls ekki verið pöntuð. Þá fer Bjarni á ný til Zieglers og segir honum, að samkv. umsögn firmans hafi vélin ekki verið pöntuð; en Ziegler segir, að það sé misskilningur, hún hafi verið pöntuð. Þá sendir Bjarni á ný fyrirspurn til firmans. Svo líður dagur, og þá kemur svar, og er þar sagt, að vélin hafi verið pöntuð þá samdægurs. En hvernig var svo þessi vél, sem þá var pöntuð? Það var allt önnur vél en átti að vera, og ónothæf. — Fyrir þessu dæmi eru þær sannanir, sem ekki þýðir að reyna að hrekja, enda veit ég, að hæstv. ráðh. veit þetta. Bjarni í Hólmi hefir aðgang að hæstv. ráðh. og hefir áreiðanlega leyft sér að tala um þetta við hann. Óáreiðanlegheit einkasölunnar eru svo mikil, að ekki þýðir hér í móti að mæla. Þau eru á allra vitorði.

Hæstv. fjmrh. sagðist ekki vita vel, hvers vegna aðallega hefði verið skipt við A.E.G., en það er af öllum vitað, að það er af því, að til forstöðunnar voru valdir þeir menn, sem voru umboðsmenn A.E.G. Nú er því svo farið, að A.E.G. er ekki borin vel sagan af viðskiptamönnunum, og verður þetta þá sérstaklega áberandi, þegar önnur þýzk firmu fá ekki að njóta sinna viðskipta hér, sem hlutaðeigendur þó fullyrða, að væru okkur betri. Þess vegna verðskuldar hæstv. fjmrh. og verður að sætta sig við að fá þá útreið í þessu máli, sem hann fær nú og endranær, og ef hæstv. fjmrh. ætlar ekki að gera á þessu bragarbót, þá má hann vita það, að ekki verður á kröfunum slakað. Þeir menn, sem málið hafa tekið að sér, gefast ekki upp við að berjast fyrir hagsmunum almennings. Og þeir verða æ fleiri og fleiri, sem heimta endurbætur. Það getur verið, að þær komi, en þær verða ekki gerðar, nema þess sé gætt að setja vel hæfa og óvilhalla menn sem forstjóra fyrirtækisins, sem geri sér far um að ná sem beztum viðskiptasamböndum, og má með sanni segja, að grundvöllur sá, sem þessi ríkisstofnun byggir tilveru sína á, eigi ekki að vera sá, að ganga út frá því að græða sem mest á viðskiptamönnum sínum með því að hafa okurálagningu á vörunum. Það er að fara úr öskunni í eldinn.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þessir menn, sem hér ættu hlut að máli, væru aðeins raftækjasalarnir. En ég hefi sýnt það og sannað með dæmum og rökum, sem hann mun ekki reynast maður til að hnekkja eða hrekja, að hér á allur almenningur hlut að máli. Hann sagði, að þetta væri fram komið af því að nokkrar raftækjaverzlanir hefðu orðið hræddar um hagsmuni sína. En eftir því, sem mér hafa sagt þeir menn, sem þessu eru kunnugir, þá er ekki hægt að klína þessu á verzlanirnar, og þetta fellur um sjálft sig. Því að vitað er, að það er sameiginlegt hagsmunamál almennings, að hér verði betur gert. Enda er það sýnt samkv. því dæmi, sem ég tók um verðlag, að samskonar mótor, sem hjá einkasölunni átti að kosta 720 kr., hafði áður verið seldur á 450 kr., að hér er ekki aðeins verið að tala um fáa menn, sem vilja gæta hagsmuna sinna. Eða þegar einkasalan vill selja númerakassa fyrir 42 krónur, en þessir númerakassar fengust áður fyrir 18 kr. og 50 aur., — þá er ekki hægt að segja, að verzlanirnar hafi verið að hagnast á þeim með óhæfilegri álagningu.

Þá fór hæstv. fjmrh. nokkuð út í bifreiðaeinkasöluna. Eftir því, sem viðskiptamennirnir segja, er óhagkvæmara að skipta við hana en áður var við bílasalana. Þótt ef til vill sé hægt að fá sömu tegundir af bílum, þá eru þessar sömu tegundir miklu dýrari en þær voru áður.

Þetta hefi ég sýnt með tölum, og hefir það ekki verið hrakið. Þessi munur er svo mikill, að oft munar mörg hundruð kr. á hverri bifreið. Hæstv. ráðh. svaraði því til, að ef um chevroletbifreiðar hefði verið að ræða, þá hefði verið hægt að selja þær ódýrari, ef margar bifreiðar hefðu verið keyptar í einu, en það segja þeir, sem bezt vita, að sé hreinn uppspuni, og hefir hann annaðhvort spunnizt af fávizku hæstv. fjmrh. eða öðrum verri toga. Hinsvegar fer hæstv. fjmrh. með vísvitandi rangan málsflutning með því að gefa í skyn, að við teljum vöruna lakari fyrir það eitt, að hún er flutt af einkasölunni. Vitanlegt er það, að ef það eru sömu bílarnir, sem menn fá, þá eru þeir jafngóðir, hver sem selur þá, og það hefir enginn sagt, að þeir hafi orðið verri fyrir það, að einkasalan flutti þá, — það hefir engum dottið í hug. En hinsvegar eru viðskiptin verri, þegar allt verður dýrara. En það, sem hefir versnað, er gúmmí og hjólbarðar. Nú vitnaði ég til þess, sem hvorki hæstv. fjmrh. né forstjóri einkasölunnar hafa borið við að hrekja, að það kemur maður hér fram með það í opinberu blaði, formaður vörubílastöðvarinnar Þrótts hér í Reykjavík, og fullyrðir, að þessi vara sé nú bæði verri og dýrari en áður var. Þetta er óhrakið. Það eru til vottorð frá bílstjórum, sem sýna, að þetta *gúmmí endist ekki lengri veg* en 10—14 þús. km. móts við það, að þær tegundir, sem áður voru, entust 20—30 þús. km. Það er með öðrum orðum *helmingi minni ending*, og má þá með sanni segja, að miklu muni á gæðum. Þá hefir það einnig staðið ómótmælt, sem bílasali skrifaði hér í Morgunblaðið. Þótt hæstv. ráðh. hafi ekki mikið álit á þessum bílasala, hefir hann ekki treyst sér til að hrekja ummæli hans. Það verður því að teljast upplýst, að *þetta gúmmí stenzt alls* ekki samkeppni hvað gæði snertir, og við því væri í sjálfu sér ekkert að segja, ef verðið væri þá *þeim mun lægra*, því að það er algengt, að framleiðsla er misjöfn að gæðum og höfð misjöfn að gæðum, til þess að hægt sé að selja hana með misjöfnu verði, en samanburði á þeim hlutföllum, sem eru á milli verðs og gæða, verður hvert firma að hlíta. Annað gúmmíið er í betra áliti en hitt, þótt báðar tegundirnar séu mikið keyptar. En það er ófært og óafsakanlegt, að selja lakari tegundina með hærra verði en hin var áður.

Forstjórinn svokallaði þóttist ætla að fara að andmæla röksemdum mínum og hótaði málsókn. Ég skellti auðvitað skolleyrunum við þessu blaðri hans. Hæstv. fjmrh. var að tala um, að ég hefði tekið eitthvað af ummælum mínum aftur. Ekki var nú sterkari grundvöllur undir þeirri fullyrðingu ráðh. en sá, að í Nýja dagbl. 12. marz kom frá mér yfirlýsing, þar sem ég lýsti yfir því, að öll ummæli mín standi óhrakin, og ennfremur að ég láti hótanir forstjórans sem vind um eyru þjóta eins og hverja endileysu. En svo hefir Morgunbl. átt tal við forstjóra frá Pirelli-verksmiðjunum og segir kurteislega í því viðtali, að það hafi á engan hátt ætlað sér að hnekkja áliti Pirelli-verksmiðjanna. Hvernig átti líka Morgunbl. að geta hnekkt áliti þessarar verksmiðju? Ekki gat það haft áhrif á framleiðslugæði þeirra. Héðan var ekki heldur í annað hús að venda en til þeirra. Þetta er því svo fáránlegt, að það tekur engu tali. En þegar þessi ágæti forstjóri ætlar að fara að sanna ágæti hjólbarðanna með vottorðum, þá endar það með því, að hann er ákærður fyrir nafnafals. Að vísu mun umboðsmaður hans, en ekki hann sjálfur, hafa gert sig sekan í þessari óhæfu. En sem sagt, þegar forstjórinn ætlaði að fara að sanna ágæti Pirelli-hjólbarðanna á þennan hátt, fékk hann 3 vottorð, og þar af eitt falsað. Fleiri fengust ekki hjá öllum þeim hundruðum bílstjóra, sem þessa hjólbarða verða að nota. — Hvaða tölur sem hæstv. fjmrh. les, þá er víst, að gúmmíið er dýrara en áður, hvað sem gæðum líður, og er hart, að svo skuli vera.

Það má ef til vill segja, að í þessum viðskiptum felist bjargráð fyrir fiskimenn landsins. En það er ljóst, að mjög varhugavert er að semja um kaup á vörum fyrir háar upphæðir, sem ef til vill er ekki hægt að selja nema með tapi. Það er t. d. alls ekki víst, að það þurfi að nota allar þessar vörur, og þá tapar hið opinbera þrátt fyrir það, að það selur nú þessar vörur með hærra verði en tíðkaðist á betri vörum í frjálsri samkeppni.

Það er nú fullkunnugt, að einkasalan er að svæla undir sig reiðhjólagúmmíið líka, og segja mér hjólreiðamenn, að þar kasti fyrst tólfunum um álagninguna. Hæstv. ráðh. getur náttúrlega sagt, að óþarfi sé að vera að hjóla, en þá verður gúmmíið ekki heldur keypt. En er nú víst, að engin áhætta fylgi þessum miklu innkaupum? T. d. sú, að allir geti ekki staðið í skilum. Því gæti svo farið, að ríkið sjálft skaðaðist fyrr en síðar á þessari verzlun, auk þess sem allur almenningur skaðast.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég sæi eftir þeim ágóða, er ríkið hefði af þessari verzlun. Það geri ég ekki, jafnvel þótt sá gróði sé illa fenginn. En ég tel það ósanngjarnt að kúga landslýðinn til þess að skila ágóða, sem tekinn er af lífsnauðsynjum alls þorra almennings. Ég sjálfur hefi hér ekki mikilla hagsmuna að gæta, þar sem ég hvorki verzla með raftæki né nota þau. En það gerir allur almenningur hér í bæ. Það er ekki heldur af því, að þm. Alþfl. viti ekki, hvert skaðræði er hér á ferð, að þeir fylgja mér nú ekki að málum, heldur af því, að þeir eru múlbundnir til að þegja.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eitt af því fyrsta, sem hv. þm. V.-Sk. fann sér til, var það, að forstjóri viðtækjaverzlunarinnar væri óhæfur, hefði nú veikzt og hefði verið óhæfur áður. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að *sjálfstæðismenn* hafa á fyrra stigi þessa máls lagt ríka áherzlu á það, að einmitt þessum manni, forstjóra viðtækjaverzlunarinnar, yrði falin stjórn raftækjaeinkasölunnar, svo ríka, að þeir höfðu í hótunum um, að það skyldi kosta mig ráðherradóm, ef það yrði ekki. (ÓTh: Ekki þessum manni). Jú, einmitt þessum manni, enda var einmitt viðurkennt um svipað leyti af sjálfstæðismönnum innan þings og utan, að rekstur viðtækjaeinkasölunnar hefði gengið vel. Því er engin ástæða til að taka hið minnsta mark á þessum nasablæstri hv. þm. V.-Sk.

Mér er kunnugt um það, að hv. þm. V.-Sk. hefir orðið að ganga á eftir rafvirkjameisturunum með grasið í skónum til þess að fá hjá þeim nokkrar upplýsingar frá þeirra sjónarmiði. Þeir álitu ekki heppilegt að hafa hann sem málaflutningsmann fyrir sig. (**JJós**: Er þá eitthvað að leiðrétta?). Svo hlýtur jafnan að vera í stórum fyrirtækjum, og það hefir aldrei staðið á mér að sinna réttmætum umkvörtunum. Hinsvegar hefi ég æskt þess, að menn sneru kvörtunum sínum í þessu máli fyrst og fremst til forstjórans.

Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að umr. verði frestað að sinni, svo að hægt sé að koma með upplýsingar þegar á þessum fundi, því að ef málið er sett í n. áður, mun hv. þm. V.-Sk. sí og æ vera að klifa á því, að við þorum ekki að ræða það.

Þar sem hv. þm. V.-Sk. segir, að erfitt sé að vita um verðlag verzlunarinnar, vil ég benda á, að ekki löngu eftir að hún var stofnuð var gefinn út verðlisti, svo að þessi fjarstæða hans er úr sögunni.

Hvað snertir A.E.G. vil ég segja hv. 3. þm. Reykv. það, að þótt viðskiptin við það félag séu mikil, eru þau samt ekki óeðlilega mikil. Ég óska þess, að hv. þm. kynni sér þetta atriði, því að hann hefir aðstöðu til þess, og ég veit, að hv. þm. V.-Sk. trúir honum betur en mér. Þetta félag hefir áður haft mjög mikil viðskipti hér í frjálsri samkeppni.

Út í fjas hv. þm. V.-Sk. um vörugæðin skal ég lítið fara. Það má vel vera, að pípur séu eitthvað lakari í Þýzkalandi en Englandi. Hv. þm. lagði hér fram pípu, sem var brotin í annan endann, af því að snúið hafði verið upp á hana. Hv. þm. Hafnf. tók hana og beygði hana eins og á að gera, án þess hún brysti. (**GSv**: Ég sagði, að hæstv. ráðh. væri ónýtur, eins og pípan). Um það verða menn að dæma eftir verkum mínum, en ekki eftir því, sem ég eða hv. þm. V.-Sk. segir.

Þá kem ég að því, sem hann sagði um bifreiðaeinkasöluna. Hann afgreiddi upplýsingar mínar með því að segja, að hann tryði því ekki, að fordbifreiðar hefðu verið seldar ódýrar en áður. Úr því að hann neitar staðreyndum, þýðir ekki að tala meira um þetta við hann, en þetta er rétt. — Viðvíkjandi verði á gúmmíi vitnaði hann í formann Þróttar. En gagnstæð vottorð liggja fyrir, og ég býst ekki við því, að hann geti dæmt þar á milli. Auðvitað er þetta gúmmí svipað að gæðum og aðrar gúmmítegundir frá heimsfirmum. Annars væri það ekki samkeppnisfært. Blöð stjórnarandstæðinganna hafa verið að halda því fram, að það væri lélegt, en þegar forstjóri frá Pirelli-verksmiðjunum kemur hingað, étur Morgunbl. allt ofan í sig, og hv. þm. V.-Sk. líka. Hv. þm. V.-Sk. segist hafa birt yfirlýsingu þess efnis í Nýja dagbl., að hann hafi ekkert tekið aftur. Þetta er rétt, en blaðið bætti þeirri aths. við, að það tæki ekki ábyrgð á yfirlýsingunni, og fáir munu hafa tekið mark á henni. Þótt hv. þm. sé brattur innan þinghelginnar, er hann talar um hin erlendu firmu, er ekki víst, að hann verði það eins utan hennar, eins og reynslan hefir reyndar þegar sýnt.

Hann spyr að því, hvernig Morgunbl. hefði átt að geta hnekkt áliti þessarar heimskunnu verksmiðju. Það er rétt, að Morgunbl. getur það ekki, en það hefir engu að síður reynt til þess.

Hv. þm. svaraði því engu, hvað gera ætti, ef einkasalan yrði lögð niður. Hvort þá ætti að hætta að verzla við Ítalíu á kostnað sjómannanna. Slíkt væri auðvitað ekki nema rökrétt ályktun af því, sem hv. þm. V.-Sk. hefir haldið fram.

Nú stendur svo á, að Ítalía er eitt af þeim fáu löndum í heiminum, sem getur keypt af okkur fisk. En öll viðskipti milli þjóða byggist á þessum tímum á gagnkvæmri verzlun, og því hefir verið miðað að því að kaupa sem mest af vörum frá þessu markaðslandi voru. Því hefir bifreiðaeinkasalan keypt þar vörur fyrir hundruð þúsundir króna og jafnvel keypt vörur fyrirfram til árs, til þess að losa um innstæður vorar á Ítalíu. Einkasalan tekur á sig vaxtatap af þessu. Það má vera, að hv. þm. V.-Sk. telji þetta eftir íslenzkum fiskimönnum, en aðrir gera það áreiðanlega ekki.

Þá var hann að reyna að gera það tortryggilegt, að binda innkaup á hjólhestagúmmíi við Ítalíu. En þetta er gert í sama skyni og að innkaup á raftækjum eru færð til Þýzkalands — til þess að auka möguleika fyrir íslenzkar markaðsvörur í þessum löndum, og til þess að reyna að halda í fullu gildi þeim peningum, sem fást fyrir fiskinn frá þessum löndum og ekki fást yfirfærðir á annan hátt.

Ég mun ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um þetta mál, en vil aðeins beina því til hæstv. forseta að fresta umr., til þess að mér gefist tækifæri til að bera hér fram fyllri gögn í þessu máli til hnekkis framburði hv. flm.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Það hefir orðið að samkomulagi, að ég tali á undan hv. 1. flm., þar sem hann hefir talað tvisvar og á aðeins eftir eina ræðu fyrir utan aths., og er þá ætlun mín að koma með þær upplýsingar viðvíkjandi verðlagi einkasölunnar, sem ég ekki taldi mig geta gert nægilega í gær. — Þau einu atriði, sem ég taldi mig þá ekki geta gert nægileg skil, voru tvö dæmi, sem hv. þm. V.-Sk. tók og áttu að sýna okur það, sem væri á þessari vöru síðan einkasalan tók við. Annað dæmið var um mótor, sem einkasalan seldi á 720 kr., en hliðstæðir mótorar hefðu áður verið seldir á 450 kr., eftir því, sem hv. þm. gaf upp. En honum láðist að geta þess, að frá einkasölunni kostaði hann ekki 720 kr., heldur 575 kr., en sá, sem hafði gert sig að millilið, tók í sinn vasa mismuninn á 575 kr. og 720 kr. Þetta er vitanlega ekki þýðingarlaust. En það var ekki aðeins að þessu eina leyti, sem þetta dæmi var óheppilegt. Það var svo, að sá, sem það um að panta mótorinn, það um hann frá sérstöku firma í Sviþjóð og vildi ekki annað en Elektro Mecano; þetta var látið eftir fyrir þrábeiðni mannsins, en þennan sama mótor hefði verið hægt að fá a. m. k. 10% ódýrari í öðru

landi. Það er því ekki svo, eins og hv. þm. V.-Sk. vildi gefa í skyn, að þessu sé hagað eftir geðþótta einkasölunnar, heldur var það beinlínis gert til þess að þóknast viðskiptamanninum, að kaupa mótorinn þar, sem hann var dýrari. Þetta er einkennilegt, og hvaða ástæðu þessi maður hefir haft til þess að leggja svo ríka áherzlu á, að mótorinn væri keyptur í þessum stað, veit ég ekki, en ég hefi heyrt talað um, að hann hafi haft umboð fyrir þetta firma áður en einkasalan tók til starfa.

Hv. þm. V.-Sk. var að skjóta fram þeirri spurningu, hvað hefði orðið af þeim mismun, sem væri á verði einkasölunnar og á verðinu, sem hefði verið áður. Ég veit ekki, hvernig stendur t. d. á því í þessu tilfelli, sem við vorum nú að tala um, að þessi maður, sem áður hafði verið umboðsmaður fyrir þetta firma, leggur svo ríka áherzlu á, að mótorinn sé einmitt keyptur þaðan, þótt hægt sé að fá hann 10% ódýrari annarsstaðar. Það má vitanlega láta sér detta ýmislegt í hug, eftir að þetta er upplýst. En svo kastar tólfunum, þegar á að fara að sanna það, að viðskiptin við einkasöluna séu óhagstæð, að þá skuli þetta dæmi vera valið til þess að ráðast á einkasöluna fyrir að selja dýrt, þegar ekki mátti kaupa mótorinn í öðrum stað. Það mætti náttúrlega liggja einkasölunni á hálsi fyrir að hafa látið undan óskum þessa manns, og þótt einkasalan hafi viljað gera það til þess að halda friði, þá má segja, að það sé of mikið til friðarins unnið. Það litur einkennilega út að heimta sérstaklega, að mótorinn sé keyptur frá þessu ákveðna firma, en má kannske segja, að maðurinn hafi haft góða trú á því, en hitt litur þó einkennilegar út, að þessi sami maður skuli láta ráðast á einkasöluna fyrir það, að hún selji of dýrt, þegar kaupin voru í þessu tilfelli bundin við ákveðið firma og ekki hægt að nota þá aðferð, sem venjuleg er í viðskiptum, að taka bezta tilboði.

Þá var annað atriði, sem hv. þm. lagði mikla áherzlu á, og það var verð á númerakössum. Hann sagði, að verðið á þessum númerakössum hefði verið 42 kr. hjá einkasölunni, en áður en hún tók til starfa hefðu þeir kostað 18 kr. Ég held, að þetta gefi líka ágæta upplýsingu um það, hve ráðvandlega hv. þm. fer með þessi mál, eða hvernig þeir, sem gera hann út, búa í hendurnar á honum. Einkasalan kannast alls ekki við að hafa nokkurntíma selt númerakassa á 42 kr., en það er tekið fram í þeim upplýsingum, sem einkasalan gefur, að misskilningurinn geti legið í því, að hv. þm. eigi við númerakassa með svokallaðri rafmagnsafstillingu. Slíka númerakassa hefir einkasalan selt fyrir 28 kr., en hér er ekki um þessa kassa að ræða, og venjulega númerakassa með 6—7 númerum hefir raftækjasalan selt á 17 kr. M. ö. o. er þessi upphæð lægri en sú upphæð, sem hv. þm. segir, að þessi vörutegund hafi verið seld fyrir áður en einkasalan tók til starfa, svo að þessi samanburður, sem hv. þm. byggir ádeilu sína á, er alveg út í hött. Annaðhvort er þetta uppspuni hjá hv. þm. eða hér er um að ræða allt aðra vöru heldur en hv. þm. hyggur í fáfræði sinni, því að eftir upplýsingum frá raftækjaeinkasölunni er númerakassi með rafmagnsafstillingu allt annað en venjulegur númerakassi.

Þetta eru þau tvö dæmi, sem hv. þm. lagði mest upp úr í gær, og ætla ég, að hann hafi ekki mikla stoð í þessum samanburði sínum eftir þessar upplýsingar, sem ég hefi fengið frá einkasölunni. En ég ætla ekki að láta þetta nægja. Út af þessum árásum hv. þm. á raftækjaeinkasöluna ætla ég að gefa honum upplýsingar, sem ég hefi fengið frá verzluninni um verð fyrr og nú, til þess að hv. þm. geti haft eitthvað til þess að glíma við í þessari einu ræðu, sem hann á eftir, og aths., sem hann kann ef til vill að bæta þar við.

Það er eitt, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum allan þennan verðsamanburð hv. þm., og það er það, að hann hefir borið heildsöluverð raftækjaeinkasölunnar saman við innkaupsverð heildsöluverzlana, sem fyrir voru, áður en einkasalan tók til starfa, og hv. þm. hefir ekki borið saman við heildsöluverð þessara heildsala, heldur innkaupsverð þeirra. Það er þokkaleg aðferð, sem hv. þm. leyfir sér að nota í þessum aðfinnslum sínum til þess að reyna að færa sönnur á sitt mál.

Ég var satt að segja hissa á því, þegar hv. þm. var að deila á einkasöluna, að hann skyldi ekki koma fram með þann samanburð, sem hann gerði síðastl. haust á verðlagi einkasölunnar og því, sem hann kallaði innkaupsverð, sem er innkaupsverð beint frá verksmiðjunni. Er þetta prentað í Morgunbl. 11. des. 1935, þegar hv. þm. var að blása sig út í þessari hv. deild. Nú bregður svo undarlega við, að hv. þm. minnist ekki á þennan samanburð; hann hefir annað fyrir framan sig núna. Nú hefir einkasalan tekið þessi plögg til athugunar, og eins og ég hefi þegar tekið fram, er aðalgallinn á þessum samanburði sá, að hann er falskur, þannig að hv. þm. ber saman tvö ósambærileg verð. Niðurstaðan á þessum samanburði varð á nokkuð annan veg hjá einkasölunni heldur en hjá hv. þm. V.-Sk. Einkasalan hefir tjáð mér, að það, sem hún beri saman við í þessu efni, sé það heildsöluverð, sem henni er kunnugt um, að var áður á þessari vöru, og er það sérlega handhægt fyrir hana að bera saman við það verð, sem þau fyrirtæki, sem áður störfuðu hér í þessari grein, sögðu, að væri heildsöluverð, þegar einkasalan tók við þeim vörubirgðum, sem þau höfðu áður en hún tók til starfa. Einkasalan tók þessar vörubirgðir í umboðssölu, og þessi fyrirtæki tóku það fram, hvaða verð þau þyrftu að fá fyrir vörurnar til þess að þau töpuðu ekki, miðað við það verð, sem þau áður fengu. Ég skal taka það fram, að einkasalan hefir gefið þær upplýsingar, að í þessu efni sé ekki stuðzt við verð hinnar gömlu, margumtöluðu Raftækjaverzlunar Íslands, heldur er stuðzt við það heildsöluverð, sem gefið hefir verið upp frá Paul Smith, sem átti aðalvörubirgðirnar. Ég skal þá, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þennan samanburð einkasölunnar. Eins og ég hefi þegar tekið fram, er samanburður einkasölunnar miðaður við það heildsöluverð, sem áður var á þessari vöru hjá þeim verzlunum, sem verzluðu með hana áður en einkasalan tók til starfa.

	Heildsöluverð áður	Heildsöluverð hjá einkas.
Rör ⅝ lokuð	kr. 32.00	kr. 29.00
— ⅝ skrúfuð	— 42.00	— 40.00
Vír 1,5 mm.	— 7.00	— 6.50
		— & 6.80
Lampaleiðsla	— 18.00	— 16.00
Straujárn, brúttó	— 8.00	— 8.00
— brúttó	— 10.40	— 10.40
— brúttó	— 11.20	— 11.20
Hitasnúra, brúttó	— 2.00	— 2.00
Tvítengi	— 45.00	— 45.00
Tengiklær, lokaðar	— 30.00	— 25.00
Blýstrengur, ber 2×1,5 mm.	— 37,00	— 35.00
— yfirspunninn	— 44.00	— 40.00
Vartappar D 2 I 6	— 12.00	— 9.00
— II 6	— 12.00	— 9.00
— 20	— 22.00	— 15.00
— 25	— 25.00	— 18.00
— 35	— 43.00	— 43.00
— 60	— 70,00	— 45.00
Gúmmíleiðsla 2×1	— 34.00	— 25.00
Rofar utan á	— 100.00	— 80.00
Batterí, flöt	— 37.00	— 32.00
— sívöl, stór	— 82.00	— 82.00

Ein tegundin af þessum svokölluðu „vartöppum“, sem hv. þm. vitnaði oftast í og taldi hafa hækkað um 300%, hefir lækkað úr 70 kr. niður í 45 kr., eins og skýrslan ber með sér. Af þessu er hægt að sjá, hvernig staðhæfingar hv. þm. eru í þessu efni. — Þessar vörutegundir, sem ég las upp, voru þær helztu, sem hv. þm. minntist á í sínum samanburði og hélt fram, að hefðu hækkað allt upp í 300%, en þær hafa samkv. þessari skýrslu annaðhvort staðið í stað, miðað við núv. verð einkasölunnar, eða lækkað, og í sumum tilfellum að mjög miklu leyti, og í þessum samanburði er, eins og ég tók fram áðan, stuðzt m. a. við það heildsöluverð, sem firmað Paul Smith gaf upp, að það þyrfti að fá til þess að sleppa skaðlaust, miðað við fyrri viðskipti sín. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að bera verð einkasölunnar saman við innkaupsverð heildsölufirmanna gömlu, því að það hefir ekkert gildi.

Þá hefir mér verið látin í té skrá, sem ég vil ekki þreyta hv. þingd. á að lesa, því að hún er verðsamanburður í framhaldi af því, sem ég las upp áðan frá einkasölunni, en ég skal taka það fram, að ég hefi ekki rekið augun í neitt, sem hefir hækkað; þvert á móti hefir allt annaðhvort staðið í stað eða lækkað, og sumt mjög mikið. — Ég þarf náttúrlega ekki að taka það fram, að meðan einkasalan var að selja þær vörur, sem hún tók frá firmanu Paul Smith og fleiri firmum, þá varð hún vitanlega að selja þær vörur með því verði, sem svaraði til þess, að þessi firmu, sem afhentu einkasölunni vörubirgðir sínar, gætu fengið heildsöluverð úr umboðssölunni.

Ætla ég svo, að þessar upplýsingar, sem ég hefi gefið, nægi til þess að sú n., sem fær málið til athugunar, geti kynnt sér þetta áfram til frekari hlítar.

Ég vil svo að endingu taka það fram, að þessar upplýsingar, sem ég hefi gefið í sambandi við árásir hv. þm. V.-Sk. á raftækjaeinkasöluna, styðja mjög þá skoðun, sem ég lét uppi í gær, að ástæðan fyrir því, að hv. þm. flytur þetta frv., er, fyrir utan það, að hann hefir gaman af að láta bera á sér, vitanlega ekkert annað en ónægja þeirra manna fyrst og fremst, sem höfðu mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við stofnun þessa fyrirtækis, því að vitanlega er ómögulegt að koma í veg fyrir það, þegar slík fyrirtæki eru stofnuð, að einhverjir missi einhverja möguleika til þess að skapa sér verzlunarágóða.

Vil ég svo minnast á eitt atriði enn, sem vert er að tala um. Hv. þm. hefir talað mikið um það, hvað bæði ráðuneytið, sem hér á hlut að máli, og þetta fyrirtæki hefðu sýnt lítinn vilja á að vinna í friði við þá, sem við þetta fyrirtæki skipta. Í gær skýrði ég frá þeirri tilraun, sem ég hefi gert í þessu skyni, en ég hefi fengið upplýsingar frá raftækjaeinkasölunni um það, að skömmu eftir að hún tók til starfa hafi öllum rafvirkjum landsins verið skrifað bréf, þar sem þess var óskað, að þeir létu í ljós skoðun á því, hvaða vörur þyrfti að kaupa o. fl., sem máli skipti í þessu sambandi; en þessu bréfi, sem einkasalan sendi rafvirkjunum til þess að leita samstarfs við þá, var aldrei svarað.

*Flm. (*Gísli Sveinsson*): Herra forseti! Að þessu sinni mun ég gera að umtalsefni þau atriði, sem hæstv. ráðh. hefir borið fram og reynt að verja í gær og í dag, og sömuleiðis mun ég víkja nokkrum orðum að öðru, sem komið hefir óbeinlínis fram, aðallega hjá hæstv. fjmrh., og skal ég þá byrja á því atriði. Ég leyfði mér að leggja fram dálítinn hlut úr þessari umþráttuðu raftækjaeinkasölu, sem sé pípu, sem þannig var verkuð eftir þá löglegu raun, sem gerð var á henni, að hún sýndi ljóslega öllum þeim, sem fullsjáandi voru, hvernig þessi vara er og aðrar sambærilegar vörur, sem þessi verzlun flytur inn og selur almenningi. Af þessum pípum hefir ekki verið flutt inn minna en 20000 m., eftir að það kom í ljós, að rafvirkjarnir, sérstaklega úti um land, höfðu kvartað undan þessum ónýtu pípum. — Í þessu sambandi minntist ég á það áður, að á þessum tímum væri óforsvaranlegt að nota gjaldeyri til þess að kaupa vörur, sem hljóta í rauninni að verða dæmdar ónýtara efni en svo, að það borgi sig fyrir hæstv. ráðh. að láta gera raun á þessari ónýtu pípu, en sá maður, sem þá raun framkvæmdi, er raunar verkfræðingur og þykist hafa vit á þessu, þótt hann að öðru leyti standi dálítið höllum fæti í að brúka sig gagnvart hagsmunum iðnaðarmannastéttarinnar. Þessi maður var látinn gera þessa raun við stólbak og beygja þessa pípu, en þessi verkfræðingur var nú ekki vandvirkari en það, að hann hálfbeygði pípuna aðeins, og vildi hann svo draga þá ályktun af þessari athöfn sinni, að ekki væri pípan ónýt, fyrst hún þoldi raun þessa, en þessi maður, hv. þm. Hafnf., hefir ekki meiri þekkingu til að bera í þessum efnum en svo, að hann veit ekki það, sem allir viðskiptamenn einkasölunnar vita, sem sé, að þolraun þessarar pípu er ekki innifalin í því, sem hv. þm. gerði, vegna þess að slíkar pípur eru settar í steypu og verða því að þola miklu sterkari og krappari beygju en hv. þm. gerði á þessari pípu,

og ekki nóg með það, heldur verður að gera ráð fyrir snúning á þessum pípum. Mér til gleði, en hv. þm. Hafnf. til mikillar armæðu, hefir hann verið stimplaður í blöðum stj. og hefir verið settur sorgarrammi utan um hann, og innan í þessum ramma mun þessi hv. þm. og foringi iðnaðarmanna hvíla um aldur og æfi því til sönnunar, hvað hann getur hlaupið hlægilega á sig, sem stéttarbræður hans kunna honum litlar þakkir fyrir.

Áður en ég sný mér alveg frá þessum hv. þm., sem sjálfur gaf tilefni til þessara aths. í sambandi við framkomu hans í þessu efni, skal ég drepa á eitt atriði honum viðvíkjandi. Eins og ég minntist á í gær, var gerð einróma samþykkt á þingi iðnaðarmanna á Akureyri síðasta sumar, með samþykki þessa hv. þm. án efa, um það, að því skyldi fylgt fram, að forstöðumenn fyrir einkasölum, sem ríkið kynni að setja á stofn, ættu undantekningarlaust að vera innlendir sérfræðingar. Hv. þm. Hafnf. er varaform. í landssambandi iðnaðarmanna og hefir sig yfirleitt mjög mikið í frammi, ef eitthvað er minnzt á þessa stéit eða iðnaðinn, svo sem kunnugt er. Hann er alltaf að burðast með einhverjar till. í þessu efni og heimtar, að innlendur iðnaður sé studdur og að útlendingar fái ekki að vinna þau störf, sem Íslendingar fást til að vinna. En mér er ekki kunnugt um, að þessi hv. þm. hafi hreyft sig hið minnsta, þegar kvartað var undan því, að útlendingur var fenginn til þess að vera meðráðamaður í Raftækjaverzlun Íslands, á meðan hún var við lýði, og var sá maður sendur hingað fyrir hönd A. E. G. Þennan mann tekur stj. á sína arma gegn mótmælum stéttarinnar og veitir dvalarleyfi hér í trássi við óskir og álit þeirrar stéttar, sem hér á hlut að máli, og þessi maður er látinn fá hærri laun en nokkurn, sem hér er inni, hefir dreymt um; hann hefir 900 kr. um mánuðinn. Þetta er það, sem gert hefir verið til þess að halda friði við þessa stétt. Þetta er hnefahögg í andlit stéttarinnar, því að með þessu er það troðið undir fótum, sem þessi stétt leggur til málanna.

Til viðbótar því, sem ég sagði áðan um þessa pípu, sem hv. þm. hefir orðið svo hált á, skal ég taka það fram, að ég hefi lagt þetta mál undir flokksbróður hv. þm., Nikulás Friðriksson eftirlitsmann við rafveituna, sem hefir meira vit á þessum málum en hv. þm. Hann heldur því fram, að þetta sé svikin vara. En það er ekki nóg með það, að þessi vara sé svikin, heldur hefir það komið í ljós, að einkasalan hefir flutt inn ekki færri en 100 tegundir af vörum, sem rafmagnseftirlitið hefir orðið að neita um löggildingu á. Enda þótt hæstv. ráðh. talaði um, að einkasalan hefði selt þessar vörur og þær hefðu verið löggiltar, þá voru þær samt ekki löggiltar fyrr en tekið var í taumana og umkvartanir höfðu borizt hvaðanæfa af landinu. Það er hægt að fara til Nikulásar Friðrikssonar og rafmagnseftirlitsins og fá staðfestingu á þessu. Nú hefir eftirlitið við rafveituna gengið hart eftir þessu, og í gær átti hún samtal við þennan útlending út af þessu máli. Hann fór undan í flæmingi og vildi senda út aftur þessar pípur og fá aðrar í staðinn, en gallinn er bara sá, að hann getur ekki gert þetta, vegna þess að samkv. upplýsingu einkasölunnar hefir hún ekki þau sambönd við firmu í Þýzkalandi, að hún geti fengið þessa vöru úr sæmilegu efni. Meðan verið er að leita fyrir einkasöluna eftir samböndum í Þýzkalandi, sem geta útvegað nothæfar pípur, er tilgangurinn að reyna að fá nothæfar pípur frá öðrum löndum, t. d. frá Noregi, þar sem pípur eru gerðar, sem standast þessa raun.

Þá skal ég svara stuttlega því, sem hæstv. ráðh. talaði hér um í gær. Það kom þegar fram á þinginu í fyrra, að margir hv. þm. höfðu vantraust á slíkri einkasölu, en sem vita mátti, réðu stjórnarflokkarnir því, að ekki var farið að ráðum sjálfstæðismanna og frv. felt, og sízt af öllu hefði þeim dottið í hug að taka gildan þann mann, sem hæstv. ráðh. hefir skipað forstjóra fyrir einkasöluna, enda lýsti ég í gær megnu vantrausti á honum og sannaði, að hann væri ekki starfinu vaxinn. En hæstv. ráðh. fer ekki eftir því, hversu hæfir þeir menn eru, sem hann skipar til slíkra starfa, heldur er farið eftir því, hversu gæfir þeir eru við hæstv. ráðh. En það er ekki sá mælikvarði, sem við sjálfstæðismenn leggjum á verðleika manna.

Þá þótti mér alleinkennilegt af hæstv. ráðh. að vilja ekki láta mig sjá skjöl, sem hann hefir í ráðuneytinu, en sagði, að þau væru niðri í raftækjaverzlun, sem ekki reyndist rétt vera. Hvort mun þá rétt vera, að skjölin séu týnd eða að hæstv. ráðh. hafi sagt ósatt? En það skiptir engu máli, þótt hæstv. ráðh. hafi týnt þeim, því að ég hefi fengið mínar heimildir eftir réttri boðleið frá rafvirkjunum, og þeir hafa vissulega betra vit á þessum hlutum en hæstv. ráðh. og meiri áhuga fyrir, að þeim viðskiptum sé skipað á hagfelldan hátt fyrir þá, sem vöruna þurfa að kaupa. Hinsvegar skal hæstv. ráðh. ekki þurfa að hlakka yfir því, að ég beri vantraustið fram fyrir þeirra hönd, og mun ég síðar leggja nokkra prófraun fyrir hæstv. ráðh. í því sambandi.

Hann segir, hæstv. ráðh., að ekki séu vandræði með verðið eða samanburð á því, þar sem raftækjaverzlunin hafi gefið út verðlista. En sá listi var ekki kominn út á síðasta hausti, þegar aðalsamanburðurinn var gerður, þó að hann sé kominn út nú. En veit svo hæstv. ráðh., hvernig þessi verðlisti er? Ég býst ekki við, að hann viti það fremur en annað. Er auðséð, að sá listi styðst ekki við annað en einkasölu. Þannig eru ýmsir hlutir, sem ekki er hægt að finna í listanum, og á öðrum hlutum alls ekki haldið sig við það verð, sem þar er gefið upp, og er hann því algerlega óábyggilegur. Það er því bezt að tala sem minnst um verð, því að verðlistinn er aðeins gefinn út til þess að sýnast, en er alveg óábyggileg dula og blekking.

Hæstv. ráðh. fékk hér frest í gær til þess að afla sér upplýsinga, áður en hann svaraði. Og hæstv. ráðh. þykist svo sem ekki hafa farið í geitarhús að leita ullar eða standa berskjaldaður nú. En allar hans upplýsingar eru frá raftækjaeinkasölunni, sem í þessu máli er sakborningurinn og á eftir að hrinda af sér öllum sökum. Það þóttist hann gera með þessum merkilega verðlista. Um gildi hans vil ég minna á dæmi, sem ég nefndi í gær; t. d. selur raftækjaverzl-

unin mótor af ákveðinni tegund og með ákveðinni orku fyrir 720 kr. Þetta er reynd, góð tegund frá verksmiðju í Svíþjóð, og umboðsmaður sá, er áður var, gat útvegað hann fyrir 450 kr. Hæstv. ráðh. segir, að þessi verðmunur hljóti að stafa af milliliðakostnaði, og sýnir það glöggt, að hann skortir rök. En þetta, að kunn firmu selja einkasölunni dýrara en einstökum mönnum, sýnir vel, hvaða álit þau hafa á slíkum viðskiptum. Ég held, að þetta séu rök, sem vert sé að athuga, ef það er algengt, að þekkt firmu vestan hafs og austan hafa þá skoðun á einkasölunum, að þau selja þeim vörurnar dýrari en einstökum mönnum. Hér getur ekki verið nema öðruhvoru til að dreifa, annaðhvort að álagningin sé óhæfilega há eða illu innkaupsverði. — Annað dæmi er, að rafvirki pantaði hjá raftækjaverzluninni númerakassa og fékk það svar, að hann kostaði 42 kr., en svo skiptir það engum tíma, að þessi rafvirki fær kassa af sömu gerð hjá öðrum fyrir kr. 18.50. Þetta er samanburður, sem segir sex. Þannig mætti nefna mörg dæmi. En ég trúi vel, að þegar verzlunin er búin að heyra um þetta 18.50 kr. verð, þá verði hún búin að setja kassann niður í 17 kr. daginn eftir. Það er ekkert að marka það verð, sem einkasalan gefur upp, vegna þess að hún hefir dagprísa á vörunum.

Þá skal ég nefna annað dæmi, þar sem pantaður var hjá einkasölunni mótor, sem sagt var, að kostaði 630 kr., en er skjallega sannað, að hægt var að fá áður hjá sama firma fyrir 263 kr. Niðurstaðan varð sú, að mótorinn var keyptur fyrir 450 kr. Þar var ekki verið að tala um, hvort það væri sannvirði eða ekki. Þetta sýnir vel, hvernig viðskiptin ganga, enda væri hvert einkafyrirtæki, sem dytti slíkt í hug, steindautt um leið. Það er aðeins í skjóli löggjafarinnar, að svona einkasölukúgun helzt við.

Hæstv. ráðh. las upp lista yfir verð einkasölunnar nú. Mín skýring var birt 11. des., og þá vakti verðið hneyksli um land allt. Nú er kominn 3. apríl, og alla þessa mánuði hefir einkasalan ekkert gert. En svo býr hún til lista í gær, sem hæstv. ráðh. vitnar í og segir, að svona hafi verðið verið, — þarna standi það. Er hæstv. ráðh. það barn að halda, að menn taki þetta gilt? En hvernig var verðið 11. des.? Það stendur óhrakið, enda ekki hægt að hnekkja því. — Ef við athugum, hvernig listinn er saminn, verður ekki séð, hvort hann er aðeins útdráttur eða á að gilda sem fullkominn verðlisti. En til hvers er verið að gefa út og láta liggja frammi hjá rafvirkjum verðlista, sem ekkert er farið eftir? — Ég get líka lesið upp verð, sem einkasalan seldi fyrir áður en þessi nýi listi kom fram, og sést þá, að nú er allt lægra. Má það undrun vekja, að einkasalan skuli ekki hafa reynt að hnekkja því fyrr og að því skuli öllu vera óhnekkt enn, en aðeins sagt, að nú sé þetta svona. Dæmi þau, sem ég hefi tekið, sýna, hve ill viðskiptakjörin hafa verið frá byrjun og hvernig hæstv. ráðh. hefir tekizt að eyðileggja þau viðskiptasambönd, sem verzlanir hér höfðu, svo að þær verzlanir, sem áður skiptu ytra, verða nú að kaupa af einkasölunni fyrir mun hærra verð. Geta allir farið nærri um, hvort það muni ekki koma fram í hærra verði í útsölu, ef allir sæta verri innkaupum. Sá munur kemur vitanlega fram í hærra verði til neytendanna. Hækkun þessi nemur sumstaðar 100%, 200%, 300% og kemst hæst aðeins yfir 400%. T. d. kosta ljósakúlur nú 3.10 kr., sem áður kostuðu 60 aura, og getur hver, sem vill, reiknað það og borið saman. Hnigur allur þessi samanburður að því að sanna, að þessi verzlunargrundvöllur er rangur, ef við þurfum vegna óhagkvæmra viðskipta að greiða meira fé út úr landinu en ástæða er til og taka það af almenningi í hærra vöruverði.

Ég læt svo útrætt um þetta, en vænti, að hæstv. ráðh. birti þennan lista, sem hann er að vísa til, svo að almenningur, sem hlut á að máli, geti lagt orð í belg. Það er svo langt frá því, að verðið hafi lækkað, eins og hæstv. ráðh. sagði, að heldur hefir allt hækkað, — að vísu misjafnlega og eftir dagprísum, sem er það versta. Má óhætt fullyrða, að af þessu hefir þegar hlotizt óbætanlegur skaði. Ekki kannske sízt vegna þess, sem ýmsir álíta, að óhæfir menn hafi verið valdir til þess að hafa verzlunina með höndum. En hvað sem um það er að segja, er hitt víst, að einkasalan er klúður, sem ekki lagast fyrr en eldri sambönd verða endurreist og salan kemst í frjáls og eðlileg viðskipti, eins og alltaf hefði átt að vera í þessari grein.

Áður en ég lýk máli mínu skal ég aðeins minnast á bílana, sem hæstv. ráðh. talaði um í gær. Var hann þar yfirleitt heldur sagnafár, og mátti segja, að þar færi á sama veg, að það sýndi sig, að hæstv. ráðh. hefir ekki vit á þeim hlutum og skortir rök fyrir sínu máli. Það er sannanlegt, að næsta litið hefir verið flutt inn, en þó að samanburður sé takmarkaður, er það svo, eins og sýnt var á lista þeim, sem birtur var í Morgunbl. 11. des., að hver tegund hefir hækkað frá því, sem áður var hér á staðnum. Munurinn var miðaður við fleiri hundruð bíla, en hæstv. ráðh. sagði, að verðið hefði ekki gilt fyrir „ford". Af þeim hafa aðeins þrír bílar verið fluttir inn, og hafa þeir verið seldir þannig, að hlutaðeigandi verzlanir, sem áður hafa selt þá, hafa ekki fengið að vita um verð. Skora ég á hæstv. ráðh. að gefa upp það verð, sem þessir bílar — 2 vörubílar og 1 fólksbíll — voru seldir fyrir. Hinir, sem seldu áður „chevrolet" og „opel", hafa fengið upplýsingar um söluverð.

Þá sagði hæstv. ráðh., að búið væri að kaupa inn fyrir 350 þús. kr. gúmmí frá Ítalíu. Er sagt, að ekki hafi verið leitað fyrir sér annarsstaðar, en samþ. orðalaust það verð og tegund, sem firmað sagði fyrir um. Er ekki að undra, þótt þannig gangi saman. Hefir gúmmí verið keypt inn fyrir heilt ár í einu, vegna þess að ráðh. veit sennilega ekki, að gúmmí getur orðið ónýtt, ef það liggur lengi. Þess vegna hafa kaupmenn hikað við að taka miklar birgðir í einu, en reynt að fá það eftir hendinni. Hvað verður svo um það gúmmí, sem verður hálfónýtt í geymslunni? Ég tel slíka verzlun ekki hrósverða. Og það er engin afsökun, þótt andvirðið eigi að greiðast með þorski. Þó rétt sé að hlynna að því, að þorskútflutningurinn verði sem mestur, dettur engum í hug að gera sig að þeim glóp að auka fiskútflutninginn á þann veg að taka and-

virðið í vörum, sem búast má við, að verði einskis virði.

Ég hefi svo þessi orð ekki fleiri að sinni, en býst við, að málið fari í n., svo að tækifæri gefist síðar til þess að tala betur fyrir því og láta þá enn styrkari stoðir renna undir það en mér hefir gefizt kostur á nú.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tel rétt að víkja nokkrum orðum að ræðu þeirri, er hv. þm. V.-Sk. hélt hér áðan fyrir kaffihléð, þótt flest af því hafi hann áður sagt og ég hafi því í raun og veru litlu að svara.

Hann hélt áfram að tala mikið um þessar pípur, sem einkasalan hefði flutt og væru svo slæmar, að þær yrðu ekki notaðar. Ég upplýsti það áðan, að þetta eru samskonar pípur eins og þær, sem rafmagnsveita Rvíkur löggilti til notkunar í fyrra. Ég athugaði þetta nánar nú í kaffihléinu og átti tal við forstjóra einkasölunnar, og hann segir, að ekki sé hægt að ásaka einkasöluna fyrir að hafa flutt þessar pípur, sem hafi verið samþ. af rafmagnseftirlitinu. Þótt nú að fenginni reynslu þyki hæpið, að hægt sé að nota þær til síns brúks, þá sé einkasalan í fullum rétti.

Viðvíkjandi því, hve mikið sé til af þessum pípum, þá er það upplýst af einkasölunni, að það er rangt, að til séu 20 þús. metrar, eins og hv. þm. V.-Sk. heldur fram. Það mun nær, að til séu um 10 þús. metrar, eða helmingur þess, sem hv. þm. sagði, og fer vel á því, að hann fari ekki út fyrir þau takmörk, sem sett eru í gamla málshættinum, og segi ekki ósatt meira en um helming.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að rafmagnseftirlitið hefði neitað um löggildingu á og orðið að banna um 100 tegundir af rörum, sem einkasalan hefði flutt. Út af þessum ummælum átti ég nú í kaffihléinu tal við forstöðumann rafmagnseftirlitsins, og samkv. upplýsingum frá honum, þá eru þessi ummæli hv. þm. sumpart alröng og sumpart villandi, eins og annað það, sem hann hefir haldið fram í þessu máli. Hér er ekki um að ræða vörur, sem hafi verið fluttar inn til sölu, heldur sýnishorn, sem einkasalan hefir fengið og sendir rafmagnseftirliti ríkisins til umsagnar og löggildingar. Einkasalan sendir fleiri vörur heldur en hún hefir ákveðið að kaupa til rafmagnseftirlitsins, til þess að það velji úr, og samkv. þessu er frásögn hv. þm. V.-Sk. villandi. En hún er einnig alröng, því að það eru aðeins 36 tegundir af þessum sýnishornum, sem rafmagnseftirlitið hefir ekki viljað löggilda, en ekki 100 tegundir, og þarna fer hv. þm. langt út fyrir þau takmörk á ósannsögli, sem sett eru í málshættinum. Hinsvegar bíða um 62 tegundir, sem rafmagnseftirlitið hefir ekki tekið ákvörðun um.

Þetta vildi hv. þm. láta líta svo út, að það væri sönnun fyrir því, að einkasalan flytti lélegar vörur, en forstöðumaður rafmagnseftirlitsins segir, að þetta gefi algerlega villandi hugmynd um það, því að hér sé aðeins um sýnishorn að ræða, svo að allt er á sömu bókina lært hjá hv. þm. V.-Sk.

Hitt er annað mál, að með rafmagnseftirliti ríkisins hefir það nýlega verið tekið upp að hafa heimild í lögum til að löggilda efni, og einkasalan hefir vitanlega ekkert við það að athuga, þótt slíkt eftirlit hafi verið sett. Þá er ekki hægt á eftir að skamma einkasöluna fyrir, að hún flytji ónýta vöru, því ákvörðunarvald um það er þá ekki í hennar höndum, og rafmagnseftirlitið verndar þannig einkasöluna fyrir árásum þeirra manna, sem bera illan hug til hennar, eins og t. d. hv. þm. V.-Sk. Og rafmagnseftirlitsmaðurinn sagðist ekki geta kvartað um samvinnuna við einkasöluna.

Hv. þm. V.-Sk. fór fljótt yfir sögu, þegar hann kom að þeim verðsamanburði, sem ég gat um áður. Hann hafði ekki önnur ráð en að segja, að þau skjöl, sem ég hefði, kæmu frá sakborningi (einkasölunni), og þess vegna væri ekkert að marka þau. En ég vil nú spyrja hann, hvaðan skjöl hans koma. Koma þau ekki frá ákærendum einkasölunnar? Og ef ekkert er að marka skjöl sakbornings, — hvað er þá að marka skjöl ákæranda? En það þurfti enga áskorun frá hv. þm. um að birta þennan samanburð. Vitanlega verður sá verðsamanburður, sem ég las hér áðan, birtur opinberlega, og hann verður áreiðanlega hv. þm. V.-Sk. til skammar.

Þá minntist hv. þm. á það, að sá samanburður, sem ég gerði, væri ekki eðlilegur, því að þar væri miðað við verðið hjá einkasölunni eins og það væri nú, og vildi segja, að það væri mikið breytt frá því verði, sem áður var og hann hefði tekið. Þessi breyt. á verði er ekki mikil, og það getur hver séð, sem vill bera verðin saman. En það, sem er, er hún til lækkunar, og stendur svo á því, að eftir að einkasalan hafði smám saman losað sig við gömlu vörurnar frá heildsölunum, þá gat hún farið að lækka verðið, af því að þá gat hún fengið betri innkaup, og þótti mér í rauninni vænt um að fá þessa viðurkenningu hv. þm. á þessu atriði.

Ég vona, að hv. þdm. hafi tekið eftir því, að allur samanburður hv. þm. V.-Sk. var þannig, að hann bar útsöluverð einkasölunnar til aðilja hér saman það það verð, sem raftækjakaupmenn fengu áður beint frá verksmiðjunum. M. ö. o., samanburðurinn var falsaður upphaf til enda og ekkert að marka hann. Það getur enginn ætlazt til, að einkasalan geti selt út frá sér með sama verði og hún kaupir inn frá verksmiðjunum. Það gátu kaupmennirnir ekki heldur, og þess vegna verður samanburður á verði að miðast við þau gömlu heildsöluverð, fyrir utan það, að innkaupsverðið, sem hv. þm. notaði í samanburði sínum, hlýtur að vera rangt í einstökum tilfellum. Annars gerði hv. þm. ekkert annað viðvíkjandi þessum verðsamanburði en berja höfðinu við steininn. Það er því ekki gott að eiga rökræður við slíkan mann, en ég vænti þess þó, að hv. þdm. hafi heyrt, hvílíkt röksemdaþrot hv. þm. komst í.

Þá kom hv. þm. enn á ný með dæmið um mótorvélina og hélt því fram, að einkasalan hefði orðið að kaupa hana hærra verði frá verksmiðjunni en hún hefði selt öðrum. En sannleikurinn er sá, að viðskiptamaðurinn hélt sér svo fast við það að fá mótorinn aðeins frá þessu ákveðna firma, að þar varð ekki um þokað. Annars verður hv. þm. að minnast þess í þessu sambandi, að maðurinn, sem ætlaði að kaupa mótorinn, hafði

áður átt hlutdeild í einkaumboði fyrir þetta firma. — Þá barði hv. þm. líka höfðinu við steininn að því er snerti númerakassana. Eins og ég hefi áður tekið fram, þá getur varla annað komið til mála í þessu sambandi en að hann rugli saman tegundum. Það, sem hann virtist byggja á, var engu líkara en ef til hans hefði komið maður og sagt, að vasahnífur kostaði í einni búðinni 1 kr., en í annari 5 kr., og hann legði þennan verðmismun til grundvallar fyrir ádeilu á seljendur fyrir mismunandi verðlag á hnífunum, alveg án tillits til þess, þó að hér hafi verið um *gerólíkar hnífategundir* að ræða. Alveg sama máli gegnir um númerakassana. Þeir heita allir númerakassar, eins og hnífarnir heita allir hnífar, enda þótt tegundirnar séu mjög mismunandi.

Þá minntist hv. þm. á bifreiðaeinkasöluna, en fór frekar lítið inn á umr. um hana nú, því að það var dreginn af honum mesti ofsinn frá í gær. Það stendur við sama og ég upplýsti í gær, að t. d. fordbifreiðarnar hafa verið seldar fyrir lægra verð síðan einkasalan komst á heldur en þær voru seldar áður. — Þá sagði hv. þm., að pirelligúmmíin væru seld hér hærra verði nú en fyrirskipað væri af eigendunum. Um þetta veit hv. þm. ekkert. Allt fleipur hans um þetta er því órökstudd slagorð út í loftið, sem hafa við engin rök að styðjast.

Þá sagði hv. þm., að það væri vítavert að semja um jafnstóra sendingu af gúmmíum í einu eins og ég minntist á í gær, því að gúmmíin gætu skemmzt við geymsluna og orðið verðlaus. Hv. þm. til huggunar get ég sagt það, að þó að gerð séu *í einu kaup á stórri sendingu til þess að ná út innstæðum*, þá er ekki þar með sagt, að það þurfi að taka hana hingað alla í einu. Þvert á móti mun því hagað svo til, í þessu tilfelli a. m. k., að varan kemur hingað smátt og smátt, eftir því sem þörf krefur. Hv. þm. getur því sofið rólegur fyrir því, að hætta sé á, að vara þessi skemmist.

*__Emil Jónsson__: Ég hafði ekki hugsað mér að ræða mál þetta mikið við þessa umr., en af því að hv. flm. gerðist svo mjög espur í minn garð í gær og í dag, þá sé ég mér ekki annað fært en beina til hans nokkrum orðum. En ég mun halda mér við það, sem hann beindi til mín, og svo málið almennt, í stað þess að vaða um alla heima og geima, eins og hann gerði. Annars er það ekki venja að ræða mál við 1. umr. eins og hv. þm. hefir rætt mál þetta nú, en það má vera, að hann geri það sakir þess, að hann telji það ekki muni þola umr. í nefnd.

Afskipti þau, sem *ég hefi haft af máli þessu*, eru lítil. Ég hefi aðeins brisvar sinnum lítillega komizt í kast við það. Það mun hafa verið það fyrsta, að nokkrir rafvirkjar komu til mín á síðasta ári og spurðust fyrir um það, hvort ekki myndi vera hægt að fá lagfæringu á framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Ég hafði nú frá upphafi lítið svo á, að einkasalan ætti að verða til þess að færa til betri vegar bæði verðlag og gæði vörunnar, og því sagði ég rafvirkjunum, að ég myndi verða fylgjandi hverri skynsamlegri umbót á stjórn fyrirtækisins, sem orðið gæti til þess, að þessum tilgangi yrði náð. Rafvirkjarnir vildu að sjálfsögðu fara rólega til þess að ná kröfum sínum fram. Úr þessu hefir hv. þm. V.-Sk. svo viljað gera einhver ósköp, og hann hefir boðið upp á próf um það, hversu margir rafvirkjar stæðu að baki honum í þessu máli. Það má vera, að einhverjir rafvirkjar standi að baki honum í þessu tilfelli, en margir munu þeir ekki vera, og það er víst, að þeir, sem fylgja honum að málum, gera það af pólitísku fylgi. Annars býst ég við því, að sú sé almennt skoðun rafvirkjanna, að hv. þm. V.-Sk. sé ekki góður forsprakki í þessu máli frekar en öðrum.

Hin önnur kynni, sem ég hafði af máli þessu, munu hafa verið á iðnþinginu á Akureyri. Og það mun hafa verið með tilliti til þess, sem þar gerðist, að hv. þm. sagði við mig í gær, að það væri bezt fyrir mig að fara varlega í þessu máli, því að á iðnþinginu hefði verið samþ. áskorun um það, að þeir einir yrðu látnir veita þessu fyrirtæki forstöðu, sem hefðu vit og þekkingu á þeim sviðum, sem fyrirtækið nær til. Þetta munu allir vera á einu máli um. Hvort mistök hafi átt sér stað um val forstjórans, veit ég ekki, en ef svo hefir verið, þá er ég fús til að vinna að umbótum hvað það snertir, en ráðið til þess tel ég ekki vera það, að leggja einkasöluna niður.

Þriðju afskipti mín af þessu voru á síðastl. vetri. Þá bar svo til, að til iðnn. Nd. kom umsókn frá manni einum um það, að hann fengi að flytja inn vörur til nýsmíða framhjá einkasölunni. Út af þessari umsókn fengum við forstjórann á fund með okkur, og varð það þá að samkomulagi, að hann lofaði að útvega manninum vörur til nýsmíða frá þeim firmum, sem hann óskaði að fá þær frá, og það með því verði, sem vægast væri hægt að selja honum þær fyrir, en það var með 5—10% álagningu. Var því hér ekki um neina stifni að ræða, eins og hv. þm. vildi vera láta, heldur liðlegheit, þar sem boðizt var til að útvega vörurnar frá þeim firmum, sem maðurinn hafði verzlað við áður. Nú hefi ég spurzt fyrir um, hvort þetta hafi verið gert, og fengið það upplýst, að svo muni hafa verið.

Ég fæ nú ekki séð, að þessi þrjú atriði, sem ég hefi nefnt, réttlæti það á nokkurn hátt, að raftækjaeinkasalan verði lögð niður. Á hinu er ekkert mark takandi og það sannar ekkert nauðsyn þess, að einkasala þessi verði lögð niður, þó að þm. V.-Sk. komi hér með rangar og villandi tölur, sem þegar eru *reknar ofan í hann, máli sínu* til stuðnings.

Eins og ég þegar hefi tekið fram, fylgdi ég frv. um einkasölu á raftækjum fyrst og fremst með það fyrir augum, að einkasalan væri trygging fyrir því, að menn gætu fengið góðar vörur fyrir sanngjarnt verð, og eins og ég sömuleiðis hefi tekið fram, mun ég fylgja rökstuddum kröfum, sem miða til umbóta á þessu fyrirtæki, því að mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þetta fyrirtæki frekar en önnur fyrirtæki, sem eru á byrjunarstigi, eigi ekki við einhverja byrjunarörðugleika að stríða, sem ráða þarf bót á.

Þá skal ég með fáum orðum víkja að því tilfelli, sem varð til þess, að þessi hv. þm. sleppti sér alveg hér í þinginu í gær og jós mig óbótaskömmum. Hv. þm. hafði haft með sér pípu hingað inn í þingsalinn, sem átti að sanna það,

að raflagningapípur, sem einkasalan seldi, væru úr vondu efni, þyldu ekki beygju. En til þess að reyna bograun pípunnar hafði hann látið snúa upp á hana. Nú hefi ég aldrei heyrt, að bograun hluta væri reynd með því að snúa upp á þá. Að þm. fór svo að, sýndi og sýnir, að hann hefir ekkert vit á því, sem hann er að gera í þessu tilfelli. Eigi að reyna snúningsraun hluta, þá á að snúa upp á þá, en bograun með því að beygja þá. Eins og hv. þdm. muna, þá tók ég pípu þessa og beygði hana, og það alveg án þess að í hana kæmi hin minnsta sprunga. Hv. þm. vildi þá halda því fram, að ég hefði ekki beygt hana nógu mikið, ekki eins mikið og venjulega þyrfti að beygja slíkar pípur, en ég beygði pípuna a. m. k. um 90 gráður, og tel ég, að það muni hafa verið nægileg bograun.

Að endingu vil ég taka það fram, að mér virðist sem öll aðferð hv. þm. í þessu máli hafi verið eins og með pípuna. Þegar hann talar um beygju, á hann við snúning, og þegar hann talar um snúning, á hann við beygju. M. ö. o., það snýst allt öfugt fyrir honum, og það er trúa mín, að enn eigi hann eftir að snúast og bogna nokkrum sinnum, áður en hann kemur þessu máli sínu fram.

*__Flm. (Gísli Sveinsson)__: Ég býst við, að sú hörmulega frammistaða, sem hv. þm. Hafnf. sýndi hér í gær, verði honum nægileg hirting, nú fyrst um sinn a. m. k. Ég hélt í sannleika sagt, að þessi hv. þm., sem er verkfræðingur, vissi það, að ekki er hægt að skeyta saman margar pípur án þess að setja skrúfugang á þær. En þessi umtalaða pípa þoldi ekki, að skrúfugangur væri settur á hana; hún sprakk við beygjuna. Hv. þm. sagði þó, að hún hefði þolað fyllstu bograun. Slíkur er allur hans sannleikur í þessu máli. Það er alveg sama, hvernig hv. þm. reynir að smjúga út úr þessu; vandræði hans munu aukast dag frá degi. Hann hefir svikið rafvirkjana. Þykist ekki þekkja samþykktina frá iðnþinginu á Akureyri og ætlar því að svikja hana. Annars hljóðar samþykktin á þá leið, að forstöðumenn, sem ríkið setur fyrir einkasölur sínar, skuli jafnan vera sérfræðingar og innlendir menn. Þetta veit hv. þm. og hefir vitað í heilt ár, en hann þykist ekki vita það, af því að hann er ákveðinn í að hafa samþykktina að engu.

Þá skal ég segja hv. þm. það, að hann þarf ekki að hugsa, að ég flytji frv. þetta og segi allt það, sem ég hefi sagt hér, í óþökk rafvirkjastéttarinnar, og ég veit, að rafvirkjarnir eiga eftir að segja honum á viðeigandi hátt, að hann eigi að fylgja þessu nauðsynlega frv. Þeir hafa farið bónleiðir til búða hvað fjmrh. snertir, sem ekki vill taka hinar sanngjörnu kröfur þeirra til greina.

Ég gef ekki mikið fyrir það, þótt hv. þm. Hafnf. segist vilja hafa einkasölu til þess að tryggja það, að fluttar séu inn vandaðar vörur og verðið sé haft hæfilegt, þegar hann veit, að þessa hefir ekki verið gætt. Það er sannað mál og stendur óhrakið, að ekki hafa verið fluttar inn vandaðar vörur og að verðið hefir verið svo, að okur má kallast, og að fyrirtækinu hefir yfirleitt verið illa stjórnað. Ég skal ekkert segja um þetta eina dæmi um mann, sem hefir átt að fá góð kjör hjá einkasölunni, en það sannar ekkert og hefir ekkert gildi í þessum umr. Það eru engir verðleikar hjá einkasölunni, þótt hún hlynni að einhverjum einstökum manni, og það er ekki það, sem um er deilt, eða þær kröfur, sem verið er að gera. Stéttin er fjölmenn, og sá maður, sem nú er kosinn varaformaður í Iðnsambandi Íslands, verður að fara að bæta ráð sitt og fylgja fram þeim óskum, sem iðnaðarmenn gera. Hann er kosinn til að gæta hagsmuna iðnaðarmanna, og hann verður á sínum tíma að svara fyrir, hvernig honum hafi farizt það.

Svar hæstv. ráðh. um, að rafmagnseftirlit Reykjavíkur hafi t. d. leyft pípur þær, sem átti að nota í hinar svonefndu huldu lagnir, er staðlaust. Nikulás Friðriksson fullyrðir, að þessar pípur séu svikin vara, og einmitt þess vegna á nú að fara að reyna að senda þær út og fá aðrar betri í staðinn eða að eyðileggja þær.

Hæstv. fjmrh. sagði það rangmæli hjá mér, að það væru um 100 vörutegundir, sem einkasalan hefði leitað álits rafmagnseftirlitsins um og ekki hefðu verið taldar nothæfar, og sagðist hafa fengið þær upplýsingar, að það hefðu aðeins verið 36 tegundir, sem ekki hefði mátt flytja inn. En svo bætti hann því við, að 62 tegundir hefðu verið lagðar til hliðar, og skilst mér þá, að það fari að nálgast 100, þegar lagðar eru saman þær 36 tegundir, sem hann viðurkenndi, að hefðu verið bannaðar, og svo þessar 62 tegundir, sem hann sagði svo skemmtilega frá, að hefðu verið lagðar til hliðar. Það er og ósatt hjá hæstv. fjmrh., að þetta séu eingöngu sýnishorn, sem svo hafi ekkert verið notuð. Einkasalan hefir gert sig seka um þá óhæfu, að þótt þessi raftæki hafi verið dæmd, þá hefir hún sumpart ekki beðið eftir umsögn rafmagnseftirlitsins og sumpart ekki skeytt um hana. Þetta er samkv. því, sem rafmagnseftirlitið segir sjálft. Ég fullyrði, að hér sé um meira en sýnishorn að ræða, og það hefir komið fram, að þótt sýnishorn hafi verið send til rafmagnseftirlitsins og fengið náð fyrir augliti þess, þá hafa þær vörur, sem komu eftir þessum sýnishornum, reynzt ónýtar, og það er hugsanlegt, að svo sé um þessar ónýtu pípur, að eftir því sýnishorni, sem rafmagnseftirlitið athugaði, hafi þær talizt hæfar til notkunar, en reyndin varð sú, hvað sem þessu sýnishorni líður, að þegar þessi pípa kemur til notkunar, og það var ekki sparað að kaupa nógu mikið af henni, þá var hún algerlega óhæf til þess, sem hún átti að notast.

Það verður vægast sagt að teljast mjög einkennilegt, ef sama vörutegundin er svo misjöfn, að sumt af henni er nothæft, en sumt algerlega ónothæft. Það er einmitt þetta, sem Nikulás Friðriksson á við, þegar hann segir, að varan sé svikin, en það voru einmitt hans orð, og ég tek þau meira til greina heldur en orð hv. þm. Hafnf., sem játar, að hann hafi ekki kunnugleika á þessu, en segist hafa verið með í því að koma einkasölunni á í von um að fá vandaða vöru og ódýra vöru. — Þetta hljómar! En þetta er hlægilegt, og þó verra en svo, þegar öll þau gögn, sem fyrir liggja og eru hjá hæstv. fjmrh., eru þannig, að þau sanna, að þetta er lygi. Það er beinlínis

sannað, að það þarf að hafa mjög strangt eftirlit með því, að einkasalan flytji ekki ónýtar vörur, og þótt það eftirlit sé nú að komast í fast form, þá á einkasalan engar þakkir skilið fyrir það. Hún er og verður sjálfdæmd fyrir sínar aðgerðir.

Hæstv. fjmrh. fór inn á þau sömu dæmi, sem við höfum áður talað um og hann vill aldrei gefast upp við.

Í Morgunblaðinu er samanburður á því verði nokkurra tegunda, sem var áður en einkasalan tók til starfa, og því, sem er hjá einkasölunni. Er þar m. a. talað um mótora, sem fengust áður fyrir 263 kr., en kosta nú 637 kr., og skakkar þar 374 krónum. — Það er einnig upplýst, að ekki er mikið að marka það, sem þessir menn, sem settir hafa verið yfir einkasöluna, tala, sumpart með ráði og sumpart með óráði. Það er upplýst og sannað, að forstjórinn hefir selt bifreið með ákveðnu verði, en gefið privatafslátt, og hefir síðan leyft sér að fá kaupandann til að gefa upp annað verð. Það liggja fyrir óræk gögn um það, að hann hefir reynt að fá menn til að segja annað um verð en það, sem rétt var, og ég efa, að fremur sé hægt að trúa þeim lista, sem hæstv. fjmrh. kemur nú með og les hér upp eins og páfagaukur, því að hann hefir ekkert vit á þessum hlutum og gat í gær ekkert um verðið talað, en hefir nú fengið þennan verðlista hjá einkasölunni.

Ég ætla að enda mál mitt nú með því að taka hér tvö dæmi. — Ég hefi hér fyrir framan mig lista, sem sýnir, með hvaða verði einkasalan hefir selt ýmsar tegundir, og ennfremur reikning frá Paul Smith frá 30. apríl í fyrra. Þá selur hann skrúfuð stálrör fyrir 37 kr., en einkasalan selur þá sömu tegund á 42 kr. — Það sjá allir, að hér hallast á. Þá selur P. Smith dósir á 35 kr., en einkasalan selur þær á 55 kr. Hér hallast líka á, og það á annan veg en hæstv. fjmrh. vill vera láta. En nú þykist hæstv. fjmrh. ætla að hrekja þetta, og ég staðhæfi, að hann ætli að gera það með því verði, sem einkasalan hefir nú og jafnvel nú á síðustu dögum hefir verið breytt.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég þarf ekki langa ræðu til að svara hv. þm. V.-Sk. Hann var með þann sama vaðal, sem hann áður hefir verið með og búið er að hrekja. — Hann kom nú með tvö ný dæmi um vörur, stálrör og dósir, sem hefðu verið seldar með lægra verði hjá Paul Smith heldur en hjá einkasölunni. Ég hefi ekki gögn í höndunum til þess að afsanna þetta, en ég hygg, að þetta sé eins og önnur atriði í samanburði þessa hv. þm., sem hafa reynzt að vera ýmist blekkingar eða fals, t. d. þannig, að vörutegundir, sem nefndar eru sama nafni, en eru algerlega ólíkar að gæðum, eru bornar saman, eins og ef bornir væru saman vasahnífar og sagt, að í þessari búð kostaði hnífurinn aðeins 1 króna, en í næstu búð 5 krónur, og svo væri sá, sem seldi þann hnífinn, sem kostaði 5 kr., kallaður okrari, þótt sá hnífurinn, sem 5 kr. verðið væri á, væri í raun og veru ódýrari heldur en krónu hnífurinn, ef rétt tillit væri tekið til gæðanna. En hvortveggja héti vasahnífur. — Þannig eru öll tök hv. þm., enda hafa þau öll verið rækilega rekin ofan í hann, og sá samanburður, sem ég var með, verður birtur opinberlega.

Hv. þm. er að dylgja um það, að bifreiðaeinkasalan hafi beðið mann að gefa upp rangt verð á bifreið, en hann leitast ekki við að færa nokkur rök að því. Þegar hv. þm. kemst í bobba, þá fer hann að eins og Gróa gamla á Leiti og segir: „Ólyginn sagði mér“. Þetta fylgir öllu því, sem þessi hv. þm. kemur með.

Þá var hann að tala um vörugæðin og um vörur, sem hefðu verið bannaðar, en einkasalan hefði flutt inn. Ég sagði áðan, að af öllum þeim sýnishornum, sem rafmagnseftirlitið hefði athugað, hefði fallið úrskurður um að banna 36 tegundir, en hinsvegar hefðu 62 tegundir verið lagðar til hliðar og enginn úrskurður um þær fallið. Hv. þm. V.-Sk. hafði haldið því fram, að bannaðar hefðu verið allt að því 100 tegundir. Nú þóttist hann ætla að sanna, að hann hefði þarna haft rétt fyrir sér, og sagði, að sér skildist, að 36 og 62 samtals færi að nálgast 100. M. ö. o., hann leggur saman tölu þeirra tegunda, sem úrskurður hefir fallið um og bannaðar hafa verið, og tölu þeirra, sem hafa verið lagðar til hliðar, og segir svo, að sú niðurstaða, sem hann kemst að með þessari samlagningu, sé tala þeirra tegunda, sem hafi verið bannaðar. Þannig eru öll rök þessa hv. þm. Ég veit ekki, hvernig sá maður, sem gerir sig beran að slíkri fiflsku og slíkri rakafölsun, getur ætlazt til þess, að hann sé tekinn alvarlega.

Þá liggur hann einkasölunni á hálsi fyrir það, að þær vörur, sem hafa komið til hennar, hafi ekki alltaf verið eins og sýnishornin, sem höfðu verið valin til að panta eftir. En þótt þetta hefði komið fyrir, — var það þá einkasölunni að kenna? Getur einkasalan gert við því, þótt erlend firmu hafi svikizt um að senda rétta vöru samkv. þeim sýnishornum, sem pantað var eftir?

Þá hélt hv. þm. V.-Sk. því fram — og var æðimikill gorgeir í honum, þegar hann talaði um það —, að nú væru höfð góð orð og nú ætti allt að laga, og mundi það vera af því, að nú væru menn orðnir allhræddir við hann — þennan valdamann. Það er nú áður upplýst, að ráðuneytið hefir alltaf verið tilbúið til samvinnu við rafvirkjana um, að þeir fengju að leggja á vöruna jafnt og áður, og löngu áður en þessum hv. þm. gafst tækifæri til þessarar gagnrýni sinnar, var hafin samvinna við rafmagnseftirlitið. Það er hlægilegt, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að bera þetta fram, þegar það er upplýst og stendur ómótmælt samkv. þeirri skýrslu, sem ég gaf um samninga milli mín og rafvirkja, í fyrsta lagi um álagninguna, og svo í öðru lagi hitt, að sá, sem fyrst var skipaður forstjóri einkasölunnar, lagði niður starf sitt af því að rafvirkjar settu það persónulega fyrir sig, að sá maður væri ráðinn til þess starfs, og allt var þetta gert með fullu samþykki ráðuneytisins, og eins það, að séð væri um, að vörurnar væru löggiltar áður en farið væri að flytja þær til landsins.

Hv. þm. V.-Sk. heldur því fram, að hann hafi að baki sér í þessu máli 7 menn, sem skipa stjórn rafvirkjafélagsins. En hann segir þetta ekki satt. Þeir hafa aldrei falið honum umboð til að flytja þetta mál og þeir líta svo á, að það

sé til skemmda, að pólitískum angurgapa, eins og hv. þm. V.-Sk., sé falið að fara með málið. Hitt er vitanlega bæði eðlilegra og heppilegra, að þeir sjálfir semji um þessi mál, eins og með þarf, við ráðuneytið og við einkasöluna. Hitt getur auðvitað verið, að einhver einstakur maður eða einstakir menn í þessari stjórn séu þessum málarekstri hlynntir, en það réttlætir ekki þessi ummæli hv. þm. V.-Sk. —

Ég þarf ekki að sinni að fara um þetta fleiri orðum. Málið liggur ljóst fyrir frá mér, og ég hygg, að það sé orðið nægilega upplýst, að hv. þm. hefir algerlega skotið framhjá markinu með þessari gagnrýni sinni, og get ég vel við það unað.

***Flm. (Gísli Sveinsson):** Ég átti von á því, að hæstv. ráðh. yrði bumbult af þessum tveimur nýju dæmum, sem ég tók áðan. En þau eru tekin á þeim grundvelli, sem hann vildi, þannig að þar er ekki borið saman innkaupsverðið áður við það verð, sem kaupmenn verða nú að gefa fyrir vöruna hjá einkasölunni, heldur er það verð, sem var útsöluverð kaupmanna áður, borið saman við verð einkasölunnar. Hæstv. ráðh. þóttist bera saman verðlag hjá kaupmönnum áður og verðlag einkasölunnar nú, en hann gaf ranga skýrslu og sagði verð einkasölunnar lægra, en þessi tvö dæmi sýna það óhrekjanlega, að Paul Smith seldi samskonar vöru — þrátt fyrir álagningu sína — fyrir lægra verð en einkasalan.

Hæstv. ráðh. vill sennilega fara að gagnvart þessari nýju sönnun eins og gagnvart númerakössunum, sem hann líkti við sjálfskeiðinga!! En um þetta liggja fyrir skrifleg vottorð. **(Fjmrh.:** Sögusagnir). Þau vottorð liggja hjá hæstv. ráðh. sjálfum, sem hefir grafið þau niður og vill ekki láta þau koma í dagsins ljós. Þótt hann segist hafa viljað samvinnu við rafvirkja, hefir hann aldrei tekið í mál að fara að vilja þeirra í neinu, annað en ef telja skal það, að nú hefir Sigurður Jónasson verið látinn víkja úr forstjórastöðunni. — En þessi dæmi sanna það, að þótt þessi samanburður, sem hæstv. ráðh. óskaði eftir, sé tekinn, þá hefir einkasalan orðið að grípa til þess að selja enn hærra verði heldur en sá, sem hæstv. ráðh. taldi, að hefði verið hæstur með verð.

Hæstv. ráðh. hefir leyft sér að bera það á borð, að sá verðsamanburður, sem hann gerði hér, væri sannur og réttur, en reynslan mun skera úr því, hvort má sín meira, þau vottorð, sem til eru frá rafvirkjunum sjálfum, eða þær verðskrár, sem einkasalan er nú að setja saman og þykist ætla að birta, — og við skulum vona, að þær verði birtar, og mun þá koma í ljós, hve haldgóðar þær eru.

Hæstv. ráðh. segir, að ég fari með gróusögur, og er með því að reyna að svívirða alla þá stétt, sem kvartar undan því megna ólagi, sem á þessari stofnun hefir verið frá öndverðu. Þessir menn fylgja mér ekki um stefnu í pólitík. En þeir hafa fylkt sér um þetta mál og krefjast þess, að tekið sé tillit til vörugæða og verðlags og ráðin sé bót á þeim áberandi vöruskorti, sem hefir verið hjá þessu fyrirtæki. Þeir hafa lýst því yfir, að þetta væru þeirra kröfur, og fengjust þessar kröfur ekki uppfylltar og einkasalan yrði rekin sem sæmilegt fyrirtæki, þá yrði að leggja hana niður. Þetta kom fram í byrjun og hefir alltaf verið haldið fram.

Nú getur hæstv. fjmrh. velt þessu fyrir sér. Það stendur fast, að ólag á rekstri þessarar stofnunar hefir verið svo megnt, að slíks eru engin dæmi áður hér á landi, að allra dómi. Það stendur einnig fast, að þrátt fyrir þær kröfur, sem gerðar hafa verið um að ráða bót á þessu megna ólagi, þá hefir enn ekkert fengizt lagfært, og það eru litlar líkur til, að það takist nú, þótt hæstv. ráðh. hafi lofað bót og betrun. Það má búast við, að stjórnarflokkarnir skelli við þessu skolleyrunum og fulltrúi iðnaðarmannanna, hv. þm. Hafnf., líka. Ég vænti mér einskis góðs af hæstv. fjmrh., því að það hefir sýnt sig í þessu máli, að hann er óhæfur til að semja við menn um að setja aftur í lag það, sem hann sjálfur átti mestan þátt í að setja í ólag.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. V.-Sk. hélt sér nú mest við númerakassana. Munu þeir vera það flotholt, sem hann ætlar sér að fljóta á, og segir hann, að um þá liggi fyrir skrifl. gögn og að hægt sé að sanna þau ummæli. En um þetta eru engin önnur gögn en það, sem einn rafvirki hefir skrifað, og í því bréfi segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðið á númerakössum hefir komizt upp í 42 kr. síðan raftækjaeinkasalan tók til starfa, og er það margfalt hærra verð en áður tíðkaðist á þeirri vörutegund hér í bænum."

Þetta undirritar aðeins einn maður. **(GSv:** Lýgur hann því?). Hvort það er misskilningur eða ósannindi, skal ég ekkert um segja, en það hefir ekkert gildi, því að það er hér skrifleg yfirlýsing frá einkasölunni um, að hún hafi aldrei selt þessa númerakassa. Raftækjaeinkasalan segir, að sér sé gersamlega ókunnugt um, hvernig verðið, 42 kr., er til orðið, ef átt er við númerakassa með 6 númerum. Misskilningurinn gæti legið í því, að átt sé við númerakassa með rafmagnsafstillingu. Þannig kassa, fyrir 4 númer, hefir einkasalan selt á 28 kr. En venjulega kassa, með 6 og 7 númerum, fyrir 17 kr. Hv. þm. getur hvæst eins mikið og honum sýnist, en þetta hefir ekkert gildi; það, sem gildi hefir í þessu sambandi, er, að það hefir aldrei komið til mála að selja venjulega númerakassa með þessu verði.

Þá sagði hv. þm., að hann stæði vel að vígi, því að hann hefði séð farið fram á það á prenti af hálfu rafvirkjasambandsins, að ef ekki fengist leiðrétting á raftækjaeinkasölunni, þá væri þess óskað, að hún yrði lögð niður. Ég er í rauninni ekkert hissa á því, þótt þetta komi fram, því að ég veit, að í rafvirkjasambandinu ráða, mér er óhætt að segja, menn, sem hafa verulegra verzlunarhagsmuna að gæta í því, að einkasalan verði lögð niður. Af þessu sést það greinilega, sem ég er alltaf að segja, að hv. þm. V.-Sk. er sendur af mönnum, sem hafa hag af því, að einkasalan verði lögð niður, og það fer vel á því, að hv. þm. endi ræðu sína með því að sanna, hver hefir sent hann.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, EE, GP, GSv, GÍ, HannJ.

nei: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG.

JörB greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 18:2 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 434, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Sveitarstjórnarlög.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927 (þmfrv., A. 232).

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*__Flm. (Ólafur Thors)__: Ég hefi ásamt hv. þm. Mýr. leyft mér að flytja þetta frv., vegna þess að við atkvgr. um svipaða breyt., sem borin var fram í sambandi við útsvarslögin, þá gat ég um það, að ég mundi greiða atkv. á móti þeirri till. formsins vegna, en hún hneig að mestu leyti í sömu átt og þetta frv. — En ég gat þess þá einnig, að ég mundi eiga hlut að því að ná efnislega að mestu leyti því sama og í till. fólst með flutningi þessa frv. En frv. fer fram á, eins og það ber með sér, að þegar á að jafna niður sýslusjóðsgjaldinu, á áður að draga frá skattmati fasteignanna skattmat sumarbústaða, sem þeir menn eiga og nota, sem eru búsettir utan hreppsins, ef þeir eru ekki útsvarsskyldir í hlutaðeigandi hreppi samkv. útsvarslögum. Mér finnst ekki hægt að mæla gegn því, að þetta er sanngjörn till.

Ég hygg, að þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, geti ekki með neinum rétti haldið því fram, að gerð sé tilraun til þess að níðast á þeim, þó að slíkt ákvæði sé lögfest sem hér er farið fram á. Enda er hér ekki um að ræða verulega stóra fjárhæð, sem geti skipt verulega fjárhagslega máli fyrir hlutaðeigandi húseigendur, en það getur haft nokkra þýðingu fyrir hreppsbúa, þar sem þeir gætu, ef slík ákvæði væru ekki lögfest, lent í hækkuðum skatti vegna þessara húseigenda. Að því leyti get ég leyft mér að vísa til þeirra umr., sem fóru fram í sambandi við þá till., sem ég gat um áðan, og þá einkum til ræðu, sem hv. þm. V.-Sk. flutti, enda verð ég að viðurkenna það, að það var vegna þeirrar bendingar, sem kom frá honum í þeirri ræðu, að ég hné að því að greiða atkv. móti þeirri till. eins og hún lá fyrir og að því ráði að flytja þetta frv. En þar sem svo skammt er liðið síðan þær umr. fóru fram, tel ég ástæðulaust að rifja þær upp, og læt þess vegna þessa stuttu framsögu nægja.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

*__Jörundur Brynjólfsson__: Það er rétt, sem hv. fyrri flm. þessa frv. sagði í ræðu sinni, að það er stutt síðan umr. fóru fram um þetta atriði, og er það mönnum þess vegna í fersku minni. Eins og ég vék að við þær umr., þá fer betur á því, að það atriði, sem þá var rætt um, eða sú till., sem þá var borin fram í sambandi við útsvarslögin, væri borin fram í sambandi við þessa löggjöf. Að því leyti er mér ekki ókært, að þessi breyt. er komin fram, en það er öðru máli að gegna um efni breytingarinnar eins og hún er orðuð í 1. gr. þessa frv. Ég get reyndar viðurkennt, að það skiptir enn sem komið er ekki miklu máli fyrir mörg sveitarfélög. En það eru þó tvö sveitarfélög, sem það skiptir máli allverulega. Það er Mosfellssveit og Ölfus í Árnessýslu. Hv. 2. þm. N.-M. benti réttilega á, hvað mikið verður að greiða til sýslusjóðs vegna þessara fasteigna — sumarbústaðanna — í Ölfusinu. Það var rúmlega $\frac{1}{3}$, að ég ætla, af því, sem greitt er alls af fasteignum, en vitaskuld er með þessari breyt. komið í veg fyrir, að þeir, sem eiga sumarbústaðina, borgi af þeim, svo að á þann hátt verður þeim ekki íþyngt með þessu, en mér finnst þetta hálfandkannalegt, að flokka húseignirnar og láta menn greiða gjöld af þeim eftir því, hvar þeir eiga heima. Ölfusingar greiða sem sé samskonar gjöld, og utansveitarmenn, sem eiga þessar fasteignir, verða aukalega að greiða af þessum fasteignum sínum þetta gjald til sýslusjóðs. En samkv. þessum lögum á að flokka fasteignirnar í sveitunum eftir því, hvar þeir menn eiga heima, sem þær eiga. Þeir, sem eiga heima í sveitarfélaginu, eiga að borga þetta gjald, sem hér ræðir um, en séu þeir utansveitarmenn, eiga þeir að sleppa við þetta gjald. Þetta kann ég ekki við, en vera má, að hægt sé að færa nokkur rök fyrir þessu, t. d. að því leyti, sem þessi gjöld renna til sýsluvega, að þá sliti þessir menn ekki svo mikið vegunum, en hver einstakur maður í sveitinni slítur þeim kannske ekki heldur mikið. Ég held þess vegna, að það væri sanngjarnari leið, að menn greiddu hlutfallslega gjöld af þessum eignum og ekki sé farið að flokka eignirnar eftir því, hvar eigendurnir eiga heima. Það er fjarri mér að vilja á nokkurn hátt halla á þessa menn, en ég kann ekki við, að það gildi aðrar reglur um þessar eignir að því leyti, að þær séu skoðaðar sem öðruvísi gjaldstofn heldur en hjá mönnum, sem eiga heima í sveitarfélaginu.

Ég mun því fyrir 2. umr. bera fram brtt. við 1. gr. þessa frv., sem felur það í sér, að eigendur slíkra eigna greiði þetta gjald eins og aðrir. Ég tel það ekki eftir mér að gefa hv. dm. kost á að sýna það með atkvgr. sinni, hvernig þeir ætla að flokka menn niður eftir því, hvar þeir eiga heima. (__GP__: Það er ekkert einsdæmi, að það sé gert). Nei, ég sá það við atkvgr. um

hitt málið, en það var gott, að maður, sem á einn sumarbústaðinn, greip fram í fyrir mér til þess að minna á þetta. — Við 2. umr. býst ég við að gera frekari grein fyrir þessu.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég talaði nokkur orð við umr. um það mál, sem skylt var þessu að nokkru leyti og borið var fram sem brtt. við útsvarslögin. Ég sýndi þá fram á, að ef tilgangurinn væri sá, sem hv. þm. Mýr. og hans stuðningsmaður, hv. 1. þm. Árn., töldu vera, að losa hreppana og þar af leiðandi hlutaðeigandi sýslufélög við að íþyngja gjaldendum meira en bæri vegna þeirra eigna, sem virkilega ættu heima í hreppnum, eða hreppsbúar ættu eða hefðu not af. Þess vegna var því beint til hlutaðeigenda, sem eru kannske færri en hafa gefið sig fram, að slík breyt. á löggjöfinni sem þessi ætti betur heima við sveitarstjórnarlögin en útsvarslögin, því að með þessari breyt. sinni ætla hv. flm. ekki að íþyngja þeim mönnum, sem eiga sumarbústaðina, heldur er aðaltilgangurinn að losa hina við óþarfa gjöld. En hér stendur svo á, eins og þeir vita, sem eru kunnugir þessu, að hér er ekki verið að tala um nein gjöld, sem eiga að leggjast á fasteignir, því að hér er aðeins verið að tala um að breyta til um undirstöðu — mælikvarða, sem hafður hefir verið í sveitum landsins til þess að jafna niður sýslusjóðsgjaldinu eftir. Og mælikvarðinn er þessi, að sýslusjóðsgjaldinu er jafnað niður að ⅓ hluta eftir skattmati fasteigna í hreppi hverjum. Það eru aðrir mælikvarðar líka, en ég þarf ekki að tiltaka þá nú. En hvað þennan mælikvarða snertir, samanlagt skattmat fasteigna í hreppnum, þá er að nokkru leyti eftir honum skipt niður þessu gjaldi, sem sýslunefndin ákveður, að skuli heita sýslusjóðsgjald og jafnast niður á hreppana. Hér er því ekki verið að tala um, að gjaldið í sjálfu sér verði meira eða minna, hvort sem fleiri eða færri eiga hinar og þessar fasteignir í hreppnum, því að sýslusjóðsgjaldið er ákveðin upphæð, og það er hún, þessi ákveðna upphæð, sem jafnast niður eftir vissu hlutfalli á milli hreppanna. Það gerir hvorki að minnka eða hækka gjaldið, hvernig sem fer með þennan mælikvarða, hvort sem fasteignirnar rýrnuðu eða yxu, eða heldur um hina mælikvarðana, hvort sem tala verkfærra manna breyttist í einum hreppi eða öllum, eða hvort tekjur manna og eignir breyttust, sem líka er þriðji mælikvarðinn. Gjaldið er ákveðið fyrirfram, og því verður að skipta. En það skiptist hlutfallslega niður á hreppana. Hér kemur því fram misskilningur hjá þessum hv. þm. (JörB), að hér sé um það að ræða, hvort eigi að skattleggja hina og þessa vegna sinna fasteigna í hreppnum. Það á ekki að gera, hvorki þá menn, sem eru í hreppnum og eiga fasteignir, né hina, sem ekki eiga heima í hreppnum. En hitt er atriði, sem ég efast um, að hv. 1. þm. Árn. skilji, en ég þykist vita, að hv. þm. Mýr., sem flytur þetta frv., skilji, að þessum mælikvarða þarf aðeins að breyta á þennan löglega og sjálfsagða veg, að hindra, að hreppunum sé íþyngt í þessum skiptum vegna þess að einhverjir aðkomumenn eigi þar einhverjar eignir.

Ég sýndi fram á það í fyrri ræðu minni, að þessar eignir eru ekki slíkar sem útsvarslögin ætlast til í 8. gr., að komi til greina, þegar skipta á útsvari eða jafna niður. Ef þessir sumarbústaðir teldust til þeirra eigna, sem talað er um í 8. gr., þá mætti segja, að þessar húseignir kæmu undir útsvarslögin. Það er kostnaðarsamt fyrir þá menn, sem eiga hús eða hafa íbúð á leigu í þeim kaupstað, sem þeir eru búsettir í, að eiga sumarbústað, sem þeir búa í ásamt fjölskyldu sinni lengri eða skemmri tíma á sumrin. — Nú er þetta mál komið inn á rétta braut, þar sem gert er ráð fyrir, að fasteignamat þessara húseigna, sem hér um ræðir, skuli dregið frá skattmati fasteigna áður en sýslusjóðsgjaldinu er jafnað niður, og það er vitanlega rétta leiðin í þessu máli.

Það má ef til vill segja, eins og fram kom hjá hv. frsm. allshn., að það væri ekki beinlínis rangt, að hreppar ættu að bera ofurlítið þyngri hlut vegna þessara húseigna, sem hreppsbúar hefðu meiri og minni hag af vegna viðskipta eigenda þessara sumarbústaða við hreppsbúa; um það skal ég ekki dæma; málið er sem sé ekki á þeim rekspöl, en þessar fasteignir á að draga út úr sem óviðkomandi þessum niðurjöfnunarmælikvarða. Við það getur engin ringulreið skapazt, því að sýslusjóðsgjaldið er ekki lagt á fasteignir, heldur er fasteignamatið aðeins notað sem mælikvarði í sveitarstjórnarlögunum að því er snertir niðurjöfnun á sýslusjóðsgjöldum. Eins og kunnugt er, eru gjöld kaupstaðanna ekki miðuð við þetta; þau eru ekki miðuð við neina slíka skiptingu, því að hennar er ekki þörf. Þar skiptir það engu máli í þessu sambandi, þótt menn eigi sumarbústað á einum eða öðrum stað. Það mætti segja, að einmitt af því, að þessir menn tilheyra kaupstöðunum, megi ekki nota þá fyrir mælikvarða til niðurjöfnunar uppi í sveit. En þó þeir sleppi við það, þá verða þeir að greiða þessi venjulegu gjöld í þeim kaupstað, þar sem þeir eru búsettir; þeir verða að borga fasteignaskatt og eignarskatt þar, sem þeir eiga heima, og loks má fullyrða, að við álagningu þessara almennu gjalda er einnig tekið tillit til þessara eigna þeirra. — Svo er að geta þess, að þar, sem sýsluvegasjóðir eru, er heimilt að taka af þessum mönnum gjald til sýsluvegasjóðs, svo að ekki sleppa þeir þar. En nú er spurningin bara, hvort það á að hleypa sveitunum á þessa menn og gefa þeim rétt ofan á allt annað til að leggja á þá útsvör, sem enginn getur reiknað út nákvæmlega, hvað ætti að nema miklu. Menn segja, að þetta sé lítil upphæð, sem hér geti verið um að ræða. Það getur vel verið, að hv. 2. þm. N.-M. mundi reyna að reikna þetta, en það yrði mikil rekistefna út af þessu um allar jarðir. Hv. 1. þm. Árn. ætlast til þess, að þeir verði notaðir til þess að skattleggja þá í sveitunum, en það er ekki rétt, því að það á aðeins að leggja á þá þar, sem þeir eiga heima.

Þetta er því eina rétta leiðin í þessu efni; allt annað er rangt. Hagsmunum þeirra hreppa, sem hér um ræðir, er að fullu borgið með þessu, enda fóru þeir, eftir því sem hv. þm. Mýr. segir, aldrei fram á að fá að leggja skatta og skyldur jafnt niður á þessa menn, heldur fóru þeir fram á, að þeir væru losaðir undan þeirri íþyngingu,

sem einn og einn hreppur verður fyrir vegna þessara húseigna, sem hér um ræðir, og vitanlega eiga hrepparnir ekki að bera skarðan hlut frá borði vegna þess.

Hv. 1. þm. Árn. virðist misskilja þetta ennþá; hann hefir nú líklega verið hreppstjóri og oddviti, og ef til vill sýslunefndarmaður, en það getur komið fyrir, að menn fáist við ýmiskonar mál án þess að komast inn í þau, en fyrst hv. þm. hefir misskilið þetta, þá verður hann að sætta sig við það, að menn ætlast til þess, að hann taki sönsum, þegar menn benda honum á sannleikann í þessu máli. Hv. þm. verður að skilja það, að ef hann ætlar að bera fram brtt. við þetta frv., sem er brtt. við sveitarstjórnarlögin, á þeim grundvelli, sem hann byggir á í þessu efni, þá er það á röngum stað, því að við sveitarstjórnarlögin má ekki bera fram brtt. um útgjöld á sérstaka menn. Hv. þm. ætti því að hætta við að bera fram brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, heldur geyma það þangað til seinna og bera þá fram brtt. við útsvarslögin, um það, að þessir menn skuli skattlagðir, og ef meiri hluti þings fylgir þeirri brtt., þá verðum við hinir náttúrlega að beygja okkur fyrir því, en fyrr ekki.

***Jörundur Brynjólfsson:** Það liggur við, að ég sjái eftir því, að ég stóð upp áðan til að segja nokkur orð. Ég var satt að segja í vafa um, hvort það stafaði af elliglöpum eða einhverju enn lakara, hvernig hv. þm. talaði, og er hann þó sýslumaður. Hv. þm. heldur því fram, að þessar fasteignir snerti héruðin ekkert, bara ef þær eru undanskildar þessu gjaldi, og þess vegna sé alveg sama, hvort þær séu taldar með til gjaldskyldra fasteigna eða ekki; hann heldur því fram, að þetta sé aðeins mælikvarði um það, hvernig eigi að jafna niður þessu gjaldi samkv. 44. gr. sveitarstjórnarlaganna, en ef þessar eignir verða undanskildar í þeim hreppsfélögum, þar sem þær eru, þá þurfi ekki að greiða gjald af þeim og þá komi það ekkert við öðrum sveitarfélögum, og þessum hreppsfélögum ekki heldur; þá sé allt gott og blessað.

Ég er ekki í vafa um, að hv. þm. V.-Sk. er hvorki svo þekkingarsnauður eða svo grunnfær í rökréttri hugsun, að hann meini þetta, því að hann talar þvert á móti huga sínum; hann veit vel, að þegar þessu gjaldi er jafnað niður að þeim hluta, sem miðaður er við þessar eignir, þá er því skipt niður á hreppana eftir því, hvað fasteignamatið er mikið. Dettur hv. þm. í hug, að það varði sýslufélögin engu, hvort fasteignir þessar eru miklar eða litlar í hverju sýslufélagi? Ef sveitarfélag í héraði, þar sem þessar fasteignir liggja, á að greiða þetta gjald úr sínum sjóði, án þess að eigendur fasteignanna borgi það nokkurn tíma aftur, þá varðar það sveitarfélögin mjög miklu. Því hefir verið haldið fram, að ef gjöldin af þessum eignum verði greidd, þá snerti það önnur hreppsfélög ekki beinlínis, hvort sem sveitarfélag þar, sem eignirnar standa, greiði þau eða sjálfir eigendurnir, utanhreppsmenn, en ég vil leyfa mér að halda því fram, að öðrum hreppsfélögum innan sýslufélagsins geti ekki staðið á sama, hver greiðir þetta, því að það gengur út yfir sveitarfélögin innan vébanda sýslufélagsins, og það verður fyrir órétti, ef þessi gjöld verða greidd. Það er því sjálfsagt, að eigendur þessara húseigna greiði þetta gjald, svo að hvorki þau hreppsfélög, sem eignirnar standa í, verði hart úti, né heldur önnur hreppsfélög innan sýslufélagsins missi réttmætar tekjur af þessum eignum. Þegar þessu gjaldi er jafnað niður, ef ekki er um að ræða eignir utan hvers hrepps innan sýslufélagsins, þá er talið saman fasteignamat og gjöldunum jafnað niður eftir því. Ég skal taka dæmi, og ég get haldið mér við þær tölur, sem minnst hefir verið á áður, 48 þús. og 16 þús., sem standa í sumarbústöðum, sem utanhreppsmenn eiga. Samkv. þessu frv. á að undanskilja þessi 16 þús. Hreppurinn á ekki að greiða þetta, og eigendurnir ekki heldur, en gangvart öðrum hreppsfélögum er þessu gjaldi jafnað niður eftir því verðmæti, sem innansveitarmenn í hverjum hreppi eiga; á þann hátt verður hvorki það sveitarfélag, þar sem þessar eignir standa, né heldur önnur hreppsfélög beinlínis fyrir misrétti af þessum sökum, en ef þessir bústaðir eru taldir með og þeir eru lagðir til grundvallar fyrir niðurjöfnun gjaldsins, þá verður því jafnað niður eftir réttu hlutfalli eftir þeim verðmætu eignum, sem til eru í hverjum hreppi, án tillits til þess, hvar menn eru búsettir, sem eiga þessar húseignir. Ef mjög mikil upphæð stendur t. d. í einhverju sveitarfélagi af slíkum húseignum, þá verða önnur hreppsfélög betur úti, vegna þess að þetta gjald kemur ekki niður á öðrum hreppsfélögum en þar, sem þessar eignir standa. — Þetta er þess vegna meira en mælikvarði. Það er beinlínis miðað við þessar eignir, en svo má hreppsfélagið náttúrlega ráða, hvort það tekur gjaldið úr sveitarsjóði eða á einhvern annan hátt. Það getur jafnað því niður á fasteignir og látið hvern borga sinn hlut. Menn innan sveita greiða líka fasteignagjöld og eignarskatt, að svo miklu leyti sem þeim ber það. Þess vegna er ekkert nýtt í þessu.

Í þessu sambandi má benda á það, að mönnum gæti dottið í hug að reyna að losna við að borga skatt af eignum, sem ekki eru síður óarðberandi, eins og t. d. sjóbúðir í verstöðvum; það er ekki alltaf víst, að þær gefi mikið af sér, en samt verður að greiða af þeim þessi gjöld. Ég veit ekki, hvort sumarbústaðir eru eigendunum nokkuð óarðsamari heldur en hús þeirra manna, sem í sveitum búa, og þetta er þess vegna krókaleið hjá hv. þm. V.-Sk. til þess að fría menn undan réttmætum gjöldum, sem miðuð eru við þessar eignir eins og aðrar eignir innan sveitarfélaganna.

Það fer fjarri því, að af minni hálfu sé verið að seilast eftir nokkrum óréttmætum gjöldum; ég ætlast aðeins til þess, að af þessum húseignum séu greidd sambærileg gjöld við það, sem menn greiða innan þeirrar sveitar, þar sem þessar eignir standa. Það þýðir ekkert að vera með þessa vafninga og málþóf, sem hv. þm. V.-Sk. var með, aðeins til þess að villa mönnum sýn í þessu máli, því að það er svo einfalt, að það hlýtur að liggja hverjum sæmilega viti bornum manni í augum uppi, og það er ósamboðið þessum hv. þm. að reyna að telja mönnum trú um annað. Það

væri miklu eðlilegra og einlægara fyrir hv. þm. að segja hreint og beint, að hann vildi undanþiggja þessa *menn* þessu gjaldi; um það geta menn haft sínar skoðanir, eftir því sem þeir eru gerðir. — Hv. þm. fannst mig skorta skilning á þessu; hann sagði, að ég hefði ekki ennþá áttað mig á þessu. Ég held, að hv. þm. ætti sjálfur að athuga þetta *mál dálitið betur*; þá kæmist hann ef til vill að raun um, hvor okkar það er, sem ekki hefir enn áttað sig á þessu máli. Þótt hv. þm. gefi í skyn, að brtt. sú, sem ég hefi í hyggju að bera fram við þetta frv., gæti ekki átt við þetta mál, sem hér liggur fyrir, þá ætla ég samt að bera hana fram, og hlakka ég til að sjá röksemdir hv. þm., þegar brtt. liggur fyrir, ef hann ætlar að sýna fram á, að hún sé ekki frambærileg.

***Garðar Þorsteinsson:** Í fyrri ræðu hv. 1. þm. Árn. var hann að reyna að færa rök að því, að það væri óeðlilegt að gera greinarmun á því, hvort eigendur þessara húseigna, sem hér um ræðir, væru búsettir innan þess hrepps, þar sem húseignin stendur, eða utan hans, og þegar ég tók fram í fyrir hv. þm., þá fann hann hvöt hjá sér til þess að slá því fram, að þetta kæmi fram hjá mér vegna þess, að ég ætti sjálfur sumarbústað, m. ö. o., að ég gæti alls ekki tekið afstöðu til þessa máls eins og aðrir, af því að ég væri bundinn af mínum eiginhagsmunum í þessu efni. Ég held, að það séu ekki margir, að hv. þm. undanteknum, sem trúa því, að það hafi áhrif á mig í þessu máli, hvort ég ætti sumarbústað, sem er ef til vill 1000 kr. fasteign. Gjaldið af slíkri eign næmi aðeins örfáum krónum. Þetta sýnir, að hv. þm. þarf ekki mikið tilefni til þess að rjúka upp á nef sér, — og hver var ástæðan? Sú, að ég sagði, að það væri ekki einsdæmi, að við niðurjöfnun gjaldsins væri gerður greinarmunur á því, hvort viðkomandi maður er búsettur innan hrepps eða utan. Ég vil benda hv. þm. á það, að við aðalniðurjöfnun er fyrst og fremst spurt um það, hvar maðurinn eigi heima; það er ein aðalreglan í útsvarslögunum. Ég held, að hv. 1. þm. Árn., sem vinnur hér í bænum bæði á þingi og eins við önnur störf, greiði ekki útsvar í Rvík, af því að hann er hér ekki búsettur, og þannig mætti lengi telja. Þegar ég tók fram í fyrir hv. þm., þá benti ég aðeins á það, að það væri engin undantekning í þessu tilfelli, þótt álagning væri óheimil, þótt viðkomandi utansveitarmaður ætti sumarbústað, af því að hann er ekki sjálfur búsettur í sveitinni. Ég er viss um, að hv. þdm. telja það ekkert eftir sér að láta það í ljós við atkvgr., að þeir áliti ekkert óeðlilegt, að gerður sé greinarmunur á þessu, því að þetta er aðalreglan við aðalniðurjöfnun, eins og ég minntist á áðan, en hitt er undantekningarregla, að lagt sé á fasteign án tillits til eigandans; undir það heyra gjöld, sem hafa lögveð í húseignum, eins og t. d. brunabótagjald.

Við umr. hér í hv. deild um útsvarslögin sagði þessi sami hv. þm., og eins hv. 2. þm. N.-M., að ef svo færi, að það myndaðist *heilt hverfi* af sumarbústöðum, eins og t. d. í Ölfusi og Mosfellssveit, þá gæti það haft áhrif á það, hve mikinn hluta af sýslusjóðsgjaldi viðkomandi hreppar ættu að greiða, af því að niðurjöfnunin fer eftir fasteignamati húseigna innan hreppsins. Þetta frv. ætti að verða til þess, að þessir hv. þm. gætu orðið því fylgjandi, vegna þess að það gengur einmitt út á að iþyngja ekki viðkomandi hreppum, jafnvel þótt slík sumarbústaðahverfi myndist. Við skulum hugsa okkur þann tíma, þegar engir sumarbústaðir voru til í Ölfusinu, og að þær húseignir, sem þá voru þar, hafi verið jafnmikils virði við fasteignamat eins og þær eru nú, og að sama hlutfall hafi verið milli þessara fasteigna innan sýslunnar, þá er þar með fengin föst upphæð, sem viðkomandi hreppar ættu að greiða til sýslusjóðs. Þegar sumarbústaðirnir koma svo til sögunnar, þá raskast þetta, en ef þetta frv. verður samþ., þá verður aðstaðan að þessu leyti tiltölulega sú sama og hún var fyrir þessa hreppa gagnvart sýslusjóðsgjöldunum — að öðru óbreyttu — áður en sumarbústaðirnir komu. — Þau rök, sem þessir tveir hv. þm. komu fram með við umr. um útsvarslögin, sem ég játa, að höfðu nokkuð til síns máls, ættu þess vegna að verða til þess, að þeir gætu fylgt þessu *frumvarpi*.

Í þessu sambandi má minna á það, að hér í bæ eru tvö hús, Austurstræti 1 og Aðalstræti 9, sem gefa eigendum, sem búsettir eru utan Rvíkur, mörg þús. kr. í arð á ári. Þessir menn eru ekki útsvarsskyldir í Rvík, af því að þeir eiga þar ekki heima. Þetta dæmi ætti að nægja til þess, að hv. þm. gæti séð, að það er eðlilegt að gerður sé greinarmunur á því, hvort þessir menn, sem hér um ræðir, eru búsettir þar, sem *eignir þeirra standa, en hinsvegar greiða þeir útsvar af þessum tekjum, sem þeir kunna að hafa af eignum sínum, í sinni heimasveit*. Ef hreppsfélögin, sem fá verulegar leigutekjur eftir sumarbústaðina og hafa auk þess hagnað af viðskiptum við *þessa eigendur sumarbústaðanna*, fara að elta þessa menn með útsvörum, sem yrðu mismunandi há eftir gjaldgetu annara hreppsbúa, þá verður afleiðingin af því vitanlega sú, að önnur hreppsfélög, sem líkt stendur á um að *þessu leyti, fara sömu leiðina* og leggja útsvör á eigendur ýmsra eigna, sem standa í viðkomandi hreppi, enda þótt eigendurnir séu búsettir annarsstaðar. Ef þess vegna á að gera hér einhverja breyt., þá á að koma fram með breyt. á útsvarslögunum, *þannig að þeir verði útsvarsskyldir*, sem eiga eignir innan annars hreppsfélags en þeir eru búsettir í. Ég stóð aðeins á fætur til þess að sýna hv. 1. þm. Árn., að mitt framígrip var ekki gert að ástæðulausu, heldur til að benda *honum á þá aðalreglu, sem gilt hefir í þessum efnum*, en hann tók ekki tillit til.

***Gísli Sveinsson:** Hv. 1. þm. Árn. tók það nú óstinnt upp, sem ég var að leiðrétta fyrir honum, *bæði að skilninginn skorti hjá honum og eins* að framsetning þessa máls, sem hann taldi þó ofur einfalt, væri ábótavant. Sannleikurinn er, að þetta mál, eins og það er borið fram, er ekki eins einfalt og hv. þm. hyggur, og því gæti hv. þm. rennt *grun í, hvernig ástandið er*, að *honum* þykir málið einfalt. Það er háttur þeirra manna, sem lítt skilja, að þykjast vita jafnvel, þó að á þá sannist, að þeir gera það ekki. En ég álít, að það sé ekki mannlegt, heldur ómannlegt, að halda á-

fram í villu eftir að búið er að sýna fram á, að villt er farið. Það væri rétt fyrir hv. þm., þó að hann fari úr forsetastóli, að setja sig inn í þau mál, sem hann talar um, því að innihald þeirra virðist fara fyrir ofan garð og neðan hjá hv. þm. Það er sýnilegt, að enn er hann ekki farinn að skilja þetta einfalda mál. Það var ekki verið að ræða um að leggja gjöld á þessa menn. Þetta, sem kom fram sem brtt. við útsvarslögin, var gert til þess eins og í þeim höfuðtilgangi að forða hreppsfélögum frá því að verða iþyngt meira en vera bar í niðurjöfnun gagnvart öðrum hreppum, og það er rétt. Ég hefi þegar tekið það fram, að ég álít þá leið, sem gert er ráð fyrir, ranga. Ég er á móti því að fara að leggja útsvar á menn uppi í Mosfellssveit, sem lagðar eru hér á allar skyldur. Hv. þm. var að kvarta yfir því, að við gætum ekki komið hreint fram og sagt, að við værum á móti þessu. Ég get sagt hv. þm., að ég hefi tekið það skýrt fram, að ég er á móti þessu ákvæði. Ég verð að segja það, að hjá þessum hv. þm. virðist hver vitleysan reka aðra. Ég skil hv. þm. satt að segja ekki, og það hlýtur að vera, að aðrir, sem að þessu máli standa, beri meira skyn á það. Mér er óhætt að leggja það undir dóm þeirra, sem á hlýða hér, hvort þetta muni vera rétt eða rangt, sem ég hefi borið hér fram. Það er ekkert annað en kynna sér lögin, sem gilda um þetta, þá sjá menn, að þetta er svona, en ekki á annan veg. Hv. þm. hefði átt að fara að ráði hv. þm. Mýr., sem átti upptökin að þessu máli og talaði fyrst fyrir því, en sagði svo, að mín leið væri rétta leiðin, og tilgangur hans hefði aldrei verið annar en að ná því, sem með minni leið er unnt. Ef hv. þm. vill endilega reyna að leggja á Rvíkinga í sveit, verður hann að koma því í útsvarslögin, og þá gengur hann hreint til verks. Þegar sú breyt. þeirra kemur fram, verður atkvæðamagn að ráða, hvort hún nær samþykki eða eigi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil reyna að taka dæmi til að útskýra þetta mál. Sýslusjóðsgjald í Árnessýslu mun vera 42 þús. kr. Því er jafnað á hreppana eftir þrem skattstofnum eða niðurjöfnunarstofnum, fólksfjölda, tekjum og skattmati fasteigna. Á skattmat fasteigna kemur því 14 þús. kr. Fasteignamat allra sumarbústaða í Árnessýslu er nú sem næst $^1/_{10}$ af öllu fasteignamati, og eru því 1400 kr. af sýslusjóðsgjaldinu í raun og veru jafnaðar niður á sumarbústaðina. Væri þessu nú hætt, og því gerir frv. það ráð fyrir, sem hér liggur fyrir, þá mundi sá hluti af sýslusjóðsgjaldinu, sem nú er raunverulega lagður á þá, koma á hinar fasteignirnar.

Hvort rétt er að samþ. frv., virðist mér fara eftir því, hvort þau sameiginlegu gjöld, sem sýslusjóðirnir þurfa að standa undir, eru til orðin vegna þeirra manna, sem í sumarbústöðunum búa, eða eingöngu vegna hinna sýslubúanna. Ég verð að segja, að mér eru ekki svo ljósar, a. m. k. ekki í augnablikinu, allar þarfir sýslusjóðs og að hvaða leyti þær standa í sambandi við sumarbústaðina og þá, sem í þeim búa, að ég treysti mér til að fella úrskurð um, hvort rétt sé að láta þá taka þátt í sameiginlegum kostnaði við sýsluþarfir. Ég get búizt við, að það sé að einhverju leyti, og því ekki rétt að fella þann gjaldstofn alveg burtu. Fyrir þessa sýslu mundi sem sagt hækkunin á íbúa hreppanna nema 1400 kr. Það er líklega önnur sýsla hér, sem hefir meira af sumarbústöðum en Árnessýsla. Svo er náttúrlega fjöldinn allur af sýslum, sem þetta snertir ekki neitt. Ég vildi með þessum orðum benda á, hvernig þetta verkaði í þeim sýslum, sem mest er um sumarbústaði í, og ég vil jafnframt biðja menn, sem þessu eru kunnugri en ég, að athuga, hvort þessar sameiginlegu þarfir, sem sýslusjóðir eru notaðir til, séu ekki að einhverju leyti til ordnar vegna þeirra manna, sem í sumarbústöðunum búa, eins og annara manna, sem í sýslunni eru lengri eða skemmri tíma.

***Jörundur Brynjólfsson:** Ég hefi ekki rétt nema til aths. og skal ekki misnota það. Enda þótt bæði ég og hv. 2. þm. N.-M. höfum komið með glögg dæmi, skilur hv. þm. V.-Sk. ekki frekar en áður nokkurn skapaðan hlut í þessu. Mér skilst yfir höfuð ekki þýða að tala við hv. þm. með rökum. Hann veður elginn í sífellu og lætur ekki taka sönsum. Hv. þm. ætlast til, að ég komi að fótskör hans til þess að öðlast skilning. Nei, ég öfunda ekki hv. þm. Mýr., sem því miður er kominn allt of nálægt þessari fótskör. Hann þurfti ekki að fræða mig um, hvernig væri háttað niðurjöfnun í sveitum. — Hv. þm. V.-Sk. vildi færa ummæli mín úr lagi til þess að sýna þekkingu sína á þessum málum.

Hvað viðvíkur skilningi mínum á þessum málum yfirleitt, er mér nokkuð sama, hvað þessi hv. þm. segir um hann. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en mun við 2. umr. leggja fram brtt. og get þá vikið frekar að málinu.

***Gísli Sveinsson:** Það skal vera stutt aths. Hv. 2. þm. N.-M. fór að bera nokkuð saman þessi gjöld, sem hvíla og koma til með að hvíla á þessum 2 hreppum, sem sumarbústaðir eru í, eftir því sem hv. þm. sagði. Ég hefi sýnt hér fram á, að hér er ekki beinlínis verið að leggja nein gjöld á menn, hvorki á fasteignir manna, aðrar eignir né tekjur, heldur er þetta notað sem mælikvarði fyrir skiptingunni milli hreppa. Annars virðist mér, að hv. 2. þm. N.-M. hafi töluverðan skilning á þessu máli. Aftur á móti hv. 1. þm. Árn. veður enn í villu og svíma um þessi mál. Eins og ég sagði áðan, fagna ég því mest, þegar þessi hv. þm. er kominn í sinn stól, sem hann hefir ekki með mínu atkv. komizt í, því að það ferst honum betur að sinna sínu forsetastarfi heldur en að tala um þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, 261, n. 462).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

37. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 266).

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Finnur Jónsson): Frv. þetta er flutt af sjútvn. eftir beiðni atvmrh., og eins og segir í grg. frv., er það upphaflega samið af forseta Fiskifélags Íslands og forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Nú hefir sjútvn. lagt mjög mikla vinnu í að athuga frv. og jafnframt lagt áherzlu á, að í frv. væri gert ráð fyrir, að vátryggjendur fengju öll þau beztu kjör hjá hinum væntanlegu vátryggingarfél., sem nú fást hjá þeim vélbátaábyrgðarfél., sem nú starfa, og einkafél., sem nú taka að sér vátryggingu vélbáta. Það er gert ráð fyrir því, að Fiskifél. Ísl. gangist fyrir stofnun bátaábyrgðarfél. í öllum verstöðvum landsins, og að takmörk hvers svæðis séu ákveðin í samráði við skipaeigendur. Eins og nú hagar til, eru starfandi í landinu þó nokkur innlend vélbátaábyrgðarfélög, og nokkur þeirra hafa starfað mörg ár með mjög góðum árangri. Ennfremur er starfandi í landinu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem ýmist hefir beinar tryggingar með höndum eða endurtryggingar fyrir þau vélbátaábyrgðarfélög, sem starfa nú. Nú hefir það komið í ljós á seinni árum, að starfsemi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum nær ekki tilgangi sínum nema að nokkru leyti, þar sem þessu er svo háttað, að Samábyrgðin hefir talsvert af beinum tryggingum, og þá aðallega þær tryggingar, sem félög þau, sem nú starfa, hafa ekki viljað taka að sér, og það hefir leitt til þess, að Samábyrgðin hefir tapað það mikið á undanförnum árum, að allar líkur eru til þess, að hún verði að hætta, ef ekki er tekin upp einhver ný leið í vélbátaábyrgðartryggingum. Gera má ráð fyrir, ef Samábyrgðin leggst niður af einhverri ástæðu, að þá verði það til tjóns fyrir sjávarútveginn, og sérstaklega fyrir vélbátaábyrgðarfélögin, sem hafa til þessa gert hagkvæmar endurvátryggingar hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þess vegna er í frv. gert ráð fyrir, að farið sé inn á nýja braut, m. a. með því að gera alla þá, sem vélbáta eiga, skylda til þess að vátryggja bátana, og að stofnuð verði félög á ákveðnum svæðum, sem taki að sér allar vátryggingar, hvert á því ákveðna svæði, en þessi félög endurtryggi síðan hjá Samábyrgðinni, og myndu þá jafnframt falla niður þær beinu tryggingar að mestu eða öllu leyti, sem Samábyrgðin hefir nú. Eitt af því, sem hefir torveldað starf Samábyrgðarinnar, er það, hve hinar beinu tryggingar hennar eru dreifðar og erfitt fyrir stjórn Samábyrgðarinnar að hafa eftirlit með vélbátum þeim, sem tryggðir eru hingað og þangað úti um land, þannig að þegar tjón koma fyrir, þá er það vandkvæðum bundið fyrir Samábyrgðina að fylgjast svo með þeim málum, að vel sé.

Ég sé ekki ástæðu til að fara við þessa umr. nánar út í einstakar gr. frv., en ég skal ítreka það, að sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar á mjög mörgum fundum, auk þess, sem það hefir legið fyrir dönskum vátryggingarsérfræðingi, sem er kennari við vátryggingarskólann í Kaupmannahöfn, og hann hefir gert ýmsar merkilegar og athugaverðar aths., sem allar hafa verið teknar til greina. Ennfremur hefir nefnd frá fiskiþinginu haft þetta mál til athugunar og gert ýmsar aths. við það, og hefir sjútvn. í sínum till. einnig tekið þær til greina, auk þess, sem hún leitaði upplýsinga hjá forstjóra Sjóvátryggingarfélags Íslands, Brynjólfi Stefánssyni, sem hefir mætt á fundi hjá n. og látið álit sitt í ljós um ýms atriði, sem n. þótti miklu varða að fá upplýsingar um. Í frv. er gert ráð fyrir, að þau félög, sem nú starfa, haldi áfram sínu starfi, en breyti l. sínum í samræmi við þessi l., sem hér liggja fyrir, ef þau ná fram að ganga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni, en óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 18 shlj atkv.
12.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
31.—32. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
33.—39. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

***Pétur Ottesen:** Það hefir nú lítið verið um þetta mál rætt í hv. deild. Því var aðeins fylgt úr hlaði með nokkrum orðum af hv. frsm. sjútvn., sem hefir flutt þetta mál. Ég sé á plöggum, sem fyrir liggja frá fiskiþinginu, sem nýlega var háð í Reykjavík, að það hefði haft allmikið að athuga við það frv. um þetta efni, sem sú n. hefir samið, sem til þess var nú kjörin og í voru forseti Fiskifélagsins, forstjóri Samábyrgðarinnar og fleiri menn. Því að ég sé, að fiskiþingið eða n. í fiskiþinginu er komin fram með till., sem ég ætla, að hafi verið samþ. þar; hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskiþingið er því mótfallið, að lögleidd verði skyldutrygging fyrir vélbáta, nema því aðeins, að jafnframt verði fyrir því séð, að slík trygg-

ing veiti vátryggjendum ekki lakari kjör en nú gerast bezt. Telur fiskiþingið mjög skorta á, að frv. það, er fyrir liggur, uppfylli þessa sjálfsögðu kröfu, og mótmælir því, að það nái fram að ganga, nema úr verði bætt, þannig, að fyllilega verði gætt hagsmuna vátryggjenda."

Þetta er nánar tiltekið með ýmsum atriðum, sem n. álítur varhugavert við þetta frv. Og eftir því, sem ráða má af þessu áliti fiskiþingsins, eru þau atriði töluvert stórvægileg, þar sem þeir álíta, að gengið sé á hagsmuni vátryggjenda framar því, sem þeir álíta rétt, samanborið við þau kjör, sem þeir nú búa við.

Ég minnist þess úr framsögu sjútvn., að í meðferð n. hefir þetta frv. tekið allmiklum breyt., og mér skildist hafa verið tekið tillit til þess, að einhverju leyti a. m. k., sem fram kom í fiskiþinginu um þetta atriði.

Ég hefi sannast að segja ekki átt kost á að bera þetta frv. til hlítar saman við það upprunalega frv. n., og er þess vegna ekki alveg viss um, hvort bætt hefir verið úr öllum þeim agnúum, sem bent hafði verið á í nál. fiskiþingsins. Það eru taldir upp átta liðir, og auk þess eru niðurlagsorð nál. þannig, að ýmsar fleiri breyt. en þar eru taldar verði að gera á frv., svo að það geti talizt aðgengilegt fyrir skyldutryggingu. Nú er ekki nein skyldutrygging í l. á bátum og skipum hér á landi. En í framkvæmdinni er það þannig, að á flestum þessara skipa og báta mun hvíla nokkur veðskuld, og eru þau því vátryggð, og býst ég við, að svo muni vera í flestum tilfellum. Vátrygging þessara báta er ýmist með þeim hætti, að það hefir verið stofnað félag á útgerðarsvæðinu, sem svo hefir endurtryggt hjá Samábyrgðinni. Auk þess er mikill fjöldi báta vátryggður í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, og tala þeirra hefir hækkað meir og meir upp á síðkastið, og hefir jafnvel verið lagður niður vátryggingarfélagsskapur í héruðunum og vátryggingin flutt yfir til Sjávátryggingarfélagsins, af því að ýmsir hafa talið sig fá þau kjör þar, að þeir ættu ekki kost á öðrum betri annarsstaðar.

Nú er vitanlega með þessu frv. slíkt frjálsræði um að vátryggja algerlega tekið af eigendum báta og skipa og þeir skyldaðir til að mynda vátryggingarfélagsskap, sem svo endurvátryggi í vátryggingarstofnun ríkisins. Nú kemur hvergi fram í þessu frv., hvort hægt verði að uppfylla það skilyrði, sem sett var frá fiskiþingsins hálfu, að menn eigi við að búa ekki lakari kjör en nú eru. Því að það á að ákveða, eftir að þessi l. eru sett, um iðgjald og alla tilhögun þessa félagsskapar, á þeim grundvelli, sem lagður er í löggjöf þessari. Ég vildi þess vegna gera fyrirspurn um það til hv. sjútvn., hvort sú athugun, sem hefir verið gerð á þessu máli, fæli í sér nokkurn veginn tryggingu þess, að menn eigi þess kost eftir að þessi l. eru samþ. að búa við ekki lakari kjör heldur en þeir búa við, sem bezt kjör hafa fengið um vátryggingu á sínum bátum. Af því að ekkert hefir komið fram um þetta atriði, en sjómenn eðlilega gera kröfu til þess um leið og þeir eru með l. þvingaðir inn í ákveðinn félagsskap, að sú breyt. verði þeim frekar til hagsbóta heldur en hins, að þeir bíði einhvern skaða, þá vildi ég gjarnan fá skýr svör við þessari spurningu.

Ég sé nú við samanburð á þeirri gagnrýni, sem fram hefir farið á upprunalega frv. í fiskiþinginu, að tekið hefir verið tillit til a. m. k. sumra þeirra aths. T. d. voru menn samkv. upprunalega frv. skyldir til að tryggja skip sín og báta a. m. k. 8 mánuði ár hvert. Það hefir verið tekið tillit til þessa, að mér virðist, í 32. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að endurgreiða iðgjald fyrir skip, sem staðið hafa á landi eða lagt er tryggilega fyrir festar á öruggum stað, sem stj. félagsins telur gildan. Slík landstaða eða hafnarlega a. m. k. einn mánuð samfleytt skilst mér vera lágmarkið, en síðan er vitanlega talinn allur tími umfram þetta lágmark. En mér skilst, að með þessu ákvæði, sem hér er, sé þrengt nokkuð kosti skipanna frá því, sem nú er, þar sem ekki er tekið tillit til þessa nema minnst einn mánuð í senn. Því að ég ætla, að það sé svo hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, að tekið sé tillit til sjö daga legu fyrir festum eða í lægi, samkv. því, sem tilskilið er, og þá endurgreitt af iðgjöldum. Það mun að vísu vera tekið fram í skírteini hjá Sjóvátryggingarfélaginu, að lágmarkið sé 15 dagar. En í framkvæmdinni hefir þetta orðið þannig, að það varð alger regla að miða við sjö daga.

Það var ennfremur lögð áherzla á, að það þótti ábótavant við það upphaflega frv., að mönnum var ekki tryggð endurgreiðsla á tjóni á festum og akkerum. Það er nefnilega mjög algengt, að menn verði að leggjast upp við land, heldur en inni á höfnum, og lendi menn á hraunbotni, sem iðulega kemur fyrir, missast oft festar og akkeri. Í slíkum tilfellum hefir nú Sjóvátryggingarfélagið bætt skaðann. Ég sé, að ákvæði þetta hefir vantað í frv.; kann að vera, að mér hafi sézt yfir, og upplýsir sjútvn. þetta þá væntanlega.

Ég veit ekki, hvort það kemur nógu skýrt fram, að bættar skuli skemmdir á vélum og bátum, t. d. af eldsvoða og þess háttar, svo sem þegar vélar springa. En hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands er það svo, að meðan vélar eru ekki komnar yfir fimm ára aldur — tíu ár hygg ég reiknaðan meðalendingartíma þeirra —, þá er slíkur skaði að meira eða minna leyti bættur. Getur verið, að með þessu frv. sé einnig gert ráð fyrir þessu, þó að ég hafi ekki beinlínis rekið mig á ákvæði um það.

Þá sé ég, að Fiskifélaginu eða fiskiþinginu hefir ekki þótt ákvæðin um endurgreiðslu á tjóni, sem verður á opnum vélbátum (svokölluðum trillubátum), fullnægjandi, þ. e. a. s., að ekki sé nægilega séð fyrir bótaskyldu til vátryggjenda. Það er tekið fram í frv., að það sé eingöngu í þeim tilfellum, þegar bátur ferst eða er dæmdur algerlega ónothæfur, sem eigi að borga út vátryggingarupphæðina, en þegar um smærri skemmdir sé að ræða, verða bætur ekki greiddar, nema skemmdirnar hafi hlotizt af nauðlendingu eða öðru slíku. Fiskiþinginu hefir þótt þetta nokkuð harðir kostir, og það að vonum.

Þá er hér í 26. gr. frv. gert ráð fyrir því, að ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóni, þá eigi

að draga 20% frá skaðabótafénu. Það virðist vera sjálfsagt aðhald gagnvart eiganda báts, að ef hann verður uppvís að því að hafa reynt að eyðileggja bátinn eða gera ráðstafanir til þess, þá gangi það út yfir hann svo sem verða má. En að ætla að refsa eigendum báts fyrir slíkt tiltæki hjá skipstjóra, það virðist mér vera nokkuð harðir kostir gagnvart eiganda, sem væri alsaklaus af slíku tiltæki. Enda er það svo t. d. að taka hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, að þar eru ekki neinir slíkir kostir settir. Þær varúðarráðstafanir, sem gerðar eru, snúa beint að eigendum bátanna, en það er ekki gert ráð fyrir að „straffa" eigendurna með fjártjóni, þó að slíkt komi fram hjá skipstjóra, sem eigandinn á ekki sök á. Ég vildi leiða athygli að þessu í sambandi við það, að ég er að bera saman þau kjör, sem menn koma til með að fá eftir þessum l., og þau kjör, sem menn nú eiga við að búa í öllum vátryggingarfélögum. Ég hefi sérstaklega gert hér samanburð á því félagi, sem bátaeigendur á Akranesi hafa tryggt sína báta hjá, en það er Sjóvátryggingarfélag Íslands. Ég get fullyrt það, að þeir vilja ógjarnan ganga frá þeim viðskiptum, nema þeir fái a. m. k. sömu kjör og kosti eins og þeir eiga þar við að búa. Það hefir ennfremur verið talað hér um eitt atriði, sem ekki snertir einasta þá fjárhagslegu hlið, heldur og mannslífin. Það er ákvæðin um það, hvernig gjaldið skuli borgað til þeirra skipa, *sem bjarga nauðstöddum bátum á hafi úti* eða undir öðrum kringumstæðum. Það er gert ráð fyrir því, að það verði dregið frá vátryggingarupphæðinni. Það er gert ráð fyrir, að borgunar fyrir slíka hjálp verði ekki krafizt eftir *venjulegum björgunarreglum*, heldur skuli þau ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags. Ég sé, að fiskiþingið hefir lagt mikla áherzlu á þetta atriði og hefir litið svo á, að ákvæðin eins og þau voru í upphaflega frv. gætu verið stórhættuleg lífi manna og öryggi skipa. Ég skal ekkert um þetta segja. En það verður að sjálfsögðu að haga þannig þessum ákvæðum, að af því geti ekki hlotizt það tjón, sem fiskiþingið hefir álitið, að af þessum ákvæðum gæti orðið. Ég veit, að þetta hefir verið fært í betra horf. Það er sérstaklega þetta, sem ég vildi leggja áherzlu á og beina til n., hvort ekki væri hægt að byggja þennan félagsskap þannig upp, að ekki þurfi að greiða gjöld né sæta verri kostum um skaðabætur heldur en menn eiga nú við að búa. Því að sjávarútvegurinn er ekki þannig staddur nú, að hann geti tekið á sig neinar nýjar viðbótargreiðslur.

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. var vel ljóst, þegar hún hafði þetta mál til meðferðar, það sem hv. þm. Borgf. sagði síðast í sinni ræðu, N. er það fullljóst, að útgerðarmenn mega ekki við því að fá verri kjör á skipatryggingunum heldur en nú er. Og í samræmi við þetta hefir n. unnið og gert margar viðtækar breyt. á frv. frá því, sem það var fyrst þegar það kom til n. Við tókum einkum til greina við þær breyt., auk þeirra athugana, sem nm. gerðu sjálfir, athugasemdir frá sjútvn. fiskiþingsins, sem ég átti líka sæti í, og hafði ég því haft tækifæri til þess að kynna mér þetta mál ennþá betur heldur en aðrir nm. Þær aths., sem sjútvn. fiskiþingsins hefir gert við þetta frv., eru í 8 liðum. Fyrsti liðurinn er um að heimila nægilegan frádrátt fyrir skip, sem væru lítið eða ekkert notuð eða stæðu uppi mestan hluta ársins, svo sem mörg síldveiðaskipin. Þessa aths. hefir n. tekið til greina, sbr. 32. gr. frv., þar sem segir, að endurgreiðslu fyrir skip, sem staðið hafa í landi, „skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi". En þrátt fyrir þetta eru skipin ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau liggja uppi. — 2. aths. er um það, að flokkun iðgjaldanna fari eftir stærð skipanna og eftir áhættusvæðum, sem skipunum er ætlað að sigla um. Þetta atriði hefir verið tekið til greina í 31. gr., þar sem segir, að þar, sem sérstaklega standi á, sé heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, sem skipinu sé ætlað að vera í förum um. — 3. aths. er tekin til greina í 12. gr. frv., þar sem segir, að vátryggja skuli $^{9}/_{10}$ hluta hvers skips og að félagið beri ávallt „fyrstu áhættu" af hverju einstöku eignartjóni. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja. — Þá er 4. liðurinn í áliti fiskiþingsins, en hann er um frádrátt tjónbóta. N. sýndist þetta að ýmsu leyti ósanngjarnt eins og það var í upphaflega frv. og hefir að öllu leyti tekið til greina till. fiskiþingsins, og er ekki til þess ætlazt, að dregið sé frá annað heldur en það, sem venjulegt er hjá *vátryggingarfélögum yfirleitt*. En í upphaflega frv. virtist n. sem mjög væri gengið á rétt vátryggjenda, en það hefir verið leiðrétt að öllu leyti.

Þá eru ákvæði um björgunarlaun yfirleitt, sem *fiskiþingið áleit stórhættuleg fyrir líf manna og öryggi skipa*. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að ef skip þyrfti að fá drátt hjá öðru skipi vegna vélarbilunar, þá greiddi vátryggingarfélagið ekki nema $^{1}/_{5}$ hluta af þeim kostnaði. Þessu hefir verið breytt í frv., en haldið þeim ákvæðum, sem gilda hjá öðrum félögum, um að hjálpi skip öðru skipi, sem vátryggt er hjá sama félagi, þá skuli ekki greiða fyrir það sérstaklega. Í annan stað var gert ráð fyrir því, að skipverjar væru að nokkru leyti sviptir sínum rétti, en til þess að tryggja, að svo yrði ekki, þá setti n. inn ákvæðin um gerðardóm, sem í frv. er.

Viðvíkjandi opnum vélbátum treysti n. sér ekki að ganga lengra heldur en segir í 25. gr., að ávallt skuli félagið greiða sinn hluta af kostnaði við björgun opinna vélbáta, sem orðið hafa fyrir skaða, sem hlýzt af nauðlendingu. Þarna er það tryggt, að ef báti hlekkist á í lendingu, fæst það tjón greitt. Hinsvegar er ætlazt til, að bátseigandinn verði sjálfur að sjá fyrir því, að bátnum sé komið fyrir á tryggilegum stað í hvert sinn eftir að hann hefir verið notaður. Þannig er gert ráð fyrir, að sé hann ekki settur upp eftir hverja sjóferð, þá verði búið tryggilega um hann. Eftir þeirri reynslu, sem fengin er hér á landi af tryggingu opinna vélbáta, treysti n. sér ekki að ganga lengra í þessu efni heldur en gert er í frv. Ég ætla, að hv. þm. Borgf. muni sannfærast um, að hér er gengið svo langt sem unnt er.

Þá er 7. aths. um bætur fyrir tjón á akkerisfestum. Það var tekið sérstaklega fram í upp-

haflega frv., að slíkt skyldi ekki borgað. Þetta taldi n. ófært, m. a. vegna þess, að ef skip missir legufæri, er hætt við, að skipið verði legufæralaust um ófyrirsjáanlegan tíma. Fyrir þetta er nú byggt með ákvæðum í 14. gr. frv., þar sem segir, að félagið bæti hvert það tjón, sem verði af sérhverri áhættu, sem skipið lendir í á vátryggingartímabilinu, þar með fyrir tjón á akkerisfestum eins og annað. — Ofurlítil prentvilla hefir slæðzt hér inn í frv. Það stendur, að félagið bæti sérhvert „hjón", en á vitanlega að vera tjón. — Hvað viðvíkur 8. aths. fiskiþingsins, þá hefir n. tekið hana fyllilega til greina. — Út af öðrum smáaths. hv. þm. Borgf. skal ég geta þess, að í frv. eru að vísu ekki sett þau ákvæði neinstaðar, að vátryggingarfélögin skuli gefa mönnum ekki verri kjör heldur en þeir nú hafa. En frv. er sniðið eftir því, sem sjútvn. hafði kunnáttu til og gat aflað sér upplýsinga um, einmitt með þetta fyrir augum. — Hv. þm. Borgf. gerði þá aths. við ákvæðin um endurgreiðslur fyrir hafnarlegur, að honum þótti endurgreiðslan fyrir þær ekki vera nógu viðtæk, þar sem ekki yrði endurgreitt fyrir minni hafnarlegu en einn mánuð samfleytt. Mér er ekki kunnugt um, hvaða reglur gilda um þetta hjá sjóvátryggingarfélögum yfirleitt. En mér er kunnugt um það, að á sumum stöðum hefir Sjóvátryggingarfélagið ekki endurgreitt neitt, þó að skip hafi staðið uppi mjög langan tíma. Mér er kunnugt um, að Sjóvátryggingarfélagið hefir greitt fyrir 30 daga uppistöðu, en mér er hinsvegar ekki kunnugt um, að það hafi nokkru sinni endurgreitt fyrir 7 daga hafnarlegu; þó kann það að vera, að slíkt hafi átt sér stað, og vona ég, að hv. þm. geti upplýst það.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar, en vænti þess, að þær skýringar, sem ég hefi komið með, nægi til þess að sannfæra hv. þm. Borgf., þannig að hann geti aðhyllzt þetta frv.

*__Pétur Ottesen:__ Ég get sparað mér að fara nánar inn á þessi atriði, ef samkomulag fengist um, að málið væri nú tekið út af dagskrá. Ég mundi þá nota þann tíma, sem gæfist, til þess að gera við það brtt. Þetta er 3. umr., og ég skal taka það fram, að þessi tilmæli mín eru ekki gerð í þeim tilgangi að hefta framgang málsins, heldur ef hægt væri að búa svo um hnútana, að menn missi einskis í við breyt., þá er ég því samþykkur að fara þannig með þetta mál. Ég vil þess vegna fara fram á, að málið sé nú tekið út af dagskrá, og næst þegar það verður tekið á dagskrá, skal ég verða búinn að bera fram þær brtt., sem ég geri.

__Frsm. (Finnur Jónsson):__ Ég get gengið inn á það f. h. sjútvn., án þess að bera mig saman við meðnm. mína, að málið verði nú tekið út af dagskrá, í trausti þess, að brtt. hv. þm. Borgf. verði komnar svo snemma fram, að sjútvn. gefist tími til að athuga þær og málið geti komizt aftur á dagskrá fyrir páskafrí.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

*__Pétur Ottesen:__ Það var fyrir tilmæli frá mér, að umr. um þetta mál var frestað fyrir páskana. Ég hreyfði þá þeirri gagnrýni gegn frv. þessu, að það væru ekki aðeins ýms fyrirkomulgasatriði í frv., sem mér þóttu óaðgengileg fyrir vélbátaeigendur, heldur væru kjör þau, sem þeim væru ætluð hér, mun verri en þeir eiga nú við að búa hjá vátryggingarfélögunum, og byggi ég þá staðhæfingu mína um þetta á þeim kynnum, sem ég hefi af vátryggingu vélbátanna á Akranesi. Virðist mér því frá þessu sjónarmiði séð, að ástæða sé til að gera ennþá breyt. á frv. þessu; en þrátt fyrir bezta vilja, þá hefir mér samt ekki unnizt tími til að útbúa þær brtt., sem nauðsynlegar verða að teljast. Það, sem ég sérstaklega hafði við frv. að athuga, var það, að hvergi er hægt að ráða í það, hvorki í frv. sjálfu eða í grg. þess, hver myndu verða iðgjöld þeirra manna, sem kæmu til með að skipta við hið nýja vátryggingarfélag, en það myndu verða allir vélbátaeigendur, sem ráð hefðu yfir vélbátum upp að 70 tonna stærð. Mér virðist þetta mikill ágalli, að ekki skuli hafa verið gert yfirlit yfir flotann og reynt að komast að ábyggilegri niðurstöðu með því að skipta vátryggingu hans niður í áhættuflokka, og áætla svo út frá því, hvaða vátryggingargjöld ætti að greiða til þess að fyrirtækið væri fjárhagslega tryggt. Að þetta skuli ekki hafa verið gert, verður að teljast mikill galli, því að ég veit, að þeir vélbátaeigendur, sem ég hefi talað við a. m. k., eru mjög ófúsir til að ganga undir nýja löggjöf um þessa hluti án þess að vita fyrirfram, hver áhrif breyt. hefir á viðskiptakjörin. Það verður því að teljast æskilegt, áður en lögboðin verður skyldutrygging vélbáta, að fram verði látin fara svo nákvæm athugun á þessu sem hægt er, og það ætti alls ekki að vera frágangssök að gera svo nákvæma athugun á þessum hlutum, að á henni mætti byggja.

Við nákvæma athugun þessa máls hefi ég því komizt að þeirri niðurstöðu, og hefi þar á bak við mig vilja þeirra vélbátaútvegsmanna, sem ég hefi náð tali af, að ekki sé gerlegt að setja skyldutryggingu á vélbáta fyrri en fyrir liggi ábyggilegir útreikningar um þau kjör, sem hin nýja stofnun hefði að bjóða upp á, og það því frekar, þar sem ekki er kunnugt, að fyrir liggi neinar almennar óskir eða samþykktir frá vélbátaeigendum um skyldutryggingu. Með hliðsjón af því, sem ég nú hefi tekið fram, hefi ég tekið þá ákvörðun að leggja til, að máli þessu verði frestað nú að þessu sinni og það afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

Þar sem ekki liggja fyrir neinar almennar óskir eða samþykktir vélbátaeigenda í landinu um að koma á skyldutryggingu á vélbátum, og hinsvegar ekki fyrir hendi nein gögn um, hverra iðgjalda verður krafizt í hinni nýju tryggingu, þá telur deildin málið ekki nægilega undirbúið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

__Frsm. (Finnur Jónsson):__ Mér þykir leitt, að hv. þm. Borgf. skuli hafa farið þessa leið, í stað þess að koma með brtt., sem ég líka bjóst við, að hann myndi gera, eftir því, sem honum fórust orð síðast. Mér kemur því nokkuð á óvart, að hann skuli leggjast á móti málinu nú. Aths.

þær, sem hv. þm. færði aðallega fram gegn frv., virtust að mestu byggðar á því, að hann hefði ekki kynnt sér málið sem skyldi. Hann taldi það t. d. ókost við frv., að ekki væru ákveðin föst iðgjöld, en það tel ég kost. Frv. er að sjálfsögðu miðað við það, að vátryggjendur geti fengið báta sína tryggða fyrir hverju því tjóni, sem þeir eru tryggðir fyrir nú, og iðgjöldin eiga vitanlega að miðast við það, að tryggingarnar svari kostnaði. Í félaginu verða engir nema þeir, sem í því tryggja, og því kemur það tryggjendunum sjálfum til góða, ef iðgjöldin kynnu að verða sett of há til að byrja með. Yrði nú sú raunin á, að iðgjöldin yrðu sett svo há, að fé safnaðist fyrir hjá félaginu, þá er vitanlega hægt að lækka iðgjöldin fljótlega, og eins má hækka þau, ef reynslan sýnir hið gagnstæða, að þau séu of lág í byrjun. Aðalatriðið verður alltaf það, að miða iðgjöldin við það, að fyrirtækin verði fjárhagslega trygg; annars getur engin innlend vátryggingarstarfsemi staðizt. Iðgjöldin verða alltaf að hrökkva fyrir útgjöldunum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það liggja engir útreikningar fyrir um þetta efni, en það út af fyrir sig getur ekki talizt svo mikilsvert, að rétt sé að ganga á móti frv. fyrir þeirra hluta sakir. Það er og alveg rétt, að sumstaðar starfa vátryggingarfélög með góðum árangri, en á öðrum stöðum eiga vélbátaeigendur aftur á móti við þröngan kost að búa í þessum efnum, og er því ekki að ófyrirsynju, þó að gerð sé tilraun til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er í þessum efnum hjá okkur.

Mér virðist rétt að geta þess hér, að fyrir síðasta fiskiþingi lá ákveðin ósk frá samábyrgðinni um það, að skyldutryggingar vélbáta yrðu leiddar í lög á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, því að annars myndi hún verða að hætta starfsemi sinni. En í samábyrgðinni er sem kunnugt er sú stofnun, sem hin starfandi vátryggingarfélög endurtryggja hjá. Það væri því óneitanlega illa farið, ef hún yrði gerð óstarfhæf.

Ástæðan fyrir því, að ekki er hægt að áætla iðgjöld fyrir vélbáta á öllu landinu, er sú, að skipin eru ýmist tryggð hjá starfandi vátryggingarfélögum eða í samtryggingarfélögum vélbáta í hinum ýmsu sjávarplássum. Ef þau eru tryggð í þeim vátryggingarfélögum, þá er hægt að fá skýrslur um þau. En þar sem allmikill hluti þeirra er tryggður hjá einkafélögum, þá er vitanlega ekki hægt að fá skýrslur um þau. Yfirleitt er niðurstaðan sú, að í vélbátasamtryggingum, sem starfa fyrir sérstök svæði, eins og í samtryggingu vélbáta við Eyjafjörð, þá geta félögin veitt betri kjör en vátryggingarfélög einstakra manna. Og ennfremur geta þau safnað í sjóði, sem geta orðið til hagsmuna fyrir þau byggðarlög, sem vátryggingarsamböndin starfa í. Ég vil mega vænta þess, að ef hv. þm. Borgf. hefir eitthvað við þetta frv. að athuga, þá sjái hann sér fært að flytja brtt. við það, og mundi ég þá geta fallizt á, að umr. yrði frestað, ef hann óskar eftir því. Enda ætti það að koma að sama gagni fyrir hann.

***Pétur Ottesen:** Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að ég óskaði eftir því að fá tækifæri til að bera fram brtt. við frv., og þess vegna var umr. frestað. Ennfremur benti ég á ýms atriði í frv., sem mér þótti vera áfátt. En hitt er ekki rétt hjá hv. trsm., að gagnrýni mín og aths. við frv. stafi af því, að ég hafi ekki kynnt mér málið. Gagnrýni mín byggist á því, að mér finnst, að þau kjör, sem frv. gefur kost á, séu erfiðari en þeir kostir, sem bátaeigendur hafa átt við að búa þar, sem ég þekki til. — Ástæðan til þess, að ég er horfinn frá því að flytja brtt. við frv. að þessu sinni, er sú, að mér finnst það vera höfuðatriði þessa máls, að ekki megi ákveða skyldutryggingu fyrir vélbáta svona alveg út í loftið, eins og hér virðist vera gert; m. ö. o., ég vil láta fara fram athugun á því, hvað félagið þarf að krefjast hárra iðgjalda af félagsmönnum til þess að vera öruggt, áður en skyldutryggingin er ákveðin. Ég fæ ekki séð, að það geti verið svo erfitt fyrir sérfróða menn, sem væri falið að ákveða takmörk hvers áhættusvæðis, að binda sig við þau, og reikna þá fyrst og fremst út í tölum, hversu há iðgjöldin þurfa að vera á hverju áhættusvæði fyrir sig. En þá gætu bátaeigendur borið það saman við þau kjör, sem þeir eiga nú við að búa, hvort heldur sem bátar þeirra eru í beinni tryggingu hjá vátryggingarfélögum eða tryggðir í félögum þeirra sjálfra, og síðan endurtryggðir hjá samtryggingunni. Mér finnst, að það muni vera réttast að fresta málinu og láta þessa rannsókn fara fram fyrir næsta þing. Og það, sem ég meina með þessari frestun, er það, að slík rannsókn verði einskonar framhald af því, sem nú hefir verið gert til undirbúnings málinu. Hlutaðeigendur mundu þá láta til sín taka, þegar sú rannsókn lægi fyrir. Það er með tilliti til þess atriðis, að ég legg til, að málinu verði frestað, eins og farið er fram á með dagskránni, og þar sem mér er það kunnugt, að vilji vélbátaeigenda er þessi, þá get ég ekki horfið frá því, að málið sé afgr. á þennan hátt.

Það er ekki höfuðatriði fyrir mér, að iðgjöldin séu beint tekin upp í frv., heldur hitt, að það liggi fyrir rannsókn á því, hve háar kröfur í þessu muni felast með iðgjöld og önnur skilyrði, sem verða sett, og er þá tímabært að gera brtt. við einstakar gr. frv., þegar þessi undirbúningur hefir verið inntur af hendi.

Ég vil benda á það í sambandi við ákvarðanir um áhættusvæði, að gera má ráð fyrir, að innan sama áhættusvæðis verði mismunandi góðar legur og misjafnt öryggi fyrir báta. Á sumum stöðum er búið að leggja mikið í sölurnar og skapa bátum nýtt öryggi, en á öðrum stöðum hefir lítið verið gert og bátarnir eru þar í miklu meiri hættu. En afleiðingin af þessu er sú, að ef sama iðgjald er alstaðar innan hvers áhættusvæðis, þá verður að færa nokkuð af áhættu þeirra, sem eru á ótryggari stöðum, yfir á hina, sem eru á þeim stöðum, sem búið er að kosta miklu til að gera örugga. Það er því ekki að ófyrirsynju, þótt t. d. Akurnesingar, sem hafa lagt mikið í kostnað til þess að auka öryggi báta sinna, vilji sjá það, hvort þeir með þessu nýja fyrirkomulagi yrðu ekki að taka á sig áhættu annara, í stað þess að þar, sem þeir vátryggja nú, fá þeir tekið tillit til þess, sem þeir hafa gert. Ég vil benda á þetta sem grundvöll

fyrir því, að nánari rannsókn sé látin fara fram, og ætla, að það geti ekki talizt ósanngjarnt, þótt óskað sé eftir nánari athugun, og óska ég þess vegna eftir, að dagskráin sé samþykkt.

Frsm. (Finnur Jónsson): Hæstv. ríkisstj. hefir látið rannsaka og undirbúa þetta mál, sem hér liggur fyrir, samkv. þskj. 151 frá Alþ. 1934, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Samkvæmt Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, á hvern hátt verði bezt fyrir komið vátryggingum á fiskibátum, og leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til laga um þau mál.“

Í grg. fyrir þessari till. segir á þessa leið: „Vátrygging hinna smærri skipa og báta innan fiskiflota landsmanna mun nú vera mjög ábótavant, og vátryggingarnar, a. m. k. sumar, að ýmsu leyti alls ekki hentugar. Nokkuð af skipum og bátum er tryggt í Samábyrgð Íslands, nokkuð í Sjóvátryggingarfélagi Íslands og eitthvað í erlendum vátryggingarstofnunum. En allmikið af smærri og stærri fiskibátum er hvergi vátryggt. Virðist vera full ástæða til, að þetta mál verði rannsakað ýtarlega og reynt að finna hentuga leið til þess að koma þessari grein tryggingarmála í betra horf en nú er.“

Mér skilst, að það, sem vakti fyrir Alþ., þegar það samþ. þessa till., væri það, sem nefnt er sem ástæða í grg. þeirri, sem fylgdi till., þ. e. að vátryggingarnar væru að ýmsu leyti ekki hentugar og að margir bátar væru alls ekki tryggðir. Ég ætla, að þessum ástæðum og þessari nauðsyn hafi verið rétt lýst, enda hefir sá eini andmælandi frv. hér í hv. d., hv. þm. Borgf., ekki treyst sér til að mótmæla því. Og sé svo, að þörf hafi verið á, að úr þessu væri bætt, þá verður það trauðla gert með öðru en því að lögbjóða skyldutryggingu, eins og gert er í þessu frv. Nú er það svo með allar tryggingar, að því meira sem áhættunni er dreift, því öruggari er tryggingin fyrir þann, sem tekur hana að sér, en í frv. er gert ráð fyrir, að það séu eingöngu vélbátaeigendur sjálfir; og vélbátaeigendur, sem hafa stofnað slík tryggingarfélög, hafa tekið sömu iðgjöld fyrir báta, sem hafa verið þar, sem hafnarskilyrði eru slæm, eins og þar, sem þau eru góð. Ég get nefnt það sem dæmi, að Bátatrygging Ísfirðinga hefir tekið jöfn iðgjöld fyrir báta á Ísafirði, þar sem er ágæt höfn, eins og fyrir báta frá öðrum verstöðvum við Ísafjarðardjúp, þar sem hafnarskilyrði eru slæm. Ennfremur er svo um Vélbátatrygging Eyfirðinga, sem nær yfir ýms svæði, þar sem hafnir eru ágætar, og önnur svæði, þar sem engar hafnir eru. Bæði þessi félög telja sér nauðsynlegt að dreifa áhættunni með því að láta trygginguna ná yfir sem stærst svæði.

Í 31. gr. er það sett sem grundvallaratriði, að iðgjöldin skuli ákveðin af atvmrn. eftir till. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum — sem þessu er vitanlega kunnugt — og ennfremur eftir till. starfandi vélbátaábyrgðarfélaga, og ennfremur er sleginn varnagli, að með samþykki atvmrn. megi breyta iðgjöldum, eftir því sem þörf og reynsla krefur.

Nú vill ekkert einkafyrirtæki taka að sér slíka tryggingu til lengdar, nema það telji sér hag að því, og þegar stofnað er til slíkra tryggingarfélaga, þá verður fyrst og fremst að ganga þannig frá lögunum, að félögin verði starfshæf og geti greitt það tjón, sem verður á þeim bátum, sem hjá þeim eru tryggðir.

Ég álít, að málið sé svo vel undirbúið hjá ríkisstj. með þeirri miklu athugun, sem það hefir fengið hjá sjútvn., að ástæðulaust sé að fresta því, og hlýt ég því að leggja á móti dagskrártill. hv. þm. Borgf.

Ég skal geta þess, að í þeirri þál., sem ég gat um áðan, þar sem stj. er falið að láta rannsaka, á hvern hátt vátryggingunum verði fyrir komið, er stj. líka falið að leggja ekki Samtrygginguna niður á meðan málið er í athugun.

***Pétur Ottesen:** Ég skal aðeins benda á það út af því, að hv. þm. Ísaf. minntist á þáltill. þá, sem samþ. var á þingi 1934, að ég ætla, að ekki komi þar fram beint sú hugsun, að slíka löggjöf ætti að undirbúa á þeim grundvelli, að þar yrði sett skyldutrygging. Ræð ég það af því, að á þingi 1935 voru sett lög um tryggingu opinna vélbáta, og voru þau ekki byggð upp á þeim grundvelli að koma á skyldutryggingu, heldur var fiskiþinginu falið að gangast fyrir að koma þeim upp með frjálsum samtökum. Svo sá grundvöllur, sem hér er byggt á, er annar en sá, sem Alþ. hefir áður valið til hliðstæðrar starfsemi, eins og fram kemur í lögum um samtryggingu og í lögunum frá 1935 um opna vélbáta.

Við það hefði enginn haft að athuga, þótt stofnað hefði verið til óskuldbundinnar samtryggingar. Að ég ber fram þessa till. mína, er einmitt í sambandi við það, að nú er ákveðin skyldutrygging, og þess vegna æski ég þess f. h. umbjóðenda minna, að þetta frv. sé betur athugað en orðið er. — Ég vildi láta þetta koma skýrt fram vegna þeirrar tilvitnunar, sem hv. þm. Ísaf. kom með til þál. frá 1934.

***Ólafur Thors:** Ég hygg, að þetta frv. hafi í aðalatriðum við rök að styðjast, en hinsvegar get ég ekki annað en viðurkennt, að hugsun sú, sem kemur fram í hinni rökst. dagskrá hv. þm. Borgf., á einnig við full rök að styðjast.

Ég treysti mér ekki með því, sem liggur hér fyrir í þessu frv. og þeirri grg., sem því fylgir, og því, sem fram hefir komið í framsöguræðu, að dæma um það fyrir umbjóðendur mína, hvort þau ákvæði, sem hér er lagt til að lögfesta, eru þess eðlis, að þeim verði það hagkvæmt eða ekki, að þau séu lögfest. — Ég hygg, að þegar setja skal löggjöf um svo veigamikil ákvæði sem þessi, þá sé það í alla staði sanngjarnt og til góðs, að þeir, sem við löggjöfina eiga að búa, fái meiri umsagnarfrest en hér býðst.

Ég viðurkenni það, að hér í grg. kemur fram eitt atriði, sem mælir með því, að ekki sé lengi látið undir höfuð leggjast að skipa þessum málum með löggjöf. Það hefir valdið vandræðum, að sumir skipaeigendur gera ekki gangskör að því að vátryggja skip sín og báta, og af því leiðir, að saklausum aðiljum er unnið tjón. Ef þessi óvátryggðu skip vinna skaða öðrum skipum, þá fellur það á eigendur skipanna að bæta þann skaða, en þeir eru oft ekki færir um að standa

undir þeim skaðabótum, og fellur þá tjónið á þann, sem saklaus er, en ef skipin, sem valda skemmdunum, eru vátryggð, þá fellur skaðabótagreiðslan á vátryggingarfélagið. Þetta mælir með því, að málið sé ekki látið dragast á langinn, en samt ekki svo sterklega, að þar með sé sagt, að ekki megi velja þá leið, sem hv. þm. Borgf. leggur til, að verði farin.

Svo að segja hver einasta gr. frv. felur í sér ákvæði, sem full ástæða er til að gagnrýna, ekki aðeins frá sjónarmiði samtrygginganna, heldur líka frá sjónarmiði þeirra, sem standa fyrir vélbátaútvegi.

Mig skortir kunnugleika á þeim tryggingarkjörum, sem vélbátaeigendur almennt eiga við að búa. Ég þekki þau ekki til hlítar, en nóg almennt til þess að vita, að mörg atriði eru í þessu frv., sem hljóta að orka tvímælis.

Það eru nú liðin um 15 ár síðan togaraútvegsmenn stofnuðu sitt tryggingarfélag. Hafði Gunnar Egilson forgöngu í því, en hann var þeim málum manna kunnugastur og hafði í ráðum með sér þaulvana enska tryggingarfræðinga.

Það tók okkar útveg mjög langan tíma að athuga, hvaða ákvæði yrðu tekin upp fyrir okkar skip. Ég veit, að það sama hlýtur að eiga sér stað um vélbáta, og ég endurtek það, að mér er nokkuð sama, á hvaða gr. ég lít af þessum 39 gr., því að það eru svo að segja í hverri gr. ýms ákvæði, sem orka tvímælis, eins og t. d. í 15. gr., en þar eru tekin upp eldri ákvæði, en mér finnst það orka tvímælis, hvort það er löglegt, að ef skip eru meira en eins árs gömul, þá skuli afföllin af vátryggingarkostnaðinum vera 15%, og þegar þau eru sjö ára, þá skuli afföllin vera 25%. Ég tek það fram, að mér er ekki kunnugt um, hvaða ákvæði eru nú gildandi í þessu efni, en yfirleitt er það svo, að í lögunum er fullt af ákvæðum, sem mér finnst, að hv. þm. verði að fá leiðbeiningar um frá útvegsmönnum. Ég veit ekki heldur um það, hvort það er eðlilegt, að tjón á vélum verði því aðeins bætt, að það stafi af árekstri o. s. frv. Ég veit ekki, hvort það er á viti byggt, að innheimtugjaldið sé 4% af iðgjöldunum, að frádregnum endurgreiddum iðgjöldum; ef gert er ráð fyrir því, að endurgreidd iðgjöld séu allt að helmingur af gjöldunum, þá er hér um að ræða 2%, og ef miðað er við það, að félagið frekar hagnist en tapi, þá nema innheimtulaunin meira en því, sem svarar til þess tjóns, sem af því leiðir, að fimmtugasta hvert skip, sem vátryggt er, færist á hverju ári.

Það er ekki tilgangurinn að gagnrýna í einstökum atriðum ákvæði þessa frv.; ég hefi nefnt þessi sérstöku atriði af handahófi, aðeins til þess að vekja athygli á því, að svo að segja hver einasta gr. felur í sér ýms ákvæði, sem hljóta að geta orkað tvímælis, en hitt veit ég af reynslunni, að það skiptir miklu máli að fá þegar í öndverðu lögfest þau ákvæði, sem geta staðið sem mest óröskuð í framtíðinni. Þar sem við þm. hljótum að viðurkenna, að okkur skortir nægilega þekkingu í þessum efnum, og þar sem það skiptir ekki verulegu máli, hvort þetta frv. verður samþ. á þessu þingi eða látið bíða næsta þings, þá tel ég hyggilegt, að samþykkt þessa frv. verði frestað og nægilegra upplýsinga verði aflað um ýms ákvæði þess. Af þessum ástæðum er ég fylgjandi rökst. dagskrá hv. þm. Borgf.

Jónas Guðmundsson: Þetta frv. snertir menn í mínum heimahögum, ef að lögum yrði, og þess vegna finnst mér ég verða að minnast aðeins á það.

Mér er það sönn ánægja, að þetta frv. er komið fram, því að það er nauðsynlegt, að smábátatryggingunum verði komið í betra horf en verið hefir hingað til; sumstaðar hefir þetta að vísu gengið vel, sumstaðar illa aftur á móti, og sumstaðar hefir ekkert verið gert til þess að tryggja báta. Þetta frv. er því tvímælalaust mjög mikið spor í þá átt að koma samræmi á þetta mál, en ég verð að taka undir það með hv. þm. Borgf. og hv. þm. G.-K., að einmitt nú, þegar fram er komið mjög skýrt og greinilegt frv., sem samið er af tveimur valinkunnum mönnum, þá sé einmitt rétt að bíða fram til næsta þings að lögfesta þetta, svo að okkur gefist tækifæri til þess að ræða málið við menn í okkar byggðarlagi, sem hafa þessi mál með höndum.

Það atriði, sem vafalaust skiptir smáútvegsmenn í landinu mestu, er það, að þetta frv., ef að lögum verður, fæli í sér mikla iðgjaldalækkun frá því, sem nú er, því að það er þyrnir í augum flestra smáútvegsmanna að þurfa að greiða há iðgjöld til þess að geta haldið bátunum tryggðum aðeins nokkra mánuði ársins, en í þessu frv. er, eins og hv. þm. Borgf. sagði, engin trygging fyrir því, að iðgjöldin lækkuðu verulega frá því, sem er, þó að allar líkur bendi til þess, sérstaklega ef björgunarstarfið yrði aukið jafnframt því sem tryggingarfélögin yrðu fjölskipaðri og ábyrgðin dreifðist á fleiri. Ég mun því verða með því, að þessu frv. verði frestað til næsta þings.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég skýrði frá því áður, að sjútvn. hefði farið rækilega yfir þetta frv., og það er einhuga álit n., að í frv. felist þau ákvæði, sem tryggja vélbátaeigendum það, að þeir geti vátryggt skip sín fyrir hverskonar tjóni með beztu kjörum, sem hægt er að fá hjá starfandi félögum.

Ég skal ekki fara út í það að svara þeim þremur hv. þm., sem talað hafa síðan ég talaði síðast, en út af því, sem hv. þm. Borgf. minntist á í sambandi við það, að frv. um tryggingu fyrir opna vélbáta hefði ekki borið neinn árangur, vil ég aðeins segja það, að það hefir komið í ljós, að ekki hefir verið unnt að stofna og starfrækja sérstök tryggingarfélög fyrir opna vélbáta; hversu nauðsynleg sem þessi lög eru, hafa þau ekki komið að gagni, og koma ekki til framkvæmda öðruvísi en í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir.

Það er rétt, sem hv. þm. G.-K. og hv. 6. landsk. tóku fram, að þetta er mikilsvert mál og nauðsynlegt, að menn kynni sér það sem bezt, sérstaklega þeir, sem eru fulltrúar fyrir sjávarútvegskjördæmi. Þetta frv. hefir legið lengi fyrir til athugunar, svo að hv. þdm. hafa haft tækifæri til þess að kynna sér það, og auk þess hefir hver þingflokkur haft sína trúnaðarmenn í sjútvn., sem hefir unnið mjög mikið að þessu

máli. Ég skal játa, að það er svo um þetta mál eins og ýms önnur stórmál, að það hefir að sjálfsögðu ekki mjög mikla þýðingu, hvort það kemst fram á þessu þingi, og sé svo, að ýmsir hv. þm. óski eftir því að kynna sér málið nánar, þá gæti ég fyrir mitt leyti fallizt á, að afgreiðsla þess biði næsta þings, en hinsvegar er þetta frv. flutt eftir beiðni hæstv. atvmrh., sem er ekki viðstaddur, svo að óviðkunnanlegt er að láta fara fram atkvgr. í hv. d. án þess að hann geti sagt sitt álit í þessu máli.

Sjútvn. Nd. hefir haft þetta mál til meðferðar á svo gagngerðan hátt, að ekki er ástæða til að ætla, að sú n. geri frekari breyt. á því; ég vil þess vegna skjóta því til hv. till.manns og hv. þm. G.-K., hvort þeim mundi ekki þykja rétt að láta málið fara til hv. sjútvn. Ed. til frekari athugunar, þótt málið fengi ekki fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess að fresta afgreiðslu þessa máls. Ég tel, að þetta mál hafi hlotið betri undirbúning en venja er til um mál hér á þingi; það virðast allir vera sammála um, að þetta frv. sé vel undirbúið, en hinsvegar greinir menn á um einstök atriði og kjósa þess vegna að athuga málið betur. Þetta mál er flutt af n., og það er búið að vera við 2. umr., svo að menn hafa haft talsverðan tíma til þess að athuga það.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að það skipti litlu máli, hvort málið yrði afgr. núna eða á næsta þingi, en ég vil minna hv. þm. á það, að í einu sjávarþorpi okkar er ýmsra aðstæðna vegna svo ástatt, að útvegsmenn geta ekki vátryggt báta sína; þetta þorp er Ólafsfjörður, og er þess skemmst að minnast, að haustið 1934, þegar margir bátar brotnuðu og sumir skemmdust á annan hátt, fengust engar bætur, vegna þess að bátarnir voru óvátryggðir og fengust blátt áfram ekki vátryggðir; ég man ekki betur en að útvegsmenn í þessu plássi hafi sent þinginu áskorun um að afgr. þetta mál á þessu þingi, því að fyrst þegar þetta er orðið að lögum, geta þeir fengið báta sína vátryggða, sem eru um 35, en vitanlega mætti gera einhverja breyt. á lögunum á næsta þingi, ef þess þyrfti með.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

38. Landaurar og verðlagsskrár.

Á 40. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um landaura og verðlagsskrár (þmfrv., A. 278).

Á 42. og 43. fundi í Nd., 4. og 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): *Eins og kunnugt er,* þá eru lagaákvæði þau, sem gilda um verðlagsskrár hér á landi, frá 1897, og þau ákvæði eru orðin ákaflega úrelt, svo varla er gerlegt að láta þau standa óbreytt, ef menn á annað borð vilja nokkuð með verðlagsskrár gera. Nú vita allir hv. þm., að landaurareikningurinn gamli var á löngu tímabili notaður sem aðalgjaldmælir á mestöllu viðskiptalífi þjóðarinnar, og hann byggðist á verðlagi framleiðsluvaranna til sjávar og sveita, þeirra er hagur framleiðendanna var fyrst og fremst bundinn við. Nú er þetta gersamlega breytt. Eftir því sem lengra líður, og eftir því sem öldurót viðskiptalífsins og gengisbreytingar hafa orðið örari, því minna tillit hefir verið tekið til þessa grundvallar, sem fjármál okkar lands og hvaða þjóðar sem er hljóta að byggjast á, verðlagsins á þeim vörum, sem framleiddar eru úr skauti náttúrunnar. Nú er það álit okkar flm. þessa frv., að stefna eigi að því, ef unnt er, að miða viðskipti okkar sem mest við það, hvernig gengur með sölu og verðlag á þeim afurðum, sem hagur framleiðendanna byggist fyrst og fremst á. Hitt er annað mál, að það er talsverðum vandkvæðum bundið að finna eðlileg og fullkomlega ábyggileg hlutföll til þess að leggja eftir í einingar þær vörur, sem þarna koma fyrst og fremst til greina. Okkur er fullkomlega ljóst, að þarna er undir öllum kringumstæðum þörf breytinga. Hitt er annað mál, hvort við höfum hitt á réttu leiðina að því er þessi hlutföll snertir. En ég vil taka það fram nú þegar, að við samningu þessa frv. höfum við verið í samráði við hagstofuna um þau atriði, sem þar koma helzt til greina, og með tilliti til þess, sem við höfum fengið upplýst í viðtali við hagstofustjórann, sem er manna fróðastur á þessu sviði, höfum við tekið hér upp ýms ákvæði, sem gera algerlega nýja skipun á því, hvernig gengið er frá verðlagsskrám í landinu. M. a. er mjög breytt hlutföllunum milli hinna einstöku vörutegunda, og er það gert með tilliti til þess, hvernig verðlag hefir verið að meðaltali um langt árabil. Í öðru lagi eru teknar upp í þetta frv. og lagðar til grundvallar þær afurðir, sem mesta þýðingu hafa fyrir framleiðendur landsins, en ekkert tillit er tekið til, sumra hverra, í núgildandi verðlagsskrárákvæðum, eins og t. d. mjólk og dilkar, sem eru nú aðalgjaldeyrir íslenzkra bænda. Hitt er ennfremur nýmæli, að láta þær vörur ráða mestu um niðurstöðu útreikninganna, sem mesta þýðingu hafa fyrir afkomu manna, sem eru til sveita mjólk og dilkar, en til sjávar saltfiskurinn. — Hvaða breytingar menn kunna að óska eftir að gera á þessum hlutum, er frá okkar sjónarmiði ekki aðalatriðið, heldur hitt, að fá á þessu nýja skipun og þann grundvöll, sem gerir mögulegt að sjá nokkuð glöggt þær verðbreytingar, sem verða frá ári til árs, og byggja á þeim atriðum, sem helzt kemur til greina að reikna verðlagsskrár eftir.

Að svo komnu skal ég ekki fara um þetta fleiri orðum, ef ekki koma nú þegar andmæli

fram, en óska eftir, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

39. Loðdýrarækt.

Á 50. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um loðdýrarækt (þmfrv., A. 346).

Á 52., 53., 56. og 57. fundi í Nd., 20., 21., 25. og 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorbergur Þorleifsson): Frumv. þetta, sem liggur nú fyrir hv. d. til 1. umr., er samið og flutt að tilhlutun hins nýstofnaða Loðdýraræktarfélags Íslands, í samráði við búnaðarmálastjóra. Það er fram komið vegna þeirrar nauðsynjar, sem á því er að fá heildarlöggjöf um loðdýraræktina, sem hlýtur að vaxa hér ört á næstu árum og er þannig í eðli sínu, að óhjákvæmilegt er að setja um hana ákveðnar, lögfestar reglur, til tryggingar því, að hún sé rekin á sæmilegan hátt, einstaklingum og allri þjóðinni til hagsbóta.

Um leið og ég ber þetta frumv. hér fram, get ég ekki látið með öllu undir höfuð leggjast að verja nokkrum tíma til þess að skýra fyrir hv. dm. þetta merkilega mál, loðdýraræktina, og leiða nokkur rök að því, að það er vel þess vert, að því sé fullur gaumur gefinn og allur sómi sýndur. — Það er vitanlegt, að skoðanir eru mjög skiptar hér á landi um þessa atvinnugrein og gagnsemi hennar fyrir þjóðina, eins og vænta má, þar sem hún er í eðli sínu nógu stór til þess, að hin ýmsu íslenzku sjónarmið, bæði hin smærri og hin stærri, fái notið sín. — Loðdýraræktin má teljast ný atvinnugrein í heiminum, aðeins nokkurra áratuga, og alveg ný hér á landi, — ekki nema fárra ára. En loðdýr nefnum vér þau dýr, sem á norðurlandamálum eru nefnd Pelsdyr, — dýr, sem eru aðallega og reyndar flest eingöngu verðmæt (og ræktuð) vegna skinnanna, en ekki vegna annara afurða. Það er aðeins undantekning, ef kjöt loðdýra er notað, eins og t. d. kjöt af kanínum, vatnsrottunni og karakúlkindinni. En þrátt fyrir það, þótt loðdýrin, svona flest, gefi engar aðrar afurðir en skinnin, þá eru þau svo verðmæt, að engin dýrarækt er arðsamari en rækt ýmsra tegunda loðdýra. Hve vel loðdýraræktin svarar kostnaði, er vitanlega undir ýmsu komið, — bæði því, um hve verðmætar tegundir er að ræða, svo og staðháttum, hve ódýrt er að afla dýrunum fóðurs og svo loftslagi og legu staðanna. Aðalheimkynni verðmætustu loðdýranna er í köldum löndum, þar sem sumrin eru stutt, en vetur langir, og þar ná þau beztum þroska og gefa fegurst skinn. Okkar land er allra landa bezt fallið til loðdýraræktar, vegna hnattstöðu sinnar og þess, hve hér er ódýrt og auðvelt að afla fæðu handa dýrunum, sem flest eru kjöt- og fiskætur.

Af því að loðdýraræktin er ný atvinnugrein og hefir ekki langa reynslu að baki sér, þá hefir hún alstaðar mætt andstöðu, vegna þess nýbreytnihaturs, sem virðist þjá mikinn hluta mannkynsins. En þó að loðdýraræktin sé ný, þá er hún samt nægilega gömul til þess, að það er full sönnun fengin fyrir því, að það er hægt með góðum árangri að hafa hendur í hári þessara dýra og rækta þau, eins og þau önnur dýr, sem maðurinn hefir fyrir örófi alda tekið í þjónustu sína. Og um núv. verðmæti afurða þessara dýra — loðfeldanna — orkar ekki tvímælis. Hitt er e. t. v. ekki öllum ljóst, hve glæsilega reynslu þau hafa að baki sér, — en framtíðarverðmæti þeirra draga margir í efa.

Ekkert er eins öruggt á að byggja eins og reynslan. En hvað segir nú reynslan í þessu efni, og hvað er hún gömul? Við teljum okkur vita nokkuð aftur í tímann um lífnaðarhætti mannanna, — a. m. k. 4000 ár ná sagnirnar, þar sem okkur er kunnugt um, eða jafnvel í einstökum atriðum allt að 6000 ár aftur í tímann. Allan þennan tíma, eða frá því fyrst hófust sögur, hafa loðskinn verið verðmæt og dýr vara — jafnvel stundum verið notuð sem verðmælir í stað peninga —, og alltaf hafa þau verið notuð til fatnaðar, bæði til skjóls og skrauts, og verið meira eftirsótt á öllum tímum en nokkur önnur vara. Okkur er kunnugt af Íslendingasögum, hve miklar mætur Íslendingar og aðrir Norðurlandabúar á söguöldinni höfðu á loðfeldum, sem þá voru einu nafni nefndir grávara. Hafa margar svaðilfarir verið farnar til þess að ná þeim dýrum, sem höfðu þessa dýrmætu feldi, og höfðu þær oft í för með sér margvíslegar afleiðingar og örlög, og sýnir það, hve mikið var oft og einatt lagt í sölurnar til þess að komast yfir þessa vöru. Konungar fyrri alda lögðu hið mesta kapp á að gera sér skattskyld þau lönd, þar sem hægt var að fá grávöru, en oft þurfti harðfengi til að heimta skattinn, og kostaði oft mörg mannslíf. Einn af ágætustu mönnum, sem Íslendingasögur geta um, Þórólfur Kveldúlfsson, varð að láta líf sitt fyrir það, að hann hafði skattheimtu fyrir Harald konung hárfagra á Finnmörk, og skyldi skatturinn greiðast í grávöru. Var Þórólfur ræðdur við konung á þann hátt, að hann var ranglega sakaður um að hafa dregið undan, er hann skilaði skattinum, nokkur björskinn og safala.

Á öllum tímum hefir grávara verið þýðingarmikill þáttur í athöfnum og lífi mannanna, og haft margvísleg áhrif í leit þeirra eftir nýjum viðfangsefnum og auðugra lífi. Leitin eftir loðdýrum hefir lokkað mennina lengra og lengra inn í ókunn lönd. Þeir hafa brotizt óraleið inn í myrkvið frumskóganna og lagt leið sína yfir hið ókunna og ómælanlega haf í þeirri von að finna ný lönd, auðug af loðdýrum. Þessi leit

mannanna á allra mestan þátt í þeirri miklu og víðtæku þekkingu, sem við höfum öðlazt á þeirri jörð, sem við byggjum, og í því, að löndin hafa byggzt; og þó að löndin hafi byggzt eitt eftir annað, er saga loðdýranna og áhrif þeirra í atvinnulífinu ekki þar með búin. Eins og ráða má af því, sem ég nú hefi sagt, þá er loðskinnaframleiðsla og verzlun með loðskinn ein af allra elztu iðn- og verzlunargreinum jarðarinnar. Og gegnum allar þessar aldaraðir, í öllum þeim stórkostlegu byltingum, sem orðið hafa í atvinnuháttum, iðnaði og verzlun, hefir þessi grein iðnaðar og verzlunar alltaf haldið velli og tiltölulega litlum aðalbreytingum tekið frá fyrstu tímum til þessa dags, að öðru leyti en því, sem hin eðlilega þróun og framfarir hafa skapað. Á ýmsum tímum hefir þessi vara vitanlega tekið verðbreytingum, en þó oftast verið í hæsta verði, miðað við aðrar vörutegundir. Og allt bendir til þess, að svo muni einnig verða áframhaldandi í framtíðinni um ófyrirsjáanlegan tíma.

Loðskinn eru meiri heimsvara en nokkur önnur, sem við getum framleitt. Markaðurinn fyrir hana er eins víður og rúmur eins og hinn byggilegi heimur. Í öllum löndum og álfum er skinnavara notuð til klæðnaðar, til skjóls eða skrauts, eða hvorstveggja. Loðskinnaiðnaður og verzlun með loðskinn er ein af allra stærstu iðn- og verzlunargreinum jarðarinnar. Ef allt í einu yrði hætt að nota loðskinn til klæðnaðar, eins og litur út fyrir, að ýmsir geri sér í hugarlund, yrði afleiðing þess stórkostlegra og víðtækara alheims fjárhagslegt hrun en dæmi eru áður til í veraldarsögunni. Undir loðskinnaframleiðsluna og loðskinnaiðnaðinn renna styrkari stoðir en margan grunar. Aðalstyrkurinn liggur að vísu í því, hvað þetta er hentug, nauðsynleg og góð vara. Klæði úr loðskinnum eru bæði hlý, haldgóð og fögur. En jafnframt því, sem þessi vara mælir með sér sjálf, er til mjög víðtækur félagsskapur, sem hefir það m. a. að markmiði að halda uppi verði á þessari vöru og vera á verði um það, að þessi iðn- og verzlunargrein hrynji ekki í rústir. Eitthvert elzta verzlunarfyrirtæki, sem til er, Hudson Bay félagið, sem var stofnað árið 1670 og er því meira en 366 ára gamalt, starfar að því að útbreiða þekkingu á loðskinnaframleiðslu, efla loðskinnaiðnaðinn, viðhalda honum og halda uppi verðinu eftir mætti. Það hefir staðið af sér öll aldanna veður og aldrei staðið styrkari fótum en einmitt nú. En stundum hefir það átt erfitt uppdráttar, — ekki samt vegna offramleiðslu, ekki vegna þess, að of mikið bærist á markaðinn af þessari vöru, heldur einmitt vegna þess, að þurrð hefir verið á grávöru. Stundum hefir það verið svo, að félagsskapurinn hefir beðið alvarlegan hnekki vegna þess, hve loðskinnaframleiðslan hefir verið lítil. Þannig var það t. d. árið 1872; þá barst svo lítið á markaðinn það ár og nokkurt árabil áður, að fleiri og fleiri deildir félagsins höfðu orðið að leggjast niður vegna þess, að grávöru vantaði til þess að selja. Þannig hefir það jafnan verið, að það hefir verið ekla á þessari vöru, en ekki oftframleiðsla. Og það var einmitt vegna þessa, að fyrrnefnt ár, árið 1872, hafði Hudson Bay félagið — eða aðalforstjóri þess, Maunt Royal, ásamt Strathcona lávarði, forgöngu um að gera tilraunir með að rækta silfurref í áheldi eða girðingu — fangelsi. En þessi ekla, sem af og til hefir verið á grávöru, stafar af því, að hin villtu dýr merkurinnar hafa meir og meir gengið til þurrðar, eftir því sem löndin hafa byggzt, — skógarnir verið ruddir, byggðin færzt lengra norður á bóginn, þekkingin vaxið og veiðiaðferðirnar orðið fullkomnari. Á síðari tímum hefir verðið á grávöru margfaldazt, einmitt vegna þess, hvað mikil vöntun hefir verið á þessari vöru, og það, sem kemur á markaðinn af grávöru af ræktuðum dýrum, er svo hverfandi lítið, að þess gætir tæplega á heimsmarkaðinum. Árið 1930 er t. d. talið, að það hafi varla verið 1% — einn af hundraði. En það ár var umsetning Bandaríkjanna einna í loðskinnum 500 milljónir dollara, og veiðimenn í Canada er talið, að innvinni sér árlega um 15 millj. dollara, — en sú upphæð, sem er frumverð, margfaldast í umsetningunni, þegar búið er að gera fatnað úr skinnunum og útbúa þau eins og síðustu kaupendur eða notendur vilja hafa þau. Umsetning Þýzkalands við útlönd hefir verið um 700 millj. gullmarka árlega. — Þessi dæmi eru aðeins örfá, en geta gefið góða hugmynd um, hve geysilega mikil umsetning allrar jarðarinnar er í þessari vörutegund, og hve óhemjumörg dýr þurfi til þess að fullnægja eftirspurninni eftir loðfeldum.

Tilraunir þær, sem Hudson Bay félagið gerði árið 1872, fóru út um þúfur og heppnuðust ekki, en nokkrum árum síðar kom til sögunnar sá maður, sem talinn er faðir silfurrefaræktarinnar og þar með loðdýraræktarinnar yfir höfuð. Það var Charles Dalton, sem var veiðimaður og skinnakaupmaður á Prince Edwardseyju í St. Lawrenceflóanum í Norður-Ameríku. Tilraunir sínar byrjaði hann árið 1887 og náði fljótlega verulegum árangri. — Verð á silfurrefaskinnum þessi fyrstu ár, sem Dalton tókst að framleiða þau, var geipilegt, svo að einstök skinn komust jafnvel upp í 2700 dollara, og þegar hann byrjaði að selja undaneldisdýr, komst verðið upp í 30 þús. dollara parið.

Fyrsta silfurrefaparið, sem kom til Evrópu, var keypt til Noregs árið 1913 og kostaði 60 þús. krónur. Mun þá mörgum hafa þótt óvitaæði að ráðast í slík kaup, en nú er samt svo komið, að silfurrefaræktin er öruggur og tryggur atvinnuvegur í Noregi og gaf landinu t. d. síðastl. ár í útlendum gjaldeyri um 25 millj. króna. — Fleiri tegundir loðdýra en silfurrefurinn eru ræktaðar í Noregi með góðum árangri. Loðdýraræktin hefir valdið þó nokkrum aldahvörfum í atvinnulífi Norðmanna, — en það eru fleiri lönd en Noregur, sem hafa veitt loðdýraræktinni athygli. Í flestum löndum Evrópu hefir verið byrjað á loðdýrarækt, og það er athyglisvert, að það eru þing og stjórnir þjóðanna, sem hafa haft forgönguna í þessum löndum, og sýnir það, að hér er ekki um neitt hégómamál að ræða.

Tómlæti okkar Íslendinga hefir jafnan verið við brugðið. Það hefir verið einhver versti þröskuldurinn á vegi okkar til sannra framfara og menningar. Í þessu máli hefir það verið eitthvert ægilegasta ljónið í götunni. Þessu máli hefir lítill sómi verið sýndur, nema af örfáum

einstaklingum, getulitlum efnalega, eins og þeir menn eru oftast, sem vilja gerast brautryðjendur. — Því að það er sjaldnast mikið upp úr því að hafa að ryðja fyrst brautina. Raunar er það svo, að þar má loðdýrarækt in að nokkru leyti teljast undantekning, því að sumir þeirra, sem á því sviði hafa gerzt brautryðjendur, hafa að lokum grætt of fjár á loðdýrarækt inni. — eins og t. d. fyrsti brautryðjandinn, Charles Dalton. En svo var hann fyrirlitinn og hæddur fyrst meðan tilraunirnar misheppnuðust, að það var almennt á orði haft, að það væri góðverk við fjölskyldu hans að taka hann og drekkja honum með öllum dýrunum. En seinna, eftir að hann hafði grætt tugi milljóna á loðdýrarækt inni og byggt kirkjur og skóla og gefið stórfé til almennra þarfa, var hann aðlaður af Bretakonungi. — En svo að ég víki aftur að tómlæti okkar Íslendinga í þessum málum, þá má það ekki lengur eiga sér stað, að látið sé reka á reiðanum með þessa atvinnugrein. Ríkið leggur árlega fram stórfé til atvinnuveganna. Til markaðsleita erlendis leggur það fram hundruð þúsunda, til þess að leita að markaði fyrir framleiðsluvörur, sem mjög tregt er um sölu á eins og sakir standa, en það er ekkert gert til þess að stuðla að því, að framleidd sé sú vara í landinu, sem allir vilja kaupa, eins og er um grávöruna. Og bankarnir, sem raunverulega stjórna landinu, þeir neita að lána nokkuð til loðdýrarækt ar. Það getur ekki farið saman hjá okkur Íslendingum, að vilja lifa sem frjáls og öllum óháð menningarþjóð og hafa allt til menningar og lífsþæginda, sem aðrar þjóðir hafa, en nota ekki jafnframt þá möguleika, sem eru í landinu til þess að skapa þau verðmæti, sem þarf til þess að borga skuldir landsins við útlönd og kaupa fyrir þær vörur, sem þjóðin þarf að fá frá útlöndum. Af öllum þeim vörutegundum, sem við getum framleitt, er engin eins auðseljanleg í útlöndum eins og grávara. Og jafnframt því, sem þessi vara er svona verðmæt og auðseljanleg, hefir hún þann kost, að tiltölulega mjög lítið þarf að flytja inn frá útlöndum til þess að framleiða hana. Þá hefir einnig loðdýrarækt in þann kost, að hún skapar markað fyrir aðra framleiðslu í landinu. Enga vöru er eins auðvelt að framleiða. Engin vara er eins mikil heimsvara. Í öllum löndum jarðarinnar er þessi vara seld og keypt, eins og áður er sagt. Ef þetta mál er tekið réttum tökum, getur þessi atvinnugrein stuðlað að bættri afkomu atvinnuveganna, og e. t. v. bjargað þjóðinni frá fjárhagslegu hruni.

Eins og kunnugt er, þá er loðdýrarækt in aðeins fárra ára hér á landi. Okkar land hefir verið einangrað og lokað fyrir þessari atvinnugrein til skamms tíma. Tímamót í þessu urðu árið 1929, við það, að samþ. var hér á Alþingi þáltill. frá Gunnari Sigurðssyni á Selalæk um að leyfa innflutning á lifandi refum. Það sama ár voru svo fyrstu silfurrefirnir fluttir inn af Emil Rokstad á Bjarmalandi. Þeir menn, sem þarna hafa rutt brautina, eiga þakkir skilið fyrir; mætti vel svo fara, að þetta yrði til þess að skapa ný tímamót í íslenzkum landbúnaði. — Þess skal getið, að um allmörg ár áður en silfurrefurinn var fluttur inn höfðu ísl. refir verið hafðir í haldi í eyjum, og enda eitthvað byrjað á að hafa þá í girðingum. Ekkert liggur opinberlega fyrir um, hvernig þetta hefir gefizt. Hin eiginlega loðdýrarækt hér hefst með innflutningi silfurrefsins.

Silfurrefurinn er talinn konungur hinna ræktuðu loðdýra, og er eins og sakir standa einna arðsamastur, a. m. k. af þeim loðdýrum, sem hægt er að rækta hér, eða heppilegt er að rækta hér. Önnur reynsla, sem fengin er af innfluttum loðdýrum, er lítil enn sem komið er, en helzt af minkum og þvottabjörnum, og er útlit á, að það muni ætla að gefast vel hér. — Einnig hefir verið flutt inn karakúlfé. Útlit er fyrir, að ræktun þess muni geta tekizt hér eins og annarsstaðar, ef réttilega er að farið; en vitanlega tekst ekki að framleiða söluhæf lambskinn — sem á heimsmarkaðinum eru nefnd Persianer, astrakan, broadtail og krimmer, eftir tegundum, — með einblöndun. Það hefir hvergi tekizt, og því ekki hægt að vænta þess, að það takist fremur hér en annarsstaðar. Þess vegna var það hið mesta glapræði, sem hægt er að hugsa sér, þegar leyft var að flytja inn frá Þýzkalandi blendingshrúta, með það fyrir augum að nota þá til einblöndunar. Það hefir, eins og vænta mátti, lítinn árangur borið, og að nota þá til framhalds-tímgunar, til þess að koma upp með tímanum hreinum karakúlfjárstofni, er ekki öruggt.

Við loðdýrarækt ina eru bundnir miklir framtíðarmöguleikar. Hún er í eðli sínu stórfelld, eins og nýtt, ónumið land. Það er því ekki nema eðlilegt, að menn líti á hana misjöfnum augum, og að fram komi sömu sjónarmið gagnvart henni eins og komu fram hjá þeim Hrafna-Flóka og félögum hans, Herjólfi og Þórólfi smjör, er þeir fyrst komu út til Íslands og höfðu haft hér vetursetu. Þegar þeir komu aftur til Noregs, sögðu þeir skoðun sína á landinu. Flóki lét illa af því, Herjólfur sagði kost og löst, en Þórólfur kvað drjúpa smjör af hverju strái. — Nokkuð svipað þessu er viðhorf manna til loðdýraræktarinnar. Hinir svartsýnu og kyrrstæðu sjá í henni enga möguleika. Hinir sanngjörnu og hægfara sjá bæði kost og löst. En hinir bjartsýnu brautryðjendur sjá ekkert nema hina miklu möguleika, sem við þessa atvinnugrein eru bundnir. Það er því rétt í þessu sambandi að gera sér grein fyrir, hvað mælir með og hvað mælir móti loðdýrarækt inni.

Það er þrennt, sem loðdýrarækt inni er fundið til foráttu — þegar frá er talin ein mótbára, sem er svo óendanlega langt í burtu, frammi í framtíðinni og auk þess ekki nema einstöku stærstu „idealistar“ færa fram (og er e. t. v. enginn svo mikill „idealisti“ til hér á landi. — a. m. k. hefi ég ekki orðið var þeirrar mótbáru), en hún er sú, að við eigum ekki að rækta dýrin til þess að drepa þau, — við megum ekki taka líf nokkurrar lifandi veru. Vel má vera, að þeir tímar komi, að menn irnir hætti að drepa dýrin sér til lífsframfæris, en það er sjálfsagt langt framundan, og þegar það verður, þá gildir það vitanlega eins öll önnur dýr: húsdýrin, fuglana í loftinu og fiskana í sjónum. Það á sjálfsagt mjög langt í land. Við getum því alveg sleppt þessari mót-

báru gegn loðdýraræktinni, og þá eru aðeins þrjár eftir, og **allar veigalitlar, ef krufnar eru til mergjar.** — Þessar þrjár ástæður, sem ég hefi heyrt færðar fram gegn loðdýraræktinni, eru þær, sem nú skal greina: Sú fyrsta: að loðdýraræktin sé í raun og veru arðsöm og ágæt, en það þýði ekki fyrir okkur Íslendinga að reyna að stunda hana, af því að við séum svo hirðulausir og kærulausir og svo miklir sóðar og klaufar, að það sé ekki til neins fyrir okkur að reyna að leggja stund á svo vandasama atvinnugrein. — Önnur ástæðan er: Ótti við offramleiðslu, sem orsaki verðfall. — Þriðja ástæðan: Að eftir því, sem menningin vex, muni menn hætta að nota eins hégómlega hluti eins og loðskinn, sem séu „luxus"-vara, sem auðvelt sé að vera án.

Fleiri mótbárum en þessum þremur hefi ég ekki heyrt hreyft í þessu sambandi. — Um fyrstu mótbáruna er það að segja, að í henni felst svo mikil vantrú á þjóðina, að engu tali tekur. Ef þetta væri rétt, þá gætum við ekki verið til sem sjálfstæð þjóð. Annars er þetta það sama sem kyrrstöðumennirnir hafa alltaf sagt. Meðan Íslendingar áttu enga vélbáta og engin skip, var því haldið fram af þessum sömu mönnum — eða sömu manntegund, réttara sagt —, að okkur þýddi ekki að fá þannig báta og skip, því að við mundum aldrei læra að fara með þau. Nú höfum við samt fyrir löngu síðan eignazt gufuskip og vélbáta og lært að fara með og stjórna þeim, eins og annara þjóða menn. En meðferð loðdýra er ekki eins vandasöm og menn ætla, og ólíkt vandaminni en meðferð sumra húsdýranna, sem þjóðin hefir verið að fást við í 1000 ár. Sem dæmi um það, hve auðvelt er að hirða t. d. silfurrefi, skal ég geta þess, að frá því í byrjun maímán. síðastl. og til októberloka hirtu tveir drengir, 11—12 ára, 14 silfurrefi heima hjá mér, og fór það vel úr hendi. — Það skal þó viðurkennt, að mikil mistök eiga sér stað hjá ýmsum, sem eru að fást við silfurrefarækt.

Önnur mótbáran, offramleiðsla, er þess verð, að hún sé tekin til athugunar, — en það eru lítil líkindi til þess, að offramleiðslu þurfi að óttast í náinni framtíð, vegna þess að villtu dýrin ganga meir og meir til þurrðar, og síðan farið var að framleiða grávöru af ræktuðum dýrum hefir það sýnt sig, að það er yfirleitt miklu betri vara; hárin á loðskinnunum eru eins og grasið á jörðinni, eins og blómin, en aðeins í blóma örstuttan tíma. T. d. er silfurrefurinn aðeins nokkra daga á hverju ári með fegurstan feld, og þá er feldurinn tekinn, þegar hann er með fallegustum gljáa. Að hinum villtu dýrum merkurinnar er ekki hægt að ganga á þeirri stundu, sem heppilegust er; þar ræður tilviljunin, og það er líklega tiltölulega sjaldgæft, að það takist að veiða þau þann dag, sem feldurinn er fegurstur. — Jafnvel þótt hætta geti stafað af offramleiðslu, þá mundi það fyrst koma niður á þeim þjóðum, sem hafa erfiða aðstöðu til ræktunar loðdýra vegna óheppilegs loftslags og erfiðleika með að afla ódýrs fóðurs handa dýrunum. Hvað þetta snertir erum við Íslendingar betur settir en flestar aðrar þjóðir; offramleiðsla á heimsmarkaðinum mundi því síður koma við okkur en aðrar þjóðir.

Þriðja atriðið, að hætt verði að nota loðskinn vegna þess, að það sé óþarfa vara, er eins og hver önnur fjarstæða. — Í fyrsta lagi er það nú ekki rétt, að loðskinn séu óþarfavara. Í mjög mörgum löndum er vetrarkuldinn svo mikill, að það er ekki hægt að koma út nema klæddur í hlýjum fötum, og þá helzt loðfeldum. Alltaf færist byggðin lengra og lengra norður á bóginn, í kuldann og myrkrið. Síðan bílarnir komu til sögunnar hafa vetrarferðalög aukizt stórlega í köldum löndum, en bílarnir eru köld farartæki; hin mikla síaukna notkun þeirra eykur stórlega þörfina fyrir notkun loðskinna. Ýmsir halda því fram, að við eigum að framleiða aðeins það, sem þeir nefna gagnlegar vörur, — en svo kalla þeir helzt og fremst það, sem étið verður. En sannleikurinn er sá, að við eigum að framleiða seljanlegar vörur. Við eigum, ef við getum, að framleiða tízkuvörur, sem eru eftirsóttar á heimsmarkaðinum. Sauðakjötið okkar er ágæt vara — eða svo teljum við —, en samt tekst okkur ekki að selja það í útlöndum með því verði, að borgi sig að framleiða það. Hvers vegna ekki að breyta því í loðskinn, þessa góðu og auðseljanlegu vöru, á þann hátt að nota lélegri tegundir kjötsins til fóðurs handa loðdýrum? — Það er líka einn stór kostur við loðdýraræktina, að með henni skapast stórkostlegur markaður fyrir ýmsa aðra framleiðslu, sem þegar eru söluvandræði með, og svo eru líka stórkostlegir möguleikar um aukning ýmiskonar landbúnaðarframleiðslu, sem skapast við loðdýraræktina.

Því verður ekki neitað, að þótt loðskinn séu gagnleg vara, þá eru hinar dýrari tegundir að vísu „luxus"-vara, og einmitt þess vegna er meiri trygging fyrir því, að verðið haldist uppi. Því að það er nú svo, að eftir því, sem menningin vex og tæknin verður meiri og vinnan arðsamari, eftir því vex eftirspurnin eftir luxusvörunum. Þetta er svona, og það verður að taka það eins og það er. Luxusvörunum má skipta í tvo flokka, — annarsvegar þær vörur, sem eru beinlínis skaðlegar nautnavörur, og hinsvegar þær, sem á engan hátt eru það, og undir þann flokkinn heyra einmitt loðskinnin.

Á miðöldunum voru loðskinn eingöngu notuð af karlmönnum; seinna var farið að nota þau jöfnum höndum af konunni, og nú eru hin dýrustu loðskinn skartgripir kvenna. Nú hefir það jafnan verið svo, að það hafa verið lítil takmörk fyrir því, hvað maðurinn hefir lagt í sölurnar til þess að auka fegurð konunnar, og það virðist alltaf halda áfram, og því meira sem menningin vex. Fallegir loðfeldir, sem er smekklega fyrir komið, auka fegurð konunnar og gera hana tígulegri í framgöngu. Þetta virðist vera haft fyrir satt um allan heim, og á meðan svo er þarf ekki að óttast verðhrun á grávöru.

Þótt loðdýrarækt sé ung hér á landi, er fengin af henni dálítil reynsla, þó aðallega af silfurrefnum. Hvernig er nú sú reynsla? Ég held mér sé óhætt að segja, að hún sé alstaðar góð, þar sem fylgt er settum reglum, sem byggðar eru á reynslunni, og öll meðferð og fóðrun dýranna er vönduð. Vitanlega getur viljað til eitthvert sérstakt óhapp í einstaka tilfelli; en það er tiltölulega fágætt. Hinsvegar er það vitanlega svo með þessa ræktun eins og allt annað, að

ef ekki er fylgt þeirri reynslu, sem vel hefir gefizt, og vanrækt að hirða og fóðra dýrin vel, þá er arðurinn enginn og ekkert nema kostnaður að hafa dýrin. En þetta gildir einnig um alla aðra ræktun og allan annan atvinnurekstur. Þeir, sem kunna að taka hlutina réttum tökum, halda velli í þessu sem öðru; en hinir verða að gefast upp. — Eins og eðlilegt er, spyrja menn um, hver sé arðurinn af loðdýrarækt*inni*, — hver sé arðurinn af t. d. silfurrefarækt*inni* hér á landi. Þetta er ekki hægt að leggja fram reikningslega, því að um það vantar allar skýrslur. Hver arðurinn verður, er svo feikilega mismunandi og fer eftir svo mörgu. Verð skinnanna er svo afarmismunandi, eftir því hvað skinnin eru falleg; t. d. er nú í kreppunni verð silfurrefaskinna á heimsmarkaðinum í flestum tilfellum ekki undir 100 kr., og svo upp í 700—800 kr. allra fínustu skinnin. En hinu er hægt að svara, hversu skinnaverðið má fara langt niður án þess að það hætti að borga sig að hafa silfurrefi. — Skuldlaust silfurrefabú, rétt rekið, hjá bónda, sem að miklu leyti getur framleitt og aflað þess sjálfur, sem þarf til fóðurs handa dýrunum, ber sig, þótt meðalverð skinnanna fari niður í 100 kr. En svo lágt verð á silfurrefaskinnum hefir aldrei þekkzt. Þessi ár í kreppunni hefir meðalverð skinnanna oftast verið um það bil í ísl. krónum frá 180—200 kr. á skinnauppboðum í stórborgum Evrópu.

Sem dæmi um það, hvað silfurrefarækt getur verið fljót að borga sig hér á landi, ef rétt er að farið og um góð dýr er að ræða, skal ég skýra frá því, að í fyrrahaust keyptu nokkrir menn í félagi eitt „tríó“, sem svo er nefnt, þ. e. 2 læður og 1 karl, fyrir 1500 krónur. Í vor fæddust svo 7 yrðlingar, sem allir lifðu. Er það að tölunni til tæplega meðalviðkoma. Í haust var tríó selt fyrir 1500 kr., en 4 yrðlingunum var slátrað. Í marz var komið með þessi 4 skinn hingað til Rvíkur; voru 3 af þeim mjög falleg en 1 í meðallagi. Skinnin seldust strax hér í bænum, — eitt á 400 kr., tvö á 350 og eitt á 200 kr., *eða samtals öll þessi 4 skinn á 1300 kr.* — Á einu ári hefir þannig þetta félag fengið allan stofnkostnað sinn og framleiðslukostnað greiddan, og meira til. Býður nokkur atvinnurekstur betur? — Frá öðru dæmi skal ég skýra, sem er nú að vísu ekki eins fagurt, en gæti verið til viðvörunar og sýnir, hvernig ekki á að reka þessa atvinnugrein. Ég skal að vísu taka það fram, að ég get ekki ábyrgzt, að sagan sé sönn, þó að heimildir mínar séu að vísu góðar. En það skiptir ekki svo miklu máli, því hún gæti verið sönn, og ég veit með vissu um svipuð dæmi.

Eitt haust keyptu nokkrir menn í félagi rúmlega 20 silfurrefi, falleg dýr frá tveimur góðum búum. Þeir fengu góðan kunnáttumann (frá Noregi) til að hirða dýrin. Allt gekk vel til að byrja með; læðurnar allar með hvolpa um vorið, og þeir lifðu allir. En svo þegar kom lengra fram á vorið, datt forráðamönnunum í hug að reyna að spara kjöt við dýrin og fóðra þau sem mest á mjölmat. En það reyndist ekki rétt vel, því að einn morgun, þegar vitjað var um dýrin, voru tvö þeirra upp étin til agna og það þriðja dautt af offylli. Þannig gafst nú sá sparnaður, — og ekki nóg með það, heldur voru hin dýrin, sem eftir lifðu, svo sárt leikin, að helmingur af læðunum var geldur orðið eftir, og sumar af þeim, sem áttu hvolpa, gutu þeim dauðum; má tvímælalaust rekja það til þessarar meðferðar um sumarið.

Margt fleira fróðlegt mætti segja um þetta mál, en ég mun nú fara að stytta mál mitt úr þessu. En ég vænti þess, að af því, sem ég hefi sagt um málið, sé hv. þdm. ljóst, að nauðsyn beri til að setja löggjöf um svo þýðingarmikið málefni, löggjöf, sem m. a. tryggi eftirlit með því, að þessi atvinnugrein sé rekin á heilbrigðum grundvelli, og að svona lagað dæmi, eins og ég gat um áðan, geti ekki komið fyrir.

Um efni einstakra greina frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Það er allt auðskilið mál og skýrir sig að mestu sjálft, og vil ég vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki það fljótlega til athugunar og greiði fyrir því, svo að það geti náð fram að ganga á þessu þingi.

Ég vil svo gera það að till. minni, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Mjólkurlög (frv. BÁ o. fl.).

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til mjólkurlaga (þmfrv., A. 348).

Frv. var aldrei á dagskrá tekið.

---

41. Mjólkurlög (frv. PO og JónsP).

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til mjólkurlaga (þmfrv., A. 352).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

42. Framfærslulög.

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935 (þmfrv., A. 243).

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og í grg. frv. segir, er frv. þetta flutt vegna þess, að þó að skammur tími sé liðinn frá því, að framfærslul. nýju gengu í gildi, hefir það komið í ljós við framkvæmd þeirra, að á þeim eru allmiklir annmarkar í einstökum atriðum.

Mæðrastyrksnefndin í Rvík, sem hefir látið sig miklu máli skipta fátækramál og framfærslumál, sérstaklega í Rvík, hefir snúið sér til ýmissa þm. og farið þess á leit, að þeir styddu að því að lagfæra nokkra liði þessara laga, sem þótt hafa koma sér sérstaklega illa í framkvæmd. Ég og hv. 2. þm. Reykv. höfum orðið við þessari beiðni mæðrastyrksnefndar með því að flytja frv. á þskj. 423.

Ég þarf í raun og veru ekki að láta fylgja þessu frv. mörg orð, því að ef það er borið saman við framfærslul., þá sést greinilega, í hverju breyt. eru fólgnar. En ég mun þó stikla á stærstu atriðunum, til þess að sýna, hvað í frv. felst.

1. gr. frv. er breyt. á 10. gr. framfærslul., þar sem farið er fram á, að fráskilin kona eigi rétt til að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt og móðir óskilgetins barns. Virðist það í alla staði eðlilegt, að svo sé, því að það er í raun og veru ekki ástæða til að setja fráskilda konu, sem berst fyrir barnahóp, skör lægra um rétt til meðlags með börnum sínum heldur en móður óskilgetinna barna.

Í 2. gr. frv. er farið fram á breyt. á 15. gr. framfærslulaganna, þar sem talað er um, að ekki megi taka barn frá fósturforeldrum, ef þeir vilja halda því og krefjast af viðkomandi sveit ekki hærri meðgjafar en meðalmeðlags, en eins og kunnugt er, þá er með meðalmeðlagi átt við meðlag barnsföður. Í framkvæmdinni hefir það verið hálfur framfærslueyrir barns í hverju héraði, nema í Rvík mun það hafa verið um ⅔ af framfærslukostnaði barns á aldrinum 1—4 ára, ef miðað er við það gjald, sem það eina barnaheimili, sem rekið er hér í Rvík, tekur fyrir ungbörn á þessum aldri. En ef á annað borð er miðað við eitthvað ákveðið, þá virðist eðlilegast að miða við venjulega meðgjöf með börnum í því héraði eða þeim hreppi, þar sem fósturforeldrarnir búa. Þess vegna er þessi breyt. fram komin.

3. gr. frv. fer fram á breyt. að því er snertir upplýsingar, sem afla á áður en úrskurður er uppkveðinn um styrk með börnum ekkna. Eins og framfærslul. eru nú, er gert ráð fyrir, eins og þetta hefir verið framkvæmt hér í Rvík, að skilyrðislaust skuli leita umsagnar framfærslunefndar, eða annarsstaðar hreppsnefndar, áður en meðgjöfin er ákveðin. Það hefir komið í ljós hér í bænum, að mörgum ekkjum er það mjög óljúft, að gerð sé einskonar þrotabúsrannsókn hjá þeim, áður en ákveðinn er meðlagseyrir með börnum þeirra. Þær hafa kosið, að framkvæmd yrði öðruvísi hagað á skýrslugerð um heimilisástæður þeirra og hagi yfirleitt, sem bæri á sér minni blæ þess, að um veitingu fátækrastyrks eða sveitarstyrks væri að ræða. Þess vegna er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að konan sjálf skuli leggja fram skriflega umsókn, og fylgi henni skýrsla umsækjanda, gefin af henni sjálfri o. s. frv. Þessi breyt. er gerð til þess, að framkvæmd á þessum upplýsingum verði á þann hátt, sem ekkjum er geðþekkari, þannig að þær gætu eftir þessari breyt. notið með meiri ánægju þessa styrks og fráfældust síður að leita hans.

Þá er lagt til í 4. gr. frv., að 26. gr. framfærslul. falli niður, sem hljóðar um það, að þegar ekkja giftist, sem meðlag fær með börnum sínum samkv. fyrirmælum framfærslul., þá falli meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi. Mæðrastyrksnefnd finnst engin ástæða til þess að láta meðlagsúrskurðina falla úr gildi í þessum tilfellum, þó að ekkja giftist, heldur að þeir haldist eftir sem áður.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að hver einstakur maður í framfærslunefnd geti áfrýjað áliti meiri hl. framfærslunefndar, sem sá einstaki nm. er ekki ánægður með. En eftir því, sem nú er ákveðið í framfærslul., verður sá, sem sætir afgreiðslu máls hjá framfærslunefnd, sjálfur að áfrýja málinu til yfirstjórnar framfærslumálanna. En það virðist eðlilegast, að þeir menn, sem um þessi mál fjalla og komnir eru í minni hl., geti leitað eftir æðri úrskurði um þessi mál, ef þeim finnst ekki beitt nægilegu réttlæti í meðferð meiri hl. framfærslun. á þeim.

Í 6. gr. frv. eru aðeins smávægilegar breyt., aðallega þær, að áfrýja megi úrskurði barnaverndarnefnda samkv. 41. og 42. gr. l. til ráðh.

Í 7. gr. frv. er ákvæði snertandi 61. gr. framfærslul., þar sem ákvæði eru um það, að ef barnsfaðir deyr, sem samkv. úrskurði yfirvalda átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þá falli niður skylda heimilissveitar þeirrar, er hann síðast átti, til greiðslu meðlags með barni hans, en heimilissveit móður barnsins eða heimilissveit framfærslumanns greiði hið úrskurðaða barnsmeðlag. Hér í þessari 7. gr. frv. er lagt til, að hið sama gildi, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins áður en hann dó. En það er altitt, að barnsfaðir gefi með barni án þess að úrskurður hafi fallið um það, og játar þannig faðernið opinberlega, án þess að barnsmóðir þurfi til þess að grípa að fá úrskurð og láta framkvæma hann á venjulegan hátt. Okkur fannst eðlilegt, að sama gilti, þegar faðerni barns er sannað, þó að úrskurður sé ekki fyrir hendi, þegar faðirinn fellur frá.

Þá leggjum við til í 8. gr., að 62. gr. l. falli niður, en hún fjallar um það, að ef móðir barns, sem hefir tekið meðlag eftir dauða barnsföður, giftist, þá falli úr gildi réttur hennar til þess að krefjast meðlags af heimilissveit sinni. Okkur virðist engin ástæða til, að kona, sem á börn og hefir notið meðlags með þeim, missi þennan rétt, þó að hún gangi í hjónaband að nýju. Má segja, að með þessu móti væri verið að spyrna gegn því, að barnsmóðir gangi í hjónaband, því að það væri auðvitað hægt að fara í kringum þessi ákvæði þannig, að maður og kona gætu búið saman sem gift væru, og þá mundi barns-

móðir halda rétti sínum til barnsmeðlags, en ef hún giftist, mundi þessi réttur hennar glatast og hún yrði verr sett. Það sýnist engin sanngirni mæla með, að þannig sé þessu fyrir komið. eins og nú er gert með 62. gr. framfærslul. Leggjum við því til, að hún verði felld niður.

Að lokum leggjum við til í 9. gr., að sett verði svipuð ákvæði í framfærslulögin nýju eins og áður var í fátækralögunum, þar sem bæjarstjórnum og hreppsnefndum var skylt að kveða á um það, hvort greiddur framfærslustyrkur skyldi afturkræfur eða ekki. Þó að það sé rétt, að samkv. nýju framfærslul. missi styrkþegi minni rétt en áður með því að þiggja framfærslustyrk, þá er ekki rétt að halda yfir höfðum manna stórri skuldasúpu, sem ekki eru líkur til, að verði greidd. Hitt er eðlilegast, að slík framlög séu eftir gefin, þegar sýnt þykir eftir öllum aðstæðum, að styrkþegi hafi litla eða enga möguleika til að greiða þann framfærslueyri, sem hann hefir þegið. Fyrir þá, sem framfærslustyrksins njóta, yrði það viðfelldnara og þægilegra, ef þetta ákvæði yrði sett inn í l., en ég tel, að það yrði til örlítils eða jafnvel einskis tjóns fyrir bæjar- og sveitarfélög, því að reyndin er sú, að greiddur framfærslustyrkur fæst sjaldan aftur, jafnvel þótt styrkþegi geti um stund eða jafnvel fyrir fullt og allt losnað við að þiggja slíkan styrk.

Ég vil vænta þess, jafnvel þótt langt sé liðið á þing, að þingið greiði fyrir þessu frv. svo sem unnt er. — Ég legg svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 423, n. 460).

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því og þeim breyt. á framfærslul., sem það fer fram á. Ég sé enga ástæðu til þess að endurtaka það aftur hér í hv. d., en skal láta þess getið út af afgreiðslu málsins í hv. allshn., að ég og hv. 2. þm. Reykv. vorum samþykkir því að mæla með, að frv. næði óbreytt fram að ganga. En meiri hl. n., eða þeir hinir þrír aðrir, sem eru með okkur í n., voru ekki reiðubúnir að taka afstöðu til málsins og lýstu sig því í raun og veru hvorki með því eða móti og hafa óbundin atkv. yfirleitt um málið. Ég vænti þó, að þeir hafi nú lokið þeirri athugun á frv., sem þeir ætluðu að framkvæma, og leyfi því nú fram að ganga.

Ég vil svo leyfa mér f. h. minni hl. allshn. að leggja til, að frv. verði samþ. hér í hv. d.

Thor Thors: Eins og hv. 1. landsk. gat um, hefir þetta mál í raun og veru ekki verið afgr. frá hv. allshn. Þeir flm. málsins, hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv., vildu hespa málið af í n. áður en hún gat látið nokkra rannsókn fram fara á málinu. Hv. 1. þm. Árn., hv. 8. landsk. og ég vildum frekari rannsókn á málinu. Og ég og hv. 8. landsk. höfum sent þetta mál til umsagnar framfærslun. Rvíkur, og fyrr en við höfum fengið þá umsögn, erum við ekki reiðubúnir að taka afstöðu til þess og teljum því æskilegt, að málið sé tekið út af dagskrá, unz n. hefir fengið þær upplýsingar um málið, sem hún telur nauðsynlegar til þess að geta afgr. það frá sinni hendi.

Forseti (JörB): Þetta er 2. umr. málsins, og af því að af hálfu flm. hefir verið óskað eftir, að málið yrði ekki tafið, og frv. einfalt, þá varð ég við þeim tilmælum að taka það á dagskrá að þessu sinni. (**TT:** Það er ekki eins einfalt og það virðist vera). Ég held, að það þurfi ekki að koma að sök.

***Jón Pálmason:** Það er kunnugt mál, að framfærslulögin eru lög frá síðasta þingi. Þau eru viðtækur lagabálkur, eins og hv. þm. er ljóst, lagabálkur, sem var rækilega athugaður á síðasta þingi, eftir að hafa verið lagður fram af mþn., sem skipuð var til þess að undirbúa það mál. Mér þykir það þess vegna vera dálítið undarlegt að fara að koma með breyt. nú þegar á þessum lögum, sem ekki virðast meira aðkallandi en þessar breyt. eru. Því að þau rök, sem ég hefi heyrt frá hv. flm. fyrir þessu máli, eru ekki þannig vaxin, að ég fái séð, að það beri nauðsyn til þess að knýja þetta mál fram nú þegar, og allra sízt þegar það er vitað, að meiri hl. hv. allshn. hefir ekki skilað frá sér áliti í þessu máli. Ef málið kemur til atkv. nú í þessari hv. d., mun ég af þessum sökum greiða atkv. gegn því. Ég vænti og, að ef á að beita þeirri aðferð, að hv. þm. fái ekki að sjá álit meiri hl. allshn. í þessu máli áður en það er afgr. til 3. umr., þá verði fleiri heldur en ég reiðubúnir til þess að greiða því ekki atkv. áfram.

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég hafði reyndar búizt við, að hv. meiri hl. allshn. mundi á þessum 4 eða 5 dögum síðan við höfum haldið fund í allshn. hafa athugað þetta mál og fengið þær upplýsingar, sem þeir óskuðu eftir, áður en þeir tækju endanlega afstöðu til málsins. En þó að svo hafi ekki orðið, eins og hv. þm. Snæf. hefir þegar upplýst, þá ætla ég, að það mundi óhætt fyrir þá — og vænti þess, að þeir geti stutt að því — að láta málið halda áfram til 3. umr., því að svo áliðið er orðið þingtímans. Ef svo sú umsögn, sem þeir æsktu eftir, væri á þann veg, að þeir léðu frv. lið, þá væri það betur komið lengra í d. Hinsvegar er nægur tími við 3. umr. þessa máls, ef hv. meiri hl. allshn. af einhverjum ástæðum vill leggja á móti málinu.

Út af því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það væri ekki ástæða til þess að gera verulegar breyt. á þeim lögum, sem samþ. hefðu verið á síðasta þingi, er þess að geta, að framfærslulögin voru samþ. í lok síðasta þings, og mér er óhætt að fullyrða, að ekki fekkst jafngóð athugun á því máli og þurft hefði, vegna þess hve áliðið var þings. Mér er kunnugt um, að hv. Ed. mundi hafa kosið, að þar hefðu komið fram breyt. á frv., ef d. hefði ekki álitið, að málinu væri með því stefnt í tvísýnu vegna þess, hve áliðið var þings. Ég vildi þess vegna vænta þess, að hv. þm. A.-Húnv.

sæi ekki ástæðu til að bregða fæti fyrir málið við þessa umr., þar sem það gefst væntanlega kostur fyrir hann og aðra að athuga það milli umr. og hlýða á þær umsagnir, sem fram kunna að koma við 3. umr.

***Jakob Möller:** Það er dálítið undarlegt, að þetta frv. skuli koma fram nú á þinginu, því að eins og hv. þm. A.-Húnv. minntist á og öllum hv. þm. er í fersku minni, þá er þetta breyt. á lögum, sem sett voru á síðasta þingi, og a. m. k. öll höfuðatriði þess frv. voru einmitt sérstaklega til nákvæmrar rannsóknar á síðasta þingi, því að þau voru, að ég hygg, allákveðin ágreiningsmál milli Alþfl. annarsvegar og annara flokka hinsvegar. Þess vegna finnst mér það furðulegt, að nú skuli tveir alþýðuflokksmenn eftir nokkurra mánuða hið koma fram með brtt. í þá átt að fá knúð fram þau atriði, sem þeir urðu í minni hl. með á síðasta þingi. Ég skil ekki í, að það sé réttlátt að líta svo á, að það varði svo miklu að hraða málinu nú, að það megi ekki bíða þeirrar athugunar, sem meiri hl. allshn. óskaði eftir. Mér er kunnugt um, að sá meiri hl. hefir sent málið til umsagnar framfærslun. Rvíkur, og geri ég ráð fyrir, að það mætti með góðum vilja afgr. þá umsögn svo tímanlega, að málinu ætti ekki að stafa veruleg hætta af því. Að öðru leyti er það náttúrlega alveg nauðsynlegt, að full grein sé gerð fyrir efni frv. af báðum hlutum n., þegar ekki er allskostar samkomulag um það. Og þar sem það er meiri hl. n., sem ekki telur sig tilbúinn að svo stöddu að lýsa sinni afstöðu, þá finnst mér það sjálfsagður hlutur, að málinu sé frestað, til þess að meiri hl. n. fái tíma og tækifæri til þess að rannsaka þetta mál til hlítar og komast að ákveðinni niðurstöðu um afstöðu sína til þess.

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég held, að það sé ekki allskostar rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að efni þessa frv. hafi verið ágreiningsmál milli Alþfl. annarsvegar og hinna þingflokkanna hinsvegar. Það getur verið, að svo hafi verið um einstaka atriði, en að æðimargir úr öðrum flokkum hafi verið frv. andvígir, er ekki rétt.

En ég skal geta þess út af athugun á þessu máli, að fulltrúar frá mæðrastyrktarn. Rvíkur hafa skýrt mér frá því, að þeir hefðu talað um þetta mál við formenn allra stærstu stjórnmálaflokkanna á þingi og fengið góðar undirtektir hjá þeim yfirleitt. Þar af leiðandi er þetta mál ekki eins nýtt fyrir þingheimi eins og lítur út fyrir nú, því að fulltrúar frá mæðrastyrktarnefnd Rvíkur hafa rætt það nákvæmlega við einn eða fleiri úr hverjum stjórnmálaflokki, og eftir því, sem þeir segja mér, fengið góðar undirtektir. Það væri þess vegna full ástæða fyrir okkur flm. þessa frv., eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, að ætla, að það yrði ekki næsta mikill ágreiningur um höfuðatriði þessa frv.

***Pétur Ottesen:** Mér þykir harla einkennilegur sá söguburður, sem hv. 1. landsk. er með, að það muni þurfa að taka flokksafstöðu til þessa máls. Ég hefi ekki heyrt þess getið í mínum flokki. Ég held, að þetta séu bara slúðursögur, sem hv. 1. landsk. lætur sér sæma að bera inn í þingið til þess að nota til framdráttar sínu máli. Mér kemur það einkennilega fyrir — og ég verð að mótmæla því —, þegar hv. þm. er að setja það fram, að það sé búið að taka afstöðu í flokkunum til þessa máls. Ég veit, að það er ekki í Sjálfstfl., en ég veit ekki, hvað gerist í öðrum flokkum.

En út af því, sem hér er fram komið um það, að láta nú þetta mál ganga til 3. umr., þrátt fyrir að meiri hl. þeirrar n., sem málið hafði til athugunar, sé ekki reiðubúinn til þess að taka ákvörðun um málið, þá vil ég skjóta máli mínu til hæstv. forseta, ef hann mætti vera að því að hlusta á það, sem ég vildi segja. — Gangur mála hér á þingi er þannig, eins og kunnugt er, að við 2. umr. er tekin ákvörðun um efni hvers frv., og gert með þeim hætti, að hver grein frv. er borin undir atkv. Mér virðist þess vegna hljóta að leiða af sjálfu sér, að slík atkvgr. um hvert einasta atriði hvers frv. eigi ekki að fara fram fyrr en a. m. k. nefndarhlutar eða n. öll sé búin að taka afstöðu til málsins. Það geta náttúrlega verið undantekningar frá þessari meginreglu, ef um það er að ræða, að n. ætlar að sýna sig í því að sitja á máli til þess að reyna að koma því fyrir kattarnef. Þá er réttmætt að taka í taumana, ef n. ætlar að beita sínu áhrifavaldi með þeim hætti. En ég held, að ekki sé neinu líku til að dreifa hér, þar sem þessu máli var vísað til allshn. fyrir nokkrum dögum. Og frummælandi meiri hl. n. hefir fært gild rök fyrir því, á hvaða rökum það byggist, að meiri hl. hefir ekki gefið út nál. um málið. Ég vildi þess vegna skjóta því til hæstv. forseta, hvort honum fyndist ekki rétt að halda sig við reglur og tilgang þingskapa um meðferð mála á Alþingi og láta nú niður falla að greiða atkv. um málið við 2. umr., þangað til meiri hl. n. er búinn að fá það álit, sem hann hefir leitað eftir, svo að málið geti þá sætt þinglegri meðferð að þessu leyti til.

Annars vil ég benda á, í sambandi við það, sem sagt hefir verið um, að hér sé um að ræða breyt. á lögum frá síðasta þingi, að það er algerlega sneitt framhjá þeirri gr. framfærslulaganna, sem vitað er um, að verður mjög mikill ágreiningur út af, hvernig beri að skilja. Og það er gefið, að t. d. á næsta þingi muni þurfa að breyta löggjöfinni út af þeim mismunandi skilningi, sem fram kemur á þessari gr., þegar farið verður að framkvæma lögin. Ég held þess vegna, að frá þessu sjónarmiði séð sé of snemmt að fara nú að gera breyt. á þessari löggjöf, og bíða ekki eftir því, að hún sé framkvæmd í eitt ár, svo að betur sjáist, hverjar breyt. er nauðsynlegt að gera.

Auk þessa er þetta frv. að ýmsu leyti varhugavert, þar sem það kippir í burt heimild, sem mikill meiri hl. þm. á síðasta þingi var á einu máli um, að nauðsynlegt væri að hafa í sambandi við þetta mál.

Það er svo ekki fleira, sem ég hefi ástæðu til þess að segja. Mér þykir það gott, að form. Sjálfstfl. er kominn hér inn, þar sem hv. 1. landsk. leyfði sér að bera fram fullkomnar slúð-

ursögur um afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessa máls.

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil mótmæla því, sem hv. þm. Borgf. hélt fram, að ég væri að bera slúðursögur inn í þingið. Ég hafði aðeins eftir það, sem tvær konur úr mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur sögðu mér, að þær hefðu rætt um málið við forustumenn þriggja stærstu stjórnmálaflokkanna hér á þingi, og að það hefði verið vel tekið í málið af þeirra hálfu. Þetta vænti ég, að þessar tvær konur, sem sögðu mér, muni standa við, hvenær sem er. Hinsvegar vil ég og vænta þess, að þessar tvær konur hafi sagt mér rétt frá. En það lá alls ekki í mínum orðum, að flokkarnir hefðu verið búnir að taka afstöðu til málsins, heldur að forustumenn flokkanna hefðu fengið vitneskju um málið og væru því fyrir sitt leyti velviljaðir. Þetta vænti ég að fá staðfest, þegar hv. þm. G.-K. tekur til máls. Ég skal og geta þess, að það var hæstv. forsrh. og hv. þm. S.-Þ., sem konurnar töluðu við af hálfu Framsfl., en hv. þm. G.-K. af hálfu Sjálfstfl.

Thor Thors: Mér er kunnugt um það, að þær konur, sem stóðu að þessu máli, komu á fund allshn. Nd. í fyrra, og n. var sammála um að vísa á bug þeirra málaleitun. — Mér er og kunnugt um það, að hv. 6. landsk., sem hafði samning þess frv. til framfærslulaga, sem nú er orðið að lögum, með höndum, er því persónulega mótfallinn, að þær breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, nái fram að ganga. Svo að það er ekki hægt að taka þetta sem flokksmál Alþfl. gegn öllum öðrum flokkum í þinginu.

Ég veit ekki, hvað fram hefir farið milli form. Sjálfstfl. og þeirra kvenna, sem standa að frv., en hann hefir tjáð mér, að hann taki ekki afstöðu til þessa máls fyrr en fulltrúar Sjálfstfl. í allshn. séu búnir að segja sitt álit um málið. Og ég vil segja fyrir mitt leyti, að eftir þá íhugun, sem enn hefir verið hægt að koma við í þessu máli, er ég helzt alveg á móti málinu, en við bíðum eftir umsögn þess aðilja, sem hlýtur að vera þessu máli kunnugur, en það er framfærslunefnd Reykjavíkur.

Ég vil svo taka undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að það sé réttast að bíða með afgreiðslu þessa máls þangað til meiri hl. allshn. hefir fengið þá umsögn, sem hann bíður eftir.

Forseti (JörB): Ég vil taka það fram út af því, sem hefir verið beint til mín, að ég lét í ljós í allshn., þegar þetta mál var rætt þar, að ég óskaði eftir að mega kynna mér málið betur, en tók fram jafnframt, eins og ég ætla, að hafi komið í ljós hjá meiri hl., að það væri alls ekki tilætlunin að beita mér á móti málinu. Nú hefi ég kynnt mér þetta mál, en vildi gjarnan, ef kostur væri, fá að sjá álit framfærslunefndar Reykjavíkur, áður en málið verður afgr. út úr d. Hinsvegar finnst mér ekki koma að sök, þó að 2. umr. sé lokið áður en þetta álit liggur fyrir, því að vitanlega hafa menn heimild til að greiða atkv. með brtt. við 3. umr., þó að þeir hafi hleypt málinu óbreyttu það áleiðis.

***Ólafur Thors:** Það er eingöngu af því, að mitt nafn hefir verið dregið inn í þessar umr., að ég vil taka fram, hver afskipti ég hefi haft af þessu máli. — Það var fyrir alllöngu, að þess var óskað, að ég kæmi til viðtals við n. kvenna í suðurstofu Ed. Ég gat ekki orðið fullkomlega við þeirri ósk, af því að búið var að stefna öðrum mönnum til viðtals við mig. Ég gat með því að hraða þessu samtali komið á fund þessara kvenna. Höfðu þær þá, að því er mér skildist, talað við einhverja úr Alþfl. og Framsfl., en þegar ég kom þangað, var enginn þm. þar viðstaddur nema hv. 10. landsk. Mér voru tjáðar lauslega þessar till., án þess að skýringar á þeim fylgdu þar með. Ég lét falla þá umsögn, að mér væri ljóst, að þessar konur væru ekki að flytja þetta mál í öðrum tilgangi en þeim, að reyna að ráða bót á vandkvæðum þeirra, sem verst væru settir í þjóðfélaginu, og út frá því sjónarmiði vildi ég styðja þeirra mál, án þess að ég gæti bundið mig og ennþá síður mína flokksmenn til að fylgja þeim ákvæðum, sem þær vildu láta lögfesta. — Svo heyrði ég ekki meira um þetta mál, þangað til það var borið fram. Ég sneri mér til fulltrúa Sjálfstfl. í allshn. og bað þá að flýta fyrir málinu og vera því velviljaðir eftir því, sem þeir sæju málefnalega ástæðu til, en tjáði þeim um leið, að málið væri svo nýframkomið, að ég hefði ekki persónulega myndað mér skoðun um, að hve miklu leyti ég gæti fylgt því. Báðir nm., hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf., tjáðu mér, að þeir væru mótfallnir einstökum ákvæðum, sumum a. m. k., og þeir mundu ekki geta fylgt frv., og ekki taka ákveðna afstöðu fyrr en þeim hefði borizt umsögn þeirra aðilja, sem þeir töldu sjálfsagt, að ættu að láta í ljós álit sitt á málinu. Ég hefi ekki haft aðstöðu til að hreyfa málinu á flokksfundi, til þess að fá þar vilja flokksins fram, en mér þykir líklegt, að þetta frv. verði ekki fremur flokksmál hjá Sjálfstfl. en önnur mál hér á þingi. Það er ekki þess eðlis, að það sé eðlilegt, að það sé flokksmál.

Ég tel mig þá hafa með þessu gert grein fyrir mínum persónulegu afskiptum af þessu máli, en það mun koma í ljós á sínum tíma, hvernig einstakir þm. Sjálfstfl. taka undir það.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Jakob Möller:** Ég get upplýst það, að umsögn sú um þetta frv., sem hv. meiri hl. allshn. hefir mælzt til að fá frá framfærslunefnd Reykjavíkurbæjar, mun vera á leiðinni. Það kann því að vera óþarft að taka málið til umr. á þessu stigi, þar sem þetta er vitanlegt, að upplýsingar eru á leiðinni. Mér finnst því, að það megi bíða þangað til þær koma, úr því að farið var fram á að fá þær, og meiri hl. n. hefir ekki enn fengið tækifæri til að gera sér grein fyrir frv. og taka afstöðu til þess. Hv. flm. virðist hinsvegar hafa gefið sér nægilegan tíma til að undirbúa málið, ef undirbúningurinn hefir staðið yfir allan tímann frá því, að þingið var sett, eða jafnvel lengur.

Ágreiningur sá, sem hér er um að ræða, kom fram þegar er átti að framkvæma lögin og var risinn út af því, hvernig ætti að skilja síðasta málsl. 22. gr. laganna. Út af þessum ágreiningi, sem varð upphaflega á milli meiri og minni hl. framfærslunefndar Reykjavíkur — ég veit ekki, hvort hann hefir komið víðar fram — felldi atvmrh. úrskurð, sem gekk á móti skoðun meiri hl. framfærslunefndarinnar. En síðar kom það í ljós samkv. umr. um framfærslulögin á síðasta þingi, að meiri hl. framfærslunefndar hafði haft rétt fyrir sér. — Ágreiningurinn var um það, hvort í 22. gr. laganna fælust fyrirmæli um, að valdsmaður skyldi alltaf leita umsagnar framfærslunefndar í þeim tilfellum, sem þar um ræðir. Meiri hl. n. taldi svo vera, en ráðh. leit svo á, að honum væri það í sjálfsvald sett. Því var haldið fram af minni hl. framfærslunefndar og ráðh., að það bæri að skilja þetta ákvæði svo, að það væri öllum í sjálfsvald sett, hvort þeir leituðu umsagnar eða ekki. Í sjálfu sér er þetta ekki annað en útúrsnúningur á orðalagi gr., enda voru leidd rök að því með því að fletta upp í umr. þeim, sem urðu um þetta. Upphaflega var það þannig í frv., að valdsmanni væri skylt að leita álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar. En af þm. Alþfl. hér í þessari hv. d. var svo borin fram till. um að bæta við orðunum: eða annara kunnugra. Valdsmaður má því velja um, hvort hann leitar álits framfærslunefndar, hreppsnefndar eða annara kunnugra. Svo bar hv. 2. þm. N.-M. fram brtt. á þá leið, sem þessi lagastafur hljóðar nú. Nú er enginn vafi á því, að það var ákveðinn vilji síðasta þings fyrir því að hafa þetta ákvæði eins og það hefir verið skilið af framfærslunefnd, en gagnstætt því, sem ráðh. hefir skilið það. Nú er farið fram á að breyta þessu ákvæði, ekki aðeins gegn skoðun framfærslunefndar, heldur er gengið enn lengra, eins og menn sjá, ef þeir bera saman þetta frv., sem hér liggur fyrir, og gildandi lagaákvæði, þar sem er í frv. í rauninni algerlega felld niður skylda valdsmanns til þess að leita álits nokkurs manns um hag viðkomandi styrkþurfa. — Í 3. gr. frv. er mælt svo fyrir, að kona skuli leggja fram skrifl. umsókn, og skuli fylgja henni skýrsla umsækjanda, gefin af henni sjálfri, og aðrar upplýsingar þarf valdsmaður ekki að fá til þess að kveða upp úrskurð heldur en skýrslu, gefna af konunni sjálfri. Að vísu er valdsmanni svo heimilt að leita staðfestingar á skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til, en þetta virðist ekki þýða annað en það, að það eigi að láta konuna sjálfa staðfesta skýrsluna með því að taka af henni réttarskýrslu, eða að fá réttarlega staðfestingu skýrslugjafa á því, að skýrslan sé rétt, en hinsvegar alls ekki leita álits viðkomandi manna um það, hvort skýrslan sé rétt. M. ö. o. er eftir frv. enn minni trygging heimtuð fyrir því, að réttar upplýsingar séu fengnar um hagi þessara styrkþega, heldur en er þó í l. eins og þau eru nú, og þótt þau séu skilin eins og úrskurður ráðh. bendir til. Þetta fyrirkomulag er alveg í fyllsta ósamræmi við ákvæði l. að öðru leyti, því að ef hv. þm. lesa 23. gr., þá sjá þeir, að reglur um þetta eru byggðar algerlega á því, að meðlögin séu ákveðin eftir því, sem talið er, að þurfi, en ekki að sjálfsögðu eins og framfærslan kostar. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að þessi styrkur af hálfu hins opinbera sé mismunandi eftir efnum og ástæðum styrkþurfa.

Eins og ég sagði, þegar þetta mál kom fyrst til umr., þá stafar þetta af því, að það er í raun og veru verulegur ágreiningur milli þingsins annarsvegar og þess aðilja, sem hefir tekið þetta mál að sér, sérstaklega svokallaðrar mæðrastyrksnefndar hér í Reykjavík, sem heldur því fram, að ekkjur, sem eiga börn, eigi alltaf undir öllum kringumstæðum rétt til framfærslustyrks fyrir börn sín af opinberu fé, án tillits til þess, hvernig hag þeirra er farið. Þetta hefir löggjafinn ekki getað fallizt á og heldur því fram, að þær eigi að vísu að fá styrk til framfærslu börnum sínum, en eftir því, sem þörf þeirra krefur. Ef þær hafa efni til þess að lifa á eigin spýtur, þá fá þær engan styrk, en annars eftir því, sem ástæður eru til. Það er augljóst, að breyt. sú, sem farið er fram á í frv. á þessu, er í ósamræmi við önnur lagaákvæði um þetta, og það nær þess vegna engri átt, að þessi breyt. verði nú gerð á þessu.

Alveg sama máli er að gegna um fleiri gr. frv., að þær eru í ósamræmi við löggjöfina, eins og t. d. 4. gr. og 8. gr.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta að sinni. Þetta er aðeins 2. umr. málsins, svo að það á eftir að koma til 3. umr., en þá verður væntanlega komin fram umsögn framfærslunefndar hér í bænum og afstaða meiri hl. allshn. verður þá orðin skýrari.

En ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti því, að málið nái fram að ganga.

*__Pétur Ottesen:__ Það voru aðeins örfá orð út af deilu, sem varð hér fyrr við þessa umr. út af þeim ummælum, sem hv. 1. landsk. hafði um viðtal við formenn stjórnarflokkanna af hálfu þeirra kvenna, sem standa á bak við þetta mál. Mér virtist hv. þm. vilja færa þau ummæli yfir á það, að bak við þau stæðu flokksvilji. Mér virtist hann gefa þetta í skyn með því að segja þau orð, sem ég skrifaði orðrétt niður eftir honum, en þau voru þannig: „Og mætti því vænta þess, að það yrði ekki ágreiningur um meginatriði þessa frv.“ Mér virtist, að hv. þm. vildi láta skina í það með þessu, að hér lægi einhver flokksvilji bak við, en ég vil mótmæla því, að svo sé að því er snertir Sjálfstfl.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Ég hefi ekki hlustað á nema lítið eitt af þeim umr., sem orðið hafa um þetta frv. til breyt. á framfærslulögunum. En ég hefi kynnt mér töluvert ýtarlega þessar brtt. eins og þær liggja fyrir nú, og ég álít, að þær séu flestar til mikilla bóta frá því, sem nú er. Ég hefi ekki séð neitt í þessum till., sem er til hins verra. Ég vil því mæla með því, að þessar breyt. á núgildandi framfærslulögum séu samþ. eins og þær liggja fyrir.

Af þeirri þekkingu, sem ég hefi á þessum málum, fyrst sem fulltrúi hjá bæjarfógetanum í Reykjavík og síðar sem lögreglustjóri, þá vil ég segja það, að eins og framfærslulögin eru nú,

án þeirra breyt. sumra, sem hér er farið fram á, þá eru þau að ýmsu leyti óeðlileg í framkvæmd. Ég vil því mæla mjög með því, að þessar breyt., sem hér liggja fyrir, verði samþ. Þær eru gerðar í höfuðatriðum af þeim aðilja, sem hefir mjög vel kynnt sér þessi mál, og þess vegna byggðar á reynslu í þessum efnum. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þessar till., a. m. k. ekki að svo stöddu, nema þá sérstakt tilefni gefist til þess.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég verð að lýsa yfir undrun minni á því, að þetta mál skuli vera fram komið á þessu þingi, því að eins og fram hefir komið í umr., þá voru framfærslulögin, þessi lagabálkur, sem menn virðast þekkja að vísu, en misjafnlega vel, bæði utan þings og innan, samþ. á síðasta þingi og eru því að byrja að koma til framkvæmda. Nú er engan veginn hægt að segja, að þau séu fullreynd í framkvæmd. Það má segja, að þau séu óreynd í framkvæmd, og sérstaklega gildir það um mörg atriði þeirra, sem að sumu leyti eru nokkuð ný, en að sumu leyti eldri ákvæði uppdubbuð, sem ekki höfðu sætt neinum sérstökum mótmælum á meðan þau voru í gildi, og enginn áróður var um að rifta eða breyta því, sem gilt hafði um sumt af því sama, sem hér liggur fyrir.

Í annan stað var það svo, að þessar breyt. lágu svo að segja allar fyrir á síðasta þingi undir meðferð málsins. Þær lágu fyrir n., og mér er kunnugt um, að n. hafði töluvert með þetta að gera, og að lokum var n. á móti því að taka þetta til greina. Og við nákvæma yfirvegun hjá þeim hv. þm., sem líka höfðu með þessar brtt. að gera, varð það líka niðurstaðan, að það ætti ekki við og væri sumpart óhæfilegt að samþ. þær, af því að þær færu í bága við þær reglur, sem verður að telja, að eigi að gilda jafnt um alla aðilja, sem hér koma til greina, en það eru barnsmæður, sem hér er verið að ragast í. Það er því einkennilegra að heyra hæstv. forsrh. standa hér upp og segja, að hann sé farinn að kynna sér málið, væntanlega nú fyrst á þessum tíma, þar sem málið lá fyrir síðasta þingi og þá var rætt um það. En þá hefir hæstv. forsrh. ekki kynnt sér það og ekkert vitað um þetta, því að hann sagði, að nú nýlega hefði hann kynnt sér það töluvert ýtarlega. Það ætti nú ekki að vera nein furða, þó að maður, sem sæti á á þingi, kynnti sér það, sem fyrir þinginu liggur svo ýtarlega, að hann gæti gert sér grein fyrir því, en hæstv. ráðh. talaði um það sérstaklega og lýsti því yfir, að hann hefði kynnt sér þetta mál og gert það töluvert ýtarlega. En það virtist koma í ljós, að hann hefði alls ekki kynnt sér málið ýtarlega, því að það er ótrúlegt, að hann sem lögfræðingur, og að því er hann segir nákunnugur þessu máli frá því að hann var fulltrúi hjá bæjarfógeta, skuli ekki hafa rekið augun í það í þessum brtt., sem er í ósamræmi við þær reglur, sem gilda að öðru leyti um samskonar atriði í lögum. En í þessu liggur vafalaust þannig, að upp á síðkastið og strax í fyrra var hafinn kröftugur áróður í málinu. Manni virðist það einkennilegt, að þegar n. í þinginu og undirbúningsnefnd milli þinga og síðan allir hlutaðeigendur í bænum voru sammála um, að lögleidd skyldu þau framfærslulög, sem lágu fyrir, og a. m. k. ekki að taka til greina þessar brtt., þó að annað kunni að hafa orkið tvímælis af því, sem var lögfest. En áróðurinn hefir magnazt síðan hjá einum aðilja, nýtilkomnum, sem ég veit ekki, hvort maður á að titla sem sérstakan aðilja, en það er n., sem kallar sig mæðrastyrksnefnd, sem vill sýnilega ráða mestu um þetta í trássi við þær lögskipuðu n., sem eru hér í bænum. Það hefir verið leitað álits framfærslunefndar, en það hefði mæðrastyrksnefndin átt að gera, að leita til þeirrar n., sem bar ábyrgð á framkvæmd þessa máls. En álits hennar hefir nú verið leitað, og hvort sem það er komið í hendur n. eða ekki, þá er það víst, að n. leggur á móti till. Hún sér vitanlega ekki ástæðu til þess að lögleiða þetta, né að það sé heppilegt að lögleiða þetta, sem vitanlega er komið fram vegna áróðurs, sem sést á því, hvernig það er borið fram. En það er borið fram af tveimur hv. þm. af flokkslegum ástæðum, ef ekki persónulegum í þokkabót. Þegar svo á að hamra þetta í gegn, þá er það gefið upp af hv. frsm. minni hl., að þetta sé ágreiningslaust mál, sem fyrir jólin í vetur olli svo miklum ágreiningi, að ekki þótti fært að lögleiða það. Hann sagði ennfremur, að n. hefði rætt þetta við formenn flokkanna, og hefði þeim komið saman um, að málið ætti að fá góða meðferð og afgreiðslu. Hv. frsm. vænti þess að þar sem þeir féllust á þetta, foringjarnir, þá myndu hinir greiða þessu atkv. sitt. Ég tel vafalaust, af því að hv. frsm. er kunnugt um þetta mál og afstöðu manna og flokka í því, þar á meðal sumra í hans eigin flokki, sem eru á móti þessu, þá hafi hann mælt þessi orð til þess að reyna að afla málinu fylgis á óáreiðanlegum grundvelli. Nú hefi ég og ýmsir aðrir þá sömu skoðun eins við höfðum fyrir jólin í vetur, þegar þetta mál var athugað, og það töluvert ýtarlega, hvort sem hæstv. forsrh. hefir verið með í því eða ekki. Það var þá athugað ýtarlega og fyrr en hann fór að athuga það, en gr. þessa frv. eru samskonar og þær, sem fram voru bornar af mæðrastyrksnefndinni í vetur, og geta ekki samrýmzt löggjöfinni eins og hún er og eins og til var stofnað, að ætti að vera, ef jafnrétti og fyllsta réttlæti á að ríkja. Það er fyrst og fremst það, að minni hl. n., en ég vil telja hann fyrir þessum brtt. eða þessu frv., vill lögleiða, að það skuli undir vissum kringumstæðum afnema þann mælikvarða, sem talinn hefir verið, og það líka í framfærslulögunum, réttur undir öllum atvikum, þar sem slíkt á við. En það er, að sveitarstjórnir þurfa ekki, þegar þær greiða út meðlög, að greiða hærra en hið löglega meðalmeðlag. Eins og allir hv. þm. vita, þá er þetta ekki óeðlilegt, með því að meðalmeðlagið er þannig til komið, að sýslunefndir eiga að gera till. um þetta, og það eru undir venjulegum kringumstæðum þær sömu sem stjórnarráðið síðan staðfestir. Þetta meðalmeðlag er misjafnt í sveitum annarsvegar og kaupstöðum hinsvegar, en það er ákveðið eins og sýslunefndirnar komast næst því, hvað það kostar að framfæra börn í hverju héraði. Þá var svo tilskilið í lögunum og líka í framfærslulögunum, að sveitarstjórnirnar, sem eftir ákvæðum laganna

verða að borga með börnum, skuli þó ekki þurfa að hlíta úrskurðum, sem eru mjög misjafnir og oft í ósamræmi við það, sem gildir í héraðinu, heldur er þeim gefinn sá réttur að þurfa ekki að greiða meira en ákveðið meðalmeðlag, sem gildir í héraðinu, þar sem börnin eru. En stefnan í þessum brtt. er sú, að afnema þetta, þannig, að það sé helzt meira og að sumu leyti ávallt meira en meðalmeðlag. Í 1. gr. frv. vill meiri hl. n. breyta þessu svo, að þegar um fráskildar konur er að ræða, þá verði það þannig, að aldrei sé minna greitt en meðalmeðlag, og er þetta breyt. á 10. gr. laganna. Þá er farið fram á það, að breytt verði því, sem 15. gr. í hinum nýju l. ákveður, að sveitarstjórnir verði ekki krafðar af fósturforeldrum meira meðlags en meðalmeðlags. En minni hl. vill breyta því svo, að þar komi: „venjulegrar meðgjafar með börnum í hreppnum eða kaupstaðnum". — Nú getur það breytzt, en það er ekki ástæða til í þessu tilfelli að breyta út af því, að meðalmeðlag skuli vera það, sem gildir. En það er verið að reyna að komast hjá því að binda sig við meðalmeðlag. Nú gildir það ekki nema í þrjú ár, og er þá ákvarðað á ný, svo að það er ekki mikil hætta, þótt þessu löggilta formi sé fylgt, að sveitarstjórnirnar fái að halda sér við meðalmeðlag og ekki sé krafizt annars eða meira.

Þá er 3. gr. frv., sem ætlast til þess, eins og tekið hefir verið fram, að 22. gr. l. verði breytt þannig, að þar sem ákveðið er, að valdsmaður skuli leita álits framfærslunefndar, þá skuli það ekki vera, en það skuli vera nóg undir öllum kringumstæðum, að sú ekkja, sem í hlut á, leggi fram skrifl. umsókn og gefi sjálf skýrslu. og hana á valdsmaður að taka trúanlega, en honum er heimilt að leita staðfestingar á skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til. Nú er það ekki svo, að valdsmaður eigi í sjálfu sér og undir öllum kringumstæðum sjálfur að bera ábyrgð persónulega og hagsmunalega á því, sem hann er að úrskurða um. Það er ekki honum til tryggingar, sem þetta er sett, heldur til þess að tryggja þeim sveitarstj. og þeim aðiljum, sem eiga að greiða þetta, að enginn úrskurður sé kveðinn upp af valdsmanni órökstuddur og án þess að full gögn liggi fyrir hendi. Í 22. gr. l. er sagt, hvaða stoðir eigi að renna undir úrskurð valdsmanns. Hann á að leita álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar, og það má ekki minna vera en hann leiti umsagnar þeirra, sem kunnugir eru. En frv. vill ekki, að þetta sé í l. Það á að byggja úrskurðinn í lausu lofti. Það er aðeins heimilt að leita staðfestingar, en ekkert tiltekið, hjá hverjum. Það er svo mikil vitleysa í þessari gr., að mig undrar það, að þetta skuli flutt af hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. Brtt. segir: Skal kona leggja fram skrifl. umsókn. — Hvaða kona? Það er hér í l. verið að tala um ekkjur og engar aðrar konur, en svo kemur þetta þarna eins og skrattinn úr sauðarleggnum, að það er einhver kona, sem á að leggja fram skriflega umsókn. Þegar búið er að tala um ekkjur í l., þá er viðbótin, sem á að koma eftir frv.: „Skal kona leggja fram skrifl. umsókn" o. s. frv. — Nú er náttúrlega meiningin, að þetta sé ekkja, en þetta er lagalega bæði að formi og efni óhæfilega fram sett og nær engri átt, og ég álít það ekki rétt, enda þótt hæstv. ráðh. sé í bandalagi við annan flokk, að hann fylgi honum til alls. — Þá segir ennfremur í 3. gr., sem er brtt. við 22. gr. laganna — þar sem talað er um þetta, að kona skuli leggja fram skriflega umsókn (hvaða kona?) —: „og fylgi henni skýrsla umsækjanda, gefin af sjálfri henni". Hverri? (JakM: Konunni). Já, kannske sé átt við konuna.

Ég veit, að þessir menn kunna að orða lög, og því undrast ég, að þeir skuli orða svo, að óskiljanlegt verður, en nú mun það vera orðin tízka að orða lagafrv. eins og blaðagreinar, svo að ekki fellur neitt í venjulegar skorður. Það eru ekki nema nokkrir mánuðir — eða rétt fyrir jólin — síðan l. þessi voru samþ., en nú er lagt til, að 26. gr. verði felld niður, og í samræmi við það 62. gr. Þessar gr. tala um það, hvernig meðgjöf skuli greidd með börnum eftir að kona giftist aftur. Nú vill þetta áróðursfólk fá þessu breytt, og hæstv. forsrh. flýtti sér að troða hér upp til að taka undir það, að nú skyldi þessu breytt, þannig, að þegar kona giftist aftur, þá skuli faðir barnanna halda áfram að kosta framfærslu þeirra eða uppeldi. Nú er það vitað, að þegar ekkja hefir fengið úrskurð, þá er sá úrskurður kveðinn upp vegna þess, að hún er ekkja, en þegar hún er aftur gift, þá er hún lagalega komin í þá aðstöðu, að hún á ekki að fá greitt meðlagið lengur frá sínum fyrra barnsföður eða framfærslusveit, enda er það órétt gagnvart öðrum konum. En nú vill þetta áróðursfólk beita sér fyrir því af miklum móði, að ekkjan haldi meðlaginu þrátt fyrir það, að hún giftist aftur og maður hennar sé þá lagalega orðinn faðir barna hennar eða skyldugur um framfærslu þeirra, þ. e. án tillits til löggjafarinnar í öllum tilfellum öðrum.

Ég vil t. d. minna hæstv. ráðh. á það, að í l. um lífeyrissjóð barnakennara og l. um lífeyrissjóð embættismanna er tekið til og áskilið, að greiðslur úr þeim sjóðum falli niður, ef ekkja giftist aftur, og eftir almennum skilningi er þetta líka rétt. Þetta vill áróðursfólkið fella burtu, til þess að þessar konur verði í ósamræmi við aðrar konur, og eins og ég hefi bent á, í ósamræmi við önnur l., eins og t. d. lífeyrissjóðslögin.

Svo skal ég aðeins benda á 6. gr., sem er brtt. við 3. gr. l., en þar er talað um ráðstafanir, sem framkvæma megi eftir tillögum barnaverndarnefna eða skólanefnda, og skuli farið eftir þeirra áliti, eftir því sem við verði komið, og þetta er eðlilegt, og þarf að vera eitthvert svigrúm til að fara eftir. — Þessu vilja þeir nú breyta, sem að þessum brtt. standa, strika þessi orð burtu, og er þá vitanlega tilgangurinn, að fara skuli eftir þessum till. n. undir öllum kringumstæðum. Nú er sagt, að þessar n. eigi að hafa málin til að reyna að leysa þau. Má því ætla, að till. þær, sem þessar n. kunna að gera eftir tilraunir sínar, séu ekki svo ákveðnar, að rétt sé að löghjóða að fara eftir þeim, og geta þær verið svo óákveðnar, að vel getur brugðið til beggja vona að fara eftir þeim. Þess vegna er í gr. eins og hún er tekið rétt á þessum málum, því að það fer ekki alltaf að öllu leyti vel að fara eftir till.,

sem byggðar eru á slíkum tilraunum, heldur verður að taka þær eftir því, sem nauðsynlegt og gagnlegt þykir.

Niðurstaðan af þessu verður því sú, að þessar till. eru sumar óframbærilegar og að sumu leyti ekki tímabærar, hvað snertir framkvæmd laganna. Ég fullyrði, að lögin hafa ekki sýnt í framkvæmdinni, að nauðsynlegt sé að breyta þeim, og mun tíminn leiða það betur í ljós. — Að öðru leyti liggja ekki fyrir neinar rökstuddar kærur heiman úr héruðum, en þessi l. eru ekki aðeins samin fyrir Reykjavík, heldur vil ég minna á, að þau gilda fyrir landið allt, og mætti hv. 1. landsk. gjarnan heyra það og vera kunnugt um, að framfærslulögin eru fyrir landið allt, en ekki aðeins fyrir Reykjavík, og þaðan af síður fyrir eina undirnefnd, og þegar formlega er upplýst, að sú n., sem komin er upp samkv. l. þessum, framfærslunefndin hér í Reykjavík, leggur á móti þessu frv., sé ég enga ástæðu til að taka þetta mál alvarlegar en rök liggja til. — Ég býst því við, að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir, að þessar breytingar eru á alls engan hátt réttlætanlegar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég býst við, að hv. þm. muni, þegar þeir bera saman 1. gr. frv. og 10. gr. þeirra laga, sem samþ. voru í fyrra, fagna þeirri breyt., sem hér er lagt til, að verði gerð, og sjá, að þær eru ekki þess efnis, sem hv. þm. V.-Sk. hélt fram. Hv. þm. þurfa ekki annað en lesa saman þessar gr., og þá verður þeim málið ljóst; þarf því ekki að rökræða þetta atriði.

Það, sem hv. þm. hefir á móti 3. gr. frv., er, að hann vill álíta, að þessar breyt. séu til hins verra fyrir valdsmann, en það virðist vera algerlega óþarft að skylda valdsmann með lögum til þess að leita staðfestingar á skýrslu konunnar, ef hann álítur, að sú skýrsla sé sönn og rétt, því að þá er ástæðulaust fyrir hann að leita staðfestingar. Er alger óþarfi að binda þetta í lögunum, því að ég sé ekki, hvaða bót er að því að skylda valdsmanninn til þessa; getur það aðeins valdið óánægju og torveldar afgreiðslu, því að það leiðir af sjálfu sér, að eftir því sem fleiri eru riðnir við afgreiðslu málsins, gengur hún seinna.

Viðvíkjandi 4. gr. eða því, að framfærsluskylda manns falli niður, er konan giftist aftur, sé ég enga ástæðu til að halda því, sökum þess, að hún er tvímælalaust röng. Ég hefi rekið mig á það, að þetta er ranglátt og til stórbaga, eins og fyrirkomulagið er nú, og sé ég enga ástæðu til að halda því. Tel ég það réttlætisatriði fullkomið, að kona haldi framfærslueyri frá manni sínum með börnum þeirra, þó að hún giftist aftur.

Viðvíkjandi brtt. við 43. gr. er það vitanlega ekki rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að sú brtt. valdi því, að alltaf verði farið eftir till. nefndanna, en orðalagið dregur aðeins nokkuð úr því valdi, sem eftir 43. gr. er falið þessum n., og er því breytt til bóta með niðurfellingu þessara orða. Þó er á engan hátt átt við, að undir öllum kringumstæðum skuli farið eftir till. n., þó að þær séu óframkvæmanlegar. En ef orðalagið stendur óbreytt, þá gefur það undir fótinn um, að ekki þurfi meira en svo að fara eftir þessum tillögum nefndanna.

Önnur atriði voru það ekki, sem hv. þm. fór út í, og sé ég því ekki ástæðu til að gera þau að umtalsefni.

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á því, að prentvilla hefir slæðzt inn í 6. gr. frv., og vildi ég biðja hæstv. forseta að leiðrétta það, að í staðinn fyrir orðin „eftir því, sem ...“ komi: að því leyti, sem ...

Um frv. þarf ég ekki að vera langorður, þar sem hæstv. forsrh. hefir svarað þeim andmælum, sem fram hafa komið hér í þessari hv. d. Ég vil geta þess út af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði — og tók hann þar undir við hv. þm. Borgf. —, að ég hefði gefið í skyn, að máli þessu væri tryggður framgangur hér í þinginu, vegna þess að mæðrastyrksnefndin hefði rætt við formenn flokkanna, að sé hv. þm. V.-Sk. eitthvað óánægður við kvenfólkið, sem mér fannst hann vera út af því, að það hafi gengið framhjá honum sem einum foringja Sjálfstfl., þá verður hann að eiga um það við hv. þm. G.-K., sem konurnar töldu form. þess flokks og áttu viðtal við.

Í annan stað var þessi hv. þm. að fetta fingur út í það, að notað skyldi vera í frv. orðið kona, eða að ekkja skyldi kölluð kona. Skildist mér sem hann teldi vafa leika á um, að ekkja væri kona. Það getur verið, að hv. þm. þekki einhvert dæmi þess, að ekkja sé ekki kona, en ég þekki ekkert slíkt dæmi. Ég held því, að orðalag gr. sé vel skiljanlegt, og nægilega skýrt að tala um ekkju sem konu.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um þessa gr. frv. og sagði, að sér virtist óhæfilegt að láta nægja umsókn ekkjunnar einnar, og skildist honum, að eftir þessu gæti valdsmaður ekki annað gert en staðfest skýrslu hennar. En eins og ég hefi sagt við þennan hv. þm. í einkasamtali, þá sé ég ekki, að það hafi neitt að segja, þó að valdsmaður kalli konuna fyrir sig eina eða hafi vitni við, því að hann hefir opna leið til að leita umsagnar allra, sem honum finnst ástæða til eða þörf vera á.

Þetta átti ekki að vera nema stutt aths., og skal ég því ekki orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að frv. fari nú til 3. umr., og þá gefst allshn. tækifæri eða meiri hl. hennar til að athuga þetta nánar.

Út af orðum hv. þm. V.-Sk., að framfærslunefnd Reykjavíkur hefði mælt á móti þessu frv., vil ég taka það fram, sem hann mætti vita, að þessi lög eru fyrir fleiri staði en Reykjavík, eins og þessi þm. tók líka fram sjálfur. Má því ætla, að ágallar frv., þeir sem nú á að bæta úr, komi alstaðar í ljós, bæði í Rvík og utan. En aðalatriði frv. er að gera rétt ekknanna nokkru fyllri og betri en er eftir lögunum, og eiga ekkjur utan Reykjavíkur engu síður rétt á, að bætt séu þeirra kjör.

***Jakob Möller:** Það er ágreiningur milli mín og hv. 1. landsk. um orðalagið á 3. gr. frv., þar sem talað er um að leita staðfestingar á skýrslu

konunnar. Hann vill þýða þetta á þá lund, að valdsmaður eigi rétt á að leita sjálfstæðra upplýsinga, burtséð frá skýrslunni. Þetta nær vitanlega engri átt, og ég vil spyrja hv. 1. landsk. og aðra hv. þdm., hvort þeir hafi lesið 22. gr. l. og borið saman við frv. — Í 22. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar, þar sem ekkjan á heima, og annara kunnugra, telji hann þess þörf, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn."

Hvað þýðir þetta orðalag? Um það er ekki ágreiningur, heldur hvort ávallt skuli leita umsagnar þessara aðilja og auk þess annara kunnugra manna, eða ekki.

Hæstv. forsrh. hefir fellt sinn úrskurð, og ég spyr, hvort ekki megi búast við útúrsnúningi á þessari gr. Ég er sannfærður um, að ef samþ. verður þetta orðalag frv. og kemur til framkvæmda, þá muni hæstv. atvmrh. og fólk af hans sauðahúsi halda því fram, að valdsmanni sé ekki heimilt að leita upplýsinga. Ég hefi spurt 2 lögfræðinga um þetta, og eru þeir sömu skoðunar og ég, að valdsmaður hafi aðeins heimild til að láta konuna staðfesta sína eigin skýrslu. (**StJSt**: Má ég skjóta inn í? Ég skyldi gjarnan vera með brtt. í þessa átt). Þetta er þó ekki svo mikilsvert í sjálfu sér, heldur hitt, að tekin er af valdsmanni skyldan til að afla sjálfstæðra upplýsinga, en til þess hefir hann enga aðstöðu, nema gegnum framfærslunefnd eða hreppsnefnd, og er sjálfsagt að snúa sér til þeirra, m. a. vegna þess, að ef leitað er upplýsinga annarsstaðar, þá er hætt við, að glundroði kæmi í allt saman, vegna þess að persónur geta notið allt annara kjara eftir umsögn óvilhallra manna, og verða því upplýsingar í þeim tilfellum til óhags. En hvað sem þessu líður, þá er sjálfsagt að tryggja það eins og hægt er, að jafnt gangi yfir alla og allir njóti sama öryggis.

Um önnur atriði skal ég ekki verða langorður. Ég vil benda hv. þm. á, hvernig samræmi muni verða í lögunum, þegar búið er að fella niður 26. gr., þar sem segir svo: „Nú giftist ekkja, sem meðlög fær með börnum sínum samkv. fyrirmælum þessara laga, og falla þá meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi." Og í 4. gr. l. segir: „Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar," o. s. frv. — Til hvers er að fella niður 26. gr., ef skylda mannsins helzt eftir sem áður samkv. 4. gr. alveg tvímælalaus? Hinsvegar virðist sem ruglað sé saman við framfærsluskyldu föður, sem skýrt er tekið fram í 4. gr. Mér finnst því, að þessi breyt., að fella niður 26. gr., sé alls ekki til bóta, heldur til þess eins að valda ruglingi. Svipuðu máli gegnir um það ákvæði frv., að fella niður 62. gr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:5 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 14:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:7 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 512, 518, n. 522).

Frsm. 2. minni hl. (Thor Thors): Ég þarf ekki að vera margorður um þetta mál. Eins og getið var um við 2. umr. málsins, leitaði 2. minni hl. allshn., ég og hv. 8. landsk., álits framfærslunefndar Reykjavíkur um þetta mál. Þetta álit er nú komið og er prentað sem fskj. með nál. 2. minni hl. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi lesið þetta álit framfærslunefndar, og skal ekki rekja það með mörgum orðum, enda er búið að þrautræða þetta frv. við 2. umr., og reyndar líka við 1. umr.

Með tilliti til þess álits frá framfærslunefnd Reykjavíkur, sem í þessum efnum hefir mesta reynslu, teljum við ekki rétt að samþ. þetta frv. Hér er líka um það að ræða að breyta lögum, sem búið er að samþ. fyrir fáum mánuðum og þar af leiðandi hafa lítið verið reynd, — lögum, sem voru undirbúin af mþn., sem að mestu starfaði á ábyrgð núv. stjórnarfl. Ég tel sjálfsagt, að þegar reynsla hefir fengizt á lögunum — og það verður þegar á næsta þingi —, þá verði þau tekin til athugunar. Ég geri ráð fyrir, að við framkvæmd laganna komi margt fram, sem betur mætti fara á annan hátt. Þess vegna teljum við ekki aðkallandi nauðsyn á að breyta lögunum nú á þessu þingi. Eins og málið liggur fyrir, má segja, að sum ákvæði frv. hafi nokkrar réttarbætur í för með sér fyrir nokkrar konur, en þá auðvitað á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga. En ég tel ekki, að þessar réttarbætur séu svo mikilsvarðandi, að nauðsyn beri til þess að hlaupa nú þegar í að breyta l., enda þótt ég hafi nokkra tilhneigingu til að fylgja þessu frv. að nokkru leyti.

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Við 2. umr. málsins, og reyndar við 1. umr. líka, gerði ég ýtarlega grein fyrir þessu frv. og tel því ekki ástæðu til að fara nánar út í það að þessu sinni. En í sambandi við þann ágreining, sem komið hefir fram um skilning á niðurlagi 3. gr., hefi ég leyft mér að bera hér fram brtt. á þskj. 518, og tekur hún af allan vafa um það, að þegar valdsmaður hefir fengið skýrslu frá konu, sem sótt hefir um meðlag samkv. framfærslul., þá hefir valdsmaður heimild til að leita staðfestingar á þessari skýrslu og óbundnar hendur um það, á hvern hátt hann leitar þeirrar staðfestingar. Mér þætti líklegt, að þeir, sem fundið hafa að orðalagi 3. gr., eða réttara sagt þeir, sem hafa viljað hártoga það, muni fallast á þessa brtt. og að með henni sé það leiðrétt, sem þeir hafa haft við þessa gr. að athuga.

Um nál. 2. minni hl. n. get ég orðið fáorður. Hv. frsm. 2. minni hl. hefir vísað sérstaklega til álits þess, sem meiri hl. framfærslunefndar Reykjavíkur gerði, en ég vil taka það skýrt fram, að það var aðeins meiri hl. framfærslunefndar, sem samþ. þetta álit, en ekki n. óskipt. Þetta mál kom til álita á fundi framfærslunefndar þann 4. þ. m., og var þá það álit, sem hv. frsm.

2. minni hl. vísar til, samþ. með 3:2 atkv. Hinsvegar létu 2 af 5 nm. bóka það, að þeir álíta breyt. til bóta og að þeir legðu til, að frv. yrði samþ. Það eru því aðeins 3 af 5 í framfærslunefnd Reykjavíkur, sem eru á móti þessu frv., en 2 af 5 eru með því.

Þar sem hér er farið lítt virðulegum orðum um mæðrastyrksnefndina, þá þykir mér rétt að geta þess hér, að mæðrastyrksnefndin er skipuð af 13 kvenfélögum, eða svo að segja öllum þeim kvenfélögum, sem starfa hér í bænum, og eru þau af öllum stéttum og stjórnmálaflokkum, enda eru í mæðrastyrksnefndinni konur af öllum stéttum og stjórnmálaflokkum, og n. hefir starfað af miklum áhuga að því að bæta hag mæðra hér í bænum og innt í því efni mikið og óeigingjarnt starf af höndum. Mér finnst það því harla óviðkunnanlegt, eins og þarna er komizt að orði, að segja, að þetta sé n. nokkurra kvenna, sem kalli sig mæðrastyrksnefnd.

Í þessu nál. eða álitsskjali meiri hl. framfærslunefndar Reykjavíkur hafa ekki komið fram önnur rök en þau, sem áður hafa verið flutt hér af andmælendum frv., og þessum rökum hefir verið svarað af þeim, sem fylgja þessu frv. Það væri því aðeins til að endurtaka það, sem áður hefir verið sagt hér í hv. d., ef ég færi að svara þessari álitsgerð meiri hl. framfærslunefndar Reykjavíkur, og get ég látið nægja að vísa til þess, sem ég og aðrir meðmælendur frv. hafa flutt hér fram við fyrri umr. Ég sé ekki, að neitt það hafi komið fram í þessu álitsskjali, sem rýri gildi frv. Það er að sjálfsögðu svo, þegar umkomulitlu fólki, sem hefir fyrir ómegð að sjá, er séð fyrir réttarbótum, þá verður það á kostnað þeirra, sem betur eru staðir, og þá fyrst og fremst á kostnað þeirra bæjar- eða sveitarfélaga, sem eiga að annast framfærslu þeirra, sem réttarbæturnar fá. Í sjálfri stjskr. er gert ráð fyrir því, að þeir, sem ekki geti séð fyrir sér sjálfir, eigi rétt á styrk úr opinberum sjóðum, svo að þegar um það er að ræða að bæta kjör þessara mæðra, þá hlýtur það að einhverju leyti að ganga út yfir bæjar- og sveitarsjóði. En þess er þó rétt að geta, að styrkur sá, sem gert er ráð fyrir í frv., að veittur sé ekkjum, sem hafa fyrir börnum að sjá, er ekki venjulegur fátækrastyrkur, eins og hann var áður, heldur er hann ákveðin upphæð, og get ég ímyndað mér, að fenginni reynslu um verkanir framfærslueyrisins yfirleitt, að þessi styrkur gæti í mörgum tilfellum orðið til þess að forða konum frá því að þurfa að öðru leyti að leita á náðir þess opinbera, og það gæti beint og óbeint orðið til þess að spara að einhverju leyti framfærslueyri frá bæjar- og sveitarfélögum, og þannig þarf ekki að vera um nein útgjöld að ræða, sem annars mundu ekki koma til greina. Að svo komnu máli verð ég að láta mér nægja að vísa til þess, sem ég hefi áður sagt um þetta mál, og legg ég til, að frv. verði samþ. með þeirri smábreyt., sem ég hefi leyft mér að bera fram á 3. gr. frv. og ég gat um í upphafi máls míns.

Frsm. 2. minni hl. (Thor Thors): Ég þarf ekki að vera langorður. Ég vil aðeins leiðrétta útúrsnúning, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þar sem hann sagði, að 2. minni hl. allshn. hefði farið miður virðulegum orðum um mæðrastyrksnefndina. Það eina, sem við sögðum um hana, var það, að það væri nefnd nokkurra kvenna. Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. landsk. geti ekki mótmælt því, að í þessari n. eru konur, og hann getur ekki heldur mótmælt því, að í henni eru aðeins nokkrar konur. Hvar eru þá hin óvirðulegu orð? Þetta er hreinn útúrsnúningur hjá hv. þm. Ég veit ekki, hversu margir félagar standa á bak við þessa mæðrastyrksnefnd, og ekki heldur, hvernig kosningu til hennar er háttað, en ég veit það, að þetta frv. er nú borið fram fyrir hreint ofurkapp af hendi nokkurra kvenna, og aðallega einnar konu hér í Reykjavík. Ég vil benda á það, að þetta mál lá alveg á sama hátt fyrir síðasta þingi, og þá komu þessar ágætu konur á fund allshn. Nd., og öll n. var þá sammála um, að ekki væri ástæða til þess, a. m. k. að svo stöddu, að sinna þessum tilmælum þeirra. Ég ætla að fullyrða, að hv. 1. landsk., sem nú telur þetta eitt af stærstu velferðarmálum þjóðarinnar, hafi á síðasta þingi verið þeirrar skoðunar, að ekki væri ástæða til að sinna þessu máli. Ég hefi orðið var við, að þetta mál er sótt með svo miklu ofurkappi, að það er engu líkara en að hv. þm. séu svo hræddir við pilsaþytinn, sem stendur í kringum þetta mál, að þeir þori ekki annað en að fylgja því. Sem dæmi þess, hve mikið þykir í húfi með framgang þessa máls, má geta þess, að hæstv. forsrh. er sóttur hingað í d. og látinn vitna hátíðlega í málinu. Mér finnst þetta ofurkapp ekki standa í réttu hlutfalli við mikilvægi málsins.

Ég held fast við það, að þessar brtt., sem sumar kunna að vera til bóta, geti mjög vel beðið þeirrar endurskoðunar, sem hlýtur að fara fram á þessari löggjöf þegar á næsta þingi, og ég fyrir mitt leyti get lofað því að taka þeim málaleitunum þá vinsamlega, þegar þær eru tímabærar.

***Frsm. 1. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Hv. þm. Snæf. vill halda því fram, að í nál. sínu og hv. 8. landsk. felist ekki álasanir í garð mæðrastyrksnefndarinnar, en það munu flestir sjá, sem lesa það, að þar er vægast sagt farið óvirðulegum orðum um þessa stofnun, sem sérstaklega hefir tekið sér fyrir hendur að gæta hagsmuna mæðranna í þessum bæ. Hv. þm. gat þess líka, að þessi félagsskapur hefði lagt á þetta mál mikið ofurkapp. Ég skal játa, að mæðrastyrksnefndin hefir í þessu máli, eins og mörgum öðrum, verið mjög fylgin sér og hefir ekki dregið sig í hlé. Það er að sjálfsögðu enginn löstur, heldur þvert á móti. — Mér virðist ekki minna ofurkapp í þessu máli af hálfu þeirra manna, sem nú vilja eyða því, þar sem það er vitanlegt, að þegar málið kom fram, þá var því vel tekið af ýmsum hv. þm., en síðar virðist hafa hlaupið ofurkapp í einstaka hv. þm., aðallega af hálfu Sjálfstfl. hér í hv. Nd., sem endilega vilja koma þessu máli fyrir kattarnef.

Viðvíkjandi afgreiðslu málsins á síðasta þingi er þess að geta, að ég og hv. 2. þm. Reykv. fluttum nokkrar brtt., sem voru felldar í lok þingsins, en sumar þeirra hnigu í sömu átt eins

og fyrirmæli þessa frv. Það fær því ekki staðizt, sem hv. þm. sagði, að öll allshn. hefði ekki viljað leggja lið sitt þeim óskum, sem þá komu fram af hálfu mæðrastyrksnefndarinnar um breyt. á framfærslulögunum. Ég man ekki vel, hvaða atriði það voru, sem við hv. 2. þm. Reykv. fluttum, af þeim, sem eru í frv., en ég skal líka geta þess, að við lögðum eindregið gegn sumum breyt. sem náðu fram að ganga á framfærslulögunum, og það er eðlilegt, að nú sé farið fram á að breyta þeim í annað horf.

ATKVGR.
Till. frá 2. minni hl. allshn., á þskj. 522, um að vísa málinu til stj., felld með 11:9 atkv.
Brtt. 518 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 575).
Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:3 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 575, n. 602, 607).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 5:8 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Síldarútvegssjóður.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um síldarútvegssjóð (þmfrv., A. 443).

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Finnur Jónsson):** Ég hefi flutt þetta frv. eftir beiðni síldarútvegsnefndar, og hefir hún samið frv. samkv. ósk félags síldarframleiðenda á Akureyri og við Eyjafjörð. Svo sem kunnugt er, þá er síldarútvegurinn að verða annar helzti atvinnuvegur þjóðarinnar, eða a. m. k. svo mikill þáttur í þjóðarframleiðslunni, að full ástæða er til þess fyrir ríkisvaldið að hlúa sem bezt að honum. Nú hefir það verið svo með þann hluta síldarútvegsins, sem síldarsöltun heitir, að til hans hafa menn ekki haft neina aðstöðu til þess að fá lánað rekstrarfé. Er það að vísu nokkuð skiljanlegt, þegar litið er á, hvað áhættusamur atvinnurekstur þetta hefir löngum verið. En með þeim ráðstöfunum, sem ríkisvaldið gerði með skipun síldarútvegsnefndar, þar sem hún hefir bæði eftirlit með framboði á síld og að ekki sé framleitt meira heldur en líkindi eru til, að seljist, þá er ekki hægt að neita því, að skipt hefir nokkuð um í þessu efni, þannig að síldarsöltun er ekki nærri eins áhættusöm síðan sú löggjöf var sett eins og áður var. En á síðastl. ári varð þó engin breyt. á aðstöðu síldarsaltenda hjá bönkunum, svo þeir eru enn komnir upp á náð og miskunn erlendra síldarkaupmanna að því er rekstrarfé snertir, og verða þar af leiðandi að sæta verri kjörum heldur en ef þeir hefðu t. d. sömu aðstöðu hjá bönkunum eins og saltfisksframleiðendur, í stað þess að það hefir verið og er enn svo, að það þýðir lítið fyrir síldarsaltendur að snúa sér til bankanna í því skyni að fá rekstrarfé. Því er það, að síldarframleiðendum hefir komið til hugar að reyna að koma á fót sinni eigin lánsstofnun, og í því skyni er þetta frv. flutt. — Gert er ráð fyrir, að fé safnist í sjóðinn á þann hátt, að síldarútflytjendur greiði 1% af söluverði útfluttrar síldar og útgerðarmenn 1% af söluverði síldar til bræðslu; ríkissjóður leggi síðan sjóðnum jafnháan styrk á ári hverju eins og það, sem síldarútvegsmenn leggja fram, og auk þess renni svo fyrst um sinn það fé í sjóðinn, sem síldarútvegsnefnd kann að hafa umfram 15000 kr. tekjuafgang á ári. Í venjulegu ári má gera ráð fyrir, að tekjur sjóðsins geti orðið 140—170 þús. kr., þannig að á tiltölulega skömmum tíma mundi sjóðnum safnast töluvert mikið fé til þess að vera einskonar bakhjarl síldarframleiðenda á Norðurlandi.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um nauðsyn þessa máls við 1. umr. En ég vil leggja áherzlu á, að síldarsaltendum er það mjög mikið áhugamál, að eitthvað verði gert í þessu efni.
Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Á 6. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (þmfrv., A. 33).

Á 8. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Menn munu minnast þess, að á síðasta Alþingi var samþ. þál.

þess efnis að skora á stj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Tilefni þessarar þál. var það, að fyrir síðasta þingi lágu allmörg frv. um nýja tekjustofna fyrir ýms einstök sveitar- og bæjarfélög, og gengu þau allmikið sitt í hverja áttina, og mun þinginu hafa þótt horfa nokkuð óefnilega þessum málum, ef frv. þessi yrðu öll samþ. En ástæðan fyrir því, að þessi frv. komu fram, var vafalaust sú, að þessi bæjar- og sveitarfélög, sem að frv. stóðu, höfðu orðið fyrir því öll, að tekjustofnar þeirra höfðu brugðizt eða ekki reynzt fullnægjandi.

Það er vitanlegt, að bæjar- og sveitarfélög hafa aðallega einum tekjustofni á að byggja, sem er útsvörin, en ástandið með þau er nú víða orðið það, að þessi aðaltekjustofn hefir á mörgum stöðum reynzt ófullnægjandi, sumpart af því, að ekki hefir reynzt fært að jafna á gjaldendurna eins hárri upphæð og þörf var fyrir, og sumpart af því, að ekki reynist kleift að innheimta þau útsvör, sem á eru lögð.

Ríkisstj. framkvæmdi þessa þál. með því að skipa í ársbyrjun 3 manna n. til þess að semja frv. um þetta efni. Samdi n. frv. það, sem hér liggur fyrir, en auk okkar hv. 1. þm. Skagf., sem flytjum frv., átti hv. 6. landsk. sæti í n. og því sinn þátt í samningu frv. Það er auðvitað mál, þar sem svo stutt hefir liðið milli þinga sem nú, og þar sem n. var ekki skipuð fyrr en í byrjun þessa árs og gat ekki byrjað að starfa verulega þá þegar, að sá tími, sem n. hafði yfir að ráða, var í raun og veru allt of lítill. Það hefði á margan hátt verið eðlilegast, að öll sú löggjöf, sem varðar tekjur bæjar- og sveitarfélaga, hefði verið tekin til athugunar og samin upp af nýju. Það er vitanlega mjög nauðsynlegt að endurskoða núgildandi útsvarslög, því töluvert hefir á því borið, fyrir utan það, að útsvörin hafa víða ekki hrokkið fyrir gjöldunum, að ýms ákvæði þessara l. eru ekki sem heppilegust. Ég skal aðeins benda á það, að með útsvarslögunum frá 1926 var töluvert skertur réttur sveitar- og bæjarfélaga til þess að leggja útsvör á þá menn, sem ekki voru þar heimilisfastir, en stunduðu atvinnu í sveitinni. Í stað þess átti útsvar þeirra að skiptast milli atvinnusveitar og heimilissveitar. Ég hygg, að þetta ákvæði hafi að miklu leyti verið dauður bókstafur, og mun full þörf á að breyta þessu til bóta. En n. leit svo á, að það væri ekki hennar hlutverk að taka þetta til meðferðar, jafnframt því, sem hún átti að gera till. um nýja tekjustofna. N. batt sig því við það, að reyna að finna þá og gera með því ráðstafanir til þess, að útsvörin gætu lækkað, en átti ekki við hitt, að breyta þeim reglum, sem útsvörin eru lögð á eftir. Hinsvegar telur n. sjálfsagt, að hafizt verði handa með að undirbúa breyt. á útsvarslögunum fyrir næsta þing, 1937.

Þegar n. fór að athuga verkefni sitt, sá hún að vísu, að um ýmsar leiðir gat verið að velja, og auðvitað var hægt að gera margskonar till. um nýja tekjustofna, en þó var henni það ljóst, sem öllum ætti reyndar að vera fullljóst, að ekki er hægt að finna neina tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögunum aðra en þá, sem á einhvern hátt koma niður á landsmönnum sjálfum. Hér er ekki um neinar gullnámur að ræða, sem hægt er að ausa af til þarfa ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga. Það gat vitanlega legið mjög nærri að benda á lækkun gjalda bæjar- og sveitarfélaga, en til þess hefði þurft margháttaðar breyt. á gildandi löggjöf, og n. leit svo á, að hún væri ekki til þess skipuð. Eina leið sá n. mjög einfalda, og kom hún til orða í n., og hún var sú, að ríkið afsalaði sér til bæjar- og sveitarfélaganna einhverju af sínum tekjum. Það verður að viðurkennast, að ríkið hefir á undanförnum árum beitt nokkurri ágengni gagnvart þessum aðiljum, með sífellt hækkandi tekju- og eignarskatti, og með því minnkað möguleika bæjar- og sveitarfélaganna til útsvarsálagningar. N. var að vísu ekki alveg sammála um það, hvort þessi leið væri fær eða ekki, en frá mínum bæjardyrum séð, þá verð ég að segja, að þótt mjög væri æskilegt, að ríkið gæti eftirlátið bæjar- og sveitarfélögunum eitthvað af sínum tekjum, þá er ljóst, að áður en það gæti orðið, þyrfti að fullnægja einu skilyrði, og það er að finna leiðir til að spara útgjöld ríkisins, svo að hægt væri að láta tekjur þess og gjöld standast á, þrátt fyrir það þó að ríkið missti af sínum tekjum. Hvorki fjárlög yfirstandandi árs né fjárlagafrv. það, sem fyrir þinginu liggur, benda á, að það sé hægt, og eftir reynslu undanfarinna þinga verð ég að efast um, að þessu þingi takist að lækka svo ríkisútgjöldin, að ríkið megi missa af sínum tekjum. Og þá var ekki nema um þá einu leið að ræða, að finna nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum, sem að einhverju leyti gætu komið í stað útsvaranna og hefðu ekki þann galla, sem útsvörin hafa. N. valdi því þessa leið, og er frv. það, sem hér liggur fyrir, árangurinn af starfi n. Eins og ég tók fram áðan, eru allir nm. ekki sammála um hvert einstakt atriði í frv., og hafa þeir áskilið sér, eins og fram er tekið í grg. frv., að hafa um þau óbundin atkv. sem þm. En í frv. felast þó þau ákvæði, sem n. í heild gat helzt orðið sammála um í aðalatriðum.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að efni frv., þótt ég búist við, að hv. þdm. hafi allir lesið og kynnt sér frv.

I. kafli frv. er um fasteignaskatt. Er þar lagt til að lögbjóða fasteignaskatt í kaupstöðum og kauptúnum, eða þeim hreppum, sem eru kauptún, en heimila fasteignaskatt í sveitum. Þessi fasteignaskattur á, að því er kaupstaðina snertir, að leggjast á byggingarlóðir, byggingar og óbyggð lönd. Hann skal á byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, ekki vera lægri en 0,5% og ekki hærri en 2% af fasteignamatsverði, sem alstaðar er miðað við í frv., sem sé hið opinbera fasteignamat. Hámark skattsins er þarna sett 2%, og er það í samræmi við það, sem á sér stað nú. T. d. hefir Akureyrarbær heimild til að leggja á svo háan lóðaskatt. Af húseignum og öðrum mannvirkjum má skatturinn ekki vera lægri en 0,4% og ekki hærri en 1%, og af túnum, görðum o. s. frv. má hann ekki vera lægri en 0,1% og ekki hærri en 0,5%. N. hefir áætlað það eftir fasteignamatinu, að ef kaupstaðirnir notuðu fasteignaskattinn á hámarki, þá mundi hann gefa kaupstöðunum í tekjur 1 millj. 215 þús. kr. Í kauptúnum er þessi fasteignaskattur lægri en

í kaupstöðum. Þar er lágmarksskattur af byggingarlóðum 0,5% og hámark 1%, lágmark af húseignum og mannvirkjum 0,2%, en hámark 0,5%. og lágmark af túnum, görðum o. s. frv. 0,1% og hámark 0,3%. Eftir áætlun n. nemur þetta fasteignagjald í kauptúnunum samtals 60000 kr., ef miðað er við hámarksskatt. — Þá er í frv., eins og ég gat um áðan, heimild til að leggja á fasteignaskatt í sveitum, en þar er hann ekki lögbundinn. Þar skal hann vera af lands- og lóðaverði ekki lægri en 0,1% og ekki hærri en 0,3% og af húsaverði ekki lægri en 0,1% og ekki hærri en 0,2%. Ef sveitarfélögin notuðu þennan tekjustofn eins mikið og þau geta, mundi hann gefa af sér samtals 125 þús. kr. Samtals á öllu landinu yrði þessi skattur því 1400000 kr. Nú er þess að gæta, að ýms bæjarfélög hafa þegar fasteignaskatt, sem dragast verður frá þessari upphæð. Hafa sum bæjarfélög þennan skatt bæði á lóðum og húsum, en önnur aðeins á lóðum, og er þessi fasteignaskattur nú hér um bil 700 þús. kr., svo að sú viðbót, sem hér er um að ræða fyrir bæjar- og sveitarfélög, mundi þá verða 700 þús. kr.

Nú er það auðvitað mál, að þótt nokkrum hluta útsvara manna sé breytt í fasteignaskatt, þá léttir það ekkert gjöld á þeim sömu mönnum, sem þann skatt greiða. En n. lítur svo á, að það séu þó nokkur hlunnindi fyrir bæjar- og sveitarfélög að fá þessa heimild, sökum þess að þótt þetta létti ekki beinlínis gjöldum af gjaldendum, þá verða fasteignagjöldin þægilegri í innheimtu heldur en útsvörin. Það er ætlazt til þess, eins og gildir um alla fasteignaskatta, að fasteignin verði lögveð fyrir greiðslu skattsins. Og vitanlega greiða menn miklu frekar öll slík gjöld, sem fasteignaveð er fyrir. Það mun líka vera reynslan í þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem hafa fasteignaskatta, að sá tekjustofn sé miklu öruggari en útsvörin. Hér er vitanlega ekkert nýtt gull fundið, til þess að gefa sveitar- og bæjarfélögum, heldur aðeins meira öryggi fyrir því að ná inn greiðslum.

Þá er II. kafli um vegaskatt í kaupstöðum. Þar er lagt til, að lagt verði á vegagjald í kaupstöðum, 10 kr. á hvern verkfæran karlmann á aldrinum 20—60 ára. En heimilt er hverjum gjaldanda að ákveða sjálfur, hvort hann greiðir þetta gjald í peningum eða vinnur það af sér eftir ákvæðum bæjarstjórnar. Þetta gjald er alveg hliðstætt því gjaldi, sem er í hreppsfélögunum og hefir gilt þar um langan aldur. Er í sjálfu sér engin ástæða til þess, að aðrar reglur gildi um þetta í kaupstöðum heldur en sveitum og kauptúnum. Annaðhvort er rangt að hafa slíkt gjald, og þá er það rangt bæði í kaupstöðum og sveitum, eða þá að rétt er að hafa það, og þá gildir það sama í því efni, að mér sýnist, um sveitir og kaupstaði. Ég hefi ekki orðið var við það eða heyrt þess getið, að vegagjaldið í sveitum landsins sé nokkuð óvinsælt eða óvinsælla en hver önnur gjöld, sem menn verða að greiða. Er þess að vænta, að það þurfi ekki frekar að vera það í kaupstöðum. Verði þessi kafli lögtekinn, mun óhætt að áætla tekjur af þessu gjaldi til kaupstaðanna, miðað við fólkstölu þeirra nú, um 130 þús. kr. árlega.

Þá kem ég að tveimur köflum í frv., sem búast má við, að valdi einna mestum ágreiningi. Eru þeir báðir um gjald nokkurt af vörum, og sá n. ekki annað fært en að leggja til, að slík gjöld yrðu lögð á. III. kafli frv. er um vörugjald. Er þar lagt til, að kaupstöðum og kauptúnum sé heimilað að leggja á sérstakt vörugjald, sem renni í bæjar- eða sveitarsjóð. Þetta er nú ekkert nýmæli hér á Alþingi að því leyti, að oft hafa verið á döfinni hér frv. um svipað vörugjald til tekjuöflunar fyrir einstaka kaupstaði. Einn af kaupstöðum landsins hefir þegar fengið heimild til að leggja á vörugjald hjá sér, þó að það sé að því leyti í öðru formi, að það er innheimt í sambandi við hafnargjöldin, en rennur ekki beina leið í bæjarsjóð. — Lagt er til í frv., að vörur verði flokkaðar til álagningar þessa gjalds, þannig að á vörur í 1. flokki verði lagt 15 aura gjald á hver 100 kg. Í þessum flokki eru yfirleitt allar innlendar afurðir, sem sé allskonar fiskur og fiskafurðir, allskonar kjöt og kjötafurðir, mjólk og allar afurðir úr mjólk, garðávextir o. s. frv. Þá eru í 2. fl. vörur, sem till. er um, að lagt verði á vörugjald, sem nemi 10 aurum fyrir hver 100 kg. Eru þessar vörur kol, salt, sement, olíur og járnvörur. Í 3. flokki eru vörur, sem lagt er til, að vörugjaldið verði 5 aurar fyrir hvert stykki, og eru það tómar tunnur. Á vörur í 4. flokki er lagt til, að gjaldið verði 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Er í þeim flokki trjáviður og aðrar vörur, sem taldar eru eftir rúmmáli. Á vörur í 5. flokki er lagt til, að gjaldið verði 50 aurar fyrir hver 100 kg. Í þeim flokki eru allar aðrar vörur en þær, sem eru taldar í hinum 4 flokkum í frv. og ekki eru heldur undanþegnar vörugjaldi sérstaklega með ákvæðum frv. En í 19. gr. frv. er till. um að undanþiggja vörugjaldi vörur, sem sérstaklega stendur á, samkv. ákvæðum þeirrar gr., svo sem vörur, sem eftir farmskrá skips eru ákveðnar til annarar hafnar, en eru látnar á land um stundarsakir, til umhleðslu eða í misgripum, fiskur og fiskafurðir, þegar fyrst er á land flutt, innlendar landbúnaðarafurðir, þegar þær eru fluttar á milli hafna innanlands, nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar í skip úr landi, póstur og farangur ferðamanna, alidýr á fæti og fleira. — Áætlað er, að þetta vörugjald geti, miðað við vörumagn árið 1933, gefið bæjar- og sveitarsjóðum um 650 þús. kr. á ári.

Nú er það auðvitað mál, að sveitamenn, sem hvorki eru gjaldendur í kaupstað eða kauptúni, borga einnig nokkurn hluta af þessu vörugjaldi í gegnum álagningu á vörur. Og leit n. sú, sem þetta mál hafði til meðferðar, svo á, að það sé ekki sanngjarnt öðruvísi en að bætur komi fyrir. Hún telur því, að það sé sanngirniskrafa, að sveitahreppum verði séð fyrir öðrum tilsvarandi tekjustofnum. Og í IV. kafla frv., sem er um aðflutningsgjald, er ætlað að fullnægja þeirri kröfu. Tekjum samkv. þeim kafla er eingöngu ætlað að renna til þeirra hreppa, sem ekki geta notið vörugjaldsins, m. ö. o. þeirra hreppa, sem eru að öllu sveitahreppar. Þetta aðflutningsgjald hugsar n. sér, að sé 5% viðauki við þá tolla, sem nefndir eru í 25. gr. frv., sem eru: Í fyrsta lagi kaffi- og sykurtollur, í öðru lagi annað aðflutn-

ingsgjald, í þriðja lagi vörutollur og í fjórða lagi verðtollur. Miðað við landsreikninginn 1933, mundi þetta gjald gefa sveitahreppum árlega 225 þús. kr. í tekjur. — Það skal tekið fram, að það er að vísu töluvert lægri upphæð, sem kemur á hvern íbúa sveitahreppa af þessu gjaldi heldur en sú upphæð, sem kemur á hvern íbúa kaupstaða og kauptúna, sem eru sérstakir hreppar, með vörugjaldinu, ef sú heimild er notuð til fulls. En þetta gjald, aðflutningsgjaldið, er á við alveg eins mikinn hluta af útsvörum sveitahreppa eins og vörugjaldið er á við mikinn hluta af útsvörum bæja- og kauptúna, sem eru sérstakir hreppar, og virðist þetta aðflutningsgjald því vera eins mikið upp í þarfir sveitahreppanna eins og vörugjaldið upp í þarfir kaupstaða og kauptúna, sem þess eiga að njóta.

Þá er V. kafli frv. um skatt ríkisstofnana. Í þessum kafla er lagt til, að engin ríkisstofnun sé skattskyld eftir efnum og ástæðum, en að verzlunarstofnanir ríkisins skuli greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5% af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins. Þetta er m. ö. o. alveg óbreytt frá því, sem nú er í l. um útsvör ríkisstofnana. En í 34. gr. frv. er till. um, að auk þessa gjalds greiði þessar stofnanir 5% af samanlögðum nettóágóða sínum, m. ö. o. samtals 10%. Og er lagt til, að þessi viðbót renni í sameiginlegan sjóð, sem nefnist jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna, sem síðan er ætlað að verja til þess að styrkja að nokkru einstök bæjarfélög og sveitarfélög, sem eru kauptún, sérstaklega til þess að þau geti losnað við óþægilegar skuldir, sem á þeim hvíla, eða þegar sérstök óhöpp ber að höndum. — Þá er ennfremur lagt til í þessum kafla, að síldarverksmiðjur ríkisins, sem hafa verið gjaldfrjálsar hingað til, skuli greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 1% af andvirði seldrar framleiðsluvöru. Verður að telja það í alla staði sanngjarnt, að þessi atvinnurekstur greiði eitthvað til þeirra staða, þar sem hann nýtur allra réttinda og hlunninda, eins og hver annar atvinnurekstur manna, þó að þetta sé rekið af ríkinu. Því að það er auðvitað mál, að þar sem atvinnurekstur, sem einstaklingar hafa haft, færist mjög mikið yfir á hendur ríkisins, eins og skeð hefir að því er síldarverksmiðjurnar snertir, þá minnkar þar með möguleiki viðkomandi sveitar- og bæjarfélaga til þess að fá greidd útsvör, ef eingöngu á að leggja á atvinnurekstur einstakra manna, en slíkar stofnanir, sem reknar eru af ríkinu, eru alveg undanþegnar. Hinsvegar virðist ekki rétt að gefa heimild til að leggja almenn útsvör á ríkisstofnanir, og er það af svo mörgum ástæðum, að ég get ekki farið út í það. Það yrði t. d. mjög undarlegt að leggja útsvar á ríkissjóðinn eftir efnum og ástæðum. Og það er ekki heldur hægt að fullnægja fyrirmælum útsvarslaganna um að leggja á ríkisstofnanir eftir efnum og ástæðum. Þess vegna verður að leggja ákveðið gjald á slíkar stofnanir, eins og lagt er til í þessum kafla, og virðist hér mjög hóflega í sakirnar farið. Þessi útsvör ríkisverzlana, sem um getur í 33. gr. frv., eru nú um 100 þús. kr. Það mundu þá renna aðrar 100 þús. kr. á ári í þennan jöfnunarsjóð, sem gert er ráð fyrir í 34. og 36. gr. frv. Og eftir reynslu undanfarinna ára mundi gjald það, sem lagt er til í frv., að lagt verði á síldarverksmiðjur ríkisins, nema um 30 þús. kr. Eru þá þær tekjur, sem búast má við eftir þessum kafla frv., um 130 þús. kr.

Samtals gerir n. ráð fyrir, að þeir tekjustofnar, sem frv. fjallar um, muni gefa á ári, í svipuðu árferði og nú er, 2535000 kr. En þar frá ber þó að draga fasteignaskattinn, sem nú er til, og sem er, eins og ég hefi tekið fram, um 700 þús. kr., og ennfremur vörugjaldið í Vestmannaeyjum, sem mun sem slíkt hverfa úr sögunni, ef þetta frv. verður að l., en það er um 35 þús. kr. M. ö. o. ber að draga frá 735 þús. kr., og eru þá eftir 1800000 kr, sem n. ætlast til, að geti orðið raunverulegur tekjuauki fyrir bæjar- og sveitarfélög, eða réttara sagt geti komið í staðinn fyrir tilsvarandi upphæð af útsvörunum.

Mér er það nú vel ljóst, að þetta frv. mun fá misjafna dóma. En ég hygg, að það hafi aldrei komið fyrir í sögunni, að till. hafi verið gerðar um skatta svo, að ekki hafi heyrzt háværar raddir á móti, því að skattar eru yfirleitt óvinsælir. Það er ekki hægt hjá því að komast. En ég vil biðja menn að hafa það hugfast, þegar þeir dæma um þetta frv., að það er alls ekki ætlun n., að skattabyrðin verði aukin með þessu frv., þó að lögum verði, heldur er hér aðeins um breyt. á sköttum að ræða, nefnilega að breyta þessum hl. útsvaranna í þá skatta, sem frv. fjallar um. En n. lítur svo á, að þessir tekjustofnar séu ekki eins tilfinnanlegir og útsvörin eru víða orðin, og að þeir muni reynast að ýmsu leyti hentugri og hægri í innheimtu og þar með öruggari tekjustofnar fyrir bæjar- og sveitarfélögin heldur en útsvörin eru nú orðin, eftir að þau hafa orðið að hækka eins tilfinnanlega og raun ber vitni um.

Búast má við, að allmiklar breyt. verði á þessu frv. gerðar hér á Alþ., og tel ég það reyndar alveg víst. Og ég mun ekkert verða afbrýðisamur, þó að svo verði gert, því að ég er alls ekki öldungis sannfærður um það, að við þessir 3 nm. höfum endilega fundið þá einu réttu leið til lausnar þessu vandamáli. En jafnvel þótt svo fari, að frv. verði mikið breytt, þá vona ég þó, að allmikið gagn megi verða af starfi þessarar n. Því að ég vona, að með frv. sé lagður grundvöllur, sem byggja megi ofan á, þótt breytt verði til í ýmsum atriðum. Það er alltaf hægra, þegar beinagrind að lagabálki er komin, að vefa inn í og breyta, eftir því sem henta þykir. Ef n. hefði haft meiri tíma til umráða heldur en hún hafði nú við samningu þessa frv., þá hefði sjálfsagt verið betur frá ýmsu gengið í frv. heldur en er. Vænti ég þess vegna, að menn afsaki það, þótt þeim kunni að þykja frv. í einhverju áfátt.

Það kann að vera álitamál, til hvaða n. beri að vísa þessu frv. Það er fjárhagsmál og skattamál, og því kynni að sýnast ástæða til að vísa því til fjhn. Aftur á móti hefir það verið venja að vísa öllum frv. um sveitarstjórnarmálefni til allshn., og af því að þetta er jafnframt sveitarstjórnarmálefni, þá geri ég það að till. minni, þó að mér sýnist þetta vafamál, að frv. verði vísað til allshn.

*Magnús Jónsson: Ég verð að lýsa undrun minni og ánægju yfir því, að undirbúningur þessa máls hefir gengið svo greiðlega sem raun ber vitni um. Og mér virðist líkur fyrir því, að þetta mál muni ná fram að ganga hér á þingi í einhverri mynd, svo framarlega að þingið geti orðið sammála n., sem undirbúið hefir þetta frv. En það finnst mér nú ekki ólíklegt, þar sem sú hv. n. er skipuð mönnum úr öllum þremur stærstu flokkunum á þingi, sínum manninum úr hverjum fl., — mönnum, sem vænta má, að séu í svo nánu samræmi við skoðanir sinna flokka, að ólíklegt má teljast, að frv., sem þeir verða sammála um, rekist hatramlega á stefnur flokkanna. Ég álít mjög heppilegt, ef hægt væri að ráða þessu máli nú til lykta, því að enginn vafi er á því, að að þessu máli verður unnið, þangað til einhverju heildarfyrirkomulagi verður komið á um þetta vandamál. Mér virðist þessi mþn. hafa tekið starf sitt á raunhæfan hátt. Er ákaflega mikill munur á starfsháttum hennar og annarar hv. mþn., sem á sínum tíma safnaði utan um sig öllum lifandi ósköpum af skýrslum, sem sú n. sjálf svo notaði alls ekki; bara lét prenta þær. Og svo urðu þær ekki að nokkru gagni fyrir nokkurn mann á eftir. Þetta voru skýrslur um starfsmenn ríkisins og laun þeirra og kjör. Svo þegar hv. fjvn. tekur málið fyrir á eftir, leitar hún til hinna sömu manna og stofnana um þessar sömu skýrslur aftur. Þetta sýnir, hve störf n. eru oft ákaflega þýðingarlaus. En þessi hv. n. virðist hafa tekið á þessu máli á miklu raunhæfari hátt.

Ég get sagt fyrir mitt leyti um frv. í heild sinni, — ég hefi að vísu aðeins lesið það lauslega í gegn —, að ég býst við, að ég muni geta fylgt því yfirleitt. Þar fyrir vil ég gjarnan láta það í ljós, að ef ég ætti einn að ráðstafa þessum málum, þá mundi ég gera það mjög á annan hátt. En það er nú einatt svo, að það er meira ástandið í landinu og svo þær stefnur, sem uppi eru á hverjum tíma, sem ráða úrslitum mála, en ekki skoðanir einstakra manna. Ég vil fyrir það fyrsta víkja að því, að hér er í raun og veru verið að leggja nýja tekjustofna á landsmenn. Það má segja, að ekki sé um hækkun á gjöldum að ræða, því að þessir nýju tekjustofnar komi í staðinn fyrir gjöld, sem áður voru greidd á annan hátt, en það eru nýir tekjustofnar samt. Það er bent hér á þrjá flokka nýrra tekjustofna, án þess að nokkuð sé hróflað við þeim eldri. Réttlætisinn til að jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum er jafn eftir sem áður. Það er að vísu svo, að svo framarlega að útgjöldum bæjar- og sveitarfélaga er haldið í sama horfinu, þá koma nýju tekjustofnarnir til frádráttar útsvörunum, þannig að þau geta orðið þeim mun lægri. En reynslan bendir á, að allar slíkar breyt. feli í sér einskonar tilhneigingu til meiri eyðslu. Hér eru sveitar- og bæjarfélögunum, sérstaklega bæjarfélögunum, veittir allríflegir tekjuaukar, en hinsvegar geta þau jafnframt þanið gjaldþol manna til hins ýtrasta með útsvörunum, svo að í þessu felst viss hætta. En við því getur n. ekki gert; það eru einstakar bæjarstjórnir, sem þar reynir á. Mér þykir mjög vænt um, að bæði í nál. og framsögu 1. flm. er það tekið skýrt og ótvírætt fram, að hér er ætlazt til, að þeim nýju tekjum, sem frv. heimilar að innheimta, verði varið til þess að létta útsvarsbyrðarnar. Ég hefi heyrt þær raddir utan þings, að hér sé verið að útvega bæjunum nýja tekjustofna til þess, að þeir geti ráðizt í auknar framkvæmdir og aukin útgjöld; því er áreiðanlega þörf á að taka þetta skýrt fram, að það er ekki tilætlun n., og sennilega ekki heldur þingsins, að stofnað sé til álaga á menn umfram það, sem verið hefir, heldur að hér sé aðeins um breyt. á álagningaraðferðinni að ræða. Það, sem mér finnst í rauninni óeðlilegast við þá aðferð, sem hér er stungið upp á, er það, að hér skuli eiga að blanda saman hinum tveimur aðaltekjuöflunarleiðum, beinum og óbeinum sköttum, bæði hjá ríkinu og bæjar- og sveitarfélögunum. Frá sjónarmiði skynseminnar er eðlileg regla, að hver félagsheild hafi aðeins leyfi til að skattleggja sína eigin þegna. Þessu getur þjóðfélagið náð bæði með beinum og óbeinum sköttum. Gjöldin, sem það leggur á, lenda að öllu leyti á landsins eigin börnum og er varið til sameiginlegra þarfa þeirra allra. Þessu er öðruvísi háttað um einstök sveitar- og bæjarfélög. Það er erfitt að ná þeirra sköttum inn öðruvísi en að ganga beint að hverjum borgara og leggja á hann persónulega eða hans eignir, án þess að um leið séu skattlagðir einhverjir aðrir heldur en þegnar viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags. Virðist því í fljótu bragði eðlilegasta leiðin, að ríkið hirði þá skatta, sem ómögulegt er að vita með vissu, hvar koma niður innan þjóðfélagsins, en eftirláti bæjar- og sveitarfélögunum þá skatta, sem hægt er að vita, hvar koma niður, nefnilega beinu skattana. Ef nú þörf er á að auka tekjur bæjar- og sveitarfélaganna, sýnist liggja beinast við, að ríkið afhendi þeim eitthvað af þeim sköttum, sem innheimtir eru beint, t. d. eitthvað af tekju- og eignarskattinum eða fasteignaskattinum, en tæki upp almenn óbein gjöld í staðinn, ef nauðsyn krefði, til sinna þarfa. Mér sýnist, að þetta hefði verið einfaldasta leiðin, e. t. v. ekki einföldust í framkvæmdinni, en réttlátasta leiðin til þess, að hver og einn borgaði aðeins til þarfa fyrst síns þjóðfélags og svo síns bæjar- eða sveitarfélags. Ég býst við, að þessu hefði verið hægt að koma í kring að því er snertir kaupstaðina, en það er hætt við, að sveitarfélögin nái ekki inn sínum gjöldum með beinu sköttunum, sem þegar hafa verið reyndir til hins ýtrasta. Það þýðir t. d. ekki að gefa sveitarfélögunum eftir tekju- og eignarskattinn, því að það kemur hvort sem er svo lítið af honum úr sveitunum. Fasteignaskattsinn er líka lítill þaðan. Þá virðist eðlileg leið að létta einhverjum byrðum af sveitarfélögunum, til þess að þurfa ekki að vera með þá fremur óeðlilegu aðferð, að borga mönnum fyrst peninga, til þess að þeir geti aftur borgað sama aðilja, eða að ríkið, í stað þess að eftirláta sveitarfélögunum eitthvað af tekjum og láta þau svo aftur greiða part af ýmsum útgjaldapóstum, eins og t. d. berklavarnakostnaðinum, taki beinlínis að sér þau útgjöld, sem heildin þarf þannig að greiða. En ég sé, að n. hefir tekið aðra leið, og ég skal ekkert segja um það nema ég hefði e. t.

v. verið með í að fara þá leið, ekki af því, að mér finnist hún skynsamlegri eða rökréttari, heldur til þess að beygja mig fyrir því raunverulega ástandi, að það er sennilega hægra að framkvæma málið á þann hátt, eins og oft vill verða, að léttara er að leysa málin á óviturlegri hátt heldur en menn gætu í rauninni fundið beztan.

Um þær einstöku leiðir til tekjuöflunar, sem hér er stungið upp á, er það að segja, að ég býst sérstaklega við, að III. kafli, um vörugjald, muni reynast að ýmsu leyti varhugaverður í framkvæmdinni. Þar er um svo geysilega flókið efni að ræða, að ég þykist vita, að engin n. og ekkert þing geti gengið frá því svo, að þar komi ekki í ljós fjöldi missmíða. Þar er ekki aðeins gripið inn í öll viðskipti, heldur einnig vöruflutninga á milli staða innanlands. Þetta er svo flókið og margþætt atriði, að ég þykist vita, að þar komi í ljós ýmiskonar hræðileg ósanngirni, sem menn vilja bæta úr eftir því sem reynslan sýnir heppilegast. Það er strax auðséð, að 5. flokkurinn, *með 50 aura gjaldi af hverjum 100 kg.*, verður meginflokkurinn, ruslakistan, sem menn geta hnoðazt í næstu áratugina, til þess að kippa þar út einu og öðru, sem menn sjá, að nær ekki nokkurri átt, að þar sé, og setja í 1. flokk, eða undir 19. gr., þar sem taldar eru þær vörur, sem undanþegnar eru gjaldinu. Eins þykist ég vita, og það er n. eflaust einnig ljóst, að það er ákaflega hætt við, að meira eða minna af vörum sleppi framhjá þessu gjaldi; um það er ekki að sakast, það ætti ekki að þurfa að verða í stórum stíl.

Þá verð ég að segja, að það er ekki eðlilegt að gera þennan grundvallarmun á því, hvort vörurnar eru fluttar á sjó eða landi. Munurinn er aðeins sá, að menn treysta sér ekki að ná í þær vörur, sem fluttar eru á landi. Það er t. d. ekki gott að sjá, hvaða eðlismunur er á því, við skulum segja, þegar kominn er góður bílvegur vestur í Búðardal í Dalasýslu, hvort vara er flutt þangað á bíl frá Borgarnesi eða alla leið héðan, eða hvort hún er flutt þessa leið á skipi, og er náttúrlega mjög einkennilegt, að í öðru tilfellinu sé flutningurinn háður skattgjaldi, en í hinu skattfrjáls. Ég býst við, að ýmislegt í sambandi við þetta vörugjald geti komið til með að standa lengi, en þar er áreiðanlega efni í margvíslegar breyt. og leiðréttingar á næstu árum, enda hefir n. haft þar ákaflega lítið við að styðjast, annað en þessa litlu reynslu, sem fengizt hefir af vörugjöldunum í sambandi við hafnargjöld. Hún hefir því orðið að spinna þetta mest út úr eigin höfði, en maður veit, að ímyndunaraflið er nú minna virði en almennt er álitið; yfirleitt verða menn að styðja sig við reynsluna.

Hvað snertir skattinn af ríkisstofnunum, þá sé ég náttúrlega, að hann miðar í rétta átt. Ég flutti hér á síðasta þingi frv. um að hækka hann úr 5% upp í 10%, og áttu þau 10% að ganga öll til þess staðar, þar sem stofnanirnar eru starfræktar. Nú er ætlazt til, að 5% lendi í jöfnunarsjóð svokallaðan; úr honum á svo n. að úthluta, án þess að um það séu frekari reglur settar. Það ræður af líkum, að ég sem þm. Reykv. er ekki ánægður með þetta fyrirkomulag. Skattur af ríkisstofnununum er í stórum dráttum gjaldstofn, sem tekinn er af Reykjavík. Hefði mér því fundizt eðlilegt að hækka gjaldið upp í 10%, og taka 5% að auki í þennan jöfnunarsjóð. Það hefði alls ekki verið of miklu offrað af ríkisins hálfu til þess að bæta ofurlítið upp það, sem það sviptir bæjarfélagið tekjum með atvinnurekstri sínum. Þennan jöfnunarsjóð álít ég út af fyrir sig gott fyrirtæki, til þess að hlaupa undir bagga með þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem örðugast eiga í hvert skipti. Ég vildi óska, ef fram kæmi till. í þessa átt, að hún fengi sæmilegar undirtektir; þegar ríkissjóður er á annað borð farinn að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þessari þörf sveitar- og bæjarfélaga, er ekki of mikið, þótt hann þurfi að sjá af svona lítilli upphæð í því skyni.

Út í einstök atriði frv. skal ég ekki fara við þessa umr. En almennt vil ég segja það um þennan sjóð, að ég held, að það þyrfti að setja þeim mönnum, sem eiga að úthluta honum, einhverjar reglur um, hvernig þeir eiga að gera það. Það virðist sem þeir eigi að vera hér um bil einráðir *um það samkvæmt frv. Einu ástæðurnar*, sem færðar eru fyrir því, eru þær, að þessa þriggja manna n. velji Alþingi, svo að ætla megi, að sjónarmið stjórnmálaflokkanna komi þar fram. Herra minn trúr! Ef ekki væru nú önnur sjónarmið í landinu heldur en sjónarmið stjórnmálaflokkanna! Hvenær ætli sjónarmið stjórnmálaflokkanna kæmu til með að láta t. d. Reykjavík fá úr sjóðnum? Ég held það yrði á seinni skipunum. Mér finnst, að það væri ekki óeðlilegt að hafa ákvæði í þá átt, að taka bæri tillit til þess við úthlutun úr sjóðnum, hverjir greiða mest í hann eða missa mest við það, að ríkið hefir tekið í sínar hendur þennan verzlunarrekstur, sem greitt er af í sjóðinn. En það er eins og hv. flm. sagði og einnig er tekið fram í grg., að það má búast við ýmsum breyt. á þessu frv.; ég vil þó ekki óska eftir þeim stórvægilegum, því að ég er hræddur um, að þær gætu eins orðið í lakari áttina eins og þá betri, þótt vafalaust vilji þingið koma að einhverjum breyt., stærri eða smærri.

Eitt atriði finn ég alls ekki í þessu frv., sem ég bjóst endilega við, að verða mundi fyrir, ef á annað borð væri farið að tala um tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum. Einn af drýgstu tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga hefir verið verzlunin á hverjum stað. Það er segin saga, að hvar sem verzlunin hefir dregizt saman, hafa komið fram fjárhagsörðugleikar. Við getum tekið bæjarfélög eins og Ísafjörð, Hafnarfjörð, Akureyri, Reykjavík; hvernig mundi fara, ef verzluninni væri kippt burtu frá því að vera verulegur og fullgildur tekjustofn? En það, sem er að kippa þessum tekjustofni burtu, er það, að verzlunin færist í hendur aðilja, sem er undanþeginn því að þurfa að borga útsvar. Nú ætla ég ekki að fara að vekja upp þá gömlu deilu, sem stóð um það, þegar kaupfélögin voru undanþegin útsvarsskyldu. Það má vel vera, að ástæða hafi verið til þess, meðan þau voru að vinna sig upp, á þeirri gróðaöld, þegar auðvelt var að ná inn tekjum á annan hátt. En ég hélt endilega nú, þegar verið er að leita með logandi ljósi eftir nýjum tekjustofni handa bæjar- og sveitarfélögum, þegar sverfa verður til stálsins, og þegar

þessar verzlanir eru orðnar svo voldugar, að þær mega heita einvaldar á stórum svæðum, þá gæti ekki þessi n. eða Alþingi komizt framhjá því að láta þennan aðilja taka sinn þátt í byrðunum með öðrum. Ég skal játa það, að með vörugjaldinu og aðflutningsgjaldinu, sem frv. gerir ráð fyrir, er þessi aðili nokkuð dreginn inn í hringiðuna, nokkur gjöld tekin af honum til þessara þarfa, en ekki meiri heldur en af öðrum, sem verzlun reka á sömu stöðum. En mér finnst, að það verði að koma til álita, einmitt þegar stendur á eins og nú, er verið er að ráða þessum málum til lykta, hvort ekki beri að taka það til nýrrar yfirvegunar að láta samvinnufélögin annaðhvort greiða útsvör á sama hátt og aðra, eða þá a. m. k. riflegar og á annan hátt heldur en gert er nú. Það er ómögulegt að neita því, að sú tilhögun, sem nú er á skattgreiðslum samvinnufélaga, virðist mjög einkennileg og óheppileg, þar sem gjöldin lenda þyngst á þeim félögum, sem skapa sér mest þyngsli, t. d. með stórum byggingum, en hin, sem fara gætilegar með efni sín eða fengið hafa þægilegri aðstöðu, sleppa miklu billegar í þessu efni. Virðist það a. m. k. ekki bera vitni um mikla kreppuerfiðleika, ef menn vilja ekki líta við að athuga þetta atriði.

Ég skal ekki á neinn hátt skipta mér af því, til hvaða n. þetta mál fer. Ég er víst haldinn alveg sömu auðmýktartilfinningu eins og hv. 1. flm., því að ég er líka í fjhn. og játa með honum, að það er mjög mikill vafi á, til hvorrar n. frv. á að fara, allshn. eða fjhn. Þó hygg ég réttara að vísa því til allshn., því að fjhn. er ætlað aðallega að athuga tolla- og skattamál ríkisins. Þótt aldrei nema hér sé um skatta- og tollamál að ræða, þá er það hreint sveitarstjórnarmál.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun reyna að vera stuttorður og ekki fara út í einstök atriði, þótt segja mætti, að nokkurt tilefni hafi gefizt til. Ég vil fyrst láta ánægju mína í ljós yfir þeirri rödd, sem fram kom frá síðasta ræðumanni um það, hvað vel hefði tekizt skipun þessarar ágætu n. Var að vísu ekki við öðru að búast, eins og til var stofnað, og var þetta því aðeins staðfesting á því, sem ég hafði gert mér í hugarlund.

Meginhugsun þessa frv. og tilætlunin með flutningi þess er að minni hyggju sú, að flytja einhvern vissan hl. af útsvarsbyrðinni yfir á aðra öruggari tekjustofna. Í sjálfu sér hygg ég, að flestir geti verið sammála um það, að í raun og veru sé torvelt að finna leið til þess að leggja sameiginleg gjöld á íbúa sveitar- og bæjarfélaga, sem eðlilegri sýnist og réttlátari heldur en niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. En það er ekki til neins að loka augunum fyrir því, að möguleikinn til að jafna gjöldunum þannig niður, svo að þau innheimtist skilvíslega, er takmarkaður; hafa þar komið fram geysilegir örðugleikar, einkum á seinni árum. Því hefir ýmislegt valdið, auknir fjárhagserfiðleikar o. fl., sem ég skal ekki fara út í. Ég hygg, að ef miða ætti við það, sem réttlátast þætti og e. t. v. eðlilegast, þá yrði að telja sumt af þeim tekjuöflunarleiðum, sem stungið er upp á í frv., beina afturför frá niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. En það er ekki annað en viðurkenning á þeirri nauðsyn að tryggja betur heldur en áður hefir verið gert í sveitarstjórnarl., að bæjar- og sveitarfélögin geti fengið þær tekjur, sem þeim er nauðsynlegt, jafnvel þótt til þess þurfi að fara leiðir, sem ekki eru eins æskilegar eins og niðurjöfnunin.

Ég álít, að I. kafli frv. um fasteignaskatt, sé sjálfsagður, og að þar sé einmitt bent á þann tekjustofn, sem jafnvel sé eðlilegast fyrir bæjar- og sveitarfélögin að nota; þarf ég ekki að eyða mörgum rökum til að sýna fram á það. Verðmæti fasteigna á hverjum stað er yfirleitt mjög komið undir sameiginlegum athöfnum og átökum íbúanna, og að sumu leyti beinlínis skapað af sameiginlegum aðgerðum, auk þess sem það miðast við starfshætti og hag bæjar- eða sveitarfélagsins í heild. Hinsvegar teldi ég æskilegt, að nokkrar ekki óverulegar breyt. væru gerðar á þessum kafla. Ég tel t. d., að húsaskatturinn sé fullhár. Það er gert ráð fyrir, að hann geti orðið 1% í stærstu kaupstöðunum, og þá er eftir að leggja á fasteignaskatt ríkisins, sem er 1½%, auk hinna sérstöku fasteignagjalda, sem lögð eru á hús, holræsagjöld og þesskonar. Hinsvegar tel ég, að lóðaskatturinn mætti vera hærri, a. m. k. í sumum tilfellum, heldur en frv. gerir ráð fyrir. Tel ég eðlilegt, að hann sé þyngri, vegna þess að þar er lagt á varanlegt verðmæti, sem einmitt er að miklu leyti orðið til fyrir sameiginlegar aðgerðir þeirra, sem innan bæjar- eða sveitarfélagsins búa. — Annað atriði, sem ég vil benda á um leið, er það, hvort ekki sé ástæða til í sambandi við þessar ákvarðanir að setja visst hámark, sem fasteignagjöldin til samans megi ekki fara fram úr. Mér finnst það væri eðlilegt, úr því leyft er að hafa önnur fasteignagjöld heldur en þau, sem renna beint til sveitarsjóða eða ríkissjóðs. Í þriðja lagi er það atriði, hver eigi að greiða skattinn. Hér er gert ráð fyrir, að eigandi, eða sá, er eignina notar, greiði hann. Ég held, að ekki sé rétt að slá fastri neinni ákveðinni reglu um þetta atriði. Þegar leigjandi greiðir eiganda hátt afgjald og skapar honum mikinn arð, virðist sanngjarnt, að eigandinn greiði skattinn, en þar sem leigjandi greiðir lágt afgjald, eins og t. d. þegar um erfðafestu er að ræða, þá ætti hann oftast nær að geta greitt þetta. Því held ég, að rétt sé að setja í frv. ákvæði um, að eftir að leiga er komin yfir visst hámark, skuli eigandi greiða skattinn, en leigjandi, sé hún undir ákveðnu lágmarki, en þegar leigan liggur þar í milli, yrði þá að fara um greiðsluna eftir atvikum. Hugsum okkur, að landspilda væri leigð fyrir 10% af mati eignarinnar. Þá finnst mér, að ekki væri sanngjarnt, að skatturinn kæmi á leigjanda. Aftur finnst mér hann vel settur, þótt hann yrði að greiða skattinn, ef leigan næmi ekki meira en t. d. 2%. Ég skýt þessu til hv. n.

Um það ákvæði í II. kafla frv., að leggja á vegaskatt í kaupstöðum, hliðstætt því, sem á sér stað í sveitum, verð ég að segja, að mér finnst það ógeðfellt. Ég held, að hæpið sé að leggja út í þessa breyt. fyrir ekki meiri tekjuvon en gert er ráð fyrir, að af þessum skatti leiði.

Þá get ég illa fallizt á hækkun þá á tollum í

ríkissjóð, sem ráð er fyrir gert í IV. kafla. Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ekki sé heppilegt, að bæði ríkið og bæjarfélögin hafi sér til tekjuöflunar sömu tekjustofna. Ég vil því beina því til hv. n., hvort ekki muni hægt að komast hjá að leggja á þessa gjaldaaukningu, og hvort ekki myndi vera tiltækilegra að hækka heldur fasteignagjöldin, sérstaklega af lóðum. Ef ég man rétt, þá er fasteignamatið nálægt 200 millj. kr. Ég geri ráð fyrir, að fasteignaskatturinn nemi samkvæmt þessu frv. um 1400 þús. kr. Ef ráð væri nú fyrir því gert, að fasteignagjald til bæjar- og sveitarfélaga, ásamt fasteignaskatti til ríkissjóðs, næmi að meðaltali 1% af fasteignamati, þá myndi sú upphæð nema nálægt 2 millj. kr. Sé nú frá þessu dreginn fasteignaskatturinn til ríkissjóðs, yrði eftir til sveitar- og bæjarfélaga um 1600—1700 þús. kr., eða á þriðja hundrað þús. kr. meira en gert er ráð fyrir í frv. n. Með þessari aukningu á tekjum bæjar- og sveitarfélaga mætti losna við álagið og tollana.

Um skatta af ríkisstofnunum verð ég að játa, að mér finnst þeir eðlilegir. Býst ég ekki við, að hægt verði að komast hjá því að taka slíka skatta umfram það, sem nú er, til sveitar- og bæjarfélaga. En í sambandi við ummæli, sem féllu hér um þetta atriði, verð ég að segja, að þá væri fleira, sem ástæða væri til að láta svipaðar reglur gilda um. Sé t. d. rétt að taka slík útsvör, sem skiptast á alla hreppa á landinu, af tóbakseinkasölunni, þá ætti að vera sjálfsagt að taka þau einnig af öðrum fyrirtækjum, sem hafa aðstöðu til að selja vörur með svipuðum hætti, eins og t. d. Ludvig David.

Um III. kaflann, vörugjaldið, verð ég að segja, að ég tel það vandræðaráðstöfun að þurfa að ganga inn á þá braut. Hinsvegar get ég búizt við, að það sé rétt, að erfitt muni að komast hjá því. Ég tek undir við hv. 1. þm. Reykv. um það, að 50-aura-flokkurinn þurfi nánari athugunar við. Vil ég skjóta því til hv. n., að hún athugaði, hvort ekki væri ástæða til að setja einhver ákvæði um það, að ekki mætti hækka vörugjald til hafna upp úr ákveðnu marki. Hér vakir fyrir mér svipað og almennt gildir um hámark fasteignagjalda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða fleiri atriði frv. við þessa umr. Ég tók eftir því, að hv. 1. flm. lagði til, að málinu yrði vísað til allshn. Ég vildi óska, að það yrði látið ganga til fjhn., enda þótt það, fljótt á litið, gæti virzt heyra undir allshn. En þess ber að gæta, að hér er um að ræða breyt. á gjöldum, er snerta sömu gjaldstofna og þá, er ríkið notar sér.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég þarf ekki að hafa langan formála. Hv. 1. þm. Reykv. minntist n. lofsamlega með hlýjum húskveðjuorðum, eins og hans köllun var. Hinsvegar fannst mér hann ekki fara sérstaklega lofsamlegum orðum um föður n., hæstv. atvmrh., sem var þó að þakka honum lof sér til handa. Annars skildist mér á nm. sjálfum, að þeir muni ekki telja n. framliðna. Var helzt að heyra, sem þeir vildu, að hún lifði lengi enn, a. m. k. til annars þings. Ég sé ekkert við það að athuga fyrir mitt leyti. Þeir gætu sjálfsagt komið fram ýmsum þarfaverkum fyrir þjóðina.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða um frv. í heild sinni, aðeins að minnast lítillega á III. kafla þess. Ég hélt, að það ætti að vera verk n. að létta af skattabyrði bæjar- og sýslusjóða. En sú von mín hefir brugðizt. Því höfum við, hv. þm. N.-Ísf. og ég, komið fram með frv. í því efni.

Í 15. gr. frv. finnst mér ekki nægilega skilgreint, hvaða kauptún við er átt. Nú fylgir viða kauptúnunum meira eða minna af jörðum. Á ýmsum stöðum er það kauptúnið, ásamt örfáum jörðum, sem myndar hreppinn. Á nokkrum stöðum eru viðlíka margir, sem búa á jörðum og í kauptúnum, og sumstaðar jafnvel mestur hluti hreppsbúa, er á jörðum búa, þótt kauptún sé í hreppnum. Ég held, að heppilegra hefði verið að leggja vörugjald á allar þær vörur, sem flytjast til kauptúnanna, jafnvel þótt þau séu ekki aðalefniviðurinn í hreppunum.

Þá er það um vörugjaldið að segja, að þar, sem uppsveitir eru miklar frá kauptúnum, koma vörugjöldin að miklu leyti upp í útsvörin, svo að þar þarf þá að taka minni útsvör en í öðrum kauptúnum. Ég tel þetta misrétti og skýt því til n. þeirrar, er kemur til með að fjalla um þetta mál hér í d., að hún miði hámarkið við íbúatölu, og yrði þá væntanlega afgangur, sem verða kynni, látinn ganga í annan jöfnunarsjóð, sem svo yrði jafnað niður á sveitirnar. Ef notuð er heimildin um hækkun vörugjalds allt að 100%, þá verða það ekki litlar tekjur í sumum kauptúnum.

Þá er annað atriði, sem þarf að lagfæra, viðvíkjandi vörum, sem sendar eru sjóveg milli staða innanlands. Ef t. d. er sendur hlutur frá Borgarnesi til Rvíkur til viðgerðar, þá þarf 4 sinnum að greiða af honum vörugjald, þegar hann fer frá Borgarnesi, þegar hann kemur til Rvíkur, þegar hann fer frá Rvík og loks þegar hann kemur til Borgarness aftur. Þetta getur orðið allhá upphæð samtals, sérstaklega ef hluturinn er þungur og lendir í 5. flokki.

Annars orðlengi ég þetta ekki frekar, en vil taka undir við hæstv. atvmrh. um það, að málinu verði vísað til allshn. fremur en fjhn.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég hafði búizt við, að hv. mþn. sæi sér fært að leggja til, að létt væri af héruðum ýmsum kostnaði, sem þau hafa af greiðslum til ríkissjóðs, og í öðru lagi, að eitthvað af tekjustofnum ríkissjóðs gengi til bæjar- og sveitarfélaga. Skattar og tollar til ríkissjóðs hafa á undanförnum árum hækkað mjög, og hefir mikið af tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga farið í slíkar greiðslur. En ég sé, að hv. n. hefir ekki komið með neinar till. í þessa átt. Þó býst ég við, að margir hv. dm. séu mér samdóma um það, að ríkissjóði beri að gefa eftir nokkuð af tekjum sínum í þessu skyni, og að það sé framkvæmanlegt. T. d. er hvarvetna kvartað yfir því, hve berklavarnagjöldin séu há, og að héruðin fái ekki undir þeim risið sökum þess, hve erfitt reynist að ná inn útsvörum. Ef ríkið tæki minna í skatta, væri auðveldara að ná inn útsvörunum, og þau yrðu þá heldur ekki slíkur baggi á borgurunum

sem nú. Ég legg því til, að n. athugi þau tvö atriði, sem ég nefndi, áður en hún skilar áliti sínu.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég þarf ekki að vera margorður, þar sem þeir hv. ræðumenn, sem talað hafa, tóku frv. yfirleitt vinsamlega.

Ég álít það ekki rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í byrjun ræðu sinnar, að í frv. væri farið fram á nýja skatta, en að réttur til útsvarsálagningar í bæjum og sveitum væri jafn eftir sem áður. Í útsvarslögunum er svo ákveðið, að jafna skuli niður eftir efnum og ástæðum því, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til. Það má því ekki jafna niður umfram það, sem nauðsyn ber til, til þess að geta staðizt útgjöld. Nú má að vísu segja, að þegar bæjar- og sveitarsjóðir sjá hilla undir þessar nýju tekjuvonir, þá muni þeir fara að ráðast í ýmsar framkvæmdir, sem annars hefðu verið látnar bíða. Þetta má vitanlega segja, og það er auðvitað ekki hægt að girða fyrir allt, en þó verður að mínu áliti að gera ráð fyrir því fyrirfram, að bæjar- og sveitarstjórnir hagi sér nokkurnveginn skynsamlega. — Ég get verið hv. þm. sammála um það, að vandkvæðum getur verið bundið að heimila bæjar- og sveitarfélögum tekjustofna, sem ríkið eitt hefir áður haft. En það eru, eins og allir vita, til staðir á landinu, þar sem svo er ástatt, að gömlu tekjustofnarnir nægja ekki. Og þó að menn vildu fara leið hv. þm. og gera þennan aðskilnað alveg greinilegan, þá er það ekki hægt, því að til eru sveitarfélög, sem samt myndu sitja eftir í sömu ófærunum og áður. Ég skal játa með hv. þm., að vörugjöldin eru að ýmsu leyti vandasöm viðureignar. Má vel vera, að sá kafli frv. þyrfti nánari athugunar við. En það, sem n. hafði til fyrirmyndar um þessi vörugjöld, er hafnargjöld þau, sem hér í Reykjavík gilda og víðar og eru í rauninni vörugjöld. Og þar sem þau hafa nú ekki valdið stórvægilegum vandkvæðum undanfarið, þá ætti að mega gera ráð fyrir því, að reynslan myndi líka kenna mönnum að haga þessum vörugjöldum svo, að ekki komi að sök.

Ég er ekki sammála hv. þm. um það, að gjöldin af ríkisstofnunum komi aðallega niður á Reykjavík. Ef við tökum t. d. áfengisverzlunina, þá er ágóði hennar ekki allur eðlilegur gróði, sambærilegur t. d. við ágóða kaupmanna. Áfengisverzlunin er einkasala, sem selur óþarfavarning, er ríkisvaldið óskar helzt, að sé ekki neytt, og er því mikill hluti álagningarinnar í raun og veru skattur á þá, sem þessara vara neyta. Þetta gæti enginn kaupmaður gert í frjálsri verzlun. Ég sé því ekki, að Reykjavík eigi sérstaklega þær tekjur, sem af þessu hljótast.

Það getur verið rétt, að það kynni að vera þörf á að setja nánari ákvæði en gert er í frv. um úthlutun jöfnunarsjóðs, en n. fannst þó, að töluverð trygging væri fyrir því, að sjóðnum yrði réttilega úthlutað, þar sem þrír þingkjörnir menn eiga að hafa þá úthlutun með höndum, því að vitanlega verður að ganga út frá, að þessir menn geri þinginu reikningsskap ráðsmennsku sinnar, og maður verður að ætla, að Alþingi hafi hagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum. En sjálfsagt er þetta atriði frv. til athugunar undir meðferð málsins.

Þá minntist hv. þm. á það, og sagði, að sig undraði á því, að alveg vantaði í frv. ákvæði um skatt á samvinnufélögin. Hann viðurkenndi þó, og vil ég undirstrika það, að vitanlega hækkuðu útgjöld þeirra félaga, bæði vegna fasteignaskattsins og vörugjaldsins, í sama hlutfalli og á öðrum verzlunum, en heldur ekki meira, sagði hv. þm. Það er rétt, en þessir nýju skattar verða líka til þess að lækka útsvörin á kaupmönnunum, og þar af leiðandi verður niðurstaðan sú, að samvinnufélögin borga meira til sveitar- og bæjarfélaga heldur en þau gera nú í hlutfalli við kaupmenn. Það gilda sérstök lagaákvæði um útsvarsskyldu samvinnufélaganna, og ef rétt þætti að breyta þeim ákvæðum, þá liggur auðvitað þeinna við að gera það með breyt. á samvinnulögunum.

Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, hefi ég lítið að segja. Hann taldi, að húsaskatturinn væri eftir frv. of hár, en á hinn bóginn mætti talsvert auka fasteignaskattinn með því að hækka allmikið skatt á löndum, og taldi hann forsvaranlegt, að sá skattur yrði allt að 1%. Nú vil ég benda á það, að eftir þeim horfum, sem nú eru með sveitabúskapinn, þá hygg ég, að fasteignaskatturinn megi varla vera mikið hærri í sveitum en gert er ráð fyrir í frv., en sú hækkun, sem hæstv. ráðh. var að tala um, hygg ég, að varla mundi nást, nema með því að lögbjóða einnig hækkun á fasteignaskattinum til sveita. Í sambandi við það, að húsaskatturinn sé í frv. settur of hár, vil ég geta þess, að það munar ákaflega litlu, sem hann er settur hærri í frv. en það, sem tíðkast nú, þar sem þessi skattur er notaður. Í Reykjavík mun hann vera 0,8%, en í frv. er gert ráð fyrir, að hann verði 1%, svo að þetta munar ekki miklu. — Hæstv. atvmrh. fannst vegaskatturinn ógeðfelldur í kaupstöðum, en ef hann er það þar, þá ætti hann einnig að vera ógeðfelldur í sveitum, en í sveitum er hann búinn að vera til í tugi ára, og ég minnist þess ekki, að komið hafi frá hæstv. ráðh. eða flokksmönnum hans frv. um að afnema hann.

Hæstv. ráðh. lagði til, að þetta frv. færi til hv. fjhn., en ekki til hv. allshn. Mér þykir næsta eðlilegt, að hæstv. atvmrh. fái að ráða því, til hvaða n. frv. verður vísað. Hann er upphafsmaður að þessu frv., og það heyrir undir hans ráðuneyti, svo að ég get ekki verið að deila við hann um þetta.

Þá var hv. þm. Dal. að tala um það, að n., sem undirbjó þetta frv., mundi vilja lifa lengi sem n.; ég hefði sagt það í minni framsöguræðu, og það væri líka að skilja á grg. frv. En þetta hefir hvergi verið sagt. N. talar um, að þörf sé á að endurskoða útsvarslögin, helzt fyrir næsta þing, en það er hvergi sagt, að þessi n. ætti að gera það. Hv. þm. Dal. má gjarnan komast í n., sem hefði það verkefni. (**MJ:** Á hann þá að koma fyrir hv. 1. þm. Skagf.?). Ef hv. þm. Dal. vill ganga í þann flokk, sem ég fylgi, þá skal ég mæla með því, að hann verði kosinn. (**MJ:** Þetta nálgast það að vera mútur). Hv. þm. Dal. var að tala um það, að ekki væri nægilega skilgreint, hvað væri kauptún, samkv. 15. gr. frv. Það má vel vera, að einhver vafi geti leikið á um þetta, en þetta orð hefir nú samt verið notað í lögum oft

áður, og er þá talað um hreppsfélög, sem séu kauptún, og ég hefi ekki orðið þess var, að það hafi valdið neinum vandræðum. Þó má vel vera, að þetta megi betur fara en er í frv., en þá væri ástæða til að gera samskonar lagfæringu á öðrum lögum. — Annars benti hv. þm. Dal. á eitt atriði, sem ég skal játa, að valdið hefir mér nokkurrar áhyggju, síðan n. gekk frá frv., og er það, að svo kann að standa á á stöku stað, þar sem um er að ræða lítið kauptún, en stórt uppland, sem sækir verzlun til kauptúnsins, að kauptúnið fái óeðlilega miklar tekjur af vörugjaldinu. Það kann að vera, að þetta geti átt sér stað, t. d. á Eyrarbakka, ef miklar vörur koma þar á land, eins og ég heyri sagt. Það er því sjálfsagt, að þetta atriði verði athugað gaumgæfilega. Ég skal geta þess, að það kom mjög til orða í n., að hve miklu leyti sýslusjóðirnir eða sveitarsjóðirnir ættu að fá þessar tekjur, og ef til vill mætti lagfæra þetta með því að láta sýslusjóðina fá vörugjaldið, en þetta er allt til nánari athugunar.

Ég þarf lítlu að víkja að hv. þm. N.-Ísf., því að það, sem hann aðallega talaði um í sambandi við frv., tók ég fyrir í framsöguræðu minni. Honum er það vonbrigði, að n. skyldi ekki leggja til, að eitthvað af tekjum ríkisins skuli ganga til sveitar- og bæjarfélaga, og ekki heldur, að létt verði af þessum aðiljum neinum af núverandi útgjöldum. Ég gerði grein fyrir því áður, að n. taldi það tæplega sitt hlutverk að gera till. um þessi efni. Hinsvegar væri ég ákaflega fús til þess að eftirláta þessum aðiljum eitthvað af tekjum ríkisins, ef sýnt væri fram á það með rökum, að ríkið mætti missa þær tekjur, en undanfarið hefir það nú viljað sýna sig við samningu fjárl., að ríkið hafi ekki of miklar tekjur, og hefir heldur vantað á en hitt. Hin almennu orð um það í þessu sambandi, að ríkið geti sparað meira á sínum gjöldum en gert sé, hafa ekkert gildi, meðan ekki er sýnt fram á það með rökum, hversu það megi verða. Ég hefi ekki trú á því, að farið verði sparlegar með ríkisfé en gert er. Þótt viðsvegar að úr héruðum landsins komi bendingar um að spara, þá vilja engir láta spara hjá sér, heldur koma jafnhliða sparnaðartill. kröfur frá sömu mönnum um aukin framlög frá hinu opinbera til sinna þarfa. Það væri vitanlega ákaflega einfalt atriði að ákveða, að svo eða svo mikið af tekjum ríkissjóðs skuli ganga til bæjar- og sveitarfélaga, ef ríkissjóður mætti við því að missa af sínum tekjum, en það er vitanlega ómögulegt, þegar ekki er hægt að benda á, hvernig spara megi útgjöld ríkissjóðs.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um málið að þessu sinni. Það má segja, að frv. þetta hafi fengið vonum betri móttökur hér í hv. d. Reyndar hefir það mætt nokkrum aths., og er það ekki nema eðlilegt, þar sem þetta mál mun snerta hagsmuni alls almennings í landinu meira en nokkurt annað þingmál að þessu sinni, því að það snertir hag hvers einasta manns í landinu. Mig langar þó til að gera nokkrar aths. við sumt af því, sem sagt hefir verið um frv.

Hæstv. atvmrh. vill láta hækka skatt á lóðum, en lækka á húseignum. Ef það ráð yrði tekið, hygg ég, að ómögulegt yrði að ná eins miklum tekjum inn fyrir bæjar- og sveitarfélögin og hægt er eftir þessu frv. eins og það er, því að lóðir og lendur eru margfalt minna virði en húseignirnar. Því síður væri þá hægt vegna slíkrar breyt. að fella niður það vörugjald, sem fara á til sveitarfélaga. Ég vil benda á, að þegar er tekinn í mörgum sýslum 4 til 5‰ fasteignaskattur til vega, og þótti n. varhugavert, þar sem þessi skattur er fyrir, að leggja til að fyrirskipa hærri fasteignaskatt í sveitum en 6‰, þar sem svo er nú ástatt með sveitabúskapinn, að við borð liggur, að margar jarðir á landinu leggist í auðn vegna þeirra erfiðleika, sem landbúnaðurinn á við að búa nú. — Annars fannst hæstv. ráðh. víst, að flestir kaflar eða tekjuliðir frv. væru slæmir. Útsvörin væru í raun og veru sanngjarnasti skatturinn, því að þeir, sem jöfnuðu honum á gjaldendurna, þekktu þá alla og þeirra hag, og útsvörin væru lögð á eftir efnum og ástæðum. En það er nú víða ekki nema í orði kveðnu, sem það er gert. Í Reykjavík eru útsvörin t. d. mjög ósanngjarn skattur. Þar er alveg horfið frá því að leggja þau á eftir efnum og ástæðum. Niðurjöfnunarn. þar býr sér til skala til þess að fara eftir, og niðurjöfnunin verður því ekki nema einfalt reikningsdæmi, og lík aðferð, hygg ég, að þegar sé upptekin víða í sveitarfélögunum líka. Útsvörin eru því ekki orðin annað en hreinn tekju- og eignarskattur, og þau eru nú orðin svo há, að ómögulegt reynist að innheimta þau. Þess vegna hygg ég, að það sé alveg rétt stefna að lækka útsvörin með þessum nýju sköttum. Það er rétt, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, að það er ótiltekið, hve há útsvörin megi vera í samanburði við útgjöld sveitar- og bæjarfélaganna, og þess vegna geti þessir nýju tekjustofnar þeirra orðið til þess að auka eyðsluna, og ef eyðslan aukist, þá hljóti útsvörin að standa í stað eða hækka þrátt fyrir hina nýju tekjustofna. En hvað sem þessu líður, þá hygg ég þó, að þessar nýju tekjur bæjar- og sveitarfélaga geri það að verkum, að þessir aðiljar fái betur en áður ráðið við sín fjármál, og ef eyðslan vex, þá mundi hún gera það eins eftir sem áður, þótt engar nýjar tekjur kæmu til. Annars er það svo, að bæjar- og sveitarfélög eru alls ekki einráð um það, hve há þeirra útgjöld eru. Löggjafarvaldið leggur þessum aðiljum á herðar nýjar og nýjar byrðar, sem bæjar- og sveitarfélögin verða nauðug, viljug að taka á móti. — Hæstv. atvmrh. sagði, að sér þætti það mjög leitt a ðþurfa að leggja á viðbótaraðflutningsgjaldið, vegna sveitanna. Það er vitanlega rétt, en um annað er ekki að gera. Ég get fallizt á það, að kannske væri rétt að hækka tollana, en lækka vörugjaldið, því að mér er ljóst, að tollar eru sanngjarnari en vörugjald. Við erum alltaf í þinginu að reyna að samræma þessi gjöld og finna út sem réttlátastar reglur um álagningu þeirra. Vörugjaldið er nú 50 aurar á kg., og er það jafnt hvort sem eðlisþyngd vörunnar er mikil eða lítil; það er sem sagt jafnt á hvert kg., hvort sem er æðardúnn eða t. d. kornvara eða önnur þungavara, en þetta gjald

hefir þann kost, að það er ákaflega auðvelt í innheimtu.

Það hefir verið um það deilt, til hvaða n. þetta frv. ætti að fara hér í hv. d., og hv. meðflm. minn sagði, að hann vildi láta hæstv. atvmrh. ráða því, þar sem þetta væri hans mál og heyrði undir hans ráðuneyti, en ég vil segja, að það sé ekki hans mál, því að hann flytur það ekki, heldur við meðnm. minn í mþn., hv. 1. þm. Eyf. og ég. Það er því okkar mál, og ég vil því ráða um það eins miklu og hæstv. ráðh., til hvaða n. það fer, og ég tel það eigi að fara til hv. allshn., eins og venja er með öll sveitarstjórnarmálefni. (SÁÓ: Ekki bæjargjaldamál). Ég man eftir því, að útsvarslögin 1926 voru í allshn., og er það þó hið hreinasta skattamál bæjar- og sveitarfélaga, sem ég þekki.

Þá hefir verið talað um að n., sem undirbjó og samdi frv., mundi vilja starfa lengi. Ég átti sannast að segja ekki von á því, að n. yrði borið það á brýn. Ég hygg, að það séu ekki margar mþn., sem hafa eftir styttri tíma en hálfan annan mánuð skilað meiri árangri en þessi n. Hitt má segja, að starfinu sé ekki lokið, en n. hefir að minu áliti unnið það, sem hægt er að vænta á svo stuttum tíma, og n. vildi ekki draga það meira að skila sínum till. með tilliti til þess, sem fram kom á síðasta þingi, að mál þetta þyldi enga bið, því að þá var því eiginlega lofað, að sveitar- og bæjarfélög skyldu sem allra fyrst á þessu þingi fá einhverjar viðbótartekjur.

Þá hefir komið fram ein aths. við formshlið frv. með tilliti til vörugjaldsins, frá hv. þm. Dal., um það, hvað átt væri við með orðinu kauptún í frv. Það má vera, að einstök tilfelli geti komið fyrir, þar sem vörugjaldið verði ekki fyllilega sanngjarnt, og er rétt að athuga það betur, en hitt held ég, að ekki geti farið á milli mála, hvað meint er með orðinu kauptún. En þetta atriði er sjálfsagt að athuga nánar, og svo hitt líka, hvort ekki sé tiltækilegt að láta öll kauptún, hvort sem þau eru sérstakur hreppur eða ekki, fá þessi gjöld, sem hér er um að ræða. En þá getur hæglega komið fyrir, að þessi gjöld verði ekki nægileg fyrir allan hreppinn. Það getur verið, að vöruflutningar að og frá kauptúninu séu svo litlir, að gjöldin af þeim nægi ekki kauptúninu og þeim sveitum eða sveit, sem er í sama hreppi. Ég get nefnt dæmi um það úr minu kjördæmi. (ÞÞ: Þá er að mynda jöfnunarsjóði fyrir sveitirnar). Það er einmitt nokkurskonar jöfnunarsjóðir, þessi viðbót við tollaálagninguna, og það mætti náttúrlega hugsa sér, að sú viðbót færi í þann sama sjóð. En til þess að breyta þessu, þarf ekki nema örlitla breyt. á frv.

Þá hafa ýmsir spurt, hvernig standi á því, að n. hafi ekki lagt til, að eitthvað af tekjustofnum ríkisins væri tekið í þágu sveitarfélaganna. Þetta er eðlileg spurning. Ég áleit, eins og kemur fram í nál., að það ætti að taka a. m. k. helminginn af fasteignaskattinum, sem rennur til ríkisins, og helzt allan, og láta hann renna til sveitarfélaganna. En því var ekki hægt að koma fram í n., og þær röksemdir komu fram hjá hv. fyrri flm. þessa máls, að það væri enginn tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Það er rétt, að meðan ekki er hægt að ná tekjuafgangi, þá er ekki ákrennilegt að taka tekjustofna frá ríkinu, því að það þýðir, að þá verður að útvega ríkinu aðra tekjustofna. Það er ekki nema um tvennskonar tekjustofna að ræða, beina og óbeina skatta. Allir eru sammála um, að beinu skattarnir séu orðnir svo háir, að ómögulegt sé að hækka þá meir. Þá er ekki um annað að gera en óbeinu skattana. — Einn hv. þm., sem hér talaði, minntist á berklavarnagjaldið og að n. hefði átt að leggja til, að það yrði fellt burt. Það kom til orða í n., eins og hv. fyrri flm. hefir tekið fram, en n. áleit það ekki vera á sínu verksviði.

Ég skal svo ekki hafa þetta mál lengra, en tek það fram, að ég greiði atkv. með því, að þetta mál fari til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PHerm, PM, BSt, GL, IngP, JAJ, MG, EÁrna.

nei: SÁÓ, ÞÞ, HG, JBald, JJ.

Tveir þm. (HermJ, ÞBr) fjarstaddir.

Á 53. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið tjáð af mönnum úr hv. allshn., að bráðlega sé von á nál., sem vantar um 6. málið á dagskránni, frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, svo að ég tek það út af dagskrá að þessu sinni.

Á 54. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 33, n. 350, 368 og 406).

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Maður skyldi ætla, að það yrði einhver, sem tæki til máls, þar sem sú n., sem hefir með málið farið, er skipuð 5 mönnum og er fjórklofin. Ég vil a. m. k. ekki láta málið fara svo áfram, að enginn taki til máls, og ég vil þess vegna segja nokkur orð um mína afstöðu til málsins.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er undirbúið af mþn., eins og kunnugt er, og í þeirri n. var sæmilegt samkomulag, og kom hún sér saman um frv., sem allir nm. voru að vísu ekki ánægðir með, en þó var það þannig, að því er mér skildist, að allir nm. sættu sig við frv. eins og það var, þó að ýmsir kysu það á annan veg. Það er annars auðvitað mál, að það er erfitt að setja l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að allir séu sammála, enda hygg ég, að það verði aldrei gert. Þetta var n. alveg ljóst, og hún reyndi þess vegna að sveigja saman skoðanir þannig, að allir gætu nokkurnveginn við unað. — Þetta frv., sem hér var lagt fyrir í þingbyrjun, var, eins og ég tók fram, árangurinn af starfi n., en hæstv. atvmrh. vildi ekki flytja það, og þess vegna varð það að ráði, að við tveir, sem í n. áttum sæti og líka eigum sæti í þessari hv. d., flyttum það. Frv. var nokkuð rætt hér við 1. umr., og síðan

var því vísað til allshn. Í n. hefir gengið erfiðlega með málið. Það hefir verið beðið lengi eftir afstöðu ýmsra nm. til þess, og að lokum sá ég mér ekki annað fært, til þess að koma hreyfingu á málið, en að setja fram brtt. þær, sem ég vildi reyna að koma að, og eru það brtt., sem ég hefi ástæðu til þess að ætla, að allir nm. geti fellt sig við, eða a. m. k. 4 af þeim. Ég skal taka það fram um þessar brtt., að þær eru ekki stór breyt. á frv.

Aðalbreyt. er sú, að það sé aðeins heimilt að leggja á fasteignaskatt í kaupstöðum og hreppum. En eftir frv. var það skylt í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, en aðeins heimilt í sveitum. Eftir minni brtt. er stungið upp á því, að það sé aðeins heimilað alstaðar. Ég varð ekki var við, að neinn í n. hefði neitt við þetta atriði að athuga út af fyrir sig. — Þá hefi ég gert till. um breyt. við 18. gr., um það, að fella burtu vörugjald af allri framleiðsluvöru landsmanna, og hefi ég gert það af því, að það er leiðinlegt að þurfa að skattleggja eigin framleiðslu, þegar vitað er, að hún gengur ákaflega illa, en þó er þar við að athuga, að allir skattar koma að síðustu niður á framleiðslunni, svo að þetta er meir stríð um orð heldur en veruleika. Afleiðingin af þessu er sú, að ég hefi ekki séð annað fært en að hækka vörugjaldið úr 50 í 65 aura á þeim vörum, sem annars verða gjaldskyldar eftir III. kafla frv. Þetta eru þær brtt., sem ég ber fram á þskj. 350. En ég verð að fara nokkrum orðum um málið að öðru leyti.

Ég vil fyrst benda á, að þótt svo sé sagt, að það sé ótakmarkaður álöguréttur bæjar- og sveitarfélaga á gjaldendur sína með útsvari, þá er það meir í orði en á borði. Þegar útsvörin eru orðin svo há, að gjaldendurnir geta ekki undir þeim risið, þá vaknar alda um það að hætta að greiða allt útsvarið, þótt hlutaðeigandi gæti greitt eitthvað. Þess vegna virtist n. ekki um neitt annað að ræða en að reyna að flytja eitthvað af þessum gjöldum yfir á aðra gjaldstofna, því að n. hafði ekki neina heimild til þess að koma með till. um að nema burtu einhverja útgjaldaliði bæjar- og sveitarfélaga og hafði þess vegna engin önnur ráð en að flytja þá til þannig, að þeir væru teknir af öðrum tekjustofnum. Það er ekkert annað en svikamylla, að leggja stöðugt aukin gjöld á gjaldendur bæjar- og sveitarfélaga, segja þeim að taka þau með útsvörum, sem vitanlega er ómögulegt að ná inn, því að fjöldi gjaldenda í þessu landi er þannig staður, að hann getur ekki, þótt lögtak sé reynt, borgað útsvörin. Það er mikill fjöldi manna hér á landi, sem er þannig staddur fjárhagslega, að hann hefir ekki meira en það, sem hann má taka undan frá lögtaki. Nú kynnu einhverjir að segja, að það væri nær að nema burtu eitthvað af gjöldum bæjar- og sveitarfélaga, og er ég því samþykkur. En það var ekki á verksviði n. að gera það, og þó vil ég fyrir mitt leyti fara inn á þá braut, að láta ríkissjóð gefa bæjar- og sveitarfélögum eftir fasteignaskatt, og fella burtu framlagið úr sýslum og bæjum til berklavarna. En við þetta var ekki komandi, og þess vegna voru ekki nein önnur ráð til hjá n. heldur en að fara þessa leið, sem farin var. Þeir, sem eru á móti þessu frv., geta verið það af tveimur ástæðum, annaðhvort af því, að þeim finnst ósanngjarnlega skipt niður á gjaldstofnana, sem eru flestir gamlir, eða þá vegna hins, að þeir álíta, að bæjar- og sveitarfélögin geti komizt af án þess að farið sé inn á þessa braut. Síðara atriðið er mjög veigalítið, enda viðurkenndi þingið í fyrra, að það væri þörf breyt. í þessu efni. Því að annars var tilgangslaust að fyrirskipa endurskoðun á löggjöf bæjar- og sveitarfélaga, ef ekki átti einmitt að ganga í þessa átt, enda var viðurkennt, að svo ætti að vera. Það lá fyrir þinginu í fyrra fjöldi frv. um staði, sem vildu fá leyfi til þess að útvega sér tekjur sinn með hverju móti, en það var allt drepið niður með þeim rökum, að á þessu þingi skyldu koma l., sem bættu úr fyrir þessum bæjar- og sveitarfélögum. Nú er séð, að úr þessu ætlar ekki að verða neitt nema bergmál af því, sem ætlað var, því að þetta frv. verður ekki samþ. í neinni mynd á þessu þingi. Það er búið að fara þannig með þetta mál, að það er sýnilegt, að meiri hl. ætlar að skilja bæjar- og sveitarfélögin eftir í sama öngþveitinu og verið hefir.

Ég skal ekki núna fara mikið inn á þær brtt., sem liggja fyrir, að öðru leyti en því, að ég get aðeins sagt það um till. hv. 10. landsk. viðvíkjandi fasteignaskattinum, að ég mun greiða henni atkv., því að það var mín uppástunga í n., að láta bæjar- og sveitarfélögin fá fasteignaskattinn, og mér finnst það vera sanngjarnt. — Ég vil benda á það viðvíkjandi III. kaflanum, um vörugjaldið, að ég held, að það hafi verið það gjald, sem mér virtist mælast verst fyrir í allshn., og kemur mér það dálítið undarlega fyrir sjónir, þar sem það var einmitt umboðsmaður Alþfl. í n., sem átti upptökin að því, að sá kafli var settur í frv. Ég verð að segja, að mér finnst það vera betra fyrir bæjarfélögin og hin stærri kauptún, að hafa þann gjaldstofn, heldur en þann, sem nú er, og get ég ekki séð, að hann sé ósanngjarn. Það hefir verið rætt um, að það væri mjög ósanngjarnt gagnvart öllum bæjar- og sveitarfélögum, því að með því væru t. d. skattlagðir til Rvíkur íbúar bæjarfélaga hér á landi, sem verzla við Rvík, og einnig allir kaupstaðir, sem verzla við Rvík. Ég skal viðurkenna, að þetta er rétt, en þar á móti kemur annað, og það er, að sveitarfélögin fá líka tekjur af neyzlu bæjarbúa, svo að þetta er á víxl, svo að ég held, að sveitarfélögin verði ekkert verr úti. Þau fá sem svarar 4,00—4,50 kr. á hvern íbúa, og það er vitanlegt, að það er að langmestu leyti tekið af neyzlu annarsstaðar frá, því að það er meira en helmingur af þeirri neyzlu, sem farið hefir fram í kaupstöðum og kauptúnum, og sennilega miklu meira. Það eru náttúrlega skattar á kaupstaðina og kauptúnin, sem koma á móti því, sem kaupstaðirnir fá í skatt af neyzlu sveitanna. Ástæðan til þess, að ég fyrir mitt leyti gat gengið inn á þetta vörugjald, var sú, að ég sá, að skipting sú, sem varð að gera á tollaviðaukanum, ef ekkert annað ætti að gera, var ákaflega erfið, að skipta þannig milli kaupstaða, kauptúna og sveitarfélaga. Þó að skipting eftir höfðatölu í sveitum sé dálítið gróf, þá verður hitt þó miklu verra, að skipta eftir höfðatölu um land allt, sér-

staklega í kaupstöðunum, af því að útsvör í kaupstöðum eru miklu hærri á íbúa heldur en í sveitum. Ég ætla, að útsvörin séu hér í Rvík upp undir 100 kr. á hvern íbúa, en ef maður lítur á skrána yfir útsvör í sveitum landsins, þá getur maður fundið ýms dæmi þess, að útsvörin eru ekki hærri en 8—10 kr., og jafnvel niður í 7 kr., á hvern íbúa hreppsins. Þó er þetta ekki einhlítur mælikvarði, því að það er auðsætt, að gjaldþolið er líka mismunandi í sveitum landsins, svo að það er ekki hægt að komast framhjá ósamræminu. En í hinum stærri kauptúnum og kaupstöðunum verður það svo lítill hluti, sem dregst frá útsvörunum til þessa neyzluskatts, að það munar sama og engu. Það verður í sumum hreppum allt að því hálft útsvarið, en í Rvík ekki nema örlítill hluti. Það verður 1/25 eða eitthvað svipað því. Ég held því, að öllu athuguðu, að frv., eins og það var borið fram, hafi haft meiri líkur til þess að ná samþykki heldur en það hefir með þeim breyt., sem hér er stungið upp á.

Ég þykist sjá, að þetta mál muni ekki verða afgr. á þessu þingi sem l., og tel ég það mjög illa farið. En ég óska þess fyrir mitt leyti, að málið geti fengið einhverja afgreiðslu í þessari d., til þess að það geti komið eitthvað til umr. í Nd., því að það er til gagns vegna framtíðarinnar að heyra sem flestar raddir um þetta mál. Svo er það eitt atriði í þessu máli, sem gerir óhjákvæmilegt að endurskoða þessa löggjöf, og það er framfærslulögin nýju. Það er vitað, að þau leggja mjög stórar byrðar á kaupstaðina og stærri kauptúnin. Og það er svo, að sum sveitarfélögin losna að allmiklu leyti við fátækraframfærsluna eftir nýju l., og kemur það aftur niður annarsstaðar. Og það sjá allir, að það er ekki hægt að leggja slíkar byrðar á kaupstaðina, og ætla þeim ekki neitt á móti. Að því leyti sem kynni að vera vísað til væntanlegrar kreppuhjálpar bæjar- og sveitarfélaga, þá vil ég benda á það, að sú kreppuhjálp nær ekki lengra en til þess að semja um og fá gjaldfrest á þeim skuldum, sem þegar eru til orðnar, en hjálpar ekki neitt að því er snertir þær byrðar, sem hvíla áfram og myndast af nýju á bæjar- og sveitarfélögin. Ég tel, að með því að setja l. um þetta efni, þá hefði verið bætt allvel úr bæði fyrir bæjar- og sveitarfélögum, því að fátækraframfærslunni hefir þá verið komið fyrir á vissan hátt, sem ég skal ekki segja um, hvort er réttlátur eða ekki. Kreppuhjálpin dreifir á komandi tíma þeim byrðum, sem þegar eru fallnar á fyrir 1. janúar 1936, en þetta frv. átti að fyrirbyggja, að haldið yrði áfram að safna byrðum á herðar bæjar- og sveitarfélaganna. Einmitt þetta var verkefni þessarar löggjafar. — Ég hefi ef til vill gleymt einhverju, sem ég hefði viljað taka fram, en mun þá gera það síðar, og læt útrætt um þetta að sinni.

*__Ingvar Pálmason:__ Vegna þess að frsm. annars minni hl. allshn. er ekki viðstaddur, hefi ég hugsað mér að segja nokkur orð, sem ég geri ráð fyrir, að megi teljast sem grg. frá 2. minni hl. allshn.

Frsm. 1. minni hl. gat þess, að í mþn. hefði verið allgott samkomulag um mál þetta. Ég efast ekki um, að þetta sé rétt, enda þótt mig minni, að það standi í grg., að n.menn áskilji sér rétt til breyt. o. s. frv. Og mér virðist, að við meðferð málsins í allshn. hafi það komið í ljós, að eitthvað hafi verið ókokkað í þeirri n. En ég get sagt það sama úr allshn.; ég varð ekki var við annað en að það væri gott samkomulag í n., en það, sem strandaði þar á, að n. gat ekki skilað sameiginlegu nál., var það, að enda þótt til væri langsamlegur meiri hl. í n. fyrir því, að löggjöf um þetta efni gengi fram, þá voru svo margar og mismunandi skoðanir í n., að hún sá sér ekki fært að gefa út sameiginlegt álit. Ég skýri frá þessu hér, af því að ég álít, að ástandið í allshn. hafi stafað að miklu leyti af því ástandi, sem ríkti í mþn. Miklum meiri hl. n. mun það hinsvegar ljóst, að þingið þarf að afgr. l. um þetta efni, og ég er viss um, að það hefði flýtt fyrir málinu, ef n. hefði getað skilað áliti þannig, að hún hefði mælt með því, að frv. gengi fram, en einstakir nm. hefðu áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við frv. — Ég skal þá víkja að frv. sjálfu nokkrum orðum og þeim brtt., sem við 2. meiri hl. berum fram við frv.

Um I. kafla er það að segja, að ég varð ekki var við það í n., að hann mætti verulegri mótstöðu. Og ég get tekið undir það, sem frsm. 1. minni hl. sagði, og ber brtt., sem hann flytur við frv., get ég fallizt á fyrir mína parta. — Um II. kafla er það að segja, að það kom fram frá einum nm. andstaða gegn þeim kafla. Ég ætla ekki að fara nánar út í þennan kafla án frekara tilefnis, en ef það koma fram andmæli gegn honum, mun ég taka þau til athugunar. — Þá kem ég að III. kafla, um vörugjaldið. Ég get sagt það strax, að afstaða mín til vörugjaldsins er og hefir alltaf verið sú, að ég tel þá leið ófæra nema alveg á vissum stöðum. Ég skal játa, að ég hefi gengið inn á, að einn bær fengi þennan tekjustofn, það er að segja Vestmannaeyjakaupstaður, af því að ég tel, að sá bær hafi sérstöðu í þessu efni. N. var sammála um það, að ekki væri rétt að taka vörugjaldið af framleiðsluvörum landsmanna. Ég er sérstaklega mótfallinn því af þeim orsökum, að þá eru skattlagðir gjaldþegnar, sem ekki ber nein skylda til þess að halda uppi sköttum í viðkomandi sveitarfélagi eða bæjarfélagi. Eftir frv. eins og það er verður þetta mjög tilfinnanlegur skattur, því að eftir því, sem mér reiknast til, nemur þetta gjald milli 50—60 aurum á hvert skippund af fiski, þegar allt er reiknað, salt og olía og annað, sem til útgerðarinnar þarf. Að þetta sé óhæft, liggur í augum uppi, því að eins og nú er komið fisksölunni, þá eru ekki útskipunarhafnir nema á vissum stöðum, svo að menn verða að vera í félagsskap um sölu á fiskinum. Ég get tekið dæmi, sem ég þekki mjög vel. Í Mjóafirði verða menn þannig að skipa út fiski sínum annaðhvort á Norðfirði eða Seyðisfirði, og þar verður hann vörugjaldsskyldur eftir frv. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að Mjófirðingar verða skattlagðir í Neskaupstað eða á Seyðisfirði af sínum fiski um 50—60 kr. af hverjum 100 skippundum. Mér sýnist það vera augljóst, að þetta getur ekki gengið. Það er ekki einungis af því, að ég kveinki

mér við að leggja þessi gjöld á, að ég er á móti þessum kafla, heldur miklu fremur af því, að vörugjaldið kemur ranglátlega niður. Það er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta, en ég vildi taka þetta fram til skýringar. Meiri hl. allshn. virðist vera sammála um að fella niður vörugjaldið, en við í 2. minni hl. viljum ganga lengra; við viljum fella III. kaflann niður, og er það af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar tekið fram. En úr því að við leggjum til, að kaflinn verði lagður niður, þá vildum við sýna lit á því að fá einhverjar tekjur í staðinn handa sveitarfélögunum, og höfum við þess vegna lagt til, að gjald það, sem ákveðið er í 25. gr. frv., verði hækkað um helming. Ég skal játa, að þetta er ekkert skemmtileg leið, en ég tel þó, að þessi leið sé miklu réttlátari heldur en sú, sem farin er í III. kaflanum. Og það er af því, að Alþingi er búið þing eftir þing að vinza úr þessar vörutegundir og skattleggja þær, og ég verð að álykta, að það sé þó með betur yfirlögðu ráði, að þeir tollar eru á lagðir, heldur en þeir, sem ráðgert er að leggja á í III. kafla. Mér er það ljóst, að okkur hefir ekki tekizt að finna í þessu máli allan sannleikann, en ég tel, að við höfum sýnt þá viðleitni til þess að leysa þetta mál, að það sé ekki rétt að byggja það á till. okkar, að þetta mál verði ekki leyst á þessu þingi. Ég hefi heyrt það síðan þessi till. okkar kom fram, að við höfum séð lakar fyrir hlut bæjanna heldur en sveitanna. Ég skal ekki dæma um þetta, en ég vil taka það strax fram, að ef svo er, þá er það ekki með vilja gert. Og ég vil fullyrða það, að þótt eitthvað megi að því finna gagnvart bæjunum, þá er þetta þó betri lausn en hin. Og ég vil leggja áherzlu á, að ég tel, að þrátt fyrir það, þótt það takist með hinum nýja kreppulánasjóði bæja og kauptúna að greiða eitthvað úr vandræðunum, þá sé ekki nóg úr bætt fyrir þeim. Ég skal taka það fram, að það má vera, að I. kafli frv. gefi mörgum bæjarfélögum ekki miklar nýjar tekjur, því að þau hafa þegar mörg tekið upp þessa tekjustofna, en það er mikill viðauki fyrir þau bæjarfélög, sem ekki hafa tekið þá upp. Nokkur viðauki er líka eftir II. kafla frv. Ég hefi ekki haft tækifæri til að kynna mér, hvað miklu það muni nema. Ég býst við, að það megi reikna með því, að um 20% íbúanna í hverjum bæ séu verkfærir menn, og ef svo er, þá sjá allir, að þar er um nokkurn tekjuauka að ræða. Og ég tel, að þessi tekjuauki sé sá, sem kemur langminnst við gjaldþegnana, því að frv. gerir ráð fyrir, að hver og einn muni hafa heimild til að vinna það af sér. Og eins og nú stendur á, hygg ég, að flestir, sem eiga erfitt með að borga, hafi nægan tíma til að vinna það af sér. Þegar þessir tveir kaflar eru teknir, sem eru aðallega til að bæta úr tekjuþörf kaupstaðanna, og þegar tekinn er helmingur þeirrar tekjuöflunar, sem fæst samkv. IV. kafla frv., og ennfremur eru teknar þær tekjur, sem að auki fást samkv. V. kafla, þá fæ ég ekki betur séð en að segja megi, að eftir öllum vonum sé séð fyrir tekjuöflun þeim til handa. Menn verða að gá að því, að tekjuaukinn fyrir sveitirnar er ekki annar en sá, er fæst eftir II. kafla frv. samkv. brtt. okkar í 2. minni hl.

Ég hefi þá, auðvitað í stuttu máli og ekki greinilegu, gert grein fyrir áliti okkar í 2. minni hl. allshn. — Eina brtt. hefi ég ekki minnzt á enn, en hún er við 35. gr. og er um skattskyldu til bæjar- og sveitarfélaga af starfrækslu síldarverksmiðjanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að leggja megi 1% á umsetningu þeirra, er renni til bæjar- eða sveitarsjóða, en við leggjum til, að þetta verði fært niður í ½%, og byggjum við það á því, að hér eru að mestu leyti, eins og með vörugjaldinu, skattlagðir þeir þegnar, sem ekki eru skattskyldir í því sveitar- eða bæjarfélagi og ekki búsettir þar. Þó skal það játað, að þessi álagning er vafasöm að rétti, en þó ber að gæta þess, að þau sveitar- og bæjarfélög, sem hafa slíka starfrækslu innan sinna vébanda, hljóta alltaf af því meiri eða minni útgjöld, og auk þess áhættu, ef atvinnurekstrinn bregzt, og þess vegna virðist mér ekki ósanngjarnt, að þau leggi eitthvað af mörkum til almennra þarfa. Ég held, að till. okkar í 2. minni hl. sé svo í hóf stillt, að ekki valdi ágreiningi.

Ég geri ráð fyrir, að ég fái ástæðu síðar til að taka til máls, þótt ég hafi skýrt svo þessar till. fyrir hv. þdm., að þær liggi ljóst fyrir, eftir því sem ég vona.

Ég vil því ekki tefja umr. meir, en vil vona í lengstu lög, að eitthvað gangi fram af þessu frv., og ég tel mig hafa ástæðu til að vænta, að svo verði. Og þótt ekki verði nema lítill hluti þess, tel ég það verða til bóta.

*__Frsm. 3. minni hl. (Þorsteinn Briem):__ Það var tekið fram af hv. flm. þessa frv. við 1. umr., eða a. m. k. viðurkennt, að þetta frv. er ekki miðað við, að útgjöldum verði létt af sveitar- eða bæjarfélögum, heldur væri verið að leita fyrir sér um aðra álagningaraðferð en áður hefir tíðkazt um bæjargjöld. En því var haldið fram við 1. umr., að nokkur bót mundi verða að frv., af því að gjöldin mundu innheimtast betur eftir þeim leiðum, sem frv. fer. Það er vitanlegt, að með þeim leiðum, sem frv. felur í sér, koma þessi gjöld ólíkt niður, miðað við það, sem verið hefir, meðan eingöngu er jafnað niður eftir efnum og ástæðum. Ég býst ekki við, að n. hafi farið inn á þessa leið af því, að hún teldi hana réttlátari en tíðkazt hefir, heldur af því, að innheimtan mundi verða betri, því að eins og vitað er, þá er svo ástatt í mörgum sveitar- og bæjarfélögum, að gjöldin nást ekki inn eftir eldri aðferðinni. Það má nú segja, að kýrin, sem nú á að mjólka, sé sú sama og áður hefir verið mjólkuð, aðeins á að viðhafa aðra mjöltunaraðferð, en hvort mjólkurkýrin er betur stæð að holdum til, eða selur betur, skal ég láta ósagt.

Ef ætti raunverulega að bæta úr þeim miklu vandræðum, sem öll sveitar- og bæjarfélög eru í, hygg ég, að það yrði ekki betur gert á annan hátt en þann, að létta af þeim gjöldum, sem á þeim hvíla, og ég hefi í nál. minu bent á tvo liði, sem sérstaklega væri æskilegt, að næðu fram að ganga, til að létta af útgjaldabyrðum. Önnur þeirra gengur í þá átt, sem hv. 1. minni hl. gat um, að afnema gjaldið til berklavarna, en hin er um, að sveitarsjóðir, og jafnvel bæjarsjóðir, fái endurgreitt af fasteignaskatti þeim, er nú rennur til ríkissjóðs. Frv. í þá átt hefir

verið borið fram á þinginu, en ekki fengið afgreiðslu, þó að þess hefði mátt vænta, að það fengi nokkrar undirtektir, þar sem annar hinna ráðandi flokka hefir lýst sig fylgjandi þessu máli í opinberri stefnuskrá, sem hann gaf út fyrir síðustu kosningar. Ég hefi talið, að ef von hefði verið um að fá þessu tvennu kippt í lag, þá væri um verulega bót að ræða fyrir sveitar- og bæjarfélögin. En hvort það nær fram að ganga í bráð, er annað mál, en ef svo verður ekki, þá tel ég, eins og ég hefi áður bent á, að ekki sé raunveruleg bót ráðin á vandræðum sveitar- og bæjarfélaga. En þó mundi nokkrum árum lengur vera hægt að halda öllu gangandi með því að breyta svo til um innheimtuaðferðir sem lagt er til í frv.

Viðvíkjandi einstökum köflum frv. get ég lýst yfir því, að ef brtt., sem 1. minni hl. flytur við I. kafla, verður samþ., mun ég greiða þeim kafla atkv. mitt. Aðallega er það brtt., sem hv. 1. minni hl. flytur við 1. gr. frv., um það, að ákvæðum gr. verði breytt í heimildarákvæði; ég tel það skipta nokkru máli, af því að ég tel óliklegt, að sum kauptún noti þessa heimild, og veit ég, að svo er a. m. k. um kauptúnið, þar sem ég á heima. Hreppsn. þar hefir sagt mér, að hún mundi ekki nota þessa heimild, beinlínis af því að hún telur, sökum kunnugleika síns í þessum efnum, að það kæmi óréttlátlega niður, og hirði ég ekki að fjölyrða meira þar um. — Um II. kafla er ekkert sérstakt að segja. Þar er lagt til, að í kaupstöðum sé greitt hliðstætt gjald því, sem nú tíðkast í sýslufélögum, og ég fæ ekki séð, að erfiðara verði um greiðslu vegaskattsins þar, því að gert er ráð fyrir, að menn megi greiða hann með vinnu, og má því telja, að flestum verkfærum mönnum verði hann léttur. — Um III. kafla get ég vísað til þess, sem stendur í nál. 3. minni hl.; ég er algerlega mótfallinn þessum kafla, enda þótt hv. 1. minni hl. hafi gert viðtækar brtt. til bóta. Mun ég að vísu greiða atkv. með þeim, en síðan móti öllum kaflanum. Ég tel ekki viðeigandi að leggja slík gjöld á framleiðsluna, sem hér er gert ráð fyrir í frv. sjálfu. Ég er mótfallinn því, að lagt sé gjald á vörur, sem keyptar eru af fjarlægum hreppum og notaðar þar. Auk þess hygg ég, eins og tekið er fram í áliti hv. 2. minni hl., að þetta muni koma allmisjafnt niður milli hinna ýmsu sveita innbyrðis. Kemur þetta t. d. strax fram í því, að þær sveitir, sem hafa aðstöðu til að selja afurðir á innlendum markaði, geta sloppið við þetta gjald, en þær sveitir, sem selja á erlendum markaði og þess vegna verða að sæta miklu verri kjörum, eins og er t. d. þar, sem ekki eru frystihús og markaðurinn því enn lakari, þurfa í ofanálag á þessa illu aðstöðu að greiða vörugjald af þessum afurðum. Þá er og með þessu, eins og bent er á af hv. 2. minni hl., sköpuð aðstaða til þess fyrir litla kauptúnahreppa að skattleggja aðra fjölmennari hreppa, svo að þeir geta þannig fengið greiddan mikinn hluta tekna sinna af öðrum hreppum, sem síður en svo hafa betra gjaldþol. Á það ekki aðeins við um Reyðarfjörð, sem nefndur var áðan, heldur fjölda marga aðra hreppa. Og liggur þar nærri að benda á það hreppsfélag, sem mikið var deilt um hér í vetur, Blönduóskauptún, sem fær aðstöðu til að skattleggja mikinn hluta sýslufélagsins, jafnvel þótt skattþolið í þessum kauptúnshreppi sé betra en í sumum eða mörgum þeim hreppum, sem af honum eru skattlagðir. Þá er og að líta á það, að sumir hlutar landsins geta alveg sloppið við þessa skattaálagningu. Ég ætla, eins og nú er, að svo sé um svæðið frá Seyðisfirði til Húsavíkur, en það mun aftur á móti geta orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem felast í ákvæðum IV. kafla. Er því hér um óréttlæti að ræða, ef svo verður, að aðflutningsgjaldið fellur á tvær hendur, en rennur ekki til ríkisins aðeins, svo sem nú er; þess vegna er ég algerlega mótfallinn III. kafla. — Um IV. kaflann horfir öðruvísi við; eftir honum er ekki lagður skattur á innlenda framleiðslu, og þar kemur heldur ekki til greina það misrétti, sem ég gat um í sambandi við III. kafla, að sum héruð geta sloppið við útgjöld, en notið hlunnindanna. Hv. 2. minni hl. hefir það til síns máls, að hér er um gamla tollastefnu að ræða, sem hefir verið litið svo á, að væri réttlát. Til þess að losna við III. kafla, vildi ég því vinna til að samþ. þennan, jafnvel þótt um einhverja hækkun yrði að ræða, eins og hv. 2. minni hl. leggur til. — Við V. kafla frv. hefi ég áskilið mér rétt að gera brtt. við 3. umr., eða við 35. gr. Reyndar hefir hv. 2. minni hl. flutt brtt. við þessa gr., og er hún til bóta, en maður hefir þótzt verða var við, að kauptún og kaupstaðir hafi allmikið sótzt eftir því að fá síldarverksmiðjur til sín, jafnvel þótt ekki hafi verið slík gjaldskylduákvæði. Má álita það hlunnindi fyrir þann stað, sem hlýtur slík mannvirki, því að bæði eru það atvinnubætur, og fleira er, sem af þessu drýpur, bæði hafnargjöld o. fl., sem rennur inn í slíkt kauptún. Má t. d. nefna, að þeir föstu starfsmenn, sem ráðnir eru við þessi fyrirtæki, eiga væntanlega heima á staðnum, og þeir verða færari um að greiða sín gjöld. Auk þess verður að líta svo á, að samkv. 35. gr. séu fleiri, sem greiða það gjald, en þeir, sem eru búsettir á staðnum. Og hefðu þeir sjálfsagt margir hverjir viljað fegnir hlíta því, að þurfa ekki að fara á annan stað til þess að leggja þar upp afla sinn, jafnvel þó að þeir hefðu ekki heima notið skatthlunninda af rekstrinum. Ég get t. d. ímyndað mér, að kauptúnin við Faxaflóa, sem hafa allgóða aðstöðu til síldveiða, hefðu vel viljað hlíta þeim kjörum að fá síldarverksmiðju hjá sér, jafnvel þó að engin hlunnindi fylgdu. Ég vil því áskilja mér rétt til að flytja brtt., sem gengur lengra en brtt. hv. 2. minni hl., við 3. umr. þessa máls. Um V. kafla að öðru leyti get ég getið þess, að ég tel mikið álitamál, hvort yfirleitt er rétt að stofna til þessa jöfnunarsjóðs. Það gæti hugsazt, að kauptúnahreppar og kaupstaðir færu að eins og menn, sem keppast um miða í happdrætti og treysta of mikið á vafasaman vinning og fara því ógætilega í trausti þess, að þeir hljóti eitthvað úr þessum sjóði. Eins og sést í nál. mínu, hefi ég ekki gert brtt. nú, en hefi í hyggju að gera það við 3. umr., við 36. gr., þannig að sjóðurinn heiti jöfnunarsjóður kauptúna, kaupstaða og hreppa, og aðrar breyt., sem af því leiðir. Ég vil ætla, að þó að margir erfiðleikar geti komið fyrir kauptúnshreppana,

þá geta og komið mörg óhöpp einnig fyrir sveitahreppana. Þeir geta ekki síður orðið fyrir skakkafalli af misjöfnu árferði heldur en kauptúnin. Og mun það vera kunnugt um einn sveitahrepp, að það hefir orðið að leggja honum nú fyrir skömmu beint til bjargræðis, svo að fólkið gæti lifað. Ef fjárfellir kemur fyrir, í litlum sveitahreppum a. m. k., sem eru illa stæðir áður, þá ætla ég, að svo geti oft á staðið, að þeir hafi þessa engu minni þörf heldur en kauptúnin.

Ég hefi þá lýst afstöðu minni til hinna ýmsu kafla þessa frv., og kem þá að þeim brtt., sem ég flyt við I. kafla frv., að á eftir 1. gr. komi 2 nýjar gr., um það, að fasteignaskattur í sýslum og kaupstöðum landsins, samkv. l. um fasteignaskatt, greiðist í sýslu- og bæjarsjóð þar, sem fasteignin liggur. Þessi till. hefir komið áður fram í frv.formi og verið gerð rækilega grein fyrir henni þar, og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um hana að sinni. En ég skal aðeins geta þess, að ég hefi tekið bæjarsjóði með, sumpart vegna þess að ég ætla, að aðstaða bæjarsjóða verði nokkuð önnur hér eftir en hingað til vegna breyt. á framfærslulögunum, en sumpart vegna þess, að annar stjórnarflokkurinn hefir lýst yfir, að hann sé því fylgjandi, að fasteignaskatturinn eða nokkur hluti hans falli til bæjar- eða sýslufélaga. En ég skal játa, að þar sem svo langt er liðið á þingtímann, og að því er ætla má komið að þinglokum, þá kann að vera fast að orði kveðið að ætlast til, að þessi skattur greiðist til sýslu- og bæjarsjóða þegar á næsta ári. Og þar sem afgreiðsla fjárl. mun nú nær lokið, þá kann það að valda óþægindum, ef breytt er um tekjustofna ríkisins í lok þings, og hefir þess vegna komið fram brtt. um það, að í staðinn fyrir árið 1937 komi 1938, og mun ég til samkomulags fylgja þeirri till. — Mér þótti vænt um að heyra það — sem ég raunar vissi áður, — að 1. minni hl. n. er þessari till. fylgjandi. Og það var raunar aðeins af því, að 1. minni hl. hafði þegar skilað áliti áður, að ég flyt þessa brtt. einn.

*__Frsm. 4. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Ég ætla að byrja á að víkja nokkuð að meðferð málsins í n. Málið var tekið fyrir jafnskjótt og það barst til n., lesið yfir og rætt. En það kom fljótlega fram, að hugir manna skiptust mjög um þýðingarmikil atriði frv. Það var gert svo ráð fyrir, að brtt. skyldu koma fram, mig minnir á 3. fundi n. Lagði ég þá þegar fram brtt. við I. kafla frv., sem var meir orðalagsbreyt. en efnisbreyt., þó ekki veruleg. Ég lýsti ennfremur yfir á sama fundi, hver afstaða mín væri til frv. í heild, eins og ég hefi gert grein fyrir í nál., nefnilega að ég myndi ekki geta fylgt II. kafla frv., III. og IV. kafla, þungamiðju þess að því er tekjurnar snertir.

Ég hygg, að dráttur á afgreiðslu málsins úr n. hafi mest stafað af því, að örðugt hafi verið að finna nokkurn samfelldan meiri hl. innan n. Og ég tel vafasamt, að 1. minni hl. hefði á nokkurn hátt getað samlagað sig hinum öðrum minni hl., sem vildu ganga nokkuð lengra, eftir því sem nú er komið á daginn, svo að afleiðingin af því, að málið hefir tafizt þetta í n., er þær sundurleitu skoðanir, sem yfirleitt ríkja í þessu máli. Ég held það hafi verið bein tilhneiging hjá 4 nm. a. m. k. að kljúfa n. Ég sagði hv. 1. minni hl., að ég teldi ekki vert fyrir hann að bíða eftir sérstöku nál. frá mér, því að ég mundi yfirleitt koma á eftir hinum, enda skar hann sig úr í n. og byrjaði á að lýsa sinni afstöðu.

Þetta er í stuttu máli saga málsins. En það hefir og sína forsögu, eins og kom fram í ræðu formælanda hv. 2. minni hl., hv. 2. þm. S.-M., því að ég get ekki betur séð en að frá frv. hafi verið þannig gengið samkv. nál. mþn., að það hafi í raun og veru enginn meiri hl. verið, nema þá um einhver minniháttar atriði. Hefi ég bent á það í mínu nál., sem stendur skýrum orðum í áliti n., að það hafi verið svona meir tilhneiging til þess að skrifa undir, án þess að samfelld skoðun og hugur ríkti um það, sem undir var skrifað. Á 12. síðu í grg. n. má svo skilja, sem ágreiningur hafi verið um heila kafla frv., og menn áskilja sér rétt til jafnvel að breyta þeim og bera fram svo og svo margar brtt. Og þessi ágreiningur kemur svo að sjálfsögðu inn í allshn. og ristir þar dýpra inn í flokkana, eins og þeir eru skipaðir á Alþingi.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að þeim köflum, sem ég get ekki fallizt á. Það er þá fyrst kaflinn um vegaskattinn. Skilst mér meiri hl. n. sammála um að samþ. hann. Er hann, eins og allir þekkja, lögfestur nú í hreppum og kauptúnum, svo að þessi lögfesting nær eingöngu til bæjarfélaga, sem ekki hafa hann nú. Ef við lítum á Rvík, þá er vegaskattur gífurlega mikill fyrir allar götur bæjarins. En skattur þessi er lagður á skattborgarana í útsvörunum, og ég get ekki fundið, að réttlátara sé að fara að nefskatta menn um þetta gjald frekar en önnur gjöld, þegar það er nú yfirleitt vilji manna að afnema nefskattafyrirkomulag svo sem við verður komið. Mætti benda á mörg dæmi þess, að þetta kemur mjög ranglátlega niður í ýmsum tilfellum. Af þessum og fleiri ástæðum er ég mótfallinn þessum kafla. — Um vörugjaldið get ég verið því stuttorðari, að hv. 2. þm. S.-M. og hv. 10. landsk. hafa rætt um það. Við erum í aðaldráttunum sammála um, að ótækt sé yfirleitt að leggja á þetta gjald. En sjónarmið okkar yfirleitt kann að rekast nokkuð á. Ég get að sumu leyti viðurkennt rökin fyrir þeirra andstöðu. En þó að slíkt gjald sem þetta virðist í fljótu bragði ekki ýkjahátt, þá leggst það á stórt og smátt af öllum nauðsynjum hvers einasta manns, og óhjákvæmilega hækkar allt verð á útlendri vöru. En ég tel illa hægt að halda áfram miklu lengra á slíkri braut en gert hefir verið. Hv. 1. minni hl. hefir að nokkru dregið úr þessu gjaldi og undanskilið nokkrar vörutegundir, sem upprunalega voru í frv., en hyggst í staðinn að bækka vörugjald á öðrum liðum, sem eftir standa. Er ég í sjálfu sér jafnmótfallinn þeirri stefnu og hinni. — Um IV. kafla, aðflutningsgjaldið, sem er ætlazt til, að sé tekjustofn sveita, býst ég við, að megi togast á aftur og fram; í fyrsta lagi, hvort rétt sé að leggja það á, og í öðru lagi, hvernig eigi að skipta því. Hitt er vitanlegt, að þetta gjald er ekki nema nýr skattur á nauðsynjavöru alla, ætt og óætt, sem hlýtur að skapa aukna dýrtíð. Meðal annars af þeirri ástæðu vil

ég ekki fylgja þessu. Ég kem að því seinna, hvort þetta sé aðkallandi nauðsyn. En ég leyfi mér að varpa fram þeirri spurningu: Hvar á að stöðvast á þeirri braut að leggja á aðfluttar nauðsynjavörur almennings? Þeirri stefnu, sem hér er á ferð, hefi ég og flokkur sá, sem ég tilheyri, yfirleitt verið á móti, þ. e. á móti neyzlusköttum, nema þegar öll önnur sund virðast lokuð til þess að fá upp í þær nauðsynlegu greiðslur, sem við verðum að inna af hendi. Því til stuðnings vil ég benda á, að fyrir Alþingi hafa legið frv. frá einstökum þm. bæjarfélaga, sem fela í sér beiðnir um að mega afla þannig tekna fyrir bæjarfélögin, og höfum við alþýðuflokksmenn yfirleitt alltaf verið á móti þeirri stefnu. (MG: Hvernig var með klauflaxinn?). Klauflaxinn; jú, klauflaxinn var hækkun á svona gjöldum; en þar með er ekki sagt, að slíkt standi um aldur og ævi. En um leið og verið er að gera grundvallarreglur um tekjustofna fyrir bæi, þá er hæpið, að verði hægt að nema slíkt úr gildi. En með batnandi árferði mun klauflaxinn að sjálfsögðu taka miklum breyt. — Um V. kafla get ég sagt, að á hann mun ég fallast, að undanteknu ákvæðinu um 1% gjaldið, og tek undir orð hv. 10. landsk. Mun ég greiða atkv. með því að fella þetta niður.

Þá kem ég að því eina, sem ég tel, að hægt sé að gera í þessu máli. Ég sé ekki betur en málið sé komið á það stig, að það geti ekki fengið þá meðferð í d., sem að nokkru gagni má verða. Mestar líkur eru til, að stór hl. tekna þeirra, sem frv. ætlar til bæja og sveita, verði felldur niður. Fyrirfram er séð, að III. kafli verður felldur niður. Og ég tel tvísýnt, hvort hækkunin, sem lögð er til í IV. kafla, nái samþykki. En þá stendur ekkert eftir nema heimild í I. kafla fyrir hreppa og bæjarfélög, sem það vilja nota. Er þá ekki eftir ýkjamikið af frv., og er vafasamt, að rétt sé fyrir d. að afgr. málið. Ég bendi á það í mínu nál., að ekki sé fyllilega séð, hvernig geta bæjar- og sveitarfélaga verði eftir að sú löggjöf, sem nýlega hefir verið samþ. og jafnvel þetta þing þarf að samþ., verkar á bæjarfélög og sveitir. Til dæmis er kreppuhjálpin, sem gert var ráð fyrir að veita 1½ milljón til. Það er vitanlegt, að það gerir nokkru léttara um árlegar útgjaldabyrðar sveitarfélaga, þegar þessi skuldajöfnun er komin á. Og ennfremur er ég viss um, að sveitirnar munu með nýju framfærslul. fá mjög mikinn létti á sínum gjaldabyrðum, en þær gjaldabyrðar færast að nokkru yfir á bæina. En alþýðutryggingarlögin verka væntanlega þannig, að færri þurfa að leita á náðir sveitarinnar um framfærslu. En meðan ekki er sýnt í veruleika, hvernig þessi löggöf tekur til að verka á hag bæja og sveita, þá tel ég fullfljótt að fara að leggja á nýja skattstofna, sem vitanlegt er að mæta mjög mikilli andstöðu meðal búaliðs í landinu. Og ég tel, að n. hafi haft fullskamman tíma til að kafa jafndjúpt og gera þarf í slíku máli sem þessu, að leggja grundvöll að skattstofnum fyrir bæi og sveitir fyrir komandi ár. Ég geng þess ekki dulinn, að það geti farið svo, að einhver þurfi að brjóta odd af oflæti sínu áður en lýkur og ganga inn á þau svið, sem óljúft var að ganga inn á áður, eins og að leggja á verzlun meira en gert er, þ. e. alla verzlun í landinu. Í öðru lagi er ekki fyllilega rannsakað, hvort ekki sé hægt að finna möguleika fyrir skattstofna, sem koma öðruvísi niður en þetta, sem koma ekki eins þungt niður á þá, sem mjóst hafa bökin. Ég áfellist ekki n. fyrir að geta ekki kafað svo djúpt í þessu máli sem þörf var á. Það er nú svo komið, að það verður innan skamms að fara fram hrein skipting milli bæja og sveita annarsvegar og ríkisins hinsvegar hvað skattstofna snertir. Og þá getur svo farið, að sveitarfélög verði að taka við sumum þeim skattstofnum, sem ríkið hefir nú. Mþn. gat ekki rannsakað þetta mál sem þurfti vegna takmarkaðs tíma. Hinsvegar lít ég svo á, að þetta mál þyrfti meðal annars að undirbúa á þann hátt að leita umsagna sveitar- og bæjarstjórna í landinu um það, hvaða leiðir þær teldu heppilegar. Ég segi ekki, að skyldugt væri að fara eftir þeim, en í umsögnum þessum víðsvegar að af landinu ætti að felast nokkur leiðbeining. — Ég hygg það vera mjög nátengt þessu máli, að atvmrh. hefir látið stofna til endurskoðunar á útsvarslögunum. Fyrir því hefi ég lagt til, að málið verði ekki hespað í gegnum þingið nú, heldur verði því frestað um eitt ár og undirbúið. Þá hygg ég, að hægt eigi að vera að sjá, hve knýjandi þörfin er að afla sveitum og bæjum nýrra tekjustofna.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 33, n. 350, 368, 406 og 418).

*__Bernharð Stefánsson:__ Sem annar af flm. frv. hér í d. vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því, að málið er nú komið á dagskrá. En ég verð að kannast við, að ánægjan nær heldur ekki lengra. Hefir hv. allshn. haft málið til meðferðar nú um óvenjulangt skeið. Mætti hugsa sér tvennt, sem hefði getað orðið því valdandi, að málið var svo lengi í meðferð n. Annað það, að athugun málsins hafi verið svo vandasöm og n. orðið að umsteypa frv. að miklu leyti með brtt., en það hefir auðsjáanlega ekki verið, því að brtt. n. eru einfaldar, og getur það ekki hafa tekið svona langan tíma að komast að þeim niðurstöðum, sem n. hefir náð. Hin ástæðan er þýðingarmeiri, sem sé sú, að staðið hafi yfir tilraunir til að komast að samkomulagi í n. En þær tilraunir hafa þá farið út um þúfur, því að n. hefir klofnað í því nær jafnmarga parta og hægt var. Ég tel því litlar líkur til, að málið nái fram á þessu þingi, eins og nú horfir fyrir því, þar sem gert er ráð fyrir, að þing standi ekki nema fáa daga enn, og málið ekki komið lengra en til 2. umr. í fyrri d., en n. fjórklofin. Enda hefir hv. form. allshn. gert sitt til að tefja fyrir málinu, fyrst og fremst með því að bera fram rökstudda dagskrá um, að málinu yrði vísað frá, eftir að það var komið til 2. umr. og til stóð, að samkomulag fengist um að koma því til 3. umr. Mætti hann þó vita, að úti um land er mikil nauðsyn talin á því að bæta að einhverju úr tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga, og er það ekki minnst um vert fyrir þá, sem hann telur sig aðallega bera fyrir brjósti, bæina, að fá nokkurt fé til umráða. Svo bezt verður þeim málum borgið, að

hans flokkur sýni í verkinu, að hann beri þau fyrir brjósti.

Að því er snertir brtt. frá einstökum hl. n., þá mun ég ekki verða margorður. Hv. 1. þm. Skagf. flytur nokkrar brtt. á þskj. 350. Um 1. till., að í kaupstöðum og hreppum skuli heimilt að leggja árlegan fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, innan þeirra takmarka, sem í gr. getur, verð ég að lýsa yfir því, að ég er henni mótfallinn. Mér finnst sanngjarnt, að bæjar- og sveitarfélög ráði því sjálf, hvort þau vilja nota þennan tekjustofn eða ekki. En ég vil benda á, að það er oft, að bæjar- og sveitarfélög leita hjálpar hjá ríkinu, svo að ef slíkar heimildir væru fyrir í löggjöf þeirra, þá væri ekki úr vegi, að tekið væri fram, að um hjálp frá ríkinu gæti ekki verið að ræða, fyrr en slíkar tekjuöflunarheimildir hefðu verið notaðar að fullu. — Um 2. og 3. brtt. hv. þm. get ég sagt það, að verði III. kafla frv. haldið á annað borð, þá get ég fallizt á þær. Ég er hv. þm. sammála um það, að réttara er að fella niður vörugjaldið af innlendum afurðum og hækka það heldur af innflutningi, en annars hefir verið lagt til, að III. kafli yrði niður felldur. Um þá till. hefi ég það að segja, að ég lít svo á, að ef ríkið lætur ekki af mörkum til sveitar- og bæjarfélaga neitt af þeim tekjustofnum, sem það hefir nú, þá tel ég óhjákvæmilegt, að þau fái nokkrar tekjur af vörum, tolla í einhverri mynd. Hitt tel ég ekkert aðalatriði, hvort þessum tekjum er náð með þeim aðferðum, sem í III. kafla getur, eða IV. kafla. Síðan mþn. gekk frá þessu frv., skal ég játa, að mér hafa orðið ljósari en áður ýms vandkvæði á því að innheimta gjöld samkvæmt III. kafla frv., sérstaklega að því er það snertir, að víða eru allstór svæði, eins og t. d. á Austurlandi, sem þannig háttar um, að þau geta ekki notið vörugjaldsins, en aftur getur verið svo um smá þorp, að þau geta skattlagt stór svæði. Þó viðurkenni ég ekki það, sem kom fram hjá sumum hv. ræðumönnum hér í gær um óréttlæti það, sem hér væri á ferðinni, þar sem sveitarfélögin væru bara skattlögð, en fengju ekkert í staðinn. Þau eiga einmitt að fá tekjur samkvæmt IV. kafla. — Ég gæti, sem sagt, fallizt á, að III. kafli félli niður, en þá yrði líka að hækka verulega tollaálagið samkv. IV. kafla. Þetta hefir nú líka 2. minni hl. n. fundið og lagt til að hækka álagið á tollana um helming. Ég tel, að ef III. kafli yrði niður felldur, þá myndi þetta reynast of lítil hækkun. Ég mun því, ef samþ. verður að fella niður III. kafla, flytja við 3. umr. brtt. um hækkun á þessu álagi. Þá tel ég líka till. þeirra um skiptinguna á þessu fé nokkuð athugaverða. Það virðist að vísu ekki ósanngjarnt í fljótu bragði að skipta eftir fólksfjölda, en það ber þó líka að líta á þarfirnar og það, að frá upphafi hafa flest bæjar- og sveitarfélög haft sínar tekjur af verzlun, en þetta gjald er alveg nýr tekjustofn fyrir sveitirnar. Ég tel það rétt, að taka beri tillit til fólksfjöldans, en það ber engu síður að taka tillit til fleiri atriða. Getur verið, að ég flytji við 3. umr. brtt. um nokkuð aðra skiptingu en þeir gera ráð fyrir, ef þessi till. þeirra nær samþykki. — Þá vill 2. minni hl. n. lækka það gjald, sem síldarverksmiðjum ríkisins er ætlað að greiða til viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga, um helming. Ég get sagt það strax, að ég er algerlega mótfallinn þessari till. Það hafa verið færð fram þau rök fyrir þessari till., að með þessu gjaldi væru skattlagðir menn, sem ekki væru skattþegnar í þessum bæjarfélögum, en það má hið sama segja um æðimargt. Hvernig er það með einstakling, sem rekur síldarverksmiðju? Hann verður að greiða útsvar til bæjarfélags síns. Nú er alveg það sama að segja um slíka verksmiðju eins og ríkisverksmiðjurnar; þær kaupa síld af ýmsum skipum, og ég sé engan mun á þessu. Mig minnir, að það væri hv. 2. þm. S.-M., sem minntist á þetta og viðurkenndi, að það væri eðlilegt, að bæjarfélögin hefðu nokkrar tekjur af þessum atvinnurekstri, vegna þess að þau hefðu útgjöld af honum, og þetta er rétt. Þau hafa útgjöld af honum. Mér er kunnugt um það í mínu kjördæmi, t. d. um Krossanesverksmiðjuna. Þar hefir mjög aukizt byggð vegna þeirrar atvinnuvonar, sem þessi atvinnurekstur gaf, og margt fólk er þar bláfátækt, og ef nokkuð ber út af, þá verður sveitarfélagið strax að hlaupa undir bagga með þessu fólki. Það hefir verið sagt hér, að mörg bæjarfélög vildu fá slíkar verksmiðjur, og þetta er dagsanna. En það er svo með marga hluti, að menn girnast þá og halda, að þeir séu góðir, áður en þeir hafa prófað þá. Ég neita því ekki, að það geti verið gott að fá þessar verksmiðjur og að þeim fylgi tekjur, en þeim fylgir líka áhætta og bein útgjöld. Verksmiðjurnar þurfa að nota tæki bæjarfélaganna, vegi o. s. frv., og ég tel enga sanngirni í því, að verksmiðjurnar borgi ekki til bæjar- og sveitarfélaga, og það er viðurkennt af hv. 2. minni hl. En mér heyrðist ekki betur en að hv. frsm. vildi ekki viðurkenna, að þær eigi nokkuð að borga. Mér skilst, að ef till. minni hl. er samþ., þá mundu verksmiðjurnar á Siglufirði greiða um 12 þús. króna gjald á ári, en ef þær væru á einstakra manna höndum, þá er enginn efi á því, að útsvörin yrðu margfalt hærri. Miðað við undanfarin ár er líklegast, að verksmiðjan á Raufarhöfn mundi borga um 1000 kr. eftir till. 2. minni hl., en á síðasta ári greiddu Norðmenn þar um 4000 kr. Ég held, að samkv. ákvæðum frv. sé ákaflega hóflega í þetta farið og sanngjarnlega, og ég fyrir mitt leyti legg ríka áherzlu á, að það verði samþ. óbreytt, og tel hina mestu spillingu á frv. að róta þessu.

Það horfir þunglega við um framgang þessa máls, en ég verð að taka undir það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði hér í gær, að betra væri að fá eitthvað í þessu efni heldur en ekkert. Og ég hygg, að jafnvel þótt frv. verði skert að einhverju leyti, þá væri rétt að láta leifar þess ganga fram, ef unnt er. En þessa skerðingu viðvíkjandi síldarverksmiðjunum álít ég, að eigi sízt af öllu að gera. — Um till. 3. minni hl. n., hv. 10. landsk., er ekki mikið að segja. Hans till. er sú, að núverandi fasteignaskattur renni til sveitar- og bæjarfélaga. Það væri náttúrlega gott að geta samþ. þessa till., og samkv. því hefði verið létt fyrir mþn. að vinna, ef hún hefði séð sér fært að taka tekjur ríkisins og láta sveitar- og bæjarfélögin hafa af þeim eftir þörfum. Þá hefði verið sjálfsagt að taka fasteignaskattinn.

Hann hefði ekki hrokkið til fyrir gjöldunum, og þá hefði verið hægt að taka tekju- og eignarskattinn o. s. frv. En þetta er í sjálfu sér engin lausn á málinu, nema færð séu um leið fram rök fyrir því, að ríkið megi missa þessar tekjur. Að taka fasteignaskattinn af ríkinu og láta sveitar- og bæjarfélögin hafa hann og vita þó, að ríkið þarf að fá þessar tekjur, það sé ég ekki að sé neinn vinningur. Ef lagðir væru svo á aðrir skattar í staðinn, þá kæmu þeir engu léttar á þegnana, þótt þeir væru látnir ganga til ríkisins, heldur en þótt þeir færu til sveitar- og bæjarfélaga. Hv. 10. landsk. minntist á það sem sína skoðun, að þessi gjöld samkvæmt frv. mundu ekki yfirleitt koma réttlátlegar niður en útsvör. Það má vel vera, að þau komi ekki réttlátlegar niður, en það verður að líta á hlutina eins og þeir eru, og tollar með einhverjum hætti eru eina leiðin til að ná einhverjum tekjum af sumu því fólki, sem er eins sanngjarnt, að nokkuð borgi til sveitar- og bæjarfélaga eins og þeir, sem útsvör eru lögð á. Augljósast er þetta af ýmsum þeim tollum til ríkisins, sem lagðir eru á lúxusvarning.

Ég vék nokkuð að hv. 4. minni hl. n. í upphafi ræðu minnar og get sleppt því nú. Mér þykir öll framkoma hv. form. allshn. í þessu máli alleinkennileg. Sá ráðh., sem þetta mál heyrir undir og skipaði mþn., er flokksbróðir hans, og mætti því ætla, að hv. form. allshn. væri kunnugt um þörf þessa máls, og að hann hefði áhuga fyrir að koma því fram í einhverri mynd. En í stað þess að greiða fyrir því hefir hann gert allt það, sem honum var hægt, til þess að koma því fyrir kattarnef, og er ekki annað hægt að sjá en að honum sé mjög hugleikið að koma í veg fyrir, að það fái framgang.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Eins og hv. þdm. er ljóst, fer því fjarri, að samkomulag hafi orðið meðal nm. um þetta stóra mál. Því fer svo fjarri, að það hafa orðið 4 minni hl. í n. um málið, eða einum færri en nm. — 1. minni hl., hv. 1. þm. Skagf., vill samþ. frv. að mestu í þeirri mynd, sem það nú er í, þó þannig, að í stað þess, að skylt sé að leggja á fasteignaskatt, þá sé það aðeins heimilt, og að útflutningsgjald á framleiðsluvörum falli niður og innflutningsgjald af nokkrum vörutegundum Ég heyrði ekki ræðu hans alla og veit ekki, hvort hann gerði grein fyrir því, hve miklu það mundi nema að fella niður útflutningsgjald af íslenzkum afurðum og innflutningsgjald af þessum útlendu vörum, sem hér eru greindar — kolum, salti, sementi, olíum, veiðarfærum og járnvörum —, en ég þykist sjá það í hendi minni, að það muni skerða að verulegu leyti þær tekjur, sem mþn. ætlaði sveitar- og bæjarfélögunum með þessu frv.

Þá er hv. 2. minni hl., hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. N.-M. Þeir leggja til, að felldur verði niður með öllu kaflinn um vörugjöldin, en hækkað álagið á tolla um 5—10%, og ennfremur að allar tekjur, sem af því komi, renni í sameiginlegan sjóð, sem svo skiptist á milli sýslu- og bæjarfélaga.

Þá er hv. 3. minni hl., hv. 10. landsk., sem hefir þá sérstöðu, að hann vill taka af ríkinu þann hluta, sem það nú hefir af fasteignaskatti, og láta hann renna til sýslu- og bæjarsjóða.

Loks er svo 4. minni hl., sem leggur til að fresta afgreiðslu frv. og taka það til nýrrar og rækilegrar athugunar. Þar sem það er sýnt, að svo mikill ágreiningur er um það, hvernig málið verði bezt leyst, þá verð ég að hallast að skoðun hv. 4. minni hl., að bezta afgreiðsla málsins sé sú, að fresta því að þessu sinni, en taka það til gaumgæfilegrar athugunar fyrir næsta þing og leita umsagna frá bæjar- og sveitarfélögum, eftir því sem við verður komið, og sjá niðurstöðuna af því á yfirstandandi ári. Þá verður líka komin nokkur reynsla á, hver áhrif sú löggjöf, sem sett hefir verið um alþýðutryggingar, hefir á útgjöld sveitar- og bæjarfélaga, og er þá betra að dæma um þörfina fyrir þessa löggjöf. Ég mun því greiða atkv. með því, að afgreiðslu þessa frv. verði frestað. Verði það ofan á að fresta nú afgreiðslu málsins, þá mundi ég vilja, að sú n., sem málið hefir haft til meðferðar, athugaði einnig útsvarslögin, og að til hennar væru látnar ganga þær umsagnir, sem kæmu frá sveitar- og bæjarfélögum um það frv., sem hér liggur fyrir, og kynni þá að fást viðunandi lausn á málinu. — Þar sem afstaða mín til málsins er þessi, fer ég ekki út í að ræða þær brtt., sem komið hafa frá hinum ýmsu minni hl. nefndarinnar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 418, frá 4. minni hl. allshn., felld með 9:4 atkv.

Brtt. 350,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 406 felld með 8:5 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

9.—14. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 368,1 (15.—23. gr. falli niður) samþ. með 9:3 atkv.

— 350,2—3 kom ekki til atkv.

— 368,2 (24. gr. falli niður) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 368,3 samþ. með 9:3 atkv.

25. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 368,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

26. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 368,5 samþ. með 10 shlj. atkv.

27. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 368,6 (ný 28. gr., verður 18. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 368,7 (29. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.

30.—31. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

32.—34. gr. (verða 21.—23. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 368,8 samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JJ, PHerm, SÁÓ,[1]) ÞBr, ÞÞ, HG, IngP, JAJ.

1) **SÁÓ**: Þar sem ég er mótfallinn þessu gjaldi eins og það er hugsað í frv., og einnig eins og till. gerir ráð fyrir því, en þar sem það er þó nokkru lægra samkv. brtt., greiði ég atkv. með henni og segi já.

nei: MG, MJ, PM, BSt, GL, EÁrna.

Einn þm. (HermJ) fjarstaddur.

35. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

36.—43. gr. (verða 25.—32. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

44.—45. gr. (verða 33.—34. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 368,9 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. 4. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég óska þess, að hæstv. forseti vildi taka málið út af dagskrá að þessu sinni, aðeins til morguns. Ég vissi ekki, að það var á dagskrá í dag, og hafði því ekki tíma til að láta prenta brtt., sem ég hefi í hyggju að koma fram með.

Bernharð Stefánsson: Ég vil benda á, að komið er að þinglausnum, svo að hraða verður öllum málum, sem á annað borð er tilætlunin að afgreiða. Mér finnst, að hv. 4. þm. Reykv. geti vel komið með brtt. sínar skriflegar. Ég þykist vita, að enginn fari að synja afbrigða.

Forseti (EÁrna): Þetta mál hefir nú legið nokkuð lengi fyrir d., og vildi ég því hraða því eins og unnt er, ef Nd. vildi sinna því, svo að það gæti orðið að lögum. Ég mun þó gera það fyrir tilmæli hv. 4. þm. Reykv. að taka málið út af dagskrá til morguns.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 444, 451, 455, 458).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 455 og 458. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. 4. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Við 2. umr. málsins tók ég litinn þátt í umr. Ég fór þá mjög lítið út í stefnu frv. og þá agnúa, sem ég taldi vera á því, svo að ég tel rétt að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég gerði við frv., í fyrsta lagi, og í öðru lagi vil ég gera grein fyrir því, hvers vegna ég hefi lagt til, að ýmsir kaflar frv. verði felldir burt.

Ég hafði í upphafi skýrt frá því í n., að ég mundi geta fylgt I. kafla frv. með nokkrum breyt. A-liður 1. brtt. er að efni til nokkuð svipaður því, sem er í frv., að öðru leyti en því, að það er farið nokkru ýtarlegar út í það, sem á að skattleggja, svo sem ýms mannvirki, jarðarítök, námur, rekaréttindi, veiðirétt í ám o. s. frv. Þetta eru vitanlega hlunnindi, sem oft gefa talsverðan arð. Hinir liðirnir, sem á eftir koma, eru í raun og veru tilfærsla á þeim skattstiga, sem í frv. felst. Þetta breytir nokkuð til um tölur frá því, sem þar er. — Við A-lið frv. er t. d. gerð sú breyt., að af óbyggðum byggingarlóðum skuli hækka skattinn, þannig að hann verði ekki lægri en 1% og ekki hærri en 3%. Ég býst við, að svarið hjá þeim, sem á móti mæla, verði, að verðmæti slíkra lóða sé ekki ýkjamikið í ýmsum bæjum utan Reykjavíkur, en í Reykjavík hefir þetta nokkra þýðingu. Það er vitanlegt, að hér í bæ eru til lóðir, sem ástæða er til að leggja háan skatt á, því að það er vitanlegt, að þeim er haldið óbyggðum í því augnamiði að koma þeim í hærra verð, eftir því sem þrengslin aukast í bænum og eftirspurnin eftir lóðum verður meiri. Hinsvegar ætlast ég til, að skatturinn verði lægri, ef slíkar lóðir eru að einhverju leyti nytjaðar til gras- eða matjurtaræktar. Við 2. tölul. A-liðs frv. er gerð sú brtt., að hámarkið er fært úr 1% niður í 0,8%, því að í mörgum tilfellum er það svo, að húsaskatturinn leggst á leigjendur. D-liður 1. brtt., við 3. tölulið A-liðs frv., gerir ráð fyrir, að í stað „erfðafestulöndum" komi: ræktunarlöndum, — og er skatturinn heldur lækkaður á landi, sem komið er í ræktun, því að ég tel ekki rétt, að lagður sé á óþarflega hár skattur í þessu tilfelli, því að hann gæti dregið úr því, að ræktunarland yrði nytjað. — Brtt. við 1. tölulið B-liðs frv. er aðeins orðalagsbreyt. til samræmis við aðra brtt., sem ég hefi gert um sama efni og ég hefi þegar lýst. Um f-lið brtt. er sama að segja. Í g-lið brtt., sem á við 3. tölulið B-liðs frv., er orðalaginu breytt þannig, að í stað „erfðafestulöndum" komi: ræktunarlöndum. Í h-lið brtt., sem á við C-lið frv., er gert ráð fyrir, að skatturinn verði ekki lægri en 0,2% og ekki hærri en 0,8%; er þar um hækkun að ræða. Ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að leggja þennan skatt á í sveitum, eins og hann er lagður á í kauptúnum og bæjum. — Við 2. gr. frv. hefi ég gert nokkrar orðabreyt., en aðalefnið er það, að ef leigan er 6% eða hærri, þá verður sá, sem eignina á, jafnvel þótt hann leigi hana út, að greiða þennan skatt, en ef leigan er aftur á móti 4% eða lægri, þá greiðir leigjandinn hana, og ef skatturinn er þarna mitt á milli, þá greiða báðir aðiljar, sinn helminginn hvor, og byggist þetta á því, að þegar leigan er há, þá er þetta það mikill arður fyrir lóðareiganda, að hann á í rauninni að vera þess megnugur að greiða skattinn frekar en leigjandinn.

Þetta eru í aðalatriðunum brtt. mínar við I. kafla frv., um fasteignaskattinn. Að öðru leyti er ég samþykkur því, að rétt sé að fara þessa leið í skattaöflun, enda hafa þegar margir bæir löggjöf um þetta efni, þótt hún sé nokkuð mismunandi á ýmsum stöðum.

3. brtt. mín er við II. kafla frv. Ég er yfirleitt andvígur þeirri skattaöflun, sem þar um ræðir. Þó að hún sé að vísu lögfest í öllum hreppum landsins, þá hefir hún ekki samkv. löggjöf seinustu ára náð til bæjanna, en það eru deildar meiningar um það, hvort rétt sé að koma þessu á í bæjunum, og ég leyfi mér að halda því fram, að það hefði litla þýðingu fyrir Reykjavík t. d. að leggja þennan skatt á. Vegagjaldið í Reykjavík er, eins og allir vita, innifalið í útsvari manna, og er lagt á eftir efnum og ástæðum, sem ég tel í raun og veru, eins og nú standa sakir, réttmætasta grundvöll, sem við höfum enn getað farið í öflun skatttekna fyrir bæi á meðan ekki er búið að finna aðra heppilegri og réttmætari tekjustofna. Þar fyrir utan verður

alltaf að telja rétt, að þeir beri byrðar til almenningsþarfa, sem yfirleitt eru færastir til þess, en þetta mundi verka svo hér í Reykjavík, að mikill fjöldi manna, sem yfirleitt eru ekki skattlagðir og niðurjöfnunarnefndin í bænum álítur ekki færa um að bera 10 kr., ætti eftir þessu frv. að leggja fram til almenningsþarfa í bænum þessa upphæð, þó að hann sé ekki fær um að greiða útsvarið að dómi n. Allur sá fjöldi manna, sem verður að fá framfærslueyri af bænum, er skattskyldur þarna líka, en það er yfirleitt ekki regla að skattleggja þá til opinberra þarfa, sem fá framfærslueyri af því opinbera. Af þessum ástæðum er ég á móti því, að þessi vegaskattur verði lagður á fyrir bæina, en þeir kunna að vera einhverjir, sem telja þetta nauðsynlegt, og þess vegna hefi ég farið millileið í till. minni, þannig að þetta getur gilt fyrir minnstu bæina, sem eiga líka aðstöðu og kauptún, sem verða yfirleitt að búa við þennan vegaskatt.

4. brtt. er um, að III. kafli frv. (15.—20. gr.), falli niður, og er náttúrlega frá minu sjónarmiði veigamest. Ég vil fella niður aðflutningsgjaldið, eins og ég hreyfði við 2. umr., því að ég tel ekki fært að leggja lengra inn á þá braut en nú er komið, að skattleggja nauðsynjar fólksins, bæði ætar og óætar. Þá hefi ég bent á, að e. t. v. sé ekki nægilega athugað, hve mikla aðstoð bæjarfélögin þurfi að fá um nýja tekjustofna. Ef reynslan sýnir, að þeirra sé þörf, þá verður að kafa dýpra en leggja nýja skatta á bændur og búalið til sjávar og sveita. Þótt ekki séu nema 10%, þá koma þeir fram við verzlunarálagningu vörunnar. Ég get ekki fallizt á að grípa til þeirra örþrifaráða, sem óhjákvæmilega skapa aukna dýrtíð. Samkv. áætlun mþn. ættu þessir 5% að gefa 450 þús., og ef því væri deilt eftir mannfjölda, yrði það ekki stór upphæð, sem kæmi niður í hvern stað; í Reykjavík mundi það verða uppundir 100 þús. kr. Það má að vísu segja, að það séu dálitlir peningar, en þegar fjárhagsáætlunin nemur 2 millj. kr., gætir 100 þús. kr. lítið. Ég er því á móti þessu bæði með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir um afkomu fólksins, sem er að berjast fyrir lífi sínu og á, sérstaklega í bæjunum, við mikla erfiðleika að stríða vegna lítillar vinnu, og einnig af principástæðum. Ég legg því til, að kaflinn sé felldur niður. Hv. þm. er kunnugt um, að frv. um að leggja svona gjöld á hafa legið fyrir Alþingi og hefir verið mótmælt af mörgum þm., og a. m. k. mínum flokksmönnum, sem ætíð hafa skoðað það sem neyðarúrræði.

5. brtt. er um, að 24. gr. falli niður, af því að ég er ekki með að taka ½% af framleiðslu verksmiðjanna og láta renna til bæjarsjóðanna. Þetta hafa nú 2 af hv. meðnm. mínum fært niður úr 1% í ½%. En ástæðan fyrir því, að ég er á móti þessu, er sú, að það er alveg tilviljun, hvaða bæir hafa fengið verksmiðjurnar, og að þær leggja þeim svo mikið til í sambandi við umsetninguna, að ég hygg, að það megi fremur telja hag fyrir bæina að hafa fengið verksmiðjurnar. Eins og nú háttar, eru það ekki nema 3 staðir á landinu, sem slíkan skatt gætu lagt á, sem sé Siglufjörður, Sólbakki og Raufarhöfn, og e. t. v. Norðfjörður sá fjórði. Ég get ekki séð, hvers vegna þessi bæjarfélög eiga að fá þau hlunnindi að skattleggja alla þá framleiðslu, sem þar er lögð á land, oft að mestu leyti af aðkomuskipum. Og þetta á að gera einmitt á sama tíma sem verið er að gera tilraun til þess að draga úr gjöldum verksmiðjanna, svo að hægt sé að hækka verðið til þeirra, sem afla síldina. Og þar sem ég varð ekki var við, að það mætti verulegri mótspyrnu, þykir mér undarlegt, ef nú á sama þingi á að fara að samþ. till., sem leggur á verksmiðjurnar nýja skatta. Ég skil ekki það ósamræmi hjá hv. þm., ef þeir ætla að taka aftur með annari hendinni það, sem þeir hafa gefið með hinni. Það má að vísu segja, að þetta nemi ekki miklu, eða 15 þús. kr., eftir því, sem mþn. segir. En ég býst við, að þetta verði meira, a. m. k. þegar vel aflast, því að það fer eftir vörumagni og verðlagi afurðanna á hverjum tíma. Þá kem ég að því, hvort réttlátt sé að leggja þennan skatt á til handa hlutaðeigandi bæjarfélögum. Ef við tökum t. d. Siglufjörð, þá lagði hann svo mikið kapp á, að verksmiðjan yrði byggð þar, að hann lagði fram landið undir hana o. fl. Hvers vegna gerði bærinn það? Vitanlega vegna þess, að hann vildi þannig skapa aukið atvinnulíf í bænum. En svo, eftir að bærinn hefir fengið þessa atvinnumöguleika, á hann að fá rétt til þess að leggja skatt á fyrirtækið í því formi, sem hér greinir. Þetta eru hlunnindi, sem ég get ekki fallizt á, vegna þess að mér finnst þau ranglát eins og þau eru hér framsett. Það eru svo mikil hlunnindi fyrir bæjarfélögin að fá svona fyrirtæki til sín, að það út af fyrir sig ætti að vera nóg. Hvað græðir Siglufjörður á allri þeirri verzlun, sem skapast í sambandi við síldarverksmiðjurnar þar? Ég hygg, að þær krónur séu ótaldar, sem þangað renna vegna aukinna viðskipta, og sama er að segja um aðra staði, sem fengið hafa verksmiðjur. Hitt getur vel verið, að taka þurfi einhvern vissan hluta af tekjum verksmiðjanna, en þá verður að jafna upphæðinni til annara bæjarfélaga, sem lakari ástæður hafa. En meginástæðan fyrir því, að ég get ekki samþ. að leggja þetta gjald á, er sú, að það er tekið af því verði, sem fiskimennirnir eiga að fá fyrir fiskinn. Tel ég því, að fara verði aðrar leiðir til þess að finna nýja skattstofna. Þá vil ég í þessu sambandi benda á, að fjöldi þeirra skipa, sem veiði stunda, verður að inna af hendi hafnargjöld, sem óbeint renna í bæjarsjóðina gegnum hafnarsjóð. Sérstaklega hefir Siglufjörður miklar tekjur á þennan hátt. Mun mönnum þykja þau gjöld nóg, þótt ekki bætist ný við. — Um síðustu brtt. get ég verið fáorður, því að það er aðeins orðabreyt., um að í stað þess að geyma fé jöfnunarsjóðs í landsbankanum, megi geyma það í hvaða banka, sem rekinn er með ríkisábyrgð, og þannig er öllum 3 bönkunum gert jafnhátt undir höfði. Vænti ég, að þessi brtt. mæti ekki mótspyrnu.

Ég hefi þá í stuttu máli gert grein fyrir brtt. mínum, en skal ekki minnast á aðrar brtt., sem fyrir liggja, fyrr en talað hefir verið fyrir þeim. En svo virðist sem allir standi hálfráðalausir gagnvart þeim erfiðleikum, sem nú er að mæta. Það hafa sjálfsagt allir vilja á að bæta úr þeim erfiðleikum, en greinir á um, hvaða leiðir skuli

fara. Vill oftast verða svo, þegar leggja þarf nýja skatta á þegnana. Þá kemur fram togstreita um, hvort þá skuli leggja á breiðu bökin eða þau, sem mjóst eru. Mín stefna er sú, að ég vil vernda þá, sem mjóst hafa bökin, fyrir sköttum, svo sem nefsköttum og tollum á neyzluvörur, sem þá lendir á þeim, sem þurfa að annast flesta munnana. Þess vegna er ég á móti þessum skatti, meðan ekki er þrautreynt, hvort ekki er hægt að finna aðrar heppilegri leiðir.

*__Magnús Jónsson:__ Ég skal halda mig við brtt. á þskj. 455. — Eins og hv. þdm. er kunnugt, var sú stórfellda breyt. gerð á frv. við 2. umr., að felldur var alveg niður III. kafli, en sá kafli var stórvægilegastur, þar sem um var að ræða vörugjaldið til bæjarsjóðanna og sveitarsjóða hreppsfélaganna. Þetta vörugjald átti eftir áætlun n. að nema 650 þús. kr., að frádregnum 23 þús. kr., sem nú eru teknar með vörugjaldi í Vestmannaeyjum. Þessi kafli hefir allur verið felldur niður. En þar sem það var langstærsti tekjuliðurinn, sem ætlaður var þeim, sem vænta má, að eftir breyt. á framfærslul. beri þyngstar byrðar af framfærslunni í landinu, hefi ég gert bragarbót. til þess að bæta upp III. kaflann. Eftir því, sem ég hefi komizt næst, mun aðflutningsgjaldsaukinn (5%), sem samkv. frv. á að renna til bæjar- og sveitarsjóðanna, nema um 230 þús. kr. Er það sem næst ⅓, sem þessir aðiljar þannig fá af því, sem þeim upprunalega var ætlað eftir frv. En við breyt. hafa sveitirnar haldið sínu. Ég sá mér ekki fært, til þess að bæta þetta upp, að taka upp vörugjald, því að ég gerði ekki ráð fyrir, að það fengist samþ. í d. En hinsvegar sé ég ekki, að hægt sé að láta frv. fara svo gegnum þingið, að ekki sé að einhverju leyti bætt úr þessu. Og þar sem nú er orðið síðla þings, er eina leiðin að vinna þennan halla upp með einföldu gjaldi, sem ekki þarf að deila mikið um. Mér hefir því hugkvæmzt að leggja til, að lagður verði 10% viðaukatollur á áfengi og tóbak, til þess að vinna upp þennan halla. Eftir LR 1934 nema þessir tollar um 2 millj. kr., og kæmu því 200 þús. kr. tekjur á þennan hátt. Og 200 þús. + 230 þús., sem áður voru taldar, gera 430 þús. kr. Er þá enn 200 þús. kr. halli frá því, sem frv. mþn. gerði ráð fyrir, en skaðinn, sem orðinn var, bættur að ⅔, ef þessi brtt. verður samþ. — Þetta er svo einfalt, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Það, sem ég var í mestum vafa um, var, hvort ég ætti að leggja til, að tollaukinn af áfenginu og tóbakinu skyldi renna til bæjar- og sveitarsjóðanna, eða eingöngu til bæjarsjóða kaupstaðanna, sem ég þó hallaðist að. En ég skal játa, að þetta getur verið álitamál. Mér fannst þetta vera orðið svo útþynnt, ætti að dreifa því meira en til kaupstaðanna, svo að þess færi þá að gæta lítið. Enda er það svo, að kaupstaðirnir borga mest af þessu og hafa teknanna mesta þörf, vegna þess að meginþungi framfærslunnar færist þangað. Ég hefi athugað, að við manntalið 1934 voru 51869 íbúar í kaupstöðum. Tollaukinn mundi því nema um 4 kr. á nef, og er ekki hægt að neita, að það er talsverður styrkur. Í kauptúnum með yfir 300 íbúa eru samtals 13½ þús., svo að ef þeim væri bætt við, kæmu ekki nema 3 kr. á nef. Og mér fannst satt bezt að segja, ef þannig væri farið að lækka þetta, að þá drægi það ekki mikið. Ef hinsvegar ætti að dreifa þessum tollauka til allra landsmanna, þá kæmi ekki nema 1,80 kr. á nef, og fer þá að draga sáralítið um það, enda ekki ástæða til þess, þegar sveitirnar halda öllu sínu, sem þeim var ætlað eftir frv. Auk þess vil ég benda á þá staðreynd, að sveitirnar sjálfar greiða hverfandi lítinn hl. af þeim tollum, sem hvíla á áfengi og tóbaki. Ég hygg, að kaupstaðirnir og stærri kauptúnin beri þar meginþungann, því að mestur hl., eða eftir því, sem mig minnir, ⅔ af tóbakstollinum, er af sígarettum, sem lítið er notað af í sveitunum. Hér fer því saman, að ekki er bein ástæða til að auka við skatta til sveitanna á þennan hátt og það, að lítið sem ekkert af þessu gjaldi er af sveitunum tekið, a. m. k. í miklu minna mæli en vörugjaldið, sem þetta á að koma í staðinn fyrir. Ég vona því, að hv. þdm. líti með velvild á þessa tilraun til þess að bæta bæjarsjóðunum það upp, að III. kafli hefir verið felldur niður, um leið og hin nýju framfærslulög hafa verið samþ., sem leiðir til þess, að framfærslan færist óðfluga af sveitunum yfir á kaupstaðina. Ég var í vafa um, hvort skipta ætti þessu gjaldi milli kaupstaðanna einna eða einnig þeirra kauptúna, sem eru sérstakur hreppur. Það má ef til vill gera að álitamáli.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Ég mun halda mér við brtt. á þskj. 457, þar sem þær snerta svo mjög tekjuöflun ríkissjóðs. — Í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að hækkaður verði tollur á tóbaki eða áfengi. Þetta stafar vitanlega alls ekki af því, að ekki sé álitið réttmætt að tolla þessar vörur og leggja á þær eins og unnt er. En svo stendur á, sem kunnugt er, að þessar vörur eru báðar í einkasölu, og því hlyti tollhækkun, sem renna ætti til bæjar- og sveitarsjóða, óhjákvæmilega að skerða tekjuöflun ríkissjóðs. Ríkissjóði er lögum samkv. ætlað að hafa allar tekjur af þessum stofnunum, bæði toll og álagningu. Ég skal nú fyrst tala um tóbakstollinn. Hann hefir verið smáhækkaður undanfarið, og síðast 1934. Þá var því spáð af stjórnarandstæðingum, að sú hækkun myndi ekki svara kostnaði fyrir ríkissjóð vegna minnkandi sölu. Þá vildi ég ekki fallast á þessa skoðun, sem hv. 1. þm. Reykv. hélt þá mjög fast fram. En ég get játað það fyrir þeim hv. þm. nú, að tollhækkunin hefir ekki öll náðst inn, vegna þess að sala hefir minnkað. Þetta bendir ótvírætt til þess, að aukinn tollur ásamt álagningu myndi gera vöruna svo dýra, að sala stórminnkaði nú. Sú aðferð myndi því ekki leiða til neins annars en að taka hl. af tekjum ríkissjóðs og afhenda hann bæjarsjóðunum. Ég er hissa á því, að hv. 1. þm. Reykv. skuli ekki muna, hve harðlega hann beitti sér gegn tollhækkuninni 1934. En reynslan hefir sýnt, að hann hafði rétt fyrir sér að nokkru leyti þá, og það er alveg augljóst, að nýjum tollauka verður ekki komið yfir á neytendurna. Það væri því fjarstæða og ranglæti gagnvart ríkissjóði, að grípa til þessara ráða. Það sýndi sig við 2. umr. fjárl., að honum mun ekki veita af þeim tekjum, sem honum ber lögum samkv., og mun sjást enn betur við 3. umr.

Ég er því gersamlega andvígur þessari brtt. og mun greiða atkv. gegn frv., ef hún verður samþ. — Alveg sama er um áfengistollinn að segja. Það má að vísu vera, að hækka megi útsöluverð vínanna eitthvað, og er nú verið að athuga það mál. En þótt það verði gert, er margt, sem bendir til þess, að tekjur ríkissjóðs af áfengisverzluninni muni fara lækkandi, og því mun ekki veita af hinni auknu álagningu til þess að tryggja tekjur þær af áfengi, sem ríkissjóði eru ætlaðar í fjárl.frv. 1937. Sala áfengis fer, sem betur fer, minnkandi. Sala í aprílmánuði reyndist allmiklu minni en á sama tíma í fyrra. Margt bendir til þess, að bindindishreyfingunni sé að aukast fylgi. Auk þess verður ekki komizt hjá því vegna gjaldeyrisvandræðanna að spara gjaldeyri til innkaupa á áfengi. Verður þá að fara þá leið, að kaupa hinar ódýrari tegundir, en það hefir í för með sér lægri tolltekjur. Auk þess má gera ráð fyrir hækkandi útsvarsgreiðslum frá þessum fyrirtækjum í jöfnunarsjóð bæjarfélaga, eða um 100 þús. kr. á ári. Því gilda hér alveg sömu rök og um tóbakið. Það er ekki hægt að treysta á tekjur af áfengum drykkjum frekar en gert er í fjárl.frv. Með þessum brtt. eru því aðeins teknar tekjur frá ríkissjóði og afhentar öðrum aðilja.

Auðvitað geta verið uppi mismunandi skoðanir um afgreiðslu fjárlaganna. En þeir, sem vilja afgreiða fjárl. nálægt þeirri mynd, sem þau nú eru í, geta ekki fylgt þessum brtt. Ég vil endurtaka það, að eins og litur út með yfirfærslur á þessu ári til kaupa á víni og tóbaki, er ekkert vit í að áætla toll og verzlunarhagnað hærri af þessum vörum en gert er í frv. til fjárl. Örðugleikar ríkissjóðs eru alveg nægilegir, þótt ekki sé reiknað með hærri upphæðum en þar eru áætlaðar. Þetta vil ég biðja menn að leggja á minnið. Það eru lítil úrræði í því fólgin að ætla að skjóta sér undan vandræðunum, sem að bæjarfélögunum steðja, með því að leggja til að sækja fé í ríkissjóðinn. En það eru að vísu fleiri till. en þessar, sem ganga í þá átt. Það er vitanlega ákaflega auðvelt úrræði á vandræðatímum að stinga höfðinu í sandinn og nota svo slíka frammistöðu til blekkinga á eftir.

***Bernharð Stefánsson:** Frá minu sjónarmiði var þessu máli spillt við 2. umr. að því leyti, að dregið var úr möguleikum til tekjuöflunar fyrir sveitar- og bæjarfélög. Ég hefði þó getað unað því, að vörugjaldið var fellt niður, enda var ég á móti því í mþn. En ég hefði talið nauðsynlegt, og ég veit, að sama er um hina mþnm., að hafa aðflutningsgjaldið nokkru hærra og öðruvísi skipt en nú er ætlazt til. Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. um þetta milli umr., ef brtt. 2. minni hl. yrðu samþ. En ég sá það á atkvgr. við 2. umr., og hefi heyrt það á hv. þdm., að slíkar brtt. myndu hafa fallið. En þótt ég líti svo á, að frv. hafi að þessu leyti verið spillt, verð ég þó að telja, að frv. sé allmikils virði enn, þrátt fyrir allt. Ef áætlun mþn. er lögð til grundvallar, og ég hefi ekki heyrt, að hún hafi verið rengd ennþá, eru möguleikar eftir frv. nú til þess að afla bæjar- og sveitarsjóðum tekna, sem nema 1265000 kr. Þessi upphæð finnst mér vera svo mikils virði fyrir bæjar- og sveitarsjóðina, að ekki megi gera neitt, þar sem nú er orðið svo áliðið þings, til þess að breyta málinu og tefja það, heldur verði að leggja allt kapp að koma því áfram eins og það er nú, eða sem næst því. Af þessari ástæðu hefi ég fallið frá því að bera fram viðtækar brtt., enda þótt ég hefði talið þess þörf. Ég hefi aðeins borið fram eina litla brtt. á þskj. 451, um að gjald síldarverksmiðjanna verði 0,8%. Ég minntist á þetta við 2. umr. í sambandi við þá till. allshn. að lækka gjaldið niður í 0,5%. Ég stakk upp á 1%, en fer milliveg með þessari till. minni. Þar sem ég vil vona, að hér finnist fleiri menn sanngjarnir en ósanngjarnir, vænti ég þess, að þessi brtt. fái góðar undirtektir.

Ég mun ekki fara út í brtt. annara þm., enda stendur nm. það nær en mér. Um brtt. á þskj. 458, frá hv. 4. þm. Reykv., er það að segja, að mér virðist 1. og 2. brtt. ekki stórvægilegar. En ákaflega finnst mér undarlegt orðalag á fyrstu brtt., t. d. skilgreiningin á því, hvað þorp sé, og fæ ég ekki séð, að það taki orðalagi frv. fram. En annars skal ég ekki skipta mér af þessum till. um fasteignaskattinn. Hinsvegar vil ég víkja örlítið að 3. brtt., um vegaskattinn, því að hún kemur mér ákaflega furðulega fyrir sjónir. Ég hefði vel getað skilið þá afstöðu hv. þm., að hann vildi engan vegaskatt hafa. En samkv. till. hans á vegaskattur að gilda í þeim kaupstöðum utan Reykjavíkur, sem hafa undir 2000 íbúum. Mér skilst, að hér sé nú ekki nema um tvo kaupstaði að ræða, Seyðisfjörð og Norðfjörð. En hvers vegna á að taka þá kaupstaði út úr? Hvers vegna er þessi heimild ekki látin gilda alstaðar í kaupstöðum, eða þá kaflinn alveg felldur niður? Ég skal ekki halda þessum kafla fram, en ef slíkur skattur er réttmætur í sveitum, — hvers vegna er hann það þá ekki líka í kaupstöðum? Hv. 4. þm. Reykv. kvaðst vera andvígur slíkum sköttum sem þessum, enda ætti að leggja á menn eftir efnum og ástæðum. En þetta frv. er nú einmitt samið og fram komið vegna þess, að sú aðferð hefir ekki fullnægt þörfum sveitar- og bæjarfélaga. Hann sagði ennfremur, að með þessum hætti væru sumir þeir menn skattlagðir með vegaskatti, sem ekki væru lögð á útsvör. Þetta kann að vera, en er þá víst, að þessir menn hafi aldrei dagstund afgangs til þess að vinna af sér skattinn, þótt þeir hafi ekki peninga til að greiða hann með? — Þá er sú brtt., að fella niður III. kaflann, um aðflutningsgjald. Hv. flm. sagði, að ekki væri gerlegt að skattleggja nauðsynjavörur almennings. Ég man nú samt ekki betur en að þessi hv. þm. hafi greitt atkv. með einhverju svipuðu áður. Svo er annað. Það heyrast aldrei frá þessum hv. þm. né öðrum þeim, sem honum standa næst, nokkrar till. um að lækka útgjöld sveitar- og bæjarfélaga. Þeir eru á móti því að skattleggja nauðsynjar, — en hvar á að taka peninga til þess að gera það, sem þeir heimta, að sé gert? Ég játa það fúslega, að það er ekkert skemmtilegt að skattleggja nauðsynjar, en það verður annaðhvort að gera, að draga úr kröfunum, eða að afla fjár til þess að hægt sé að fullnægja þeim. Það er hægt að gera sig góðan með því að segjast heimta atvinnubætur, en segja svo, þegar kemur að því að afla fjár, til

þess að hægt sé að verða við þessari kröfu: „Ég er á móti þessu". Hann segist vera á móti þessu af principástæðum og að sinn flokkur sé alltaf á móti því. Ég vil minna hann á það, að hv. 6. landsk., sem átti sæti í mþn., var ekki hvað sízt fylgjandi því að hafa þann kaflann, sem nú er búið að leggja niður, og þar stóð til að skattleggja nauðsynjar meira en nú. Ég vildi nú gjarnan — án þess að vilja hvetja mikið til áframhaldandi ræðuhalda — fá að vita, hvernig á að fara að, þar sem sá möguleiki, að leggja á útsvör, er tæmdur, — þar sem ekki er hægt að innheimta útsvör og bæjarfélög og sveitir standa ráðþrota. Hvernig á að innheimta tekjur þar? Og ef það á að taka af tekjustofnum ríkissjóðs, hvar á þá ríkið að fá tekjur í staðinn? — Þá vil ég drepa á 5. brtt. hv. þm., sem fer fram á, að felld sé niður 24. gr. frv., sem mælir svo fyrir, að síldarverksmiðjur skuli greiða til bæjar- og sveitarfélaga, þar sem þær eru starfræktar, ½% af andvirði seldrar framleiðsluvöru. Hann spurði, hvers vegna þessi bæjarfélög ættu að njóta þeirra hlunninda öðrum fremur að skattleggja þennan atvinnurekstur. Hvers vegna eiga bæjarfélög yfirleitt að njóta þeirra hlunninda að hafa rétt til að skattleggja atvinnurekstur? Í mínu kjördæmi eru tvær verksmiðjur, sem eru reknar af einstaklingum. Það er sama um þær að segja eins og hinar verksmiðjurnar, að þær kaupa síld af ýmsum skipum, en það dettur engum annað í hug en að þær séu skattlagðar og greiði útsvör. Ég sé ekki annað en að það eigi að gilda alveg það sama, þótt verksmiðjurnar séu reknar af ríkinu. Hv. þm. taldi það sem rök í þessu efni, að Siglufjarðarbær hefði lagt til land handa verksmiðjunni og gefið þetta land. Mér finnst ekki, að þetta séu rök fyrir hans máli, heldur einmitt fyrir mínu. Mér sýnist ekki ástæða til þess, þegar bærinn gefur lóðina, að hann fái síðar tekjur af verksmiðjunni heldur en ef hann hefði selt lóðina háu verði. Það er rétt, að íbúar Siglufjarðar vildu gjarnan, að þessi verksmiðja kæmist þarna upp. Það er vitanlegt, að svo er með öll bæjarfélög, að þau vilja hafa mikinn atvinnurekstur, en þau vilja líka hafa leyfi til að skattleggja hann. Hann var að tala um, að það væru hlunnindi að fá menn inn í bæjarfélagið, vegna aukinna viðskipta. En þetta er mjög tvíeggjað, og það stafar ekki lítil áhætta og kostnaður af fólki, sem þannig kemur, ef illa fer. Hvað viðvíkur þeim háu hafnargjöldum, sem hann var að tala um, þá er því til að svara, að hafnarmannvirki eru dýr, og ég býst við, að það borgi sig fyrir þá, sem þangað koma, að nota höfnina.

Hv. þm. endaði ræðu sína með því að segja, að það væru allir ráðalausir yfir þessu máli. Það getur hugsazt, að það séu fleiri, sem hafa slíka skoðun, — þeir sem vilja fá fé til nauðsynlegra framkvæmda, en þora ekki að horfast í augu við, að það þurfi að afla fjár, þegar á reynir. Hitt er ekki ráðaleysi, að gera þetta frv. að lögum og breyta því sem minnst frá því, sem nú er. Ég veit ekki, hvað þeir hv. þm., sem vilja hundsa þetta mál, hugsa um framtíðina. Það er nú svo komið, að ef ekkert er að gert, þá eru ýms bæjar- og sveitarfélög, t. d. sérstaklega við sjó, sem ekki geta staðið undir gjöldum sínum lengur, og þótt þetta frv. sé enginn kína-lífselixir, sem læknar öll þeirra mein, þá ætla ég, að það gerði mikið gagn, ef að lögum yrði.

Út af till. hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja, að það hefði verið nauðsyn að bæta kaupstöðunum og kauptúnunum meira upp, ef vörugjaldið er fellt niður, heldur en gert er með till. hv. 2. minni hl. n., og þá helzt með því að hækka innflutningsgjaldið og skipta því bæjunum í hag.

Ég verð að taka undir það með hæstv. fjmrh. um afstöðu mþn., að hún leit svo á, að það ætti ekki að hrófla við einkasölum ríkisins, bæði af þeirri ástæðu, sem hann nefndi, og svo af þeirri ástæðu, að ef um meiri tekjur af þeim yrði að ræða síðar, þá væri það eðlileg tekjuleið fyrir ríkið.

*__Frsm. 3. minni hl. (Þorsteinn Briem):__ Ég get tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um frv. í heild, og lýsi því yfir, að eftir þá breyt., sem á því er orðin, verð ég því fylgjandi, því að nú hafa verið sniðnir af því mestu gallarnir, sem áður voru á því, svo að þótt enn séu gallar á því, þá er það miklu betra en áður. En það, sem ég vildi minnast á nú, er brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 455. Hann leggur til, að lagður sé 10% gjaldauki á áfengistoll og tóbakstoll og þessu viðaukagjaldi skipt á milli bæjarsjóða kaupstaðanna eftir mannfjölda. Hann játaði sjálfur, að þegar hann hefði verið að undirbúa þessa till., þá hefði hann verið í vafa um, hvort kauptúnin ættu ekki líka að fá þátttöku í þessu viðbótargjaldi, en þá er þess að gæta, að í flestum sýslum eru kauptún, og þau sýslufélög, sem hafa fá eða lítil kauptún, eru verr stödd, vegna þess að þau hafa verri aðstöðu um markaði. Þess vegna verð ég að telja — þegar það er játað, að kauptúnin geti komið til greina við skiptingu þessa gjalds — að það sé réttara að skipta því á milli bæjar- og sýslufélaga landsins eftir mannfjölda, eins og öðrum þeim gjöldum, sem um ræðir í þessum kafla. Það er vitað, að allmikill hl. þessara gjalda lendir á kaupstöðum og kauptúnum, en þær fáu sýslur, sem hafa fá kauptún, eru verr settar um verzlunaraðstöðu og ættu þess vegna ekki að vera settar hjá. Allir vita, að þótt erfitt sé nú í kaupstöðum og kauptúnum landsins, þá er það engu síður í sveitahreppum, og er nú skemmst á að minnast, ef t. d. er litið til harðindasvæðanna. Vitanlega gæti komið til greina önnur skipting en sú, að fara eftir mannfjölda, en það hefir engin till. komið fram í þá átt, og ég tel eðlilegt, að um þetta gjald gildi sama regla eins og önnur þau gjöld, sem ákveðin eru í III. kafla frv.

Ég get bætt því hér við, að ég gat þess við 2. umr., að ég teldi rétt, ef samþ. yrði ákvæðið um jöfnunarsjóð kaupstaða og kauptúna, að því yrði breytt þannig, að í stað „kauptúna" kæmi: hreppa. En ef sú skrifl. brtt., sem ég nú ber fram, verður samþ., þá get ég fallið frá till. um það atriði.

Ég skal ekki tala mikið um það, að hér sé gengið inn á rétt ríkissjóðs með till. á þskj. 455, en hygg, að það verði að mjög litlu leyti. Það er ekki hægt að miða við það, þótt minna

seljist af tóbaki nú heldur en meðan fjárhagur var rýmri, og það er engin sönnun fyrir minnkandi notkun, heldur ávöxtur af fjárhagsástandinu, að dregið er úr innkaupunum og birgðir hafðar minni.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt., sem ég flyt hér og gengur í þessa átt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 469,II) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Magnús Jónsson: Ég skal fyrst aðeins víkja örfáum orðum að brtt. þeirra hv. 10. landsk. og hv. þm. Dal. Ég svaraði henni í raun og veru fyrirfram með því að segja það í fyrri ræðu minni, hvers vegna ég teldi ekki ástæðu til þess, að sveitirnar fengju hlutdeild í þessu gjaldi. Bæði er það af því, að sveitirnar borga tiltölulega lítið af þessu gjaldi, og eins af því, að þær halda þeim tekjustofnum, sem þeim upphaflega voru ætlaðir í frv. Aftur á móti hefir verið létt af þeim mjög verulega með því að fella niður vörugjaldið og það, sem þær hefðu þurft að borga til bæjanna með því. Það er þess vegna ekki nokkur ástæða til þess að auka nú tekjur sveitarfélaganna, þar sem á þennan hátt beinlínis hefir verið létt af þeim útgjöldum, en bæjarfélögin um leið svipt verulegum tekjustofni án þess að bæta þeim það að nokkru. Ég játa, að ég hefði verið veikur fyrir breyt. á þessari till. minni, ef sú breyt. hefði verið þannig, að þetta gjald skyldi skiptast á milli kaupstaða og þeirra kauptúna, sem eru sérstök hreppsfélög. Og ef það mætti vænta samkomulags um að koma till. minni fram á þeim grundvelli, þá mundi ég vera tilleiðanlegur að ganga inn á brtt. í þá átt. Það væru þá þessir 13400 menn, sem þannig kæmust með í púlíuna. En ef á að fara að útvatna þetta, sem ég ætlaðist til, að skiptist á milli 51 þús. manna, með því að bæta þar við yfir 60 þúsundum, þá er það til að gera þetta gagnslaust. Mér þykir það leitt, að hv. þdm. skuli ekki vilja fallast á að skipta þessu á sama hátt eins og átti að skipta vörugjaldinu. Þar sem þetta er beinlínis lagt til í þeim tilgangi, að það verði nokkur uppbót á því, að vörugjaldið var fellt niður, þá er það vitanlega eina rökrétta meðferðin, að því gjaldi, sem með þessu fæst, verði skipt niður á milli þeirra aðilja einna, sem einhvers misstu í við það, að sá liður var felldur niður, en ekki að hinir fái hlutdeild í því, sem höfðu hagnaðinn af því, að vörugjaldið var fellt niður.

Þá vil ég víkja fáeinum orðum til hæstv. fjmrh. Hann varði tíma sínum til þess að andmæla till. minni, og ég verð að segja, að mér fannst það koma úr hörðustu átt, þegar hann kemur með þau andmæli, að það þýði lítið að koma með slíkar till., þar sem aðeins væri stefnt að því að taka frá ríkinu og leggja til sveitar- og bæjarfélaganna. Það er einmitt þetta, sem við sjálfstæðismenn höfum borið fram, þegar hann hefir verið að heimta hinar síauknu tekjur handa ríkinu, að með því væri hann og hans samherjar beinlínis að gera árás á sveitar- og bæjarfélögin og eyðileggja tekjustofna þeirra og sölsa þá undir ríkið, og það getur þá ekki talizt nein goðgá, þótt bæjar- og sveitarfélögin reyni að ná í einhvern lítinn hl. þess aftur, og þetta er sannarlega ekki nema lítill hluti. Það er heldur ekkert nýtt, að bent sé á þessa leið, og skal ég í því sambandi benda á, að á síðasta þingi kom einmitt fram þáltill. um að hækka álagningu á áfengi um 1 kr. á lítra og láta þann verðauka ganga til bæjarfélaganna. Þetta byrjaði á því, að lagt var til, að Siglufjörður fengi að hafa þessar tekjur af því víni, sem þar væri selt, en fór svo eins og eldur í sinu til annara staða, unz borin var fram að lokum þáltill. um að hækka áfengið um 1 kr. á lítra og láta hækkunina ganga til bæjarfélaganna. Það eru ýms bæjar- og sveitarfélög, sem standa þannig uppi, eins og hv. 1. þm. Eyf. minntist á í sinni ræðu, að þau geta ekki náð því fé inn, sem þau þurfa, til þess að inna af hendi þær skuldbindingar, sem á þeim hvíla. Það er þess vegna ekki ný hugmynd hjá mér að hækka þessa tekjustofna til ágóða fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Hæstv. ráðh. sagði, og undir það tók hv. 1. þm. Eyf., sem var einn í mþn., að ástæðan til þess, að n. tók ekki þessa 2 tolla, áfengistollinn og tóbakstollinn, og hækkaði þá til afnota fyrir bæjar- og sveitarfélögin, væri sú, að þetta væru svo eðlilegir tekjustofnar fyrir ríkið, og að það ætti þá, svo að ekki væri rétt að ganga á þá á neinn hátt til afnota fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Þetta er það, sem margir hafa haldið fram að því er snertir bæjar- og sveitarfélögin, að það væru vissir tekjustofnar, sem þau ættu með réttu, og það væri ekki rétt af ríkinu að fara svo freklega að í því að afla tekna, að þau standi uppi ráðþrota. En hvað er þá eðlilegra en bæjar- og sveitarfélögin fari fram á að ná sínum tekjum af þeim mörgu liðum, sem ríkið hefir eitt, og ég sé ekki, að áfengis- og tóbakstollur sé nein undantekning í þessu efni. Ég á ómögulegt með að koma auga á muninn á því að leggja toll á tóbak og vín og að leggja á verðtoll og kaffitoll og annan slíkan toll. Og þó þessar vörur séu í einkasölu, þá gerir það ekkert til í þessu efni. Annars verð ég að segja það, að ég var sammála mþn. í því, að þetta vörugjald yrði lagt á. Þegar þessi hv. d. er búin að fella till. n. um vörugjald handa bæjar- og sveitarsjóðum, þá ber ég fram mínar till. sem neyðarúrræði, þegar ekki er í annað hús að venda. Hv. d. hefir skorið þetta niður gegn mínu atkv., og þá er ekki annað fyrir hendi en að fara í það næstbezta, til þess að fylla upp þetta skarð, og það þýðir ekki að vitna á móti með því, að það sé það, sem n. hefir lagt til. — Það var fróðlegt að heyra einu sinni játningu frá hæstv. fjmrh. um það, að það væri komið að takmörkunum fyrir því, hvað mikið mætti tolla einstakar vörur, — að þeim takmörkum, þegar tollahækkunin hætti að veita auknar tekjur. Hann hefir vanalega ekki viljað fallast á það, þegar aðrir hafa talað um það. Ég vil þó benda á það, sem kom fram hjá öðrum hv. þm., að reynsla eins árs í þeim efnum getur ekki skorið neitt úr um þetta. Allar tolltekjur, og sérstaklega af óþarfavöru, sveiflast upp og niður eftir árferði og kaupgetu manna, en tollaviðaukinn þarf ekki að skera úr þessu. Það er oft, að hækk-

unin kemur ekki öll fram, en hún getur verið töluverð samt. Ég skal fallast á það með hæstv. ráðh., að tollaálagið á tóbak og vín sé komið nærri mörkum. En það mætti gera þessa tilraun. Þetta eru ekki þesskonar vörur, sem hægt er að horfa í, þótt kaup á þeim minnki og tollaukinn kæmi ekki inn. En mér finnst, að það mætti prófa þetta, og ég býst við, að þó að eitthvað dragi úr kaupum, þá mundu tekjurnar nógar samt. Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, að það gæti gert dálítinn mun, að tollahækkunin gengi beint í bæjar- eða sveitarsjóði. Það er ekki óhugsandi, að það hafi dálítil áhrif, að þessi tollhækkun gengur beint til þess að létta öðrum gjöldum af mönnum innan takmarkaðs svæðis. Það er dálítill munur heldur en ef ætti að verja þessari tollhækkun í almennar þarfir ríkisins, án þess að mönnum væri það ljóst, að önnur gjöld lækkuðu að sama skapi. En þessi tekjuaukning bæjar- og sveitarfélaga á beinlínis að ganga til þess að lækka önnur gjöld, sem menn eiga erfitt með að risa undir. Það er yfirleitt ekki þannig með tekjuhækkanir, sem ríkissjóði eru ætlaðar, að þær lækki alveg af sjálfu sér önnur gjöld á mönnum, en það gera þessir tekjustofnar vanalega. Menn vita, ef þetta væri samþ., að það, sem þeir borga meira fyrir tóbak og vín, verður til þess, að þeir greiða þeim mun minna í hina beinu skatta, útsvörin. Ég er ekki með þessu að segja, að þetta hefði stórkostleg áhrif, en það má þó benda á þetta. Ég skal ekki mikið fara út í hugleiðingar hæstv. ráðh. um það, að hækkun vínsins verði til þess að hækka tekjurnar. Ég er hræddur um, að hæstv. ráðh. sé ekki vel góður kaupmaður, ef hann hugsar svona, a. m. k. ekki samtímis því, sem hann vill sýna fram á, að það dragi úr kaupunum. Eina ráðið til þess að auka tekjur ríkisins af víninu er að lækka vínið verulega í verði. Það er ekki ráðlegt að gera þetta, en ég er í engum vafa um, að það má græða mikið meira með því að selja ódýrt. Það er ekki verið að halda verðinu uppi til þess að fá sem mestar tekjur, heldur til þess að takmarka það, sem keypt er af víni. En þær verzlanir blómgast auðvitað bezt, sem geta boðið viðskiptamönnum sínum bezt kjör. Það má taka mjög mikið fyrir ágóðann með því að hækka vínið í verði. Ég hefi litið svo á, að með hinu háa verði á víninu sé verið að halda í hemilinn á mönnum, svo að þeir kaupi það ekki í óhófi. Eins og menn vita, þá tíðkast mismunandi aðferðir á Norðurlöndum til þess að hefta vínnotkunina; ýmist er það gert með ýmiskonar ákvæðum og lagaþvingunum, eða eins og Danir hafa haft það, en þeir hafa allt frjálst og hafa vínið dýrt, og hefir þeim ekki reynzt það lakar en þær aðferðir, sem notaðar hafa verið í hinum löndunum. En aðalmótbára hæstv. ráðh. var sú, að þetta væri að taka frá ríkinu og færa yfir á bæjar- og sveitarfélögin. Ég er nú ekki sammála hæstv. ráðh. um, að það megi ekki ná inn meiri tekjum með þessu. Það getur verið, að hækkunin verði ekki að sama skapi sem tollurinn hækkar, en hún verður áreiðanlega töluverð. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að hann skrifar ekkert í hinn dálkinn. Nú hafa verið felld niður úr frv. stórkostleg gjöld, sem upphaflega var ætlazt til, að væru þar, og á ýmsan hátt og eftir mjög mörgum leiðum hefði þetta vörugjald, 650 þús. kr., komið á einhvern hátt niður á ríkissjóðinn. Þetta hefði dregið úr kaupum manna og tekjum á ýmsan hátt, og það er enginn vafi á því, að 650 þús. kr. skattur, sem lagður væri á landsmenn til bæjar- og sveitarfélaga, kæmi niður í lækkuðum tekjum ríkissjóðs. En nú hefir þetta verið fellt niður, og það kemur í staðinn fyrir það, sem ríkið tapar á því, að tóbaks- og víntollurinn hækkar um 10%. Ég er sannfærður um, að ríkið og þess tekjur líða ekki við þetta sem nokkru nemur, frá því að frv. lá fyrir óbreytt. Ég man ekki eftir því, að hæstv. ráðh. andmælti því nokkuð á þeim grundvelli. Sá er munurinn, að með þessum till. mínum er um að ræða nýjan skatt til bæjarsjóða, sem nemur 200 þús. kr., móts við 620—630 þús. kr., sem felldar hafa verið niður úr frv. Ég er sannfærður um, að ríkissjóður sleppur vel út úr þeim viðskiptum. Sú ástæða hæstv. ráðh., sem var sú eina móti þessu, að það svipti ríkissjóðinn tekjum, er því ekki rétt. Ég hefi svo ekki fleira um þetta að segja annað en það, að ég óska eftir því, að hinar skrifl. brtt. verði ekki samþ., vegna þess, hvað þær draga mikið úr þeim umbótum, sem hér er um að ræða fyrir bæjarsjóðina.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla að tala strax, af því að ég geri ekki ráð fyrir því, að ég geti verið síðar við umr. — Ég ætla þá með nokkrum orðum að svara því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um brtt. sína. Ég verð að segja það, að ég gat ekki vel áttað mig á ræðu hv. þm., því að mér fannst hann ekki vera vel samkvæmur sjálfum sér í henni. Hann talaði um, að það gerði ekki mikið til, þótt till. hans gengju á tekjur ríkissjóðs, því að ríkissjóður hefði gengið á tekjuöflunarmöguleika bæjar- og sveitarfélaga. Þegar hann sagði þetta, þá fannst mér hann vitna í það, að þetta hlyti að verða til þess að draga úr tekjum ríkissjóðs. Í öðrum kafla ræðu sinnar sagði hann, að ekki væri verulega gengið inn á þessa stofna, og sagðist álíta, að það mætti ná þessu upp. Ég veit ekki, hver niðurstaðan er af ræðu hv. þm., og því óhægt um vik að ræða við hann um þetta. Þó skildist mér, að hann vildi einna helzt leggja áherzlu á það, að skoðun mín sé ekki rétt á því, að þetta hefði áhrif á afkomu ríkissjóðs, og ég ætla því að gera ráð fyrir því, að hann hallist fremur að því. Hann sagði, að það væri enginn munur á því, hvort lagður væri viðaukatollur fyrir ríkissjóðinn á vörur, sem eru í frjálsri verzlun, eða vörur, sem ríkissjóður verzlar með sjálfur. En á þessu er mjög mikill munur, eins og ég sýndi fram á í minni fyrri ræðu, því að á vörur þær, sem frjáls verzlun er með, kemur aldrei neinn frádráttur til greina fyrir ríkissjóðinn, nema sá, sem kann að stafa af minnkuðum innflutningi vörunnar. (MJ: Ekki heldur í einkasölu). Jú, því að þarna verður aðeins sá frádráttur, sem stafar af minnkuðum innflutningi varanna. Hitt kemur sem frádráttur á verzlunarágóðanum, og kemur niður á þeim kaupmönnum eða þeim kaupfélögum, sem verzla með vörurnar. En ef það eru vörur, sem

ríkið hefir bæði toll af og verzlar einnig með, þá verður það svo, að ríkissjóður tapar tollinum, vegna þess að innflutningurinn minnkar, og líka verzlunarágóðanum af minnkuðum innflutningi. Þess vegna snertir það ríkissjóðinn mikið meira, ef það er lagður viðaukatollur á þá vöru, sem er í einkasölu, heldur en þótt lagður sé tollur á vöru, sem hann hefir aðeins nokkrar tolltekjur af. Þetta ætla ég, að allir skilji, sem vilja skilja það. — Þá fannst mér hv. þm. viðurkenna það á einum stað í ræðu sinni, að rök mín í þessu máli væru rétt, því að hann sagði, að ráðh. væri ekki góður kaupmaður, þar sem hann vildi hækka verðið með það fyrir augum að auka tekjur ríkissjóðs af áfengisverzluninni. En ef það er ómögulegt með óbreyttum tolli, að áliti þessa hv. þm., að auka tekjur áfengisverzlunarinnar með því að hækka verðið, af því að salan mundi þá minnka að sama skapi, — hvernig er þá hægt að auka tekjur verzlunarinnar sem svarar þessum nýja tolli? Yrði það þá ekki að gerast með því að hækka verðið, — en hefir það ekki, að dómi hv. þm., þau áhrif, að salan minnkaði, svo að tekjurnar hækkuðu ekkert? Þetta er viðurkenning hv. þm. á því, að það sé ekki hægt að búast við því, að tekjurnar verði auknar með því að hækka verðið, hvorki til þess að auka nettóágóða verzlunarinnar né til þess að vega upp þennan nýja toll. Það eru rök hv. þm. sjálfs, sem ég hefi tekið til þess að sýna fram á, að hann er undir niðri sammála mér um þetta mál, þótt hann á yfirborðinu vilji fara undan í flæmingi. Ef hann vill ekki viðurkenna það, að áfengisverzlunin verði fyrir lækkuðum gróða vegna till. hans, þá hlýtur það að byggjast á því, að hægt sé að auka tekjurnar með því að hækka verðið, en sjálfur sagði hann, að það bæri vitni um litla kaupmennskuhæfileika hjá mér að ráðgera þetta til þess að auka nettótekjur verzlunarinnar frá því, sem nú er. Ég held nú, að hv. þm. hafi misskilið mig, þegar ég var að tala um þetta, því að ég gerði ekki ráð fyrir því, að hægt væri að hækka tekjur áfengisverzlunarinnar í heild, þótt verðið væri hækkað, heldur gerði ég ráð fyrir því, að frekar væri hægt að halda þeim í því horfi, sem fjárl. gera núna ráð fyrir. Salan fer minnkandi af ýmsum öðrum ástæðum, og innflutningsörðugleikarnir fara heldur vaxandi, svo að þótt verðið yrði hækkað, þá væru nægileg not fyrir þá hækkun til þess að reyna að halda ágóðanum við. En ég geri ekki ráð fyrir því, að hann mundi aukast. Ég legg ekki mikið upp úr því, sem hv. þm. sagði um það, að menn mundu taka tillit til þess við innkaup, að verðið hefði hækkað vegna bæjar- og sveitarfélaganna. Ég held, að þetta sé hin mesta fjarstæða. Ég held, að menn taki ekki tillit til þess, þegar þeir kaupa áfengi eða tóbak, hvert ágóðinn rennur. Menn kaupa það eingöngu vegna þess, að þeir vilja neyta þess, en ekki í gustukaskyni við bæjar- og sveitarsjóði eða ríkissjóð. Það er enginn, sem kaupir áfengi eða tóbak af þeim ástæðum. Það er eins með þetta og annað, að menn kaupa þessar vörur af því, að þeir telja sig þurfa þeirra með og vilja neyta þeirra. Ég held, að mönnum séu sveitarsjóðirnir ekki það ástfólgnir, þegar um það er að ræða að greiða þangað skyldur, og þessi ástæða komi því ekki frekar til greina, þótt sveitarsjóðirnir fái þessar tekjur, því að ég veit til þess, að menn aka sér engu síður við því að þurfa að greiða til bæjar- og sveitarsjóða en til ríkissjóðs. Það mun vera ósköp svipað um hvorttveggja. (MG: Þeir vita, að þeir greiða ekki meira). Heldur hv. þm., að menn fylgist svo nákvæmlega með því, hvernig tekjur stórra opinberra stofnana eins og sveitarsjóðanna breytast, að þeir hafi í huga, þegar þeir kaupa t. d. eina whiskyflösku, að af því að hún hafi hækkað um eina krónu, þá lækki útsvörin.

Aðalatriðið í þessu máli, sem ekki má gleymast, er það, sem ég lagði aðaláherzluna á í minni fyrri ræðu, að heildartekjurnar, sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður hafi af áfengisverzluninni og tollinum, og af verzlun með tóbak og tollinum á því, eru svo hátt settar í fjárlfrv. fyrir árið 1937, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að hægt sé að ná inn hærri upphæð af þessum tekjustofnum, hvorki til ríkissjóðs né annara, sem samkv. till. hv. þm. ættu að fá hlutdeild þar í. Ég byggi þetta á sívaxandi gjaldeyrisörðugleikum og því, að verið er að hækka útsvarið á þessu fyrirtæki, og svo þeirri reynslu, sem nú er að koma í ljós, að sala þessa fyrirtækis fer minnkandi. Ég held því fram, að ef ætti að samþ. till. hv. þm., þá yrði að lækka áætlanir á fjárl.frv. að því er snertir þessa liði og sjá ríkissjóði annaðhvort fyrir nýjum tekjum á móti eða færa niður útgjöld frv. Ég er ekki hissa á því, þótt hv. 1. þm. Reykv. flytji þessa till., því að hann telur sig hafa þá stefnu um fjárl., að hann hefir viljað skera þetta niður, og því er honum ósárt um þetta. En frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja afgreiða fjárl. á þeim grundvelli, sem þau nú eru á, er ómögulegt að ganga inn á þessa till. hv. þm. Mér finnst, að þeir menn geti ekki gert sér vonir um meiri tekjuöflun af þessum liðum, áfenginu og tóbakinu, en gert er ráð fyrir, nema á óvæntan hátt ráðist fram úr viðskiptunum á árinu 1937.

*__Ingvar Pálmason__: Það eru aðeins örfá orð. — Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu okkar, sem skipum 2. minni hl. allshn., til brtt., sem fram hafa komið við frv. Ég vil byrja á að harma það, að brtt. hv. 4. þm. Reykv. lágu aldrei fyrir n., svo að nm. gafst ekki kostur á að athuga þær, en það hefði kannske orðið til meiri samvinnu milli nefndarhlutanna. Ég vil segja það um þessar brtt., að mér finnst 1. brtt., undir stafl. a—h, vera þannig vaxin, að líkur hefðu verið til, að hægt hefði verið að ná samkomulagi um þetta í n., eða a. m. k. milli einhvers hluta úr n. En ég vil þó geta þess strax, að á þeim eru þó agnúar, sem gera það að verkum, að ég mun ekki geta greitt þeim atkv. Stærsti agnúinn er á stafl. a. Ég hygg, að það, sem hv. flm. hefir ætlað að ná með brtt., hafi verið það, að ná undir fasteignagjaldið fleiri eignum heldur en þeim, sem skilgreindar eru í frv. eins og það er nú. Ég álít, að út frá almennu sjónarmiði geti það komið til athugunar að ná einhverju, sem þar er talað um, undir fasteignagjaldið. En þarna fylgir sá böggull skammrifi, að till. er þannig orðuð, að

það er frágangssök að samþ. hana, því að upphafið segir það sama og í 1. gr. frv. stendur, að undanteknu upphafinu þar, en það er sagt á klaufalegri hátt. Brtt. byrjar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög og ¾ hlutar hreppsbúa eru í kauptúninu, svo og öðrum hreppum“ o. s. frv. — Það er með öðrum orðum það sama og í 1. gr. frv., en þar stendur: „Í kaupstöðum og hreppum er heimilt“ o. s. frv. Þetta gerir það að verkum, að ég álít, að það sé frágangssök að samþ. till. Ef það hefðu verið einhver hreppsfélög, sem hefðu verið undanskilin í þessari brtt. hv. þm., þá var þetta skiljanlegt. En það er ekki svo. Það eru kaupstaðir, kauptún og hreppar. Ég álít þetta svo mikið vansmíði, að ég get ekki fylgt till. Þetta hefði mátt laga í n., ef menn hefðu getað orðið sammála um að koma með þessa brtt., sem hefði átt að koma, að því er mér skilst, á öðrum stað. — Að öðru leyti get ég sagt það, að sumstaðar, þar sem um hækkun er að ræða á lágmarkinu, er ég því mótfallinn. Hinsvegar er ég því fylgjandi, að svigrúmið sá haft sem allra rýmst. Ég álít það kost að láta hvert hreppsfélag ráða því, hvaða mark það velur. En ég álít það varhugavert að færa markið upp, vegna þess að þá er viðkomandi hreppsfélag bundið við það lágmark, og það getur orðið til þess, að það vilji síður nota heimildina til þess að leggja gjaldið á, af því að því þyki lágmarkið of hátt. Hinsvegar skal ég taka það fram, að ég álít, að þessar brtt. skipti mjög litlu máli, og þess vegna hefi ég ekki samvizkubit af því að greiða þeim ekki atkv. En ég tel það verr farið, ef þessi nm., sem er form. n., hefði haft eitthvað að leggja til málanna, sem til umbóta horfði, að það skyldi ekki koma fram fyrr en eftir dúk og disk, svo að maður er jafnvel neyddur til þess að vera á móti því. — Um 2. brtt. er það að segja, að hún er viðleitni hv. flm. til þess að ná sem mestu réttlæti, og er það allra góðra gjalda vert. Ég finn, að það er fyllsta réttlæti í þessari brtt. að því leyti, að ef lóð er leigð hátt, þá er það réttara, að eigandi lóðarinnar greiði lóðagjaldið, og aftur öfugt, ef gjaldið er lágt. Gallinn er sá, eins og oft vill verða, að erfitt er að ná öllu réttlæti; ef gjaldskyldunni er skipt, leiðir það af sér eilífa togstreitu um það, hver eigi að greiða, og þótt svo það yrði tekið fram í leigumála, þá er ekki vafamál, að það torveldar innheimtuna, svo að alveg er frágangssök að vera með þessari till. Um hinar brtt. er svipað að segja. Um 3. brtt. get ég sagt sama og hv. 1. þm. Eyf., að ég sé ekki, hvaða ástæða er til að heimila vegaskatt í 2 kaupstöðum, en ekki hinum. Mér fannst satt að segja, þegar ég las frv., að vegaskatturinn væri eini nýi tekjustofninn til handa bæjarfélögunum, en hann hefir nú í mörg ár verið tekjustofn í sveitum landsins, og hann hefir þann kost, að öllum er létt að greiða hann; allir, sem vilja og geta, geta greitt hann í peningum, og hinum, sem ekki hafa fjárráð og geta því ekki greitt til bæjarins vegna fjárhagsörðugleika, er heimilt að vinna þennan skatt af sér. Ef þessi maður er t. d. atvinnulaus, þá sé ég ekki betur en að gert sé góðverk með því, að hann fái að leggja fram eins dags vinnu. Ég held því, að þetta sé misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., sem mér skilst að sé að verja þá fátæku, því að ef maður er atvinnulaus, og vilji hann á annað borð vinna, þá verður honum ljúft að létta byrðar síns bæjarfélags með því að vinna eina dagstund, auk þess sem þetta getur orðið til þess, að bæjarfélagið njóti meiri styrks til atvinnubóta. Af greindum ástæðum get ég því ekki verið með þessari brtt. — Um 4. brtt. vil ég segja það, að það leiðir af sjálfu sér, að við í 2. minni hl. getum ekki verið með henni, þar sem þá er kippt burtu kjarna frv., svo að það getur ekki orðið að gagni. Við lítum svo á, að eins og frv. er nú, sé þetta mál sæmilega afgr., þar sem hægt er að koma til fólksins og segja, að tekjur sveitar- og sýslusjóða hafi verið auknar um 1¼ millj. kr. (BSt: Meira). Já, það má segja, að það sé nokkru meira. Ég get því ekki séð, að rök hv. 1. þm. Reykv. séu rétt, að svo illa sé séð fyrir afkomu bæjarfélaganna, að ekki megi við hlíta. Það er rétt, að þau fá nokkru minna en gert var ráð fyrir í upphaflega frv., en það nær engri átt, sem hv. þm. vildi vera láta, að í staðinn fyrir vörugjaldið, sem mþn. hafði áætlað 650 þús. kr., fái bæjarfélögin ekkert nema helming þeirrar hækkunar, eða þá 5%, sem við leggjum til, að hækkuð verði aðflutningsgjöldin. Þetta er ekki rétt, því að þessa hækkun fá kaupstaðirnir alla; eftir frv. átti 5% gjaldið í IV. kafla að ganga allt til sveitarfélaganna, en eftir brtt. okkar, þá ganga þessir 5% óskertir til bæjarfélaganna. — Um 5. brtt. á þskj. 458, að fellt sé niður gjald af síldarverksmiðjunum, verð ég að segja, að ég tel það ekki rétt að fella það alveg niður, af þeim ástæðum, sem ég tók fram við 2. umr. Það er viðurkennt, að sveitar- og bæjarfélögin, sem hafa þessa starfrækslu innan sinna vébanda, hljóta alltaf af því nokkra aukabyrði. Þetta er óviss atvinnugrein, en samt streymir fólk árs árlega á þessa staði, og það er alls ekki dæmalaust, að viðkomandi sveitar- eða bæjarfélög hafa orðið fyrir þungum búsifjum af þessu fólki; þess vegna er ekki rétt að fella þetta gjald alveg niður. Hinsvegar teljum við ekki rétt, a. m. k. ekki til að byrja með, að hafa þetta gjald hærra en ½%, og verður að líta svo á, að það séu nokkrar bætur til viðkomandi sveitar- og bæjarfélaga. Á Siglufirði t. d. mun þetta nema 12—13 þús. kr. á ári. Tel ég, að það sé viðurkenning fyrir þau skakkaföll, sem þessir aðiljar bíða vegna þess fólks, er þangað kemur í atvinnuleit á hverju ári. — 6. brtt. tel ég vera til bóta og mun greiða henni atkv. Það stendur í frv., að jöfnunarsjóð, sem mynda skal samkv. 33. gr. frv., skuli ávaxta í Landsbanka Íslands. Þetta ákvæði er fullþröngt, þar sem innheimtumenn ná ekki alstaðar til þessarar stofnunar, en til eru aðrar jafntryggar, sem nota má samkv. brtt.

Um aðrar brtt., er fyrir liggja, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. — Um brtt. á þskj. 455 hefir verið rætt, og get ég tekið undir með hv. 1. þm. Eyf., sem er málum þessum kunnugur og hefir í mþn. athugað þetta gaumgæfilega. Aftur á móti verð ég að hryggja sama hv. þm. með því, að skoðun okkar 2. minni hl. hefir ekki

breytzt frá því við 2. umr., og teljum við í hóf stillt að ákveða þetta gjald ½ %, og getum við hvorki fallizt á hækkun þess né heldur að það falli niður.

Að svo mæltu vil ég vænta þess, að þingið beri gæfu til að afgr. þetta frv. í svipaðri mynd og nú er. Tel ég, að með því sé sýnd virðingarverð viðleitni til að bæta úr því ástandi, sem nú er, á sæmilegan hátt, en hitt teldi ég ekki vansalaust, ef þingið vildi ekki bæta úr þörfum þessara héraða, og þótt sjálfsagt megi segja með einhverjum rökum, að þetta nægi ekki fullkomlega einhverjum sveitarfélögum, þá er ég viss um, að þetta bætir úr fyrir mörgum og mun nægja þeim, auk þess sem þau sveitar- og bæjarfélög, er harðast verða úti, njóta jöfnunarsjóðsins, sem gert er ráð fyrir, að stofnaður verði. Ég verð því að líta svo á, að eins og nú horfir um tekjuöflun bæði fyrir ríki og bæjarfélög, þá megi segja — verði frv. þetta að lögum —, að þá sé þessu máli sinnt af þinginu, eftir því sem efni standa til, þó að segja megi, að betur þyrfti að vera.

*Guðrún Lárusdóttir: Það eru aðeins örfá orð í sambandi við 4. gr. frv., þar sem talin eru upp þau mannvirki og stofnanir, sem undanþegin skulu vera fasteignaskatti. Ég sakna þess, að þar eru ekki talin barnaheimili, sem við vitum, að er orðinn fastur liður á dagskrá þjóðarinnar, og búast má við, að reist verði fleiri í nánustu framtíð, bæði af einstaklingum og félögum. Virðist að öllu leyti réttlátt, að þessi starfsemi sé undanþegin skatti eins og aðrar þær stofnanir, sem upp eru taldar í 4. gr. frv. Langar mig til að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. um þetta atriði með ósk um, að hann leggi hana fyrir hv. d., sem ég vænti, að sjái sér fært að leggja henni lið og samþykki sitt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 469,I) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. 4. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég finn mig knúðan til að svara nokkrum orðum þeim andmælum, sem komið hafa fram gegn brtt. mínum, og þá sérstaklega 1. brtt., frá þeim hv. 1. þm. Eyf. og hv. 2. þm. S.-M., og mun ég þá fyrst beina orðum mínum að hv. 2. þm. S.-M. út af orðum þeim, sem féllu hjá honum um samstarfið í n. Hann virtist vilja áfellast mig fyrir það, að hafa ekki leitað nægilegrar samvinnu við hann og samflokksmenn hans um brtt. mínar, og hann vildi jafnframt halda því fram, að ég hafi ekki lagt brtt. fram í n. En þetta er ekki rétt. Það var ákveðið í n., að menn skyldu koma fram með brtt. fyrir vissan ákveðinn dag, sem ég man ekki, hver var. En hvað skeður? Það skilaði enginn brtt. nema ég. (IngP: Ekki þessum). Jú, þessum brtt. við I. kafla frv. Það má vera, að samkomulag hefði getað orðið um eitthvað af brtt. þessum í milli mín og hv. þm., en málið komst aldrei á þann rekspöl, að um það væri hægt að tala. Í n. var málið tekið fyrir á 6 fundum dagana 3., 5., 7., 10., 12. og 17. marz. Frv. var þannig ýtarlega rætt, og kom fram nokkur gagnrýni við ýmsa kafla þess. Að afgreiðsla þess dróst svo lengi sem raun ber vitni um, er ekki mín sök, heldur mun hitt valda, að sumir nm. töldu sig t. d. ekki geta komið fram með brtt. fyrr en aðrir hefðu tekið sínar ákvarðanir. Þannig beið og beið t. d. hv. 1. þm. Skagf. með brtt. sínar eftir að aðrir nm. tækju sína afstöðu. Hvað mig snerti, þá tók ég mína afstöðu strax. Endirinn varð svo sá, sem kunnugt er, að n. gat ekki klofnað meir en hún gerði. En það út af fyrir sig, að n. klofni, er vitanlega ekkert einsdæmi, a. m. k. heyrðist mér hæstv. forseti lesa upp í dag eins mörg nál. í einu máli og nefnirnir eru margir, sem skipa n.

Í aths. hv. 2. þm. S.-M. við brtt. mínar virtist ekki koma neitt fram, sem benti til þess, að hann væri þeim mjög mótfallinn. Aðallega fann hann að orðalagi á a-lið 1. brtt. Með brtt. þessari vildi ég gera skýrari grein fyrir, hvað teldist kauptún, og hvenær býlin, sem kringum kauptúnið liggja, skyldu teljast með kauptúninu. Og eins og brtt. mín ber með sér, þá legg ég til, að kauptún skuli það sveitarfélag nefnast, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúninu, en hreppsfélag þar, sem engin kauptún eru, eða þar sem íbúar kauptúnanna eru í minni hl. á móts við þá, sem í sveitum búa. Eins og kunnugt er, þá hagar víða svo til hér á landi, að kauptún eru samtvinnuð hreppunum, en með þessari skilgreiningu vil ég, að það komi skýrt fram, hvenær hlutaðeigandi sveitarfélag skuli teljast kauptún og hvenær hreppur. — Um aðrar aths., sem hann gerði við brtt. mínar, mun ég ekki ræða að þessu sinni. Ég valdi þá leið, sem ég legg til í brtt. mínum, að farin verði í þessum efnum, af því að ég tel hana munu verða heppilegasta. Annars má vel vera, að samkomulag hefði getað náðst um eitthvað af þeim atriðum, sem hér ber á milli, ef tækifæri hefði gefizt til þess að ræða nokkru nákvæmar um þessi mál. Að öðru leyti vil ég ekki deila frekar en orðið er við hv. þm. Það, sem í 3. brtt. minni felst, snertir vegaskattinn. Frá sjónarmiði okkar Rvíkinga er 9. gr. frv. mjög illa séð, og svo mun einnig vera, að önnur bæjarfélög telja sig yfirleitt mótfallin þessum skatti. Þó er það svo, að ég veit um einn fulltrúa frá bæjarfélagi, sem telur sig mundu geta fallizt á þennan skatt, og fyrir því hefi ég orðað brtt. mína við 9. gr. á þá lund, að í kaupstöðum, sem hafa undir 2000 íbúa, sé heimilt að leggja þennan skatt á, ef meiri hl. hlutaðeigandi bæjarstjórnar samþ. það, því að þá má ætla, að meiri hl. bæjarbúa sé því einnig fylgjandi. Hvað snertir skoðun íbúa Rvíkurbæjar á þessari skattsálagningu, þá mun óhætt mega fullyrða, að meiri hl. þeirra sé á móti henni. Allt, sem sagt hefir verið um það, að það sé greiði fyrir menn að lofa þeim að vinna af sér þetta gjald, á ekki við hér í Rvík. Hér gegnir allt öðru máli í þessu efni en úti á landi. Vinna við gatnagerð er mikil hér í Rvík og skapar fjölda manna atvinnu. Ætti því að fara að taka eitthvað af þeirri vinnu í þegnskylduvinnu, myndi það svipta fjölda manna atvinnu, auk þess sem það myndi verða litt mögulegt að taka hvern sem væri til slíkrar vinnu, — menn, sem kynnu ekki að halda á skóflu eða hamri, hvað

þá meira. Gjald slíkra manna væri alveg sama og ógreitt, enda þótt þeir hengju við vinnu 1 eða ½ dag. Ég hefi nú að vísu ekki átt tal um þetta sjálfur við borgarstjóra, en ég hefi það fyrir satt, að hann sé því mjög andvígur, að slíkt ákvæði sem þetta sé látið gilda fyrir Rvíkurbæ. Ég fyrir mitt leyti tel það óþarft og óheppilegt, og því hefi ég flutt brtt. um að fella það niður að öðru leyti en sem heimild fyrir kaupstaði með færri en 2 þús. íbúa, til þess að gefa þeim tækifæri til þess að spreyta sig á þessu, sem telja sig geta hagnazt á því.

Í niðurlagi ræðu sinnar gat hv. 2. þm. S.-M. þess, að í frv. þessu væri séð fyrir báðum aðiljum, bæði sveitar- og bæjarsjóðunum, en ég get ekki samþ. þetta. Ég tel hlut bæjanna allmjög skertan eins og frv. er nú, og verð ég að telja það illa farið, þar sem því verður ekki með rökum í móti mælt, að þörf þeirra fyrir aukna tekjustofna verður að teljast meiri en sveitarfélaganna. Enda ekkert undarlegt, þó að svo sé, þar sem löggjöf síðustu þinga hefir allmjög hnigið að því að létta undir með sveitunum og um leið að íþyngja bæjarfélögunum, og má því til sönnunar benda á framfærslulöggjöfina, lög um kreppuhjálp fyrir bæjar- og sveitarfélög, að undantekinni Rvík, og ennfremur breyt., sem gerð var á berklavarnagjaldinu, sem léttir *á gjaldendum úti um byggðir landsins og eykur* gjaldþol þeirra um það, sem lækkuninni nemur. Þá má og nefna það, að nýlega hefir verið afgr. héðan frá d. frv. til breyt. á vegalögunum, sem fækkar mjög þeim vegum, sem hvílt hafa á sýslufélögunum. Allt miðar þetta að því að létta byrðar sveitanna. Hinsvegar hefir minna verið gert að því að létta undir með bæjarfélögunum. Það eina, sem hægt er að telja, eru alþýðutryggingarnar nýju. — Af því, sem ég nú hefi sagt, fæ ég ekki séð, að fulltrúar sveitanna þurfi að vera óánægðir yfir því, að hlutur þeirra hafi verið fyrir borð borinn. Það er því ekki sanngjarnt að kasta því fram, að við, sem stutt höfum að þessum málum, höfum gengið harkalega á móti hagsmunum sveitanna. Niðurstaðan hlýtur nú að verða sú, eftir allan þann stuðning, sem löggjafarvaldið hefir á seinni árum veitt sveitunum, að þörfin fyrir aukna tekjustofna fyrir sveitirnar sé minni eftir en áður.

Ég hefi bent á það áður undir þessum umr., að mál þetta hefði þurft meiri undirbúning og gleggri athugun en mþn. hefir haft tækifæri til þess að framkvæma, svo að það gæti fengið góðar undirtektir hér á Alþingi, svo viðkvæmt sem það er. Enda minnist ég ekki að hafa séð jafnsundurleitt nál. eins og álit mþn. Að láta sér svo detta í hug, að ein þingn. geti skapað málið svo um af nýju, að það fái fylgi allra flokka, er vitanlega alveg út í hött. Það, sem ég nú hefi sagt, er um málið almennt, og alveg eins mælt til hv. 1. þm. Eyf. eins og hv. 2. þm. S.-M. — Ég sé, að hv. 1. þm. Eyf. brosir. Það er gömul saga, að bezt sé að bera sig karlmannlega, þó að dálítið gefi á bátinn. — Hv. þm. byrjaði ræðu sína á því, að frv. væri ennþá mikils virði, enda þótt komnar væru á það glompur. Eins og frv. er nú, þá er áætlað, að það gefi í tekjur 1,2 millj. kr. Brtt. mínar miða aftur að því, að frá þeim tekjum dragist 600 þús. kr., svo að helmingur verði eftir, en ég læt ósagt, þegar málið er búið að ganga gegnum Nd., að þessar 600 þús. kr. verði allar eftir.

Ég hefi svarað aths. hv. þm. um þorpin, sem ég var að skilgreina hér, og ef þeir ekki skilja það, þá get ég ekki gefið þeim frekari skilning á því, enda hugsa ég, að þeir hafi ætlað þeirri brtt. minni ákveðna leið. Vegaskattinn ætla *ég ekki heldur að fara frekar út í.* Ég hefi þegar minnzt á mína skoðun á honum. En hv. þm. sagði, að það væri ekki um aðra leið að gera en þessa. Ég skal játa, að ég er ekki dómbær á það, hvernig bezt sé að ná inn útsvörum í landinu, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að hv. þm. sé ekki heldur dómbær um það. Hann þekkir náttúrlega bezt til í sínu héraði, alveg eins og ég þekki bezt það, sem næst mér er. En hann veit ekki, hvernig hagar til í öðrum héruðum landsins, svo að hann getur ekki kastað slíku fram órökstuddu. Ég býst við, að þetta fari nokkuð eftir því, hvar er á landinu, eftir árferði og öðru slíku. Hinsvegar þekki ég ekki ennþá — og þá náttúrlega helzt þar, sem fámenni er — neinn grundvöll, sem er réttlátari heldur en útsvör, sem lögð eru á eftir efnum og ástæðum. Aðrar leiðir býst ég við, að finnist ekki réttlátari. Hinsvegar vill hv. þm. halda því fram, að þetta dugi ekki til, en það er fyrir mér ekki fullsannað mál, nema kannske í einstökum tilfellum. Ef við tökum t. d. bæina út af fyrir sig, þá býst ég við, að við nánari athugun á útsvarslögunum geti það komið til álita, hvort innheimtufyrirkomulag útsvaranna mætti ekki vera betra heldur en nú er. Mér er kunnugt um, að víða erlendis er það svo, að í borgunum eru skattarnir innheimtir mánaðarlega, og ekki nóg með það, heldur ber atvinnurekendum víða að tryggja það, að skattarnir séu greiddir. Erum við jafnvel að komast inn á slíkt fyrirkomulag, og ég er ekki í neinum vafa um, að því mætti koma víðar við heldur en nú er gert. En þetta atriði er verkefni hinnar nýju endurskoðunar á útsvarslögunum. — Þá sagði hv. þm., að ég hefði verið með því að leggja á neyzluskatt. Ég skal alltaf fúslega gangast við því, sem ég hefi greitt atkv. með. En það veit hv. þm., að umsetningargjaldið, sem lagt var á á síðasta Alþingi, var aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, þannig að hægt er að kippa þeim lögum burt strax og þörfin á þeim er ekki lengur fyrir hendi. En hér horfir nokkuð öðruvísi við. Hér er verið að leita að föstum tekjustofnum fyrir bæjar- og sveitarfélög, tekjustofnum, sem eiga að standa svo og svo lengi, kannske meðan við báðir lifum. Það er nokkuð annað að samþ. bráðabirgðaákvæði á erfiðum tímum heldur en að byrja á nýju kerfi um skattafyrirkomulag *handa ákveðnum stofnunum í landinu.* Þetta vil ég a. m. k. aðgreina mjög skýrt.

Ég skal viðurkenna, að það getur ekki hjá því farið, að mþn. hafi úr mjög vöndu að ráða, hvaða leiðir hér skuli fara. Og hv. þm. spyr mig, hvað ég vilji, að gert sé í þessu efni. Ég skal játa, að ég hefi kannske ekki þá hæfileika eða kunnugleika í þessum efnum að geta bent á leiðir, enda er það til of mikils ætlazt af hv. þm., að ég geti það mitt í þingönnunum. En ég skal þó frá

minu sjónarmiði eftir nokkra athugun benda hv. þm. á, hvað ég álít, að gera mætti í þessum efnum. Ég skal játa, og ég hefi ekki heldur farið dult með, að það verður e. t. v. að ganga nokkuð inn á þá stofna, sem ríkið hefir tileinkað sér nú á síðustu árum og að mínu viti eru hreint og beint ekkert annað en „kommunalskattar". Ég ætla að benda á í þessu sambandi, að skemmtanaskattur og veitingaskattur eru yfirleitt ekkert annað en „kommunalskattar". Í fjárlfrv. er skemmtanaskattur áætlaður um 120 þús. kr. og veitingaskattur 100 þús. kr. Þetta eru aðeins tvö atriði, sem ég bendi á í þessu sambandi. Nú mun n. hafa látið sér detta í hug að fara fram á það, að helmingur af eignarskattinum skyldi einnig renna til bæjanna. En hitt er mér ljóst, og ég ætla ekki að ásaka hv. nm. fyrir það, að þar var eins og að klappa á stein, þegar til ríkisstj. kom um það, að láta nokkuð af þessum stofnum, sem ríkið hefir tileinkað sér. Að þessu frágengnu, vil ég benda á eitt ennþá, sem ekki hefir verið leitt inn í umr. Því er haldið fram, að a. m. k. í ýmsum minni bæjum úti um land sé grundvöllur skattstofnsins horfinn af þeirri einu ástæðu, að verzlunin er nú horfin úr höndum einstaklinganna yfir í samvinnufélögin og kaupfélögin. Ég fyrir mitt leyti, sem annars get hyllt samvinnustefnuna, álít, að það verði að ganga inn á þá braut að skattleggja verzlun í hvaða formi sem hún er rekin. Ég veit, að þetta er viðkvæmt mál og gripur inn á hugsjónir og stefnu margra manna. En þegar við erum að því komin að örvænta út af því, hvernig eigi að afla tekna til handa bæjar- og sveitarsjóðum, þá getur verið, að við neyðumst til þess að ganga þessa leið, þ. e. a. s. að skattleggja verzlunina í hvaða formi sem hún er rekin. Öllu þessu hefir n. gengið framhjá, en mér er kunnugt um, að þetta kom til umr. innan n., en vitanlega gat ekki orðið samkomulag um það frekar en um svo margt annað.

Þá sagði hv. þm., að það værum við, sem heimtuðum allt, en vildum ekki afla peninga til neins. Ég þykist nú vita, að hann hafi átt við okkur jafnaðarmenn hér á Alþingi. En ef á að fara út í spardatíning um það, hverjir heimtuðu, þá býst ég við, að flokkur hv. þm. mundi ekki teljast alveg heilagur í því efni, og ætla ég þó sízt af öllu að lá honum eða hans flokksbræðrum, þó að þeir geri ýmsar kröfur og heimti peninga handa þeirri stétt, sem þeir eru umbjóðendur fyrir, en ég gæti, ef ég vildi, bent honum á, að það, sem þeir hafa heimtað og í mörgum tilfellum fengið, eru miklu stærri upphæðir heldur en við, umbjóðendur verkamannanna, höfum fengið. Ég tek það skýrt fram, að ég er ekki að telja þetta eftir handa fátækum bændum, en mér finnst bara óþarfi að slá því framan í okkur jafnaðarmenn, að það séum við einir, sem heimtum.

Þá ætla ég aðeins að víkja að því, sem hv. þm. sagði um verksmiðjurnar. Ég skil hv. þm. vel í því efni. Hann er umbjóðandi bæjarfélags, Siglufjarðar, sem að sjálfsögðu vill fá auknar tekjur í bæjarsjóð, og ég skil það vel, að hann vilji halda fast á því máli. En hitt er annað mál, hvort grundvöllurinn undir þeirri kröfu er svo réttmætur eins og hann vill vera láta. Siglufjarðarkaupstaður er, eins og allir vita, vaxinn upp af síldarsöltun, en ekki síldarverksmiðjurekstri. Og þegar það kom til álita, hvar ríkið ætti að reisa sína verksmiðju, þá man hv. þm. það kannske vel, að það voru margir, sem hölluðust að því að reisa hana ekki á Siglufirði, heldur við Húnaflóa, og það munaði mjög litlu, að það yrði ekki ofan á. En Siglufjarðarkaupstaður gerði allt, sem hann gat, til þess að bjóða fram hlunnindi og fríðindi til að fá verksmiðjuna í plássið, og var það ofurskiljanlegt. En var það eingöngu til þess að geta skattlagt verksmiðjuna? Nei, það var gert til þess að fá aukna atvinnu handa þeim, sem í kaupstaðnum búa. Og svo má ekki gleyma því, að í sambandi við þennan verksmiðjurekstur hefir hafnarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar miklar tekjur, eins og gefur að skilja. Og ofan á þetta vill svo hv. þm. leggja aukagjald á alla umsetningu í bæjarsjóð þessa kaupstaðar. En frá hverjum er þetta svo tekið? Það er tekið frá sjómönnum, sem hafa oft orðið fyrir hræðilega lágt verð að leggja sína síld í land, og verksmiðjunni, sem er grundvölluð á þeim möguleika að greiða hverjum fiskimanni það sanngjarnasta verð sem hún getur. Og þess vegna álít ég það principielt brot, að leggja á þennan skatt í bæjarsjóð með því að afla honum fyrst tekna á kostnað þeirra, sem eiga að njóta sannvirðis af þeim afurðum, sem þeir skaffa verksmiðjunni. Þetta mundi líka að sjálfsögðu geta komið mjög misjafnlega niður, því að verksmiðjur geta risið upp í litlum sveitaþorpum, og umsetning þeirra verksmiðja gæti verið svo mikil, að hver einasti maður í hreppnum gæti verið laus við það að borga einn eyri í útsvar. Við skulum t. d. segja, að verksmiðjan á Raufarhöfn yrði rekin í stærra formi heldur en nú, og yrði umsetningin þá svo mikil, að það nægði í tekjur handa hreppnum, og enginn þyrfti að borga útsvar. Nei, rök hv. þm. fyrir þessu eru í mínum augum nauðalítil, og ég fyrir mitt leyti get aldrei gengið inn á það, að þessi leið sé farin. En það verður hlutverk hinnar væntanlegu n., sem endurskoðar útsvarslögin, að athuga, hvað langt skuli gengið í því efni að láta ríkisfyrirtæki greiða til einstakra staða, eða hvort þau skuli í heild greiða einhverja upphæð, sem svo sé deilt milli þeirra, sem verst eru staddir. En það teldi ég réttlátustu aðferðina, ef nauðsynlegt þykir að leggja skatt á svona fyrirtæki eins og síldarverksmiðjur.

Það var ýmislegt fleira, sem hv. þm. minntist á, en ég get sleppt því. Ég hefi drepið á það helzta, en öllum aukaatriðum get ég sleppt. En ég vil aðeins segja það, sem ég reyndar hefi sagt áður, að þetta mál er þannig vaxið, að það hefði gott af því að bíða eitt þing enn og takast til rækilegrar athugunar, hvort ekki mætti fara aðrar skynsamlegri og heppilegri leiðir heldur en þær, sem hér hafa verið nefndar. Það verður vitanlega erfitt að finna lausn á þessu máli, svo að allir geti vel við unað. En hitt er ljóst, að þetta frv. eins og það liggur fyrir á fylgi sitt meðal þeirra manna, sem eru nógu borgaralega hugsandi til þess að vilja leggja byrðarnar á hvern einasta smælingja, sem í landinu býr, en hlífa þeim, sem betur mega. Það er þess vegna

eðlilegt, að línurnar skerpist á milli okkar, sem öðruvísi hugsum, og borgaralegu flokkanna, sem taka höndum saman og skella þessu yfir okkur eins og þeim bezt líkar.

***Frsm. 2. minni hl. (Páll Hermannsson):** Það fara nú að verða töluvert langar umr. um þetta frv. og ekkert skemmtilegar, og væri réttast að hafa þær ekki lengri. En þar sem svo stendur á, að ég mun vera talinn frsm. einhvers hl. í allshn., þá þykir mér rétt að segja um frv. örfá orð, áður en það fer út úr d.

Ég skal þá í fyrsta lagi segja það um þetta frv. eins og það lá fyrir í byrjun, að ef þeir tímar, sem við nú lifum á, hefðu mátt teljast svona nokkurnveginn eðlilegir, þá hefði ég getað fallizt á höfuðstefnu frv., sem var í því fólgin, að leggja nokkur gjöld á innfluttar og útfluttar vörur, til þess að létta af sveitarútsvörum bæjar- og sveitarfélaga í landinu. En af því að ég tel þessa tíma ekki eðlilega — og það óeðlilega við tímana tel ég það, að aðalatvinnuvegir landsmanna eiga við alveg óvenjuleg vandræði að stríða — þá hefi ég ekki getað fallizt á, að það væru sérstaklega lögð gjöld á þessa aðalatvinnuvegi landsmanna. Þó að það standi nú kannske svo á, að það séu vissir menn í landinu, sem telja sig hafa einkarétt til þess að sjá vandræði atvinnulífsins og segja frá þeim, þá mun það vera svo, að flestir, ef ekki allir landsmenn, finna til þess, að atvinnulífið á alveg sérstaklega erfitt uppdráttar nú. Með hliðsjón af þessu var það, sem við framsóknarmenn í allshn. lögðum til, að III. kafli upphaflega frv. yrði felldur burtu. Hinsvegar skal ég játa það, að eins og frv. er nú orðið, þá er ekki með því séð eins vel fyrir þörfum kaupstaða og kauptúna eins og gert var með upphaflega frv., en aftur á móti tel ég, að með frv. eins og það er orðið nú, þá sé í raun og veru betur séð fyrir þörfum sveitarfélaganna heldur en með hinu upphaflega frv. Það byggist á því, að þau halda eiginlega öllum þeim tekjum, sem þeim var ætlað í hinu upphaflega frv., en losna undan útgjöldum, sem ætlað var, að legðust á fólkið í sveitunum. Það sagði einhver þm. áðan, að sveitarfélögin þyrftu síðar á tekjustofnum að halda heldur en kaupstaðir og kauptún. Ég skal ekki leggja neinn dóm á þetta, en vil bara slá því föstu, að það eru til margir sveitahreppar í þessu landi, sem þurfa á nýjum tekjustofnum að halda. Mér er sjálfum persónulega kunnugt um, að víða í sveitum verður að leggja útsvör á fólk, sem því er um megn að greiða. Það verður að greiða útsvör ekki aðeins af rekstri eða arði atvinnu sinnar, heldur af eignum sínum, meðan þær eru nokkrar til. Og þar sem svo stendur á, er vissulega þörf á nýjum tekjustofnum. — Þegar við hv. 2. þm. S.-M. gerðum till. okkar til breyt. á þessu frv., þá bjóst ég ekki við því frekar, að það yrðu þær till. eingöngu, sem fengju að komast inn í þetta frv. Ég gerði þær till. sérstaklega með hliðsjón af málstað sveitahreppanna, og ég get í hreinskilni sagt, að ég bjóst jafnvel við því, að inn í þetta frv. yrði bætt nýjum tekjum til handa kaupstöðunum, og ég bjóst líka við því, að vel gæti komið til mála, að farið yrði fram á einhverja aðra skerðingu á þeim upphæðum, sem III. kafli frv. nú gerir ráð fyrir. En nú virðist sem það muni verða svo í þessari d., að það verði fyrst og fremst till. okkar, sem gera breyt. á frv. Ég veit að vísu ekki fyrir víst, hvað af till. verður samþ., en mér þykir líklegt, að frv. fari úr þessari d. lítið breytt frá því, sem það er nú. Og þó að ég viðurkenni, að það hefði þurft að bæta betur úr tekjuþörf kaupstaðanna, þá er það svo, að það er nokkuð annað að sjá þörfina á umbótum og svo hitt, að sjá ráð til þess að bæta úr henni. Ég verð að taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði hér í dag, að þó að menn kunni að álíta, að töluvert vanti á til þess að bæta úr brýnustu þörf landsmanna í heild, þá er þetta frv. þó töluvert spor í áttina. Ég ímynda mér, að það láti nærri, að eftir þessu frv. hafi sveitahrepparnir þær tekjur, sem upphaflega frv. gerði ráð fyrir, en að það vanti um 400 þús. kr. af þeim tekjum, sem kaupstöðum og kauptúnum var ætlað. En samt er það svo, að kaupstöðum og kauptúnum eru ætlaðar tekjur upp á a. m. k. eina milljón. Og þegar maður svo jafnframt hefir það í huga, að nú lítur út fyrir, að berklavarnagjaldinu verði létt af í því formi, sem það hefir verið, þá minnkar nú mismunurinn að töluverðu leyti frá því, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv. Ég vil sérstaklega láta þess getið, að þótt við höfum lagt til að fella niður gjaldið af framleiðsluvörunum nú, þá er það ekki vegna þess, a. m. k. fyrir mér, að ég ekki álíti, að það megi vel leggja gjald á framleiðsluvörur, þegar sæmilega árar, þegar atvinnuvegirnir ganga sæmilega og viðskiptalífið er þar af leiðandi sæmilega fjörugt. En mér finnst, eins og nú er ástatt, ekki gerlegt að gera það. Við vitum, að atvinnuvegirnir í landinu, bæði landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, hrópa til þingsins um að létta af sér gjöldum, og ekki aðeins það, heldur líka um að fá beina fjárhagslega hjálp frá ríkissjóði. Þá er sjáanlegt, að eitthvað muni vera bogið við að leggja sérstök ný útgjöld á þessa sömu atvinnuvegi. Sumir segja að vísu, að þetta séu ekki ný gjöld, það sé aðeins tilfærsla á gjöldum, en það er ekki nema hálfur sannleikur, og ekki það. Því að vitanlegt er, að ekki er meiningin, að þessar nýju tekjur sveitar- og bæjarfélaga skuli eingöngu ganga til þess að létta útsvörum af atvinnurekendum.

Mér hefði þótt nokkurs um vert, að þetta frv. fengi staðfestingu eitthvað líkt því, sem það er nú, þótt maður hafi náttúrlega fulla ástæðu til að efast um, að svo geti orðið nú á þessu þingi, úr því að málið er ekki komið lengra áleiðis ennþá. En út af skoðun þeirra manna, sem vilja slá málinu algerlega á frest, vil ég segja, að ég man ekki betur en að hæstv. atvmrh. hafi lýst yfir, að hann ætlaði að fela þeirri sömu n., sem undirbjó þetta frv., áframhaldandi starf í sama augnamiði. Ég verð að segja, að þeirri ágætu n. þyrfti að takast það starf einhvernveginn öðruvísi en hið fyrra starf, ef ætla mætti, að hæstv. ráðh. fái frá henni till., sem honum væri verulega ljúft að taka á móti, því að mér hefir fundizt, að því leyti sem hann hefir minnzt á þetta mál hér í deildinni, að það væri býsna lítið í tillögum þessarar nefndar, sem hæstv. ráðherra getur fallizt á.

***Bernharð Stefánsson:** Það er sjálfsagt tilgangslítið að fjölyrða um þetta öllu meira, enda vildi ég gjarnan, að umr. og atkvgr. gæti orðið lokið á þessum fundi, og skal ég því reyna að takmarka mál mitt. Þó verður ekki með öllu hjá því komizt að minnast á sumar af þeim fjarstæðum og staðleysum, sem hv. 4. þm. Reykv. bar hér á borð áðan.

Hv. 4. þm. Reykv. byrjaði á því, sem raunar er lítils virði, að bera saman vinnubrögð allshn. í þessu máli og vinnubrögð einhverrar annarar n., sem mér skildist vera fjhn. Hann taldi líkt á komið með þeim, þar sem þessi hin n. hefði klofnað í eins marga parta eins og hægt var, eins og allshn. í þessu máli. En sá er munurinn, að allshn. sat tvo mánuði yfir þessu máli, en ég hygg, að fjhn., sem hv. þm. mun hafa átt við, hafi aðeins starfað tvo daga í hinu málinu. — Þá var hv. þm. með hugleiðingar út af vegaskattinum og vildi segja, að meiri hl. bæjarbúa í hinum einstöku bæjum væri á móti honum. (**SÁÓ:** Ég talaði um Rvík). Já, mér skildist hann vera að bera fram till. um að fella niður vegaskattinn í Rvík, vegna þess að það væri í samræmi við vilja meiri hl. bæjarmanna. Um þetta skal ég ekkert segja, en mér þykir trúlegt, að það sé vilji meiri hl. bæjarbúa að fara eftir ákvörðunum meiri hl. bæjarstjórnar í þessu sem öðru. Ég veit ekki betur en að hér í Rvík sé almennur kosningarréttur eins og annarsstaðar. En ef ekki fer saman vilji meiri hl. bæjarbúa og meiri hl. bæjarstjórnar hér í Rvík, — hvaða ástæða er þá til að ætla, að þetta fari frekar saman t. d. á Seyðisfirði? Ég sé það ekki. Það er ekkert við það að athuga, þótt hv. þm. liti svo á, að vegaskatturinn ætti enginn að vera. En mér er óskiljanlegt, að hann sé heppilegur í bæjum, þar sem ekki eru 2000 íbúar, en ómögulegur í stærri bæjum. — Þá minntist hv. þm. á, að mþn., sem fjallaði um þetta mál, hefði haft of lítinn tíma til undirbúnings. Það er rétt, að hún hafði of lítinn tíma, enda er það tekið fram í grg. frv., að n. sjálf leit svo á. En að hún hikaði ekki við að skila frv. fyrir þetta þing, var sökum þess, að nm. var beinlínis kunnugt um, að það bráðlá svo á einhverjum úrræðum í þessu efni sumstaðar á landinu, að þeir töldu, að það mætti alls ekki bíða næsta þings að ráða fram úr málinu. Og ef þetta frv. dagar uppi eða fellur, mun áreiðanlega heyrast hljóð úr horni, um að þröngt sé fyrir dyrum hjá bæjarfélögum og einstökum sveitarfélögum. Hvað snertir sundrung þá, sem hv. þm. var að tala um, að verið hefði í mþn. um þetta mál, sennilega vegna þess fyrirvara, er fylgdi frv., um að nm. hefðu óbundin atkv. um einstök atriði, þá hygg ég, að slíkt sé ekkert óalgengt, og sízt að undra í þessu tilfelli, þar sem allir þrír nm. voru hver úr sínum flokki.

Hv. þm. hélt, að ég væri ekki dómbær á það, hvernig gengi að ná inn útsvörum alstaðar á landinu. Það er auðvitað rétt, að ég hefi ekki þekkingu á þessu að því er hvern hrepp snertir. En staðreyndirnar bara tala um það, að víða á landinu, áreiðanlega víðar en í minu kjördæmi, hefir ekki reynzt hægt að ná inn þeim útsvörum, sem jafnað hefir verið niður og öll fjárhagsáætlun sveitar- og bæjarfélaganna er byggð á.

Hv. þm. vildi afsaka, að hann sjálfur hefir greitt atkv. með sköttum á nauðsynjavörur almennings, með því, að það hefði verið bráðabirgðaráðstafanir. Skildist mér hann þar eiga við klauflaxinn svokallaða. En hann hefir nú samþ. fleiri tolla en þá, sem felast í honum. Og þótt það sé rétt, að klauflaxinn er að formi til bráðabirgðaráðstöfun, þá vissu allir, að þau lög yrðu framlengd, ef ekki fengjust aðrar tekjur í staðinn. Gjöldin, sem lögð voru á ríkissjóð í fyrra með l. um alþýðutryggingar og fleiri l., voru engar bráðabirgðaráðstafanir, og hv. þm. veit vel, að klauflaxinn var bein afleiðing af þeim. — Hv. þm. var að telja upp ýmsa skatta, sem nú rynnu til ríkissjóðs, en ættu í raun réttri að renna til bæjar- og sveitarsjóða, svo sem skemmtanaskatt, veitingaskatt o. s. frv. Það væri út af fyrir sig ekkert á móti því að haga því svo, að bæjar- og sveitarfélög fengju þessa skatta, ef bara ríkið mætti missa þá. En hv. þm. hefir ekki bent á, hvað ríkissjóður ætti að fá í staðinn fyrir þessa skatta, eða hvað eigi að spara af útgjöldum ríkissjóðs, ef þeir eru afhentir sveitar- og bæjarfélögunum. Þess vegna er það, sem hann segir um þetta, bara út í hött. Það er ekki neinn vandi að slá um sig með orðum um hitt og þetta, sem ekki eiga sér nokkra stoð í veruleikanum. Miklu nær var það frá hans sjónarmiði, sem hann var að láta skína hér í í hálfgerðum hótunartón, að leggja mætti útsvör á kaupfélögin eins og aðrar verzlanir. Í lok ræðu sinnar var hann að tala um borgaralegan hugsunarhátt. Ég hugsa nú, að það sé fullborgaralegur hugsunarháttur fyrir hann sem jafnaðarmann, að vilja nú gegnum útsvör kaupfélaganna skattleggja bláfátæka bændur og verkamenn tvisvar, bara af því, að þeir verzla við kaupfélög; leggja fyrst á þá sem einstaklinga, og svo á viðskipti þeirra í kaupfélaginu. Því að það veit hv. þm. vel, að þessi félög hafa eiginlega engar slíkar tekjur, að verulega sé hægt á þau að leggja. Að svo miklu leyti, sem félagarnir hafa hag af að verzla í kaupfélögunum, kemur það fram á þeirra efnahag og er á það lagt hjá þeim sem einstaklingum. En þetta er þó atriði, sem vitanlega má ræða um, því að þar er ekki beinlínis um að ræða að taka tekjur frá ríkinu án þess að láta nokkuð koma í staðinn.

Þá var hv. þm. að tala um, að við framsóknarmenn hefðum heimtað alveg eins mikið til okkar umbjóðenda eins og jafnaðarmenn til sinna; við hefðum krafizt framlaga til bænda eins og þeir til verkamanna. Það er rétt, að við höfum að vísu gert till. um ýmiskonar fjárútlát bændum og öðrum til hagsbóta, en munurinn er sá, að við höfum horfzt í augu við það, að á móti útgjöldunum þurfa að fást tekjur í ríkissjóð. Það er það, sem sumum hv. þm. hættir til að gleyma.

Hvað síldarverksmiðjurnar snertir þarf ég litlu að svara hv. 4. þm. Reykv., því að hann gerði ekki annað en endurtaka það, sem hann sagði um þetta atriði í fyrri ræðu sinni, svo að þótt ég færi að svara því, yrði það ekki annað en endurtekning á því, sem ég hefi áður sagt. Hv. þm. sagði, eins og rétt er og ég vék að áðan, að Siglfirðingar hefðu viljað fá síldarverksmiðjurnar

byggðar hjá sér, og þetta finnst honum vera rök fyrir því, að verksmiðjurnar ættu ekki að borga neitt í bæjarsjóð. Ég vil spyrja hv. þm.: Vill hann ekki, að ýmiskonar atvinnurekstur eigi sér stað hér í Reykjavík? Teldi hann ekki til heilla fyrir bæjarfélagið, ef bætt væri við fiskiflotann einum tveimur eða þremur togurum? Ég býst við, að flestir Reykvikingar líti svo á. En mundi nokkrum lifandi manni detta í hug, að þeir menn, sem keyptu *nýja togara og gerðu þá út*, ættu að vera útsvarsfrjálsir? Þetta, að vera að tala um, að Siglfirðingar hafi viljað fá verksmiðjurnar, kemur því málinu hreint ekkert við. Hv. þm. var að tala um, að gjaldið, sem verksmiðjurnar kæmu til með að borga, kæmi frá vesalings sjómönnunum. Það má nú víst svipað segja um margt annað. Þetta gjald er ekkert frekar tekið frá sjómönnunum heldur en útsvör síldarverksmiðjanna og annara atvinnufyrirtækja; allar slíkar álögur verka víst á svipaðan hátt.

Þá þótti mér einkennilegt, hvernig hv. þm. lauk ræðu sinni, þegar hann var að tala um, að þetta frv., sem honum þykir svo viðurstyggilegt, mundi hafa nægilega mikið fylgi á meðal borgaralega sinnaðra manna, sem gjarnan vildu leggja neyzluskatta á almenning. Það var að heyra, að hann væri alveg laus við svo ljótan hugsunarhátt; hann vildi leggja gjöldin þannig á, að þau kæmu sem réttlátast niður, taka frá efna- og hátekjumönnunum. En ég ætla bara að skjóta því til hans eigin samvizku, hvort hans flokkur hefir yfirleitt gengið nokkuð lengra í því en aðrir að koma með till. um að hækka beina skatta og taka gjöldin á þann hátt, sem hann var að tala um. Nei, þeir berja sér á brjóst, þessir herrar, og segja: Við viljum ekki skattleggja almenning, o. s. frv., en við viljum fá þetta og þetta til umbóta. Þegar spurt er um, hvar taka eigi peningana, vill verða lítið um svör. Ég álít, að þessar síðustu setningar í ræðu hv. þm. hefði hann átt að spara sér.

Forseti (EÁrna): Ég vil mælast til, að hv. þm. takmarki mál sitt, svo að þessu máli geti orðið lokið fljótlega og eigi þurfi að vera kvöldfundur þess vegna.

***Frsm. 4. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal verða við þeirri ósk hæstv. forseta að taka ekki óþarflega langan tíma. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja við hv. 1. þm. Eyf., út af síðustu ræðu hans; mun ég hlaupa yfir það, sem ég tel minna um vert.

Hv. þm. var að tala um, að ég hefði samþ. á fyrra þingi l., sem útheimta auknar byrðar á fólkið, og nefndi þar til tryggingarlöggjöfina. Ég held, að hv. þm. skilji ekki, hvað í þeirri löggjöf felst. Hún er ekkert annað en l., sem eiga að tryggja fólkið gegn því að þurfa að vera upp á aðra komið, að vísu með því að leggja örlítið fram, en það verður sennilega minna heldur en það áður þurfti að leggja fram fyrir læknishjálp og þesskonar, svo að maður hafi sjúkra*tryggingarnar sérstaklega í huga*. Þessi löggjöf felur aðeins í sér skipulag, sem gerir fólkinu mögulegt að bjarga sér sjálft betur heldur en áður. Því þótti mér einkennilegt, að hv. þm. skyldi taka þetta sem sönnun þess, að ég væri með því að leggja byrðar á fólkið. (**BSt:** Klauflaxinn var afleiðing af tryggingarlöggjöfinni). — *Um útsvarsálagningu á kaupfélögin treysti ég* mér ekki að ræða í stuttri aths. Hvað kaupfélög fátækra bænda og verkamanna snertir, þá hafa þau nú ekki öll svo góðum árangri að skila, að leggjandi sé á þau. En hér er að rísa upp atvinnurekstur undir samvinnuskipulaginu, *sem gefur arð, en ekki er hægt að ná til með* útsvör, af því að fyrirtækin koma undir samvinnulögin. Þessi atvinnurekstur kemur í stað einkarekstrar, og er ég sízt að harma það, en hinsvegar verða bæjarfélögin einhvernveginn að ná inn tekjum, jafnvel af samvinnufyrirtækjum, *ef þau hafa náð undir sig þeim rekstri, sem* áður hefir staðið undir gjöldunum. Ég þarf ekki að fara lengra út í þetta. Í kjördæmi hv. þm. sjálfs er mikið af atvinnurekstrinum komið undir samvinnuskipulagið, svo að til hans er ekki hægt að ná með útsvör. Ég sagði ekki meira *áðan en að það kæmi til álita, hvort ekki væri* ástæða til að gefa gaum þessari voldugu hreyfingu, þegar verið er að leita nýrra leiða til tekjuöflunar. Ég er nú ekki ennþá ákveðnari en þetta í þessu efni.

Þá sagði hv. þm.: Við höfum horfzt í augu við *nauðsynina á því að afla tekna. Ég held*, að hv. þm. geti ekkert hrósað sér eða sínum flokki af því fremur en núv. stjórnarflokkum í heild. Þeir hafa reynt að mætast í því að afla tekna, og hafa menn orðið að ganga langra í því efni heldur en menn hefðu viljað. *Nauðsyn brýtur lög eins og sakir standa, og til bráðabirgða í* vondu árferði ganga menn jafnvel inn á leiðir, sem menn mundu annars ekki hafa gengið inn á. Hv. þm. fór í þessu sambandi að minnast á hátekjur, og skildist mér felast á bak við, að hans vilji væri að ganga lengra í að leggja á þær. *En hvers vegna var ekki boginn spenntur* hærra í því efni? Til þess að svipta ekki sveitar- og bæjarfélögin sínum tekjustofni, útsvörunum. Eftir því sem ríkissjóður gengur nær hátekjumönnunum, er minna eftir handa sveitar- og bæjarfélögunum.

Svo lagði hv. þm. *fyrir mig þá spurningu*, hvort ég vildi ekki, að það væri fjölgað togurum hér í bænum. Honum er vel kunnugt um mína afstöðu í því efni. Ég sé ekki annað en að það sé bæjarfélagið eða ríkið, sem verður að halda þeim atvinnurekstri lifandi og auka við *hann. En mér er fyllilega ljóst*, að það er fyrst og fremst til þess að skapa verðmæti í landinu og veita fólkinu atvinnu, svo að hægt sé aftur að skattleggja það. Þetta er það, sem skeður á Siglufirði. Af því að verksmiðjurnar eru þar, er fjöldi manna færari til að skattleggjast heldur en *hefði verið, ef verksmiðjurnar hefðu ekki verið* þar. Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta ½% gjald, sem taka á af sjómönnunum. Það hefir ekki verið hrukkið, að það er tekið af því verði, sem sjómennirnir eiga að fá fyrir síldina. (**BSt:** Á þá ekki Hesteyrarverksmiðjan líka að vera skattfrjáls?). Það verður nú að gera greinarmun á þeim fyrirtækjum, sem ríkið kemur upp til þess að halda uppi atvinnu, og hinum, sem ekki starfa nema þegar þau sjá sér hag í því. Síldar-

verksmiðjurnar voru byggðar til þess að tryggja síldarútveginn.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að svara hv. þm. Hann hefir ekki með ræðum sínum getað sannfært mig á nokkurn hátt; það getur verið, að hann þurfi ekki að sannfæra hina. Það er út af fyrir sig gott, að þetta mál fari út úr þessari d., því að mér er fyllilega ljóst, að það þarf að ræða það í báðum d., þótt ég voni, að það verði ekki að l. á þessu þingi; til þess er það ekki nógu undirbúið. En það er stuðningur í því fyrir þá, sem að málinu vinna, að heyra raddir sem flestra hv. þm. um það. Og þótt mínar till. fái ekki mikinn byr í d., læt ég mig það ekki miklu skipta; það koma tímar eftir þennan tíma, og má lagfæra þessi l. síðar, ef frv. á að ná fram að ganga, sem ég hefi ekki mikla trú á. Ég vísa því á bug, að ég hafi með afstöðu minni í n. tafið þetta mál á nokkurn hátt. Töfin stafar ekki frá mér, heldur allt öðrum. Ég var tilbúinn til að ganga til atkv. um málið, hvenær sem nm. óskuðu. Hefi ég því ekki haft nokkra ósæmilega meðferð á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 458,1.a felld með 9:3 atkv.
— 458,1.b felld með 9:2 atkv.
— 458,1.c felld með 8:3 atkv.
— 458,1.d felld með 9:3 atkv.
— 458,1.e—g felld með 9:3 atkv.
— 458,1.h felld með 10:2 atkv.
— 458,2 felld með 9:3 atkv.
— 469,I samþ. með 10 shlj. atkv.
— 458,3 felld með 9:3 atkv.
— 458,4 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, HG, JBald.

nei: PHerm, PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JJ, MJ, EÁrna.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 469,II felld með 9:3 atkv.
— 455 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PM, ÞÞ, GL.

nei: HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, HG, EÁrna, SÁÓ, ÞBr, BSt greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstadidr.

Brtt. 458,5 felld með 9:3 atkv.
— 451 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, EÁrna.

nei: SÁÓ, HG, IngP, JBald, JJ.

Þrír þm. (ÞBr, JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 458,6 samþ. með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 470).

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 66., 67. og 68. fundi í Nd., 7. og 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 470, n. 567, 568, 569, 579, 581).

*Frsm. (Gísli Sveinsson): Eins og nál. á þskj. 567 ber með sér, hefir n. engan veginn orðið sammála um frv., hvorki efni þess né form, enda lá við sjálft, að engu áliti yrði skilað af þeim ástæðum. Það varð þó ofan á að lofa d. að athuga málið. Var að vísu lagt til af n. hálfu, að málið yrði samþ., en þó verður varla sagt, að neinir tveir nm. standi saman um neitt í því. Hlutverk mitt sem framsögumanns er því aðeins það að koma málinu á framfæri, en ekki að tala fyrir því fyrir n. hönd. Að vísu geta einstakir nm. sætt sig við meiri hl. ákvæðanna í frv. En brtt. eru þegar fram komnar, bæði um að breyta einstökum ákvæðum frv. og fella niður heila kafla þess. Ég mun ekki fara út í efni brtt. Flm. geta gert það sjálfir, og mér hefir ekki verið falið það.

Hitt er mér ljóst, að ef frv. á að komast fram nú, er ekki ráðlegt að fara að breyta því, og að mínu áliti eru sum ákvæði þess svo nauðsynleg, að þau réttlæta að samþykkja frv. í heild. Sumt er heimildir, sem sveitarfélögin ráða, hvort þau nota eða ekki, en annað skyldur, sem að mínum dómi er ástæða til að samþ. líka, þótt aðrir telji þau ákvæði hvorki æskileg né nauðsynleg. Nú hafa verið á Alþingi samþ. lög, sem stórum létta á sveitarfélögunum utan bæjanna, og á ég þar við framfærslulögin. Því er í sveitunum ekki eins mikil hætta og áður á óútreiknanlegum útgjöldum, sem ávallt vofðu yfir, meðan hið gamla fyrirkomulag var á fátækramálunum. Í annan stað er það svo, eins og þm. er kunnugt, að annað frv. hefir náð hér fram að ganga, frv. um ríkisstyrk örkumla manna og sjúkra. Og með þeim l. er einnig vafalaust létt af öllum héruðum, líka bæjarfélögum, talsvert miklum útgjöldum, sem hafa verið mest áberandi í sumum héruðum, sem sé berklavarnakostnaðinum, eins og lagaákvæði voru um hann áður fyrr. Mætti því nú um sinn reyna, hversu héruð og sveitir kæmust af með þá réttarbót, sem nú er á orðin. En að lokum vil ég þó geta þess, að ef þetta mál á fram að ganga, þá má að mínum dómi ekki fella úr það ákvæði, sem almennt mundi koma héruðunum að haldi, þ. e. III. kafla. Því að sá skattur, sem I. kafli ræðir um, er aðeins heimild, og mundi vafalaust ekki verða notuð af nærri öllum sveitum landsins. En aðflutningsgjaldsaukningin er í rauninni ekki tilfinnanleg og mundi koma öllum að miklu haldi. Menn hafa rýnt í það, að sveitirnar út af fyrir sig ættu ekki að meðtaka þessar upphæðir eftir þeirri skiptingu, sem áætluð er í III. kafla, heldur sýslufélögin. En að sama skapi léttast gjöld á hreppunum, sem algerlega fara eftir ákveðnu hlutfalli. Annars býst ég við, að þeir nm. og aðrir þdm., sem hafa lagt til að ganga öðruvísi frá þessu frv., muni skýra sitt mál. Mun ég því bíða átekta. En ég legg áherzlu á það, að ef vilji meiri hl. dm. er fyrir, að löggjöf eins og þessi nái fram að ganga, þá er það óráð hið mesta að breyta

henni nú á allra síðustu stundu, heldur á að láta við það sitja að samþ. frv. eins og það er nú komið frá hv. Ed.

*Stefán Jóh. Stefánsson: Frá því þetta mál kom fram í byrjun þessa þings var augsýnilegt, að um það yrðu talsvert skiptar skoðanir. Það eru í sjálfu sér engin undur, því að það er nokkuð miklum vanda bundið að setja löggjöf um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, svo að vel fari úr hendi og ekki sé sérstaklega hlynnt að *einum aðiljanum á kostnað annars*. Því að það er svo, að hagsmuna- og áhugamál eru talsvert mismunandi eftir aðstæðum. Reykjavíkurbær hefir dálitið sérstæða hagsmuni í tekjuöflunarmálum og að sumu leyti ólíka hagsmunum sveitanna, og jafnvel einnig kauptúnanna og kaupstaðanna úti um landið. Þá hafa og kaupstaðir utan Reykjavíkur nokkuð ólíka aðstöðu innbyrðis. Tökum Hafnarfjörð og Vestmannaeyjar. Nálega allar vörur, sem til Hafnarfjarðar flytjast, eru fluttar frá Reykjavík með farartækjum á landi. En mestallar vörur, sem koma til Vestmannaeyja, koma þangað beint frá útlöndum, þær sem útlendar eru. Það er þegar auðséð, að aðstaða þessara bæja til aðflutningsgjalds er mjög ólík. Slíkir bæir geta því ekki haft alveg sömu áhugamál um tekjuöflun. Það sýndi sig líka í Ed., að skoðanir manna um þetta mál voru mjög skiptar. Allshn. kom með margar og mismunandi brtt. við frv., og það varð niðurstaða í d., að felldur var niður heill kafli úr frv., kaflinn, sem ræðir um vörugjald. Einnig urðu nokkrar aðrar breyt. á frv., en þó bar sérstaklega mikið á hinu, að fram komu í d. margar og mismunandi brtt., sem sýndu betur en nokkuð annað, hve skoðanir manna voru skiptar um það, hvernig eigi að afla bæjar- og sveitarfélögum tekna yfirleitt, þegar farið er út fyrir niðurjöfnun útsvara. — Það má af þessu ætla, að það væri nokkuð torvelt að afgr. þetta mál hér í þessari hv. deild, eftir að aðeins einn dagur er væntanlega eftir af þingi, og þó eru eftir tvær umr. um málið, eða 2. umr., sem nú byrjar í kvöld, og svo 3. umr. Það kom líka fram í fjhn. þessarar d., eins og hv. þm. V.-Sk. skýrði frá, að skoðanir manna um málið voru mjög skiptar og allmikið á reiki, þannig að það virtist vafasamt, að *nokkur maður í n. vildi beinlínis leggja til*, að frv. næði fram að ganga óbreytt. Hinsvegar komst n. að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni, að afgr. þetta mál á þann þinglega hátt, að láta það fara út úr n. og til umr. og umsagnar í hv. deild. En eins og nál. á þskj. 567 bezt ber vitni um, hafa allir nm. tekið alla þá fyrirvara, sem unnt er yfirleitt að taka í afstöðu til máls.

Ég hefi fyrst og fremst þá afstöðu til þessa máls, að ég álít nokkrum vafa bundið, að hægt sé að afgr. það á þessu þingi, svo að viðunanlegt sé, ekki sízt þar sem það kemur svo seint til d., að menn hafa ekki haft aðstöðu til þess að ganga rækilega gegnum málið og bera fram þær breyt., sem þeir vildu gera við frv. Annir hafa verið svo miklar nú síðast á þinginu sökum hinna löngu þingfunda. En nú veit ég, að æðimargir þdm. telja eðlilegt og heppilegt að reyna að afgr. þetta mál á einhvern hátt út úr þessari d. En ef hnigið yrði að því ráði að lögfesta á þessu þingi — sem ég tel mjög vafasamt — eitthvert nýtt skipulag viðkomandi tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, þá held ég, að ég geti sagt það fyrir munn hv. þm. V.-Ísf. og svo fyrir mig, að það er full þörf að gera á þessu frv. allverulegar breyt., til þess að það sé viðunanlegt eftir aðstæðum. Úr því að búið er að fella burt úr frv. vörugjaldið, þá er ekki eftir nema annar af stærri tekjustofnunum, sem er aðflutningsgjaldið. Og ég verð að segja fyrir mig, að ef ætti að velja á milli þessara tveggja tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélög, þá mundi ég — af tveimur miður þægilegum og aðgengilegum — kjósa frekar vörugjaldið. En það sýndi sig í hv. Ed., að meiri hl. þeirrar d. vildi ekki hallast að því. En úr því að hún felldi úr kaflann um vörugjald, álít ég, að nái ekki nokkurri átt að hafa þá eftir aðflutningsgjaldið. Það er veruleg hækkun á tolli á flestum eða mörgum vörum, sem að flytjast, þar á meðal mörgum brýnum nauðsynjavörum almennings. Og 10% álag er nokkuð mikið, þegar tollur var allhár fyrir, og að mínu áliti mjög tilfinnanleg hækkun fyrir almenning í landinu.

Eins og frá frv. er gengið nú, fer tiltölulega mestur hl. af þessu gjaldi út *til sveitanna, en* það eru hinsvegar íbúar kaupstaðanna, sem greiða þetta gjald. Þegar af þessari ástæðu segi ég fyrir mig, sem tala aðallega fyrir munn alþýðu manna, sem í kaupstöðum býr, að ég álít þessa tekjuöflun svo mikið neyðarúrræði, að ég get alls ekki léð henni mitt liðsinni. Við hv. þm. V.-Ísf. höfum þess vegna leyft okkur að leggja til, að niður falli III. kafli frv., sem ræðir um aðflutningsgjald. Ég skal bæta við frá mér, og ég hygg, að ég megi segja það fyrir þann flokk, sem ég tilheyri, að ef ekki verður fallizt á þessa till. okkar um að fella niður þennan kafla frv., þá munum við mjög eindregið leggjast gegn því, að frv. nái fram að ganga.

Einnig höfðum við leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 568. En ég skal leyfa mér að geta þess, að við tókum aftur fyrri brtt. á því þskj. Er það fyrir þá sök, að fram er komin brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., sem við kjósum heldur að fylgja. Mun ég ekki fara um hana frekari orðum, þar sem ég geri ráð fyrir, að hv. flm. muni gera grein fyrir henni. *Þá hefi ég auk þess leyft mér að bera* fram þá brtt. á þskj. 569, að lækkað verði niður í 4‰ það gjald, sem á að renna til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, þar sem síldarverksmiðjur ríkisins eru starfandi. Í frv., sem lagt var fyrir þingið í öndverðu, var þetta 5‰, en í meðferðinni í Ed. var það hækkað upp í 8‰. Ég er þess fullviss, að þetta muni vera sá tekjustofn, sem kemur mjög hart niður, ekki einungis á þessum mjög svo merkilegu ríkisfyrirtækjum, síldarverksmiðjunum, heldur einnig um leið á sjómönnum og útgerðarmönnum, sem hafa viðskipti við þessar verksmiðjur. Sjómenn, sem leggja þarna upp síld sína, hljóta að fá minna andvirði fyrir, og útvegsmenn líka að sama skapi. Auk þess sýnist ekki sérstök ástæða til að hafa þetta *gjald* sérlega hátt, þar sem það eru aðeins nokkur bæjar- eða sveitarfélög, sem njóta þeirra hlunninda, að hafa þessar verksmiðjur hjá sér, því að vissu-

lega eru það mjög stór hlunnindi. Þær hafa í för með sér allverulega vinnu fyrir fjölda manna á staðnum og bæta afkomu íbúanna. Mér er sagt af manni úr stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að þetta háa gjald geti orðið mjög óeðlilega hátt á verksmiðjunum, sérstaklega þeim, sem reka um leið karfabræðslu. Nú er það svo, að það eru tvær af síldarverksmiðjum ríkisins, sem sérstaklega er búizt við, að reki karfavinnslu, á Sólbakka og Siglufirði. Sú á Sólbakka er tiltölulega stór og liggur næst þeim miðum, þar sem karfi veiðist aðallega. Af síldarverksmiðjunum fær hún sennilega mestan karfa. Er fyrirhuguð þar karfavinnsla í mjög stórum stíl, og geti þaðan gengið mörg skip á karfaveiðar, jafnvel svo að skipti mörgum mánuðum. Einn af forstjórum síldarverksmiðjanna, sem um þetta mál hefir fjallað mjög mikið, hefir slegið upp þeirri ágætlun, að ef karfaveiðar á Sólbakka verða stundaðar eins og hálfpartinn er ráð fyrir gert af stj. síldarverksmiðja ríkisins, og síldarvinnslan líka stunduð svo mikið sem verksmiðjan leyfir, þá gæti þetta gjald til sveitarfélagsins á Flateyri orðið, ef aflast sæmilega og veiði er stunduð eins lengi og hugmyndin er að gera, rétt um 16 þús. kr. á ári. En eins og nú háttar högum á þeim stað, þá eru öll aukaútsvör, sem jafnað er niður þar í hreppi, um 16 eða 17 þús. kr. Það sýnist ekki ná nokkurri átt, að sveitarfélagi sé þannig gefin aðstaða til svo stórfelldrar tekjuöflunar á kostnað sjálfs ríkisins og sjómanna og útgerðarmanna yfirleitt í landinu. Það er eðlilegt, að þetta sveitarfélag eins og önnur verði að nota þá leið til hins ýtrasta, sem til þessa hefir verið — og verður væntanlega farin, eða a. m. k. í nánustu framtíð, — jafnvel þó að nýir tekjustofnar finnist að auki. Því að ég þykist sjá með vissu, að útsvör í einhverri mynd eða beinir skattar verði aðaltekjulind bæjar- og sveitarfélaga. Það er því frá mínum bæjardyrum séð æðistórt atriði, að svo gífurlegur skattur verði ekki lagður á síldarverksmiðjur ríkisins. Mér hefir virzt ásamt fleirum, að komið gæti til mála að leggja til, að síldarverksmiðjurnar greiði eitthvað svipað gjald til sveitar- og bæjarsjóða þar, sem þær eru, eins og nú er lagt á kaupfélög landsins þar, sem þau starfa. En það er, sem kunnugt er, 2‰ af andvirði þeirra húsa, sem kaupfél. hafa til afnota á þeim stað, sem þau eru rekin. Sá galli gæti þó verið á því, að gjaldið yrði tiltölulega hátt miðað við hús síldarverksmiðjanna á Siglufirði, en minna á Sólbakka og Raufarhöfn. Því að þar eru ódýr timburhús, en á Siglufirði er bygging úr járnbentri steinsteypu, stór og vegleg og nokkuð dýr hús, svo að þar yrði húsaskattur talsvert hár, en tiltölulega mjög lágur á hinum tveimur stöðunum. En ég vildi þó minnast á þetta atriði, því að ég teldi, að það gæti mælt nokkur sanngirni með því, þó að ég hafi ekki flutt brtt. um það, að fara inn á einhverja svipaða leið.

Ég vil nú ekki að sinni hafa þessi orð fleiri, en vil eindregið leggja með þeim brtt., sem nú hefi ég getið um, bæði á þskj. 569, sem snerta skatt á síldarverksmiðjur ríkisins, og þá ekki síður með brtt. okkar hv. þm. V.-Ísf., um niðurfelling III. kafla frv. Og ég endurtek það, sem ég sagði áður, að ef sú brtt. verður felld, mun Alþfl. fyrir sitt leyti leggja gegn því, að frv. nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það er nú.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Vegna þess hve áliðið er þings, er það fyrirsjáanlegt, að máli þessu er ekki hægt að koma fram, nema nokkurt samkomulag náist um form þess. Sé það ekki hægt, munu þeir óánægðu beita sér fyrir að neita um afbrigði. Málið er ekki flutt samkv. ósk stj., og því er ekki hægt að koma við afbrigðum samkv. hinum nýju þingsköpum. Nú hefi ég reynt að grennslast eftir samkomulagsmöguleikum fyrir málið hér í hv. deild, en ekki komizt að verulegri niðurstöðu. Þó er eitt, sem ég sé fyrir víst, að III. kafli frv. er svo óvinsæll hjá sumum þdm., að varla mun afbrigða von fyrir málið eins og þarf, ef hann er í frv. En þegar um það er að velja, hvort frv. eigi að daga uppi á þinginu, ef hinsvegar er möguleiki á, að það gangi fram, eftir að búið er að taka III. kafla út, þá lít ég svo á, að síðari kosturinn sé skárri. Þá er fengin heimild fyrir sum kauptúnin, sem ekki hafa hana nú, til að leggja á fasteignaskatt hjá sér. Og þá er stofnaður samkv. frv. jöfnunarsjóður kaupstaða; og ég álít, að sá sjóður ætti og að vera fyrir sveitarfélög, og mun flytja brtt. við 3. umr. um það. Það munu þá með þessu móti fást fram tvö nýmæli, auk þess sem einn kaupstaður og ég hygg tvö kauptún myndu hafa gagn af ákvæðinu um útsvarsgreiðslu síldarbræðslu ríkisins. Með þessu þrennu finnst mér skárra fyrir hlutaðeigendur að fá frv. fram heldur en ekki neitt. Og með þessum forsendum eingöngu mun ég verða með því að fella niður III. kafla, og legg til, að aðrir hv. þdm. geri það sama, jafnvel þó að þeir í sjálfu sér fylgi því, að þessi kafli yrði að l., ef á því væri kostur tímans vegna. Að vísu má segja, og ég get fallizt á það að sumu leyti, að þessi kafli sé einhvers virði, en hin ákvæðin eru líka nokkurs virði fyrir þá staði, sem þurfa tekjuöflunar með.

*__Pétur Halldórsson__: Mér finnst öll meðferð þessa máls vera hryggileg og brosleg í senn, og vera hvorttveggja lærdómur um og fyrir meiri hl. á þingi og stj. í landinu. Síðan 1927, að núv. þingmeirihluti tók við völdum, hefir ríkið sífellt þótzt þurfa að seilast dýpra og dýpra í vasa borgaranna og gert það með sínum aðferðum. Vegna hinnar hóflausu eyðslustefnu, sem þá var upp tekin og síðan hefir verið haldið, var gripið til þeirra ráða að taka aðalskattstofna bæjar- og sveitarfélaga, þ. e. beinu skattanna, ríkinu til handa. Þessir skattar hafa í sífellu verið hækkaðir ár frá ári, unz til fullra vandræða horfði fyrir sveitar- og bæjarfélög, og síðast þegar tekjuskatturinn var hækkaður, komu fram almennar kvartanir yfir því, án tillits til pólitískrar flokkaskiptingar, að fjárhagur bæjar- og sveitarfélaga fengi ekki lengur staðizt slíkar aðferðir af hálfu ríkisvaldsins, og hér þyrfti skjótra aðgerða við, á þann hátt, að tryggðir yrðu með löggjöf nýir tekjustofnar. Og það stóð svo sem ekki á loforðum um það, að slíkt skyldi vera gert. En í raun réttri var þó ekki um aðra tekjustofna að gera en þá, sem ríkið var búið að

leggja á það, sem unnt var, og meira til. Nú var skipuð 3 manna mþn. með einum manni úr hverjum aðalflokkanna. Þessir menn unnu að löggjöf um þetta efni og urðu að lokum sammála, þrátt fyrir nokkurn innbyrðis ágreining, að leggja fram frv., sem kom fram í Ed. sem frv. nr. 33. Málinu var tekið vel í upphafi. Nm. stóðu einhuga að frv. og töldu sig hafa unnið gott verk og nýtilegt. Leit út fyrir, að málið myndi sigla hraðbyri gegnum þingið, þar sem nú átti að fara að uppfylla hin glæsilegu loforð, sem gefin voru í fyrra. En þetta fór nú allt saman nokkuð á annan veg, eins og kunnugt er orðið. Hv. 1. landsk. hefir nú gefið nokkurnveginn greinilega lýsingu á útkomunni, og er hún að vísu ekki verri en vænta mátti, þegar þess er gætt, hversu erfitt muni vera að leysa þann vanda, að finna upp nýja tekjustofna, eftir að ríkið hefir kippt öllum mögulegum tekjustofnum af borgurunum og sölsað undir sig. Niðurstaðan er sú, að allir eru ósammála um lausn málsins, bæði flokkarnir og einstakir þm. innan þeirra. Ekkert lýsir betur ófarnaði þeirra skoðana í þessum málum í blöðum stjórnarliðsins í fyrra. Engir tveir þingflokkar geta komið sér saman um nokkra lausn á málinu, og skoðanir einstakra þm. mjög á reiki. Tilraun þessi hefir því gersamlega mistekizt, og hin eina rökrétta afleiðing af þeim ófarnaði ætti að vera sú, að ríkið felldi niður hina beinu skatta, eftir því sem bæjar- og sveitarfélög þurfa á að halda. Það er augljóst, að erfitt eða ómögulegt ætlar að verða að finna aðra tekjustofna.

Í þessu frv. kennir margra furðulegra grasa, þegar farið er að athuga það. Frv. er þegar orðið gerólíkt því frv., sem mþn. bar fram, enda er eins og mþnm. stjórnarflokkanna hafi alveg hlaupizt í felur, þegar farið var að ræða málið hér á þingi. Hv. 6. landsk. hefir algerlega dregið sig í hlé hér í d., og sama er að segja um hv. 1. þm. Eyf. í Ed. Hv. 1. þm. Skagf. virðist vera sá eini af nm., sem hefir vitað, hvað hann var að gera, þegar hann lagði málið fyrir þingið. Hinir hafa hlaupizt frá sínum fyrri skoðunum og alveg truflazt, þegar farið var að ræða málið í þinginu. Ég held, að þegar litið er á þá meðferð, sem málið hefir sætt í þinginu, og auk þess yfirlýsingar hv. 1. landsk. og hæstv. fjmrh., megi líta svo á, að hin glæsilegu loforð hafi að engu orðið og hér sé um fullkomin svik að ræða við þá aðilja, sem njóta áttu hinna nýju tekjustofna. Frv. er í raun réttri einskis virði fyrir sveitar- og bæjarfélögin eins og það kemur frá Ed., og auk þess eru í því ranglát ákvæði, sem ég get ekki fallizt á að gera að lögum, og ekki bætir hv. 2. þm. Reykv. úr ranglætinu með brtt. á þskj. 579, sem ræðir um skatt af leigulóðum, sem bærinn á. Stappar nærri, að segja megi, að sú till. sé borin fram vegna persónulegra hagsmuna.

Allir eru óánægðir með frv. Stjórnarflokkarnir hafa lýst yfir, að þeir óski ekki eftir því, að það gangi fram í þeirri mynd, sem það er í, enda eru litlar líkur til þess. Þótt ekki væri annað en aðflutningsgjaldið, sem III. kafli ræðir um, nægir það til þess, að ég get ekki fylgt frv. Þetta er ekki annað en tilraun sveitaþm. til þess að seilast í vasa kaupstaðabúa. Því var áður haldið fram, að nokkur hl. vörugjaldsins, sem upphaflega var í frv., yrði tekinn af sveitunum, og því væri það gjald ósanngjarnt. Það var dálitið til í þessu. En hér er þessu gersamlega snúið við. Allir vita, hve miklu meira kaupstaðabúinn notar af aðfluttum vörum heldur en bóndinn. Þetta gjald lendir því nær eingöngu á kaupstöðunum. Sá spádómur er þegar fram kominn, sem við héldum fram, að erfitt myndi reynast að bæta *bæjar- og sveitarfélögum þá tekjustofna upp á* sanngjarnan hátt, sem ríkissjóður hefir sölsað undir sig undanfarið með hækkun beinna skatta. Öll hin glæsilegu loforð hafa verið svikin, og er frammistaða stjórnarflokkanna í þessu máli þeim til lítils sóma, sem vænta mátti. Það sýnir, hversu vonlaust er að finna nýjar leiðir, sem sanngirni er í, í þessu efni, að svona skyldi til takast, þótt stofnað væri til lausnar þessa máls á sæmilegan hátt með skipun mþn., sem án efa hefir að ýmsu leyti unnið sæmilegt verk.

__Gísli Guðmundsson__: Upphaf þessa máls er það, að á þingi í fyrra voru flutt af einstökum þm. mörg frv. um nýja tekjustofna fyrir einstök bæjarfélög og kauptún og ennfremur um að leggja gjald á síldarverksmiðjur ríkisins. Það er ekki rétt, að þetta mál standi í beinu sambandi við hækkun tekju- og eignarskattsins, því að áður en sú hækkun fór fram, hafði t. d. verið lögfest vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Þessi frv. um tekjustofna handa einstökum stöðum náðu ekki fram að ganga. Hinsvegar varð samkomulag um það meðal þm. úr öllum flokkum, að flytja þáltill. um skipun mþn., til þess að gera till. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. N. þessi var síðan skipuð 3 mönnum, sínum úr hverjum aðalþingflokkanna. Þessi n. lagði síðan fyrir þingið í vetur nál., sem nm. voru að vísu ekki alveg sammála um. Verði ekkert úr framkvæmdum þessa máls, eins og það var undirbúið, finnst mér þau úrslit bera fremur ömurlegt vitni um þann árangur, sem vænta megi af samstarfi allra flokka. Ég vil heldur ekki trúa því, fyrr en ég tek á, að svo fari. Ég álít, að þinginu eigi ekki að ljúka svo, að þetta mál verði ekki afgr. á viðunandi hátt.

Ég læt þetta nægja um málið í heild. En ég vildi gera nokkrar aths. við ummæli hv. 1. landsk. um gjaldið á síldarverksmiðjum ríkisins. Ég flutti frv. í fyrra um að leggja á slíkt gjald, en það náði þá ekki fram að ganga. Nú hefir mþn. tekið þetta upp í till. sínar. N. lagði til, að gjaldið yrði 1%, en ekki 0,5%, eins og hv. 1. landsk. minnti. Ed. lækkaði þetta fyrst niður í 0,5%, en hækkaði það síðan aftur í 0,8%. Virðist hafa orðið samkomulag um það gjald sem millileið. Vera má, að lækkunartill. hv. 1. landsk. byggist einmitt á því, að hann hefir misminnt um þetta. Hv. 1. landsk. sagði, að þetta gjald kæmi þungt niður á útgerðarmönnum og sjómönnum. En í áliti mþn. er gert ráð fyrir, að þetta gjald nemi alls 30 þús. kr., og getur það ekki talizt mjög há upphæð. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að meðan síldarverksmiðjan á Raufarhöfn var í norskri eign, bar hún þrisvar sinnum hærra útsvar en verksmiðjan ætti nú að greiða samkv. frv. Vera má, að þetta útsvar hafi verið nokkuð hátt, en þó eigi svo, að verksmiðjustj. teldi á-

stæðu til þess að kæra það. Hitt er rétt, að þeir staðir, þar sem verksmiðjurnar eru, vilja gjarnan vera rekstrar þeirra aðnjótandi, og að jafnvel hafa orðið nokkur átök um það milli staða að fá til sín slíkar verksmiðjur. En yfirleitt er það svo, að kaupstaðir, kauptún og héruð óska eftir sem blómlegustum atvinnurekstri hjá sér í hvaða mynd sem er, svo að þetta eru engin veruleg rök fyrir því, að gróði þeirra staða, þar sem síldarverksmiðjur eru, sé svo mikill af þeim óbeinlínis, að ekki sé rétt að verksmiðjurnar greiði bein gjöld í bæjar- og sveitarsjóði. Hv. 1. landsk. benti á það, að sumstaðar, eins og á Sólbakka, yrði þetta gjald af sérstökum ástæðum óeðlilega hátt, þar sem búast mætti við allmikilli karfavinnslu utan síldveiðitímans. Kvaðst hann hafa útreikninga um það frá manni, sem nákominn væri síldarverksmiðjum ríkisins, að þetta gjald gæti orðið eins hátt frá Sólbakkaverksmiðjunni einni og öll önnur útsvör í Flateyrarhreppi. Þótt svo væri, þá held ég, að þess séu dæmi, þar sem öflug fyrirtæki hafa verið í hreppum, að þau bæru mestalla gjaldabyrðina, vegna síns mikla rekstrar og hagnaðar, og get ég í rauninni ekkert séð athugavert við það. Það væri því ekkert einsdæmi, þótt þessi hreppur fengi mestan hl. útsvara sinna á einum stað. Hinsvegar finnst mér, að vel geti komið til mála, ef menn óttast það svo mjög, að menn í Flateyrarhreppi verði útsvarsfrjálsir vegna þessarar löggjafar, að gera brtt. við frv. við 3. umr., — brtt. sem yrði miðuð við karfavinnslu og kæmi í veg fyrir, að gjaldið yrði miklu hærra heldur en ef eingöngu væri um síldarvinnslu að ræða. Ég ætla ekki að koma með þessa brtt. nú, en aðeins segja, að vel gæti komið til mála að gera einhverja slíka breyt. Hv. 1. landsk. minntist á, að hann hefði talið fullt svo rétt, að í staðinn fyrir þetta framleiðslugjald, sem hér er talað um að leggja á verksmiðjurnar, hefði komið fasteignaskattur á húseignir verksmiðjanna, hliðstæður þeim, sem lagður er á húseignir samvinnufélaganna. En hann benti sjálfur réttilega á þau rök, sem eru á móti þessu. Rökin eru m. a. þau, að þetta mundi koma ákaflega misjafnt niður. Sumar verksmiðjurnar eru reknar í nýjum og mjög dýrum húsakynnum, og fasteignamat þeirra þar af leiðandi mjög hátt. Aftur á móti eru aðrar reknar í ódýrum húsakynnum, sem lágt eru metin, svo að fasteignamatið, sem skatturinn ætti að miðast við, yrði enganveginn í samræmi við framleiðslu verksmiðjanna né í samræmi við þá greiðslugetu, sem segja má, að hver verksmiðja hafi. Ég vil benda á þetta og undirstrika það, sem hv. 1. landsk. tók fram, að þessi aðferð til þess að koma útsvarsálagningu á síldarverksmiðjurnar væri mjög óréttlát og þar af leiðandi mjög óheppileg. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meira, en vil segja að endingu, að ég vil vænta þess, að árangurinn af starfi mþn., sem skipuð var í þetta mál í fyrra, verði sá, að þetta frv. verði afgr. frá þinginu í einhverri mynd og að þinginu verði ekki slitið fyrr.

*Páll Þorbjörnsson: Ég flyt hér brtt. við þetta frv. á þskj. 581. Þessi brtt. mín felur það í sér að takmarka þá heimild, sem er í frv. um að leggja á vegaskatt í kaupstöðum, þar sem eru færri en 2500 íbúar. Ég get í sjálfu sér sagt það sem mína skoðun, að ég er á móti þessum vegaskatti í hverri mynd sem hann er, en þó tel ég sérstaklega varhugavert að heimila bæjarstj. í kaupstöðum að leggja þennan skatt á, og mér er kunnugt um það, að í nokkrum stærri bæjum telja bæjarstj. þetta ekki heppilega leið. Það gefur að skilja, að öllu óréttlátari skatt er ekki hægt að hugsa sér en að leggja á nefskatt, jafnt á þann, sem er ágætlega efnum búinn, og hinn, sem býr við þröngan kost. Ég sé ekki, að það þurfi að fara mörgum orðum um þessa brtt. En ég vil þó ennfremur undirstrika það, að í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þau dagsverk, sem mundu koma vegna vegaskattsins, væri bæjarsjóði heimilt að nota sem framlag á móti atvinnubótavinnunni. Þessi gr. gerir ráð fyrir að rýra atvinnubótavinnuna. Hún gerir ráð fyrir, að verkamenn í atvinnubótavinnu fái í raun og veru ekki greitt í peningum fyrir sína vinnu nema ⅓ hl. vinnulauna. — Ég held, að ég geti svo látið staðar numið um þetta atriði, en af því að hv. þm. N.-Þ. dvaldi nokkuð við einn lið þessa frv., sem sé skattinn á síldarverksmiðjur ríkisins, þá vildi ég fara um það nokkrum orðum. Það er í sjálfu sér ekki nýtt hér á Alþingi, að rætt sé um skatt á síldarverksmiðjur ríkisins. Hann hefir komið fram í tekjuöflunarfrv. fyrir einstök bæjarfélög, og get ég í raun og veru vísað til þeirra umr., sem fram hafa farið um það áður. Hv. þm. N.-Þ. gat um það, að einhver ræðumaður hér á undan hefði minnzt á það, að þessi skattur á síldarverksmiðjurnar gæti á sumum stöðum numið sem svaraði allri útsvarsupphæð bæjarins eins og hún er nú. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að ef reiknað er út frá þeirri rekstraráætlun, sem hefir verið gerð fyrir síldarverksmiðjuna á Sólbakka, og miðað við það verð, sem nú er á framleiðsluvörunni, þá mundi verksmiðjan eiga að greiða rúmlega 16 þús. kr., en 1933 voru öll útsvör í þessum hreppi 16900 kr. Það er sem sagt, að ofan á hina miklu atvinnu, sem verksmiðjan skapar í plássinu, þá gæti hún gert íbúana nærri því útsvarsfría. Ég skal ennfremur benda á annað tilfelli. Þar er að vísu ekki um síldarverksmiðju að ræða, sem ríkið á, en ég geri ráð fyrir, þegar hreppsfélögin færu að leggja útsvar á aðrar síldarverksmiðjur en síldarverksmiðjur ríkisins, að þeim fyndist ekki ástæða til að setja þær skör lægra. Ég hefi reiknað út, hvað Krossanesverksmiðjan og Dagverðareyrarverksmiðjan, sem ég hygg, að báðar séu í sama hreppnum, mundu greiða mikið útsvar, og mér telst, að þær eigi að greiða 24 þús. kr., en útsvörin voru í þessum hreppi 1933 um 24 þús. kr. Aftur á móti skal ég geta þess, að verksmiðjan á Raufarhöfn mundi ekki eiga að greiða eftir þessum skattstiga meira en rúmlega 3 þús. kr., miðað við síldarvinnslu tveggja mánaða tíma, svo að það má segja, að þar gæti nokkuð mikils misréttis. Ég veit nú ekki, hversu hátt útsvar verksmiðjan hefir borið áður, þegar hún var í einstakra manna eign, en svo mikið er víst, að Raufarhafnarbúar lögðu mikla áherzlu á, að ríkið keypti þessa verksmiðju, og var þeim þó ljóst, að um leið féll í burtu tekjustofn fyrir hrepps-

félagið. En þeir litu svo á, að þetta skapaði þeim miklu meira öryggi heldur en það útsvar, sem hinn fyrri eigandi hafði. Ég skal ennfremur benda á það, að mér telst til, að síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði muni eiga að greiða 36 þús. kr. eftir þessum 0,8% skattstiga. Ég get í raun og veru fallizt á, að það sé ekki rétt, að þessi ríkisfyrirtæki, síldarverksmiðjurnar, séu útsvarsfríar. En ég vil benda á, að mér þætti sanngjarnt, að þær sættu ekki verri kostum heldur en samvinnufélögin í landinu. Þess vegna gæti ég sætt mig við, að síldarverksmiðjurnar greiddu 2% af fasteignamati húsa sinna, eins og samvinnufélögin. Ég held, að það hefði verið rétt að flytja brtt. við þetta frv., sem færi í þá átt, að setja síldarverksmiðjunum sömu kosti og samvinnufélögunum, og mér hefði fundizt vel viðeigandi, að slíkt hefði komið frá einhverjum samvinnumanni, t. d. hv. þm. N.-Þ. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. N.-Þ. var að tala um Raufarhöfn, verð ég að segja, að það er ekki ástæða til þess að gera endilega ráð fyrir því, að aldrei geti komið til þess, að síldarverksmiðjan þar starfi nema um síldveiðitíma ársins. Ég tel það ekki útilokað, að þar verði stundaðar karfaveiðar. Það er alveg órannsakað, hvort karfamið eru ekki annarsstaðar en fyrir Vestfjörðum. Ef slík mið væru þarna nálægt, mundi þessi verksmiðja verða notuð til karfavinnslu. Ennfremur vil ég benda hv. þm. á það, að þótt lítið verðmæti liggi nú sem stendur í húsum verksmiðjunnar á Raufarhöfn, þá er líklegt, að þeim verði breytt eða þau byggð upp, og að þau þar af leiðandi stigi þó nokkuð í verði. Það er búið að bera fram brtt. um þetta gjald síldarverksmiðjanna, þannig að það sé fært niður um helming. Ég verð að segja, að mér finnst það til stórbóta, en þó teldi ég það miklu æskilegra, að það yrði farið inn á þá braut, sem ég var að tala um, að síldarverksmiðjurnar yrðu látnar sæta sömu kjörum og samvinnufélögin.

***Hannes Jónsson:** Ég skal gera þá játningu strax, að ég hefi ekki upp á síðkastið hugsað verulega um þetta mál, af því að mér sýndist það þannig í pottinn búið, að engar líkur væru til, að það fengi afgreiðslu. Svo sýnist mér raunar ennþá, þó að málið sé nú til 2. umr. Ég vil þó ekki láta það fara svo framhjá, að ég segi ekki um það nokkur orð, m. a. af því, að á tveimur undanförnum þingum hefi ég flutt frv. ásamt hv. 10. landsk. um tekjustofna fyrir sýslufélög. Ég hefði haldið, þegar á sínum tíma var ákveðið að leggja fyrir þetta þing till. um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, að þá ætti einnig að taka tillit til þeirra raka, sem fólust í frv. okkar hv. 10 landsk. og grg., sem því fylgdi, og umr. á þingi, ásamt öðrum ástæðum, sem fram komu um þörf bæjar- og sveitarfélaga fyrir auknum tekjustofnum. En nú segir hv. þm. N.-Þ., að upphaf þessa frv. hafi verið það, að á undanförnum þingum hafi komið fram frv. um tekjuöflun handa nokkrum kaupstöðum og útsvör á síldarverksmiðjur. Þetta á að vera ástæðan fyrir því, að þetta frv. er fram komið, og eftir því, sem hæstv. fjmrh. talaði, get ég ekki annað en viðurkennt, að það sýnist allt benda til þess, að þetta sé höfuðástæðan fyrir því, að þetta frv. er komið fram, en ekki það, að nokkur ástæða hafi þótt til þess að létta undir með sveitarfélögunum, heldur er það eingöngu miðað við þörf kaupstaðanna í landinu. Þetta skal ég rökstyðja með því að benda á, að í I. kafla frv. er ekki á nokkurn hátt létt undir með sveitarfélögunum. Það er ekki lagt til, að sveitirnar geti aflað sér fjár á nokkurn annan veg heldur en þær hafa fullan rétt til nú. II. kafli frv. er um vegaskatt í kaupstöðum og kemur sveitunum ekkert við. III. kaflann vill hæstv. fjmrh. láta nema í burtu til samkomulags við aðra, sem algerlega hafa lokað augunum fyrir þörf sveitarfélaganna á auknum tekjustofnum. Þá er IV. kaflinn, um skatt á ríkisstofnanir, og er eingöngu ætlaður kaupstöðum. Ekkert er þar gert fyrir sveitarfélögin, og er frv. þar með búið. — Til þess nú að koma frv. í það horf, sem mér skilst, að hv. þm. N.-Þ. og hæstv. fjmrh. vilji vera láta, þá á að nema burtu þann kaflann, sem helzt tekur tillit til sveitanna, sem er þó ekki mikið, og á vafasaman hátt. En það er þó eina tilraunin, sem sýnd er til þess að gæta hagsmuna sveitanna. Í frv. okkar hv. 10. landsk., sem við höfum flutt á undanförnum þingum, var gert ráð fyrir því, að fasteignaskatturinn, sem nú fer í ríkissjóð, félli til sýslufélaganna. Hefði það numið talsverðri upphæð, a. m. k. orðið til þess að létta á hreppunum sýslusjóðsgjaldinu um ⅓ til ½. Að þessu var svo fundið aðallega það af núv. stjórnarflokkum, að ríkissjóður mætti ekki við svona miklum tekjumissi í þessu augnamiði. En hæstv. ráðh. hafði ekkert við það að athuga, þó að í IV. kafla þessa frv. sé einmitt gengið á tekjur ríkissjóðs til þess að létta undir með kaupstöðunum. Þá er ekkert orðið athugavert við það, ef fé á að renna til kaupstaðanna. Þá er sjálfsagt að rétta höndina og ausa úr ríkissjóði, en ef sveitirnar biðja um eitthvað svipað, þá er það ómögulegt. En einmitt af því, eins og ég gat um í upphafi, að ég gerði alls ekki ráð fyrir, eftir þeim undirtektum, sem þetta frv. hefir fengið, að það fengi afgreiðslu, þá hefi ég ekki borið fram brtt. við frv., sem sjálfsagt hefði verið að bera fram. Það er óhjákvæmilegt að breyta þannig til, að ríkissjóður afhendi eitthvað af sínum tekjustofnum til sveitarfélaganna, því að illmögulegt er að bæta á þær miklu skattbyrðar, sem á einstaklingunum hvíla. Þess vegna ætti að fara þá leið, að láta sveitar- og bæjarfélögin fá vissa tekjustofna út af fyrir sig, en ríkissjóður héldi svo hinum óskertum út af fyrir sig, en vera ekki að deila þeim á milli ríkissjóðs og sveitar- og bæjarfélaganna, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sumum gr. þess.

Viðvíkjandi þeim umr. og ákvæðum þessa frv., sem snerta síldarverksmiðjurnar, vil ég segja, að mér finnst það ákaflega einkennilegt, að þetta mál skuli vera flutt af eins miklu kappi hér á þingi eins og sýnist vera, því að það er öllum kunnugt, að samkv. lögum frá 1924, um útsvarsskyldu ríkisstofnana, var alls ekki hægt að búast við því, að þessar bræðslustöðvar stæðu undir nokkurri útsvarsskyldu til þeirra kauptúna, sem þær eru í, og þó var hin mesta keppni um það, að ríkisverksmiðjurnar yrðu byggðar á þessum eða hinum staðnum. Og þegar síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði var byggð seinast,

bauð Siglufjörður að leggja fram 200 þús. kr., sem hann hafði lagt fram sem stofnfé í fyrri verksmiðjuna, og leggur það fram sem óendurkræft framlag, til þess að verksmiðjan yrði byggð þar. Svo nauðsynlegt taldi bærinn það að fá verksmiðjuna vegna atvinnuaukningar. En ofan á þetta allt á Siglufjarðarbær að fá, eftir því sem hv. 3. landsk. upplýsti, milli 30 og 40 þús. kr. árlega. Þær yrðu þá fljótar að borga sig þessar 200 þús. kr., sem bærinn lagði fram í því augnamiði að fá verksmiðjuna. Mér sýnist þetta svo fjarri öllu lagi, að ekki komi til mála að ganga inn á þá braut, sem lögð er með ákvæðum frv., og það á alls ekki að samþ. jafna greiðslu, eins og felst í brtt. hv. 1. landsk., þó að hún sé í sjálfu sér mikil endurbót frá því, sem ákveðið er í frv. sjálfu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hefi áður minnzt á ákvæði IV. kafla, þar sem beint er gengið inn á þá braut að taka fé úr ríkissjóði og leggja til kaupstaðanna. Hér hefir þótt fært að ganga inn á þá braut, sem ég og fleiri hafa bent á áður, að skipta tekjustofnunum milli ríkissjóðs og sveitar- og bæjarfélaganna. Sú leið er með þessu ákvæði dæmd fær, og fyrst svo er, þá sé ég ekki, hvaða rök liggja á bak við það, sem flutt hefir verið fram, að ríkissjóður mætti ekki missa af fasteignaskattinum. Ég sé ekki, að fasteignaskatturinn sé meira virði fyrir ríkissjóð heldur en tekjur af ríkisstofnununum. Mér þykir vænt um að fá það staðfest, að inn á þessa braut megi ganga, og eigi að ganga, en hitt er annað mál, hvort ákvæði IV. kafla eru rétt eða ekki. Þennan jöfnunarsjóð og ákvæðin um það, hvernig honum skuli varið milli hinna einstöku kaupstaða, tel ég mjög vafasaman, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Það er gengið út frá því, að honum eigi að verja til þess að borga upp að einhverju leyti óhagstæð lán, sem hvíla á hlutaðeigandi bæjarfélagi. Það er lítill vandi fyrir kaupstaðina, ef þeir vilja ná í þetta fé, að stofna til erfiðra skulda hjá sér, sem svo á að endurgreiða af þessum jöfnunarsjóði. Mér skilst, að þessi jöfnunarsjóður eigi að inna af hendi svipað hlutverk og jöfnunargjaldið í framfærslulögunum á að hafa gagnvart framfærslukostnaðinum. En þarna er þó um tvennt ólíkt að ræða, því að framfærslukostnaðurinn er gjald, sem hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélagi er alveg ósjálfrátt í flestum tilfellum, þó að þau hafi vitanlega aðstöðu til þess að takmarka nokkuð þá upphæð með skynsamlegri meðferð þeirra mála. Ég álít, að hér sé um svo óskyld atriði að ræða að ekki geti komið til greina að framkvæma þessa úthlutun úr jöfnunarsjóði á þann hátt, sem mér sýnist, að til sé ætlazt með þessu frv. Ef III. kafli verður felldur niður úr þessu frv., þá er þetta mál eingöngu orðið mál kaupstaðanna, sem okkur hinum kemur ekki við og þeir geta karpað um sín á milli. Ég get ekki séð, hvaða ástæðu Alþingi hefir til að útiloka sveitarfélögin algerlega frá möguleikum til nýrra tekjustofna, því að það er gert með þessu. Því að þótt þetta séu tekjustofnar, þá eru þeir ekki nýir. Þetta eru tekjustofnar, sem hafa verið notaðir og munu verða notaðir án tillits til, hvort þessi löggjöf kemur eða ekki.

*Pétur Ottesen: Ef marka má af þátttöku hv. þm. í þessu fundarhaldi hér nú, þar sem tæplega ¼ hluti þm. er hér staddur, þá virðist vera orðið lítið úr þeim brennandi áhuga, sem virtist vera hér á síðasta þingi á því að bæta úr vandræðum bæjar- og sveitarfélaga. Ég verð að segja, að þegar ég sá það frv., sem samið var af mþn., sem sett var til þess að leggja grundvöllinn að þessu mikla nauðsynjamáli, fannst mér árangurinn vera heldur lítill af starfi n. Ég get ekki litið öðruvísi á en að það sé heldur lítil bót fyrir sveitar- og bæjarfélögin að fara að leggja nýja skatta á það sligaða gjaldþol, sem hefir orðið þess valdandi, að ekki hefir verið hægt að fullnægja þessum gjöldum, en hinsvegar engin viðleitni verið sýnd til þess að draga úr byrðum og álögum, sem lagðar eru á borgarana til þarfa ríkissjóðs sjálfs. Ég fæ ekki séð, að nein lagfæring fáist á þessu, nema með því að slá af þeim kröfum, sem gerðar eru til borgara þjóðfélagsins um fjárframlög til ríkisþarfa. Það hefir fengizt af þeirri niðurstöðu, sem þessi mþn. komst að, fullkomin viðurkenning, og þá líka af hálfu sósialista í þessu landi, á því, að það bjargræði til tekjuöflunar, sem þeir hafa talið vera réttlátast og líklegast til góðs árangurs, nefnilega að afla allra tekna með beinum sköttum, er algerlega ófært. Og allar þær fullyrðingar, sem þeir hafa áður um þetta haft, eru þar með algerlega strikaðar út. Ég verð nú að taka undir það með hv. 5. þm. Reykv., að mér finnst það harla undarlegt, að sá hv. þm., sem falið var að annast þennan undirbúning af hálfu Alþfl., skuli ekki hafa látið til sín heyra undir meðferð þessa máls hér í d. Og ekki einu sinni sýnt neina viðleitni til að verja þetta sitt eigið afkvæmi, þegar flokksbræður hans hafa verið að krukka í það, eins og þeir hafa gert, þar sem þeir hafa viljað fella úr því einn kafla, og það þann kaflann, sem helzt felur í sér einhverjar tekjur, þó að ekki sé farið þar inn á neinar nýjar brautir um tekjuöflun. Ég held satt að segja, að nú orðið skipti það ekki miklu máli, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, því að eins og ég hefi þegar tekið fram, felur frv. ekki í sér neina úrlausn fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Og eins og frv. er nú orðið, gerir það stórkostlega upp á milli einstakra bæjar- og sveitarfélaga. Ef svo kaflinn um aðflutningsgjaldið fellur niður, eins og 2 jafnaðarmenn leggja til, þá fellur burt úr frv. allur möguleiki til tekjuöflunar, a. m. k. að því er snertir sveitabyggðir þessa lands. Hitt er það, að a. m. k. eitt bæjarfélag á landinu, sem er Siglufjörður, fær allgóða úrlausn, en sú úrlausn er fengin með því að ganga á tekjustofna annara bæjarfélaga með því að skattleggja þá menn stórkostlega, sem leggja síld í land á Siglufirði. Það er ekki einungis, að Alþingi láti vera að gera sveitar- og bæjarfélögunum nokkra úrlausn í þessu máli, heldur er það að bæta gráu ofan á svart með því að láta skattleggja ýms bæjarfélög svo geipilega á þessum stað sem til er ætlazt með frv. En það væri svo sem ekki nema í samræmi við ýmislegt, sem gert hefir verið á þessum síðustu og verstu dögum þessa þings, þó að slík óhæfa fylgdi þar á eftir. Ég verð að segja, að við sveitamenn kippum okkur ekkert upp við þetta.

Það er ekki nema í samræmi við annað, sem núverandi valdhafar framkvæma okkur til handa. Það má með sanni segja, að það sé hver silkihúfan upp af annari, ef maður mætti nota þá samlíkingu um það, sem hér hefir verið og er að gerast nú til síðustu stundar þessa þings. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta frv. að sinni, en ég vil endurtaka og leggja áherzlu á það, að ég álít, að það feli ekki í sér neina úrlausn fyrir bæjar- og sveitarfélögin á því vandamáli, sem það átti að leysa.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Það var varla við því að búast, að það yrði samið frv. fyrir þetta þing, sem næði samþ. þingsins, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, á svo stuttum tíma, sem n. hafði til starfa. Má þó segja, að hún hafi leyst af hendi töluvert starf og lagt grundvöllinn að því, sem verða ætti, þó að ég verði að segja, að það vanti mikið í þetta, t. d. breytta löggjöf um útsvör. Það býst ég við, að flestir séu mér sammála um, að útsvarsfyrirkomulagið sé úrelt orðið. Þótt það eigi við á minni stöðum, þá er það fjarri því, að það geti átt við alstaðar. Ég verð að segja, að ég er algerlega óviss um, að betra sé, að þetta mál nái framgangi nú á þessu þingi. Málið hefir verið talsvert rætt og upplýst þannig nú á þingi, að ég býst við, að hægt væri að ná samkomulagi fyrir næsta þing um grundvöll undir þetta mál. En eins og er, þá má segja, að hver höndin sé uppi á móti annari í þessu máli. Það er einn kafli í þessu frv., sem ég verð að segja, að ég er mjög undrandi yfir, að ýmsir menn úr Sjálfstfl. skuli vera fylgjandi. Það mun flestum í minni, hvernig sjálfstæðismenn hafa hamazt móti viðskiptagjaldinu, og svo koma þessir sömu menn nú og berjast fyrir, að þessi III. kafli frv. verði samþ. Ég verð að segja það með hv. 1. landsk., að ég er mótfallinn, að þessi tekjustofn verði notaður, og mun greiða atkv. móti því. Það er tími til þess kominn að koma með brtt. um einn kafla í viðbót við þetta frv., þar sem kæmi ákvæði um, að teknir yrðu skattar bæði af samvinnufélögum og ríkisstofnunum, sem gert er nú að nokkru leyti, og svo þeim öðrum félögum, sem reka starfsemi víðsvegar um land. Ég álít, að það sé svo komið nú orðið, að það sé ekki með öllu hægt lengur að sleppa þessum fyrirtækjum við skatt. Ég mun greiða þessu frv. atkv. eins og það liggur fyrir, ef samþ. verða brtt. frá hv. 1. landsk. um það, að nema burt III. kaflann, um aðflutningsgjald, og þær brtt., sem hann hefir gert um ríkisverksmiðjurnar. Auk þess er ég að sjálfsögðu með brtt. á þskj. 579, sem ég vil segja nokkur orð um. Í frv. er gert ráð fyrir, að lóðarleigjandi borgi fasteignaskattinn, en í till. þeirri, sem ég hefi borið fram, er aftur á móti gert ráð fyrir, að eigandinn borgi skattinn af leigulóðinni eða öðrum samningsbundnum jarðarafnotum, ef árleg leiga er 5% af fasteignamatsverði, en sé árleg leiga undir 5% en yfir 3½%, þá greiði leigjandinn ⅔, en eigandinn ⅓, en ef árleg leiga er ekki yfir 3%, greiðist skatturinn allur af leigjanda. Í Rvík eru t. d. mörg hundruð manna, ef ekki á annað þúsund, sem hafa leigulóðir hjá bænum og borga 5% af fasteignamati; fyrir utan það að borga þessi 5%, verður lóðareigandinn að gera umbætur á jörðinni, sem eru svo taldar með í fasteignamatinu, svo að það er ekki hægt að segja annað en að lóðarleigjandi borgi það, sem honum ber, og lóðareigandi fái það, sem honum ber. Í tilfelli eins og þessu vil ég legga til, að skatturinn falli niður, ef bærinn er eigandinn, en ef eigandinn er annar, þá skuli hann borga skattinn. Ef afgjaldið er aftur á móti lægra en þetta, þá er skattinum þannig skipt niður, að því lægri sem hann er, þess meira borgar leigjandinn. Á Siglufirði er þetta öðruvísi en hér, þar sem fasteignamatið fer fram á 5 ára fresti; þar er leigan til 50 ára, svo að menn hafa stórar landspildur og borga mjög lítið verð fyrir, svo að þetta nálgast það að vera eign, og þá er eðlilegt, að borgað sé af því til bæjar. Svipað hefir verið að segja um hl. af því landi, sem leigt hefir verið út í Vestmannaeyjum, þó að tekin hafi verið í seinni tíð sama regla og í Rvík. Með þessari till. minni álít ég, að það komist réttlæti á milli mismunandi staða, eftir því hvernig lóðaleigan er á hverjum stað, en í frv. er ekkert tekið tillit til þess. Ég vænti þess, að brtt. mín verði samþ. eins og hún liggur fyrir.

*__Jónas Guðmundsson:__ Það hefir verið minnzt á, að það væri undarlegt, að ég skyldi ekki láta til mín heyra um þetta mál, þar sem ég væri einn af þeim þrem nm., sem sömdu þetta frv. Ég get sagt það, að ástæðan fyrir því, að ég hefi ekki skipt mér af þessu máli síðan það kom til þessarar hv. d., er sú, að ég álít, að eins og frv. er nú orðið eftir meðferðina í hv. Ed., þá sé það ekki þess virði, að það verði samþ. Fyrir okkur, sem sömdum frv., vakti það, að af samþykkt þess mætti leiða það, að sveitarfélögin fengju nýjar tekjur aðrar en þær, sem þau höfðu áður haft, og við tókum fullt tillit til þeirra þriggja aðalleiða, sem hér um ræðir, sem sé að skaffa þeim sveitarfélögum fasteignaskatt, sem ekki höfðu að lögum rétt til þess að hafa hann áður, en það eru eiginlega aðeins kaupstaðirnir, sem hafa hann; í öðru lagi tókum við tillit til þess, að ríkisfyrirtæki yrðu á einn eða annan hátt skattlögð til þeirra staða, þar sem þau eru, því að það er sanngjarnt, þegar tekin er upp ríkiseinkasala eða sett á stofn einhverskonar ríkisstofnun, sem útilokar aðra borgara þjóðfélagsins frá því að geta rekið slíka atvinnu og hagnazt á henni, og þar með er viðkomandi sveitarfélag útilokað frá því að geta hagnýtt sér álagningu á þær stofnanir; og í þriðja lagi höfum við tekið tillit til þess að fá gjöld í einskonar tollum, vörugjald og aðflutningsgjald, þar sem það var alveg sýnt, að ekki var unnt að gera þá breyt. á útsvarslögunum, sem nauðsynleg er, því að sannleikurinn í þessu máli er sá, að við það, að samvinnufélögin hafa vaxið upp, sem ekki hafa greitt neitt rekstrarútsvar, heldur útsvar af húseignum og viðskiptum sínum við aðra en félagsmenn, hefir álagning á verzlanir, sem hefir alltaf verið þungamiðjan í allri útsvarsálagningu hér í landi, á mörgum stöðum alveg horfið, og vitanlega kemur það niður á bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem hér eiga hlut að máli. Með breyt. á útsvarsl. mætti ef til vill færa þetta

nokkuð til síns fyrra horfs, og ég álít mjög nauðsynlegt að gera það, en þangað til það fæst gert, sér enginn af okkur, sem í n. vorum, möguleika til þess að skaffa sveitarfélögunum aðrar tekjur en tolltekjur. Eins og þetta frv. er nú orðið, er það í rauninni ekki til neins gagns fyrir kaupstaðina, en þeir þyrftu sérstaklega að fá auknar sínar tekjur, miklu fremur en sveitirnar, vegna þess að af sveitunum hefir með löggjöf síðustu ára, sérstaklega þó með framfærslulögunum frá í fyrra, verið létt að miklu leyti því, sem á þeim hvíldi áður, og hefir það að mestu leyti verið yfirfært yfir á bæina og stærri kauptúnin. Það verða þau, sem í framtíðinni standa undir miklu af því, sem áður var skrifað á reikning sveitanna. Eftir því, sem þetta frv. er nú orðið, þá eru kaupstöðunum ætlaðar svo litilfjörlegar tekjur, að ég álít ekki ómaksins vert að samþ. það. Þess vegna finnst mér réttast, fyrst menn eru svo skiptir um þetta mál, að það virðist ekki vera hægt að fá samkomulag um að auka tekjur bæjarfélaga, að þetta mál yrði látið daga uppi í þessari d., og hæstv. ríkisstj. mundi þá fyrir næsta þing láta endurskoða útsvarslögin, sérstaklega með tilliti til þess að breyta þessari skattaálagningu, því að það er mín skoðun, að sveitar- og bæjarfélögum verði ekki séð fyrir auknum tekjum á annan veg en þann, að breyta útsvarsálagningunni, eða taka hin gjöldin, eins og hér er gert ráð fyrir, og það hefir enginn hv. þm. bent á neinn nýjan tekjustofn, sem við höfum ekki áður tekið upp í frv. Það hefir verið minnzt á, að það mætti létta af sveitarfélögunum með því að færa kostnaðinn yfir á ríkið, en ég held, að það muni fáir hv. þm. telja það heillavænlegt ráð. Ennfremur hefir verið á það drepið, að taka mætti eitthvað af tekjum ríkissjóðs og láta þær ganga til sveitarfélaganna, en við höfum nú afgr. fjárlög, sem sýna, að tekjur ríkissjóðs eru ekki of miklar, ef hann á að geta innt af hendi það, sem gert er ráð fyrir í þeim fjárlögum. — Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri, því að ég álít þýðingarlaust að tala almennt um þetta mál núna.

*Gísli Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið, en ég vil benda á, að það voru óréttmæt ummæli, sem hv. 5. þm. Reykv. viðhafði hér áðan um hv. 1. þm. Eyf., sem var einn af þeim, sem áttu sæti í mþn. þeirri, sem samdi þetta frv. Hann sagði um þennan mann, að hann hefði hlaupið á brott frá málinu, og virðist mér helzt eiga að skilja það þannig, að hann hafi yfirleitt ekki staðið fyrir sínum till., og jafnvel ekki sinnt málinu hér á þingi. Ég fullyrði, að þetta er rangt hjá hv. 5. þm. Reykv. Eftir því, sem mér er kunnugt um, hygg ég, að hv. 1. þm. Eyf. hafi ekki greitt atkv. á móti þeim ákvæðum, sem í frv. voru, og ég hygg, að hann hafi lagt mikla vinnu í þetta mál. Ég vænti því þess, að þetta hafi verið á misskilningi byggt hjá hv. 5. þm. Reykv.

Hv. 3. landsk. minntist hér á atriði, sem ég hafði gert að umtalsefni áður, að það myndi vera réttara að leggja fasteignaskatt á síldarverksmiðjurnar en það gjald, sem hér um ræðir, en hv. þm. gat ekki hrakið það, sem ég sýndi fram á, að þessi fasteignaskattur kæmi mjög óréttilega niður á verksmiðjurnar, sökum þess að þær hafa yfir fasteignum að ráða, sem eru mjög mismunandi verðmiklar og standa ekki í hlutfalli við rekstrarafkomu verksmiðjanna. Hv. þm. gat þess, að við því mætti búast, að á þessu yrði breyt., þannig að það yrðu byggð hús á þeim stöðum, þar sem verksmiðjurnar eru, og er þess að vænta, að það verði gert, en þetta frv., sem hér liggur fyrir, virðist eiga að miða við þá aðstöðu, sem nú er fyrir hendi. Annars hafa sumir hv. þm., hv. þm. Borgf. og hv. 3. landsk., látið sér tíðrætt um, að það væri nokkuð hart, að þeir staðir, sem hafa sótzt eftir því að fá síldarverksmiðju reista hjá sér, skyldu vera að fara fram á slíkt gjald. Ég verð að segja, að ég kann illa við þennan sífellda són, því að það er vitanlegt, að síldarverksmiðjurnar hafa ekki verið reistar fyrst og fremst vegna þeirra staða, sem þær standa á, heldur vegna þeirra, sem síldina veiða, til þess að skapa möguleika fyrir því, að úr þeirri framleiðslu geti orðið verðmæti. Ég býst ekki við því, að hægt sé að færa nein skynsamleg rök fyrir því, að þeir menn, sem leggja upp síld til bræðslu í verksmiðjum ríkisins, eigi síður að greiða opinber gjöld af sínu verðmæti en þeir, sem leggja í einkarekstur. Annars er það svo, að þó að það sé gott fyrir einstaka staði að fá slíkan atvinnurekstur, þá fylgir þar böggull skammrifi, því að það eru ýms útgjöld í sambandi við þennan rekstur, sem þeir staðir, er hér eiga hlut að máli, þurfa að inna af höndum. Kringum allan slíkan atvinnurekstur vex upp fátækraframfæri, sem ella hefði ekki skapazt, og svo er ýmislegt fleira, sem komið getur til greina í þessu sambandi. Ég skal benda á verksmiðjuna á Raufarhöfn, sem ég er kunnugastur. Á þeim stað hafa skapazt ýms útgjöld vegna verksmiðjunnar, svo að mikill hl. af útgjöldum þess hrepps, sem þessi staður er í, er vegna manna og ýmsra hluta á þessum stað. Það er því hvorttveggja eðlilegt, að fólkið á þessum stöðum vilji fá þennan atvinnurekstur, og það er líka eðlilegt, að það vilji leggja opinber gjöld á þessi fyrirtæki.

*Pétur Halldórsson: Ég get ekki látið hjá líða að minnast á ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem átti víst að vera til þess að mæla bót framkomu meirihlutaflokkanna á þingi í þessu máli. Ræðan var næsta skopleg, og endaði hv. þm. hana á því að benda á það, að eins og frv. væri orðið núna, mætti kalla það góðan samvinnugrundvöll milli flokka um lausn þessa máls. Sannleikurinn er sá, að ekki einu sinni innan flokka geta menn komið sér saman um málið, hvað þá heldur flokkarnir sín á milli.

Út af brtt. hv. þm. við ákvæðið um skattskyldu lóðaleigjenda, vil ég taka það fram, að ég tel rétt, að lóðaleigjendur greiði þennan litla skatt, vegna þess m. a., að það er vitað og viðurkennt, að þeir, sem búa á leigulóðum hér í bæ, búa betur en þeir, sem búa á sínum eigin lóðum. — Það er gleðilegt að heyra það, sem fram kom bæði hjá þessum hv. þm. og líka hjá hv. 6. landsk., að sósialistar skuli nú loksins vera farnir að skilja það, að ekki sé lengur unandi við það, að samvinnufélögin séu skattfrjáls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 579,1 felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SE, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GG, HV, JG, StJSt.

nei: PZ, PHalld, PO, SK, TT, ÞorbÞ, GSv, HannJ, JakM, JJós, JÓl.

FJ greiddi ekki atkv.

Tíu þm. (ÓTh, SigfJ, BJ, BB, EE, GÍ, JónP, JS, MT, JörB) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 579,2 kom ekki til atkv.

— 568,1 kom ekki til atkv.

4.—8. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 581 felld með 14:8 atkv.

9.—14. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 568,2 (15.—20. gr. falli niður) samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PHalld, SE, SK, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, StJSt.

nei: PZ, PO, TT, ÞorbÞ, BÁ, GÞ, GSv, HannJ, JakM, JÓl.

JJós, JG greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (MT, ÓTh, SigfJ, JörB, BJ, BB, EE, GÍ, JónP, JS) fjarstaddir.

21.—23. gr. (verða 15.—17. gr.) samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, PZ, PHalld, SE, ÞorbÞ, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, HV, JJós, JÓl, StJSt.

nei: PÞ, PO, HannJ.

SK, TT, BÁ, GSv, JakM greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (JónP, JS, MT, ÓTh, SigfJ, BJ, BB, EE, GÍ, JörB) fjarstaddir.

Brtt. 569 samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PHalld, PO, SE, ÞorbÞ, EmJ, FJ, HannJ, HV, JÓl, JG, StJSt.

nei: SK, ÁÁ, EystJ, GÞ, GG, GSv, JakM, JJós.

TT, BÁ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (SigfJ, BJ, BB, EE, GÍ, JónP, JS, MT, ÓTh, JörB) fjarstaddir.

24. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 14:4 atkv.

25.—32. gr. (verður 19.—26. gr.) samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SE, ÞorbÞ, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, HV, JJós, JG, StJSt.

nei: PÞ, PO, JÓl.

PHalld, SK, TT, BÁ, GSv, HannJ, JakM greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (SigfJ, BJ, BB, EE, GÍ, JónP, JS, MT, ÓTh, JörB) fjarstaddir.

33.—34. gr. (verða 27.—28. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, JJós, JÓl, JG, SE, StJSt.

nei: PZ, PÞ, PO, GSv.

SK, TT, BÁ, HannJ,[1]) HV, JakM, PHalld greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (BJ, BB, EE, GÍ, JónP, JS, MT, ÓTh, SigfJ, JörB) fjarstaddir.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 624).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 8:9 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Jarðræktarlög (frv. ÞBr).

Á 9. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög] (þmfrv., A. 40).

Á 11. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Þorsteinn Briem)**: Það má segja, að sú kynslóð, sem nú lifir, hafi tekið við ónumdu landi; það mátti heita óræktað. Má eflaust fullyrða, að þetta víðtæka verkefni hefði alstaðar annarsstaðar reynzt einni kynslóð ofvaxið; jafnvel í frjóustu löndum, þar sem ekki hefir einu sinni þurft áburð á jörðina til ræktunar og skógar hafa verið nógir til bygginga, hefði einni kynslóð reynzt ómögulegt að leysa af hendi það tvíþætta verkefni, bæði ræktun og byggingu, sem einni og sömu kynslóð hefir verið ætlað að inna af hendi hér á landi, og Ísland mætti vera meira gósenland en öll önnur lönd, ef þetta ætti að vera kleift sömu kynslóðinni án þess að fá einhvern styrk af opinberu fé. Þetta hefir verið viðurkennt af löggjafanum, og með þetta fyrir augum voru jarðræktarlögin sett fyrir 12—13 árum, og ennfremur lögin um byggingar- og landnámssjóð, en það hefir komið sérstaklega greinilega í ljós síðustu kreppuárin, að þessar ráðstafanir hafa verið ófullnægjandi. — Það er ekki hægt að segja, hvort þessar ráðstafanir hefðu nægt í sérstökum góðærum, bæði veðurfars- og verzlunarlegum, en hitt er víst, að þessar ráðstafanir eru hvergi nægilegar eins og nú standa sakir. En það er sýnilegt, að landbúnaðurinn fær ekki staðizt, hvað þá heldur reist sig við, nema bændur geti aflað heyja sinna á ræktuðu landi og fái sömuleiðis aðstöðu til þess að geta nýtt og varðveitt heyaflann, svo að verðmætin fari ekki forgörðum, ef illa viðrar. Það er nokkurnveginn augljóst, að rányrkjubúskapurinn gamli er dauðadæmdur. Þess vegna verðum við að stuðla betur en nú er gert að því, að bóndinn geti framfleytt búi sínu með fóðuröflun, sem fæst af ræktuðu landi eingöngu, nema þar sem um sjálfræktaðar

---

1) **HannJ**: Það er nú búið að fella úr frv. öll þau ákvæði, sem gátu komið sveitarfélögunum að gagni, og hefir sennilega frá öndverðu verið til þess ætlazt. Einn hv. þm. sagði hér í spaugi, að nú væri frv. orðið gagnslaust fyrir kaupstaðina, og yrði að gera það eins gagnvart sveitunum, til þess að bjarga því. Ég vil ekki taka þátt í þessum leik og greiði því ekki atkv.

flæðiengjar er að ræða. Á þann hátt kynni að vera möguleiki fyrir því, að framleiðslukostnaðurinn yrði ekki hærri en svo, að búin gætu borið sig, og það væri eini hugsanlegi möguleikinn til þess að landbúnaðarframleiðslan geti orðið svo ódýr í tilkostnaði í öllum meðalárum, að neyzla landbúnaðarafurða geti aukizt nokkuð verulega frá því, sem nú er, en það ætti öllum að vera augljóst, hversu æskilegt það er frá þjóðhagslegu sjónarmiði, ekki sízt þar sem það er vitað, að við notum sjálfir miklu minna af landbúnaðarafurðum en aðrar þjóðir, a. m. k. nágrannaþjóðir okkar, og má þar sérstaklega til nefna mjólk og mjólkurafurðir. En þótt ræktunin sé frumskilyrðið í þessum efnum, þá er ekki fært að leggja út í þær framkvæmdir með því móti, að þær eigi að bera uppi þá afborgun og þann vaxtaþunga, sem þeim fylgir, ef þær eru ekki betur styrktar af almanna fé en verið hefir; og er þess m. a. að gæta í þessu efni, að arðurinn af þessari atvinnugrein kemur ekki strax, heldur smátt og smátt, og verður að bíða lengur eftir honum en við suma aðra atvinnuvegi, sem stundaðir eru í landinu, og þeir sömu menn, sem nú verða að leggja í ræktunarframkvæmdir, verða einnig að leggja í annan kostnað, sem ekki er síður þungbær, en það eru húsabætur, sem gefa ekki beinan arð, en eru þó óhjákvæmilegar til þess að hægt sé að lifa menningarlífi í sveit. Sú kynslóð, sem ræktar landið og skilar verki sínu í hendur næstu kynslóðar, á líka sanngirniskröfu á meiri styrk til þessara framkvæmda; hún er að vinna verk fyrir ókomnar aldir, og það verður ekki heimtað, að hún geri það að öllu leyti á eiginn kostnað. Ræktun landsins verður þess vegna að vera alþjóðarstarf, með þátttöku úr hinum almenna sjóði landsmanna, ríkissjóði.

Með þetta fyrir augum hefi ég undanfarin þing flutt frv. það, sem hér liggur fyrir. Þar er farið fram á aukinn styrk; í fyrsta lagi er farið fram á þriðjungs styrkaukningu til þeirrar áburðargeymslu, sem mestu skiptir, og er það sérstaklega áríðandi, þar sem við höfum nú á yfirstandandi tímum orðið að kosta allmiklu fé til áburðarkaupa frá öðrum þjóðum, en eigum hinsvegar í hinum mestu erfiðleikum með gjaldeyri til þess, sem við þurfum að kaupa frá útlöndum. Hver eyrir, sem þjóðinni sparast í erlendum gjaldeyri, er henni næsta mikils virði, eins og nú standa sakir; liggur þá ekki annað nær heldur en að reyna að geyma þeirra verðmæta, sem við eigum, eins vel og unnt er, svo að hægt sé að spara sem mest kaup frá öðrum þjóðum.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir styrkaukningu til framræslu. Það hefir verið almennt viðurkennt, að jarðræktinni í landinu hafi á síðari árum einkum verið ábótavant í þessu efni, og skiptir það mjög miklu, að úr þessu verði bætt, þar sem það er vitað, að það land, sem tekið er til ræktunar án nægilegrar framræslu, útheimtir ekki einungis miklu meiri áburð, heldur er ekki hægt að vænta þess, að ræktun þess lands, sem ekki fær nóga framræslu í fyrstunni, endist til hálfs á við það, sem verða mundi ella, og loks er ekki unnt að fá nægilega gott fóður, a. m. k. ekki til mjólkurframleiðslu, af því landi, þar sem framræslunni er mjög ábótavant.

Í þriðja lagi fer frv. fram á það, að styrkur til matjurtaræktar verði hækkaður um ⅓ frá því, sem nú er í lögum. Í þessu sambandi má geta þess, að lög frá síðasta þingi um styrk til kartöfluræktar, sem eru náttúrlega góð, svo langt sem þau ná, eru aðeins bráðabirgðalög, sem gilda til næstu þriggja ára.

Þá er í fjórða lagi lagt til, að styrkur til votheystófta sé mjög ríflega aukinn, eða úr 50 aur. á dagsverk upp í 2 kr. á dagsverk. Ár eftir ár höfum við fengið rækilega áminningu af sjálfri náttúrunni um það, hversu miklu það skiptir landbúnaðinn og hve mjög það mun tryggja fóðuröflun handa búfénaðinum, að votheystóftum verði fjölgað stórum frá því, sem nú er, svo að þær verði til á hverju sveitaheimili í framtíðinni. — Það er hörmulegt að sjá það í skýrslum, að jafnvel í þeirri sýslu, þar sem verið hefir votviðri sumar eftir sumar, svo að nýting heyaflans hefir oft algerlega mistekizt, eru ekki til votheystóftir fyrir meira en nokkur hundruð heyhesta. Áður var svo litið á, að þeirra væri ekki þörf nema á suður- og suðvesturlandi, en síðustu ár hafa fært okkur heim sanninn um það, að þeirra er þörf í öllum landshlutum.

Þá er farið fram á það, að styrkur til þurrheyshlöðubygginga verði aukinn um helming og að jafnframt verði dregið úr þeim kröfum, sem gerðar eru til þessara bygginga, því að, eins og kunnugt er, gera lög frá 1930 ráð fyrir því, að aðeins þær hlöður, sem reistar eru úr steinsteypu, geti orðið þessa styrks aðnjótandi; en víða á landinu hagar svo til, að ekki eru til steinhlöður, því að þar verður að byggja úr öðrum efnum. Sýnist það því vera mjög ósanngjarnt, að þær jarðir verði afskiptar, sem frá náttúrunnar hendi vantar efni í steinsteypu; auk þess geymast hey ekki síður vel í hlöðum, sem byggðar eru úr öðru efni en steinsteypu.

Þá er lagt til, að styrkur til kaupa á jarðræktarvélum verði aukinn úr ¼ af kostnaðarverði upp í helming; er það kunnara en frá þurfi að segja, að mörgum búnaðarsamböndum og jarðræktarfélögum úti um land er ókleift að kaupa nægilega mikið af jarðræktarvélum, og eru nú mörg að sligast undan skuldabyrði og vaxtaþyngslum af þeim kaupum. — Loks er lagt til, að veittur sé sami styrkur til korn- og þreskivéla eins og til annara véla, en til kaupa á þeim vélum hefir enginn styrkur verið veittur. Á síðari árum hafa þær tilraunir, sem Búnaðarfél. Ísl. hefir staðið fyrir, sýnt það greinilega, að a. m. k. mjög víða á landinu má rækta korn með allgóðum árangri, og er það ekki lítils virði landbúnaðinum í heild, ef hægt yrði að bæta stórum fóðurforðann og tryggja ekki aðeins búpeningnum gott fóður, heldur tryggja einnig betri afurðir, og jafnframt fengist grundvöllur fyrir þá framleiðslu, sem lítið hefir verið stunduð hér á landi hingað til í sveitunum, sem sé alifuglaræktina og eggjaframleiðsluna, og jafnvel líka fyrir svínarækt, sem lítið hefir verið sinnt enn sem komið er.

Ég skal geta þess, að í 8. gr. frv. er prentvilla, sem ég óska, að hv. n. taki til athugunar; þar stendur 1935, en á náttúrlega að vera 1936.

Frv. sama efnis og það, sem hér liggur fyrir, var vísað til ríkisstj. á síðasta þingi; ég hygg,

að það hafi verið gert með það fyrir augum, að hæstv. stj. tæki það og till. þess til athugunar og legði síðan frv. fyrir þingið, sem miðaði í sömu átt í aðalatriðunum. Það væri gleðilegt, ef flutningur þessa máls á síðastl. þingi hefði borið þann árangur, að hæstv. stj. flytti sjálf frv. í svipaða átt, og væri vissulega tekið með þökkum á móti hverju því, sem til bóta gæti talizt í þessu efni. En það er nú þegar liðið á þriðju viku án þess að nokkuð hafi komið frá hæstv. stj. í þessa átt. Þess vegna hefi ég flutt þetta frv. enn á ný, til þess að halda málinu vakandi. — Ég vil enn leggja áherzlu á, hvílíkt nauðsynjamál þetta er, og vona ég, að hv. þingdeild taki því vinsamlega, og ef það nær að ganga til 2. umr., þá óska ég þess, að því verði vísað til hv. landbn.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla ekki að hefja umr. nú um þetta mál, vegna þess að innan nokkurra daga kemur fram frv., sem fjallar að ýmsu leyti um sama efni og frv. það, sem hér liggur fyrir, enda þótt það sé að mörgu leyti frábrugðið þessu. Þetta tek ég fram vegna þess, að í grg. þessa frv., sem hér er á döfinni, er það tekið fram, að frv. sé flutt sökum þess, að frv. frá stj. sé ekki enn fram komið; en þetta mál hefir verið í undirbúningi nú um nokkurt skeið. Það er kunnugt, að lög eins og þessi, sem nú hafa verið reynd í nokkur ár, hafa í framkvæmdinni verið að ýmsu leyti öðruvísi en ákjósanlegt hefði verið. Reynslan sker vanalega úr í slíkum efnum, og þess vegna er eðlilegt, að breyta þurfi þessum lögum.

Ýms atriði þessa frv., sem hér er til umr., álít ég ganga í rétta átt, en sumt af því, sem hér er farið fram á, álít ég ekki heppilegt, ef að lögum yrði; en þetta mun sem sagt allt koma nánar fram innan skamms, þegar lagt verður fram frv. um þetta efni, og þá er ástæða til að ræða þetta mál frekar, en nú sem stendur er það ekki annað en tímatöf að vera að fjölyrða um það.

***Flm. (Þorsteinn Briem):** Mér þykir gott að heyra það úr ráðherrastóli, að mál þetta skuli vera í undirbúningi af hálfu hæstv. stj., og mér þykir líka gott að heyra það, að hæstv. forsrh. skyldi viðurkenna, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, væri a. m. k. ýmislegt, sem gengi að hans áliti í rétta átt, og vil ég því vænta þess, að þetta frv., sem hæstv. stj. hefir nú í undirbúningi, miði í rétta átt. Get ég því sætt mig við það, að umr. um þetta mál verði látnar bíða þar til þetta frv. er komið fram, og vona ég, að það gangi sem mest í sömu átt og þetta frv.; ef svo verður, þá mun ég fagna framkomu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Bændaskólar.

Á 8. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930 (þmfrv., A. 41).

Á 12. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Þorsteinn Briem):** Það er nú kunnara en um þurfi að tala, að landbúnaðurinn á við allmikla erfiðleika að stríða eins og stendur, og skal ég ekki fara víðtækt út í orsakir þess. En einn af erfiðleikum hans stafar af því, að við höfum búið við gamlar venjur í búskap, en erum að leita fyrir okkur um nýjar aðferðir í búskap, og höfum verið að því síðan um aldamót. En því hefir nú miðað allhægt að afla þekkingar á hinum ýmsu greinum landbúnaðarins. Það má að vísu segja, að búnaðarþekking hafi nokkuð dreifzt út frá bændaskólunum. En sú menntun, sem bændaskólarnir hafa verið færir um að veita, er þó ekki svo fullnægjandi, að hún geti talizt nægileg fyrir þá menn, sem taka sérstaklega að sér leiðbeiningarstarf fyrir búnaðarsambönd sem héraðsráðunautar. Á hinum seinni áratugum hefir starfsemi Búnaðarfél. Ísl. dreifzt svo út um sveitirnar í því formi, að stofnuð hafa verið búnaðarsambönd nálega í hverju héraði. Og þörf búnaðarsambandanna fyrir kunnáttumenn í ýmsum greinum landbúnaðarins verður æ ríkari með ári hverju, því að búnaðarsamböndin hafa beitt sér fyrir því að geta innt af hendi sem víðtækasta leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur í hverri grein búnaðarins. Hingað til hefir ekki verið í annað hús að venda um öflun víðtækari búnaðarþekkingar en hægt er að fá í búnaðarskólum okkar heldur en með því að fara til útlanda og læra á búnaðarháskóla þar. En þá er þess að gæta, að hið erlenda bændaskólanám verður mikils til of dýrt, samanborið við þau launakjör, sem hægt er að veita slíkum leiðbeinendum, sem starfa á vegum búnaðarsambandanna. Og auk þess gengur mikill tími námsmanna við hina erlendu búnaðarháskóla í að afla þekkingar, sem þar hefir gildi, en ekki hér á landi. En þeir, sem af þessum skólum koma, standa ekki betur að vígi en almennir bændaskólakandídatar um hina innlendu búnaðarfræðslu.

Innlend reynsla og tilraunir hafa á hinum síðustu áratugum mjög aukið búnaðarþekkingu innanlands, og er mikils varðandi, að hún geti komið að sem beztum notum. Þess vegna verður að líta svo á, að jafnvel þótt um stutt nám væri að ræða hér heima, þá kæmi það að betri notum fyrir íslenzkan landbúnað heldur en lengra og dýrara nám við erlenda búnaðarháskóla, sem í hverju landi eru miðaðir við þarlenda staðhætti, gerólíka í mörgu hérlendum staðháttum. Það hefir því alllengi vakað fyrir ýmsum áhugamönnum um búnaðarmál, að komið væri á fót innlendri framhaldskennslu til viðbótar þeirri fræðslu, sem menn eiga kost á í búnaðarskólum okkar.

Búnaðarþingið 1933 beindi áskorun til Alþ. um, að undirbúningur yrði gerður í þessu efni; en þingið sinnti því ekki. Síðan hefir búnaðarþing-

ið, sem háð var á fyrra hl. síðasta árs, áréttað þessa áskorun. Er það því í samræmi við tvær ályktanir búnaðarþingsins, að þetta frv. er borið hér fram, sem hljóðar um það, að stofna skuli sérstaka deild til framhaldsnáms fyrir búfræðinga frá búnaðarskólunum hér á landi og nánari ákvæði þar að lútandi.

Ég skal geta þess, að á þessu frv. hefir verið gerð ein breyt. frá því, er það var borið fram á síðasta þingi. Í stað þess að þá var svo ákveðið, að framhaldsdeildin skyldi vera stofnuð við bændaskólann á Hvanneyri, þá er hér í þessu frv. lagt til, að deildin verði stofnuð við annanhvorn bændaskólann. Stendur það í sambandi við það, að aðsókn að Hvanneyrarskólanum hefir verið svo mikil nú síðustu árin, að tæpt mun vera um húsrúm þar fyrir þessa deild, jafnvel þó að hún yrði ekki fjölsótt. Hinsvegar hefir Hólaskóli ekki verið ofhlaðinn nemendum undanfarin ár. Má því ætla, að þar yrði rýmra um húsnæði. Að vísu væri æskilegra, að framhaldsdeild þessi yrði stofnuð á Hvanneyri, m. a. af því, að sá tími, sem hægt er að nota til útináms í verklegum efnum, er lengri hér sunnanlands heldur en norðanlands. Auk þess væri hægra að njóta þess styrks, sem fást mundi gegnum fræðslustarf ráðunauta Búnaðarfél. Ísl., ef framhaldsdeild þessi væri höfð á Hvanneyri heldur en ef hún væri höfð á Hólum.

Þar sem hv. þdm. er efni þessa frv. kunnugt, af því að það hefir verið flutt hér áður, skal ég ekki hafa um það fleiri orð, en vænti, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég geri það að till. minni, að þessu frv. verði vísað til menntmn. Það hefir borið á því, að málum hafi verið vísað til þeirrar n., sem þessu máli eru skyld.

***Bernharð Stefánsson**: Það er aðeins fyrirspurn til flm. um það, hvort hann hafi rannsakað það, hvort húsrúm sé á Hólum fyrir þessa fyrirhuguðu framhaldsdeild. Í fyrra, þegar svipað frv. var á ferðinni hér á þingi um framhaldsbúfræðideild við bændaskólann á Hvanneyri, þá sneri þáv. hv. landbn. sér til skólastjórans þar og leitaði umsagnar hans um málið. Fékk hún svar hans nokkuð seint. Þegar ég í morgun sá, að þetta mál var á dagskrá í dag, þá gerði ég tilraun til að grufla upp svar skólastjórans, en það tókst ekki. En ég hygg, að ég muni það fyrir víst, að skólastjórinn tók það fram í svari sínu til n., að til þess að þessi framhaldsdeild gæti verið á Hvanneyri, þyrfti að byggja nýtt skólahús fyrir hana. Ennfremur lét hann þess getið, að það vantaði algerlega kennslukrafta til þess að sinna þessari kennslu, og yrði því að bæta þeim við, ef framhaldsdeildin yrði stofnuð. Þar af leiðandi má búast við, eftir þessu, í fyrsta lagi allmiklum stofnkostnaði af húsbyggingu og þar að auki árlegum rekstrarkostnaði, ef framhaldsdeildin yrði stofnuð þarna. Ekki er ég að segja þetta til þess að mótmæla frv., því að svo þarft getur málið verið, að ekki sé horfandi í að leggja nokkuð í kostnað vegna þess. En ég sakna þess þó, að í grg. frv. er ekkert vikið að þessu atriði, og er einna helzt svo að sjá á henni, eins og búizt sé við, að þetta kosti ekki neitt.

Það má nú vel vera, að það hafi verið rannsakað, hvort húsrúm sé til fyrir þessa framhaldsdeild á Hólum. En af því að ég var töluvert við þetta mál riðinn í fyrra og hafði því ástæður til að kynna mér þetta mál, vil ég vænta þess, að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, taki þetta atriði til athugunar. Hvort það verður menntmn. eða landbn., það veit ég náttúrlega ekki um. En sennilega verður það ekki sjútvn. En þar býst ég við, að hv. 4. þm. Reykv. teldi málið bezt komið

***Flm. (Þorsteinn Briem)**: Ég hafði ávallt gert ráð fyrir því, að framhaldsdeild slík sem þessi mundi hafa það í för með sér, að nokkuð yrði að bæta við kennslukröftum, við hvorn skólann sem væri, þar sem hún yrði sett. Og ég verð að telja, að endurteknar yfirlýsingar Búnaðarfél. Ísl. og búnaðarþings séu sönnun þess, að ekki sé horfandi í að kosta þessu til að auka nokkuð við kennslukrafta annars skólans í þessu skyni.

En um hitt atriðið, þá gat ég þess aðeins, að með þeirri aðsókn, sem hefði verið að búnaðarskólanum á Hólum um nokkurn undanfarinn tíma, þá mundi mega vænta þess, að þar yrði svo miklu rýmra um húsrúm, að ekki þyrfti að grípa til byggingar á mikilli viðbót á húsum, þó að þessi deild yrði sett á stofn, ef hún væri höfð þar. Skal það að vísu játað, að ég hefi ekki rannsakað þetta mál svo, að ég geti alveg fullyrt um það. En ég vænti þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki þetta atriði til athugunar. Gæti þá auðvitað komið til greina, ef það sýndi sig, að slíkri deild yrði við hvorugan skólann komið svo fyrir, að ekki þyrfti að byggja viðbót við hús, að setja það ákvæði inn í frv., að framhaldsdeild þessi yrði þá fyrst stofnuð, þegar fé væri veitt á fjárl. til slíkrar viðbótarbyggingar.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv. lagði til, að frv. þessu yrði vísað til menntmn., er það að segja, að slíkt er gagnstætt gamalli venju hér á Alþ. (ég skal ekki tala um nýjar venjur í þessu efni). Getur hver hv. þm. sem er flett upp í Alþt. og séð, hvort frv. til l. um bændaskóla, sem nú eru l., hafa ekki verið til athugunar í landbn. Og þar sem svo hefir verið, er þess að vænta, að það þyki eðlilegt, að frv. til breyt. á þeim l. verði einnig til athugunar í landbn.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Út af ummælum hv. 10. landsk. er rétt að viðurkenna það, að það er sennilega rétt, að þetta hafi verið venja hér á undanförnum þingum, og svo lengi kannske, sem slík mál sem þetta hefir borið á góma, að vísa málum eins og þessu til landbn. þ. e. a. s. landbúnaðarmálum yfirleitt, og þá sennilega hliðstæðum málum til jafnt tilsvarandi n. En nú hefir okkar hv. Ed. breytt um stefnu í þessu efni. Fyrir 2 dögum var, eins og hv. þm. muna, mál hér á ferðinni í þessari hv. d., mjög hliðstætt þessu, sem snerti sjávarútveginn, og var það að því leyti líkt þessu frv., að það var um skóla fyrir sjávarútveginn. Því var vísað til menntmn. af meiri hl. þeirra, sem atkv. greiddu í d. um það. Út frá því finnst mér því eðlilegast, ef d.

vill vera sjálfri sér samkvæm, að hún vísi öllum málum, sem eitthvað eru um kennslu, um hvaða efni sem er, til þeirrar n. — Með þessu hefi ég þá einnig svarað hv. 1. þm. Eyf., sem var því fylgjandi að vísa í fyrradag skyldu máli til menntmn. Vona ég, að hann verði nú sjálfum sér samkvæmur.

Bernharð Stefánsson: Ég ætla aðeins að taka það fram, að ég mun greiða atkv. með því, að málinu verði vísað til þeirrar n., sem ég treysti til að fjalla vel um það. Og þessari reglu fylgi ég alltaf, þegar ég greiði atkv. um að vísa málum til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 7:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Á 8. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins (þmfrv., A. 42).

Á 12. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*__Flm. (Þorsteinn Briem):__ Ég vék að því í sambandi við það mál, sem var á dagskrá áðan, að innlend búnaðarþekking hefði nokkuð aukizt á síðustu áratugum fyrir þær tilraunir, sem gerðar hafa verið hér á landi. Ég ætla, að það hafi verið á síðustu árum síðustu aldar, að Búnaðarfélag Íslands reisti gróðrarstöð hér í Reykjavík, til þess að gera þar tilraunir í íslenzkri garðrækt. Þannig stofnaði það til fóðurtilrauna 1912 og hefir haldið þeim áfram síðan. Þá stofnaði Ræktunarfélag Norðurlands tilraunastöð 1903, og síðan hafa verið stofnaðar fleiri tilraunastöðvar hér, sérstaklega í jarðrækt. Á Vestfjörðum var og stofnuð tilraunastöð, sem lagðist niður fyrir nokkrum árum.

Þessum tilraunastöðvum er það að þakka, að tekizt hefir að finna nýjar aðferðir í jarðrækt, og án efa eru og þeim að þakka hinar stórfelldu framfarir, sem orðið hafa í jarðrækt nú síðustu árin. Jafnframt þeim tilraunum, sem ég nú hefi nefnt, hafa bæði einstakir bændur og búnaðarsamböndin haft ýmsa tilraunastarfsemi með höndum. — Hinar skipulagslausu tilraunir hafa gefizt mjög misjafnlega, og mun óhætt að segja, að þau mistök, sem á þeim hafa orðið, hafa frekar orðið til hins verra. Það leiðir því af sjálfu sér, að að því ber að vinna, að auka hinar skipulagsbundnu tilraunir. Hvað snertir tilraunastarfsemi Búnaðarfél. Ísl., þá er ekki hægt að segja, að henni sé borgið á meðan félagið þarf svo mjög undir högg að sækja um allar fjárveitingar eins og nú á sér stað. Það er því brýn nauðsyn, að sett sé löggjöf um þetta efni, og því er frv. þetta borið fram. Frv. er miðað við og sniðið eftir till., sem komið hafa fram á búnaðarþingum um þetta efni. Það er stefnt að því að koma upp fjórum stórum tilraunastöðvum, og svo aftur minni tilraunastöðvum í sambandi við þær. Jafnframt er gert ráð fyrir, að komið verði upp skipulagsbundnum tilraunastöðvum á búum bændaskólanna. Þá er og ætlazt til þess, að allar þessar tilraunastöðvar verði reknar í sambandi við vísindastofnanir þær, sem ríkið kostar og standa í nánu sambandi við jarðrækt og kvikfjárrækt. Að þessu lúta ákvæði 5. gr. frv. Það er vitað, að nú verja bændur um 3 millj. króna til ræktunar á jörðum sínum. Það skiptir því miklu máli, að fé þetta sé notað með hagsýni og þekkingu, en þeirrar þekkingar, sem að gagni má koma í þessum efnum, verður ekki aflað nema með innlendum tilraunum, því að tækni og þekkingu að því er snertir landbúnaðinn íslenzka er ekki hægt að sækja til reynslu annara landa, eins og hægt er t. d. að gera með sjávarútveginn. Þá er það og vitanlegt, að öflun fóðurs fyrir búpeninginn kostar fleiri millj. kr., og er því fyllsta þörf að afla þeirrar þekkingar, sem auðið er um þá hluti. Reynsla okkar hefir orðið sú, að þegar mannfellir hefir orðið sakir skorts, þá hefir hann jafnan stafað af því, að heyafli fyrir búpeninginn hefir orðið minni en nauðsyn hefir krafið. Með búpeningnum hafa menn misst lífsbjörg sína, og fallið svo af harðrétti á eftir. Þetta hefir saga liðinna alda sýnt okkur og sannað. Eins og nú standa sakir mun láta nærri, að um helmingur landsmanna eigi afkomu sína undir því, að öflun á fóðri fyrir búpeninginn takist vel; má því öllum vera ljóst, hve ríka nauðsyn ber til þess, að allrar hagsýni sé gætt um þessa hluti.

Þá er það og vitað, að bústofn landsmanna hefir ekki náð að gefa ennþá þann arð, sem hægt er að láta hann gefa og nauðsyn ber til. Tilraunir þær, sem einstaklingar hafa haft með höndum og miða hafa átt að því að bæta búpeninginn, hafa allmjög mistekizt, sérstaklega þó að því er snertir sauðfjárræktina. Úr þessu þarf að bæta, eftir því sem kostur er.

Þá er og þess brýn nauðsyn, að reyndar séu nýjar leiðir um fjölbreyttari framleiðslu, en til þess að það megi verða, þarf að gera innlendar tilraunir og byggja svo á þeim. En misheppnaðar tilraunir einstaklinganna hafa ekki aðeins þá afleiðingu að gera hlutaðeigandi einstaklingum tjón, heldur fæla þær og aðra menn frá að gera nýjar tilraunir, sem að gagni kynnu að verða. Til þess því að fá fullkomna þekkingu á þessum atriðum, er ekki annað fyrir hendi en að afla hennar innanlands, því að reynsla annara þjóða getur aldrei orðið einhlít til þess að byggja á hér, því að staðhættir hjá okkur eru á allt annan veg en með suðrænni þjóðum.

Mál þetta hefir oft verið rætt á búnaðarþingum nú að undanförnu, og ætla ég, að till. þær, sem í frv. felast, muni vera í fullu samræmi við þær till., sem þar hafa komið fram.

Að umr. þessari lokinni vænti ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Berklavarnir.

Á 8. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 23. júní 1932, um breyt. á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 60).

Á 9. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Þegar séð var, að n. sú, sem undirbjó frv. um tekjustofna handa bæjar- og sveitarsjóðum, hafði ekki athugað þá leið, hvort ekki væri hægt að létta af þessum sjóðum þeim gjöldum, sem greidd hafa verið frá þeim í ríkissjóð og sem n. hafði gert grein fyrir í framsögu frv. um tekjustofna ríkissjóðs, — þeir töldu það ekki í sínum verkahring að fara þessa leið —, þá þótti okkur hv. þm. Dal. ástæða til, að þessi hlið máls yrði athuguð einnig.

Það er öllum vitanlegt, að berklavarnagjaldið hefir verið ákaflega óvinsælt hjá héraðsstjórnum meðfram af því, að þær hafa víst flestar litið þannig á, að þetta gjald væri einskonar greiðsla til sóttvarna og ríkissjóður hafi skyldu til að sjá um að afstýra sótthættu og smithættu og ætti að bera einn kostnað af þeim ráðstöfunum. Þetta sést m. a. á því, að á undanförnum þingum hafa komið fram frv. um að lækka þetta gjald. Og meðan sýslufélög og bæjarfélög stóðu undir þessu gjaldi eingöngu, var auðsjáanlegt, að þau gátu ekki undir því risið. Þess vegna var breytt um með l. 1933, og ríkissjóður tók að sér meginhlutann af þessum útgjöldum. Ég lít svo á, að það sé ákaflega hæpið að leggja á nýja tolla og skatta, ofan á það, sem fyrir er, og einkum eftir að þær miklu tolla- og skattahækkanir, sem síðasta þing samþ., hafa komið til framkvæmda. En hinsvegar ber að líta á það, að nokkuð af þeim auknu útgjöldum borgaranna í tekjustofna handa bæjar- og sýslufélögum kemur aftur niður sem léttir í aukaútsvörum. En þó hygg ég það verði ekki eins mikið og flm. gera ráð fyrir. Það mun fara svo, ef sýslu- og bæjarfélög geta staðið undir sínum böggum með þessum nýju tollum, þá verður einhverju af þeim gjöldum, sem ríkissjóður annars greiðir, hrint yfir á herðar þessara stofnana. En það er að vísu rétt, að einkum landhreppar munu fá nokkurn létti með þeirri breyt., sem gerð hefir verið, með því að það ákvæði, að viss dvöl væri skilyrði fyrir sveitfesti, var fellt niður. Þess vegna get ég hugsað mér, að einmitt landsveitir hafi betri aðstöðu en áður til þess að standa undir sínum böggum, því að fátækraframfærið hefir lengst af verið stærsti gjaldaliður hjá þeim. En þá er við búið, að þyngslin lendi meir en verið hefir á bæjarfélögum og kauptúnum, eða þeim hreppum, sem hafa kauptún innan sinna takmarka. Hygg ég því, að erfiðleikar á þessum stöðum verði ekki minni eftir en áður, heldur meiri, og að það verði nauðsynlegt að lækka eitthvað þau gjöld, sem beint hvíla á þeim til almennra þarfa. Og þá liggur næst að athuga, hvort ekki megi fella niður þetta gjald, sem hefir þótt ærið ósanngjarnt. Því má bæta við, að á síðustu árum hefir þetta gjald því miður ekki greiðzt að fullu, — langt frá því. Ýms sýslufélög og nokkur bæjarfélög hafa ekki getað staðið í skilum.

Við væntum þess, að þetta frv. megi verða samferða tekjuöflunarfrv. því, sem lagt hefir verið fyrir þingið og fór til allshn. Þetta mál er nokkuð hliðstætt, og legg ég því til, að því verði vísað til allshn.

Þorsteinn Þorsteinsson: Aðeins örfá orð til viðbótar því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði.

Það er ástæða til að koma fram með þetta frv. einmitt nú, því að það eru nokkur tímamót að verða á þessu sviði. Ég vil biðja hv. þdm. að taka vel eftir því, að nú eftir l. um alþýðutryggingar er það gert að skyldu þeim kaupstöðum og þeim hreppum, sem setja hjá sér sjúkrasamlög, að annast berklaveika sjúklinga líka og kosta legu þeirra 6 mánuði á spítala. Verður þá berklavarnagjald þessara staða tvöfalt, enda þótt ríkið greiði að hluta legukostnaðinn. Er þá spurning, hvort þeim kaupstöðum, sem hafa sjúkrasamlög, sé það lagaskylda að borga líka þennan 2 kr. nefskatt í ríkissjóð. En í fjárlagafrv., sem liggur fyrir, hefir verið gert ráð fyrir þessari tvöföldu greiðslu frá sjúkrasamlagssvæðum, og er þar samkv. því áætlað, að berklavarnagjaldið lækki til útgjalda fyrir ríkissjóð hátt á annað hundrað þús. kr. Ég vil biðja menn að athuga þetta vel, að nú fer að standa töluvert öðruvísi á en verið hefir um þetta atriði, og er því ekki ástæðulaust að breyta þessum nefskattslögum. Þau ákvæði, sem við hv. þm. N.-Ísf. viljum nú breyta, voru sett til bráðabirgða.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Að vissu leyti er rétt það, sem hv. flm. sagði, að nokkurt ósamræmi er í því, að sjúkratrygging taki við berklasjúklingum fyrstu 6 mánuði og njóti styrks úr bæjarsjóðum, og jafnframt sé bæjarsjóðum gert að skyldu að greiða ákveðið gjald til berklavarna. Eins og þm. muna, fylgir frv. um alþýðutryggingar og framfærslulög 3. frv., og í því er gert ráð fyrir, að berklavarnagjaldið verði fellt niður og tekin upp sérstök skipun á ríkisframlagi til allra þeirra, sem haldnir eru af langvarandi sjúkdóm, þ. e. yfir 6 mánuði, sem sjúkrasamlög þurfa mest að borga með sjúkling. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði lagt fyrir Alþingi nú næstu daga. Ekki vil ég setja mig gegn því, að þessu frv., sem hér liggur fyrir, verði vísað til nefndar, en vildi mælast til, að n., sem tekur þetta mál, afgreiði það ekki fyrr en hitt frv. kemur fram. Ég álít þá lausn, sem það felur

í sér, miklu eðlilegri en þá, sem hér er stungið upp á. Ég tel í alla staði sanngjarnt og eðlilegt og ríkissjóði ekki um megn, að um berklaveiki gildi svipaðar reglur gagnvart ríkissjóði eins og ýmsa aðra langvarandi sjúkdóma. Geðveikisjúklingar eru kostaðir af ríkissjóði að nokkru leyti, holdsveikisjúklingar að öllu leyti. En ætlunin með þessum lagabálki er að setja fastar og ákveðnar reglur um þetta allt.

Þá vil ég aðeins benda á það, að mér finnst þetta hreint fjárhagsmál ríkissjóðs. Ég vildi því leggja til, að málinu yrði vísað til fjhn. Náttúrlega geri ég þetta ekki að kappsmáli, en mér finnst málið eiga þar heima, nema ef menn vilja taka þann sið upp að setja yfirleitt fjárhagsmál í allshn.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vildi aðeins við þessa umr. málsins segja til þeirrar n., sem endanlega kann að fá þetta mál til meðferðar, að ég vildi gjarnan fá tækifæri til að tala við þá n. áður en hún ritar nál., m. a. til að gefa upplýsingar um, hversu innheimta þessa gjalds hefir gengið. Það hefir verið mikið látið af því, að hún hafi gengið illa. Er að vísu rétt, að nokkur sýslufélög og kaupstaðir standa í óbættri sök út af þessu gjaldi. En þó er þetta ekki eins mikið og menn almennt hafa álitið. Og á síðasta ári hefir innheimtan gengið sæmilega, þó að til séu undantekningar. En um þetta og fleira vil ég upplýsa nefndina.

Að öðru leyti sé ég ekki út af fyrir sig nokkra möguleika á því, að ríkið geti verið án þess að fá þetta gjald frá sýslufélögunum, eða svo sýnist mér útlit um afgreiðslu fjárlaganna í þinginu. En út í það fer ég ekki frekar nú.

***Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég óskaði, að þetta mál færi til allshn., af því að það er í nokkuð nánu sambandi við mál, sem vísað var þangað í gær. Við skyldum segja, að n. kæmist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að samþ. þetta frv., þá mundi n. sjá sér fært, að ég hygg, að fella niður eitthvað af þeim tekjustofnum, sem í frv. milliþn. felast. Á þann hátt væri heppilegt, að sama n. hefði með höndum bæði þessi frv. Ég skal játa, að þetta er fjárhagsspursmál, en það stendur í beinu sambandi við afkomu hreppa- og sýslufélaga og bæjarfélaga, og ættu því bæði þessi mál að athugast í sömu n.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég kom inn í d. rétt áðan og vissi ekki, að ágreiningur var um það, í hvaða n. málið skyldi fara. Þegar um er að ræða, hvort ríkissjóður haldi áfram tekjustofnum, sem hann hefir haft, eða sleppi þeim, þá finnst mér að öllu leyti eðlilegt, að slíkt mál sé látið ganga til fjhn. Yfirleitt hefir verið venja, að öll slík mál gengju þangað, þó að þau kannske snertu líka annan aðilja en ríkið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Út af því, sem hæstv. fjmrh. minntist á í ræðu sinni, vil ég taka það fram við n. þá, sem kemur til með að fjalla um þetta mál, að þótt ríkissjóður sé ef til vill í raun og veru ekki vel stæður, verður líka þessi n. að athuga, að sýslusjóðir og bæjarsjóðir víða komast illa af og sveitarsjóðir sömuleiðis. Þessa aðilja verður líka að hafa fyrir augum, en ekki ríkissjóð eingöngu. En gagn þeirra er líka gagn ríkissjóðs. Og ef allt er komið í rústir hjá sýslu- og sveitarsjóðum, þá má vera, að þröngt verði fyrir dyrum hjá ríkissjóði einmitt af þessum orsökum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.
Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, JAJ, JBald, MJ, PHerm.
nei: PM, BSt, GL, HG, HermJ, IngP, JJ, MG, EÁrna.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÞBr) fjarstaddur.
Frv. vísað til fjhn. með 9:2 atkv.

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, utan dagskrár, mælti

***Magnús Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð út af því, að á öndverðu þingi var vísað til hv. fjhn. frv. um berklastyrki, sem greiddir eru af sýslu- og bæjarfélögum. Fjhn. hefir ekki afgr. þetta mál frá sér, af því að hæstv. atvmrh. lýsti því, að koma mundi fram frv., sem hefði að geyma aðra lausn á svipuðu máli. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki óskað að afgr. þetta mál frá n., af því að ég hefi viljað bíða eftir því, að þetta frv. kæmi, sem hæstv. ráðh. gat um á dögunum.

Ég spyr nú hæstv. atvmrh., hvort von sé á þessu frv. bráðlega.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég hefi átt tal við nokkra menn í allshn. Nd., sem gera ráð fyrir, að nú á næstu dögum komi þetta frv. fram þar, annaðhvort frá einstökum mönnum í n. eða n. allri.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil álíta, að það væri heppilegast, að þetta frv. yrði borið fram í hv. Ed., þar sem bæði þetta frv., sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, um berklavarnagjaldið frá sýslu- og bæjarfélögum, og einnig frv. um tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga eru í Ed. Ég er hræddur um, að það gæti farið svo, ef frv. þetta, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði fyrirspurn um, verður lagt fram fyrst í hv. Nd. og svo kannske samþ. þar eftir svo sem mánaðartíma, að þá yrði of skammur tími til þess að koma frv., sem hér hafa komið fram um skylt efni, gegnum þingið. Mér virðist því réttara og eðlilegra, að frv. þetta kæmi fyrst í Ed.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég skal athuga þessi tilmæli hv. þm. En þetta frv. var í allshn. í Nd. í fyrra, og þess vegna hafði ég hugsað mér að láta það koma fram í Nd. En sem sagt skal ég athuga þetta, í hvorri d. það verður látið koma fram fyrst.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 251. Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en á 46. fundi deildarinnar, 6. apríl, urðu um málið þessar umr. utan dagskrár:

*Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vildi hlutast til um það, að frv. frá mér og hv. þm. Dal. um berklavarnir kæmi sem fyrst á dagskrá. Frv. þetta var afgr. til fjhn. 27. febr., og hefir minni hl. skilað áliti fyrir nokkru, en álit meiri hl. er ókomið ennþá. Vildi ég mælast til þess, að forseti hlutaðist til um, að meiri hl. skili áliti sem fyrst, en geti það ekki orðið, þá verði málið tekið bráðlega á dagskrá engu að síður.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Frv. frá mér um framfærslu sjúkra manna liggur einnig hjá nefnd, og hefir ekki komið nál. um það heldur. Ég lét það í ljós við 1. umr. málsins, að ég teldi æskilegt, að mál þessi yrðu samferða, því að í frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna er lagt til, að berklavarnagjaldið falli niður, svo að hitt frv. er úr sögunni, ef það frv. er samþ.

*Magnús Jónsson: Ég er í þeim minni hl. fjhn., sem afgreiddi frv. hv. þm. N.-Ísf. En frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna er ekki þar, heldur í allshn. En þrátt fyrir það athugaði ég auðvitað það frv. einnig, og satt að segja fann ég ekki, að svo mjög væri um sama efni að ræða í frv., að rétt væri að tefja frv. um berklavarnir þess vegna. Því afgreiddi ég frv., og mér skildist á hv. meiri hl., að hann ætlaði líka að gera það.

Jón Auðunn Jónsson: Mér skilst, að málin séu ekki svo skyld, að þau þurfi nauðsynlega að fylgjast að. Hinsvegar gæti það ef til vill orðið til að flýta fyrir hinu málinu, að þetta frv. yrði afgr. til 3. umr.

Forseti (EÁrna): Ég vil beina því til þeirrar nefndar og nefndarhluta, sem hér á hlut að máli, að taka það, sem hér hefir komið fram, til greina.

Jón Baldvinsson: Við í meiri hl. fjhn. höfum verið að bíða eftir hinu málinu, sem mun vera í allshn.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ef meiri hl. fjhn. er að bíða eftir afgreiðslu allshn., vil ég benda á það, að allshn. fékk sitt frv. miklu síðar til meðferðar. Ef hvor nefndin um sig ætlast til þess, að hin verði á undan, skilst mér, að afgreiðsla þessara mála geti dregizt endalaust. En mér finnst augljóst, að sú nefndin, sem fyrr fékk sitt mál til meðferðar, eigi að skila fyrr áliti.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil upplýsa það um framfærslufrv., að það kom ekki til n. fyrr en 23. f. m. Fyrir n. hafa síðan legið ýms stór mál svo að henni hefir ekki unnizt tími til að afgreiða frv. Þó hefir n. lesið frv. yfir og gert ráðstafanir til þess að ræða það við landlækni. 14 mál, og mörg þeirra stór, hafa legið fyrir n. og ekki verið hægt að sinna öllum í einu.

Ég vil í þessu sambandi beina því til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að hraðað verði máli, sem flutt var af sjútvn. bæði 1935 og nú, en lenti af tilviljun í annari nefnd. Þetta mál stendur í sambandi við ýms önnur mál, sem hér liggja fyrir. Það er frv. um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Bernharð Stefánsson: Ég man ekki betur en að þegar við 1. umr. væru bæði þessi mál, frv. um breyt. á berklavarnal. og frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sett í samband hvort við annað. Það er rétt hjá hv. 4. landsk., að beðið hefir verið eftir afgreiðslu framfærslufrv. í fjhn., þar sem það gerir hitt frv. óþarft, ef að lögum verður. En ég vil, úr því ég stóð upp, spyrja hv. allshn., hvað líði frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, sem verið hefir enn lengur á leiðinni.

Jón Auðunn Jónsson: Það hlýtur að hafa verið misminni hjá hv. 1. þm. Eyf., sem hann sagði um samband þessara mála, því að okkar frv. fór til nefndar 26. febr., en hitt 23. marz. Ég setti málin alls ekki í samband hvort við annað við 1. umr.

Bernharð Stefánsson: Ég sagði ekki, að málin hefðu verið sett í samband hvort við annað í framsögu fyrir berklavarnafrv. hv. þm. N.-Ísf., en hæstv. atvmrh. setti málin þá þegar í samband hvort við annað, enda eru mál þessi svo skyld, að óþarft er að afgr. annað, ef hitt verður að lögum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Því hefir nú verið haldið hér fram undanfarið, að afgr. hafi verið mál, er staðið hafa í sambandi við önnur mál, og úr því að þetta hefir nú einu sinni verið gert, sýnist mér, að berklavarnafrv. mætti a. m. k. koma frá nefnd. Mér finnst það bera vott um allt of mikið vinnu- eða viljaleysi hjá meiri hl. hv. fjhn., að hafa legið svo lengi á málinu. Þótt frv. um framfærslu sjúkra yrði að lögum, er ekki heldur sagt, að ekki mætti lögfesta eitthvað úr hinu frv.

Magnús Guðmundsson: Ég vil út af fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf. um frv. okkar um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, sem vísað var til allshn., svara því, að það, sem hefir dvalið afgreiðslu þess, er einhverskonar heimiliskritur á kærleiksheimili stjórnarinnar, sem hv. 1. þm. Eyf. er ef til vill ekki alveg ókunnugt um. En nú hefir mér verið lofað því, að málið skuli verða tekið fyrir á þriðjudaginn, og er það gleðilegur vottur þess, að samkomulag sé að glæðast í tvíbýli stjórnarflokkanna.

49. Reykjatorfan í Ölfusi.

Á 10. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um yfirstjórn Reykjatorfu og um eignarnám á landi og leiguréttindum í þessari jarðeign (þmfrv., A. 57).

Á 13. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er eðlileg afleiðing af þeim jarðakaupum, sem ríkið hefir framkvæmt í Ölfusinu fyrir nokkrum árum, og er að því vikið í grg. frv., hvers vegna ástæða er

til þess, að um þetta verði sett lög. Ég vil taka það fram, að síðan ríkið keypti þessa eign hefir það byggt þar heilsuhæli, sem reynist ódýrara í rekstri en önnur heilsuhæli á landinu, og síðan komið var á nýrri skipun í berklavarnamálunum undir forustu Sigurðar Sigurðssonar berklayfirlæknis, hefir tekizt að hafa meiri not af þessu hæli en öðrum, með því að senda þangað sjúklinga, sem eru nálægt bata og fyrr komast í það ástand að verða starfhæfir með því að vera þarna heldur en annarsstaðar. Það eru því miklar líkur til, að þetta hæli muni gera mjög mikið gagn, ef hugsað verður um eignir ríkissjóðs á þessu svæði í sambandi við berklavarnirnar. Í öðru lagi hefir á þessum stað verið reist næststærsta gróðurhús landsins — kemur það næst á eftir gróðurhúsinu á Reykjum í Mosfellssveit. Í þriðja lagi mun stj. beita sér fyrir garðyrkjukennslu á þessum stað, og ætti hún ef til vill að geta byrjað í vor, ef frv. um þetta gengur fram á þessu þingi.

Í fjórða lagi hefir rektor menntaskólans í Rvík óskað eftir því, að skólinn mætti byggja þarna einskonar sumarskála handa sér, og hygg ég, að fjársöfnun í því augnamiði sé það langt komið, að þetta gæti tekizt áður en langt um líði. Telur hann það heppilegt úrræði fyrir skólann, ef hann gæti komið þessu við.

Ég lít ennfremur svo á, að þarna væri eðlilegt að hafa ýmiskonar aðra starfsemi. Það hefir verið samþ. hér að vinna að því að koma upp fávitahæli og hæli fyrir drykkjumenn. Þó ég vilji ekki fullyrða, að þau ættu þarna að vera, getur vel verið, að það eigi vel við. Þá er ekki óhugsandi, að koma þurfi upp fleiri elliheimilum og e. t. v. barnaheimilum, og alla slíka starfsemi er eðlilegt að hafa á þessum stað, vegna þess hvað reksturinn yrði þar ódýr.

Nú vill svo til, að nokkrir einstakir menn höfðu byggt hús á þessu landi áður en ríkið keypti það, og hafa þeir enn leigusamninga. Eru þau byggð sem sumarhús, eru nálægt hælinu og taka tölurvert af því heita vatni, sem þar er, þannig að það er gróðrarskálunum og hælinu til baga, að þau eru þarna. Nú skal ég ekki um það segja, hvort ástæða er til að taka þessi hús eignarnámi nú þegar; það verður að fara eftir áliti ríkisstj. E. t. v. þarf ekki að taka þau öll, en samt er eðlilegt og nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi þessa heimild. Mundu náttúrlega koma til greina sanngjarnar bætur; utan hjá því er ekki hægt að komast og ekkert við því að segja, því þarna er orðið um að ræða svo stóran og þýðingarmikinn rekstur fyrir landið.

Þá hefir Sigurður fyrrv. búnaðarmálastjóri leigt með erfðafestu nokkuð stórt land þarna, sem er einmitt á þeim stað, þar sem garðyrkjuskólinn mundi áreiðanlega þurfa að fá allt land, sem hægt er. Það er ekki sagt, þó frv. yrði samþ., að ríkið þyrfti að taka þetta land strax, en það skiptir í sjálfu sér miklu, eins og með hitt atriðið, að hægt sé að taka það þegar þörf er á. Ég hygg, að ómögulegt sé að koma garðyrkjuskólanum á fót, nema hann geti fengið umráð yfir öllu landinu næst Reykjum. En þurfa mundi í því tilfelli að greiða Sigurði bætur fyrir saminginn.

Þá er enn eftir eitt atriði. Gísli Björnsson, fyrrv. eigandi eignarinnar, á ennþá tvær litlar lóðir, sem hann tók undan, þegar salan fór fram. Ég tel rétt að hliðra nokkuð til við þennan mann fremur en aðra, a. m. k. að því er annan lóðarblettinn snertir. Álít ég, að það gæti jafnvel komið til mála að ganga lengra í því heldur en frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil ennfremur benda á, til þess að sýna, hvað þetta er þýðingarmikið mál, að þegar Magnús Kristjánsson, fyrrv. bústjóri á Reykjum, fékk Reykjakot leigt, þá leit þáv. atvmrh. svo á, að ábúðarlögin yrðu ekki öðruvísi skilin en þannig, að hann væri skyldur að byggja jörðina. Ég ætla ekki að deila á hann fyrir þann skilning, en sé hann réttur, vofir sú hætta alltaf yfir, að stærri eða minni svæði af þessari eign verði bundin með samningum, sem svo koma í bága við hagsmuni ríkisins, þegar það þarf að nota landið. Ég bendi ekki á þetta dæmi vegna þess, að það hafi þýðingu nú út af fyrir sig, heldur til að sýna þörfina á að tryggja það, að ríkið eitt hafi umráðaréttinn yfir þessari þýðingarmiklu eign sinni, og að ef einstakir menn fá þar land til afnota, þá sé það ekki bundið samningum nema til eins árs í senn. Það getur vel komið til mála að leigja mönnum tjaldstæði og lóðir undir ódýra sumarbústaði, ef tryggt er, að ríkið þurfi ekki að kaupa af sér aftur samninga, sem gerðir eru við menn í greiðaskyni.

Ég held svo, að ég þurfi ekki að ræða um þetta meira. Ég býst við, að eftir eðli málsins eigi það að fara til allshn., og óska, að því verði vísað til hennar, eða til annarar n., ef það þykir betur hæfa, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 57, n. 275 og 376, 513).

***Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Pálmason):** Svo sem getið er um í nál. okkar hv. 1. þm. N.-M., þá hefir n. ekki orðið sammála um frv. þetta. Við leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir; tveir meðnm. eru sennilega á móti því, en einn vill gera á því nokkrar breyt. Síðan við skiluðum áliti okkar, hefir komið fram nál. frá 2. minni hl., hv. 4. þm. Reykv., og fylgja því nokkrar brtt. frá honum. Ég vil taka það fram strax, að ég er mótfallinn 1. brtt. hans. Um 2. brtt. verð ég að segja, að mér finnst, að hún hafi ekki mikið gildi, eða að hún breyti ekki miklu. Það er að vísu svo, að um þá landspildu, sem um getur í frv., sem Gísli Björnsson hefir ábúðarrétt á, þá má kannske skilja frv. þannig, að hann hafi eignarheimild fyrir henni, og mun vera svo samkv. kaupbréfi, að það sé um eignarheimild að ræða á öðrum hlutanum, en hinn sé á leigu, og ég hygg, að það sé tilgangurinn með þessari brtt. að taka skýrara fram um það, að

fyrir öðrum lóðarblettinum sé eignarheimild. Ég skal taka það fram, að ég sé ekki, að þessi brtt. sé til skemmda, og finnst sennilegt, að það gæti orðið samkomulag um hana. Sama er að segja um fyrirsögn frv. Hún ætti ekki að valda ágreiningi og skiptir litlu máli.

Síðan n. hafði málið til meðferðar hefir hv. flm. frv. flutt við það brtt. á þskj. 513, og skilst mér, að hún geti komið í staðinn fyrir brtt. hv. 4. þm. Reykv. Að vísu kemur þar fram eitt nýtt atriði, sem sé að dóttir Gísla skuli hafa ábúðarrétt að foreldrum sínum látnum. En það, sem hér skiptir mestu máli að mínum dómi, er það. að leigt hefir verið úr landi Reykja.

Ég vil vænta þess, að það geti orðið samkomulag um eftirgjafir á þessum leiguréttindum, sem leyfð hafa verið á þessari landspildu, því að ef það fæst ekki, þá sýnir það, að landspilda þessi er leigjandanum býsna mikils virði, og það sannar einmitt þá skoðun mína, að hér sé um mjög mikilsvert atriði að ræða einmitt fyrir þessa eigendur.

Nú er gert ráð fyrir því, að auk þeirrar starfsemi, sem þarna er rekin, verði starfræktur garðyrkjuskóli á þessum stað, og ég lít svo á, að einmitt vegna þeirra ráðstafana sé það hreint og beint óhjákvæmilegt að ná aftur afnotaréttinum af þessari landspildu, og ég vil ennfremur geta þess, að sumarhús þau, sem þarna standa og frv. gerir ráð fyrir að hægt verði að ná afnotarétti af, eða a. m. k. af lóðunum, þau geta bæði orðið fyrir þessari starfsemi og auk þess til ýmissa óþæginda, svo að ég lít þannig á, að frv. þetta sé af nauðsyn fram borið og það sé rétt að láta það ganga fram.

*__Frsm. 2. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Hv. 1. minni hl. hefir gert grein fyrir sinni afstöðu til þessa máls, og ég, sem er einn á blaði á þskj. 376, hefi ekki getað orðið sammála hinum hv. nm. um afgreiðslu þessa máls, og kemur ágreiningurinn fram í þeim brtt., sem ég leyfi mér að flytja hér. Um fyrri brtt. skal ég segja það, að í frv. er gert ráð fyrir því, að einstök félög eða einstaklingar skuli hafa leyfi til þess að hafa skála eða tjöld til sumardvalar o. s. frv., eins og í frv. stendur, en það liggur í augum uppi að ef þetta er bundið við aðeins eitt ár, eins og frv. ætlast til, þá ættu það að vera fáir, sem byggja sér skýli þarna með það fyrir augum að þurfa að fara burt að ári liðnu, því að það kostar töluvert að koma sér upp sumarskála. Þessu ákvæði hefi ég breytt þannig, að þetta leyfi meg. veita til allt að 5 ára í senn. Hv. fyrri minni hl. er á móti þessari till., og skil ég ekki, á hverju hann ætlar að byggja það álit sitt.

Um 2. brtt. sagði hv. frsm. 1. minni hl., að hún hefði lítið gildi, en þó taldi hann, að í henni fælust þau ákvæði, sem gæti orðið samkomulag um, og þykist ég skilja, að hann eigi við það. að hér er breytt nokkuð um orðalag, sem hefir sína þýðingu, eins og t. d. það, að í frv. er gert ráð fyrir því að taka eignarnámi tvær lóðarspildur af fyrrv. eiganda. en eftir því sem mér skilst, er hér ekki nema um eina lóð að ræða, hinn svokallaða Guðrúnarskála, því að í afsalssamningnum stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Undanskilinn kaupum er svonefndur Guðrúnarskáli með tilheyrandi lóðarréttindum til afgirtrar lóðar, er skálinn stendur í.“ — Gísli Björnsson hefir rétt til lóðarinnar svo lengi sem skálinn stendur, en hann á ekki lóðina. En samkv. frv. er ætlazt til, að þetta verði keypt af honum.

Um Ekrabarð er það að segja, að það liggur í miðju landi, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp það, sem um þetta er sagt í skjali, sem Alþingi barst fyrir ári síðan: „Ekrabarð heitir landspilda, sem liggur austan Varmár, neðan Reykjafoss. Þar er Fosshver og önnur laug allmikil. Þessi landspilda liggur í Reykjalandi, en var að síðustu undanskilin, þá kaupin á Reykjatorfunni voru fullgerð.“

Þarna eru lóðaréttindi, sem sjálfsagt má nota á mjög hagkvæman hátt, og að mínum dómi er sjálfsagt fyrir ríkið að eignast þau.

Eins og hv. þm. hafa tekið eftir, gerir mín till. ráð fyrir, að felld verði burt ein leiguréttindi, sem frv. ætlast til, að tekin verði eignarnámi. Þar er farið fram á tvenn leiguréttindi, ábúðina á Reykjakoti og landspildu, sem Sigurður Sigurðsson fyrrv. búnaðarmálastjóri fekk hjá Magnúsi Guðmundssyni, þáv. ráðh., en eftir öllum gögnum að dæma, sem fram hafa komið í málinu, var þetta upphaflega leyft af fyrirrennara Magnúsar, núv. hv. þm. S.-Þ. Þessi landspilda er eftir afsalssamningi, sem prentaður er í þskj., sögð vera 3,6 ha., en á öðrum stað 4,65 ha.; hvort réttara er, veit ég ekki. Um þessa landspildu var rætt í sambandi við frv. um garðyrkjuskóla á Reykjum, og þá sagði hæstv. dómsmrh., að þessi spilda væri að mestu leyti í Reykjalandi. Ég hefi nú ásamt öðrum hv. meðnm. mínum átt kost á að skoða þetta land, og auk þess hefi ég átt viðtal við bústjórann á Reykjum og við Sigurð Sigurðsson. Bústjórinn segir, að árbakkinn út af fyrir sig hafi ekkert gildi fyrir starfsemina á Reykjum. En af því að um það hefir verið mikið talað, að nauðsynlegt sé að taka þetta land í sambandi við væntanlegan garðyrkjuskóla, þá vil ég benda á umsögn þeirra manna, sem fengið hafa nokkra reynslu í þessum efnum á Reykjum. Þeir segja, að þarna sé ekki heppilegur staður fyrir kartöflurækt undir beru lofti. Þess vegna er það mjög hæpið, að það sé rétt að festa það í löggjöfinni að setja upp garðyrkjuskóla á Reykjum. En ef þarna ætti að hafa einhverja ræktunarstarfsemi um hönd, þá er óþarft að vera endilega að seilast eftir þessum skika, sem liggur meðfram árbakkanum. Mér hefir verið skýrt svo frá, að fyrrv. búnaðarmálastjóri hafi ekki notað þetta land til kartöfluræktar, heldur til grasræktar og kálmetisræktar. Það land, sem hann á sunnan Varmár og ekki er í landi Reykja, er yfirleitt heldur ófrjór og grýttur melur, sem er mjög erfitt að rækta, en hinsvegar telur hann sig geta fóðrað þarna nokkrar kýr, og þess vegna þarf hann að halda þessu landi.

Þar sem ég er viss um, að Sigurður Sigurðsson hefir þörf fyrir þetta land sér til lífsviðurværis, og ég veit, að ríkið þarf ekki nauðsynlega á þessu landi að halda, þá hefi ég leyft mér að fella þessi leiguréttindi burt úr frv., en um hin leiguréttt-

indin, sem um er að ræða, á Reykjakoti, er það upplýst, að bóndinn þar hefir afsalað sér til ríkisins þeim leiguréttindum, sem hann hafði, svo að það er ekki um eignarnám að ræða gagnvart honum, og eins og allir vita, er þarna að hefjast ný starfsemi, þar sem menntaskólinn í Rvík hefir fengið leyfi til þess að reisa þarna sumarskála fyrir nemendur sína.

Ég hefi þá drepið á helztu rökin fyrir brtt. mínum. Að lokum skal ég geta þess, að í landi Reykja eru nú, eins og kunnugt er, nokkrir sumarskálar, sem að dómi þeirra manna, er bezt þekkja til, eru ekki lengur jafngóðir hvíldarstaðir og áður, vegna þeirrar starfsemi, sem þarna hefir risið upp. Landlæknir hefir tjáð mér, að hann væri því yfirleitt mótfallinn, að menn dveldu þarna í sumarskálum í nánd við hælið, og hann hefir ennfremur tjáð mér, að hann væri yfirleitt ekki hrifinn af því að fá skólann einmitt þarna í nánd við hælið.

Ég býst við, að hv. flm. áliti, að ég vilji láta fella niður eitt aðalatriði frv. með þessum till. mínum, en ég vil bara benda honum á það, að Alþingi getur alltaf, ef það telur þess þörf, tekið þetta land eignarnámi.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Hrafntinna.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (þmfrv., A. 117).

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Pétur Magnússon):** Frv. shlj. þessu frv. lá fyrir síðasta þingi; var það flutt af mér og hv. 1. þm. Eyf. Frv. þetta komst ekki nema til 2. umr. í þessari hv. deild, því að það mætti þegar allmikilli mótspyrnu hér. Síðar á því þingi voru þó veitt einkaleyfi, sem sízt var meiri ástæða til þess að veita en einkaleyfi það, sem hér er farið fram á. Í fyrra lagðist hv. 4. landsk. hvað mest á móti frv. þessu, en eftir að hafa átt tal við hann um málið nú, ber ég frv. fram að nýju.

Til viðbótar því, sem ég tók fram í fyrra, skal ég geta þess, að síðan hefir einkaleyfishöfðandi flutt dálítið út af hrafntinnu, þó í smáum stíl sé, því að hann hefir ekki þorað að leggja út í mikinn kostnað við þessar tilraunir, eins og nú standa sakir. Tilraunir þessar telur hann þó benda í þá átt, að afla megi nokkurs markaðar erlendis fyrir hrafntinnuna, því að þeir, sem hafi notað hana til múrhúðunar, séu ánægðir með hana. Má því búast við, að útflutningurinn geti aukizt nokkuð ört. En til þess að einhver þori að leggja fram fé til slíkra hluta sem þessara, þá þarf viðkomandi að hafa tryggt sér rétt til útflutningsins, svo að hann verði ekki sviptur honum fyrirvaralaust, því að það er jafnframt vitað, að þeir peningar, sem fyrst eru lagðir í þessa tilraun, nást ekki aftur, nema nokkurt áframhald verði á útflutningnum. — Legg ég svo til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

***Jónas Jónsson:** Eins og hv. flm. tók fram, þá hefir mál þetta legið fyrir þinginu áður, og voru menn ekki á einu máli um það þá. Að sjálfsögðu tel ég rétt, að frv. verði vísað til n. nú, en jafnframt tel ég sjálfsagt, að n. sú, sem fær það til meðferðar, leiti upplýsinga hjá þeim manni, sem hefir skapað þetta hagfræðilega verðmæti, en það er sem kunnugt er húsameistari ríkisins. Að notkun þessa byggingarefnis sé ekki svo þýðingarlítil, má sjá bezt á því, að ýmsir efnamenn hér í Rvík hafa látið mylja hina eldri múrhúðun utan af húsum sínum og setja þetta nýja efni í staðinn.

Eftir þeirri reynslu, sem fengin er um múrhúðunarefni þetta, þá virðist ekki útilokað, að hér geti orðið um útflutningsvöru að ræða, en mér finnst ekki rétt að binda þann útflutning, sem á þessu kann að verða, við þennan einstaka mann, sem frv. ræðir um, sem sýnilega vill fá rétt til þess að spekúlera með þessa uppgötvun ríkisins. Þá finnst mér og alveg sjálfsagt að hafa hærra útflutningsgjald af hverri útfluttri smálest en frv. gerir ráð fyrir, því að hér er um svo verðmæta vöru að ræða. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá tel ég sjálfsagt, að n., sem málið fær til meðferðar, ráðfæri sig við byggingarfræðing landsins.

Ef þinginu kynni nú að sýnast svo, að í þessu tilfelli væri rétt að veita einkaleyfi til stutts tíma, þá tel ég sjálfsagt, að það einkaleyfi verði ekki bundið við nafn, og jafnframt teldi ég rétt, að stj. væri heimilað að heimta t. d. allt að 20 kr. útflutningsgjald af smálest.

Hv. flm. taldi, að á síðasta þingi hefði svipuð mál og þetta verið samþ. Mun hann þar fyrst og fremst hafa átt við sérleyfið, sem veitt var til þess að vinna innlend litarefni. En þetta er bara ekkert sambærilegt, þar sem þar var um stórt gjaldeyrisspursmál að ræða. Í öðru lagi mun hann hafa átt við vikurinn. Þar skiptir sömuleiðis öðru máli. Hvað hann snertir, þá hafði Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari á Akureyri rutt hér nýja braut og lagt fram mikið fé í þær tilraunir, sem hann hafði gert með þetta efni. Það er því ólíku saman að jafna hvað þessi tvö sérleyfi snertir og það, sem hér er farið fram á að fá. Hér kemur fram alveg óviðkomandi persóna, sem stendur ekki í neinu sambandi við uppgötvunina, maður, sem ekki hefir svo mikið sem leitað til aðalbyggingarfirmanna á Norðurlöndum í þessu sambandi, hvað þá meira. Hann hefir því enga sérstaka ástæðu til þess að vænta þess, að honum verði veitt sérleyfi í þessu tilfelli frekar en öðrum.

***Flm. (Pétur Magnússon):** Það er síður en svo, að ég sé á móti því, að frv. þetta sé borið undir húsameistara, enda þótt það hafi verið gert á síðasta þingi og hann legði þá á móti því. Þá var hann með einhverjar bollaleggingar

um það, að ríkið tæki útflutning þessarar vörutegundar í sínar hendur, en ég hefi ekki heyrt, að hann eða ríkið hafi gert neitt í málinu síðan. (**JJ**: Jú, húsameistari hefir gert tilraun með sýnishorn). Það má vera, að svo sé, en það hefir þá farið dult.

Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að það væri engin ástæða til þess að veita þessum ákveðna manni, sem hér er um að ræða, einkaleyfið frekar en einhverjum öðrum. Það er nú þó svo, að maður þessi varð fyrstur til þess að flytja þetta efni út. Hann komst í samband við danskt byggingarfirma. Hversu gott samband það hefir verið, veit ég ekki, en hitt er víst, að það hefir sent sýnishorn af þessu múrhúðunarefni víða um Norðurlönd, og þau hafa líkað vel. Þar sem það er nú vitað, að maður þessi varð fyrstur til þess að ryðja þessu nýja múrhúðunarefni braut erlendis, og vill halda áfram með tilraunir sínar, þá virðist nokkur ástæða til, að hið opinbera láti honum þann styrk í té, sem að gagni má verða, jafnframt því, sem á það ber að líta, að það eykur ekki svo lítið vinnu í landinu, ef útflutningurinn gæti orðið í nokkuð stórum stíl.

Þá sagði hv. þm., að útflutningsgjaldið af þessari vöru væri allt of lágt eins og það er ákveðið í frv. Þetta kann að vera, en það er vitanlega á valdi þingsins að hækka það.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að það gegndi öðru máli um einkaleyfin, sem veitt voru í vetur til vinnslu á litarefnum og útflutnings á vikri, en um þetta. En ég verð að segja, a. m. k. hvað snertir vikurútflutninginn, að það sé sízt minni ástæða til þess að veita þetta einkaleyfi, því að sú hugmynd virtist mjög úr lausu lofti gripin. — Hvað málningarefnin snertir, þá verður ekki sagt, að verið hafi nokkur meiri ástæða til þess að láta málarameistara þá, sem einkaleyfið fengu, fá það, frekar en í þessu tilfelli einstakling þann, sem um einkaleyfið sækir. Þeir höfðu alls ekki lagt í neinn kostnað til undirbúnings því máli, heldur upplýstist það þvert á móti, að aðrir menn, sem ekki fengu einkaleyfið, voru búnir bæði að leggja fram vinnu og fé til undirbúnings því máli. Ég held því, að í þessu tilfelli þoli einkaleyfisbeiðandi fullkomlega samanburð við einkaleyfishafana frá í vetur, að því er snertir málninguna.

***Jónas Jónsson**: Umr. þessar geta frekar talizt upplýsingar um málið en hörð deila. Til frekari upplýsinga skal ég taka það fram, að húsameistari hefir einnig nú í seinni tíð unnið nokkuð að hinni teknisku hlið þessa máls, því að ég hefi séð erlendis sýnishorn frá honum, sem hann hefir sent byggingarmeisturum ytra. Hann hefir því haldið áfram uppgötvunarstarfsemi sinni, alveg án þess að vera með verzlun fyrir augum, uppgötvunarstarfsemi, sem getur orðið stór gjöf til landsins, ef allt fer sem að líkum lætur. Og þetta gerir húsameistari jafnt fyrir það, þó að laun hans séu ekki nema helmingur á móti því, sem aðrir sambærilegir starfsmenn hafa.

Þá vildi hv. flm. halda því fram, að kaupmaður sá, sem í þessu tilfelli vill fá einkaleyfi, hafi gert tilraunir í þessu efni. En þetta er ekki rétt; hann hefir aðeins gert það sama og ef hann hefði selt kjöt og fisk. Því getur hann haldið áfram, ef hann vill, og það eina, sem ætti að vera tap, er, ef einhverjir aðrir flyttu út þessa vöru líka. — Nú veit ég, að hv. 2. þm. Rang. er svo kunnugur hagfræðikenningum síns flokks, að hann veit, að því hefir verið haldið fram, að það væri um að gera, t. d. með fisk og kjöt, að framboðið væri á sem flestra höndum. Þó að breytt hafi verið út af þessu með fiskinn á síðustu tímum, þá nær það ekki til þessarar vöru, og ég get ekki séð annað en að það sé heppilegra fyrir þennan mann að halda áfram með þetta í frjálsri samkeppni, a. m. k. ef hann hallast að þeirri hagfræðilegu pólitísku trú, sem ég hygg, að hv. flm. styðjist við.

Þar sem hv. flm. vék að hinum einkaleyfunum, þá hrakti hann það ekki, að Sveinbjörn Jónsson hefði átt hugmyndina að því að nota vikur sem einangrunarefni í byggingar, og það hefir verið sannað með tilraunum, að það hefði verið æskilegt líka hér á landi að nota vikur til einangrunar í hús. Um hitt er ég raunar samdóma hv. þm., að það séu ekki ákaflega miklar líkur til þess, að Sveinbirni Jónssyni takist það nú, en það var a. m. k. sú réttlæting, að hann fékk með þessu móti að reyna sínar eigin hugsjónir.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Það, sem kemur mér til þess að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál, eru þær umr., sem farið hafa fram á undanförnum þingum um skyld mál.

Þegar þetta mál lá fyrir síðast í þessari hv. d., var m. a. færð sú ástæða fyrir því, að ekki væri rétt að láta það ganga fram vegna þess, að hér væri um verðmæti að ræða, sem ríkið í heild gæti notað á arðsaman hátt. Ég hefi ekki heyrt við þessar umr. nú, að neitt slíkt hafi komið fram, að þessi skoðun sé fallin úr gildi. — Hér mun sennilega vera vöknuð nokkur hreyfing fyrir því, að hrafntinna sé nytsamleg til þess að skreyta með hús manna, og augu útlendinga hafa opnazt fyrir því, að hér sé um steintegund að ræða, sem vert sé að gefa nokkuð fyrir.

Ég kynni nú betur við, ef útflutningur þessarar vöru ætti að vera á einni hendi, að þá væri það ríkið eitt, sem hefði hann með höndum, og meðan svo er ekki, er ég yfirleitt á móti því, að einum manni eða einu firma sé veitt slíkt einkaleyfi, því að ef eftirspurnin vex, því þá ekki að leyfa þeim mönnum, sem geta náð í þessa steintegund, að flytja hana út? Ég geri ekki ráð fyrir, að það yrði svo mikið kapphlaup, að það gæti ekki orðið arðsöm verzlun. Augu manna eru að opnast fyrir því, sérstaklega hér á landi, að hrafntinna er þess virði, að hennar sé aflað, og ég geri ráð fyrir, að það geti orðið fleiri en einn og fleiri en tveir, sem vildu gera það að atvinnu að sækja hana þangað, sem hún er, og vinna hana. Ég tel það varhugavert af hæstv. Alþingi að veita sérstökum mönnum fríðindi með því að þeir einir og engir aðrir fái sérstöðu til þess að flytja verðmæti, hvort sem það eru steintegundir eða annað, út úr landinu.

Ég hefi ekki heyrt í þessum umr., að þeir,

sem héldu svipuðu fram og ég nú, þegar þetta lá síðast fyrir þinginu, hafi breytt skoðun frá því, sem þá var. Hinsvegar verð ég að játa, að samræmið í að veita einkaleyfi er ekki á eina og sömu lund hjá þessari hv. d., og kom það bezt í ljós, þegar var verið að ræða annað mál, sem gert var að lögum á síðasta þingi. Eins og ég var því máli mótfallinn, þá mun ég á sama hátt vera því mótfallinn að veita þetta einkaleyfi.

Ég vil að síðustu geta þess, að ég man ekki betur en að þetta mál hafi verið í fjhn., þegar það lá hér síðast fyrir. (PM: Það mun vera rétt). Ég vil því gera að till. minni, að málinu verði vísað til sömu nefndar og það var í. — Á þessu stigi málsins vil ég ekki teygja umr. frekar.

***Flm. (Pétur Magnússon):** Þeir tala um þetta mál, bæði hv. þm. S.-Þ. og hv. 4. þm. Reykv., á þann veg eins og væri verið að binda útflutning á hrafntinnu um aldur og ævi. En ef þeir hafa lesið frv., þá hljóta þeir að sjá, að tíminn, sem hér er ráðgerður, er ekki nema 4½ ár, eða það má gera ráð fyrir, að ekki verði um lengri tíma að ræða. Það er augljóst, að þó að einkaleyfið verði veitt á þessu þingi, getur útflutningur ekki byrjað fyrri en meira en helmingur ársins er liðinn.

Hv. 4. þm. Reykv. er að tala um, að hann sjái ekki ástæðu til að veita þetta einkaleyfi, og hv. þm. S.-Þ. er einnig að tala um það, að það ætti að vera auðvelt fyrir þennan mann að flytja út þessa bergtegund í samkeppni við aðra. En ég vil benda þessum mönnum á það, að það þarf ekki að gera ráð fyrir, að útflutningur fyrsta árið verði verulega mikill. Ef þetta gengur vel, þá fer útflutningurinn smávaxandi ár frá ári, og í frv. er gert ráð fyrir því, að lágmarksútflutningur verði ekki undir 100 smálestum eftir að þetta ár er liðið. En þessi maður, sem ætlazt er til að fái einkaleyfið, hefir ráðgert að setja upp uppi á öræfum, þar sem bergtegundin finnst, talsvert kostnaðarsamar vélar til þess að mala hrafntinnuna þar, í þeim tilgangi að spara flutningskostnaðinn til Reykjavíkur, sem er stór liður í þeim kostnaði, sem hér er um að ræða. Því að það er, að ég ætla, meira en helmingur af bergtegundinni, sem hingað er flutt, sem gengur úr og verður ónýtt, þegar malað er. Það á því að mega spara flutningskostnaðinn um helming með því að setja upp mölunarvélar þar, sem bergtegundin er. En ef þessi maður, sem hér er um að ræða, á að gera ráð fyrir því, að svo og svo margir aðrir verði einnig um þennan útflutning á næstu árum, þá getur hann gert ráð fyrir því, að fyrir þann útflutning, sem hjá honum lendir, muni ekki borga sig að leggja í þann kostnað, sem því er samfara að mala hrafntinnuna uppi á fjöllum. Það er höfuðástæðan til þess, að hann fer fram á að fá þetta einkaleyfi, og hann vill fá nokkurnveginn tryggingu fyrir því að geta fengið endurgreiddan þann stofnkostnað, sem hann verður að leggja í, til þess að geta hagað þessum útflutningi á sem hagkvæmastan hátt.

Það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., að þessi bergtegund sé eingöngu notuð til þess að skreyta með hús. Ef á annað borð á að vera um einhver framtíðarnot að ræða, þá er það af því, að líkur benda til, að hér sé um varanlegri húðun að ræða heldur en kostur er að fá á annan hátt. Þetta sparar málningu, og rannsókn, sem fram hefir farið, bendir í þá átt, að hér sé um varanlega húðun að ræða. Ef svo þessi tilraun lánast vel og útflutningur vex ár frá ári, þá er það augljóst, að þegar frá líður, geti vel komið til greina að flytja út í samkeppni við aðra. En það verður vitanlega að vera einhver lágmarksútflutningur til þess að það geti svarað kostnaði að leggja fram fé til þess að undirbúa þessa vöru til útflutnings.

Ég get ekki séð annað en að það sé fullkomlega eins mikil ástæða til þess að veita þetta einkaleyfi eins og einkaleyfið fyrir vikurútflutningnum, og ef það væri rétt, að þessi maður gæti í samkeppni við aðra lagt í þennan kostnað, sem er samfara byrjunartilraunum í þessu efni, þá hefðu vitanlega þeir, sem flyttu út vikur á sama hátt, getað gert það í samkeppni við aðra. En mér finnst fyrir mitt leyti það undarlegt ósamræmi eftir það, sem gert var á síðasta þingi, ef ætti að synja um þetta einkaleyfi. Það virðist ekki hættulegt að leyfa þessum manni að brjóta ísinn og hafa einn réttinn til útflutnings í 4½ ár, og lofa honum að gera þær tilraunir, sem svo síðar ættu að geta komið að haldi fyrir landið í heild, úr því að hann sjálfur vill ráðast í það.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi litlu að bæta við það, sem sagt hefir verið. Ég get lagt það eitt til þessara mála, að ég tel rétt og sjálfsagt, ef hér er um nýja markaðsvöru að ræða, að notfæra sér hana eftir því sem hægt er, því að það eykur erlendan gjaldeyri inn í landið, ef vel selst. — Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði vísað til hv. allshn. Það var sérstaklega þess vegna, sem ég vildi standa upp og leiða athygli n. að því, að athuga um það, áður en farið væri að flytja þessa vöru út í stórum stíl, hve mikið er til af þessari vöru í landinu. Ég veit ekki, hvort það hefir verið rannsakað áður, en mér finnst rétt, áður en nefndin kemur með till. sínar, að afla skýrslna frá jarðfræðingum um það, hvort þeir telja birgðirnar miklar af þessari vöru hér á landi. (PM: Það er áreiðanlega nóg til næstu 100 þúsund ára).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 8:4 atkv.

Á 51. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, n. 343).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Eins og sjá má, er nál. mjög stutt. Hefir n. orðið ásátt um að mæla með, að frv. verði samþ., þó með þeim fyrirvara, að nefndarmenn áskilja sér rétt til að vera

með eða flytja brtt. Einn nm. hefir nokkru frekari fyrirvara.

Eins og hv. þm. er kunnugt, var shlj. frv. flutt hér á síðasta þingi, og er það nú flutt hér alveg óbreytt, jafnvel þó leyfistíminn styttist við það um eitt ár, þar sem hann er í báðum frv. bundinn við 1940. Ástæðan til þess, að frv. kom fram, er sú, að hér er um efni að ræða, sem líkur benda til, að vinna megi úr vöru, sem hægt sé að afla markaðs fyrir í öðrum löndum. Er hér ekki aðeins um eina fegurstu húðun að ræða, sem völ er á, heldur álíta menn, að hún muni einnig verða mjög varanleg. Er því merkilegt, ef ekki er hægt að ná útbreiðslu fyrir hana í nágrannalöndunum.

Það hefir helzt verið haft á móti frv., að ef líkur væru til, að afla mætti markaðs fyrir þessa vöru, þá ætti ríkið — eða þá finnandi hennar, sem mun vera talinn húsameistari — að taka vinnsluna að sér. En frv. til málsbóta má segja, að þau ár, sem liðin eru síðan þetta efni var fyrst prófað, hefir ekkert verið gert, og ég sé ekki fram á, að þau 4 ár, sem sérleyfið á að gilda, muni nokkuð verða gert, nema einstaklingar brjóti ísinn. Ef ekki tekst að hefjast handa og flytja út a. m. k. 100 smál. á ári, missir sérleyfishafi réttinn. En ef fyrirtækið lukkast, er það hagur fyrir ríkið, ef sérleyfishafi getur unnið markað. Eina ástæðan til þess að vera á móti frv. væri því sú, ef ríkið ætlaði að hefjast handa nú þegar. Það, sem vakti fyrir nefndarm., var, að þeim sýnist frv. í öllu falli meinlaust, en geta leitt til hagsbóta, ef hér gæti orðið um útflutningsvöru að ræða. Það má að vísu segja, að hver einstaklingur sé frjáls að því að hefjast handa og flytja út, en fyrir slíkt fyrirtæki þarf allkostnaðarsaman útbúnað og dýr áhöld, og þarf því að vera nokkur trygging fyrir útflutningnum, til þess að von sé til að hafizt verði handa. Það sýnist hættulitið fyrir hv. d. að samþ. frv., en gæti leitt til nokkurs gagns, ef tilraunin heppnaðist.

*__Jón Baldvinsson:__ Ég lagði nú á móti því á síðasta þingi, að þetta mál væri samþ., en á því sama þingi voru veitt einkaleyfi einst. mönnum, sem eru hliðstæð því, sem farið er fram á í þessu frv., og þar sem hér er ekki um að ræða nema fjögra ára einkaleyfi, og enginn undirbúningur er hafinn til þess að ríkið ráðist í þessar framkvæmdir fyrst um sinn, þá er í raun og veru enginn skaði skeður, þó þetta einkaleyfi sé veitt. Ég sé mér þó ekki fært að greiða atkv. með frv., en mun ekki leggja stein í götu þess og greiði ekki atkv. — Annað hefi ég ekki um þetta mál að segja. Þetta er minn fyrirvari, sem getið er um í nál.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég lýsti við 1. umr. minni afstöðu til málsins. Ég get ekki gengið inn á þá principstefnu yfirleitt að veita sérstökum mönnum einkaleyfi til eins eða annars, sem öllum er frjáls aðgangur að. Það geta allir, eins og nú er, flutt út hrafntinnu. Og ég óttast ekki, að það verði svo mikið kapp um þetta manna á milli, að það þurfi að veita sérstaklega einkaleyfi til þess að flytja þessa vöru út. Ég mun því eins og áður greiða atkv. á móti þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

__já:__ MG, PHerm, PM, ÞBr, BSt, HermJ, JAJ, EÁrna.

__nei:__ SÁÓ, IngP.

HG, JBald greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (JJ, MJ, ÞÞ, GL) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

51. Uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga (þmfrv., A. 238).

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

__Flm. (Guðrún Lárusdóttir):__ Það má segja, að raunalegt sé að þurfa að bera fram slíkt frv. sem þetta. En það þýðir ekki að leyna fyrir sér sannleikanum í þessu efni, og ekki heldur að skjóta sér undan þeim skyldum, sem þjóðfélagið hefir í þessum efnum. Það hafa vitanlega á öllum tímum verið til vandræðabörn, og nú er komið sem komið er, og grg. frv. ber það ljóslega með sér, að frv. er ekki að ófyrirsynju fram borið. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp hér, sem í grg. stendur. Það er óþarft, því hv. þdm. munu hafa lesið grg., og það sést fljótt,

að þessu er nú þann veg komið, að fyllilega er komið mál til þess að þjóðfélagið hefjist handa og komi til hjálpar þeim heimilum, sem erfitt eiga í þessum efnum, og þeim börnum, sem komin eru út á hálan og veikan ís, sem fyrr eða síðar hlýtur að bresta undan fótum þeirra, ef ekki er að gert til að beina þeim á betri leið. En sjálfsagt væri hægt að afstýra mörgum slysum, ef einhver stofnun væri til hjálpar í þessum efnum. Það er raunalegt að hugsa til þess, að svo skuli vera ástatt, að nú skuli sitja hér í fangelsi ungir menn — menn á bezta skeiði —, ef til vill mest vegna þess, að þeir hlutu ekki í barnæsku sinni þá meðferð og það uppeldi, sem þeir þurftu til þess að geta komizt klaklaust framhjá skerjunum.

Nú fyrir stuttu hitti ég konu utan af landi og átti tal við hana um þetta mál, og sagði hún mér, að þar, sem hún ætti heima, í allfjölmennu kauptúni, sé það orðið til mikilla vandræða, að ekki er til neinn staður, sem hægt sé að ráðstafa í slíkum börnum. Þessi þörf væri sí og æ að verða meira og meira aðkallandi og ýms heimili væru að gefast upp við uppeldi barnanna, vegna þess að börnin gerðust æ ódælli og erfiðari viðfangs.

Til þessa hefir þannig hagað til hjá okkur, að þegar um erfið börn hefir verið að ræða eða börn, sem hafa brotið landslög, þá hefir það oftast verið eina úrræðið að hlaupa í að útvega fyrir þau dvalarstað í sveit. Fram að þessum tíma hefir það verið eini bjargarvegurinn; en eftir því sem tímar líða og börnum fjölgar, verður þetta æ erfiðara. Í því sambandi ber einnig að líta á fólksekluna í sveitunum og að kvennafæð er víða svo mikil í sveitum, að húsmæður geta enga hjálp fengið; en ekki er von, að einyrkja konur í sveitum geti bætt við sig börnum, sem þurfa mikla umönnun. Út af fyrir sig er það mikið alvörumál og áhyggjuefni, hve fátt fólkið er í sveitunum og hve mikið það sækir í kaupstaðina, þar sem heita má ofhleðsla af fólki og fólkið flækist hvað fyrir öðru án þess að hafa þar nokkra atvinnu eða atvinnuvon. En það kemur þessu máli ekki við, nema að því leyti, að sí og æ verður erfiðara að útvega dvalarstaði fyrir þessi börn. Sveitaheimilin geta ekki bætt á sig börnum, og hér í Reykjavík — og í fleiri kaupstöðum — er mikið af börnum, sem þurfa sérstaks eftirlits og umhugsunar. Hér hefir oft verið komið til barnavinafélagsins með hóp af börnum, sem hefir þurft að útvega dvalarstaði fyrir, og tekur það oft langan tíma, en það er mjög bagalegt, því meðan börnin eru á heimilum sínum, halda þau uppteknum hætti. Það, sem hér ríður á, er að hefjast handa um að koma upp heimilum, sem hafa aðstöðu til að taka á móti þeim börnum, sem þannig er ástatt um, og veita þeim gott og heilnæmt uppeldi.

Í grg. frv. er bent á það, hve aðrar þjóðir, og sérstaklega Danir, eru langt á undan okkur í þessu efni. Það er leiðinlegt að vera alltaf eftirbátur annara, en í þessu sem fleiru verðum við nú að sætta okkur við að vera eftirbátur annara menningarþjóða. En það er sýnt, að þetta er eitt af mestu þarfamálum þjóðfélagsins, þegar þessi barnaheimili eru rekin á réttan hátt og verða til þess að börnin verða að nýtum borgurum, þjóðfélaginu til gagns og sæmdar.

Ég tek það fram í frv., að heimilin verði reist í sveit. Það getur verið, að menn greini á um það atriði, en mín skoðun er sú, að slíkar stofnanir eigi hreint og beint að vera í sveit, en ekki í kaupstöðum. Sveitalífið hefir góð og heilbrigð áhrif á börnin, og það, að börnin fái tækifæri til að sjá fagra náttúru og landslag, tel ég ekki hvað minnst virði. Við vitum öll, að börnin eru næm fyrir fegurð og að allt umhverfi hjálpar til að móta barnssálirnar, og ég legg ekki hvað minnsta áherzlu á það, þegar þessi heimili verða stofnuð, að þá verði sótzt eftir sem fegurstum stöðum.

Það getur verið, að einhverjum þyki það varhugavert að stefna mörgum vangæfum börnum saman á einn stað, og vitanlega er allt undir því komið, að stjórn heimilanna sé góð og heimilisblærinn sé í alla staði góður. Ég held, að fá börn séu svo harðsnúin, ef þeim er sýnd alúð og farið að þeim með nauðsynlegri lagni, að þá tækist ekki að laga þá bresti í fari þeirra, sem mundu ella þroskast, ef ekki væri að gert í tíma.

Þá er annað, sem ég vil minnast á í sambandi við dvöl í sveit, og það er hið heilnæma starf og mikil útivera, — ræktun jurta og blóma og svo að kynnast dýrunum, þessum góðu vinum mannanna. Ég held, að sú uppfræðsla, sem börnin fengju á þann hátt, yrði þeim til mestu blessunar. Þannig fengi sá kærleiksneisti, sem er í barnshjartanu, útrás og þróun við það að hlynna að blómum og dýrum, og yrði það bæði til þess að glæða fegurðartilfinningu barnanna og tendra hjá þeim ást til alls, sem lifir.

Til að benda nokkuð á þá reynslu, sem hér er fengin á því að safna mörgum börnum saman á einn stað, vil ég minna á heimili Oddfellowreglunnar við Silungapoll, þar sem æðimörg börn hafa dvalið saman. Síðastl. sumar voru þar um 60 börn frá misjöfnum heimilum, misjöfn að upplagi og vön misjöfnum siðum og misjafnri umönnun. Við þessum börnum hefir verið tekið af vandalausum stúlkum, og nú mætti kannske hugsa sér, að börnin yrðu erfiðari viðfangs, þegar þau koma þannig öll saman á eitt heimili, sitt úr hverri áttinni. Ég hefi innt eftir því, hvernig börnin hafi hegðað sér þarna — með það fyrir augum að komast að því, hvernig það gefist að safna þannig saman mörgum börnum á einn stað —, og ég hefi ekki fengið nema það eina svar, að börnin hegði sér prýðilega. En þess ber að gæta, að þarna er afbragðs vel búið að börnunum. Oft hefi ég óskað þess, þegar ég hefi verið við Silungapoll, að hin íslenzka þjóð mætti bera gæfu til þess að eiga slík heimili fyrir þau börn, sem erfiðust þykja og bágast eiga, — heimili, þar sem mikið er um náttúrufegurð og hægt er að benda börnunum til lestrar í hinni miklu bók náttúrunnar, sem þar er opin undir þaki hávelfds himins. Þar mundi minna bera á illum tilhneigingum barna heldur en í skarkala og glaumi kaupstaðanna. — Ég hefi dvalið við sumarfegurð sveitanna og kosti sveitalífsins, af

því að ég legg ríka áherzlu á það, að þessi heimili, hvenær sem þau verða stofnuð, verði höfð í sveit, og einmitt þar, sem náttúrufegurð er mikil.

Það er engin leið til þess að ætla á þann kostnað, sem þetta kann að hafa í för með sér. Hann hlýtur að verða mikill, en við megum ekki horfa í það. Við getum alveg eins vel spurt, hvað þau mannsefni kosti, sem tapast vegna aðgerðaleysis þjóðfélagsins í þessu mikla nauðsynjamáli. — Nú hefir barnaverndarráð farið fram á það, að veittar verði úr ríkissjóði 20 þús. kr. til barnaverndarheimila í landinu, sérstaklega til þess að reka dagheimili fyrir börn og unglinga. Það er fyrir fjárskort og getuleysi þeirra félaga, sem hafa áhuga fyrir þessu máli, að ekki eru fleiri slík heimili starfrækt hér á landi. Hefi ég komizt að raun um það fyrir nána athugun á því máli. Fyrir nokkrum árum tóku ýmsar konur á Siglufirði sig saman um að stofna þar dagheimili fyrir börn; þar er þörfin ákaflega mikil fyrir slík heimili, einkum um sumarmánuðina. Heimilið starfaði í 2 ár; en svo höfðu konurnar ekki bolmagn til þess að halda því lengur áfram, vegna fjárskorts. Sama er að segja um Akureyri. Þar hefir verið notaður skúr til bráðabirgða í þessum tilgangi, og mjög af vanefnum gerður vegna fjárskorts, en þar þarf að koma upp húsi fyrir barnaheimili fyrr eða síðar.

Það, sem vakir fyrir barnaverndarráði, er að fá heimild fyrir 20 þús. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði í þessu augnamiði. Mætti þá sameina þetta tvennt, það, sem farið er fram á í þessu frv., og hitt, sem fyrir barnaverndarráði vakir. Það, sem nú er mest aðkallandi, er að fá fé til þess að styrkja fátæka foreldra til að koma börnum sínum fyrir á góðum stöðum í sveitum, sérstaklega þeim börnum, sem fyrir misheppnað uppeldi er hætt við hrösunum. Það verður að bjarga þeim í tæka tíð upp úr soranum. — Mér dettur í hug í þessu sambandi það, sem haft er eftir Matthildi Wrede, sem kölluð hefir verið vinur fanganna. Hún sagði: „Þegar ég fer inn í fangelsin til að tala við fangana, þá finnst mér ég vera að fara niður í námu til þess að leita að gulli og hreinsa það frá soranum.“ — Þegar við erum að leitast við að bjarga börnunum frá ófarnaði, þá erum við að forða því, að gullið týnist í soranum.

Með þessum orðum leyfi ég mér að leggja frv. fram fyrir hv. þd., og legg ég til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Drykkjumannahæli.

Á 47. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. **um drykkjumannahæli** (þmfrv., A. 312).

Á 49. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Það þarf ekki langa ræðu um þetta mál. Það munu allir vera á sömu skoðun um það, að það sé nauðsynlegt, að stofnað sé hæli fyrir drykkjumenn. Áfengisbölið er alþekkt böl, og allar þess hörmulegu afleiðingar, svo að menn þurfa ekki að ganga í neinar grafgötur um það. En hitt er það, að margt kemur til greina í þessum efnum, sem þarf nánari athugunar við heldur en tækifæri gefst til á þessu þingi, því það er orðið svo áliðið þingtímans. En mér þykir vænt um, að frv. er komið fyrir hv. d., og ég geri mér vonir um, að það komist til n. og að hún geti fjallað um það og skilað áliti sínu um það. — Hér er um mál að ræða, sem þarf að tala um og taka afstöðu til. Við höfum enga reynslu af slíkum hælum hér. Þau hafa ekki verið til, en aðrar þjóðir hafa mikla reynslu í þessum efnum, og má þar fyrst og fremst nefna Dani, sem hafa meira en 30 ára reynslu, og hefir sú reynsla leitt í ljós, að það hefir oft verið hægt að bjarga mannsefnum, sem ella hefðu tortímzt vegna drykkjuskapar, og þar með hefir heimilum þessara manna einnig verið bjargað, hvort sem í hlut hafa átt giftir eða ógiftir menn, því allir eiga þessir menn einhverja aðstandendur. Og þegar um það er að ræða, að bjarga einstaklingnum í hverju tilfelli, þá má segja, að verið sé að hugsa um heildina. Þess vegna held ég, að ef við Íslendingar gætum eignazt gott hæli fyrir drykkjumenn, þá mundi reynslan verða sú hin sama hér hjá okkur. Í Noregi er svipað ástatt. Það hefir verið lítið talað um þetta hér. Þó var í fyrra samþ. þál. um það, að skora á stj. að undirbúa löggjöf um drykkjumannahæli og hefjast handa í þessu efni, en það hefir ekki verið gert. Ég ætla nú ekki að endurtaka neitt af því, sem þá var sagt. Ég vil aðeins minna á það, að í Noregi byrjaði starfsemin þannig, að læknafélögin létu þetta mál til sín taka og reyndu að ráða bót á böli ofdrykkjunnar. Það hefir gefizt vel og margir hafa haft gott af starfinu. En af því að aðstaðan til þessa starfs var ekki sem heppilegust, þá fór það á annan veg en við var búizt. En smám saman tók ríkið málið í sínar hendur, og síðan hafa verið starfrækt víðsvegar í Noregi drykkjumannaheimili, og hefir slíkt hvarvetna gefizt hið bezta. — Sem stendur eru starfandi í Danmörku þrjú hæli, sem rekin eru af bindindisfélagi, sem kallast „Blái krossinn“. Það rekur öll þau hæli, sem Danir hafa nú, en það er gert með ríkisstyrk, annaðhvort á þann hátt, að gefið er með einstökum mönnum eða þá að ríkið

leggur fram vissa upphæð til hvers hælis. Ég hefi lesið um rekstur þessara hæla og veit, að þau hafa gengið í bezta lagi. Þar er lögð áherzla á að manna þessa menn og hafa á þá siðbætandi áhrif, og svo hinsvegar að styrkja líkamlega heilsu þeirra, en á hvorutveggja er mikil þörf.

Ástandið í þessum efnum hjá okkur er mjög hörmulegt. Það þarf ekki annað en einn ofbeldissaman drykkjumann til þess að sundra heilu heimili, því það getur ekkert við slíkan mann ráðið eða gert. Það hefir stundum verið gripið til þess að setja þá í „steininn" meðan er að renna af þeim mesti móðurinn, eða þeim hefir verið komið fyrir á Kleppi, þegar bezt lætur. Hvorttveggja þetta eru vandræðaráðstafanir, sem ekki eru til frambúðar, og í sumum tilfellum er síðari villan verri hinni fyrri, ekki sízt þegar þessum vesalingum er stungið inn í „steininn". Það hefir þó verið dálítil hjálp, þegar Kleppur hefir tekið að sér mann og mann, og hafa þeir þá dálítið lagazt um tíma, en vanalega hefir brátt sótt í sama horfið, og þetta því ekki verið hjálp til frambúðar, heldur aðeins bráðabirgðaúrlausn.

Það má vitanlega segja, að á þessum erfiðu tímum, þegar fátæktin sverfur að þjóðinni, séu ekki tímar til þess að tala mikið um stofnanir af þessu tægi eða öðru. — En mér finnst samt, að ríkið, sem græðir tvær milljónir á ári á vínsölunni, ætti að geta látið af hendi þær sárabætur við öllu því böli, sem fylgir vindrykkjunni, sem í því eru fólgnar að stofna drykkjumannahæli, og er þá enginn að tala um að byrja í stórum stíl. Það getur gefizt vel, þó að byrjað sé í smáum stíl og án þess að kosta mjög miklu til. Það, sem vakað hefir fyrir mér með stofnun slíks hælis, er ekki það, að byrjað sé á því að reisa stórbyggingu né kosta miklu til, heldur að þeir, sem um þetta mál fjölluðu, hefðu það í huga að taka til notkunar í þessu skyni til að byrja með eitthvað af því jarðnæði, sem ríkið hefir þegar til umráða. Mér finnst, að það sé heppilegast að hafa þetta starf með höndum uppi í sveit, þar sem nóg skilyrði eru til vinnu fyrir þessa menn yfir allt árið. Það mun vera undantekningarlaust hjá þeim þjóðum, sem komið hafa upp slíkum hælum, að fyrir valinu hafa orðið afskekkt sveitahéruð. Ég hefi lesið umsögn merks læknis í Noregi, þar sem hann kvartar mikið undan því, að hæli læknafélagsins sé svo mjög í þjóðbraut, að drykkjumennirnir hafi alltaf haft mörg tækifæri til þess að hafa mök við sína fyrri félaga. Til þess eru vítin að varast þau, og til þess minni ég á þetta, að það sé haft í huga í sambandi við málið, því það er vinnufriðurinn og rósemin, sem umfram allt er nauðsynlegt fyrir menn, sem illa eru komnir af völdum vínsins. Og vitanlegt er, að það er mikið hægt að draga úr kostnaðinum með því að hafa bújörð til afnota í þessu skyni, því þá kemur af sjálfu sér ýms arðberandi vinna, sem gæti orðið heimilinu til hagsbóta.

Ég hefi í þessu frv. bundið það við vissan tíma, hvenær þetta hæli skuli stofnað, og tiltekið, að það skuli vera stofnað í síðasta lagi fyrir árslok 1937. Með því að tiltaka þetta er ég að reyna að tryggja það, að eitthvað verði gert, og sýnist mér, að það geti ekki verið neitt álitamál, að nauðsyn sé á því, að byrjað verði sem allra fyrst á framkvæmd í þessu máli. — Ég minnist á það í grg. frv., að ég telji heppilegt, að nafnið drykkjumannahæli verði ekki fest við þetta hæli. Það væri heppilegra, ef hægt væri að nefna það einhverju þægilegu nafni, sem gæfi til kynna, hver tilgangurinn væri, án þess að minna of mikið á aðalrót bölsins, drykkjuskapinn. Mér hefir dottið ýmislegt í hug í þessu sambandi, og mun ég biðja n., sem fær málið til meðferðar, að íhuga, hvað henni finnist t. d. um að kalla það bjargstöð. Ef bújörð í sveit yrði fyrir valinu, þá mundi hælið auðvitað fyrst til að byrja með bera bæjarheiti jarðar þeirrar, sem fyrir valinu yrði. Við getum auðvitað aldrei gengið framhjá þeirri sorglegu staðreynd, sem er ástæðan fyrir þessu hæli, en það er mannúðlegt og skynsamlegt að binda ekki um of orsök bölsins við heiti slíkrar stofnunar, sem menn þessir eru sendir í til að fá hjálp og lækningu.

Ég hefi svo ekki öllu fleira við þetta að bæta. Ég veit, að úti um allt land er fjöldi fólks, sem æskir einskis frekar en að eignast hæli fyrir þessa menn. Það má kannske segja með tilliti til eldri mannanna, að það sé of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í, þó það sé aldrei of seint að byrja á umbótastarfi. Og gagnvart yngri mönnunum, þá er það nauðsynlegt að kippa þeim burtu af braut, sem til glötunar liggur, áður en þeir sökkva svo djúpt, að þeir eiga varla afturkvæmt.

Ég legg svo þetta frv. fyrir hv. d., og óska ég, að hv. allshn. verði látin fjalla um það.

*__Jónas Jónsson__: Ég vil segja fáein orð um þetta frv., því það er orð í tíma talað, og eins og getur um í fskj., þá er full þörf fyrir slíkt hæli. Hitt er annað mál, að það er ekki víst, að það verði hægt að gera það, sem gera þarf í þessu máli fyrir árslok 1937, a. m. k. ekki ef það ætti að vera í stórri mynd. En í þessu kemum fram áhugi hv. frsm.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram í síðari hluta ræðu hv. frsm., sem er í ósamræmi við frv., en það er um nafnið á þessu hæli. Ég hallast að því, sem kom fram í ræðunni, en er á móti því eins og það er í frv., að slík hæli séu kölluð drykkjumannahæli. Ég held, að það þurfi, til þess að spilla ekki tilgangi stofnunarinnar, að hafa hana þannig, að það væru fleiri en drykkjumenn, sem þangað kæmu. Þetta er annað aðalatriðið, þar sem svo að segja hver þekkir annan og ekki er t. d. hægt að fara til Hafnarfjarðar án þess að allur bærinn viti það. Ein aðalhættan er, að vitneskja allra um þetta brjóti manninn niður, þar til það er komið inn í meðvitund manna, að þetta sé eins og hver önnur veiki, sem ekki þýði að fordæma fyrir. Ég hygg, að það þyrfti að kalla það taugahæli, og það þyrfti að vera þannig gert, að það færu þangað fleiri en drykkjumenn, og er það í samræmi við það, sem kom fram í ræðu hv. þm.

Ég geri varla ráð fyrir, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, því það er orðið svo álíð-

ið þings. En málið verður að rannsakast í n., og munu allir vera sammála um, að það þurfi að sinna þessu máli. Ef útlit er fyrir, að mikill kostnaður falli á landið, þá hikar ríkið við, þó nauðsyn sé fyrir hendi.

Ég er samdóma hv. flm. um það, að þetta hæli megi ekki vera í þjóðbraut, en þó má það ekki vera svo afskekkt, að erfitt sé að komast þangað. Það hefir í þessu sambandi m. a. verið nefnd jörð nærri Akureyri, sem er fáanleg til kaups fyrir hálfvirði. En það er ef til vill galli á þeim stað, að hann er of nærri bænum, en ég geri ráð fyrir, að það þurfi að rannsaka það nokkuð ýtarlega, hvernig þessu verður bezt fyrir komið. Ég geri ráð fyrir, að það verði ekki komizt hjá því að hafa lækni á hælinu, og þá gerir minna til, þó að það sé afskekkt. Það má þó ekki vera svo afskekkt, að erfitt sé að koma sjúklingum þangað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

53. Fjárforráð ómyndugra.

Á 49. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á 10. gr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847 (þmfrv., A. 318).

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Svo sem getið er um í grg. þessa frv., er það flutt af allshn. eftir tilmælum hæstv. forsrh. En tildrögin til þess, að frv. er fram komið, eru í stuttu máli þau, sem tilgreind eru í grg. frv.

Sú breyt., sem hér er gert ráð fyrir, að gerð verði á tilskipun frá 18. febr. 1847 um meðferð á ómyndugra fé á Íslandi, er í því fólgin að nema úr tilskipuninni þau ákvæði, að þegar fasteign, sem veðsett er fyrir fé ófjárráðs manns, er boðin upp, þá skuli veita gjaldfrest, svo sem þar er tiltekið, sem mun vera 3 mánuðir, á helmingi kaupverðsins og 6 mánuði á hinum helmingnum. Það hefir nú verið svo undanfarin mörg ár, að þessum ákvæðum um gjaldfrest hefir ekki verið fylgt, síðan það fór að tíðkast, að lán voru tekin út á fasteignir í lánsstofnunum, sem vitanlega voru ekki til, þegar tilsk. var sett, því að það hefir ekki þótt allskostar viðeigandi að hafa þennan frest. En fyrir skemmstu var höfðað mál út af því, að þessu ákvæði tilsk. hafði verið brugðið, og það varð að dómsmáli. Þess vegna er með þessu frv. fram komin till. um að nema þetta ákvæði úr gildi. Annars er ýtarlega um þetta getið í grg. frv.

Síðan allshn. hafði þetta mál til meðferðar hefir mér verið bent á, að það kynni kannske að vera rétt, úr því að hreyft er við þessari tilsk., að taka fleiri atriði í henni til athugunar. Ég hefi ekki rannsakað þetta til hlítar, né allshn. verulega heldur. En ég geri ráð fyrir, að á milli umr. athugi n., hvort ástæða sé til að breyta fleiru í þessari tilsk. en í frv. er farið fram á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég vil mælast til þess, að mál þetta sé tekið af dagskrá. Sumir hræðast, að ákvæði í frv. kunni að hafa truflanir í för með sér, ef það verður samþ. óbreytt. Mér var falið í allshn. að athuga málið, en hefi ekki haft tíma til þess enn.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

54. Fræðsla barna og skipun barnakennara og laun.

Á 49. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. l. um fræðslu barna, nr. 40 15. júní 1926, og l. um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 28. nóv. 1919 (þmfrv., A. 328).

Á 51. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jónas Jónsson)**: Ástæðan til þess að ég flyt þetta frv. er m. a. sú, að fjvn. sú, sem starfaði fyrir jól í vetur, tók til athugunar og gerði einfaldar till. í þá átt að færa saman kennslu meira en nú er, þannig að nokkur sparnaður gæti orðið. Öllum er það ljóst, að kennarastéttin er mjög óánægð með sín kjör, og hefir ástæðu til þess, eða mjög margir af kennurum landsins. — Í þriðja lagi liggur fyrir Nd. frv.,

sem er mjög stórt og ýtarlegt og á margan hátt mjög vel undirbúið, um allróttækar breytingar á fræðsluskipulaginu. En það er heldur ósennilegt, að það sé hægt, a. m. k. á svo stuttum tíma sem eftir er af þessu þingi, að leggja línur um framtíðarskipulag barnafræðslu. Þess vegna hefi ég reynt að leggja fram bráðabirgðatillögu um barnafræðslu og skipun kennara, sem miðar að því að taka þetta miklu einfaldar og reyna að skapa nokkurskonar millibilsástand í 3 ár, meðan verið er að þoka þessu máli í þá átt, sem vakir bæði fyrir þeim, sem standa að þessu frv., og stóra frv. í Nd., en þó með allverulegri breyt., sem þar er gert ráð fyrir. Þetta byggist á því, að menn eru sannfærðir um, að ekki er hægt að gera gagnkvæma breytingu á fræðsluskipulaginu allt í einu; menn eru að ýmsu leyti ekki undir þessa breyt. búnir, og tíminn ekki hentugur til hennar nú. N. hefir ekki verulega trú á, að það þýði að tala um skólabyggingar í stórum stíl eins og nú stendur. Við vitum, að það hefir verið erfitt í þinginu að styðja það litla, sem gert hefir verið í því máli upp á síðkastið. Það er ekki hægt að neita því, að almenningur í landinu er ekki búinn að átta sig á því, hvernig hann vill koma þessu máli fyrir til frambúðar. Ég hygg þess vegna, að sú tilraun, sem gerð er hér til að skapa millibilsástand, meðan verið sé að þreifa sig áfram, sé réttlætanleg, og geti allir verið sammála um að gera hana.

Í öðru lagi eru tvær fjárhagslegar breyt. frá því, sem er. Önnur á að vera til hagsbóta fyrir kennarana, en hin til hagsbóta fyrir gjaldendur. Það er í stuttu máli það að færa saman, eða ætla hverjum kennara meira verk en nú er, og jafnframt að bæta laun þeirra að nokkru. Dýrtíðin er nú mest hér í bænum og mest fyrir fjölskyldumenn. Og þar er líka gert ráð fyrir, að með þessari mjög auknu vinnu komi húsaleigustyrkur, sem væri nokkuð miðaður við það, hvað dýrt er að lifa hér. Það er einskonar staðaruppbót.

Eins og ég hefi tekið fram í aths. um þetta frv., þá byggist það að dálitlu leyti á því, að frv. um kennslubækur, sem liggur fyrir Nd., gangi fram, sem eftir minni hyggju á að geta gert mögulegt, að börnin þurfi minna að vera undir kennara hendi heldur en verið hefir. Þetta er auðvitað spádómur, en mér finnst þá vera til lítils barizt, ef ekki fást einmitt betri kennslubækur með hinu nýja útgáfuskipulagi. Og í þessu sambandi vil ég taka það fram, að við, sem sumpart höfum kennt börnum og kennum unglingum, við vitum, að þó að barnafræðslan sé ákaflega nauðsynleg og að mörgu leyti vel framkvæmd, þá hefir enn ekki tekizt að koma henni í það lag, sem maður gæti óskað. Ég get sagt t. d. um eitt þekkingaratriði, sem mikil áherzla er lögð á í barnaskólunum, reikninginn, að í langflestum unglingaskólum verður að byrja svo að segja á því léttasta í einskonartölum með unglinga frá fermingaraldri til tvítugs. Þeir taka sjálfsagt fyrr við sér, sem hefir verið kennt sem börnum, en það er ómögulegt að neita því, að bæði í þessu efni og öðrum er ekki hægt að ganga út frá, að öll þekking, sem reynt er að láta börnin hafa á skólaskyldualdri, beri tilætlaðan ávöxt. Það er náttúrlega eðlilegt, að ýmsu sé ábótavant, af því að við höfum haft mjög slæma aðstöðu og lítlar kennslubækur, lítil áhöld, lítilfjörleg húsakynni, lítt launaða kennara og stundum ekki vel undirbúna kennara, og þetta allt af skiljanlegum ástæðum. En það, sem þjóðin hlýtur að stefna að, bæði vegna kennara, barna og foreldra, það er að hafa eins fáa kennara og unnt er, launa þeim sómasamlega og ætlast til allmikillar vinnu af þeim.

Nú fylgja þessu ekki að vísu neinar hagskýrslur, en ég hefi fengið hjá fræðslumálaskrifstofunni skýrslur þær, sem birzt hafa í dagblöðum bæjarins og vöktu eftirtekt, m. a. fyrir það, hvað fá börn eru í sumum skólum. Það eru ekki svo óvíða aðeins 6—10 börn hjá kennara. Náttúrlega er þetta engin vinna fyrir kennarann. Ennfremur kom fram greinilega, hvað kostnaðurinn er misjafn í landinu. Í vissum farskólahéruðum er kostnaðurinn á milli 20 og 30 krónur á barn. Á öðrum stöðum er hann 260 krónur. Það hefir ekkert verið gert til að samræma þessa hluti. Kennararnir eru illa settir, mörg börn fá ekki viðunanlega kennslu, og sum fá næstum að segja of mikla kennslu. Ég hefi vikið að því í aths. þessa frv., að það er eðlileg og réttlát krafa, sem kennarasambandið hefir gert, að vandað sé enn betur til kennaramenntunarinnar en verið hefir undanfarið. Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að ég sé enga ástæðu til annars, þegar svo feikilega mikið er til af stúdentum í landinu, sem búnir eru að fá tiltölulega góða kennslu og vita ekki, hvað þeir eiga að gera við sína þekkingu, heldur en að nota starfskrafta þeirra á þessu sviði. Ég sé ekki annað en að það geti meir en komið til mála, að stúdentar, sem komnir eru yfir tvítugt — og mætti búast við, að þeir hefðu þá alvöru, sem með þyrfti, — gætu fengið kost á því aðallega að ganga inn í kennarastéttina, með því áframhaldi, sem gert er ráð fyrir í lögunum um háskólabyggingu.

Ég hefi ennfremur gert nokkrar, en ekki djúptækar breytingar á því, hvað skuli vera kennt börnum á skólaskyldualdri. En ég hefi gert þetta einfalt, og sumpart hefi ég gert ráð fyrir, að þau geti aflað sér þekkingar með sjálfstæðum bóklestri. Því að þessi ráðagerð, að tveir til þrír hreppar í sveit séu um sama kennara, byggist á því, að fyrst um sinn yrði að verulegu leyti eftirlitskennsla. En á hinn bóginn stefnir þetta frv. eins og frv. í Nd. að því að gera ráð fyrir, að þegar menn eru búnir að átta sig á, hvernig þeir geti unnið saman, þá verði 2—3 hreppar um sama heimavistarskólann yfirleitt, án þess þó að ég vilji að svo stöddu ganga inn á, að öll börn eigi að vera í heimavist. Ég hefi þá trú, að kennari eigi að geta tekið heim til sín svona 10 börn í einu, en börnin geta á mjög mörgum heimilum fengið sína aðalkennslu heima, með eftirliti kennarans.

Við, sem höfum staðið að því að auka útgjöld við unglingafræðslu í landinu, getum tæplega litið öðruvísi á en að það sé fullkomin ástæða einmitt um leið og unglingafræðslan batnar í

sveitum og bæjum, að þá sé komið við sparsemi og hagsýni á ýmsan hátt í barnafræðslunni meir en verið hefir, og að því miða þessar tillögur. Ég vildi svo óska, að þessu frv. yrði að lokinni umr. vísað til menntmn.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég mun ekki mæla gegn því, að frv. nái að ganga til nefndar, en ég hygg heppilegast, að það fengi þar hægan dauðdaga.

Eins og hv. flm. tók fram, hefir verið gerður mjög ýtarlegur undirbúningur að breytingu fræðslulaganna. Sérstök milliþinganefnd hefir fjallað um þetta mál. Frv. var síðan lagt fyrir Alþingi og loks leitað álits fræðslu- og skólanefnda svo að segja um allt land um frv. Lagðar voru fyrir nefndirnar alveg ákveðnar spurningar, og fengust svör frá langflestum skólanefndum og skólastjórum í landinu. Ég held, að það séu ekki mörg frv. öllu betur undirbúin en þetta frv. til fræðslulaga, sem liggur fyrir Nd. Ég sé ekki heldur neina sérstaka agnúa á að samþ. þetta frv. Þessi röskun, sem hv. þm. talaði um í sambandi við það, hygg ég, að sé á engan hátt meiri en fylgdi því að samþ. frv. hans sjálfs. Um byggingu heimavistarskóla, sem um ræðir í frv. í Nd., fer að sjálfsögðu eftir fjárveitingum, sem þingið heimilar í hvert sinn. Hitt liggur í augum uppi, að ef horfið verður að því að hafa skólahéruðin stærri en nú, þá er það mesta fásinna að halda áfram eins og gert hefir verið, að byggja barnaskólahús fyrir einn hrepp án athugunar á því, hvort hann gæti sameinazt öðrum hrepp um skóla, einum eða fleiri. Þeim peningum væri að mestu fleygt í sjóinn, en um byggingar verður að sjálfsögðu ekki að ræða, nema smátt og smátt, svo sem þingið veitir fjárframlög til á hverjum tíma.

Ég mun ekki við þessa umr. fara inn á einstök atriði frv. Hv. flm. segir, að þetta eigi að vera bráðabirgðalausn. En ég sé ekki betur en að þau atriðin, sem mestu máli skipta, t. d. fjöldi kennara, séu tekin upp úr frv. því, sem nú liggur fyrir Nd., en eru slitin úr samhengi, og verður þetta frv. því miklu ófullkomnara og lausara og að öllu óheppilegra. — Ég sé ekkert á móti því, að frv. fari til n., en vona, að frv. það, sem nú er í Nd., gangi fram.

*Flm. (Jónas Jónsson): Ég get ekki glatt hæstv. ráðh. með því, að hann muni auðveldlega sleppa við þá hugmynd, sem í frv. felst. Að vísu gerir þetta mér ekki til, heldur mannfélaginu, og það er þess vegna, að engar líkur eru til, að þjóðin uni við það skipulag, sem frv. í Nd. er byggt á. Í því frv. er ýmislegt, sem sýnir, að þeir menn, sem sömdu frv., hafa ekki verið kunnugir staðháttum. — Ég vil benda á eitt dæmi. Hér í nágrenni Reykjavíkur hafa verið byggðir 2 heimavistarskólar, sem eru að öllu leyti vel vandaðir, og fólkið, sem að þeim stóð, hefir lagt mikið á sig, jafnvel gefið 1100 dagsverk. En hvernig er svo ástandið? Nú er það þannig, að helzt er útlit fyrir, að foreldrarnir neyðist til að taka börn sín heim, vegna þess að það er viss blær á skólunum, sem foreldrarnir geta ekki unað við.

Í því stóra frv., sem liggur fyrir Nd., er ekki eitt orð, sem gerir ráð fyrir uppsagnarrétti skólanefnda gagnvart kennurum. En foreldrunum þykir hart að vera skyldug til að senda börnin í þá skóla, sem þau telja, að hafi spillandi áhrif á börnin. Á þessum stöðum litur út fyrir, að tveir af beztu heimavistarskólum landsins standi auðir á næstu árum, vegna þess að nú er svo álappalega um búið, að fólkið fær ekki að ráða sjálft kennaravali. Ég skal taka t. d. Eskifjörð. Þar hefir kennarinn eyðilagt ekki aðeins skólann, heldur þorpið allt. Og hæstv. ráðh. veit, að þó að þetta kosti tugi þús. kr., er ekki hægt að losna við hann. Ég býst við, að hæstv. ráðh. væri búinn að losa skólann við hann, ef það væri hægt. Foreldrarnir eiga að vera meira sjálfráðir um, hverjum þeir fela kennslu sinna litlu barna.

Ég er ekki hissa á, þó að eyður séu í frv., því eins og það er hugsað, sýnist fyrst og fremst vera litið á hag kennaranna með því að lengja kennslutímann og hækka kaupið. En í mínu frv. mun fyrst koma fram till. um, að kennararnir hafi eftirlit með börnunum yfir sumarið. Í stærri bæjunum er full ástæða til þess, og margir foreldrar mundu taka því fegins hendi. Um þetta er nokkuð öðru máli að gegna í sveitunum. — Svo að ég tali hreint út við hæstv. ráðh., þá verð ég að segja, að ég tel frv., sem liggur fyrir Nd., svo gallað og ekki svo undirbúið, að hægt sé að samþ. það nú.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég ætla ekki að fara að kappræða þetta mál nú við hv. flm., en það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi drepa á. Að því er snertir það atriði, að hægt sé að segja kennurunum upp og skipta árlega um við heimavistarskóla í sveitum, þá má eins koma að brtt. enn hér í hv. d. En þetta atriði má skoða frá fleiri sjónarmiðum, og virðist undarlegt, ef nauðsyn er að hafa það svo við sveitaskólana, hvers vegna það er ekki eins við kaupstaðaskólana.

Að því er snertir það, sem hv. þm. sagði um Eskifjörð, að skólastjórinn þar hefði eyðilagt bæði skólann og þorpið, þá er það vissulega mjög ofmælt. Þó ég sé ekki ánægður með störf hans þar, er það fjarstæða, að hann hafi eyðilagt þorpið. Það hafa margir staðir svipaða sorgarsögu að segja.

Aðalatriðið í þessu er það, að frv. Nd. er miklu betur undirbúið, en upp í hitt er aðeins tekið hrafl, sem auðvelt er fyrir hv. flm. að flytja um brtt., þegar frv. Nd. kemur hingað í d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Klaksjóður og klakstöðvar.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstj. til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni (þmfrv., A. 411).

Á 56. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JJ, PHerm, PM, BSt, GL, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: MG, JAJ.

MJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (SÁÓ, ÞBr, ÞÞ) fjarstaddir.

***Frsm. (Jón Baldvinsson):** Svipað frv. þessu lá fyrir síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Það var nokkru víðtækara en frv., sem sjútvn. ber fram að þessu sinni. Því að frv. gerir ráð fyrir, að ríkisstj. geti tekið eignarnámi tilteknar laxár og veiðihús við laxár ásamt landspildum. Þá var hugsunin sú, að ríkið eignaðist veiðiár, sem það hefði til afnota, sérstaklega þó í því augnamiði að hafa þar klak, en einnig í öðrum tilgangi. Nú hefir verið dregið úr frv. á þann hátt, að hér er aðeins átt við veiðiréttindi til þess að geta haft þar klak. Og það eru tilteknar tvær ár, önnur á Suðurlandi og hin á Norðurlandi, sömu árnar og í fyrra, Laxá í Kjós og Laxá úr Mývatni. Það er hugsað, að reistar séu klakstöðvar við þessar ár, til þess að dreifa seiðunum í ár á Suður- og Norðurlandi.

Frv. var allýtarlega rætt í Nd. í fyrra. Og ástæða sú, sem fyrir mér vakir að hafa þetta frv. umfangsminna en þá, er erfiðleikar ríkissjóðs að leggja í mikinn kostnað, sem hefði af því leitt að halda uppi heilli veiðiá ásamt húsum án þess að geta haft tilsvarandi fé upp úr. Því er það, að við höfum aðeins bundið okkur við að taka veiðiréttindin. Í þessu frv. er heimild til að taka eignarnámi þessi veiðiréttindi, ef ekki komast samningar á við eigendur veiðinnar.

Þá er og því haldið í þessu frv., að stj. sé heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 6 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Þetta gjald er ætlað til að styðja klakið. Það er sjálfsagt, að þar, sem lax er veiddur mikið í bú, gefist mönnum kostur á að fá seiði til viðhalds laxinum. Annars er mín skoðun sú, eins og ég sagði í fyrra, að laxaklak þurfi að verða í miklu stærri stíl en búast má við, að einstakir menn geti haft, vegna þess að það er áreiðanlega ekki rannsakað ennþá, hversu stórvirk náttúran er að framleiða laxinn, ef vel tekst til um hið sjálfráða klak og annað. Hinsvegar er vitanlegt, að það koma fyrir tímabil, þegar hið náttúrlega klak eyðileggst alveg í ánum, bæði vegna frosta, ár ryðja sig, stórflóð hlaupa í ár o. s. frv.

Í raun og veru get ég sagt fyrir mig, að þetta frv. er í samræmi við þá skoðun, sem ég jafnan hefi haft um laxveiði, og einnig að nokkru leyti kemur fram í till., sem við hv. 2. þm. Rang. fluttum í Sþ. um endurskoðun á löggjöfinni um lax- og silungaklak. Ég teldi hentugast fyrir landsmenn, ef hægt væri að koma því fyrir, að eingöngu sé stunduð stangarveiði í ánum, því að það mundi gera laxstofninn miklu meiri og veita jafnari og meiri tekjur heldur en ránveiði sú, sem víða er nú rekin. Því er ekki hægt að neita, að það er víða ránveiði á laxi, sérstaklega í minni bergvatnsám, — bókstaflega þurrkaðar allar hrygningarstöðvar, og ekkert eftirlit er hægt að hafa með því, nema því aðeins, að hægt sé að leggja í lófa þessara bænda þær fjárhæðir, sem þeir telja sig vel sæmda af og álíta, að þeir hafi meira upp úr heldur en taka vafasama vöru úr ánum; því að þó að kannske megi borða laxinn á haustin, þá er hann ekki góð vara.

Samkv. grg. er ágreiningur um einstök atriði frv., aðallega að ég ætla um að tiltaka ákveðnar veiðiár, sem eigi að taka eignarnámi. En mér hafa skýrt lögfræðingar frá því, að varla sé gerlegt að taka veiðiréttindi leigunámi, nema tiltekin sé í l. ákveðin á.

Þá er 6 aura gjaldið. Það má vera, að gera mætti einhverja bót á; en nokkru verður það þó að nema, sem ríkissjóður fengi til styrktar klakinu. Það er ekki svo ýkjamikið, sem hægt væri a. m. k. að sanna, að selt væri á innlendum markaði, svo að það verður aðallega útfluttur lax, sem borgar þetta, enda hægast að vita um magn hans og einnig þess lax, sem hinar stærstu verzlanir selja á innlendum markaði, því að það borgar sig ekki að eltast við einn og einn lax, ef seljendur ekki gefa upp smávegis sölu.

Ég tel rétt að geta þess, að landbn. mun athuga þetta mál á milli umr. En ég teldi mikilsvert, að það gengi fram á þinginu, svo að sem fyrst verði hafizt handa, því að það laxaklak, sem nú er haldið uppi af einstökum mönnum, er ákaflega lítið, miðað við það, sem þyrfti að vera. Stærsta laxaklakið, sem fer fram, er hjá rafmagnsveitu Reykjavíkur hér í Elliðaánum, ágætt fyrir þá einu á, en ekki nægilegt til þess að láta í margar ár hér á Suðurlandi. Því að það er alltaf dálitlum erfiðleikum bundið að flytja seiði mjög langt. Þó hefir það tekizt með alveg sérstökum útbúnaði og alveg sérstakri aðgætni nákvæmra manna um þessa hluti.

Ég vil að endingu mæla með því, að frv. þetta gangi áfram til 2. umr., og tel ekki, að þurfi að vísa því til nefndar.

***Pétur Magnússon:** Mér þykir rétt að láta það koma fram við þessa umr., að þó að ég vildi ekki gera ágreining um það, að n. flytti þetta í heild, þá eru viss atriði í frv., sem ég er ekki samþykkur. Sérstaklega eru það ákvæði 4. gr., þar sem heimilað er að taka eignarnámi veiðiréttindi í tveimur laxám hér á landi. Ég sé ekki fyrir mitt leyti, eins og málum horfir við, að nokkur nauðsyn sé að heimila þetta eignarnám. Ríkissjóður getur án efa reist klakstöðvar og starfrækt, eftir því sem föng standa til, án þess að taka nokkra á eignarnámi. Í laxveiðalögunum er heimild til að veiða í klak jafnvel í annara manna veiðiá. Og ríkisstj. getur það eins og hver annar, sem klak rekur, og þarf ekki að fá sérstaka heimild til. Auk þess býst ég ekki við öðru en að margir eigendur veiðiánna mundu verða þakklátir fyrir, að

klakstöðvar væru reistar við ár þeirra, ekki sízt þegar tillit er tekið til þess, að í frv. sjálfu eru ákvæði um það, að þá á, sem stofnveiði er tekin úr, skuli láta fá allt að 10% af árlegri framleiðslu.

Af þessum ástæðum sé ég ekki, að neina brýna nauðsyn beri til þess að fara að veita heimild til eignarnáms þessa. Auk þess er ég í miklum vafa, hvort önnur af þessum ám, sem frv. nefnir, sé heppileg í þessu skyni, sem sé Laxá í Kjós. Ég ætla, að í þeirri á sé æðimikið af smálaxi, eða yfirgnæfandi hluti laxmergðarinnar, sem í hana gengur. Og sé það rétt, sem haldið er nú fram af fiskifræðingum, að smálax sé sérstök tegund af laxi, þá er sennilega ekki heppilegt að velja slíka á til þess að taka úr henni að miklu eða öllu leyti laxastofn; hvort sem er fyrir stangarveiði eða netaveiði er vitanlega heppilegast, að sem mest sé af stórlaxi. Slíkar ár eru miklu verðmeiri til stangarveiði, jafnvel þó að laxamagnið sé minna. Um Laxá í Þingeyjarsýslu er mér síður kunnugt, en ég ætla, að laxinn í henni sé talsvert stærri en í Laxá í Kjós. A. m. k. hefi ég séð talsvert mikið af frosnum laxi þaðan að norðan, og virtist tiltölulega mikið af stórlaxi þar í.

Ég álít nú samt sem áður fullkomlega eðlilegt og réttlátt, að ríkissjóður leggi eitthvað af mörkum til þess að stuðla að laxaklaki í landinu. Því að ég er fullkomlega sannfærður um, að laxveiðiárnar geta orðið margfalt meira verðmæti en þær hafa verið til þessa. Laxveiði er og hefir verið rekin á allan hátt mjög óskynsamlega; en eitt skilyrði fyrir góðum arði þessarar veiði er, að laxamergðin sé aukin. Og þó að kannske séu ekki fullkomnar sannanir fengnar fyrir því hér eða annarsstaðar, að klak miði að því að auka laxmergðina, þá skilst manni yfirgnæfandi líkur til, að svo sé.

Það eru fleiri ákvæði frv. en ég hefi nefnt, sem mér þykja orka tvímælis. T. d. hygg ég, að klaksjóðsgjaldið, sem ráðgert er, 6 aurar á kíló, sé helzt til hátt, miðað við það framlag ríkissjóðs, sem l. gera ráð fyrir til klakstöðva. En þetta má vitanlega athuga í n. og lagfæra, ef þörf er. Á sama hátt er sjálfsagt að athuga, hvort verðið á seiðum, 8 kr. þúsundið, er hóflega sett. Ég þori ekki að fullyrða neitt um þetta; en augljóst er, að ef kaupa á seiði í stórum stíl í einhverjar ár, er það ekki lítill kostnaður fyrir þá, sem eiga að kaupa. Náttúrlega er sjálfsagt, að þeir leggi eitthvað verulegt af mörkum, en verðinu þarf að stilla á það stig, að menn þori almennt að nota sér klakið svo sem vert er. Sérstaklega er ástæða til að kaupa seiði í stórum stíl í þær ár, þar sem laxveiði er lítil eða engin fyrir það, að laxinn hefir verið upprættur.

Þessar aths. vildi ég láta koma fram við 1. umr. málsins, þó að ég í heild fylgi þeirri stefnu, sem farið er inn á í frv., og vilji styðja að því, að löggjöf um þetta efni nái fram að ganga.

*__Jónas Jónsson:__ Fácin orð um Laxá í Þingeyjarsýslu, sem er önnur af þeim tveimur ám, sem frv. nefnir. Ástandið er þannig, að á norðausturhluta landsins er engin á með verulegum laxi, — og meira að segja frá því er Húnavatnssýslu sleppir og í raun og veru þangað til komið er austan um að Suðurlandi, að frátaldri Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Lítilsháttar laxá er í Norður-Þingeyjarsýslu og hefir enga þýðingu. En Laxá úr Mývatni hefir verið ágæt laxá til síðari ára, og sú jörð, sem notar hana, hefir verið einhver dýrasta jörð á landinu, meðfram vegna veiðinnar. En nú á síðustu árum hefir veiðin farið mjög minnkandi í þessari á, þannig að núv. bóndi á Laxamýri hefir ekki haft nema 100—150 laxa á ári, í staðinn fyrir nálægt þúsundi áður. Þetta hefir gerzt ár eftir ár, svo að útlit er fyrir, að laxinn sé að eyðast.

Vegna hinnar landfræðilegu legu þessarar ár er óhjákvæmilegt að nota hana, ef á að reisa laxaklakstofnun fyrir Norðausturland. Ég geri sem sé ráð fyrir, að Skagafjörður geti eins fengið laxseiði frá Húnavatnssýslu. En aftur á móti Eyjafjörður og Norður-Þingeyjarsýsla — og sennilega Hérað — geta varla átt betri kost en að fá úr Laxá í Þingeyjarsýslu. (__Rödd:__ Það er dálítil laxá í Vopnafirði). Já, það mun rétt vera, en þó hafa seiðin í Lagarfljót verið flutt sunnan af landi, af því að það hefir ekki þótt taka því að leggja stund á árnar í Vopnafirði í því sambandi.

Nú hefir Kaupfélag Eyfirðinga haft nokkurn viðbúnað um að hefja laxaklak vegna bænda í fram-Eyjafirði, og hefir kaupfélagsstjórinn látið rannsaka skilyrðin fyrir því, að Eyjafjarðará verði laxá aftur. Fiskifræðingar eru þeirrar skoðunar, að lax hafi verið í Eyjafjarðará, en hafi eyðzt af því að hún er svo tær og grunn. Eru því miklar líkur til, að hún geti orðið góð veiðiá á ný, ef flutt eru í hana seiði. Nú hefir kaupfélagsstjórinn á Akureyri reynt — áður en þetta mál kom hér til umr. — að fá samkomulag við bændur í Þingeyjarsýslu um það, að kaupfélagið gerði klakhús við Laxá. Hefir það enn ekki reynzt auðgert, með því líka að fjöldamargir eiga rétt í þessum ám, Laxá í Þingeyjarsýslu og Reykjadalsá. Sérstaklega var bóndinn á Laxamýri fráhneigður því að taka ána undir klak. Er það ekki óskiljanlegt, þar sem hann keypti jörðina meðfram vegna hlunninda, sem laxinn veitti. En í fyrra, þegar mál þetta var til meðferðar, talaði ég um þetta við bóndann á Laxamýri, og hafði hann breytt um skoðun vegna þessa langvarandi aflaleysis, og var eiginlega mjög fús að sætta sig við slíka löggjöf sem hér er á ferð. Náttúrlega er gert ráð fyrir, að fullar bætur komi fyrir til hans og annara eigenda. En það rekur mjög á eftir því að taka þetta mál föstum tökum sem fyrst, að sterkur aðili eins og kaupfélag Eyfirðinga, sem hefir fé og allt, sem þarf til þess að geta komið á laxarækt, hefir ekki getað náð tökum á þessari einu á á þann hátt, sem þyrfti. En eins og ástatt er um laxmergðina nú, lítur út fyrir, að fyrstu árin mundi þurfa allan lax, sem hægt er að fá úr henni, í klak, ef ætti að fullnægja heimilisþörf og aðliggjandi héruðum.

Viðvíkjandi eignarnámi, sem hv. 2. þm. Rang. talaði um, þá býst ég við, að ekki verði komizt hjá að nefna árnar sjálfar í l. Um skattinn skal ég játa, að hann mætti máske vera lægri, og má athuga það betur í n. En frændur okkar Norðmenn, sem lengra eru komnir en við á þessu

sviði, hafa svona skatt á laxinum til að styðja klakið. Og þegar litið er á það, hve víða þessi laxveiði getur orðið atvinnuvegur að marki, þá sé ég ekki annað en slíkur skattur sé réttmætur, sé hann ekki ósanngjarnlega hár. Hann er einskonar samábyrgð um að lyfta þessum atvinnuvegi upp. Ég vil t. d. benda á það, að einn af helztu gróðamönnum þessa bæjar hefir verið svo trúaður á það, að hægt sé að hafa stórgróða upp úr laxi, að hann var að mynda umfangsmikinn félagsskap til að kaupa frekar litla á á Snæfellsnesi, og gerir ráð fyrir miklum gróða af þessari einu á, ef vel er á haldið.

Ég hygg, að það sé rétt að taka fyrir tvær ár, og aðra þeirra norðaustanlands, og þá er ekki nema þessi eina, sem gæti komið til greina. En það gæti e. t. v. verið um fleiri að ræða í Húnavatnssýslu eða Borgarfirði, enda veitti ekki af, að komið yrði upp 5—6 klakstöðvum sambærilegum við stöðina, sem Reykjavíkurbær hefir komið upp við Elliðaárnar. Er þar ágætur útbúnaður og góðir menn, og er ekki ofmælt, að það sé stærsta og fullkomnasta klakstöð á landinu, sem mun stafa af því, að einstakir menn hafa ekki kraft til að fylgja því eins vel og bæjarfélagið. En ríkinu ætti ekki að verða skotaskuld úr því að standa þar fullkomlega jafnhliða, og þess vegna dregur að því, að ríkið verður að hlaupa þar undir bagga, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

*__Þorsteinn Briem:__ Ég skal játa, að eftir þeim kynnum, sem ég hefi, þá ætla ég, að það sé sérstaklega hentugt með tilliti til þess að koma laxaseiðum í árnar á Austurlandi, að stunda klak við Laxá við Mývatn. En það virðist svo í þessu máli eins og öðrum, að hyggilegast sé að styrkja einstaklingana til framkvæmda. Til ríkisframkvæmda á þá fyrst að taka til að fylla í eyður, þegar einstaklingana vantar áhuga eða kraft til framkvæmdanna. En ég hygg, að á Suður- og Vesturlandi sé hvorttveggja fyrir hendi. Er mér kunnugt um, að bæði í Árnessýslu og Borgarfirði er mikill áhugi fyrir laxaklaki, enda liggja þar næstu veiðiárnar við Reykjavík. Sá áhugi einstaklinganna hefir borið þann árangur, að ráðizt hefir verið í miklar framkvæmdir, og stendur til, að ráðizt verði í meiri framkvæmdir. T. d. er mér kunnugt um, að Borgfirðingar hafa í hyggju að sameina sig um að reisa hjá sér myndarlega klakstöð. Þegar svo mikill áhugi er vaknaður, er hann aldrei tómhentur. Svo hefir það verið, og ég ætla, að svo verði einnig í þessu efni, að áhugamönnunum verði mest ágengt.

Fyrir þinginu liggur nú frv. um að hækka styrkinn til klakhúsanna um $^2/_5$, eða úr kr. 1,50 í kr. 2,50, og má vænta, að það verði til þess að greiða verulega fyrir því, að áhugi einstaklinganna nái betur að njóta sín. Það virðist því engin brýn nauðsyn fyrir suðvesturlandið, að ríkið taki fram fyrir hendur einstaklinganna, sem hafizt hafa handa í þessum efnum, og taki eignarnámi Laxá í Kjós, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er einnig upplýst af hv. 2. þm. Rang., að þar er smærri og lakari laxategund en almennt er í ám hér sunnanlands. Slíkt leigunám kostar allmikið fé, en ég hélt, að það væri ekki yfirfljótanlegt til annara hluta nauðsynlegri. — Á síðasta þingi var mikið talað um, að margar stoðir rynnu undir að taka einmitt þessa á eignarnámi. En þó fékkst ekki fram, hverjar þær ástæður væru, og var eins og ekki mætti nefna þær. Þó hefði mátt ætla, að þær hefðu verið dregnar fram til þess að sanna nauðsyn málsins.

Hv. 2. þm. Rang. taldi ekki rétt að taka þessa á leigunámi, og verð ég einnig að líta svo á, bæði vegna þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um, að laxinn sé ekki heppilegur, og af því, að í þessum hluta landsins er undirbúningur hafinn til framkvæmda í þessa átt, og ég tel ekki ástæðu til að slá á þann áhuga, sem þar er að verki. Ég verð að segja, að það er ekki við því að búast, að það örvi einstaklingana til að koma upp klaki, ef þeir eiga yfir höfði sér eignarnám, þegar minnst varir.

Mig brestur kunnugleika um hina ána, Laxá við Mývatn, en ég get búizt við, að fyrir norðausturland og Múlasýslur sé þörf á sérstökum ráðstöfunum, og að þessi á sé heppileg fyrir þann landshluta og jafnvel Eyjafjörð.

Viðvíkjandi ákvæðum 2. gr. um 6 aura skatt á kg., þá held ég, að megi segja, að það sé nokkurnveginn vitað, að veiðiskýrslur séu ekki nákvæmar, og að tæplega sé hægt að búast við, að þær verði nákvæmari en áður var eftir að búið er að leggja 6 aura skatt á hvert kg. Má því mikið vera, ef ekki verða vanhöld á innheimtu á því gjaldi. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að þó skatturinn sé svona hár, þá verði allhátt verð á seiðunum, ég ætla fyllilega eins hátt og verið hefir hjá einstaklingum, enda má vel vera, að ekki verði hjá því komizt að hafa verðið hátt hjá klakstöðvum ríkisins, þar sem vitanlegt er, að rekstrarkostnaður verður alltaf hærri hjá ríkinu en einstaklingum. — Ég vildi hreyfa þessum aths. nú þegar við 1. umr.

*__Frsm. (Jón Baldvinsson):__ Hv. 2. þm. Rang. hefir ekki skýrt frá öðru en því, sem ég benti á, að vel gæti komið til mála, að ekki verði þörf á eignarnámi, heldur geti orðið samkomulag við veiðieigendur um að fá að reisa klakstöð og taka laxinn gegn því að láta aftur af hendi seiði, sem svarar veiðinni, sem tekin er. — Þá sagðist hv. þm. ekki vera viss um, að Laxá í Kjós væri hentug, og færði fyrir því þá ástæðu, að þar væri yfirgnæfandi smálax. Það má kannske segja, að þetta sé rétt, borið saman við stórlaxinn í Hvítá og Ölfusá. Þó er vert að geta þess, að þar er líka mikið af smálaxi; þó hann veiðist ekki mikið í net, þá gengur hann í smáárnar.

Í Laxá í Kjós er heldur ekki svo lítið af stórlaxi, a. m. k. fyrri part veiðitímans; þá veiðist lítið undir 8 pd. og einstaka lax 20 pd.; mikið 15—16 pd. En hitt er rétt, að seinni part sumars er hann miklu smærri. (__PM:__ Það eru til ár, sem hafa 14 pd. meðalþyngd). Það má vel vera, að svo sé í einstökum ám á Norðurlandi, en þó er ekki sannað, að þar sé um sérstaka tegund að ræða, þó hv. 10. landsk. teldi ummæli hv. 2. þm. Rang. fullgilda sönnun um, að laxinn í Laxá í Kjós væri lakari til undaneldis en lax úr öðrum ám. En hv. 2. þm. Rang. talaði mjög varlega um

þetta og sagði, að ýmsir álitu, að þetta væri önnur tegund. (**ÞBr:** Það er álit fiskifræðinga). Ég skal geta þess, að fyrir nokkru voru flutt í Elliðaárnar seiði úr stórum laxi frá Soginu, sem skipti hundruðum þús. Er ég ekki frá því, að eftir hæfilegan tíma mætti sjá, að gengin væri í ána önnur tegund af laxi. (**PM:** Er nokkur vafi á því?). Var þessi nýja tegund styttri, en þykkari og munur á þyngd ekki gífurlegur, líklega ½—1 pd., eða ekki yfir það. Það getur verið, að þetta hafi ekki verið sama tegund og áður gekk í Elliðaárnar, en munurinn var ekki svo verulegur, að hægt sé að búast þar við stórlaxi. En það má vel vera, að áin sé of vatnslítil fyrir stóran lax. Það mun vera svo, að smærri laxinn gangi í litlu árnar, en ég tel vel sæmilegan þann lax, sem gengur í Laxá í Kjós. — Ég skal játa, að það er rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að það er meira virði þegar til lengdar lætur vegna stangarveiðinnar, ef hægt væri að sanna, að stærri laxar fengjust. Þó eru ekki margir útlendingar, sem það mundu stunda. Það væru þá einkum Englendingar, en það er rétt, að þeir borga meira, ef laxinn er stór, þó færri veiðist. En ég efast um, að við séum komnir svo langt, að við getum tekið einstaka á út úr og alið þar upp kynbótalax til þess að stækka allan laxinn. Ég efast um, að þekking okkar í fiskifræðum sé ennþá svo mikil, að hægt sé að treysta henni í þeim efnum. Hitt vitum við, að ef klakið er út, vex upp sterkur stofn og mikil veiði kemur í árnar, ef laxinn er varinn fyrir ágengni haust og vor.

Ég held, að í frv. sé ákaflega forsvaranlega frá þessu gengið. Þó rannsóknir kynnu síðar að leiða í ljós, að hentara væri að hafa einnig klakstöðvar við stærri ár, þá yrði að byggja þar líka. Það segir lítið, þó byrjað verði við tvær ár, því í framtíðinni mun það verða algengt, að menn koma upp klaki og fylla ár og vötn og fossa með laxi, og þá læra menn að hagnýta sér veiðina á arðvænlegri hátt en nú, með öðrum og hagkvæmari aðferðum.

Ég vil mælast til, að frv. verði samþ. óbreytt. Skal ég geta þess, að 4. gr. segir ekki skilyrðislaust, að taka skuli allar árnar leigunámi, heldur stendur þar, að það skuli gert „að einhverju eða öllu leyti". Það getur vel farið svo, að frá hendi ríkisstj. verði ekki farið fram á annað en að fá að byggja klakhús og fá að taka seiði fyrir klakið, og er þá ekki fram á mikið farið. Hinsvegar er rétt, að ríkisstj. hafi um þetta frjálsar hendur. En eins og frv. er orðað, þykir mér líklegt, að ríkisstj. leggi í sem minnstan kostnað, en þó ætti þetta að geta byrjað í allmyndarlegum stíl.

Það á e. t. v. ekki við að fara út í að skýra einstakar gr. nú við þessa umr., og get ég því látið það bíða þar til síðar.

***Pétur Magnússon:** Ég er sammála hv. 4. landsk. um, að það þýði ekki fyrir okkur að taka upp umr. um, hvaða lax muni vera beztur til undaneldis, en ég efast ekki um, að laxinn erfi einkenni ættar sinnar, þannig að út af stórum laxi komi stórlax og út af smáum smár. Ef það er rétt, sem haldið er fram, og þar byggi ég á umsögn Pálma Hannessonar, að smálaxinn gangi fljótlega í árnar aftur, en stórlaxinn ekki fyrr en síðar, þegar hann er búinn að vera nokkru lengur í sjó, þá er þess vegna ekki þýðingarlaust að hraða klakinu.

Ég skal ekki þræta við hv. þm. um, hvort í Laxá í Kjós er stórlax eða smálax, en í það eina skipti, sem ég var þar við veiði, sá ég varla annað en smálax, og það hafa sagt kunnugir menn, að hann sé alveg yfirgnæfandi, og mun það vera rétt, af hverju sem það stafar. Hitt kemur aðeins fyrir í fyrstu göngu, að stórlax sjáist, en það er alveg hverfandi við hitt. Er þetta stórt atriði, sem vel þarf að athuga, þegar ákveðið er, hvaða ár skuli taka til klaks.

Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, að brýna nauðsyn beri til að binda það í frv., hvaða ár skuli taka í þessu skyni. Má vel fela þetta ríkisstj., því henni hefir verið falið ýmislegt það, sem meira er, og fyrst ég treysti stj. í þessu efni, ætti hv. 4. landsk. ekki að bera minna traust til hennar en ég. Mér hefir dottið í hug, án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða, að önnur á, Grímsá í Borgarfirði, muni að ýmsu leyti vera eins vel til þess fallin. Er þar mikill og stór lax og lega ágæt til þess að koma seiðunum burtu, bæði um Borgarfjörð, Húnavatnssýslur og til Suðurlandsins. Er tvímælalaust auðveldara að koma seiðunum út um land frá Grímsá en Laxá. Auk þess hefir Grímsá þann góða kost, að lítill lax hefir verið tekinn úr henni á síðustu árum. Er hún talin næstbezta veiðiá í Borgarfirði, en laxinn tekur þar illa og safnast í stóra hylji; t. d. er gott að ná honum í Gvendarhyl í Lundarreykjadal. Ég hygg því, að ríkisstj. ætti að hugsa sig vel um áður en hún velur Laxá fremur en Grímsá. Auk þess sem hún er ein bezta veiðiá, á ríkissjóður þar eignir, sem gera aðstöðuna stórum betri. Er þetta fremur til athugunar en til þess að slá nokkru föstu. Tel ég heppilegra, að ekki sé kveðið á um þetta með lagasetningu, en það á að vera komið undir rannsókn færustu manna, sem ríkisstj. nefnir til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki tefja tímann, en vil samt geta þess nú þegar, að ég er ekki samþ. frv. eins og það liggur fyrir og mun koma með brtt. við 3. umr. Ég tel ákvæði 4. gr. óheppileg og miklu vænlegra til árangurs, að klakstöðvarnar verði a. m. k. hafðar þrjár. T. d. væri ein höfð í Alviðru, önnur í veiðiá í Borgarfirði og sú þriðja í Þingeyjarsýslu. Með þessu yrði flutningur á hrognum og seiðum miklu auðveldari í þær laxár, sem þyrfti að flytja þau í. En ef ein klakstöð væri höfð í Kjósinni, yrði að flytja seiðin þaðan austur yfir Fjall, upp í Borgarfjörð og norður í Húnavatnssýslu. Auk þess vil ég geta þess, að mér þykir 6 aurar á kg. nokkuð hátt gjald, og get búizt við því, að það veki óánægju meðal veiðimanna. Ætti ekki að þurfa að draga úr framkvæmdum, þótt það væri nokkru lægra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 411, 490, 491, 492).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 490 og 492. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Baldvinsson):** Brtt. þær, sem ég vil minnast fyrst á, eru á þskj. 491. Fyrri brtt. er sú, að gjaldið í klaksjóðinn verði ekki haft nema 3 aurar af hverju kg. af laxi, í stað þess, sem í frv. er gert ráð fyrir, að það verði 6 aurar. Þessi lækkun er gerð til samkomulags við hv. 2. þm. Rang., sem taldi gjald þetta of hátt eins og það er í frv. Síðari brtt. er við 3. gr. frv., og er þar lagt til, að það skuli vera minnst 10% af árlegri seiðaframleiðslu klakstöðvanna, sem beri að láta í þær ár og þau vötn, sem stofnveiðin er úr, í stað þess, sem í frv. er sagt, að það skuli vera „allt að" 10%.

Út af óánægju þeirri, sem komið hefir fram um það, að ekki skuli vera heimilt samkv. 4. gr. frv. að taka veiði annara veiðivatna hér syðra á leigu vegna stofnveiða til klakstöðvanna en Laxár í Kjós og Bugðu ásamt Meðalfellsvatni í sömu sveit, þá hefi ég til samkomulags flutt brtt. um að bæta við, að henni sé einnig heimilt að taka á leigu til þessara hluta veiðiréttindi Grímsár í Borgarfirði, ef það kann að virðast heppilegra. Brtt. þessi þarf svo ekki frekari skýringa við; stj. er heimilt samkv. henni að velja um, hvert þessara veiðivatna hún tekur á leigu.

***Pétur Magnússon:** Fyrir utan brtt. þær, sem landbn. flytur, þá hefi ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 492, þess efnis, að 4. gr. frv. falli niður, en aðalefni þeirrar greinar er það, að takist stj. ekki að fá hagkvæma samninga um leigu á veiðiréttindum, þá sé henni heimilt að taka slík réttindi leigunámi um 10 ára skeið, og þetta er eingöngu bundið við veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu og Bugðu og í Meðalfellsvatni í Kjós, og á Norðurlandi við veiðiréttindin í Laxá úr Mývatni og Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu. Með ákvæðum þessarar greinar er því slegið föstu, að klakið skuli rekið í nánd við þessi veiðivötn, en ekki annarsstaðar.

Það eru tvær ástæður fyrir því, að ég flyt brtt. þessa. Fyrst og fremst það, að ég tel óheppilegt að binda klakið við vissar ár. Og í öðru lagi tel ég ákvæði 4. gr. alveg óþarft, og byggi ég það álit mitt á því, að ég tel, að í 20. gr. laxveiðilaganna hafi stj. heimild til þess að láta veiða lax til klaks hvar sem er. Þetta ákvæði 20. gr. hljóðar svo: „Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna." Þessi heimild er svo yfirgripsmikil, að ég held, að það geti ekki komið til mála, að stj. lendi í vandræðum með að fá klak í klakstöðvar, ef hún á annað borð hverfur að því ráði að láta reisa þær. Mér virðist það liggja beint við, að stj. ekki síður en aðrir hljóti að hafa full réttindi til þess að láta veiða lax til klaks, og því sé með öllu þýðingarlaust að fara að heimila henni að taka veiðiréttindi í vissum ám eignarnámi.

***Þorsteinn Briem:** Ég tel það horfa til bóta við frv., að hv. landbn. hefir flutt brtt. um, að klaksjóðsgjaldið skuli lækka niður í 3 aura, en ég tel hana ekki hafa gengið nógu langt, ekki tekið tillit til þess, að fiskiræktarfélög hafa sumstaðar komið upp myndarlegu laxaklaki, sem þau hafa í hyggju að halda áfram með. Þar sem því svo er ástatt, að fiskiræktarfélög hafa komið upp laxaklaki á fullkomnasta hátt, virðist ekki vera sanngjarnt, að þau verði líka látin greiða klaksjóðsgjald. Með því yrðu þau ósanngjarnlega hart úti. Til þess að fyrirbyggja það, að óánægja eða misrétti geti átt sér stað sakir þessara hluta, þá hefi ég leyft mér að bera fram skrifl. brtt., sem fer í þá átt, að þau fiskiræktarfélög, sem stunda laxaklak á fullkomnasta hátt, að dómi veiðimálastjóra, verði ekki látin greiða þetta gjald.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 498) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Baldvinsson):** Ég vil aðeins segja það út af brtt. hv. 2. þm. Rang. um niðurfellingu 4. gr. frv., að ég verð að ganga á móti henni, m. a. sökum þess, að mér hefir verið tjáð, að t. d. í Laxá við Mývatn þurfi að tryggja veiðina betur en gert er nú, til þess að hægt verði að veiða í klak í henni.

***Pétur Magnússon:** Ef það er rétt hjá hv. 4. landsk., að það þurfi að tryggja veiðina í Laxá við Mývatn betur en gert er nú, til þess að hægt sé að veiða til klaks í henni, þá er það sannarlega hægt án þess að setja þessa eignarnámsheimild. Þeirra hluta vegna er hennar engin þörf.

Brtt. hv. 10. landsk. tel ég sanngjarna, því að það er engin ástæða til að útiloka það, að einstaklingar reki klakstöðvar, þó að ríkisstj. komi upp tveimur klakstöðvum á öllu landinu.

***Jónas Jónsson:** Ég vil aðeins taka það fram út af orðum hv. 2. þm. Rang., að reynsla er fengin fyrir því, að það hefir ekki tekizt að fá Laxá við Mývatn og Reykjadalsá friðaðar, svo hægt sé að taka þær til ræktunar, með þeim lagafyrirmælum, sem nú gilda. Og því til sönnunar má geta þess, að Vilhjálmur Þór á Akureyri hefir sent byggingarefni í klakhús þangað austur, en eigi að síður hefir ekkert samkomulag náðst um ræktun ánna. Þarna eiga 50—60 menn hlut að máli, og því erfitt að sameina þá um þetta. Annars býst ég við, að þeir myndu verða ánægðir, ef árnar yrðu friðaðar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. En verði 4. gr. frv. felld niður,

myndi það verða til þess að eyðileggja það gagn, sem af ánum mætti annars verða með því að taka þær til ræktunar.

***Pétur Magnússon:** Ég verð að halda fast við það, sem ég benti á áðan, að það sé heimilt að veiða lax til klaks í hvaða veiðivatni sem er. Í 20. gr. laganna um lax- og silungsveiði segir berum orðum, að lax og göngusilung megi veiða hvar og hvenær sem er til klaks og vísindalegrar starfsemi, og ennfremur segir í 55. gr. sömu laga: „Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvar eða starfræksla kann að hafa í för með sér.“ Þessi ákvæði eru öll svo fortakslaus, að það er alveg óhugsandi, að einstaklingar geti komið í veg fyrir, að veitt sé í klak eða klakstöðvar starfræktar í landi þeirra.

Ég held því, að það hljóti að vera einhver misskilningur hjá hv. þm. S.-Þ., að hægt sé eða hægt hafi verið að koma í veg fyrir, að byggðar væru klakstöðvar við Laxá við Mývatn. Að mínum dómi breytir það því engu, þó að 4. gr. frv. verði felld niður.

***Jónas Jónsson:** Það er vafalaust rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að samkv. gildandi lögum sé það tryggt, að hægt sé að fá land undir klakhús og ennfremur að veiða eitthvað af laxi til klaks. En það, sem um er að ræða þarna norður frá, er það, að vafasamt er, hvort hægt er að sameina alla hlutaðeigendur um friðun ánna, og taldi ég og tel það vafamál, þar sem jafnmiklum dugnaðarmanni og Vilhjálmi Þór tókst það ekki.

ATKVGR.

Brtt. 491,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 498 samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, ÞBr, ÞÞ, GL, HermJ, JAJ, MJ,[1] PHerm,[2] EÁrna.
nei: IngP, JBald, JJ.
BSt, HG, SÁÓ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MG) fjarstaddur.
Brtt. 491,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 492 felld með 8:6 atkv.
— 490 samþ. með 13 shlj. atkv.

1) **MJ:** Ég segi já með þeim skilningi, að átt sé við veiði félagsmanna sem félagsmanna, en ekki hvar sem þeir eru að veiða.
2) **PHerm:** Ég segi já með sama skilningi og hv. 1. þm. Reykv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 499).

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 5:12 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Pétur Ottesen:** Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það fer ekki lengra hvort sem er en ef það kemst til nefndar.

Þetta frv. er að ýmsu leyti með þeim sömu ágöllum, sem það hafði, þegar það var borið fram á síðasta þingi. Mér virðist, að það sé óþarfi af ríkisvaldinu að blanda sér inn í þessi mál meira en gert er með l. um lax- og silungsveiði, því að þar á að styðja menn til að koma upp klakstöðvum, og það hefir þegar verið hafizt handa um þetta, og er auk þess talsverður undirbúningur víða um það, að hefja þessa starfsemi, byggða á framtaki þeirra einstöku manna, sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við laxveiði, svo að hér er alveg ófyrirsynju verið að seilast inn á þetta svið af ríkisvaldsins eða löggjafarvaldsins hálfu. Ég sé enga ástæðu til að vera að bjóða þetta fram frekar en þörf einstaklinganna krefur í hvert skipti, enda veit maður, að grundvöllurinn bæði undir þessu frv. og frv. í fyrra var ekki umhyggja fyrir klakinu, heldur átti að nota klakmálin til þess að skapa hæstv. stj. möguleika til að geta stundað laxveiði uppi í Laxá í Kjós. Þetta góða og þarfa mál á þá að nota til þess að fá vernd fyrir skemmtanalöngun hæstv. stj. Þetta er sú rétta lýsing á því, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv.

Ég skal ekki fara út í einstök atriði þessa frv. eða þær skattaálögur, sem hér er um að ræða; það gefst nægur tími til þess á næsta þingi, ef það skyldi reka upp höfuðið þá. — Ég skal svo ekki eyða frekar tíma í að ræða þetta mál, en vildi aðeins láta þessa aths. koma fram við það, áður en það fer í þá höfn, sem því er búin, a. m. k. til næsta þings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:4 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.